HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Kennsluskrá - námskeiðalýsingar

## háskólaárið 2009-2010

Háskóli Íslands – Kennslusvið

Reykjavík – Ágúst 2009

Prentgerð kennsluskrárinnar er unnin samkvæmt þeim upplýsingum sem lágu fyrir í ágúst 2009 um kennslu, námsframboð og annað er varðar starfrækslu Háskólans háskólaárið 2009-2010. Kennsluskráin er því birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Ef kennsluskrá og námsáætlun kennara ber ekki saman þá gildir námsáætlun kennarans, enda hafi hún verið kynnt stúdentum í upphafi námskeiðs.

Vefútgáfa kennsluskrárinnar (https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=-2009) er frumgerð hennar. Prentgerðin er að mestu leyti afrit af vefútgáfunni. Hún er einkum ætluð sem heimild og er frágangur hennar með einfaldasta móti.

# Efnisyfirlit


**Félagsvísindasvið ... 7**

Félags- og mannvísindadeild ... 7
Félagsráðgjafardeild ... 59
Hagfræðideild ... 70
Lagadeild ... 78
Stjórnmálafræðideild ... 95
Viðskiptafræðideild ... 114

**Heilbrigðisvísindasvið ... 132**

Hjúkrunarfræðideild ... 132
Lyfjafræðideild ... 151
Læknadeild ... 158
Matvæla- og næringarfræðideild ... 190
Sálfræðideild ... 204
Tannlæknadeild ... 217

**Hugvísindasvið ... 230**

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda ... 230
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild ... 272
Íslensku- og menningardeild ... 282
Sagnfræði- og heimspekideild ... 316

**Menntavísindasvið ... 338**

Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild ... 338
Kennaradeild ... 388
Uppeldis- og menntunarfræðideild ... 528

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið ... 567**

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild ... 567
Jarðvísindadeild ... 586
Líf- og umhverfisvísindadeild ... 597
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild ... 631
Raunvísindadeild ... 641
Umhverfis- og byggingaverkfræðideild ... 674

# Félagsvísindasvið

## Félags- og mannvísindadeild

**BÓK005G • Almenningsbókasöfn • (6e) • Haust • 2f**
Markmið: Að kynna nemendum markmið, hlutverk og sérkenni almenningsbókasafna af ýmsum stærðum. Að búa nemendur undir að starfa í þeim. Efnislýsing: Sérkenni og þróun almenningsbókasafna hér á landi og erlendis. Yfirlýsingar, lög, reglugerðir, leiðbeiningar, staðlar o.þ.h. varðandi almenningsbókasöfn. Stjórnun, tengsl við stjórnsýslu/yfirvöld, áætlanir, starfsmannastjórn og markaðssetning. Deildaskipting, húsnæði og búnaður, uppbygging safnkosts og aðfangastefna, ýmis (sér)þjónusta, barna- og unglingastarf og menningarstarfsemi.
Skriflegt próf.

**BÓK101G • Internetið í bókasafns- og upplýsingafræði • (10e) • Haust • 1f + 1æ**
Kennari: Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir
Kennari: Hallfríður Hr Kristjánsdóttir
Skyldunámskeið fyrir BA nemendur.
Á námskeiðinu er mest áhersla lögð á fjögur svið:
- notkun Internetsins við upplýsingaleit og til samskipta
- gerð vefsíðna og framsetning efnis á vef
- mat upplýsinga á Internetinu
- notkun Internetsins á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum
Á námskeiðinu er meðal annars fjallað um þróun Internetsins, leitartækni, leitarvélar og efnisskrár, yfirlit yfir notkun Internetsins á bókasöfnum og upplýsingamiðstöðvum, hvernig vinna á vefsíðu fyrir bókasafn, aðgengi og viðmót upplýsinga á vefnum og upplýsingamiðlun meðal annars með notkun bloggs og wiki.
Námskeiðið er kennt í blönduðu námi sem felst fyrst og fremst í fjarkennslu í gegnum námsumsjónarkerfið Moodle en einnig verða staðarlotur tvisvar yfir önnina, í byrjun námskeiðs (sept.) og rétt fyrir lok námskeiðs (nóv.).
Umræðuframlög og 7 örverkefni (20%) og 4 skilaverkefni (80%)

**BÓK102G • Vinnulag í bókasafns- og upplýsingafræði • (6e) • Haust • 1f + 1d**
Kennari: Steinunn Aradóttir
Kennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Markmið: Að veita nemendum grundvallarfærni í fræðilegum vinnubrögðum. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna nemendum grundvallaratriði við að afla sér upplýsinga í námi og að þjálfa þá í sjálfstæðum vinnubrögðum við heimildaöflun. Fjallað verður um gagnasöfn Landsbókasafns- Háskólabókasafns og önnur rafræn gagnasöfn sem nemendur hafa aðgang að. Kynnt verður uppbygging háskólavefsins, vefs Þjóðarbókhlöðu og Reiknistofnunar H.Í. og fjallað um þær upplýsingar sem þar er að finna. Fjallað verður um grundvallaratriði í uppbyggingu fræðilegra ritsmíða, tilvísanir í heimildir og framsetningu heimildaskrár. Nemendur fá þjálfun í undirstöðuatriðum við munnlega tjáningu, þ.e. raddbeitingu, framsögn og öndun.
Skilaskyld verkefni.

**BÓK103G • Flokkun • (6e) • Haust • 1f + 1æ**
Kennari: Þórdís T Þórarinsdóttir
Markmið: Að nemendur öðlist skilning á hugtakinu flokkun, þekki helstu flokkunarkerfi fyrir útgefið efni og geti flokkað ritakost í samræmi við Dewey Decimal Classification System. Lýsing: Fjallað verður um flokkun almennt, sögu og tilgang flokkunar svo og helstu kenningar, markmið, tegundir og aðferðir við flokkun. Kynnt verða helstu viðurkennd flokkunarkerfi fyrir útgefið efni og sérstök áhersla lögð á Dewey Decimal Classification System og æfingu í flokkun samkvæmt því kerfi.
Verkefni (50%), skriflegt próf (50%).

**BÓK106G • Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum I • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
Markmið: Að nemendur geti annast upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum.
Lýsing og viðfangsefni: Fjallað verður um sögu og þróun upplýsinga- og skjalastjórnar hjá skipulagsheildum á Íslandi og annars staðar svo og félög og samtök á sviðinu í Evrópu, Ameríku og Ástralíu. Kynnt verða lög, reglugerðir og reglur um upplýsingar, skjöl og skjalasöfn svo og aðferðir, tilgangur og markmið upplýsinga- og skjalastjórnar. Farið verður í skjalatalningu, geymslu- og grisjunaráætlun fyrir skjöl, skjalaflokkun og skjalaflokkunarkerfi, húsnæði og búnað fyrir virk og óvirk skjöl, öryggisáætlanir fyrir skjöl, pökkun og skráningu hálfvirkra og óvirkra skjala, stöðlun á skjalagerð og eyðublaðastjórn. Lögð verður áhersla á skipulag málasafna, bókhaldsgagna, ljósmynda, teikninga og kynningarefnis svo og gagna í mismunandi formi þ.e. á pappír, diskum, filmum og böndum. Sýnt verður fram á hvernig hægt er að nota ýmis konar tölvukerfi við skipulagningu gagna, skráningu, vistun og endurheimt. Farið verður í þarfagreiningu og innleiðingu á upplýsinga- og skjalastjórn. Farið verður í heimsóknir á skjalasöfn. Kenndar verða aðferðir við að skipuleggja útgefið efni sem berst fyrirtækjum. Nemendur vinna verkefni á misserinu.
Verkefni (60%), skriflegt próf (40%).

**BÓK201G • Upplýsingaleiðir • (10e) • Vor • 2f + 2æ**
Umsjónarmaður: Kristín Ósk Hlynsdóttir
Í námskeiðinu er fjallað um mismunandi tegundir rafrænna heimildalinda á ólíkum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á bókfræðileg gagnasöfn og verða í því sambandi einkum tekin dæmi af þeim gjaldsettu gagnasöfnum sem nemendur við Háskóla Íslands hafa aðgang að, þ.e. gagnasöfnum á landsaðgangi og gagnasöfnum á háskólaaðgangi. Helmingur námskeiðsins fer fram í tölvustofu þar sem nemendur öðlast reynslu í rafrænni upplýsingaleit og þjálfun í því að leiðbeina öðrum við leitir.
Nauðsynleg undirstaða: Internetið í bókasafns- og upplýsingafræði (BÓK101G)
Fimm verkefni.

**BÓK202G • Borgarbókasafn Reykjavíkur: Hlutverk, starfsemi og þjónusta • (2e) • Vor • 1æ**
Nemendur kynnast hlutverki, starfsemi og þjónustu Borgarbókasafns Reykjavíkur. Námskeiðið er kennt eina viku á haustmisseri eða vormisseri. Skyldumæting.
Viðveruskylda og ritgerð (5 bls.).

**BÓK206G • Skólasöfn • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Markmið: Að nemendur kynnist þeim þáttum sem lúta að skipulagningu og stjórnun safns í grunn- eða framhaldsskóla. Efnislýsing: Fjallað verður um lög og reglugerðir sem sett hafa verið um skólasöfn sem og leiðbeiningar sem gerðar hafa verið af samtökum bókasafns- og upplýsingafræðinga bæði á Íslandi og erlendis. Gerð er grein fyrir mikilvægi upplýsingalæsis, samstarfi við kennara og lestrarvenjum barna og ungmenna í víðum skilningi. Nemendur kynnast gerð fjárhagsáætlana, aðfangastefnu, frágangi safngagna og markaðssetningu skólasafns. Farið verður í heimsóknir á skólasöfn og í þjónustumiðstöðvar.
Verkefni og einstaklingsverkefni í tíma í lok misseris.

**BÓK207G • Starfsemi og rekstur safna og upplýsingamiðstöðva • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Markmið: Að nemendur öðlist innsýn í starfsemi og rekstur safna og annarra upplýsingamiðstöðva. Einnig að nemendur öðlist skilning á því hvert hlutverk safna og annarra upplýsingamiðstöðva er í nútíma samfélagi.
Lýsing: Fjallað er starfsemi og rekstur safna og annarra upplýsingamiðstöðva og þróun og nýbreytni í starfsemi. Uppbygging og viðhald safnkosts. Mótun á þjónustu við viðskiptavini. Gæði þjónustu og mat á gæðum þjónustu. Einnig er fjallað um safnakerfi landsins, safnategundir innan þess, hlutverk og markmið einstakra safna, skv. lögum og reglugerðum. Almennt um skyldur og ábyrgð út frá þörfum og kröfum viðskiptavina. Fagleg viðhorf og siðfræði. Fjallað er stuttlega um sögulega þróun bókasafna- og upplýsingamála á Íslandi og reynt að meta hvaða breytingar eru líklegar á starfsvettvangi bókasafns- og upplýsingafræðinga í framtíðinni.
Próf og verkefni.

**BÓK208G • Skráning • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
Kennari: Hildur Gunnlaugsdóttir Gæðastjóri
Markmið: Að nemendur öðlist skilning á mikilvægi staðlaðra aðferða við skráningu gagna, svo og að þeir séu færir um að skrá bókakost í samræmi við skráningarreglur bókasafna, AACR2 og ISBD(M) staðal Alþjóðasambands bókasafna (IFLA). Einnig þurfa nemendur að skilja og geta notað marksniðið (MARC 21) sem notað er við skráningu í Gegni og geta lagt færslur inn í prufugrunn Gegnis. Lýsing: Fjallað verður um markmið og aðferðafræði skráningar, samspil skráningarreglna, staðla og marksniðs. Áhersla verður lögð á færni í notkun hjálpargagna við lausn álitamála. Verklegar æfingar miðast við skráningu í Gegni, landskerfi íslenskra bókasafna. Hugtakið bókfræðileg stjórn verður kynnt og stuttlega gerð grein fyrir sögu skráningar.
Einstaklingsverkefni (30%). Hópverkefni (20%). Próf (50%).

**BÓK210G • Lyklun • (6e) • Vor • 2f**
Kennari: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Kennari: Þórdís T Þórarinsdóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur

-kynnist helstu kenningum varðandi efnisgreiningu heimilda, tilgangi lyklunar og markmiðum. Einnig að nemendur fái þjálfun í að beita mismunandi lyklunaraðferðum og geti metið hvenær þær eigi við.
-kynnist gagnsemi og takmörkunum kerfisbundinna efnisorðaskráa
-kynnist gerð sértækra kerfisbundinna efnisorðalykla
-þekki og geti notað fyrirmæli staðla á sviði lyklunar
-kynnist íslenskum lyklunaraðferðum og vandamálum varðandi íslenskt mál
-öðlist nokkra þjálfun í lyklun og útdráttagerð

Námskeiðslýsing
Fjallað er um mismunandi efnisgreiningaraðferðir og þann fræðilega grunn sem lyklun heimilda byggir á, markmið lyklunar og lyklunarmál. Kynntir verða staðlar á sviði lyklunar, s.s. ÍST 90 og ÍST ISO 5963:1985. Nemendur kynnast gerð sértækra kerfisbund¬inna efnis¬orða¬lykla og fá tækifæri til að vinna verkefni á því sviði. Kynntar verða mis¬munandi lyklunar¬aðferðir og hvernig þær eiga við mismunandi útgáfuform, s.s. hefðbundnar heimildategundir (s.s. bækur og tímarit) og lyklun fyrir tölvu¬vædd gagnasöfn og vefsíður. Fjallað verður um helstu aðferðir við efnisorðagjöf og nemendur fá tækifæri til að lykla með aðstoð kerfis¬bundinnar efnis¬orða¬skrár. Ennfremur verður gerð mismunandi tegunda útdrátta kynnt og munu nemendur vinna verkefni í tengslum við það.
Verkefni og skriflegt próf.

**BÓK306G • Upplýsingaþjónusta • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Markmið: Að nemendur fái innsýn í það hvert er hlutverk safna og annarra upplýsingastofnana varðandi miðlun upplýsinga í nútíma samfélagi og kynnist mismunandi fyrirkomulagi og starfsemi við upplýsingarþjónustu.
Lýsing: Kynntar verða mismunandi aðferðir við uppbyggingu og skipulag upplýsingaþjónustu. Einnig verður fjallað um helstu starfsþætti svo og gæðamat á starfseminni. Fjallað verður um grunnatriði varðandi það að taka upplýsingaviðtöl og munu nemendur fá þjálfun í viðtalstækni. Fjallað verður um siðfræðilega hlið upplýsingaþjónustu og starfsreglur fyrir mismunandi tegundir upplýsingaþjónustu. Nemendur vinna verkefni á misserinu.
Verkefni og skriflegt próf.

**BÓK307G • Vettvangsnám • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ásdís Magnúsdóttir Verkefnisstjóri
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Kennsla: Bókasafns- og upplýsingafræðingar, leiðbeinendur, á viðkomandi safni. Markmið: Að nemandi skilji tilgang og markmið tiltekins safns fyrir notendur þess og samfélagið. Að nemandi kynnist helstu

starfsþáttum safnsins og hvernig samspili þeirra er háttað. Að nemandi öðlist yfirsýn yfir tengsl viðkomandi safns við önnur söfn á landinu og í víðara samhengi við erlend söfn og við alþjóðlegar stofnanir á sviði bókasafns- og upplýsingamála. Lýsing: Nemandi kynnir sér starfsemi safnsins sem hann hyggst sækja vettvangsnám til, áður en námið hefst, í gögnum sem hann fær frá safninu. Í vettvangsnáminu fær nemandi munnlegar upplýsingar og leiðsögn á safni og kynnist af eigin raun vinnu við eins marga starfsþætti og við verður komið.
Nemandi dvelur á safni eina vinnuviku 40 klst., og vinnur að þeim verkefnum sem bókasafns- og upplýsingafræðingur, leiðbeinandi hans á safninu, leggur fyrir. Að vettvangsnámi loknu skilar nemandi skýrslu til yfirleiðbeinanda vettvangsnámsins á safninu. Nemandi sendir skýrsluna til umsjónarmanns Vettvangsnáms í bókasafns- og upplýsingafræði. Yfirleiðbeinandi á safninu sendir vottorð um nám nemandans á safninu til umsjónarmanns.

**BÓK409G • Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn: Hlutverk, starfsemi og þjónusta • (2e) • Vor • 1æ**
Kennari: Ingibjörg St Sverrisdóttir Landsbókavörður
Nemendur kynnast hlutverki, starfsemi og þjónustu Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Námskeiðið er kennt eina viku í janúar. Skyldumæting.
Viðveruskylda og ritgerð (5 bls.).

**BÓK410G • Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum II • (10e) • Vor • 3f + 1æ**
Kennari: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
Markmið: Að nemendur geti verið leiðandi í tölvuvæðingu upplýsinga- og skjalastjórnar hjá skipulagsheildum. Að nemendur þekki gildi skjalastjórnar fyrir þekkingarstjórnun og gæðastjórnun. Að nemendur séu færir um að markaðssetja upplýsinga- og skjalastjórn í skipulagsheildum. Lýsing: Fjallað verður um tölvuvæðingu skjala og notkun hópvinnukerfa og innra nets. Tölvuforrit, sem er sérhannað til þess að halda utan um upplýsingar, skjöl, skjalastjórn og afgreiðslu mála, er kynnt og prófað í tölvuveri. Farið verður í rekstraröryggi upplýsingakerfa, lagalegt umhverfi þeirra svo og skipulagningu upplýsinga fyrir rafræn viðskipti og þekkingarstjórnun. Fjallað verður um staðla almennt svo og staðla sem tengjast skjölum og upplýsingum beint. Farið verður í gæðamál, gæðastjórnun og ISO 9000 gæðastaðlana og umhverfismálastjórnun og ISO 14000 umhverfisstaðlana og sýnt fram á hvers vegna nauðsynlegt er að koma upplýsinga- og skjalastjórn á hjá fyrirtækjum þar sem verið er að innleiða og viðhalda þ.h. stjórnun. Fjallað verður um ýmsar aðferðir til þess að markaðssetja stjórnendum og öðrum starfsmönnum fyrirtækja hugmyndina um upplýsingastjórnun.
Nauðsynleg undirstaða: ()
Verkefni (60%), skriflegt próf (40%).

**BÓK411G • Vettvangsnám • (2e) • Vor**
Umsjónarmaður: Ásdís Magnúsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið: Að nemandi skilji tilgang og markmið tiltekins safns fyrir notendur þess og samfélagið. Að nemandi kynnist helstu starfsþættum safnsins og hvernig samspili þeirra er háttað. Að nemandi öðlist yfirsýn yfir tengsl viðkomandi safns við önnur söfn á landsinu og í víðara samhengi við erlend söfn og við alþjóðlegar stofnanir á sviði bókasafns- og upplýsingamála. Lýsing: Nemandi kynnir sér starfsemi safnsins sem hann hyggst sækja vettvangsnám til, áður en námið hefst, í gögnum sem hann fær á safninu. Í vettvangsnáminu fær nemandi munnlegar upplýsingar og leiðsögn á safni og kynnist af eigin raun vinnu við eins marga starfsþætti og við verður komið.
Nemandi dvelur á safni eina vinnuviku 40 klst., og vinnur að þeim verkefnum sem bókasafns- og upplýsingafræðingur, leiðbeinandi hans á safninu, leggur fyrir. Að vettvangsnámi loknu skilar nemandi skýrslu til yfirleiðbeinanda vettvangsnámsins á safninu. Nemandi sendir skýrsluna til umsjónarmanns Vettvangsnáms í bókasafns- og upplýsingafræði. Yfirleiðbeinandi á safninu sendir vottorð um nám nemandans á safninu til umsjónarmanns.

**BÓK412G • Vettvangsnám • (2e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Ásdís Magnúsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið: Að nemandi skilji tilgang og markmið tiltekins safns fyrir notendur þess og samfélagið. Að nemandi kynnist helstu starfsþættum safnsins og hvernig samspili þeirra er háttað. Að nemandi öðlist yfirsýn yfir tengsl viðkomandi safns við önnur söfn á landsinu og í víðara samhengi við erlend söfn og við alþjóðlegar stofnanir á sviði bókasafns- og upplýsingamála. Lýsing: Nemandi kynnir sér starfsemi safnsins sem hann hyggst sækja vettvangsnám til, áður en námið hefst, í gögnum sem hann fær á safninu. Í vettvangsnáminu fær nemandi munnlegar upplýsingar og leiðsögn á safni og kynnist af eigin raun vinnu við eins marga starfsþætti og við verður komið.
Nemandi dvelur á safni eina vinnuviku 40 klst., og vinnur að þeim verkefnum sem bókasafns- og upplýsingafræðingur, leiðbeinandi hans á safninu, leggur fyrir. Að vettvangsnámi loknu skilar nemandi skýrslu til yfirleiðbeinanda vettvangsnámsins á safninu. Nemandi sendir skýrsluna til umsjónarmanns Vettvangsnáms í bókasafns- og upplýsingafræði. Yfirleiðbeinandi á safninu sendir vottorð um nám nemandans á safninu til umsjónarmanns.

**BÓK413G • Vefstjórnun • (10e) • Haust • 3f + 2æ**
Kennari: Kristín Ósk Hlynsdóttir
Kennari: Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir
Kennari: Fanney Sigurgeirsdóttir Fagstjóri
Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum ýmsa þætti vefstjórnar. Í námskeiðinu verður fjallað um stefnumótun fyrir vefi, þarfagreiningu, markaðssetningu og mælingar, vefforritun, nytsemi og aðgengi. Einnig verða skoðuð ýmiss vefumsjónarkerfi.
Nauðsynleg undirstaða: Internetið í bókasafns- og upplýsingafræði (BÓK101G)
Fimm verkefni.

**BÓK414G • Upplýsingamiðlun • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Markmið: Að fjalla um sígild viðfangsefni innan bókasafns- og upplýsingafræði þar sem kynntir verða helstu straumar og stefnur á sviði upplýsingafræði, upplýsingahegðunar og þekkingarmiðlunar.
Lýsing: Áhersla verður lögð á að fjalla um fræðilegar skilgreiningar, kenningar og líkön, einkum varðandi upplýsingahegðun, öflun og miðlun upplýsinga og þekkingar. Fjallað verður um upplýsingahegðun mismunandi hópa innan samfélagsins, svo og ýmis álitamál og úrlausnarefni varðandi miðlun og öflun upplýsinga og þekkingar.
Skriflegt próf og verkefni.

**BÓK501G • BA-ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði • (12e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Umsjónarmaður: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.

**BÓK502G • Bókasöfn á Íslandi • (6e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Nemendur skulu: Lesa sér til um bókasöfn og bókasafns- og upplýsingafræði á Íslandi; undirbúa og skipuleggja heimsóknir í 12-15 bókasöfn og upplýsingastofnanir á ýmsum stöðum á landinu; skila 15-20 síðna skýrslu um niðurstöður sínar. Nemendur sem kjósa að taka þetta námskeið skulu hafa eftirfarandi þætti í huga: Safnaheimsóknirnar verða að vera skipulagðar í samráði við umsjónarkennara og endanleg áætlun samþykkt af honum. Safnaheimsóknirnar skulu ná til Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, eins bókasafns á háskólastigi, a.m.k. tveggja almenningsbókasafna, eins rannsóknabókasafns og eins skólasafns. Nemandi getur einnig lagt áherslu á sérstök áhugasvið. Þar má nefna listasöfn, skjalasöfn og bókaverslanir eða aðra þætti svo sem byggingar eða tölvuvæðingu. Skýrsla um heimsóknirnar skal lögð fram í síðustu viku kennslumisseris. Með skýrslunni mega fylgja ljósmyndir, uppdrættir, teikningar eða önnur gögn sem fylgirit.

**BÓK503G • Bókasöfn erlendis • (6e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Nemandi getur gert vettvangskönnun á bókasöfnum á erlendri grund undir umsjón einhvers föstu kennaranna í bókasafns- og upplýsingafræði. Nemendur skulu: Lesa sér til um bókasöfn og bókasafnsfræði í viðkomandi landi; undirbúa og skipuleggja heimsókn í 12-15 bókasöfn og upplýsingastofnanir á ýmsum stöðum í viðkomandi landi; skila skýrslu sem telur 15-20 síður um niðurstöður sínar. Nemendur sem kjósa að taka þetta námskeið skulu hafa eftirfarandi þætti í huga: Safnaheimsóknirnar verða að vera skipulagðar í samráði við umsjónarkennara og endanleg áætlun samþykkt af honum. Safnaheimsóknir skulu að öllu jöfnu ná til þjóðbókasafns landsins, háskólabókasafns, almenningsbókasafns, rannsóknabókasafns og skólasafns. Nemandi getur einnig lagt áherslu á sérstaka þætti svo sem minjasöfn, skjalasöfn, bókaverslanir eða annað sem hann kann að hafa sérstakan áhuga á. Skýrsla um heimsóknirnar skal lögð fram í síðustu viku kennslumisseris. Með skýrslunni mega fylgja ljósmyndir, uppdrættir og teikningar og ýmis konar önnur gögn sem fylgirit.
Skýrsla um heimsóknirnar skal lögð fram í síðustu viku kennslumisseris. Með skýrslunni mega fylgja ljósmyndir, uppdrættir og teikningar og ýmis konar önnur gögn sem fylgirit.

**BÓK504G • Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði • (2e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK505G • Verkefni í bókasafns-og upplýsingafræði • (4e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK506G • Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði • (6e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK601G • BA-ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Umsjónarmaður: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.

**BÓK602G • BA-ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði • (12e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Umsjónarmaður: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.

**BÓK603G • Bókasöfn á Íslandi • (6e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Nemendur skulu: Lesa sér til um bókasöfn og bókasafns- og upplýsingafræði á Íslandi; undirbúa og skipuleggja heimsóknir í 12-15 bókasöfn og upplýsingastofnanir á ýmsum stöðum á landinu; skila 15-20 síðna skýrslu um niðurstöður sínar. Nemendur sem kjósa að taka þetta námskeið skulu hafa eftirfarandi þætti í huga: Safnaheimsóknirnar verða að vera skipulagðar í samráði við umsjónarkennara og endanleg áætlun samþykkt af honum. Safnaheimsóknirnar skulu ná til Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, eins bókasafns á háskólastigi, a.m.k. tveggja almenningsbókasafna, eins rannsóknabókasafns og eins skólasafns. Nemandi getur einnig lagt áherslu á sérstök áhugasvið. Þar má nefna listasöfn, skjalasöfn og bókaverslanir eða aðra þætti svo sem byggingar eða tölvuvæðingu. Skýrsla um heimsóknirnar skal lögð fram í síðustu viku kennslumisseris. Með skýrslunni mega fylgja ljósmyndir, uppdrættir, teikningar eða önnur gögn sem fylgirit.

**BÓK604G • Bókasöfn erlendis • (6e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Nemandi getur gert vettvangskönnun á bókasöfnum á erlendri grund undir umsjón einhvers föstu kennaranna í bókasafns- og upplýsingafræði. Nemendur skulu: Lesa sér til um bókasöfn og bókasafnsfræði í viðkomandi landi; undirbúa og skipuleggja heimsókn í 12-15 bókasöfn og upplýsingastofnanir á ýmsum stöðum í viðkomandi landi; skila skýrslu sem telur 15-20 síður um niðurstöður sínar. Nemendur sem kjósa að taka þetta námskeið skulu hafa eftirfarandi þætti í huga: Safnaheimsóknirnar verða að vera skipulagðar í samráði við umsjónarkennara og endanleg áætlun samþykkt af honum. Safnaheimsóknir skulu að öllu jöfnu ná til þjóðbókasafns landsins, háskólabókasafns, almenningsbókasafns, rannsóknabókasafns og skólasafns. Nemandi getur einnig lagt áherslu á sérstaka þætti svo sem minjasöfn, skjalasöfn, bókaverslanir eða annað sem hann kann að hafa sérstakan áhuga á. Skýrsla um heimsóknirnar skal lögð fram í síðustu viku kennslumisseris. Með skýrslunni mega fylgja ljósmyndir, uppdrættir og teikningar og

ýmis konar önnur gögn sem fylgirit
Skýrsla um heimsóknirnar skal lögð fram í síðustu viku kennslumisseris. Með skýrslunni mega fylgja ljósmyndir, uppdrættir og teikningar og ýmis konar önnur gögn sem fylgirit.

**BÓK605G • Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði • (2e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK606G • Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði • (2e) • Sumar**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK607G • Verkefni í bókasafns-og upplýsingafræði • (4e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK608G • Verkefni í bókasafns-og upplýsingafræði • (4e) • Sumar**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK609G • Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði • (6e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**BÓK610G • Verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði • (6e) • Sumar**
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræðiskor.
Verkefni.

**FÉL101G • Samtímafélagsfræði: Kenningar og viðfangsefni • (8e) • Haust • 4f**
Kennari: Jón Gunnar Bernburg Dósent
Kennari: Ingólfur Vilhjálmur Gíslason Lektor
Fjallað er um hið félagsfræðilega sjónarhorn og beitingu þess á viðfangsefni í samtímanum. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist yfirsýn um þekkingu á mörgum af helstu viðfangsefnum félagsfræðinnar. Áhersla er lögð á að tengja saman kenningarlega umræðu og niðurstöður nýlegra rannsókna. Auk umfjöllunar um miðlæg hugtök á borð við félagsgerð (social structure), menningu (culture) og félagslegt taumhald (social control), kynnast nemendur rannsóknum á margvíslegum viðfangsefnum, t.d. lagskiptingu, skipulagsheildum, frávikum og sjúkdómum, börnum og unglingum, innflytjendamálum, lýðfræði, fjöldahreyfingum, félagssálfræði, lífshlaupinu o.fl.
Hlutapróf (20%), ritgerð (30%) og lokapróf (50%).

**FÉL102G • Almenn félagsfræði: Klassískar kenningar og nútímaþjóðfélagið • (8e) • Haust • 4f**
Kennari: Stefán Ólafsson Prófessor
Lýsing: Námskeiðið skiptist í þrjá meginhluta. Í fyrsta hluta, inngangi, verður fjallað um stöðu félagsfræðinnar meðal hinna ýmsu greina mannvísinda, einkum félagsvísinda. Í öðrum hluta námskeiðsins verður fjallað um sígild viðfangsefni og kenningar félagsfræðinnar. Sérstaklega verða kynntar kenningar Durkheims, Tocquevilles, Marx, Webers og Goffmans. Í þriðja hluta námskeiðsins verður fjallað um þjóðskipulag, þjóðfélagskerfi og samanburð einstakra þjóðfélaga. Fjallað verður um kapítalisma, sósíalisma, velferðarríki, landbúnaðarþjóðfélag, iðnríki og nútímaþjóðfélag.
4 stunda skriflegt lokapróf.

**FÉL103G • Vinnulag í félagsfræði • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Rannveig Þórisdóttir
Kennari: Margrét Valdimarsdóttir
Aðstoðarkennari: Guðbjörg Sigrún Bergsdóttir
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum grundvallarfærni í fræðilegum vinnubrögðum. Fjallað verður um frágang verkefna og ritgerða og mismunandi tegundir fræðilegra ritsmíða.Sérstök áhersla verður lögð á uppbyggingu ritgerða, tilvísanir í heimildir og framsetningu heimildaskrár. Námsmat byggir á vikulegum verkefnaskilum.
Verkefni.

**FÉL202G • Efnahagslíf og þjóðfélag • (8e) • Vor • 3f**
Kennari: Stefán Ólafsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum undirstöðuþekkingu á samspili efnahagslífs, stjórnmála og félagsgerða í nútímanum. Fjallað er í fyrstu um sjónarhorn félagsfræðinnar á efnahagslífið og helstu kenningar. Síðan er greining á breytingum á þjóðfélagsgerð nútímans: hnattvæðingu, þróun þekkingarhagkerfis, markaðsvæðingu, togstreitu lýðræðis og markaðar, velferðarríkinu, alþjóðlegum vinnumarkaði og þekkingarþyrpingum. Loks er fjallað um afleiðingar grundvallarbreytinga efnahagslífs á samfélagsgerðina og stöðu Íslands í samanburði við önnur ríki.
Verkefni og próf.

**FÉL204G • Aðferðafræði I: Rannsóknaraðferðir félagsvísinda • (8e) • Vor • 4f + 1æ**
Umsjónarmaður: Jón Gunnar Bernburg Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur kunni skil á undirstöðuatriðum í aðferðafræði félagsvísinda og geti gert grein fyrir helstu

rannsóknaraðferðum. Fjallað verður um helstu þætti rannsóknarferlisins og grundvallaratriði aðferðafræðinnar. Þá er veitt yfirlit um helstu rannsóknaraðferðir félagsvísinda, þ.á.m. tilraunir, spurningalistakannanir, athuganir á skráðum gögnum, innihaldsgreiningu, viðtalsrannsóknir og þátttökuathuganir. Rætt verður um styrkleika og takmarkanir mismunandi aðferða með hliðsjón af fjölbreytilegum markmiðum félagsvísindarannsókna.
Fjögurra tíma skriflegt próf í lok misseris (100%).

**FÉL206G • Fjölbreytileiki og félagsleg mismunun • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir Prófessor
Kennari: Ingólfur Vilhjálmur Gíslason Lektor
Tekin verða fyrir ýmis knýjandi úrlausnarefni nútímans og þau skoðuð í ljósi félagsfræðilegra rannsókna og kenninga. Þessi málefni varða stöðu mismunandi þjóðfélagshópa, margmenningu, kynferði, fátækt, heilsufar, vinnuvistfræði, umhverfismál o.fl. Áhersla verður lögð á samfélagsleg viðbrögð og pólitíska stefnumótun í hinum ýmsu málaflokkum. Nemendur vinna verkefni sem hefur að markmiði að þeir öðlist þekkingu á fjölbreytileika íslensks þjóðfélags og félagslegri mismunun og tengi þá þekkingu við fræðilega umfjöllun námskeiðsins.
Verkefni og próf.

**FÉL207G • Karlar og karlmennska • (6e) • Vor • 2f + 1æ**
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum helstu áherslur þeirra sem rannsaka karla sem samfélagslegt kyn (gender). Gerð verður grein fyrir þeim þremur meginaðferðum sem beitt hefur verið við karlarannsóknir á þessari öld; sálgreiningu, félagssálfræði (kyn"hlutverk") og nýrri þróun í félagsvísindum sem leggur áherslu á "sköpun" eða "byggingu" karlmennsku. Fjallað verður um mismunandi gerðir karlmennsku og hvernig tilurð þeirra, niðurrif og uppbygging tengist öðrum formgerðum samfélagsins. Þáttur karla í uppeldis- og umönnunarstörfum innan og utan heimilis verður skoðaður og fjallað um íslenska rannsókn um karlmennsku og fjölskyldutengsl.
verkefni

**FÉL301G • Aukaverkefni: Almenn félagsfræði: Klassískar kenningar og nútímaþjóðfélagið • (2e) • Haust**
Kennari: Stefán Ólafsson Prófessor
Aukaverkefni.
Verkefni.

**FÉL302G • Verkefni í félagsfræði • (2e) • Haust**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL303G • Verkefni í félagsfræði • (4e) • Haust**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL304G • Verkefni í félagsfræði • (6e) • Haust**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL305G • BA-ritgerð í félagsfræði • (12e) • Haust**
BA-verkefni.
Ritgerð.

**FÉL306G • Aðferðafræði II: Inngangur að tölfræði • (8e) • Haust • 5f + 2æ**
Kennari: Jón Gunnar Bernburg Dósent
Kennari: Margrét Valdimarsdóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á tölfræði félagsvísinda. Nánar er fjallað um mælingar á miðlægni og dreifingu breyta. Stefnt er að því að nemendur geti gert grein fyrir helstu hugtökum ályktunartölfræði og framkvæmt marktektarpróf. Ennfremur er fjallað um mælingar á tengslum breyta, þ.á.m. krosstöflur og einfalda aðhvarfsgreiningu. Þá er stuttlega fjallað um aðferðir til þess að stjórna breytum, s.s. hlutatöflur og hlutfylgni. Auk bóklegrar kennslu læra nemendur að nota tölfræðiforritið SPSS til þess að framkvæma útreikninga.
Fjögurra tíma skriflegt próf í lok misseris lágmarkseinkunn 5,0(70%), æfingapróf (15%) og SPSS prófverkefni (15%).

**FÉL307G • Málstofa í atvinnulífsfræði • (6e) • Haust • 1æ + 2u**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir Prófessor
Kennari: Ásta Snorradóttir
Markmið: Að nemendur fái innsýn í þá breidd sem félagsfræði atvinnulífs endurspegla, kynnist nýjum rannsóknum á fræðasviðinu og skilji mikilvægi fræðilegrar umræðu innan atvinnulífsfræðinnar. Málstofan felst í virkri þátttöku í námskeiðinu, sem m.a. felur í sér mætingu í fyrirlestra og ráðstefnur um atvinnulífsfræði á vegum Rannsóknastofu í vinnuvernd og annarra aðila, í samráði við kennara.
Verkefni, ritgerðir, þátttaka í tímum. 80% mætingaskylda er í námskeiðið.

**FÉL308G • Kenningar í félagsvísindum • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Ingólfur Vilhjálmur Gíslason Lektor
Kennari: Þórólfur Þórlindsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynna kenningar nokkurra af helstu frumkvöðlum þjóðfélagsfræðanna. Fjallað verður um kenningar

Durkheims, Marx, Webers og Meads með sérstöku tilliti til hugmynda þeirra um eðli þjóðfélagsvísinda, orsakir þjóðfélagsþróunar, stéttaskiptingu og skipan valdsins.Í lok námskeiðsins er ætlast til að nemandi hafi lesið klassiska texta, kunni skil á meginhugtökum áðurnefndra frumkvöðla og geti beitt þeim við greiningu á nútímaþjóðfélögum. Kennsla fer fram í fyrirlestrum og með umræðum.
Ein ritgerð (25%) og skriflegt próf (75%).

**FÉL309G • Afbrotafræði • (6e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Helgi Gunnlaugsson Prófessor
Í námskeiðinu verður afbrotafræðin og helstu viðfangsefni hennar kynnt. Í grófum dráttum skiptist námskeiðið í tvennt. Í fyrri hlutanum verður farið í helstu kenningar og rannsóknir til að varpa ljósi á eðli afbrota og samfélagslegra viðbragða við þeim. Í þessu skyni verður klassísk og pósitívísk afbrotafræði skoðuð. Sérstök áhersla verður lögð á ýmsar félagsfræðilegar kenningar og rannsóknir á afbrotum, s.s. framlag formgerðarhyggju, samskiptaskólans og átakakenninga. Í síðari hluta námskeiðsins verða fjórar tegundir afbrota teknar fyrir (ofbeldisglæpir, kynferðisbrot, fikniefnabrot og viðskiptaglæpir) og þær metnar í ljósi kenninga úr fyrri hluta og opinberrar stefnumörkunar í þessum málaflokkum.
Ritgerð (1e) og skriflegt próf (2e) í desember.

**FÉL310G • Geðheilsufélagsfræði • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Raktar eru félagslegar skýringar á geðrænum vandamálum og þeim beitt til að útskýra samsetningu og útbreiðslu geðrænna vandamála meðal aldurshópa, kynja, hjúskaparhópa og stétta. Fjallað er um aðstæður geðsjúkra og samskipti þeirra við fjölskyldumeðlimi og geðheilbrigðisstéttir. Munur á notkun geðheilbrigðisþjónustu milli kynja, hjúskaparhópa og stétta er rakinn og skýrður. Loks er greint frá skipan og árangri geðheilbrigðisþjónustunnar.
Verkefni og skriflegt próf.

**FÉL311G • Áhrif kláms og ofbeldis í myndmiðlum • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Guðbjörg Hildur Kolbeins Stundakennari
Aðalmarkmið þessa námskeiðs er að nemendur geti vegið og metið á fræðilegan hátt þau áhrif, ef einhver eru, sem klám og ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum hefur á áhorfendur. Fjallað er m.a. um hvaða áhrif klám hefur á viðhorf karlmanna til kvenna og ofbeldi gegn konum. Þá verður einnig litið á rannsóknir á hræðsluviðbrögðum barna við ofbeldi í sjónvarpi, litið á sambandið milli áhorfs á klám og ofbeldi og árásarhneigðar og reynt að svara þeirri spurningu hvort áhrif ofbeldis séu takmörkuð við ákveðinn hóp áhorfenda og hvaða áhrif klám- og ofbeldisefni hafi á þjóðfélagið í heild.
50% mæting áskilin. Verkefni.

**FÉL312G • Félagssálfræði • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Ingólfur Vilhjálmur Gíslason Lektor
Í námskeiðinu verður í upphafi fjallað um kenningarlegar forsendur félagsfræði og sálfræði og tengingu þeirra í félagssálfræði. Hópamyndun og samskipti innan hópa eru lykilþættir í umfjölluninni. Sérstök áhersla er á aðferðafræði félagssálfræðinnar s.s. þátttökuathuganir og tilraunir. Þá verður fjallað um hagnýta þætti félagssálfræðinnar t.d. í tengslum við afbrot, atvinnulíf og mannauðsstjórnum. Nemendur vinna verkefni á grundvelli klassískra texta sem hefur að markmiði aukinn skilning á samspili kenninga, aðferða og hagnýtingar. Það verkefni er helmingur námsmats, skriflegt próf hinn helmingurinn.
Að námskeiði loknu eiga nemendur að þekkja grunnhugtök í félagssálfræði og geta beitt þeim á samtímaviðfangsefni
Verkefni 50%, skriflegt próf (50%).

**FÉL313G • Inngangur að fjölmiðlafræði: Vald og formgerð • (6e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Þorbjörn Broddason Prófessor
Kennari: Hilmar Thor Bjarnason
Aðstoðarkennari: Elfa Ýr Gylfadóttir
Aðstoðarkennari: Ragnar Karlsson
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum þekkingu á félagsfræðilegum grundvelli fjölmiðla og þætti þeirra í samheldni flókinna þjóðfélaga með sérstakri tilvísun til þróunar og sérkenna íslenskra fjölmiðla. Yfirlit verður veitt um sögu boðskipta og sögulegan aðdraganda nútímafjölmiðlunar frá fyrstu blöðum til stafrænnar miðlunar. Fjallað verður um þýðingu mismunandi yfirráðakerfa yfir fjölmiðlum og velt verður upp spurningum um áhrif eignarhalds, samkeppni og samþjöppunar á fjölmiðlamörkuðum og samruna milli ólíkrar tegunda fjölmiðla á fjölbreytni efnis og fjölræði í fjölmiðlun.
Heimapróf á námstíma.

**FÉL314G • Fjölmiðlafræði: Notendur og áhrif • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Þorbjörn Broddason Prófessor
Kennari: Guðbjörg Hildur Kolbeins Stundakennari
Kennari: Hilmar Thor Bjarnason
Kennari: Ragnar Karlsson
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í niðurstöður um samspil fjölmiðla við einstaklinga og samfélags. Fjallað verður um helstu kenningar og niðurstöður innlendra og erlendra rannsókna á notkun og áhrifamætti fjölmiðla. Í síðari hluta námskeiðsins verður sjónum beint að fjölmiðlatextum og greiningu þeirra, framleiðslu fjölmiðlaefnis og stöðu fjölmiðlafólks innan fjölmiðlanna. Kynntar verða til leiks kenningar um fagbindingu (e. professionalism), sjálfstæði og um óhæði fjölmiðlafólks.
Heimapróf á námstíma (60%) og ritgerð í lok námskeiðs (40%).

**FÉL402G • Aukaverkefni: Efnahagslíf og þjóðfélag • (2e) • Vor**
Umsjónarmaður: Stefán Ólafsson Prófessor
Verkefni verða valin með hliðsjón af lesefni og fyrirlestrum í námskeiðinu Efnahagslíf og þjóðfélag.
Ritgerð.

**FÉL403G • Stjórnun, vinnuskipulag og vinnumenning • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir Prófessor
Kennari: Tómas Björn Bjarnason
Í námskeiðinu verður fjallað um sögu og viðfangsefni klassískrar vinnufélagsfræði. Farið verður í helstu kenningar og stefnur sem varða skipulagningu vinnu og stjórnun vinnustaða og gagnrýni sem komið hefur fram á þessar kenningar. Hér er m.a. átt við kenningar Marx, Webers, Durkheims og Blauners auk þess sem fjallað er um nýrri kenningar svo sem kenningar um vísindalega stjórnun (Taylorisma), hugmyndir Bravermanns, kenningar um mannleg tengsl (Human Relations), hugmyndir Bell, Fordisma og femínískar kenningar. Auk þess er fjallað um hugtök sem tengjast stjórnun svo sem mannauðsstjórnun og árangursstjórnun. Rætt verður um samspil alþjóðavæðingar og vinnu, atvinnuleysi, ólaunaða vinnu og sjálfboðavinnu.
Ritgerð, hópverkefni ásamt framsögu og skriflegt próf.

**FÉL404G • Nútímakenningar í félagsfræði • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Helgi Gunnlaugsson Prófessor
Fjallað verður um nokkrar helstu kenningar í félagsfræði á 20. öld, m.a. vísindaheimspekilegar forsendur kenninga í þjóðfélagsfræðum, samskiptakenningar, átakakenningar og verkhyggju. Nemendur velja nýjar fræðibækur og tengja efni þeirra við þær kenningar sem fjallað er um í námskeiðinu.
Ritgerð og skriflegt próf.

**FÉL405G • Verkefni í félagsfræði • (2e) • Vor**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL406G • Verkefni í félagsfræði • (2e) • Sumar**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL407G • Verkefni í félagsfræði • (4e) • Vor**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL408G • Verkefni í félagsfræði • (4e) • Sumar**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL409G • Verkefni í félagsfræði • (6e) • Vor**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL410G • Verkefni í félagsfræði • (6e) • Sumar**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum hverju sinni með tilliti til þeirra áhugasviða sem fram koma hjá einstökum nemendum. Einnig geta nemendur tengt verkefni einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**FÉL411G • Rannsóknir í félagsfræði • (8e) • Vor • 1f + 1u**
Umsjónarmaður: Þórólfur Þórlindsson Prófessor
Umsjónarkennari: Rannveig Þórisdóttir
Námskeiðið er ætlað til rannsókna á tilteknu viðfangsefni sem valið er af kennurum í samráði við nemendur. Fjallað verður um einstaka þætti rannsóknarferlisins í tengslum við viðfangsefnið hverju sinni.
Æskileg undirstaða: Aðferðafræði III (10.04.97)
Verkefni.

**FÉL412G • Vinnuvistfræði og félagslegir áhættuþættir I • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynnast þáttum er varða samspil manns og vinnufyrirkomulags og tengsl þess við vinnutengda heilsu og líðan starfsfólks (occupational health). Lesnar verða nýlegar rannsóknagreinar er fjalla m.a. um tengsl vinnuskipulags og líðanar, stéttbundið heilsufar, kynjabundinn vinnumarkað, samspil fjölskyldu og atvinnulífs, fjarvinnu, jaðarhópa og óhefðbundin tengsl á vinnumarkaði, streitu, kulnun, einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Lögð er áhersla á að skoða þessa þætti út frá stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Námskeiðið er byggt upp sem málstofa, nemendur halda fyrirlestra og sérfræðingar fengnir inn í einstöku tíma.
Framsaga, ritgerð, skýrslur og þátttaka í tímum. 80% mætingaskylda er í námskeiðið.

**FÉL413G • Mentorverkefnið Vinátta • (6e) • Haust & vor**
Umsjónarmaður: Þórólfur Þórlindsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að nemendur vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn. Áhersla er lögð á

gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars. Með námskeiðinu er unnið í þágu samfélagsins á þann hátt að nemendur fá tækifæri til að verða fyrirmynd og jákvætt afl í lífi grunnskólabarna og börnin mynda tengsl við þroskaðan, fullorðinn aðila utan fjölskyldunnar.
Verkefni.

**FÉL414G • BA-ritgerð í félagsfræði • (12e) • Vor**
BA-verkefni.
Ritgerð.

**FÉL415G • BA-ritgerð í félagsfræði • (12e) • Sumar**
BA-ritgerð.
Ritgerð.

**FÉL416G • Aðferðafræði III: Framhaldsefni í tölfræði • (8e) • Vor • 4f + 1æ**
Umsjónarmaður: Jón Gunnar Bernburg Dósent
Kennari: Margrét Valdimarsdóttir
Aðstoðarkennari: Stefán Hrafn Jónsson
Markmið námskeiðsins er tvíþætt: Annars vegar að nemendur kunni skil á tölfræðiaðferðum til þess að vinna úr mörgum breytum samtímis. Meðal annars verður fjallað um fjölbreytu-aðhvarfsgreiningu (multiple regression analysis) og þáttagreiningu (factor analysis). Hins vegar að nemendur öðlist reynslu af því að framkvæma spurningalistakönnun og beiti þessum aðferðum við úrvinnslu niðurstaðna. Tölfræðiforritið SPSS er notað við úrvinnslu gagna.
Æskileg undirstaða: Aðferðafræði II: Inngangur að tölfræði (FÉL306G)
Rannsóknarverkefni (40%) og 4 tíma skriflegt próf í lok misseris (60%)

**FÉL417G • Félagsfræði frávikshegðunar • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Helgi Gunnlaugsson Prófessor
Viðfangsefnið í námskeiðinu eru samskiptakenningar í félagsfræði (Interactionism, Phenomenology og Ethnomethodology) eða svokallaðar míkrókenningar. Farið verður í fræðilegan grundvöll sjónarhornsins og hefðbundna vísindahyggju(positivism/empirism). Dæmi verða tekin úr veruleika samtímans um útfærslu þessara sjónarhorna. Áhersla verður lögð á samskipti, heimsmynd, sögulegar kringumstæður, merkingu/túlkun, vald/hagsmuni og sérstaklega á tilhneigingu til sjúkdómsvæðingar á hegðan sem brýtur í bága við viðmið samfélagsins.
Ritgerð og skriflegt próf.

**FÉL418G • Vinnumarkaðurinn og þróun hans: Alþjóðlegur samanburður • (6e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Stefán Ólafsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum helstu breytingar sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði og í atvinnulífinu síðustu tvo áratugi. Í námskeiðinu verða rakin megin einkenni vinnumarkaða, m.a. í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Þýskalandi, Japan, Frakklandi og Ítalíu. Rætt verður um aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldið, kjarasamninga, átök á vinnumarkaði, atvinnulýðræði, tilvistarkreppu verkalýðsfélaga og fjallað um íslensku vinnulöggjöfina. Loks verður rætt um breytingar á vinnumörkuðum í kjölfar inngöngu ríkja í Evrópusambandið, líkur á einum heildstæðum evrópskum vinnumarkaði og áhrif fjölþjóðlegra fyrirtækja á evrópskan vinnumarkað.
Ritgerð og próf.

**FÉL419G • Heilsufélagsfræði • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Magnús Einarsson
Í námskeiðinu verða gagnrýndar hefðbundnar skilgreiningar á heilbrigði og sjúkdómum í félagsfræðilegu ljósi. Raktar verða kenningar um sjúkdóma sem frávik (deviance) og kenningar um hlutverk sjúklingsins (sick-role). Skoðuð verður félagsleg dreifing helstu heilbrigðisvandamála samtímans og rætt um ólíkar skýringar á þessari dreifingu. Athuguð verður notkun heilbrigðisþjónustu og gerður samanburður á ólíkum skýringum á misræmi heilsufars og notkunar þjónustu. Rætt verður um lækna og hjúkrunarfólk sem starfshópa með ólík einkenni atvinnumennsku (professionalism) og átök í heilbrigðiskerfinu skoðuð í því ljósi. Loks verður lagt sögulegt mat á árangur af heilbrigðisþjónustu í ljósi kenninga um samband heilbrigðisþjónustu og heilsufars.
Ritgerð og skriflegt próf.

**FÉL420G • Velferðarríki nútímans: Markaður, stjórnmál og samfélag • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Stefán Ólafsson Prófessor
Kennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Námskeiðið miðar að því að gera grein fyrir og skýra þróun velferðarríkisins á Vesturlöndum. Fjallað verður um kenningar um uppruna og þróun velferðarríkisins og um velferðarríkið sem einkenni á nútímalegum þjóðfélögum. Einnig verður gerð grein fyrir ólíkum sjónarmiðum í rannsóknum á velferðarríkjum - félagsfræðilegum, stjórnmálafræðilegum og siðferðilegum. Þá verður fjallað ítarlega um samanburð á velferðarríkjum, með sérstakri áherslu á samanburð norrænu velferðarríkjanna innbyrðis og samanburði þeirra við önnur velferðarríki í Evrópu og í Norður-Ameríku. Meðal annars verður leitað skýringa á ólíkri þróun velferðarríkisins í Svíþjóð, Bandaríkjunum, Japan og á Íslandi.
Verkefni og próf.

**FÉL421G • Aðhvarfsgreining • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Jón Gunnar Bernburg Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning og verklega færni til að beita aðhvarfsgreiningu á eigin spýtur. Fjallað er um þau afbrigði aðhvarfsgreiningar sem hvað oftast eru notuð í rannsóknum á sviði félagsvísinda. Farið er í stjórnun breyta, notkun nafnbreyta, línuleg og ólínuleg líkön, aðferðir til þess að prófa miðlun breyta og samvirkni breyta og aðferðir til að nota breytur sem hafa skekkta dreifingu svo eitthvað sé nefnt. Fjallað er um forsendur aðhvarfsgreiningar og aðferðir til að fást við þær. Einnig er fjallað um "logistic" aðhvarfsgreiningu, þar sem háða breytan er tvígild nafnbreyta. Samhliða þessari umfjöllun verður farið í saumana á ályktunartölfræði, notkun

marktektarprófa og túlkun niðurstaðna. Áhersla er lögð á að nemendur fái umtalsverða verklega reynslu af því að greina megindleg gögn. Kennari útvegar könnunargögn sem nemendur nota til þess að prófa þær aðferðir sem kenndar eru. Eftir fremsta megni verður reynt að samþætta fræðilegar spurningar og tilgátuprófun. Tölfræðiforritið SPSS fyrir Windows er notað.
Æskileg undirstaða: Aðferðafræði III: Framhaldsefni í tölfræði (FÉL416G)
Námsmat er byggt á verkefnaskilum, heimaprófum og þátttöku í tímum.

**FÉL422G • Fjölmiðlafræði: Kenningar og rannsóknir • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Þorbjörn Broddason Prófessor
Kennari: Ragnar Karlsson
Markmið þessa námskeiðs er að veita nemendum frekari þekkingu um boðskiptakenningar og fara með þeim í nýlegar rannsóknir á sviði félagsfræði fjölmiðla. Umfjöllunarefni námskeiðsins á vormisseri 2009 skiptist á milli nokkurra efnisþátta. Þeir eru: a) kenningin um fjölmiðlahátíðir (e. media events), b) fjölmiðlar, ofbeldi og kynlíf, c) upplýsingasamfélagið, d) hugmyndin um almannavettvanginn (e. public sphere) og fjölmiðla á vegum opinberra aðila og í einkarekstri, e) kenningar um alþjóðavæðingu (e. globalization) með sérstakri hliðsjón af flæði fjölmiðlaefnis milli landamæra og áhrifum þess á þjóðfélög og menningu.
Hluti námskeiðsins (1e) getur falist í námsferð til útlanda þar sem heimsóttir verða alþjóðlegir fjölmiðlar, fréttastofur, rannsóknastofnanir og háskóladeildir.
Æskileg undirstaða: Inngangur að fjölmiðlafræði: Vald og formgerð (FÉL313G), Fjölmiðlafræði: Notendur og áhrif (FÉL314G)
Verkefni.

**FÉL423G • Verkefni í íslenskum fjölmiðlum • (6e) • Vor • 3u**
Kennari: Þorbjörn Broddason Prófessor
Afmarkað rannsóknarverkefni um íslenska fjölmiðla valið í samráði við kennara.
Æskileg undirstaða: Inngangur að fjölmiðlafræði: Vald og formgerð (FÉL313G), Fjölmiðlafræði: Notendur og áhrif (FÉL314G)
Verkefni.

**FFR103G • Fötlun og menning • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Kennari: Hanna Björg Sigurjónsdóttir Lektor
Kennari: Lilja Össurardóttir
Aðstoðarkennari: Rannveig Traustadóttir Prófessor
Meginviðfangsefni námskeiðsins er að rýna í stöðu og ímynd fatlaðs fólks og birtingarmyndir fötlunar í menningu vestrænna samfélaga. Fjallað verður um ímyndir og hlutverk fatlaðs fólks í dægurmenningu, fjölmiðlum, bókmenntum, almennri orðræðu og innan þjónustukerfisins. Sérstök áhersla verður lögð á (list)menningu fatlaðs fólks, sjálfskilning, kvenleika, karlmennsku og valdeflingu. Rýnt verður í fötlun sem einn lið í fjölbreytileika vestrænna samfélaga og staðsetningu fatlaðs fólks í menningarlegur og sögulegu samhengi.
Verkefni og skriflegt próf.

**FFR302M • Fötlun, sjálf og samfélag • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Hanna Björg Sigurjónsdóttir Lektor
Aðstoðarkennari: Rannveig Traustadóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á félagslegum aðstæðum fatlaðs fólks og fái innsýn í fræðilega umfjöllun um fötlun og rannsóknir á því sviði. Líf, aðstæður og reynsla fatlaðs fólks verður miðlæg í umfjöllun námskeiðsins með áherslu á lífshlaupið og þau meginsvið sem snerta daglegt líf þess svo sem fjölskyldulíf, menntun, atvinnu og búsetu. Lesnar verða nýjar íslenskar og erlendar fötlunarrannsóknir og rýnt í nýjungar í þjónustu við fatlað fólk. Fræðileg umfjöllun námskeiðsins verður tengd við lagasetningar, stefnumótun, þjónustu, velferðakerfi og félagslegar aðstæður fatlaðs fólks. Áhersla verður lögð á að tengja efni námskeiðsins við fræðilega umfjöllun í námskeiðinu 10.53.06 Kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræðum.
Verkefni og heimapróf.

**FOM301G • Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Kristín Björnsdóttir
Aðstoðarkennari: Rannveig Traustadóttir Prófessor
Í námskeiðinu öðlast nemendur þekkingu á eigindlegum rannsóknum og læra að beita fjölbreyttum aðferðum innan hinnar eigindlegu rannsóknarhefðar. Tilgangur eigindlegra rannsókna er að rannsaka upplifun og skilning fólks á umhverfi sínu og aðstæðum og er rannsóknargagna aflað á vettvangi í daglegu umhverfi fólks. Í námskeiðinu verður fjallað um einkenni eigindlegra rannsókna, viðtekin gildi í siðfræði rannsókna og mismunandi rannsóknahefðir og nálganir kynntar. Nemendur fá tækifæri til að beita ýmsum aðferðum við gagnasöfnun svo sem opnum viðtölum, þátttökuathugunum, lífsöguaðferðum og rýnihópaviðtölum. Einnig verður fjallað um notkun ljósmynda og persónulegra gagna í eigindlegum rannsóknum. Að lokum verða helstu aðferðir við gagnagreiningu (m.a. orðræðugreining) kynntar og fjallað um framsetningu á rannsóknarniðurstöðum. Í námskeiðinu fá nemendur þjálfun í að rýna í eigindlegar rannsóknir og lögð áhersla á að þeir kynni sér eigindlegar rannsóknir á sínu fræðasviði.

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á eigindlegum rannsóknum og læri að beita fjölbreyttum rannsóknaraðferðum. Í námskeiðinu tengja nemendur viðfangsefnin sínu fræðasviði.

Vinnulag: Námskeiðið fer fram í fyrirlestrum og verklegum tímum. Nemendur vinna einstaklingsverkefni og hópverkefni. Áhersla er lögð á samræður og virka þátttöku nemenda í námskeiðinu. Mætingaskylda er í námskeiðinu.
Mæting og þátttaka í verklegum æfingum (5%) Ritdómur (10%) Rannsóknaráætlun (10%) Rannsóknargögn (25%) Lokapróf (50%) Krafist er lágmarkseinkunnar 5.0 í öllum þáttum námsmatsins

**MAN002G • Mannfræði kynmenningar • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Helga Þórey Björnsdóttir
Markmið námskeiðsins er að kynna umfjöllun um kyngervi og kyn í mannfræði. Farðið verður í sögulegt samhengi, kenningarlegan bakgrunn og þróun þessa tiltekna fræðasviðs innan mannfræðinna og konur, karlar, kvenleiki og karlmennska skoðuð í þvermenningarlegu og hnattrænu ljósi Áhrif hugmynda og kenning aum kyngervi á rannsóknir og skrif mannfræðinga verða skoðuð. Athyglinni verður meðal

annars beint mismunandi menningarlegum hugmyndum um stöðu og hlutverk kynjanna og áhrifum þeirra á mótun og endurgerð kynjaðrar sjálfsmyndar og kynjamunar.
Tímaverkefni, ritgerð og skriflegt próf.

**MAN003G • Pólitísk Mannfræði • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Aðstoðarkennari: Ragnheiður Hulda Proppé
Í námskeiðinu er fjallað um rannsóknir mannfræðinga á stjórnskipan og stjórnmálum ólíkra samfélaga. Rakin er þróun kenninga í mannfræði um stjórnmál og gerð grein fyrir hvernig mismunandi tegundir stjórnskipunar eru skilgreindar í mannfræði. Fjallað er um þátt trúarbragða í stjórnskipan og stjórnmálum, mismunandi aðferðir við framsal og dreifingu valds og um samspil valds og andspyrnu. Aðferðum mannfræðinga við að lesa úr stjórnmálalegu ferli eru gerð skil og fjallað um rannsóknir mannfræðinga á átökum og ofbeldi, félagslegum hreyfingum, kvennapólitík og tengslum menningar og stjórnmála. Að lokum er fjallað um ábyrgð fræðimanna á vettvangi stjórnmálanna.
Ritgerð og skriflegt próf.

**MAN004G • Líffræðileg mannfræði • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Agnar Sturla Helgason
Hér er fjallað ítarlega um afmörkuð viðfangsefni líffræðilegrar mannfræði sem kynnt voru í námskeiðinu Inngangi að Mannfræði II. Áhersla er lög á umfjöllun um landfræðilegt, vistfræðilegt og félagslegt samhengi í þróunarsögu manntegunda. Fjallað er um ólíkar tilgátur um uppruna Homo sapiens með hliðsjón af beinum og öðrum fornleifum. Kynntar eru erfðarannsóknir sem varpa ljósi á uppruna Homo sapiens, útbreiðslusögu tegundarinnar og skyldleika hennar við aðrar núlifandi og útdauðar tegundir. Þar á meðal er fjallað um einangrun og greiningu erfðaefnis úr fornum líkamsleifum (ancient DNA). Rætt er um hvernig samanburðarrannsóknir á sviði málvísinda geta aukið þekkingu á útbreiðslusögu mannkynsins. Að lokum er fjallað um kenningar um uppruna menningar og félagslegs atferlis og að hve miklu leyti atferli mannkyns í nútíð er mótað af þróunarsögu manntegunda á fornsteinöld.
Ritgerð, verkefni og skriflegt próf.

**MAN007G • Efnisleg menning í mannfræðilegu ljósi • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Sveinn Eggertsson Lektor
Í þessu námskeiði verður sjónum beint að tengslun fólks við hlutveruleikanum í ólíkum menningarsamfélögum. Í fyrri hluta námskeiðsins verður ferill efnislegrar menningar innan mannfræðinnar rakinn og ólík viðhorf til þessa nálgunarmáta sett í sögulegt og kenningarlegt samhengi. Í síðari hlutanum verður áhersla á að kynna nútíma rannsóknir á efnislegri menningu, bæði á Íslandi og erlendis.
Verkefni og heimapróf.

**MAN008G • Mannfræði lista • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Sveinn Eggertsson Lektor
Í þessu námskeiði verður farið yfir umfjöllun mannfræðinga um list í gegnum tíðina. Ólíkar skilgreiningar á hugtakinu list verða skoðaðar og í því samhengi tengsl þessa hugtaks við fagurfræði og siðferði. Leitað verður svara við þeirri spurningu hvort líta megi á hugtakið sem algilt, hvort verk, sem hinni vestrænt mótuðu skynjun þykir listræn í öðrum menningarsamfélögum, séu í raun list fyrir þá sem skapa þessi verk. Höfundaréttur, upprunaleiki og ýmis vandamál samfara samskiptum ólíkra menningarlegra hefða verða einnig tekin til athugunar. Til að varpa ljósi á þessa þætti verður leitað í etnógrafíuna og tekin dæmi frá ýmsum samfélögum víða um heim.
Heimapróf og verkefni.

**MAN009G • Trú og töfrar • (10e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Sveinn Eggertsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að kynna hugmyndir og kenningar í mannfræði um trúarbrögð. Fjallað er sögulega um hugmyndir í mannfræði um þessi efni og hugmyndir og kenningar þær sem fram hafa komið kynntar. Efnislega er í námskeiðinu einkum fjallað um trú, töfra og galdur.
Verkefni og heimapróf.

**MAN101G • Etnografía • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Ása Björk Stefánsdóttir
Umsjónarkennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Lesin verða sígild rit mannfræðinga á 20. öld ásamt sýnishorni af nýrri etnografíu. Áhersla verður lögð á að kynna rannsóknaraðferðir, fræðilegar niðurstöður rannsóknanna og rithefðir.
Ritgerð, verkefni og skriflegt próf

**MAN102G • Vinnulag í mannfræði • (10e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Kristín Harðardóttir Aðjúnkt
Kennari: Kristján Þór Sigurðsson
Námskeiðið fjallar um grunnatriði í bókasafnsnotkun, grundvallaratriði í notkun tölva við upplýsingaöflun, textavinnslu og glærugerð (power point). Skilgreint er hvað eru fagleg vinnubrögð í mannfræði og þjóðfræði. Bóka- og tímaritakostur Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns er kynntur. Farið er sérstaklega í öflun og notkun mann- og þjóðfræðilegra rafrænna gagna. Tölvukerfi Háskóla Íslands og bókasafnsins er kynnt ásamt þjónustu safnsins við nemendur og aðra sem vinna að fræðistörfum. Í námskeiðinu er lögð áhersla á úrvinnslu heimilda, textagerð, frágang tilvísana, tilvitnana og heimildaskráa. Markmið námskeiðsins er að undirbúa nemendur fyrir frekara háskólanám í greinunum. Framsetning efnis og þekkingar í ræðu og riti er veigamikill þáttur í því. Að námskeiðinu loknu ættu nemendur að hafa skýrar hugmyndir um þær kröfur sem gerðar eru til nemenda á háskólastigi og hvaða aðferðum þeir þurfa að beita til þess að uppfylla þessar kröfur.
Verkefni og ritgerðir.

**MAN103G • Inngangur að mannfræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Kennari: Helga Þórey Björnsdóttir
Kennari: Kristján Þór Sigurðsson

Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum undirstöðuatriði félagslegrar og menningarlegrar mannfræði og helstu efnisþætti greinarinnar. Fjallað er um verkefnasvið mannfræði, sögu greinarinnar, helstu kennistefnur, rannsóknaraðferðir og hugtök. Ennfremur er fjallað um skipan samfélaga almennt, tengsl vistkerfis og samfélags og félagslegar breytingar. Þá eru einstakir þættir félagsskipunar ræddir s.s. sifjar, stjórnskipan, hagskipan og trúarbrögð og fjallað er um rannsóknir mannfræðinga á íslensku samfélagi.
Skriflegt próf og verkefni

**MAN201G • Rannsóknaraðferðir I • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Kennari: Gunnar Þór Jóhannesson
Mannfræðingar beita fjölbreyttum aðferðum í rannsóknum sínum. Námskeiðinu er ætlað að gefa yfirlit yfir þær aðferðir sem notaðar eru við rannsóknir í félagsvísindum og þá sérstaklega mannfræði. Farið verður yfir meginþætti eigindlegra og megindlegra aðferða. Fjallað verður um bakgrunn, takmarkanir og möguleika ólíkra aðferða, sem og tengsl aðferða og kenninga. Námskeiðið er ætlað fyrsta árs nemum í mannfræði.
Ritgerð, verkefni og skriflegt lokapróf

**MAN202G • Inngangur að líffræðilegri mannfræði • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Agnar Sturla Helgason
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum undirstöðuatriði líffræðilegrar mannfræði og forsögu tegundarinnar Homo sapiens. Fjallað er um grunnþætti erfðafræðinnar, með áherslu á mannerfðafræði og stofnerfðafræði. Fjallað er um þróunarsögu prímata og þá eiginleika sem aðgreina prímata frá öðrum spendýrum, og þá eiginleika sem aðgreina manninn frá öðrum prímötum. Farið er ítarlega í þróunarsögu manntegunda (hominid evolution) með hliðsjón af steingervðum beinum, steinverkfærum og öðrum fornleifum sem fundist hafa í Afríku og víðar. Að lokum er fjallað um erfðafræðilegan breytileika og lífeðlisfræðilega aðlögunarhæfni tegundarinnar Homo sapiens.
Skriflegt próf.

**MAN203G • Mannfræðikenningar I • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Í námskeiðinu er fjallað um helstu kenningar í almennri mannfræði frá upphafi að áttunda áratug 20. aldar. Rakinn er hugmyndalegur aðdragandi að kenningafræði mannfræðinnar. Fjallað er um helstu kennistefnur s.s. þróunarhyggju, virknihyggju og hinar ýmsu tegundir gerðarhyggju, þá höfunda sem mótuðu þessar kennistefnur, verk þeirra og tengsl rannsókna og kenninga.
Skriflegt próf, einstaklingsverkefni og hópverkefni.

**MAN301G • Hagræn mannfræði: Neysla, markaður og menning • (10e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Ása Björk Stefánsdóttir
Kennari: Ragnheiður Hulda Proppé
Kennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Í námskeiðinu er hið hagræna skoðað út frá menningu og samfélagi. Hnattvæðing efnahagslífsins hefur skapað ný rannsóknarviðfangsefni mannfræðinga í tilraunum þeirra til að skilja tengsl hagkerfis, samfélags og merkingu sem vörum eru gefnar í daglega lífinu. Í námskeiðinu er bæði farið í eldri rannsóknarsvið í hagrænni mannfræði um gjafaskipti, verslun og framleiðslu á meðal smábænda og nýrri rannsóknir um neyslumynstur og verslun í nútímanum, um fair trade og nútíma hnattræna fjöldaframleiðslu á vörum. Skoðuð verður mannfræðilega sýn á hugtök eins og vinnu, frítíma, peninga og markað.

Heimapróf, verkefni og ritgerð.

**MAN303G • Sjónræn mannfræði • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Gísli Pálsson Prófessor
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
Námskeiðið er tvíþætt: Í fyrsta lagi er fjallað um etnógrafískar kvikmyndir, þ.e. heimildakvikmyndir um tiltekin samfélög eða þjóðfélagshópa. Spurt er hvaða hlutverki kvikmyndir hafa gegnt innan mannfræðinnar, bæði sem miðlar og rannsóknatæki og hverjir séu möguleikar þeirra og annmarkar. Kannað er félagslegt baksvið kvikmynda og grafist fyrir um hugmyndafræðilegar rætur þeirra. Í öðru lagi er fjallað um myndefni af hvaða tæi sem er og þýðingu þess fyrir mannfræði - m.a. málverk, hellamyndir, póstkort, fjölskyldumyndbönd, ljósmyndir, veggjakrot og húðflúr. Hvaða vitneskju veitir myndefni um sjónsvið? og menningu þeirra sem búa það til og hvaða hlutverki gegnir það? Sérstaklega er vikið að sjónsviði Íslendinga. Rík áhersla er lögð á skoðun myndefnis, ekki síst á etnógrafískum kvikmyndum.
Verkefni.

**MAN304G • Samræður við samfélagið • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Kristín Harðardóttir Aðjúnkt
Í þessu námskeiði er fjallað um hagnýtingu mannfræðilegrar þekkingar. Námskeiðið er fjórþætt. Farið er í gegnum hin ýmsu umsóknarferli er tengjast vinnumarkaði, framhaldsnámi og rannsóknarvinnu. Í öðru lagi er nýting mannfræðilegrar þekkingar á vinnumarkaði. Í þriðja lagi er þjálfun í að koma frá sér efni t.d. með greinaskrifum fyrir fjölmiðla og almenning. Mannfræðingar í hinum ýmsu störfum í þjóðfélaginu eru fengnir til að miðla af reynslu sinni. Að lokum er rætt um fræðilegar og siðferðilegar spurningar sem vakna samfara nýtingu mannfræðilegrar þekkingar.
Verkefni, ritgerð og þátttaka í tímum.

**MAN305G • Kommon sens? - Mannfræði skynjunar og skynhátta • (10e) • Haust • 2f + 2u**
Umsjónarmaður: Ása Björk Stefánsdóttir
Kennari: Sveinn Eggertsson Lektor
Í þessu námskeiði er ætlunin að fjalla um menningarlegt afstæði skynjunar. Miðlægt í þeirri umfjöllun verður hugtakið skynháttur (mode of perception), en það vísar til þeirrar sérstöku áherslu í skynjun sem ríkjandi er í menningarsamfélagi. Meðal annars verður fjallað um sjónrænt fólk og hljóðrænt og um margvíslega möguleika lyktar, bragðs og snertingar í menningarlegu tilliti. Kynntar verða helstu kenningar um skynjun sem mannfræðingar hafa leitað í en námskeiðið verður jafnframt að stórum hluta verklegt og tilraunir munu gerðar með skynjun

nemenda á hinum ýmsu fyrirbærum tilverunnar.
Markmið: Að nemendur geri sér grein fyrir félagslegri mótun skynjunar og þá um leið afstæði hennar.
Verkefni og heimapróf.

**MAN306G • Verkefni í mannfræði • (6e) • Haust**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN307G • Verkefni í mannfræði • (2e) • Haust**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN308G • Verkefni í mannfræði • (4e) • Haust**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN309G • Lesnámskeið • (2e) • Haust**
Að loknu fyrsta námsári er nemendum heimilt að kynna sér sérstaklega ákveðin rit, valin í samráði við kennara.
Skrifleg og/eða munnleg próf.

**MAN310G • Lesnámskeið • (4e) • Haust**
Að loknu fyrsta námsári er nemendum heimilt að kynna sér sérstaklega ákveðin rit, valin í samráði við kennara.
Skrifleg og/eða munnleg próf.

**MAN311G • Birting fræðilegra greina í mannfræði • (2e) • Haust**
Nemendur sem fá birta grein í ritdæmdu fræðiriti um sjálfstæða rannsókn geta fengið það metið til 1-2 eininga að fengnu samþykki fastra kennara.

**MAN312G • Birting fræðilegra greina í mannfræði • (4e) • Haust**
Nemendur sem fá birta grein í ritdæmdu fræðiriti um sjálfstæða rannsókn geta fengið það metið til 1-2 eininga að fengnu samþykki fastra kennara.

**MAN313G • Alþjóðleg þróunarsamvinna fyrir og eftir 11. september • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Kristín Loftsdóttir Prófessor
Námskeiðið fjallar um tilkomu þróunaraðstoðar um miðbik 20. aldar og sögulega skiptingu heimsins í þróuð og vanþróuð svæði. Gert verður grein fyrir helstu kenningum hvað varðar þróunarhjálp og þær settar í gagnrýnið sögulegt og félagslegt samhengi. Jafnframt verður komið inn á umræður fræðimanna um kyn og þróunaraðstoð, valdatengsl gefanda og þiggjanda, frjáls félagasamtök sem og áhrif hnattvæddrar fyrirbæra á strauma og stefnur þróunaraðstoðar. Gert er ráð fyrir a.m.k. einni staðlotu í námskeiðinu.
Ritgerð, verkefni og próf.

**MAN315G • Mannfræðikenningar II • (10e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Ása Björk Stefánsdóttir
Kennari: Sveinn Eggertsson Lektor
Námskeiðið fjallar um kenningar sem hafa verið ofarlega á baugi í mannfræði síðustu fjóra áratugi. Fjallað er um rætur þessara kenninga í verkum eldri höfunda og félagslegt baksvið þeirra. Samanburði á kenningum er ætlað að leiða í ljós ólíka afstöðu þeirra til vettvangsrannsókna, mannfræðilegra skýringa og lykilhugtaka í mannfræði -einkum hugtakanna menning, náttúra, samfélag og persóna.
Heimapróf og verkefni auk þátttöku í umræðum (10%).

**MAN317M • Hnattvæðing • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Kennari: Kristín Loftsdóttir Prófessor
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Í námskeiðinu verða skoðaðar nýlegar kenningar og rannsóknir sem tengjast hnattvæðingu og hnattrænum ferlum. Rýnt verður í ýmis hugtök eins og menning, "transnationalism" svæðing og afsvæðing. Einnig verða skoðaðar rannsóknir sem varpa ljósi á ólíkar hliðar hnattvæðingar og afleiðingar fyrir félagslegan, efnislegan og pólitískan veruleika. Í námskeiðinu er bæði fjallað á gagnrýnin hátt um fyrrnefnd hugtök en einnig lögð áhersla á að skoða rannsóknir á hvernig fólk er þátttakendur/þolendur/gerendur í hnattvæðingarferlum.
Kennslan felst í fyrirlestrum og umræðum. Mikil áhersla er á þátttöku nemenda.
Verkefni og ritgerð

**MAN318M • Líkami og samfélag • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Gísli Pálsson Prófessor
Kennari: Kristín Harðardóttir Aðjúnkt
Undanfarin ár hafa rannsóknir í mannvísindum (ekki síst í mannfræði) og skyldum greinum (m.a. kynjafræðum, sögu, bókmenntafræði og heimspeki) í vaxandi mæli beinst að mannslíkamanum. Þetta námskeið fjallar um rannsóknir á tengslum líkama og samfélags og félagslegar kenningar sem leggja áherslu á líkamann. Mannfræðin hefur raunar ætíð látið líkamann og líffræðina til sín taka, en fram til þessa hefur

athyglin yfirleitt ekki beinst að tengslum líkama og líffræði annars vegar og samfélags og menningar hins vegar eða sjálfri tvíhyggjunni sem slík skipting endurspeglar. Í námskeiðinu er lögð áhersla á nýleg feminísk verk, m.a. um tengsl kynferðis og líffræði og þýðingu valds og kynbundinna ímynda. Fjallað er um ólík viðhorf til líkamans og starfsemi hans (m.a. heilsu og sjúkdóma); sérstaklega er hugað að samanburði á "vestrænum" hugmyndum hvað þetta snertir og hugmyndum í öðrum samfélögum og á öðrum tímum.
Skriflegt próf og ítarleg heimildaritgerð.

**MAN401G • Umhverfismannfræði • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Gísli Pálsson Prófessor
Námskeiðið fjallar um rannsóknir mannfræðinga á tengslum samfélags og umhverfis. Gerð er grein fyrir ýmsum tilraunum til að varpa ljósi á menningarstofnanir og félagsleg samskipti með því að skírskota til vistkerfis og efnislegra skilyrða. Þá verður vikið að gagnrýni, sem þessi sjónarmið hafa sætt. Nokkur etnógrafísk dæmi eru höfð til hliðsjónar. Sérstaklega verður vikið að þeim nýju viðhorfum sem skapast hafa í umhverfismálum á síðustu árum, meðal annars hvað varðar umhverfishyggju og réttindi dýra.
Skriflegt próf og ritgerð.

**MAN402G • Þjóðernishópar • (10e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Námskeiðið fjallar um framlag mannfræðinnar til rannsókna á þjóðernishópum, þjóðerni, þjóðernishyggju og kynþáttahyggju. Gerð verður grein fyrir helstu viðfangsefnum mannfræðinnar á þessum sviðum og ólíkir fletir athugaðir í ljósi mikilvægis þjóðernis í heiminum í dag. Meðal annars verður skoðað við hvaða kringumstæður þjóðerni verður mikilvægt. Einnig verða athuguð tengsl þjóðernis við aðra þætti eins og stétt og kynferði og menningu. Skoðuð verða þjóðernisfyrirbæri eins og þau birtast á mismunandi hátt í Evrópu, Ameríku, Afríku og Asíu.
Verkefni, ritgerð og heimapróf.

**MAN402M • Heilsumannfræði • (10e) • Vor**
Kennari: Kristín Harðardóttir Aðjúnkt
Kennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Fjallað verður um sögu og kenningar heilsumannfræðinnar og mikilvægi samspils líffræðilegrar og félagslegrar mannfræði fyrir hana. Alþjóðleg stefnumótun, heilsa, heilbrigðisþjónusta og faraldrar verða rædd, sem og læknisfræðileg framþróun, lífsiðfræði og þróun lyfja. Fjallað verður um fæðingar, brjóstagjöf og barnadauða, fæðu, næringu og fíkn. Þá verður heilsa minnihlutahópa, öldrun og dauðinn tekin til umfjöllunar. Áhrif menningar, félags- og efnalegra aðstæðna og tæknivæðingar á hugmyndir um heilsu, heilsufremjandi aðgerðir og viðbrögðum við sjúkdómum verða skoðuð og áhersla lögð á mikilvægi hagnýtingar heilsumannfræðinnar fyrir heilsu og heilbrigðisþjónustu.
Verkefni, ritgerð, kynning, netumræða og heimapróf.

**MAN403G • Rannsóknaraðferðir II • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Kristín Loftsdóttir Prófessor
Kennari: Helga Þórey Björnsdóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist þeim hliðum eigindlegra aðferða sem snúa að vettvangsathugunum og fái reynslu í beitingu þeirra. Fjallað er um fræðilegar forsendur vettvangsrannsókna í mannfræði og stöðu rannsakenda á vettvangi. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist grunnfærni og þekkingu á því að beita þessum aðferðum og endurspeglast sú áhersla í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir nemendur, eins og að fara í vettvangsferðir auk þess sem nemendur vinna saman að athugunum sem snúa að samfélagi þeirra.
Nemendur í fjarnámi: Gert er ráð fyrir að minnsta kosti einni staðlotu í námskeiðinu.
Verkefni.

**MAN404G • Mannfræði Eyjaálfu • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Sveinn Eggertsson Lektor
Í þessu námskeiði verður fjallað um mannfræðilegar rannsóknir á ólíkum menningarsvæðum Eyjaálfu. Meðal annars verður fjallað um heimsmyndir fólks og hugmyndir þess um frjósemi og kynhlutverk. Einnig verður fjallað um þær félagslegu og menningarlegu breytingar sem hafa átt sér stað á þessu svæði í kjölfar komu Evrópumanna þangað. Inn í umræðuna verður fléttað niðurstöðum úr vettvangskönnunum á meðal Kvermín fólksins á Nýju Gíneu og Rapanui á Páskaeyju.
Heimapróf og verkefni.

**MAN405G • Vettvangsferð • (4e) • Vor**
Markmið námskeiðsins er að undirbúa vikulanga ferð nemenda á vettvang undir leiðsögn kennara. Vettvangsferðin miðast við að kynnast lífsháttum og menningu annars samfélags, sögu þess og tengslum við önnur samfélög.
Seminarverkefni flutt í ferðinni og skýrsla að ferð lokinni.

**MAN406G • Norðurslóðir • (10e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Gísli Pálsson Prófessor
Námskeiðið fjallar um rannsóknir á norðurslóðum, einkum samfélagi frumbyggja á Grænlandi, í Kanada (m.a. Nunavut og Norðvesturhéruðum), Alaska og Síberíu. Fjallað verður um frásagnir af norðurslóðum, helstu viðfangsefni í þátttökuathugunum í gegnum tíðina (sérstaklega meðal Inúíta) og breyttar hugmyndir um Norðurheimskautssvæðið bæði meðal heimamanna, mannfræðinga og almennings á vesturlöndum. Áhersla verður lögð á nokkur sígild verk og sömuleiðis nokkrar nýlegar rannsóknir.
Skriflegt próf og verkefni.

**MAN407G • Börn og barnæska • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Kennari: Margrét Einarsdóttir
Markmið námskeiðsins er að kynna rannsóknir á og með börnum. Farið verður í helstu kenningalegar og aðferðafræðilegar nálganir við slíkar rannsóknir. Fjallað verður um ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til verndar, framfærslu og þátttöku í samfélaginu sem og aðra stefnumótun sem hefur áhrif á líf barna. Kynntar verða m.a. rannsóknir á flokkun barna, barnauppeldi og þátttöku barna í skóla, tómstundum, vinnu og fjölmenningarsamfélagi. Þá verður fjallað um vandamálavæðingu unglingsáranna, börn sem neytendur

og börn sem eru í vændi, stríði og á götunni. Rannsóknir sem taka mið af sjónarhóli barna og sjá börn sem virka þátttakendur í samfélaginu verða sérstaklega ræddar.
Ritgerð, verkefni og kynning

**MAN408G • Afríka í hnattvæddum heimi samtímans • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Kristín Loftsdóttir Prófessor
Námskeiðið skoðar Afríku sem hluta af hnattvæddum tengslum samtímans, og leggur áherslu á tengsl álfunnar við aðra heimshluta. Í námskeiðinu kynnast nemendur sögu rannsókna fræðimanna í Afríku og áhrif þessara tengsla á rannsóknir í samtímanum. Einnig verður gert grein fyrir gagnrýni ákveðna afrískra fræðimanna á rannsóknir á álfunni og fjölbreytni álfunnar sjálfrar. Lögð er áhersla á að nemendur þekki samtíma rannsóknir á ákveðnum þemum í tengslum við Afríku, sem eru nokkuð breytileg í hvert sinn sem námskeiðið er kennt. Meðal viðfangsefna eru eyðni, átök, kynþáttahyggja, ímyndir og kynferði í tengslum við Afríku.
Nemendur í fjarnámi: Gert er ráð fyrir að minnsta kosti einni staðlotu í námskeiðinu.
Ritgerð, verkefni og heimapróf.

**MAN410G • Verkefni í mannfræði • (2e) • Sumar**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN411G • Verkefni í mannfræði • (4e) • Vor**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN412G • Verkefni í mannfræði • (4e) • Sumar**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN413G • Verkefni í mannfræði • (6e) • Vor**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN414G • Verkefni í mannfræði • (6e) • Sumar**
Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda hverju sinni. Einnig geta nemendur tengt verkefni sín einstökum námskeiðum.
Ritgerðir og/eða verkefni.

**MAN415G • Lesnámskeið • (2e) • Vor**
Að loknu fyrsta námsári er nemendum heimilt að kynna sér sérstaklega ákveðin rit, valin í samráði við kennara.
Skrifleg og/eða munnleg próf.

**MAN416G • Lesnámskeið • (2e) • Sumar**
Að loknu fyrsta námsári er nemendum heimilt að kynna sér sérstaklega ákveðin rit, valin í samráði við kennara.
Skrifleg og/eða munnleg próf.

**MAN417G • Lesnámskeið • (4e) • Sumar**
Að loknu fyrsta námsári er nemendum heimilt að kynna sér sérstaklega ákveðin rit, valin í samráði við kennara.
Skrifleg og/eða munnleg próf.

**MAN418G • Lesnámskeið • (6e) • Vor**
Að loknu fyrsta námsári er nemendum heimilt að kynna sér sérstaklega ákveðin rit, valin í samráði við kennara.
Skrifleg og/eða munnleg próf.

**MAN419G • Lesnámskeið • (6e) • Sumar**
Að loknu fyrsta námsári er nemendum heimilt að kynna sér sérstaklega ákveðin rit, valin í samráði við kennara.
Skrifleg og/eða munnleg próf.

**MAN420G • Birting fræðilegra greina í mannfræði • (2e) • Vor**
Nemendur sem fá birta grein í ritdæmdu fræðiriti um sjálfstæða rannsókn geta fengið það metið til 1-2 eininga að fengnu samþykki fastra kennara.

**MAN421G • Birting fræðilegra greina í mannfræði • (2e) • Sumar**
Nemendur sem fá birta grein í ritdæmdu fræðiriti um sjálfstæða rannsókn geta fengið það metið til 1-2 eininga að fengnu samþykki fastra kennara.

**MAN422G • Birting fræðilegra greina í mannfræði • (4e) • Vor**
Nemendur sem fá birta grein í ritdæmdu fræðiriti um sjálfstæða rannsókn geta fengið það metið til 1-2 eininga að fengnu samþykki fastra kennara.

**MAN423G • Birting fræðilegra greina í mannfræði • (4e) • Sumar**
Nemendur sem fá birta grein í ritdæmdu fræðiriti um sjálfstæða rannsókn geta fengið það metið til 1-2 eininga að fengnu samþykki fastra kennara.

**MAN424G • Verkefni í mannfræði: Sjálfboðastarf • (4e) • Haust & vor • 1u**
Kennari: Sveinn Eggertsson Lektor
Markmið sérverkefnisins er að nemendur kynnist og taki þátt í sjálfboðastarfi hjá félagasamtökum. Nemendur skuldbinda sig til að vinna sjálfboðastörf í eitt skólaár. Sjálfboðaverkefni eru valin í samráði og undir handleiðslu kennara. Nemendur sækja 3 umræðutíma yfir tímabilið þar sem þeir gera grein fyrir reynslu sinni og kynnast reynslu hvers annars.
Verkefni.

**MAN501G • BA-ritgerð í mannfræði • (12e) • Haust**
BA-verkefni

**MAN502M • Stríðsátök og friðarferli • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Ása Björk Stefánsdóttir
Umsjónarmaður: Vilborg Ingólfsdóttir
Kennari: Guðrún Margrét Guðmundsdóttir
Kennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Í námskeiðinu verður gefið yfirlit yfir helstu kenningar um vopnuð átök, fræðilegar skilgreiningar á viðeigandi hugtökum og aðferðafræðilegar nálganir. Nýlegar rannsóknir mannfræðinnar á viðfangsefninu verða kynntar þar sem fjallað er um aðkomu mismunandi hópa fólks að vopnuðum átökum og afleiðingum átakanna. Einstök átakasvæði verða tekin til skoðunar þar sem greindir verða áhrifaþættir og mögulegar friðarlausnir.
Verkefni og ritgerð.

**MAN601G • BA-ritgerð í mannfræði • (12e) • Vor**
BA-verkefni.

**MAN602G • BA-ritgerð í mannfræði • (12e) • Sumar**
BA-verkefni.

**SAF001G • Rannsóknarverkefni í safnafræði • (10e) • Haust**
Námskeiðið byggir á því að nemandi vinni að raunhæfu rannsóknarverkefni á safni í því markmiði að öðlast færni í að beita fræðilegum vinnubrögðum í safnastarfi. Fyrri hluti námskeiðs er fræðilegur og er þar fjallað um aðferðarfræði og hver nemandi skal lesa fræðilega texta sem hann skal gera kennara skil á. Rannsóknarverkefni felur í sér að nemandi vinnur rannsóknaráætlun undir leiðsögn kennara en vinnur síðan að sjálfstæðu verkefni á starfstíma (praktík) í safni. Í lok námskeiðs skal nemandi skila skýrslu um verkefnið og halda kynningu á því.
Nauðsynleg undirstaða: Safn og samfélag: Sirkus dauðans? (SAF005M)
Verkefni.

**SAF002G • Rannsóknarverkefni í safnafræði • (10e) • Vor**
Námskeiðið byggir á því að nemandi vinni að raunhæfu rannsóknarverkefni á safni í því markmiði að öðlast færni í að beita fræðilegum vinnubrögðum í safnastarfi. Fyrri hluti námskeiðs er fræðilegur og er þar fjallað um aðferðarfræði og hver nemandi skal lesa fræðilega texta sem hann skal gera kennara skil á. Rannsóknarverkefni felur í sér að nemandi vinnur rannsóknaráætlun undir leiðsögn kennara en vinnur síðan að sjálfstæðu verkefni á starfstíma (praktík) í safni. Í lok námskeiðs skal nemandi skila skýrslu um verkefnið og halda kynningu á því.
Nauðsynleg undirstaða: Safn og samfélag: Sirkus dauðans? (SAF005M)
Verkefni.

**SAF003G • Rannsóknarverkefni í safnafræði • (10e) • Sumar**
Námskeiðið byggir á því að nemandi vinni að raunhæfu rannsóknarverkefni á safni í því markmiði að öðlast færni í að beita fræðilegum vinnubrögðum í safnastarfi. Fyrri hluti námskeiðs er fræðilegur og er þar fjallað um aðferðarfræði og hver nemandi skal lesa fræðilega texta sem hann skal gera kennara skil á. Rannsóknarverkefni felur í sér að nemandi vinnur rannsóknaráætlun undir leiðsögn kennara en vinnur síðan að sjálfstæðu verkefni á starfstíma (praktík) í safni. Í lok námskeiðs skal nemandi skila skýrslu um verkefnið og halda kynningu á því.
Nauðsynleg undirstaða: Safn og samfélag: Sirkus dauðans? (SAF005M)
Verkefni

**SAF005M • Safn og samfélag: Sirkus dauðans? • (10e) • Vor • 4f**
Fjallað verður um samfélagslegt hlutverk safna út frá margvíslegum sjónarhornum, efnahagslegum, pólitískum, menningarlegum, félagslegum og síðast en ekki síst alþjóðlegum. Fjallað verður m.a. hlutverk safna í hugmyndinni um þjóð, lagalegt umhverfi safna, rekstrarform, staða og hlutverk höfuðsafna, safna í eigu sveitarfélaga og annarra safna, fjármögnun safnastarfs, stefna yfirvalda í málefnum safna. Hugað verður að innlendum og erlendum dæmum. Námskeiðið er ætlað meistaranemum og diplómanemum.

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegu lokaprófi (25%), munnlegu lokaprófi (25%), á skriflegu verkefni (25%) og á verkefni sem kynnt er með

fyrirlestri (25%).

**ÞJÓ002G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Rannsóknarverkefni

**ÞJÓ004G • Icelandic Folk Tales, Beliefs, Customs and Identity: Ghosts, Sharkmeat, Mountain Women and Alcohol • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
(Kennt á ensku; aðeins fyrir erlenda nemendur.) The aim of this course is to introduce foreign students to Icelandic folk culture past and present: from the folk beliefs implied by the Icelandic sagas to the famous collection of folk tales concerning "hidden people", elves, magicians, seal-folk, ghosts and more which was published by Jón Árnason in 1862-64; the ballads and music enjoyed by the people in the countryside; and the beliefs, behaviour and lifestyles encountered by the somewhat dumbfounded and awe-inspired early foreign travellers to Iceland during the last century. Students will also be introduced to modern Icelandic traditions and beliefs, from the Christmas men to the "elf stones" that road builders avoid, to the eating of sheeps heads, and the continual interest in the supernatural. The course is not intended for Icelandic students.

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, og umræðum um fyrirlestra.
Skriflegt lokaverkefni (30%), mæting (10%, ef hægt er), viðtal við Íslending (5%), stutt próf í tíma um þjóðtrú (15%), og munnlegt lokapróf (40%; 50% ef nemandinn getur ekki mætt reglulega).

**ÞJÓ005G • Túlkun ævintýra • (4e) • Haust • 16f**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
kemur

**ÞJÓ006G • Galdrar á Íslandi: Frá fjölkyngi til fárs • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Aðalheiður Guðmundsdóttir Aðjunkt
Í námskeiðinu verður farið yfir sögu galdra; fyrst verður litið á þróun þeirra samhliða kristnum kenningum, en eftir það verður lögð áhersla á ástundun þeirra og sögu á Íslandi. Saga galdra og galdraofsókna verður rakin fram yfir hina svokölluðu brennuöld, en þó verður megináherslan lögð á hugmyndir miðaldamanna, svo sem heimildir gefa tilefni til. Leitast verður við að skilgreina helstu hugtök sem tengjast galdri og rýna í þá merkingu sem liggur að baki þeim. Fjallað verður um fjölkunnugt fólk, stöðu þess í samfélaginu og viðhorf annarra í garð þess. Þá verða skoðaðar þær athafnir sem talist hafa til fjölkynngi/ galdurs, og ljósi varpað á einstök fjölkynngisbrögð, s.s. seið, hamskipti, álög, veðragaldur, hugmyndir um sálfarir, forspá og sjónhverfingar. Einnig verða skoðaðar þær aðferðir sem notaðar voru við ástundun galdra, s.s. andhiti, töfraþulur og rúnir, auk þess sem litið verður á helstu töfragripi og meðul, s.s. klæði, drykki og jurtir.

**Vinnulag:** Námið fer einkum fram með lestri nemenda, fyrirlestrum kennara, og einnig umræðum svo sem kostur er. Ætlast er til að hver nemandi haldi auk þess stuttan fyrirlestur um afmarkað efni í kennslustund.
Námsmat byggist á skriflegum verkefnum, mætingu (ef hægt er), og skriflegu lokaprófi.

**ÞJÓ101G • Rannsóknarverkefni í safnafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Námskeiðið byggir á því að nemandi vinni að raunhæfu rannsóknarverkefni á safni í því markmiði að öðlast færni í að beita fræðilegum vinnubrögðum í safnastarfi. Fyrri hluti námskeiðs er fræðilegur og er þar fjallað um aðferðarfræði og hver nemandi skal lesa fræðilega texta sem hann skal gera kennara skil á. Rannsóknarverkefni felur í sér að nemandi vinnur rannsóknaráætlun undir leiðsögn kennara en vinnur síðan að sjálfstæðu verkefni á starfstíma (praktík) í safni. Í lok námskeiðs skal nemandi skila skýrslu um verkefnið og halda kynningu á því.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að safnafræði (ÞJÓ105G)
Verkefni.

**ÞJÓ101M • Skapa fötin manninn? II: Fatnaður og tíska í dag • (4e) • Vor • 16f**
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Námskeiðið kynnir rannsóknir á tísku og fatnaði í samtímanum með sérstakri áherslu á hlutverk hins klædda mannslíkama í að viðhalda eða grafa undan félagslegri og menningarlegri aðgreiningu. Námskeiðinu er ætlað að miðla þekkingu á tísku og fatnaði með því að kynna nemendum ýmsar kenningar um þessi efni og fjalla jafnframt um ýmis dæmi úr okkar umhverfi á Vesturlöndum. Mikilvægur liður í námskeiðinu er ritgerð nemenda sem gefur þeim tækifæri til eigin vettvangsrannsókna á tísku og fatnaði á Íslandi og til að meta gildi kenninganna við raunverulegar aðstæður hér á landi.

Námskeiðið er kennt á ensku i einni lotu vikuna fyrir upphaf kennslu í janúar.

**Vinnulag**
Námskeiðið er kennt á ensku í einnar viku lotu. Það samanstendur af tveimur dögum af fyrirlestrum, vettvangsrannsókn þriðja daginn, og svo umræðutímum fjórða og fimmta daginn, auk þess sem nemendur skrifa stutta (5-7 bls.) ritgerð.
Námsmat byggist á virkri þátttöku í fyrirlestrar- og umræðutímum, vettvangsrannsókn og ritgerð. Ritgerðin þarf að mæta almennum fræðilegum kröfum, þ.m.t. um tilvísanir til heimilda.

**ÞJÓ102G • Vinnulag í þjóðfræði • (10e) • Haust • 4f**

Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Kennari: Júlíana Þóra Magnúsdóttir
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Námskeiðið veitir nemendum alhliða þjálfun í faglegum vinnubrögðum í þjóðfræði. Fjallað er um grunnatriði í bókasafnsnotkun og nauðsynlega kunnáttu í notkun tölva við upplýsingaöflun, textavinnslu og glærugerð. Bóka- og tímaritakostur Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns á sviði þjóðfræði er kynntur og farið er sérstaklega í öflun og notkun rafrænna gagna. Tölvukerfi Háskóla Íslands og bókasafnsins er kynnt ásamt þjónustu safnsins við nemendur og aðra sem vinna að fræðistörfum. Í námskeiðinu er lögð áhersla á úrvinnslu heimilda, textagerð, frágang tilvísana, tilvitnana og heimildaskráa (MLA og APA kerfin). Markmið námskeiðsins er að undirbúa nemendur fyrir frekara háskólanám í greininni og öðrum greinum, en framsetning efnis og þekkingar í ræðu og riti er veigamikill þáttur í því. Að námskeiðinu loknu ættu nemendur að hafa skýrar hugmyndir um þær kröfur sem gerðar eru til nemenda á háskólastigi og þær aðferðir sem þeir þurfa að beita til þess að uppfylla þessar kröfur.

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, og umræðum um fyrirlestra.
Námsmat byggist á skriflegu verkefni (70%), mætingu (10%, ef hægt er), og framsögnum (20%).

**ÞJÓ103G • Inngangur að þjóðfræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Kristín Einarsdóttir
Þjóðfræði kynnt sem fræðigrein á íslenska og alþjóðlega vísu. Helstu hugtök skýrð: Þjóðfræði og svið hennar, þjóðfræðilegt sjónarhorn, menningarhugtakið, þjóðmenning, lífshættir o.fl. Fjallað verður um stöðu þjóðfræðinnar innan mannvísindanna og tengslin við helstu frændgreinar hennar. Þá verður rætt ítarlega um rannsóknarsögu þjóðfræði hérlendis og í nágrannalöndum. Þjóðtrúarhugtakið verður tekið til sérstakrar umfjöllunar og athuguð íslensk þjóðtrú fyrr og síðar, þróun hennar og einkenni. Stuðst verður við aðalinngangsrit um þjóðfræði og nýjar greinar eftirtalinna tímarita: Arv, Budkavlen, Ethnologia Scandinavica, Fataburen, Folklore, Ethnologia Europea, Fabula, Journal of Folklore Research, Journal of American Folklore, Norveg og Tradisjon.
**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum kennara og umræðum hópsins, auk þess sem nemendur flytja fyrirlestra og stjórna umræðum. Nemendur vinna tvo tíu mínútna útvarpsþætti um þjóðfræðileg efni.
Hvert og eitt verkefni nemenda er metið og í lok námsins fer fram lokapróf. Á lokaprófi er leitast við að nemendur tjái sig um þau atriði sem lagt er upp með sem aðalatriði í markmiðum námskeiðsins. Námsmat byggist á skriflegu lokaverkefni (40%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegu lokapróf (50-60%).

**ÞJÓ104G • Sagnir, ævintýri og sagnamenn: Þjóðsagnafræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Aðstoðarkennari: Aðalheiður Guðmundsdóttir Aðjunkt
Í þessu námskeiði verður þjóðsagnafræði kynnt sem sérstök grein innan þjóðfræðinnar. Fjallað verður um helstu kenningar um uppruna, einkenni og útbreiðslu þjóðsagna, hlutverk þeirra í samfélögum, söfnun, skráningaraðferðir og varðveislu. Meðal fræðimanna sem hér koma við sögu eru Aarne, Boberg, Bettelheim, Dégh, Thompson og Dundes. Þá verður gerð grein fyrir helstu flokkum munnmæla og fjallað sérstaklega um formgerð og greiningu þjóðsagna og ævintýra í ljósi helstu kenninga þar um, þ.á m. Christiansens, Holbeks, Lüthis, Olriks og Propps.
**Vinnulag**
Námið fer einkum fram með lestri nemenda og fyrirlestrum kennara, en einnig með umræðum svo sem kostur er. Hver nemandi heldur auk þess munnlega framsögn í kennslustund og vinnur verkefni.
Námsmat byggist á skriflegu lokaverkefni (30%), smærri verkefnum (10%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegu lokaprófi (50-60%).

**ÞJÓ105G • Inngangur að safnafræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Tekin verða til umfjöllunar grundvallaratriði safnastarfs. Fjallað verður um söfn og hlutverk þeirra í samfélaginu og saga þeirra skoðuð í samhengi við þróun safna á vesturlöndum. Fjallað verður um hugtakið safn, safnafræði (museology) sem fræðigrein og skipan safnamála á Íslandi og í nágrannalöndunum. Ennfremur verða kynntir helstu þætti í starfsemi safna: söfnun og varðveisla, miðlun, og rannsóknir, ásamt nýjum áherslum í safnastarfi og stöðu safna í samfélaginu. Áhersla verður lögð á að nemendur kynnist íslenskum söfnum og eru heimsóknir í söfn því mikilvægur þáttur í náminu.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins á nemandinn að

- hafa öðlast innsýn í fræðigreinina safnafræði, fræðasvið hennar og afmörkun við aðfar fræðigreinar.hvernig hún skilur sig frá öðrum greinar (*þekking og skilningur*)
- kunna skil á þróunarsögu safna evrópskra safna og tengsl safna við þjóðríkið (*þekking og skilningur*)
- þekkja til íslenskra laga um söfn og skilji einkenni og sérstöðu safna í samfélaginu (*þekking og skilningur*)
- þekkja siðareglur ICOM, alþjóðaráðs safna og alþjóðlegt hlutverk safna (*þekking og skilningur*)
- gera sér grein fyrir mikilvægi stefnumörkunar og stjórnunar á söfnum (*þekking og skilningur*)
- gera sér grein fyrir samfélagslegu hlutverki safna í víðum skilningi (*þekking og skilningur*)
- geti tengt saman fræðilega þekkingu við vinnulag á söfnum (*hagnýt og fræðileg hæfni*)

**Vinnulag**
Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta. *Í fyrsta hlutanum* er leitast við að kynna fyrir nemendum nýja fræðigrein, sögu hennar, aðferðir og kenningar. Sú kennsla fer að mestu fram í fyrirlestrum sem fylgt er eftir með umræðum og nánari útskýringum.

Námsmat er þríþætt: Hópverkefni (50%), ritgerð (40%) og mæting (10%). Hópverkefnið reynir á skilning nemenda á starfsemi safna,

grunnþáttum þeirra, hlutverk í samfélaginu og tengingu starfseminnar við lög og siðareglur safnmanna. Um leið er þjálfuð hæfni nemenda til þess að vinna saman, skipta með sér verkum og skipuleggja tímann. Vinna við hópverkefnið stendur alla önnina og kallast á við innihald námskeiðsins og uppbyggingu. Námsmatið á hópverkefninu byggir á skriflegum textum og munnlegri framsögn. Í einstaklingsverkefninu gefst nemanda tækifæri til þess að skoða vel valinn þátt safnastarfsins um leið og hann fær þjálfun í akademískum vinnubrögðum, aðferðafræði og heimildanotkun.

**ÞJÓ201G • Rannsóknarverkefni í safnafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Námskeiðið byggir á því að nemandi vinni að raunhæfu rannsóknarverkefni á safni í því markmiði að öðlast færni í að beita fræðilegum vinnubrögðum í safnastarfi. Fyrri hluti námskeiðs er fræðilegur og er þar fjallað um aðferðarfræði og hver nemandi skal lesa fræðilega texta sem hann skal gera kennara skil á. Rannsóknarverkefni felur í sér að nemandi vinnur rannsóknaráætlun undir leiðsögn kennara en vinnur síðan að sjálfstæðu verkefni á starfstíma (praktík) í safni. Í lok námskeiðs skal nemandi skila skýrslu um verkefnið og halda kynningu á því.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að safnafræði (ÞJÓ105G)
Verkefni.

**ÞJÓ202G • Rannsóknarverkefni í safnafræði • (10e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
Námskeiðið byggir á því að nemandi vinni að raunhæfu rannsóknarverkefni á safni í því markmiði að öðlast færni í að beita fræðilegum vinnubrögðum í safnastarfi. Fyrri hluti námskeiðs er fræðilegur og er þar fjallað um aðferðarfræði og hver nemandi skal lesa fræðilega texta sem hann skal gera kennara skil á. Rannsóknarverkefni felur í sér að nemandi vinnur rannsóknaráætlun undir leiðsögn kennara en vinnur síðan að sjálfstæðu verkefni á starfstíma (praktík) í safni. Í lok námskeiðs skal nemandi skila skýrslu um verkefnið og halda kynningu á því.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að safnafræði (ÞJÓ105G)
Verkefni.

**ÞJÓ203G • Lúsakambar, hlandkoppar og kynlíf: Þjóðhættir og daglegt líf í sveitasamfélaginu • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurður Gylfi Magnússon Stundakennari
Kennari: Jón Jónsson
Í námskeiðinu er fjallað um þjóðhætti og daglegt líf í íslenska sveitasamfélaginu fyrr á öldum, jafnt til sjávar og sveita. Rætt er um aðferðir við rannsókn á efnismenningu, þjóðháttum og daglegu lífi og viðfangsefnið sett í erlent rannsóknarsamhengi. Nemendur kynnast margvíslegum þjóðháttarannsóknum og fjallað er á gagnrýnin hátt um ólíka heimildaflokka - yfirlitsrit, fræðirit og ýmsar frumheimildir. Lögð er áhersla á að greina hugmyndafræði hversdagsins og lífsferil einstaklinga í gamla sveitarfélaginu, um leið og skoðað er hvaða aðferðir dugi best til að rannsaka lífshætti fólksins sem þar ól allan sinn aldur. M.a. er unnið með óprentaðar persónulegar heimildir, svör við spurningalistum og dagbækur.
Skriflegt greiningarverkefni tengt sjálfsbókmenntaritum (25%), skriflegu greiningarverkefni á gögnum Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns (25%) og skriflegu lokaprófi (50%).

**ÞJÓ204G • Söfnun þjóðfræða • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Rósa Þorsteinsdóttir Rannsóknarlektor
Kynntar verða aðferðir við söfnun, varðveislu og útgáfu þjóðfræðaefnis, jafnt sagna og kvæða sem þjóðsiða. Námskeiðið byggist að mestu upp á verklegum æfingum í samráði við kennara: Afmörkun söfnunarverkefnis, viðtölum við heimildarmenn, skráningu og frágangi til varðveislu og útgáfu.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til þess að nemandinn:

- hafi kynnst og skilið hver eru helstu vandamál tengd söfnun, varðveislu og úrvinnslu þjóðfræðaefnis (*þekking og skilningur*)
- þekki hvernig og hverju hafi verið safnað og hvaða framfarir hafi orðið á skilningi á hlutverki safnarans í vettvangsrannsóknum (*þekking og skilningur*)
- geti vegið og metið hvaða áhrif safnarinn og hugmyndir hans hafa á söfnunarvinnu og úrvinnslu (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- geti tjáð sig fræðilega (skriflega og munnlega) um skipulagningu og framkvæmd söfnunarverkefnis og unnið sjálfstætt úr því efni sem safnað er (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og leiðbeinandi umræðum í kringum sjálfstæð nemendaverkefni.
Námsmat byggist á þátttöku í umræðum og skriflegu lokaverkefni (uppskrifuðum viðtölum, vettvangsskýrslu, ritgerð og munnlegri kynningu). Nákvæm hlutföll eru ákveðin í samráði við nemendur.

**ÞJÓ205G • Efnismenning: Hlutirnir, heimilið, líkaminn • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Í námskeiðinu verður efnisleg hversdagsmenning tekin til gagngerrar umfjöllunar. Gefið verður yfirlit yfir þetta þverfaglega rannsóknarsvið og rýnt jöfnum höndum í dæmi úr samtímanum og frá fyrri tíð, íslensk og erlend. Meðal annars verður fjallað um föt og tísku, matarhætti, hlutina sem umkringja okkur í daglega lífinu, rusl og hreinlæti, handverk og neyslumenningu, hús og garða, heimilið, borgarlandslag, söfn og sýningar. Um leið kynnast nemendur ýmsum kenningum og sjónarhornum sem leggja t.a.m. áherslu á mannslíkamann, kyngervi, neyslu, rými og stað.

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.

Námsmat byggist á skriflegu lokaprófi (65%), verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%) og á mætingu og þátttöku (10%, ef hægt er).

**ÞJÓ206G • Norræn trú • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Trúarlíf manna á norðurslóðum er tekið fyrir og heimildir allt frá elstu tímum, eins og grafir, rúnasteinar, hellaristur og aðrar fornminjar verða skoðaðar. Einnig verða lesnar lýsingar á norrænum trúarathöfnum í verkum eftir Tacitus, Adam frá Brimum, Saxo Grammaticus og í fornritum Íslendinga eins og Eddukvæðum og Konungasögum. Auk norrænnar trúar verður fjallað um seið og sjamanisma. Örlagatrú er tekin til ítarlegrar umfjöllunar sem meginþáttur í forkristnum átrúnaði á Norðurlöndum. Loks er vikið að því hvernig kristindómur hefur fallið að norrænum lífsháttum og hugsunarhætti. Námskeiðið er kennt á ensku.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til þess að nemandinn:

- hafi kynnst sem flestum frumheimildum um norræna trú (ritheimildir; forleifar) (*þekking og skilningur*)
- þekki landfræðilegt, sögulegt og félagsfræðilegt samhengi heimildanna (*þekking og skilningur*)
- geti vegið og metið frumheimildir og hafi skilning á því hvernig þær eru notaðar til að draga ályktanir um norræna trú (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- hafi kynnst helstu fræðilegum verkum sem fjalla um norræna trú, og lært að dæma höfunda eftir heimildum þeirra (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- geti tjáð sig fræðilega (skriflega og munnlega) um norræna trú og geti metið notkun heimilda um norræna trú (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, og umræðum um fyrirlestra.
Lokaverkefni (40%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegt lokapróf (50-60%).

**ÞJÓ207G • Sviðslistafræði (Performance Studies): Frá sagnaflutningi til uppistands, kjötkveðjuhátíða og stjórnmálamanna • (10e) • Vor • 3f + 1æ**
Sviðslistafræði (Performance Studies) fjallar um það hvernig fólk í öllum samfélögum, bæði fyrr og nú, tekur þátt í ymis konar sviðslist (*performances*) í daglegu lífi, á mismunandi "leiksviðum", allt frá helgisiðum til kirkjupredikana, leiksýninga, kvikmyndasýninga, útvarpsþátta, uppistands, sagnaflutnings, gjörningalistar, hátíða, útskriftasiða, matarboða, dulbúningasiða og málflutnings stjórnmálamanna heima og erlendis. Á námskeiðinu munu nemendur kynnast þeim margslungnum táknmálsformum sem beitt er í mismunandi tegundum sviðslista, frá talmáli til búninga, útlits, svipbrigða, kyns, samhengis, hljóðs, "timing" og nytsemi rýmis og viðtöku áhorfenda.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til þess að nemandinn:

- hafi fengið góða innsýn í sviðlistafræði og þau atriði sem falla undir þeirri svið (*þekking og skilningur*)
- þekki og kunni að beita helstu hugtökum sem notuð eru í sviðslistafræði í dag (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- kunni þá aðferðafræði sem beitt er í rannsóknum í sviðslistafræði (*þekking og skilningur*)
- þekki táknmál sviðslistafræða (*þekking og skilningur*).
- geti tjáð sig fræðilega (skriflega og munnlega) um sviðlistafræði á sjálfstæðan hátt (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum um fyrirlestra og farið í heimsóknir.
Námsmat byggist á skriflegu lokaverkefni (40%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegu lokaprófi (50-60%).

**ÞJÓ301G • BA-ritgerð í þjóðfræði • (12e) • Haust**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
BA-ritgerð.
Ritgerð.

**ÞJÓ302G • Skandinavískar þjóðsögur og siðir • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Þjóðtrú á meginlandi Skandinavíu er skoðuð frá ýmsum sjónarhornum og borin saman við þjóðtrú Íslendinga. Tilgangur þess er að varpa ljósi á sameiginleg einkenni og mismun á þjóðsagnagerð og þjóðtrú þessara landa. Eðlilega verður áhersla lögð á þjóðtrú Norðmanna, sérstaklega vegna þess að tengsl Íslands og Noregs voru upphaflega mjög náin og það má gera ráð fyrir að leifar þessara tengsla finnist í þjóðtrúnni. Fjallað verður sérstaklega um eftirfarandi: a) þjóðsögur og þjóðsagnir í Skandinavíu, séreinkenni þeirra og gerð, svæðisbundin einkenni, tengsl við goðsögur, viðhorf til náttúrunnar, lýsingu á náttúruvættum o.s.frv., b) þjóðtrú í Skandinavíu um náttúruvættir, hjátrú, helgidaga, helgistaði o.s.frv. og c) þjóðhátíðir í Skandinavíu fyrr á öldum og uppruna þeirra, sameiginleg einkenni þeirra og svæðisbundinn mismun.
Verkefni og skriflegt próf.

**ÞJÓ302M • Hugarheimur víkinga • (4e) • Vor • 16f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Þetta námskeið veitir inngang að forkristnum hugarheimi víkinganna, þar sem hugmyndir þeirra og trú verða skoðuð með hliðsjón af margbreytilegum heimildum úr fornleifafræðafræði og skriflegum heimildum. Sérstök áhersla verður lögð á hegðun sem tengist greftrun og grafhýsum, og tengingu hennar við trúarlega hegðun í öllum sínum myndum. "Trúarbrögð" víkinganna verður afbyggð, og lýst fyrst of fremst sem trúarlegt kerfi (*belief system*), eða heimsmynd sem hefur áhrif á allar hliðar lífsins, og birtist í efnismenningu sem teygir sig langt fram yfir óraunveruleg höft ímyndaðar heiðinnar "trúarbragðar". Sýnt verður fram á að hefðbundin heimssýn norrænna manna hefur spilað mikilvægan þátt í veröld víkinganna, og verið kjarni sjálfsmyndar þessa dínamísku menningarhópa sem umbreytti norðrinu milli áttundu og elleftu aldanna.

Námskeiðið verður kennt á ensku í einni lotu í janúar.
Skiflegt próf í lok jan. 2010

**ÞJÓ303G • Rannsóknar- eða námskeiðsritgerð í þjóðfræði I • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Rannsóknar- eða námskeiðsritgerðir: Nemendur sem taka þjóðfræði sem aðalgrein til 90e eða 60e skulu á námsferlinum skrifa eina rannsóknar- eða námskeiðsritgerð. Rannsóknarritgerðir eru skrifaðar í samráði við lektor í þjóðfræði. Námskeiðsritgerðir eru skrifaðar í tengslum við námskeið í þjóðfræði sem nemendur stunda og merkt eru með* í kennsluskrá. Varðandi námskeiðsritgerðir: Nemendur ráða sjálfir við hvaða námskeið þeir kjósa að tengja ritgerðirnar en umsjón með þeim hafa kennarar viðkomandi námskeiða. Skulu ritgerðarefni valin í samráði við kennara. Gerðar eru strangar kröfur um fræðileg vinnubrögð, ritgerðarbyggingu, heimildanotkun og tilvísanir í rannsóknar- og námskeiðsritgerðum. Skiladagur ritgerða skal að öðru jöfnu vera í lok síðustu kennsluviku misseris.
Einstaklingsritgerð.

**ÞJÓ304G • Rannsóknar- eða námskeiðsritg. í þjóðfræði II • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Rannsóknar- eða námskeiðsritgerðir: Nemendur sem taka þjóðfræði sem aðalgrein til 90e eða 60e skulu á námsferlinum skrifa eina rannsóknar- eða námskeiðsritgerð. Rannsóknarritgerðir eru skrifaðar í samráði við lektor í þjóðfræði. Námskeiðsritgerðir eru skrifaðar í tengslum við námskeið í þjóðfræði sem nemendur stunda og merkt eru með *? í kennsluskrá. Varðandi námskeiðsritgerðir: Nemendur ráða sjálfir við hvaða námskeið þeir kjósa að tengja ritgerðirnar en umsjón með þeim hafa kennarar viðkomandi námskeiða. Skulu ritgerðarefni valin í samráði við kennara. Gerðar eru strangar kröfur um fræðileg vinnubrögð, ritgerðarbyggingu, heimildanotkun og tilvísanir í rannsóknar- og námskeiðsritgerðum. Skiladagur ritgerða skal að öðru jöfnu vera í lok síðustu kennsluviku misseris.
Einstaklingsverkefni.

**ÞJÓ305G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ306G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ307G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ308G • Þjóðfræði barna og unglinga: Leikir, símaat og Simpsons • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Kristín Einarsdóttir
Í námskeiðinu verður rætt um hvað liggur að baki þjóðfræðiefni barna og unglinga. Með þjóðfræðiefni barna er meðal annars átt við það sem börn taka sér fyrir hendur þegar kennarar, foreldrar eða aðrir fullorðnir eru ekki til staðar. Hvaða leikir, sögur, söngvar og siðir eru þá viðhafðir og hvaða reynsla og tilfinningar eru það sem viðhalda slíku efni í samfélagi barna? Einnig verður rætt um hlutverk þessa efnis í lífi barna og þroskaferli þeirra. Auk þess að skoða efnið sem er til staðar um þjóðfræði barna, verður rætt um kenningar þjóðfræðinga og annara fræðimanna um þessi mál. Gerðar verða vettvangsrannsóknir þar sem þátttakendur á námskeiðinu fara á skólaleikvelli, leikskóla, félagsmiðstöðvar, o.s.frv. og skoða og skrá það sem fram fer. Auk fyrirlestra kennara, munu fara fram umræður í kennslustundum þar sem fræðilegt efni námskeiðsins verður lagt til grundvallar.

**Vinnulag** Námskeiðið er byggt upp með fyrirlestrum kennara um námsefnið, en í tengslum við fyrirlestur kennara er lögð áhersla á lifandi umræður og skoðanaskipti. Um það bil einn þriðji hluti námskeiðsins fer í fyrirlestur nemenda þar sem þeir gera grein fyrir vettvangsferðum sínum, viðtölum og öðrum rannsóknunm.
Hvert og eitt verkefni nemenda er metið (50%) en í lok námskeiðsins er 40% próf þar sem farið er yfir meginatriði námsefnisins. Mæting og þátttaka (þegar hægt er): 10%

**ÞJÓ310G • Íslenskar sagnir, þjóðtrú og samfélag: Sagnahefð, hulduverur og sköpun þjóðarímyndar • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Í námskeiðinu verður sagnahefðin rannsökuð jafnt í ljósi hefðbundinnankenninga og fræðilegrar umræðu á síðustu árum.
Meginviðfangsefnið verður hvernig íslenskrar sagnir hafa orðið til, gengið frá manni til manns, lifað og þróast í munnlegri hefð. Jafnframt verður sérstaklega reynt að meta hvað þessar sagnir geta sagt okkur um þjóðtrú á Íslandi. Í því skyni verður sérstaklega hugað að

reynslusögnum (memorat), heimildagildi þeirra og á hvern hátt sagnahefðin mótar reynsluna. Sömuleiðis verður fjallað ítarlega um flökkusagnir á Íslandi, miðlun þeirra og útbreiðslu og hvernig mismunandi sagnahefðir og þjóðtrú setja mark sitt á þær. Í þessu samhengi verður sjónum beint að einstökum sagnaminnum og rannsóknum á þeim. Nemendur kynnast af eigin raun notkun minnalykla við þjóðsagnarannsóknir.
Skriftleg verkefni, próf á önninni, og mæting (10%)(fyrir staðnema).

**ÞJÓ311G • Vettvangsferð • (4e) • Haust**
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Takmarkaður aðgangur: 15 manns: Aðeins fyrir nemendur í þjóðfræði til 120e eða 180e sem lokið hafa 60e.
Skriflegt verkefni. Takmarkaður aðgangur: 15 manns: Aðeins fyrir nemendur í þjóðfræði til 120e eða 180e sem lokið hafa 30e.

**ÞJÓ312G • Skoskar ballöður • (4e) • Haust**
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
**Kennt: 25.-28. ágúst 2008.**
**Kennari: Dr. Katherine Campbell, Háskólinn í Edinborg**
Skoskar ballöður ("Muckle Sangs") eru í senn sérstæður og mikilvægur hluti skosks þjóðlagaarfs. Efni þessara frásagnarkvæða/söngva, sem skiptast í erindi og einkennast af formúlukenndu orðfæri, er fjölbreytt og margt af því á við enn þann dag í dag. Í námskeiðinu verður farið í einstök kvæði með áherslu á söguþráð þeirra og framsetningu skosks tungumáls, auk þess sem rætt verður um textana, lögin og samhengi þessa. Þá verður farið í helstu ballöðusöfnin og flytjendur kvæðanna í samhengi við útbreiðslu, flokkun (F. J. Child og B. H. Bronson) og flutning. Sérstakri athygli verður beint að Norð-austur Skotlandi, svæði sem hefur laðað að sér marga ballöðusafnara.

**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemandinn:

- hafi lesið eitt helsta rit um skoskar ballöður (The Ballad and the Folk eftir David Buchan) og kynnst verkum eftir Francis James Child og Bertrand Harris Bronson, auk þess að hafa kynnt sér nýjustu rannsóknir á umræddu fræðasviði (þ.e. Fairies and Folk eftir hinn virta fræðimann Emily Lyle) (*þekking og skilningur*)
- hafi öðlast góða undirstöðuþekkingu á skosku ballöðunni hvað varðar form, mál og viðfangsefni (*þekking og skilningur*)
- hafi tekið þátt í verkefnavinnu í tímum og þá m.a. hlustað á flutning skoskra kvæðamanna í þeim tilgangi að átta sig á einkennum "skoskunnar"(*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- hafi fengið góða innsýn í flutning ballaða fyrr og nú, sem og aðstæður við söfunun þeirra (*þekking og skilningur*)
- geti tjáð sig fræðilega (skriflega og munnlega) um skoskar ballöður og viti hvernig finna má helstu heimildir á ensku er varða viðfangsefnið (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, og umræðum um fyrirlestra.
Skriflegt próf í september 2008 (100%).

**ÞJÓ313G • Hátíðir, leikir og skemmtanir á Íslandi • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Kristín Einarsdóttir
Námskeiðið tekur sérstaklega fyrir félagsmenningu í leik, skemmtan og á
Námskeiðið tekur sérstaklega fyrir félagsmenningu í leik, skemmtan og á hátíðastundum. Fjallað verður um siði og venjur í sambandi við ævihátíðir og hátíðir á árshringnum, leiki og dægradvöl og skemmtanir á borð við veislur og dansleiki í íslenska bændasamfélaginu. Þessir viðburðir flétta saman margvíslegu þjóðfræðiefni og hafa því jafnan verið eitt meginviðfangsefni þjóðfræðinga. Ætlunin er að kynna þá frjóu umræðu sem hefur átt sér stað um þessi efni undanfarið og lesnar hvort tveggja sígildar greinar og nýlegar rannsóknir. Mikið safn frumheimilda um hátíðir, leiki og skemmtanir Íslendinga er tiltækt og verður leitast við að rannsaka það í ljósi nýlegra kenninga.

**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til að nemandinn:

- Hafi fengið góða innsýn í leiki, íþróttir og hátíðir Íslendinga fyrr og nú, og alþjóðlegt samhengi þeirra (*þekking og skilningur*)
- Hafi lesið bækur Árna Björnssonar um hátíðir Íslendinga, og bækur þeirra Huizinga og van Gennep um leikhugtakið og vígsluathafnir (*þekking og skilningur*)
- Hafi tekið þátt í vettvangsverkefni um leiki og tekið viðtal um reynslu af hátíðum(*hagnýt* og *fræðileg hæfni*)
- Kunni hugtök Huizinga, van Gennep og Bahktin um leik, hlutverk, leikrými, vígsluathafnir, jaðarsvæði og karníval (*þekking og skilningur*)
- Geti tjáð sig fræðilega um efnismenningu og beitt þeim fyrrnefndum hugtökum (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*)

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á viðtal um leiki, hátíðir, ævihátíðir og skemmtanir (20%); vettvangsverkefni um barnaleiki og "valrím" í einum grunnskóla í Reykjavík (eða í sveitinni) (Paraverkefni) (20 %); framsögn og ritgerð um sama efnið (30 %); mæting og þátttaka (10% þegar hægt er), og krossapróf (eða annars konar stutt próf) um lesefni annarinnar (20%)

**ÞJÓ314G • Íslenskar kvikmyndir: Ímynd og sjálfsmynd þjóðarinnar • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Umsjónarmaður: Vilborg Ingólfsdóttir
Kennari: Kristinn Helgi Magnússon Schram
Kennari: Guðlaug I Tinna Grétarsdóttir
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
Með hliðsjón af íslenskri kvikmyndasögu munum við skoða þjóðernismynd í hinum ýmsu flokkum kvikmynda. Við spyrjum hvort og þá

hvernig kvikmyndir geti yfirhöfuð talist 'þjóðlega' eða alþjóðlegar og einnig hvað felst í þeirri ímynd náttúru, víkinga, 'sveitafólks' og borgarbúa sem sýnd er íslenskum sem erlendum áhorfendum. Við skoðum upptök þessara minna annars vegar í íslensku þjóðlífi og menningarsögu og hins vegar í listrænni nýsköpun. Stefnt verður saman ýmsum fræðimönnum á þessu sviði og munu nemendur jafnframt fá tækifæri til að ræða við framsækna íslenska kvikmyndaleikstjóra. Þá munu nemendur einnig kynna eigin hugmyndir um þessi efni. Námsmat byggist á skriflegu lokaverkefni (40%), mætingu og þáttöku (10% ef hægt er) og heimaprófi (50%;eða 60% ef nemandinn getur ekki mætt reglulega).

**ÞJÓ315G • Húmor • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Elliott Lenard Oring Sendikennari
Húmor gegnir veigamiklu hlutverki í mannlegu samneyti og er mikilvægur þáttur í skapandi samskiptum manna á meðal. Í þessu námskeiði hugum við m.a. að því hvernig húmor kemur við sögu þjóðernis, kyngervis, kynþáttar, stéttarstöðu og sjálfsmyndar sem og hvernig húmor er beitt þegar veikindi, andlát eða harmleik ber að höndum. Þá einkennast fyrstu listrænu viðbrögðin við atburðum líðandi stundar gjarnan af húmor, þ.á.m. viðbrögð við stórslysum, hneykslum og umbrotum á vettvangi stjórnmálanna. Þjóðfræðingar hafa verið fremstir í flokki í félagslegum rannsóknum á húmor í meira en öld og hafa þá gjarnan beint athyglinni að bröndurum sem ganga á meðal almennings eða hjá einstökum hópum fólks. Auk brandara mun námskeiðið sækja efnivið í dægurmenningu, kvikmyndir, fjölmiðla og listir.

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegum og munnlegum verkefnum

**ÞJÓ401G • BA-ritgerð í þjóðfræði • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
BA-ritgerð.
Ritgerð.

**ÞJÓ403G • Rannsóknar- eða námskeiðsritgerð í þjóðfræði I • (4e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Rannsóknar- eða námskeiðsritgerðir: Nemendur sem taka þjóðfræði sem aðalgrein til 90e eða 60e skulu á námsferlinum skrifa eina rannsóknar- eða námskeiðsritgerð. Rannsóknarritgerðir eru skrifaðar í samráði við lektor í þjóðfræði. Námskeiðsritgerðir eru skrifaðar í tengslum við námskeið í þjóðfræði sem nemendur stunda og merkt eru með* í kennsluskrá. Varðandi námskeiðsritgerðir: Nemendur ráða sjálfir við hvaða námskeið þeir kjósa að tengja ritgerðirnar en umsjón með þeim hafa kennarar viðkomandi námskeiða. Skulu ritgerðarefni valin í samráði við kennara. Gerðar eru strangar kröfur um fræðileg vinnubrögð, ritgerðarbyggingu, heimildanotkun og tilvísanir í rannsóknar- og námskeiðsritgerðum. Skiladagur ritgerða skal að öðru jöfnu vera í lok síðustu kennsluviku misseris.
Einstaklingsritgerð.

**ÞJÓ404G • Rannsóknar- eða námskeiðsritgerð í þjóðfræði I • (4e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Rannsóknar- eða námskeiðsritgerðir: Nemendur sem taka þjóðfræði sem aðalgrein til 90e eða 60e skulu á námsferlinum skrifa eina rannsóknar- eða námskeiðsritgerð. Rannsóknarritgerðir eru skrifaðar í samráði við lektor í þjóðfræði. Námskeiðsritgerðir eru skrifaðar í tengslum við námskeið í þjóðfræði sem nemendur stunda og merkt eru með* í kennsluskrá. Varðandi námskeiðsritgerðir: Nemendur ráða sjálfir við hvaða námskeið þeir kjósa að tengja ritgerðirnar en umsjón með þeim hafa kennarar viðkomandi námskeiða. Skulu ritgerðarefni valin í samráði við kennara. Gerðar eru strangar kröfur um fræðileg vinnubrögð, ritgerðarbyggingu, heimildanotkun og tilvísanir í rannsóknar- og námskeiðsritgerðum. Skiladagur ritgerða skal að öðru jöfnu vera í lok síðustu kennsluviku misseris.
Einstaklingsritgerð.

**ÞJÓ405G • Rannsóknar- eða námskeiðsritg. í þjóðfræði II • (4e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Rannsóknar- eða námskeiðsritgerðir: Nemendur sem taka þjóðfræði sem aðalgrein til 90e eða 60e skulu á námsferlinum skrifa eina rannsóknar- eða námskeiðsritgerð. Rannsóknarritgerðir eru skrifaðar í samráði við lektor í þjóðfræði. Námskeiðsritgerðir eru skrifaðar í tengslum við námskeið í þjóðfræði sem nemendur stunda og merkt eru með *? í kennsluskrá. Varðandi námskeiðsritgerðir: Nemendur ráða sjálfir við hvaða námskeið þeir kjósa að tengja ritgerðirnar en umsjón með þeim hafa kennarar viðkomandi námskeiða. Skulu ritgerðarefni valin í samráði við kennara. Gerðar eru strangar kröfur um fræðileg vinnubrögð, ritgerðarbyggingu, heimildanotkun og tilvísanir í rannsóknar- og námskeiðsritgerðum. Skiladagur ritgerða skal að öðru jöfnu vera í lok síðustu kennsluviku misseris.
Einstaklingsverkefni.

**ÞJÓ406G • Rannsóknar- eða námskeiðsritg. í þjóðfræði II • (4e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Rannsóknar- eða námskeiðsritgerðir: Nemendur sem taka þjóðfræði sem aðalgrein til 90e eða 60e skulu á námsferlinum skrifa eina rannsóknar- eða námskeiðsritgerð. Rannsóknarritgerðir eru skrifaðar í samráði við lektor í þjóðfræði. Námskeiðsritgerðir eru skrifaðar í tengslum við námskeið í þjóðfræði sem nemendur stunda og merkt eru með *? í kennsluskrá. Varðandi námskeiðsritgerðir: Nemendur ráða sjálfir við hvaða námskeið þeir kjósa að tengja ritgerðirnar en umsjón með þeim hafa kennarar viðkomandi námskeiða. Skulu ritgerðarefni valin í samráði við kennara. Gerðar eru strangar kröfur um fræðileg vinnubrögð, ritgerðarbyggingu, heimildanotkun og tilvísanir í rannsóknar- og námskeiðsritgerðum. Skiladagur ritgerða skal að öðru jöfnu vera í lok síðustu kennsluviku misseris.
Einstaklingsverkefni.

**ÞJÓ409G • Skapa fötin manninn? I: Fatnaður og tíska á Íslandi fyrr á öldum • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Námskeiðið greinist í tvö svið:
Annars vegar verður gefið yfirlit um einkenni tóvinnu og tóvinnuáhalda í gamla íslenska sveitasamfélaginu, fjallað um breytingar á verklagi í tímans rás og það sett í samhengi við þróunina í nágrannalöndunum. Heimildir um íslenska tóvinnu greindar og gagnrýndar. Hins vegar verður gefið yfirlit um klæðaburð Íslendinga á fyrri öldum, einkum með hliðsjón af varðveittum safngripum. Leitað verður skýringa á viðhorfi samtímans til fatnaðar Íslendinga fyrri alda. Gestafyrirlesari í námskeiðslok verður Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður.
**Vinnulag:** Kennslan fer fram í fyrirlestrum, vettvangsferðum í Þjóðminjasafn Íslands og umræðum.
Námsmat byggist á stöðuprófum (40%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegu lokaverkefni (50-60%).

**ÞJÓ410G • BA-ritgerð í þjóðfræði • (12e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
BA-ritgerð.
Ritgerð.

**ÞJÓ410M • Norrænar goðsögur • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Námskeiðið fjallar um norrænar goðsögur og helstu heimildir þar að lútandi. Nemendur munu lesa frumheimildir með gagnrýnum hætti og læra um uppruna, hlutverk, birtingarmyndir og dreifingu norrænna goðsagna og tengsl þeirra við trúarathafnir og þjóðfélag norrænna manna fyrir kristnitöku. Sérstök áhersla verður lögð á varðveislu norrænna goðsagna hjá kristnum mönnum á miðöldum og heimildarrýni. Spurt verður að hvaða marki goðsögurnar endurspegli heiðinn hugarheim og hvernig þær kunni að litast af kristnum hugmyndum um hinn forna sið og heiðin goð. Höfuðáhersla verður lögð á vitnisburð Snorra Eddu og eddukvæða, og nemendur munu kynnast lykilhugmyndum í goðafræðinni eins og Ragnarök og örlagatrú. Ennfremur verður fjallað um tengsl trúarbragða við tungumál og hinn heiðna arf í þjóðfræði á síðari tímum. Myndrænt efni, fornleifar og nafnfræði verður einnig tekin til umfjöllunar ásamt samanburðarefni frá öðrum menningarsvæðum og þróun goðafræðirannsókna.
(Námskeiðið verður kennt á ensku)
**Vinnulag:**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum í tímum.
Námsmat byggist á skriflegu lokaverkefni (50%), mætingu (10%) og munnlegu lokaprófi (40-50%).

**ÞJÓ411G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (2e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ412G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (2e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ413G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (4e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ414G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (4e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ415G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ416G • Rannsóknarverkefni í þjóðfræði • (6e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent

Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Stúdent velur sér efni í samráði við kennara, sem hefur umsjón með rannsókninni og metur til 1-3 eininga. Nemandi skal kynna samnemendum rannsóknina með fyrirlestri. Nemendum er aðeins heimilt að taka eitt rannsóknarverkefni í þjóðfræði á námsferlinum.
Verkefni.

**ÞJÓ417G • Geliskar þjóðsögur og siðir • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Námskeiðið er hugsað sem inngangur að goðsögum, þjóðsögnum, þjóðháttum og siðum á Írlandi, Skotlandi og á skosku eyjunum að fornu og nýju. Auk þess að draga fram megineinkenni þessara sagna og siða í mismunandi landshlutum og kynna helstu rannsóknir á þessu sviði, verður sýnt í stórum dráttum hvernig umhverfið hefur áhrif á hugsunarhátt og gerðir manna. Sérstök athugun verður gerð á menningarlegum tengslum milli Íslands og þessara landa.
Verkefni og skriflegt próf.

**ÞJÓ418G • Munnleg hefð og íslenskar fornsögur og kvæði • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Gísli Sigurðsson Rannsóknarprófessor
Lögð verður til grundvallar kenning Alberts B. Lord um munnlegan kvæðaflutning (munnlega kenningin) í bókinni The Singer of Tales. Þá verða raktar þær rannsóknir sem fram hafa komið í kjölfar hennar og reynt að meta hvaða áhrif kenningin hefur á rannsóknir miðaldabókmennta sem byggja að hluta á munnlegri hefð. Í seinni hluta námskeiðsins verður tekið mið af eddukvæðum og nokkrar Íslendingasögur lesnar vandlega með hliðsjón af kenningum um sagnfestu- bókfestu- og nýsagnfestu. Kennslan fer fram með fyrirlestrum kennara og umræðum. Nemendum er ætlað að vinna sjálfstæð verkefni og skila greinargerðum um efni nokkurra bóka og greina.
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum í bland við sjálfstæð nemendaverkefni um rannsóknaviðfangsefni námskeiðsins.

Námsmat byggist á munnlegum og skriflegum verkefnum, þátttöku í umræðum og skriflegu lokaprófi. Nákvæm hlutföll eru ákveðin í samráði við nemendur. (Mæting og þátttaka: 10%)

**ÞJÓ420M • Þjóðfræði samtímans: Álfar, innflytjendur og hryðjuverkamenn • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Í námskeiðinu skoðum við hvernig þjóðfræðaefni vegnar í vestrænum nútímasamfélögum og rýnum í fjölmiðlaefni, kvikmyndir og internetið, auk þess sem við skoðum munnlega og verklega geymd. Á meðal þess sem við tökum til athugunar eru flökkusagnir og ævintýri, trú og fordómar, leikir og hátíðir, veggjakrot og brandarar, og allra handa siðir og venjur. Markmiðið er að bæta skilning okkar á hversdagslegum undirstöðum nútímamenningar og auka meðvitund okkar um allt það "ómerkilega" sem á ríkan þátt í að móta sjónarhorn okkar á samfélagið og viðhorfið til náungans. Stuðst verður við nýjar og nýlegar rannsóknir í þjóðfræði, menningarfræði og skyldum greinum.
**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á söfnunar- og greiningarverkefni (50%), þremur skyndiprófum (30%), á umræðustjórnun (10%) og á mætingu og þátttöku (10%, ef hægt er).

**ÞJÓ421G • Íslensk ævintýri og samfélag • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Aðalheiður Guðmundsdóttir Aðjunkt
Íslensk ævintýri verða lesin og skoðuð í ljósi samfélagslegra gilda. Lögð verður áhersla á sagnahefðina, flutning sagnafólks, sísköpun þess og meðferð á sagnaminnum. Ævintýrin verða skoðuð m.t.t. hins breytilega efniviðar og hin ýmsu afbrigði einstakra gerða og minna borin saman. Þá verður leitast við að ráða í merkingu ævintýra, m.a. með táknrýni, auk þess sem þau verða skoðuð í félagslegu ljósi og sett í samhengi við það samfélag sem mótaði þau. Í því tilliti verður sérstaklega litið á stéttaskiptingu, kynjahlutverk og dagleg störf fólks.
**Vinnulag**
Kennsla fer einkum fram með fyrirlestrum, en einnig með umræðum svo sem kostur er.
Námsmat byggist á tveimur skriflegum verkefnum (40%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegu lokaprófi (50-60%).

**ÞJÓ502M • Alþýðumenning og fagurfræði hversdagsins • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Í námskeiðinu rannsökum við sjónarhorn þjóðfræðinnar á menningu og samfélag með sérstakri áherslu á daglegt líf og daglegt brauð - það sem kalla mætti prósa heimsins. Við tökum sögu þjóðfræðinnar til skoðunar með gagnrýnu hugarfari og setjum í samhengi við sögu grannfaganna og við könnum í sameiningu strauma og stefnur við upphaf 21. aldar. Þá förum við í saumana á helstu hugtökum, þ.á m. menningarmun og margbreytileika, þjóðerni, kyngervi, alþýðu, hefð, hópi, höfundi, hnattvæðingu, fjölhyggju, elleftu stundinni, menningarlegu forræði, menningararfi og eignarhaldi á menningu.
Markmiðið er að skilja hvernig mennirnir skapa hversdaginn og fylla daglegt umhverfi sitt merkingu, hvernig þeir móta líf sitt við aðstæður sem þeir hafa ekki sjálfir kosið sér, hvort heldur sem er í bændasamfélagi fyrri tíðar eða borgarsamfélagi 21. aldarinnar. Námskeiðið er ætlað meistaranemum, en er einnig opið nemendum á þriðja ári í BA-námi.
**Markmið:**
Í lok námskeiðsins er ætlast til að nemandinn:

- Hafi lesið ýmis grundvallarrit í þjóðfræði
- Kunni skil á straumum og stefnum á 20. og 21. öld
- Þekki þær breytingar sem fagið hefur gengið í gegnum og þá sjálfsgagnrýnu umræðu sem fer nú fram innan fagsins
- Hafi vald á lykilhugtökum í greiningu á alþýðumenningu og fagurfræði hversdagsins
- Geti rökrætt um menningu hópa og menningarmun með tilvísun til kenninga og fræðilegra hugtaka

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.

Námsmat byggist á skriflegu lokaprófi (25%), munnlegu lokaprófi (25%), á skriflegu verkefni (25%) og á verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%).

**ÞJÓ601M • Menningararfur • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Hvað er menningararfur og hvaða hlutverki þjónar hann? Af hverju er hann í stöðugri útrýmingarhættu? Hvernig tengir hann saman fortíð og samtíð? Hvað á hann skylt við þjóðríkið? Söguvitund? Hnattvæðingu? Kapítalisma? Stjórnmál? Í námskeiðinu verður leitað svara við þessum spurningum, kynntar nýlegar rannsóknir þjóðfræðinga, mannfræðinga, listfræðinga, félagsfræðinga, safnafræðinga, sagnfræðinga og fornleifafræðinga á menningararfi og tekinn púlsinn á því sem er að gerast á þessu ört vaxandi sviði.

Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist skriflegu lokaprófi (65%), verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%) og á mætingu og þátttöku (10%, ef hægt er).

**BLF001F • Sjálfbær fréttamennska, net og nýmiðlun • (6e) • Haust • 1f + 4u**
Kennari: Guðmundur Sveinn Hermannsson
Kennari: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið þessa námskeiðs er að þjálfa nemendur í að vinna sjálfstætt að öllum hliðum fréttamennskunnar, allt frá hugmynd og efnisöflun yfir í útlit frétta og umbúðir. Sérstök áhersla verður á frágang frétta þannig að nemendur öðlist þekkingu og kunnáttu í að vinna fullbúnar fréttir fyrir fjölmiðil; dagblað,útvarp, sjónvarp eða netmiðil. Nemendur mynda ritstjórn student.is og þjálfast þar í að afla frétta og koma þeim frá sér fullbúnum til prentunar eða útsendingar.
Verkefni. Nemendur ritstýra student.is, afla efnis fyrir vefinn og skrifa fréttir og greinar eða gera útvarps- og sjónvarpspistla

**BLF101F • Fréttamennska • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Grundvallarnámskeið í blaðamennsku. Markmið þess er að nemendur öðlist skilning á störfum blaðamanna og færni í fréttaskrifum. Helstu hugtök og aðferðir við fréttaskrif eru kynnt; hvað er frétt, á hverju byggja fjölmiðlar fréttamat, hvernig eru fréttir uppbyggðar, hvaða atriði þurfa að koma þar fram, hvernig eru fréttir framsettar o.s.frv. Nemendur skrifa fréttir fyrir fréttavefinn student.is sem Blaða- og fréttamennskubrautin sér um í samstarfi við fleiri aðila í Háskólanum. Námskeiðið mun standa fleiri nemendum til boða á meistarastigi.

Verkefni. Nemendur skrifa fréttir fyrir student.is sem námsmatið grundvallast á.

**BLF102F • Málstofa í fjölmiðlafræði • (6e) • Haust • 2f**
Kennari: Þorbjörn Broddason Prófessor
Vikuleg málstofa í fjölmiðlafræði þar sem fjallað verður um hlutlægnisvandann, vald og valdmörk fjölmiðla, stöðu þeirra gagnvart stjórnkerfi og félagsgerð og skyldur þeirra við önnur svið þjóðfélagsins
Framsaga (tvisvar) og andmæli (tvisvar) (40%). Skriflegt verkefni í lok misseris (60%).

**BLF103F • Vinnubrögð og siðareglur blaðamanna • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Friðrik Þór Guðmundsson

Markmið þessa námskeiðs er að nemendur öðlist dýpri skilning og þjálfun í vinnubrögðum blaðamanna á fjölmiðlum, þeim aðferðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja fagleg vinnubrögð blaðamanna við fréttaöflun. Fjallað verður um meðferð heimilda og umgengni við heimildarmenn eða aðrar rætur upplýsinga, og þátttakendur eru þjálfaðir í öguðum vinnubrögðum. Einnig verður fjallað um siðareglur fjölmiðla, bæði almennar siðareglur Blaðamannafélagsins og hvernig þeim er beitt inni á mismunandi fjölmiðlum, samskipti blaðamanna við eigendur fjölmiðla og auglýsendur, og fjallað verður um hæfi blaðamanna til að fjalla um tiltekin mál.
Verkefni og heimapróf.Krafist er lágmarkseinkunnar (5.0) í prófþætti námsmatsins.

**BLF104F • Alþjóðasamvinna og staða Íslands í alþjóðakerfinu • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að þjálfa nemendur í umfjöllun um alþjóðasamvinnu og stöðu Íslands í alþjóðakerfinu. Alþjóðavæðing verður skoðuð í sögulegu ljósi og farið yfir helstu kenningar um alþjóðavæðingu. Fjallað verður m.a. um áhrif alþjóðavæðingar á stjórnmál, efnahagsmál, ríki og einstaklinga. Einnig verður fjallað um hvernig Ísland hefur alþjóðavæðst á síðustu árum. Kastljósinu verður einnig beint að samrunaþróuninni í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina. Farið verður yfir stofnanauppbyggingu Evrópusambandsins, EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þátttaka Íslands í EES verður greind og hvaða áhrif EES samningurinn hefur haft hér á landi. Einnig verður fjallað um varnarmál á Íslandi og þær breytingar sem eru að eiga sér stað í varnarmálum í Evrópu. Jafnframt verður fjallað um stöðu smáríkja í alþjóðakerfinu og möguleg áhrif þeirra í alþjóðastofnunum.
Skriflegt próf og verkefni.

**BLF105F • Málfar og stíll • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Aðstoðarkennari: Bjarki M. Karlsson Verkefnisstjóri
Nemendur verða þjálfaðir í að semja ýmiss konar texta, einkum fréttir og blaðatexta. Farið verður yfir málfar í fjölmiðlum, hvernig skrifa á markvissan fréttatexta og hvernig unnt er að varast ýmsar gildrur, s.s. í stíl og í þýðingum af erlendum tungumálum. Hugað verður að málfari og framsetningu, svo og tengslum við mismunandi miðla (blöð, ljósvakamiðla, net, osfrv.)
Verkefni.

**BLF201F • Fjölmiðlun og leikreglur samfélagsins • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Stefán Jóhann Stefánsson
Kennari: Ingibjörg Elíasdóttir
Markmið námskeiðsins er að þjálfa nemendur í umfjöllun um íslenskt samfélag. Í fyrri hluta námskeiðsins er farið yfir lykilhugtök í hagfræði. Fjallað er um framleiðslu, opinber fjármál, verðbólgu, stjórn peningamála og þróun á hlutafjár- og lánamörkuðum skoðuð með hliðsjón af fréttum hverju sinni. Í verkefnum er nemendum leiðbeint við að leita upplýsinga um þessa þætti og við að skýra frá efnahagsmálum á greinargóðan og hnitmiðaðan hátt. Í síðari hluta námskeiðsins verður kynning á fjölmiðlarétti, útvarpslögum og tjáningarfrelsi. Einnig verður farið yfir helstu þætti opinberrar stjórnsýslu.
Verkefni og skriflegt próf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5.0) í prófþætti námsmatsins.

**BLF202F • Útvarp - útvarpsfréttir, þáttagerð, þáttastjórnun • (6e) • Vor**
Kennari: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið þessa námskeiðs er að þjálfa nemendur í störfum við útvarp. Fjallað verður um útvarp sem miðil, fréttir í útvarpi og uppbyggingu

þeirra og gerð útvarpsþátta. Þá verður fjallað um kosti og takmarkanir útvarps sem miðils, hljóðvinnslu og tæknilega vinnslu útvarpsefnis. Nemendur verða þjálfaðir í raddbeitingu, þannig að þeir kynnist rödd sinni og vandi framsögn sína. Námskeiðið verður að hluta unnið inni á útvarpsstöðvum, þannig að nemendur kynnist til hlítar þeim vinnubrögðum sem þar eru stunduð og hljóti þjálfun í þeim. Jafnframt gera nemendur útvarpsefni fyrir fréttavefinn student.is.
Nauðsynleg undirstaða: Fréttamennska (BLF101F)
Verkefni (70%) og ferilmappa (30%) Nemendur gera 4-6 útvarpsfréttir og innslög fyrir student.is. Jafnframt skila þeir yfirliti yfir þau verk sem þeir unnu í starfsþjálfun.

**BLF203F • Sjónvarp - sjónvarpsfréttir, þáttagerð, þáttastjórnun • (6e) • Vor**
Kennari: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið þessa námskeiðs er að þjálfa nemendur í störfum við sjónvarp. Fjallað verður um sjónvarp sem miðil, sjónvarpsfréttir og uppbyggingu þeirra og gerð sjónvarpsþátta. Þá verður fjallað myndmál, tengsl texta og myndefnis, klippingu og tæknilega vinnslu sjónvarpsefnis. Nemendur verða þjálfaðir í raddbeitingu og framkomu á sjónvarpsskjá, þannig að þeir kynnist rödd sinni og birtingarmynd í sjónvarpi. Námskeiðið verður að hluta unnið inni á sjónvarpsstöðvum, þannig að nemendur kynnist til hlítar þeim vinnubrögðum sem þar eru stunduð og hljóti þjálfun í þeim. Jafnframt gera nemendur sjónvarpssefni fyrir fréttavefinn student.is.
Nauðsynleg undirstaða: Fréttamennska (BLF101F)
Verkefni (70%) og ferilmappa (30%). Verkefni og ferilmappa. Nemendur gera 4-6 útvarpsfréttir og innslög fyrir student.is. Jafnframt skila þeir yfirliti yfir þau verk sem þeir unnu í starfsþjálfun.

**BLF204F • Dagblöð og tímarit • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Pétur Blöndal
Markmið þessa námskeiðs er að þjálfa nemendur enn frekar í störfum við dagblöð og tímarit. Fjallað verður um dagblöð og tímarit sem miðla, fréttaskrif og viðtöl. Þá verður fjallað um kosti og takmarkanir dagblaða og tímarita sem miðla, uppsetningu texta, myndefni, framsetningu og útlit. Námskeiðið verður að hluta unnið inni á dagblöðum, þannig að nemendur kynnist til hlítar þeim vinnubrögðum sem þar eru stunduð og hljóti þjálfun í þeim. Jafnframt skrifa nemendur fréttir og greinar fyrir fréttavefinn student.is.
Nauðsynleg undirstaða: Fréttamennska (BLF101F)
Verkefni (70%) og ferilmappa (30%) Nemendur skrifa fréttir og greinar fyrir student.is. Jafnframt skila þeir yfirliti yfir það sem þeir skrifuðu í starfsþjálfun.

**BLF205F • Íslenskt samfélag og stjórnskipun • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Friðrik Þór Guðmundsson
Markmið námskeiðsins er að þjálfa nemendur í umfjöllun um íslenskt samfélag, íslenska stjórnkerfið og stjórnmál. Fjallað verður um framkvæmdavaldið, löggjafarvaldið og þróun stjórnarskrárinnar. Einnig verður kastljósinu beint að stjórnmálaflokkum og efnahags- og atvinnustefnu stjórnvalda.
Verkefni og skriflegt próf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5.0) í prófþætti námsmatsins.

**BLF301F • Fjölmiðlarannsóknir • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Ragnar Karlsson
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í helstu aðferðir í fjölmiðlarannsóknum og verður m.a. farið í undirstöðuatriði í tölfræði, þ.á.m. mælingar á miðsækni, breytileika og fylgni. Jafnframt verður fjallað um tölfræðilega ályktun. Í námskeiðinu verður að öðru leyti fjallað um eðli, þróun og viðfangsefni fjölmiðlarannsókna og sérstöðu fjölmiðlafræða sem fræðigreinar innan félagsvísinda. Fjallað verður m.a. um þróun og einkenni notendarannsókna, innihalds- og textagreiningar, rannsókna sem lúta að formgerð fjölmiðlunar, fjölmiðlum sem stofnun, starfi fjölmiðlafólks, fagbindingu (professionalism), fréttamennsku og efnisframleiðslu fyrir fjölmiðla. Velt verður upp spurningum um fjölmiðla sem heimildir og um notkun tölulegra heimilda í fjölmiðlarannsóknum, kosti þeirra og takmarkanir. Tekin verða dæmi af mismunandi rannsóknum, erlendum og innlendum, með hliðsjón af ólíkum kenningarlegum ramma, viðfangsefni, rannsóknarsniði og aðferðum þeirra.
Verkefni og skriflegt próf.

**BLF302F • Skapandi textar og viðtalstækni • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Karl Ágúst Úlfsson
Aðalmarkmið þessa námskeiðs er að gefa nemendum tækifæri til þess að læra að skrifa lifandi texta, þar sem tilfinningin fyrir stíl og flæði texta fær að njóta sín.
Verkefni.

**BLF304F • Meistararitgerð í blaða- og fréttamennsku • (30e) • Haust**
Umsjónarmaður: Þorbjörn Broddason Prófessor
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Lokaverkefnið verður unnið undir handleiðslu aðalkennara námsleiðarinnar eða annars fasts kennara félagsvísindasviðs. Meistararitgerð skiptist í tvo hluta, annars vegar fræðilega ritgerð og hins vegar fjölmiðlaafurð fullbúna til birtingar. Það getur verið greinaflokkur til birtingar í dagblaði, röð útvarpsþátta, sjónvarpsþáttur eða vefsíða.
Verkefni.

**BLF305F • Sjónvarpsþættir og heimildamyndir • (6e) • Haust • 1f + 4u**
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Þorsteinn J Vilhjálmsson
Markmið þessa námskeiðs er að þjálfa nemendur enn frekar í vinnubrögðum er varða þáttagerð og heimildamyndir fyrir sjónvarp. Fjallað

verður um handritsgerð og uppbyggingu sjónvarpsþátta, bæði er varðar efnisinnihald og myndræna frásögn. Myndmál við fréttaefni og dagskrárgerð er skoðað og stuðlað að aukinni vitund þátttakenda á möguleikum myndmálsins. Þá verða nemendur þjálfaðir í að taka upp og klippa efni samkvæmt nýjustu tækni. Þetta námskeið mun standa starfandi blaðamönnum til boða, hugsanlega í samvinnu við Blaðamannafélag Íslands og fjölmiðla
Verkefni.

**BLF306F • Máttur boðskiptanna • (6e) • Haust • 1f + 1u**
Kennari: Þorbjörn Broddason Prófessor
Farið yfir klassískar kenningar og skrif nútímahöfunda um þátt boðskiptanna og mismunandi boðskiptaháttа í þróun og virkni samfélagsins. Meðal kenningasmiða sem koma við sögu í námskeiðinu eru Plató, Havelock, Benjamin, Innis, McLuhan, Bourdieu, Carey, Postman, Gerbner, Csikszentmihalyi, McQuail, Dayan, Katz og Peters.
Framsaga (tvisvar) og andmæli (tvisvar) (40%). Skriflegt verkefni í lok misseris (60%)

**BLF401F • Málstofa um lokaverkefni • (0e) • Vor • 1u**
Kennari: Þorbjörn Broddason Prófessor
Kennari: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Í þessu námskeiði verður farið yfir verklag við gerð fræðiritgerða, aðferðir og kenningar. Nemendur kynna og ræða lokaverkefni sín.

**BLF402F • Meistararitgerð í blaða- og fréttamennsku • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Þorbjörn Broddason Prófessor
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Lokaverkefnið verður unnið undir handleiðslu aðalkennara námsleiðarinnar eða annars fasts kennara félagsvísindasviðs. Meistararitgerð skiptist í tvo hluta, annars vegar fræðilega ritgerð og hins vegar fjölmiðlaafurð fullbúna til birtingar. Það getur veriðgreinaflokkur til birtingar í dagblaði, röð útvarpsþátta, sjónvarpsþáttur eða vefsíða.
Verkefni.

**BLF403F • Meistararitgerð í blaða- og fréttamennsku • (30e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Þorbjörn Broddason Prófessor
Umsjónarmaður: Valgerður Anna Jóhannsdóttir Verkefnisstjóri
Lokaverkefnið verður unnið undir handleiðslu aðalkennara námsleiðarinnar eða annars fasts kennara félagsvísindasviðs. Meistararitgerð skiptist í tvo hluta, annars vegar fræðilega ritgerð og hins vegar fjölmiðlaafurð fullbúna til birtingar. Það getur veriðgreinaflokkur til birtingar í dagblaði, röð útvarpsþátta, sjónvarpsþáttur eða vefsíða.
Verkefni.

**BÓK080F • Verkefni: Skjalastjórn - MLIS • (4e) • Haust**
Verkefnið er ætlað nemendum sem lokið hafa starfsréttindanámi í bókasafns- og upplýsingafræði.

**BÓK081F • Verkefni: Skjalastjórn - MLIS • (4e) • Vor**
Verkefnið er ætlað nemendum sem lokið hafa starfsréttindanámi í bókasafns- og upplýsingafræði.

**BÓK082F • Verkefni: Skjalastjórn - MLIS • (4e) • Sumar**
Verkefnið er ætlað nemendum sem lokið hafa starfsréttindanámi í bókasafns- og upplýsingafræði.

**BÓK083F • MA-ritgerð • (30e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Umsjónarmaður: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
MA-ritgerð

**BÓK084F • Verkefni: Skólasöfn - MLIS • (6e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Verkefnið getur verið einstök námskeið eða verkefni sem nemandi setur sjálfur saman eða námskeiðsvinna sérsniðin að ákveðnum nemanda.

**BÓK085F • Verkefni: Skólasöfn - MLIS • (6e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Verkefnið getur verið einstök námskeið eða verkefni sem nemandi setur sjálfur saman eða námskeiðsvinna sérsniðin að ákveðnum nemanda.

**BÓK086F • Verkefni: Skólasöfn - MLIS • (6e) • Sumar**
Umsjón: Fastir kennarar við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Verkefnið getur verið einstök námskeið eða verkefni sem nemandi setur sjálfur saman eða námskeiðsvinna sérsniðin að ákveðnum nemanda.

**BÓK087F • MA-ritgerð • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Umsjónarmaður: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
MA-ritgerð

**BÓK088F • MA-ritgerð • (30e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Ágústa Pálsdóttir Dósent

Umsjónarmaður: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
MA-ritgerð

**BÓK090F • Vefstjórnun - MLIS • (10e) • Haust • 3f + 1æ**
Kennari: Kristín Ósk Hlynsdóttir
Kennari: Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir
Kennari: Fanney Sigurgeirsdóttir Fagstjóri
Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum ýmsa þætti vefstjórnar. Í námskeiðinu verður fjallað um stefnumótun fyrir vefi, þarfagreiningu, markaðssetningu og mælingar, vefforritun, nytsemi og aðgengi. Fjallað verður um ýmsar kenningar og rannsóknir tengdar vefnum.
Nauðsynleg undirstaða: Internetið og upplýsingamiðlun - MLIS (BÓK108F)
Fimm verkefni.

**BÓK091F • Lesnámskeið í MA námi í bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á margbreytileika • (10e) • Haust & vor**
Lesnámskeið

**BÓK102F • MLIS - Málstofa I • (2e) • Haust • 1æ**
Umsjónarkennari: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
Kennari: Ágústa Pálsdóttir Dósent
Umsjón: Fastir kennarar í bókasafns- og upplýsingafræði. Málstofan byggist á framsögum nemenda. Framsögurnar tengjast lokaritgerðum eða öðrum verkefnum sem nemendur eru að vinna að. Nemendur skulu flytja 20 mínútna framsögu sem byggir á efni lokaritgerðar eða verkefnis (og svara spurningum áheyrenda) og sitja a.m.k. tíu slíkar framsögur hjá öðrum nemendum.

**BÓK103F • Hagnýtt verkefni - MLIS • (10e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor. Námskeiðið byggist á sjálfstæðri vinnu nemenda sem taka að sér verkefni innan bókasafns eða upplýsingamiðstöðvar eða verkefni sem svarar afmarkaðri þörf innan bókasafns- og upplýsingageirans. Nemendur, kennarar, bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar geta haft frumkvæði að verkefninu og í því skal vera matshluti.
Námsmat verður byggt á verkefnisskýrslu (sem inniheldur mat á verkefninu), ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum.

**BÓK105F • Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsheildum - MLIS • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Jóhanna Gunnlaugsdóttir Prófessor
**Markmið - Að nemendur:**

- Geti notað viðurkenndar aðferðir við að skipuleggja upplýsingar, í hvaða formi sem er, einkum í rafrænu formi og á pappír.
- Séu færir um að stýra meðhöndlun upplýsinga m.t.t. aðgengis, öryggis, grisjunar, eyðingar og varanlegrar varðveislu.
- Geti annast og stjórnað upplýsinga- og skjalamálum í skipulagsheildum.

**Þekking, skilningur og færni - Að nemendur:**

- Kunni skil á og geti metið hugtökin gögn, upplýsingar, skjöl, þekking og skyld hugtök.
- Þekki og geti unnið í samræmi við laga- og reglugerðarumhverfi er varðar upplýsingar, skjöl og skjalasöfn.
- Geti framkvæmt skjalakönnun og gert geymslu- og grisjunaráætlanir.
- Séu færir um að hanna og þróa flokkunarkerfi og efnisorðalykla.
- að nemendur öðlist aukna þekkingu á fræðilegum undirstöðum eigindlegra rannsókna
- að nemendur kynnist þeirri fjölbreytni sem er að finna innan hinnar eigindlegu rannsóknahefðar
- að nemendur dýpki þekkingu sína á eigindlegum rannsóknaraðferðum og öðlist aukna færni í öflun rannsóknagagna á vettvangi
- að nemendur þjálfist í greiningu og túlkun rannsóknagagna og fræðaskrifum sem byggja á eigindlegum rannsóknagögnum
- að nemendur læri að vinna ítarlega rannsóknaráætlun
- að nemendur fái tækifæri til að fjalla um sínar eigin rannsóknir og fái endurgjöf á rannsóknarvinnuna.

**Námstilhögun**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og verkefnatímum. Námskeiðið er sniðið fyrir meistara- og doktorsnema sem eru að vinna lokaverkefni sem byggja á eigindlegum rannsóknaraðferðum. Nauðsynlegt er að nemendur hafi þegar nokkuð af eigin rannsóknargögnum til að vinna með í námskeiðinu. Afar mikilvægt er að nemendur hafi samráð við leiðbeinanda sinn um framvindu rannsóknarinnar, afmörkun hennar og áherslur í rannsóknarvinnunni.
Þetta er prófiaus áfangi og því er grundvallaratriði að nemendur mæti í alla tíma, bæði fyrirlestra og verkefnatíma.
Æskileg undirstaða: Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (FOM102F)

**FOM301F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**FOM401F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**MAN001F • MA-ritgerð • (40e) • Haust**
MA-ritgerð.
MA-ritgerð.

**MAN002F • MA-ritgerð • (40e) • Vor**
MA-ritgerð.
MA-ritgerð

**MAN003F • MA-ritgerð • (40e) • Sumar**
MA-ritgerð.
MA-ritgerð.

**MAN004F • Lesnámskeið um sérsvið • (10e) • Haust**
Nemandi vinnur skrifleg verkefni eða ítarlega heimildaritgerð um tiltekinn þátt þess rannsóknasviðs sem hann hefur valið sér í samráði við umsjónarkennara.
Verkefni.

**MAN005F • Lesnámskeið um sérsvið • (10e) • Vor**

Nemandi vinnur skrifleg verkefni eða ítarlega heimildaritgerð um tiltekinn þátt þess rannsóknasviðs sem hann hefur valið sér í samráði við umsjónarkennara.
Verkefni.

**MAN006F • Lesnámskeið í þróunarfræðum • (10e) • Haust**
Lesnámskeið.
Verkefni.

**MAN007F • MA-ritgerð • (30e) • Haust**
MA-ritgerð
MA-ritgerð

**MAN008F • MA-ritgerð • (30e) • Vor**
MA-ritgerð
MA-ritgerð

**MAN009F • MA-ritgerð • (30e) • Sumar**
MA-ritgerð
MA-ritgerð

**MAN010F • Doktorsverkefni í mannfræði • (30e) • Haust**
Verkefni í doktorsnámi.

**MAN011F • Doktorsverkefni í mannfræði • (30e) • Vor**
Verkefni í doktorsnámi.
Verkefni.

**MAN012F • Doktorsverkefni í mannfræði • (30e) • Sumar**
Verkefni í doktorsnámi.

**MAN013F • Lesnámskeið í mannfræði-Doktorsnám • (10e) • Haust**
Lesnámskeið í mannfræði-Doktorsnám

**MAN014F • Lesnámskeið í mannfræði-Doktorsnám • (10e) • Vor**
Lesnámskeið í mannfræði-Doktorsnám

**MAN015F • Lesnámskeið í þróunarfræðum • (10e) • Vor**
Lesnámskeið.
Verkefni.

**MAN017F • Fjölmenning • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Kristín Loftsdóttir Prófessor
Kennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Í námskeiðinu verða kynntar helstu kenningar og stefnur sem fram hafa komið í tengslum við rannsóknir á fjölmenningu og fjölmennigarlegu samfélagi. Fjallað verður á gagnrýninn hátt um hugtakið fjölmenning og tengd hugtök eins og menningu, samlögun, aðlögun og samþættingu. Í námskeiðinu eru ólíkar nálganir og kenningarmótun fræðimanna fyrst og fremst dregnar fram og gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum félagsvísindamanna á þessu sviði.
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og umræðna.
Verkefni og ritgerð.

**MAN018F • Þróunarsamvinna: Stefnur og stofnanir • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Þórdís Sigurðardóttir
Fjallað verður um mismunandi leiðir til þróunaraðstoðar, styrk þeirra og veikleika. Til umfjöllunar verða fjölþjóðastofnanir, tvíhliða stofnanir og frjáls félagasamtök. Nálganir sem ræddar verða eru verkefnanálgun, geiranálgun, þátttökunálgun og samþætting. Einnig verður fjallað um verslun, skuldasöfnun, spillingu, öryggismál and neyðaraðstoð. Loks verður rætt um árangursmat aðstoðar.
Verkefni og ritgerð.

**MAN019F • Kenningar í þróunarfræðum • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Kennari: Þórdís Sigurðardóttir
Námskeiðið fjallar um helstu kenningar sem settar hafa verið fram til að útskýra skiptingu heimsins í mismunandi "þróuð" svæði og tillögur þeirra til úrbóta. Hugtakið þróun verður skoðað og fjallað verður um hagfræðilegar, félagsfræðilegar, marxiskar, feminískar og post-kenningar um þróun. Auk þess verða gagnrýnin nútímavæðing, Washington samþykktin og post-Washington samþykktin tekin til skoðunar, ásamt hugmyndum um þróun sem góða stjórnunarhætti og spillingafrítt samfélag. Farið verður sérstaklega í framlag mannfræðinnar til fræðilegrar umfjöllunar um þróunarmál og loks verður samspil þróunarkenninga og nálgana í þróunarsamvinnu skoðað.
Ritgerð, verkefni og netumræða

**MAN022F • Verkefni í mannfræði • (2e) • Haust**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN022F • Verkefni í mannfræði • (2e) • Vor**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN022F • Verkefni í mannfræði • (2e) • Sumar**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN023F • Verkefni í mannfræði • (4e) • Haust**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN023F • Verkefni í mannfræði • (4e) • Vor**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN023F • Verkefni í mannfræði • (4e) • Sumar**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN024F • Verkefni í mannfræði • (6e) • Haust**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN024F • Verkefni í mannfræði • (6e) • Vor**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN024F • Verkefni í mannfræði • (6e) • Sumar**
Verkefni í umsjón kennara.
Verkefni.

**MAN101F • Ímyndir, vald og framandleiki • (10e) • Haust • 3f**
Kennari: Kristín Loftsdóttir Prófessor
Námskeiðið skoðar sögulega hvernig orðræður um ákveðna hópa hafa markað þá sem framandi í gegnum margskonar ímyndir og texta. Áhersla verður á að skoðað ímyndir og tengsl nýlenduherra og viðfanga á nýlendutímanum og tengsl við lykilhugtök eins og menning og þróun. Skoðaðar verða einnig ímyndir jaðarhópa í samtímanum og tenging þeirra við eldri orðræður, sem og lögð áhersla á í þessu samhengi andóf og virka mótspyrnu jaðarhópa.
Nemendur í fjarnámi: Gert er ráð fyrir að minnsta kosti einni staðlotu í námskeiðinu.
Verkefni.

**MAN102F • MA ritgerð 40 einingar • (40e) • Haust**
MA ritgerð

**MAN201F • MA ritgerð 40 einingar • (40e) • Vor**
MA-ritgerð

**MAN301F • MA ritgerð 40 einingar • (40e) • Sumar**
MA ritgerð

**MAN317M • Hnattvæðing • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Kennari: Kristín Loftsdóttir Prófessor
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Í námskeiðinu verða skoðaðar nýlegar kenningar og rannsóknir sem tengjast hnattvæðingu og hnattrænum ferlum. Rýnt verður í ýmis hugtök eins og menning, "transnationalism" svæðing og afsvæðing. Einnig verða skoðaðar rannsóknir sem varpa ljósi á ólíkar hliðar hnattvæðingar og afleiðingar fyrir félagslegan, efnislegan og pólitískan veruleika. Í námskeiðinu er bæði fjallað á gagnrýnin hátt um fyrrnefnd hugtök en einnig lögð áhersla á að skoða rannsóknir á hvernig fólk er þátttakendur/þolendur/gerendur í hnattvæðingarferlum.
Kennslan felst í fyrirlestrum og umræðum. Mikil áhersla er á þátttöku nemenda.
Verkefni og ritgerð

**MAN318M • Líkami og samfélag • (10e) • Haust • 4f**

Umsjónarkennari: Gísli Pálsson Prófessor
Kennari: Kristín Harðardóttir Aðjúnkt
Undanfarin ár hafa rannsóknir í mannvísindum (ekki síst í mannfræði) og skyldum greinum (m.a. kynjafræðum, sögu, bókmenntafræði og heimspeki) í vaxandi mæli beinst að mannslíkamanum. Þetta námskeið fjallar um rannsóknir á tengslum líkama og samfélags og félagslegar kenningar sem leggja áherslu á líkamann. Mannfræðin hefur raunar ætíð látið líkamann og líffræðina til sín taka, en fram til þessa hefur athyglin yfirleitt ekki beinst að tengslum líkama og líffræði annars vegar og samfélags og menningar hins vegar eða sjálfri tvíhyggjunni sem slík skipting endurspeglar. Í námskeiðinu er lögð áhersla á nýleg feminísk verk, m.a. um tengsl kynferðis og líffræði og þýðingu valds og kynbundinna ímynda. Fjallað er um ólík viðhorf til líkamans og starfsemi hans (m.a. heilsu og sjúkdóma); sérstaklega er hugað að samanburði á "vestrænum" hugmyndum hvað þetta snertir og hugmyndum í öðrum samfélögum og á öðrum tímum.
Skriflegt próf og ítarleg heimildaritgerð.

**MAN402M • Heilsumannfræði • (10e) • Vor**
Kennari: Kristín Harðardóttir Aðjúnkt
Kennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Fjallað verður um sögu og kenningar heilsumannfræðinnar og mikilvægi samspils líffræðilegrar og félagslegrar mannfræði fyrir hana. Alþjóðleg stefnumótun, heilsa, heilbrigðisþjónusta og faraldrar verða rædd, sem og læknisfræðileg framþróun, lífsiðfræði og þróun lyfja. Fjallað verður um fæðingar, brjóstagjöf og barnadauða, fæðu, næringu og fíkn. Þá verður heilsa minnihlutahópa, öldrun og dauðinn tekin til umfjöllunar. Áhrif menningar, félags- og efnalegra aðstæðna og tæknivæðingar á hugmyndir um heilsu, heilsufremjandi aðgerðir og viðbrögðum við sjúkdómum verða skoðuð og áhersla lögð á mikilvægi hagnýtingar heilsumannfræðinnar fyrir heilsu og heilbrigðisþjónustu.
Verkefni, ritgerð, kynning, netumræða og heimapróf.

**MAN502M • Stríðsátök og friðarferli • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Ása Björk Stefánsdóttir
Umsjónarmaður: Vilborg Ingólfsdóttir
Kennari: Guðrún Margrét Guðmundsdóttir
Kennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Í námskeiðinu verður gefið yfirlit yfir helstu kenningar um vopnuð átök, fræðilegar skilgreiningar á viðeigandi hugtökum og aðferðafræðilegar nálganir. Nýlegar rannsóknir mannfræðinnar á viðfangsefninu verða kynntar þar sem fjallað er um aðkomu mismunandi hópa fólks að vopnuðum átökum og afleiðingum átakanna. Einstök átakasvæði verða tekin til skoðunar þar sem greindir verða áhrifaþættir og mögulegar friðarlausnir.
Verkefni og ritgerð.

**MAN601F • Vettvangsaðferðir • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Unnur Dís Skaptadóttir Prófessor
Kennari: Jónína Einarsdóttir Prófessor
Fjallað er um vettvangsaðferðir mannfræðinnar og nemendur þjálfaðir í beitingu þeirra. Áhersla er lögð á siðfræðileg álitamál, rannsóknaráætlanir, vettvanginn, þátttökuathugnanir, mismunandi tegundir viðtala, notkun myndrænna gagna, öflun heimilda, greiningu gagna og kynningu niðurstaðna.
Verkefni.

**NSR101F • Skipulögð vinnubrögð í námi og starfi • (4e) • Haust • 1f + 1u**
Kennari: Arnheiður G Guðmundsdóttir
Kennari: María Dóra Björnsdóttir Náms-og starfsráðgjafi
Markmið þessa námskeiðs er að nemendur kunni skil á þáttum sem stuðla að skipulögðum vinnubrögðum í námi og starfi s.s. markmiðssetningu, tímastjórnun, námsstíl og námstækni. Ennfremur að nemendur kynnist aðferðum sem geta nýst ráðþegum á mismunandi skólastigum og á vinnumarkaði við að tileinka sér skipulögð vinnubrögð. Þá verða vinnuvenjur og sálrænir þættir sem hafa áhrif á líðan og árangur í námi og starfi skoðaðir.
80% tímasókn. Verkefni.

**NSR102F • Inngangur að námsráðgjöf • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er annars vegar að gefa sögulegt yfirlit yfir námsráðgjöf, hérlendis sem erlendis og skipan þessarar þjónustu. Gerð er grein fyrir starfi námsráðgjafa í skólakerfinu og gefin sýn á nokkur helstu álitamál námsráðgjafar. Hins vegar er meginmarkmið námskeiðsins er að kynna kenningar nokkurra af helstu frumkvöðlum ráðgjafarfræðanna.
Verkefni og próf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námskeiðsins.

**NSR103F • Náms- og starfsfræðsla • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Kennari: Guðrún Helga Kristinsdóttir
Kennari: Ingveldur Sveinbjörnsdóttir
Kennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur þekki skipan og þróun skólakerfisins. Fjallað verður um vinnumarkað framtíðarinnar, störf og atvinnuvegi. Nemendur læra aðferðir við hönnun og framkvæmd námskeiða í náms- og starfsfræðslu. Í tengslum við námskeiðið verður farið í allmargar heimsóknir í fyrirtæki og skólastofnanir. Farið er í heimsóknir utan kennslutímans.
Verkefni og misserispróf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námskeiðsins.

**NSR104F • Viðtalstækni • (8e) • Haust • 2f + 3u**
Umsjónarmaður: Sif Einarsdóttir Dósent
Kennari: Auður Róberta Gunnarsdóttir Sálfræðingur/Námsráðgjafi
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grundvallarfærni í viðtalstækni. Þeir nái leikni í að greina hvað gerist í viðtali, geti brugðist á

árangursríkan hátt við viðbrögðum viðmælenda og skilji kosti og takmarkanir viðtala. Lögð verður áhersla á æfingar, þar sem m.a. verða notuð myndbandstæki.
Verkefni og æfingar.

**NSR105F • Inngrip í þróun starfsferils - Fjarnám • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Kennari: Guðrún Helga Kristinsdóttir
Kennari: Ingveldur Sveinbjörnsdóttir
Kennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Fjallað verður um hvernig unnt er að skipuleggja inngrip í þróun starfsferils í hópum. Kynntar verða aðferðir við hönnun og framkvæmd slíkra inngripa. Fjallað verður um framboð í skólakerfinu og þróun í atvinnulífinu. Í tengslum við námskeiðið verður farið í allmargar heimsóknir í fyrirtæki og skólastofnanir. Farið er í heimsóknir utan kennslutímans.
Verkefni og misserispróf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námskeiðsins.

**NSR201F • Starfsþjálfun • (10e) • Haust & vor**
Umsjónarmaður: Elva Ellertsdóttir Deildarstjóri
Kennari: Davíð Schiöth Óskarsson
Kennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Kennari: Arnar Þorsteinsson
Kennari: Arnfríður Ólafsdóttir Deildarstjóri
Kennari: Jónína Ólafsdóttir Kárdal Náms-og starfsráðgjafi
Starfsþjálfun beinist að því að tengja fræðilegt nám og starfsvettvang. Nemendur vinna undir handleiðslu starfandi námsráðgjafa. Á haustmisseri byrja allir nemendur á því að fara í starfsþjálfun sem er í umsjón Námsráðgjafar Háskóla Íslands. Á vormisseri tekur við starfsþjálfun við skóla, vinnumiðlanir eða aðrar stofnanir. Fjöldi nemenda takmarkast við möguleika á námsdvöl. Til viðbótar starfsþjálfun á vettvangi bætast við umræðutímar með kennurum í náminu.
Mat á starfsþjálfun og verkefni.

**NSR202F • Próffræði og mat • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Sif Einarsdóttir Dósent
Kennari: María Dóra Björnsdóttir Náms-og starfsráðgjafi
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist annars vegar mats- og prófffræðum og hins vegar helstu matstækjum sem notuð eru í náms- og starfsráðgjöf. Kynnt verða helstu grunnhugtök mats- og prófffræða, ólíkar niðurstöðutölur, hugmyndafræði og aðferðir við mat á gæðum og notagildi matstækja. Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu og færni í að leggja mat á gæði þeirra matsaðferða og prófa sem notuð eru í náms og starfsráðgjöf og fái innsýn í notkunarmöguleika helstu matstækja.
Skriflegt próf á miðju misseri og verkefni. Krafist er lágmarkseinkunnar 5,0 bæði í verkefna- og prófþætti námskeiðsins

**NSR203F • Persónulegir og félagslegir erfiðleikar nemenda • (10e) • Vor • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Kennari: Margrét Birna Þórarinsdóttir
Kennari: Hrund Þrándardóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist helstu persónulegu og félagslegu erfiðleikum nemenda á grunn- og framhaldsskólastigi. Nemendur öðlist færni í því að bera kennsl á tiltekin vandamál nemenda, fjalli um forvarnarstarf og kynnist rannsóknum um þessi efni. Nemendur kynnist starfi sérfræðinga svo sem sálfræðinga, geðlækna og annarra meðferðaraðila með tilvísun í huga.
Verkefni og próf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námskeiðsins.

**NSR204F • Náms- og starfsráðgjöf • (6e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Kennari: Jónína Ólafsdóttir Kárdal Náms-og starfsráðgjafi
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist helstu kenningum um starfsval og þróun starfsferils og hagnýtingu þeirra í náms- og starfsráðgjöf. Kynntar verða fræðilegar undirstöður hverrar kenningar um starfsferilinn, jafnframt því sem nemendur fá innsýn í aðferðir og tækni sem notuð er í náms- og starfsráðgjöf. Nemendur fá þjálfun í notkun skipulagðra könnunaraðferða í náms- og starfsráðgjöf.
Kannanir og verkefni. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námskeiðsins.

**NSR301F • Starfsráðgjöf • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Kennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna kenningar og aðferðir sem unnt er að nota í starfsráðgjöf með hópum og einstaklingum. Þátttakendur fá tækifæri og hvatningu til að æfa aðferðir í starsfráðgjöf. Einnig verður kynning á helstu matstækjum sem gagnast í náms- og starfsráðgjöf og þjálfun í notkun áhugasviðskannana.

**NSR303F • MA-ritgerð í náms- og starfsráðgjöf • (30e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Sjá reglur félagsvísindadeildar um lokaverkefni til meistaraprófs.

**NSR304F • Starfsþjálfun I - Fjarnám • (4e) • Haust • 1f + 1u**
Umsjónarmaður: Elva Ellertsdóttir Deildarstjóri
Umsjónarkennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Kennari: Jónína Ólafsdóttir Kárdal Náms-og starfsráðgjafi
Starfsþjálfun beinist að því að tengja fræðilegt nám og starfsvettvang. Nemendur kynnast störfum náms- og starfsráðgjafa og ýmsum

stofnunum og fyrirtækjum á sviðinu. Nemendur taka þátt í fræðslu, kynnisheimsóknum og starfslotum á vettvangi. Nemendur taka einnig þátt í umræðum og verkefnavinnu. Fjöldi nemenda takmarkast við möguleika á námsdvöl.
Mat á og þátttaka í starfsþjálfun og verkefni.

**NSR305F • Doktorsritgerð • (30e) • Haust**
Doktorsritgerð

**NSR305F • Doktorsritgerð • (30e) • Vor**
Doktorsritgerð

**NSR305F • Doktorsritgerð • (30e) • Sumar**
Doktorsritgerð

**NSR306F • Viðtalstækni - fjarnám • (8e) • Haust • 2f + 3u**

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grundvallarfærni í viðtalstækni. Þeir nái leikni í að greina hvað gerist í viðtali, geti brugðist á árangursríkan hátt við viðbrögðum viðmælenda og skilji kosti og takmarkanir viðtala. Lögð verður áhersla á æfingar, þar sem m.a. verða notuð myndbandstæki.

**NSR401F • Hópráðgjöf og fjölmenningarleg ráðgjöf • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Annars vegar verður fjallað um kenningar um hópráðgjöf og um þá færni sem þarf til þess að stýra slíkri ráðgjöf. Fjallað er um hópráðgjöf frá upphafi til enda, þ.e. frá vali á þátttakendum, þau stig sem hópur gengur í gegnum, hvernig ráðgjöfinni er lokið og bundinn endi á hópstarfið. Hópráðgjöf er skoðuð í ljósi menningar og sjálfsmyndar þátttakenda. Áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til þess að upplifa bæði hlutverk þátttakanda í hópi og hópstjórnanda.
Hins vegar verður fjallað um ráðgjöf og fjölmenningu. Fjallað er um persónulega hleypidóma og menningarlegan margbreytileika og hvernig ráðgjöf þarf að taka mið af kynferði, trú, menningu, ættuppruna, fjölskyldu og persónusögu hvers og eins. Lögð er áhersla á að nemendur skerpi sýn sína á eigin viðhorf til annarra menningarhópa.

**NSR402F • MA-ritgerð í náms- og starfsráðgjöf • (30e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Sjá reglur félagsvísindadeildar um lokaverkefni til meistaraprófs.

**NSR403F • MA-ritgerð í náms- og starfsráðgjöf • (30e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Sjá reglur félagsvísindadeildar um lokaverkefni til meistaraprófs.

**NSR405F • Starfsþjálfun II - Fjarnám • (6e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Elva Ellertsdóttir Deildarstjóri
Umsjónarkennari: Sif Einarsdóttir Dósent
Kennari: Arnar Þorsteinsson
Kennari: Jónína Ólafsdóttir Kárdal Náms-og starfsráðgjafi
Starfsþjálfun beinist að því að tengja frekar fræðilegt nám og starfsvettvang og þjálfa nemendur til starfa. Nemendur vinna á vettvangi undir handleiðslu starfandi náms- og starfsráðgjafa og hljóta þjálfun í öllum helstu þáttum sem lúta að heildstæðri náms- og starfsþjálfun. Til viðbótar starfsþjálfun á vettvangi taka nemendur þátt í umræðum og verkefnavinnu. Fjöldi nemenda takmarkast við möguleika á námsdvöl.
Mat á og þátttaka í starfsþjálfun og verkefni.

**SAF002F • Kenningar í safnafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
Lesin verða kenningarleg grundvallarrit í safnafræði í bland við nýlegar rannsóknir. Saga greinarinnar verður skoðuð með gagnrýnu hugarfari og hugað verður að straumum og stefnum í faginu við upphaf 21. aldar. Námskeiðið er ætlað meistaranemum og diplómanemum.
**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegu lokaprófi (25%), munnlegu lokaprófi (25%), á skriflegu verkefni (25%) og á verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%).

**SAF005F • MA-ritgerð í safnafræði • (30e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
MA Ritgerð
MA Ritgerð

**SAF005M • Safn og samfélag: Sirkus dauðans? • (10e) • Vor • 4f**
Fjallað verður um samfélagslegt hlutverk safna út frá margvíslegum sjónarhornum, efnahagslegum, pólitískum, menningarlegum, félagslegum og síðast en ekki síst alþjóðlegum. Fjallað verður m.a. hlutverk safna í hugmyndinni um þjóð, lagalegt umhverfi safna,

rekstrarform, staða og hlutverk höfuðsafna, safna í eigu sveitarfélaga og annarra safna, fjármögnun safnastarfs, stefna yfirvalda í málefnum safna. Hugað verður að innlendum og erlendum dæmum. Námskeiðið er ætlað meistaranemum og diplómanemum.

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegu lokaprófi (25%), munnlegu lokaprófi (25%), á skriflegu verkefni (25%) og á verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%).

**SAF006F • Lesnámskeið í MA- námi • (5e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
Markmið lesnámskeiða er að nemendur hafi möguleika á að afla sérhæfðari þekkingar á ýmsum sviðum safnafræði. Kennari og nemendur ákveða lesefnið í sameiningu og nemendur gera skriflega grein fyrir þekkingu sinni í lok námskeiðsins.
Verkefni

**SAF007F • MA-ritgerð í safnafræði • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
MA- ritgerð

**SAF008F • Lesnámskeið í MA- námi • (5e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
Lesnámskeið

**SAF009F • MA-ritgerð í safnafræði • (30e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
MA ritgerð

**SAF010F • Lesnámskeið í MA- námi • (5e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Sigurjón B Hafsteinsson
Lesnámskeið

**SAF011F • Faglegt starf safna • (10e) • Vor • 4f**
Fjallað verður um faglegt starf safna, sem byggir á grundvallarhlutverki safns en í því felast eftirfarandi atriði: Miðlun á söfnum - aðstæður í dag, þróun, möguleikar. Söfnun og varðveisla - safnkostur, ný aðföng, meðferð og aðbúnaður safngripa (forvarsla, öryggi, varðveisla), þjónustuhúsnæði safna ofl. Skráning - skráningarkerfi safna, skráningaraðferðir ofl. Rannsóknir - rannsóknir á safnkosti og rannsóknir sem útskýra safnkost, faglegar rannsóknir. Jafnframt verður fjallað um mat á starfsemi safna, bæði út frá safngestinum og einnig sjálfsmat (aðferðir og úrvinnsla). Námskeiðið er ætlað meistaranemum og diplómanemum.
**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegu lokaprófi (25%), munnlegu lokaprófi (25%), á skriflegu verkefni (25%) og á verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%).

**SAF101F • Einstaklingsverkefni á safni: Starfsnám • (20e) • Haust**
Einstaklingsverkefni á safni: Starfsnám
Til að fá starfstímann (20e) metinn í safnafræði hefur verið miðað við að viðkomandi hafi starfað í 5 ár á safni eða tengdum stofnunum, og komið að flestum sviðum safnastarfs s.s. eins og stjórnun, umsjón með sýningargerð, skráningu og miðlun. Varðandi stjórnunarreynslu þarf það að fela í sér mannaforráð. Fyrir aðra, sem hafa afmarkaðri reynslu af safnastarfi er miðað við 10 ár. Með umsókn um mat þarf að skila inn starfs- og námsferilskrá umsækjanda. Einnig þarf að fylgja með staðfestingarbréf frá yfirmanni síðasta safns formlega undirritað af honum.

**SAF201F • Einstaklingsverkefni á safni: Starfsnám • (20e) • Vor**
Einstaklingsverkefni á safni: Starfsnám

**SAF301F • Einstaklingsverkefni á safni: Starfsnám • (20e) • Sumar**
Einstaklingsverkefni á safni: Starfsnám

**UMF031F • Háskólakennsla • (6e) • Sumar • 1f + 1u**
Kennari: Guðrún Geirsdóttir Lektor
Námskeiðið er einungis ætlað kennurum sem kenna á háskólastigi og er haldið í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands. Markmið námskeiðsins eru að þátttakendur: -átti sig á sérstöðu háskólakennslu -þekki til kennslufræðilegra hugmynda um nám og kennslu á háskólastigi -hafi hugleitt og reynt ólíkar aðferðir við skipulag náms og kennslu -geti lagt gagnrýnið mat á eigin kennslu með aðstoð annarra -geti rannsakað og eflt eigin kennsluhætti Námskeiðið er unnið í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og eru meginþættir þess: Kenningar um háskólakennslu og kennsluhætti Í þessum hluta námskeið munu þátttakendur fá innsýn inn í kennslufræði háskólastigsins. Fjallað verður um helstu kenningar um nám og kennslu og þátttakendur kynnast rannsóknum á háskólakennslu. Eigin kennsluhættir - valhluti í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og deildir. Í öðrum hluta námskeiðs gefst þátttakendum kostur á að skoða og greina eigin

kennsluhætti í samstarfi við aðra. Helstu verkefni eru upptökur á eigin kennslu og umræður við bandamenn. Verkefni: Ferilmappa (portfólíó). Rannsókn og þróun eigin kennsluhátta Í lokahluta námskeiðs velja þátttakendur sér viðfangsefni í kennslu sem þeir svo leitast við að þróa. Verkefni. Samantekt/kynning á niðurstöðum. Kennsla hefst haust 2007 fáist til þess nægur fjárstuðningur.
Verkefni.

**ÞJÓ001F • Lesnámskeið í MA-námi • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Lesnámskeið.
Verkefni.

**ÞJÓ002F • Lesnámskeið í MA-námi • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Markmið lesnámskeiða er að nemendur hafi möguleika á að afla sérhæfðari þekkingar á ýmsum sviðum þjóðfræði. Kennari og nemendur ákveða lesefnið í sameiningu og nemendur gera skriflega grein fyrir þekkingu sinni í lok námskeiðsins. Heppilegt er að nokkrir nemendur sameinist um eitt lesnámskeið. T.d. mætti fjalla um eftirtalin svið í lesnámskeiði: Hugmyndasögu þjóðfræðinnar; þjóðtrú og heimsmynd; menningararf, fjölmenningu og menningarpólitík; norræna trú og goðsögur; leiklist og þjóðfræði; og hagnýta þjóðfræði.
Verkefni.

**ÞJÓ003F • Lesnámskeið í MA-námi • (6e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Lesnámskeið.
Verkefni.

**ÞJÓ004F • MA-ritgerð • (30e) • Haust**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
MA-ritgerð
MA-ritgerð

**ÞJÓ005F • MA-ritgerð • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
MA-ritgerð
MA-ritgerð

**ÞJÓ006F • MA-ritgerð • (30e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
MA-ritgerð
MA-ritgerð

**ÞJÓ007F • Lokaverkefni í hagnýtri þjóðfræði • (30e) • Haust**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Lokaverkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ008F • Lokaverkefni í hagnýtri þjóðfræði • (30e) • Vor**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Lokaverkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ009F • Lokaverkefni í hagnýtri þjóðfræði • (30e) • Sumar**
Lokaverkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ010F • Hagnýtt verkefni í þjóðfræði I • (4e) • Haust**
Verkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ011F • Hagnýtt verkefni í þjóðfræði I • (4e) • Vor**
Verkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ012F • Hagnýtt verkefni í þjóðfræði I • (4e) • Sumar**
Verkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ013F • Hagnýtt verkefni í þjóðfræði II • (4e) • Haust**
Verkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ014F • Hagnýtt verkefni í þjóðfræði II • (4e) • Vor**
Verkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ015F • Hagnýtt verkefni í þjóðfræði II • (4e) • Sumar**
Verkefni.
Verkefni.

**ÞJÓ016F • Lesnámskeið í norrænni trú • (10e) • Vor**
Lesnámskeið.
Verkefni.

**ÞJÓ017F • Lesnámskeið í norrænni trú • (10e) • Haust**
Lesnámskeið.
Verkefni.

**ÞJÓ018F • Lesnámskeið í norrænni trú • (10e) • Sumar**
Lesnámskeið.
Verkefni.

**ÞJÓ101F • Að skrifa grein í fagtímarit • (10e) • Haust • 3f + 1æ**
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Elliott Lenard Oring Sendikennari
Námskeiðið er ætlað MA- og doktorsnemum sem vilja þjálfa sig í fræðilegum skrifum og kynnast heimi fagtímarita og fræðibókaforlaga. Áhersla er lögð á ritun fræðilegra greina til birtingar í fagtímaritum og greinasöfnum, fyrirlestrarformið, bókagagnrýni og bókaútgáfu. Námskeiðið þjálfar framhaldsnema til að taka fullan þátt í samræðum fræðaheimsins.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til að nemandinn:

- Hafi kynnst því hvernig fagtímarit og fræðibókaforlög í þjóðfræði og skyldum greinum hug- og félagsvísinda starfa (*þekking og skilningur*)
- Þekki þær kröfur sem fagtímarit og fræðibókaforlög gera til höfunda (*þekking og skilningur*)
- Hafi þjálfast í að rita grein til birtingar í fagtímariti (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*)
- Þekki þær kröfur sem gerðar eru til fyrirlestra á fræðilegum ráðstefnum (*þekking og skilningur*)
- Hafi þjálfast í að flytja mál sitt með þeim hætti sem krafist er á fræðilegum ráðstefnum (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*)

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegum og munnlegum verkefnum.

**ÞJÓ101M • Skapa fötin manninn? II: Fatnaður og tíska í dag • (4e) • Vor • 16f**
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Námskeiðið kynnir rannsóknir á tísku og fatnaði í samtímanum með sérstakri áherslu á hlutverk hins klædda mannslíkama í að viðhalda eða grafa undan félagslegri og menningarlegri aðgreiningu. Námskeiðinu er ætlað að miðla þekkingu á tísku og fatnaði með því að kynna nemendum ýmsar kenningar um þessi efni og fjalla jafnframt um ýmis dæmi úr okkar umhverfi á Vesturlöndum. Mikilvægur liður í námskeiðinu er ritgerð nemenda sem gefur þeim tækifæri til eigin vettvangsrannsókna á tísku og fatnaði á Íslandi og til að meta gildi kenninganna við raunverulegar aðstæður hér á landi.

Námskeiðið er kennt á ensku i einni lotu vikuna fyrir upphaf kennslu í janúar.

**Vinnulag**
Námskeiðið er kennt á ensku í einnar viku lotu. Það samanstendur af tveimur dögum af fyrirlestrum, vettvangsrannsókn þriðja daginn, og svo umræðutímum fjórða og fimmta daginn, auk þess sem nemendur skrifa stutta (5-7 bls.) ritgerð.

Námsmat byggist á virkri þátttöku í fyrirlestrar- og umræðutímum, vettvangsrannsókn og ritgerð. Ritgerðin þarf að mæta almennum fræðilegum kröfum, þ.m.t. um tilvísanir til heimilda.

**ÞJÓ102F • Málstofa MA nema í þjóðfræði I • (2e) • Haust • 2u**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Málstofa MA nema í þjóðfræði

**ÞJÓ202F • Sviðslistafræði (Performance Studies): Frá sagnaflutningi til uppistands, kjötkveðjuhátíða og stjórnmálamanna • (10e) • Vor • 3f + 1æ**

Kennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Sviðslistafræði (Performance Studies) fjallar um það hvernig fólk í öllum samfélögum, bæði fyrr og nú, tekur þátt í ymis konar sviðslist (*performances*) í daglegu lífi, á mismunandi "leiksviðum", allt frá helgisiðum til kirkjupredikana, leiksýninga, kvikmyndasýninga, útvarpsþátta, uppistands, sagnaflutnings, gjörningalistar, hátíða, útskriftasiða, matarboða, dulbúningasiða og málflutnings stjórnmálamanna heima og erlendis. Á námskeiðinu munu nemendur kynnast þeim margslungnu táknmálsformum sem beitt er í mismunandi tegundum sviðslista, frá talmáli til búninga, útlits, svipbrigða, kyns, samhengis, hljóðs, "timing" og nytsemi rýmis og viðtöku áhorfenda.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til þess að nemandinn:

- hafi fengið góða innsýn í sviðlistafræði og þau atriði sem falla undir þeirri svið (*þekking og skilningur*)
- þekki og kunni að beita helstu hugtökum sem notuð eru í sviðslistafræði í dag (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- kunni þá aðferðafræði sem beitt er í rannsóknum í sviðslistafræði (*þekking og skilningur*)
- þekki táknmál sviðslistafræða (*þekking og skilningur*).
- geti tjáð sig fræðilega (skriflega og munnlega) um sviðlistafræði á sjálfstæðan hátt (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum um fyrirlestra og farið í heimsóknir.
Námsmat byggist á skriflegu lokaverkefni (40%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegu lokaprófi (50-60%). Nemendur í MA-námi fá ekki einkunn fyrir mætingu en þurfa að lesa efni í samráði við kennara og stýra umræðuhópi.

**ÞJÓ203F • Norræn trú • (10e) • Vor • 4f**
Trúarlíf manna á norðurslóðum er tekið fyrir og heimildir allt frá elstu tímum, eins og grafir, rúnasteinar, hellaristur og aðrar fornminjar verða skoðaðar. Einnig verða lesnar lýsingar á norrænum trúarathöfnum í verkum eftir Tacitus, Adam frá Brimum, Saxo Grammaticus og í fornritum Íslendinga eins og Eddukvæðum og Konungasögum. Auk norrænnar trúar verður fjallað um seið og sjamanisma. Örlagatrú er tekin til ítarlegrar umfjöllunar sem meginþáttur í forkristnum átrúnaði á Norðurlöndum. Loks er vikið að því hvernig kristindómur hefur fallið að norrænum lífsháttum og hugsunarhætti. Námskeiðið er kennt á ensku.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til þess að nemandinn:

- hafi kynnst sem flestum frumheimildum um norræna trú (ritheimildir; forleifar) (*þekking og skilningur*)
- þekki landfræðilegt, sögulegt og félagsfræðilegt samhengi heimildanna (*þekking og skilningur*)
- geti vegið og metið frumheimildir og hafi skilning á því hvernig þær eru notaðar til að draga ályktanir um norræna trú (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- hafi kynnst helstu fræðilegum verkum sem fjalla um norræna trú, og lært að dæma höfunda eftir heimildum þeirra (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- geti tjáð sig fræðilega (skriflega og munnlega) um norræna trú og geti metið notkun heimilda um norræna trú (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, og umræðum um fyrirlestra.
Lokaverkefni (40%), mætingu (10%, ef hægt er), og skriflegt lokapróf (50-60%). Nemendur í MA-námi fá ekki einkunn fyrir mætingu en þurfa að lesa efni í samráði við kennara og stýra umræðuhópi.

**ÞJÓ204F • MA ritgerð 10 e • (10e) • Vor**
MA ritgerð 10 e

**ÞJÓ301F • Húmor • (10e) • Haust • 4f**
Húmor gegnir veigamiklu hlutverki í mannlegu samneyti og er mikilvægur þáttur í skapandi samskiptum manna á meðal. Í þessu námskeiði hugum við m.a. að því hvernig húmor kemur við sögu þjóðernis, kyngervis, kynþáttar, stéttarstöðu og sjálfsmyndar sem og hvernig húmor er beitt þegar veikindi, andlát eða harmleik ber að höndum. Þá einkennast fyrstu listrænu viðbrögðin við atburðum líðandi stundar gjarnan af húmor, þ.á.m. viðbrögð við stórslysum, hneykslum og umbrotum á vettvangi stjórnmálanna. Þjóðfræðingar hafa verið fremstir í flokki í félagslegum rannsóknum á húmor í meira en öld og hafa þá gjarnan beint athyglinni að bröndurum sem ganga á meðal almennings eða hjá einstökum hópum fólks. Auk brandara mun námskeiðið sækja efnivið í dægurmenningu, kvikmyndir, fjölmiðla og listir.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er ætlast til að nemandinn:

- Hafi fengið góða innsýn í hlutverk húmors í menningu og samfélagi (*þekking ogskilningur*)
- Kunni skil á helstu kenningum um húmor og brandara (*þekking og skilningur*)
- Kunni skil á meginhugtökum við greiningu á húmor og bröndurum (*þekking og skilningur*)
- Geti sett brandara í samhengi við kosti, kjör, áhyggjur og áhugamál þess hóps eða samfélags sem því miðlar (*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- Geti tjáð sig fræðilega um húmor (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegum og munnlegum verkefnum

**ÞJÓ302F • Skoskar ballöður • (4e) • Haust**
Kennt: **25.-28. ágúst 2008**
Kennari: **Dr. Katherine Campbell, Háskólinn í Edinborg**
Skoskar ballöður ("Muckle Sangs") eru í senn sérstæður og mikilvægur hluti skosks þjóðlagaarfs. Efni þessara frásagnarkvæða/söngva, sem skiptast í erindi og einkennast af formúlukenndu orðfæri, er fjölbreytt og margt af því á við enn þann dag í dag. Í námskeiðinu verður farið í einstök kvæði með áherslu á söguþráð þeirra og framsetningu skosks tungumáls, auk þess sem rætt verður um textana, lögin og samhengi

þessa. Þá verður farið í helstu ballöðusöfnin og flytjendur kvæðanna í samhengi við útbreiðslu, flokkun (F. J. Child og B. H. Bronson) og flutning. Sérstakri athygli verður beint að Norð-austur Skotlandi, svæði sem hefur laðað að sér marga ballöðusafnara.
**Markmið: Inntak / viðfangsefni**
Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemandinn:

- hafi lesið eitt helsta rit um skoskar ballöður (The Ballad and the Folk eftir David Buchan) og kynnst verkum eftir Francis James Child og Bertrand Harris Bronson, auk þess að hafa kynnt sér nýjustu rannsóknir á umræddu fræðasviði (þ.e. Fairies and Folk eftir hinn virta fræðimann Emily Lyle) (*þekking og skilningur*)
- hafi öðlast góða undirstöðuþekkingu á skosku ballöðunni hvað varðar form, mál og viðfangsefni (*þekking og skilningur*)
- hafi tekið þátt í verkefnavinnu í tímum og þá m.a. hlustað á flutning skoskra kvæðamanna í þeim tilgangi að átta sig á einkennum "skoskunnar"(*hagnýt og fræðileg hæfni*)
- hafi fengið góða innsýn í flutning ballaða fyrr og nú, sem og aðstæður við söfunun þeirra (*þekking og skilningur*)
- geti tjáð sig fræðilega (skriflega og munnlega) um skoskar ballöður og viti hvernig finna má helstu heimildir á ensku er varða viðfangsefnið (*hagnýt og fræðileg hæfni; hæfni til samskipta*).

**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum um fyrirlestra.

**ÞJÓ302M • Hugarheimur víkinga • (4e) • Vor • 16f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarmaður: Terry Adrian Gunnell Dósent
Þetta námskeið veitir inngang að forkristnum hugarheimi víkinganna, þar sem hugmyndir þeirra og trú verða skoðuð með hliðsjón af margbreytilegum heimildum úr fornleifafræðafræði og skriflegum heimildum. Sérstök áhersla verður lögð á hegðun sem tengist greftrun og grafhýsum, og tengingu hennar við trúarlega hegðun í öllum sínum myndum. "Trúarbrögð" víkinganna verður afbyggð, og lýst fyrst of fremst sem trúarlegt kerfi (*belief system*), eða heimsmynd sem hefur áhrif á allar hliðar lífsins, og birtist í efnismenningu sem teygir sig langt fram yfir óraunveruleg höft ímyndaðar heiðinnar "trúarbragðar". Sýnt verður fram á að hefðbundin heimssýn norrænna manna hefur spilað mikilvægan þátt í veröld víkinganna, og verið kjarni sjálfsmyndar þessa dínamísku menningarhópa sem umbreytti norðrinu milli áttundu og elleftu aldanna.

Námskeiðið verður kennt á ensku í einni lotu í janúar.
Skiflegt próf í lok jan. 2010

**ÞJÓ303F • Málstofa MA nema í þjóðfræði II • (2e) • Haust • 2u**
Málstofa MA nema í þjóðfræði II
Nauðsynleg undirstaða: Málstofa MA nema í þjóðfræði I (ÞJÓ102F)

**ÞJÓ410M • Norrænar goðsögur • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Námskeiðið fjallar um norrænar goðsögur og helstu heimildir þar að lútandi. Nemendur munu lesa frumheimildir með gagnrýnum hætti og læra um uppruna, hlutverk, birtingarmyndir og dreifingu norrænna goðsagna og tengsl þeirra við trúarathafnir og þjóðfélag norrænna manna fyrir kristnitöku. Sérstök áhersla verður lögð á varðveislu norrænna goðsagna hjá kristnum mönnum á miðöldum og heimildarrýni. Spurt verður að hvaða marki goðsögurnar endurspegli heiðinn hugarheim og hvernig þær kunni að litast af kristnum hugmyndum um hinn forna sið og heiðin goð. Höfuðáhersla verður lögð á vitnisburð Snorra Eddu og eddukvæða, og nemendur munu kynnast lykilhugmyndum í goðafræðinni eins og Ragnarök og örlagatrú. Ennfremur verður fjallað um tengsl trúarbragða við tungumál og hinn heiðna arf í þjóðfræði á síðari tímum. Myndrænt efni, fornleifar og nafnfræði verður einnig tekin til umfjöllunar ásamt samanburðarefni frá öðrum menningarsvæðum og þróun goðafræðirannsókna.
(Námskeiðið verður kennt á ensku)
**Vinnulag:**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum í tímum.
Námsmat byggist á skriflegu lokaverkefni (50%), mætingu (10%) og munnlegu lokaprófi (40-50%).

**ÞJÓ420M • Þjóðfræði samtímans: Álfar, innflytjendur og hryðjuverkamenn • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Í námskeiðinu skoðum við hvernig þjóðfræðaefni vegnar í vestrænum nútímasamfélögum og rýnum í fjölmiðlaefni, kvikmyndir og internetið, auk þess sem við skoðum munnlega og verklega geymd. Á meðal þess sem við tökum til athugunar eru flökkusagnir og ævintýri, trú og fordómar, leikir og hátíðir, veggjakrot og brandarar, og allra handa siðir og venjur. Markmiðið er að bæta skilning okkar á hversdagslegum undirstöðum nútímamenningar og auka meðvitund okkar um allt það "ómerkilega" sem á ríkan þátt í að móta sjónarhorn okkar á samfélagið og viðhorfið til náungans. Stuðst verður við nýjar og nýlegar rannsóknir í þjóðfræði, menningarfræði og skyldum greinum.
**Vinnulag**
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á söfnunar- og greiningarverkefni (50%), þremur skyndiprófum (30%), á umræðustjórnun (10%) og á mætingu og þátttöku (10%, ef hægt er).

**ÞJÓ502M • Alþýðumenning og fagurfræði hversdagsins • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Í námskeiðinu rannsökum við sjónarhorn þjóðfræðinnar á menningu og samfélag með sérstakri áherslu á daglegt líf og daglegt brauð - það sem kalla mætti prósa heimsins. Við tökum sögu þjóðfræðinnar til skoðunar með gagnrýnu hugarfari og setjum í samhengi við sögu grannfaganna og við könnum í sameiningu strauma og stefnur við upphaf 21. aldar. Þá förum við í saumana á helstu hugtökum, þ.á m.

menningarmun og margbreytileika, þjóðerni, kyngervi, alþýðu, hefð, hópi, höfundi, hnattvæðingu, fjölhyggju, elleftu stundinni, menningarlegu forræði, menningararfi og eignarhaldi á menningu.
Markmiðið er að skilja hvernig mennirnir skapa hversdaginn og fylla daglegt umhverfi sitt merkingu, hvernig þeir móta líf sitt við aðstæður sem þeir hafa ekki sjálfir kosið sér, hvort heldur sem er í bændasamfélagi fyrri tíðar eða borgarsamfélagi 21. aldarinnar. Námskeiðið er ætlað meistaranemum, en er einnig opið nemendum á þriðja ári í BA-námi.

**Markmið:**

Í lok námskeiðsins er ætlast til að nemandinn:

- Hafi lesið ýmis grundvallarrit í þjóðfræði
- Kunni skil á straumum og stefnum á 20. og 21. öld
- Þekki þær breytingar sem fagið hefur gengið í gegnum og þá sjálfsgagnrýnu umræðu sem fer nú fram innan fagsins
- Hafi vald á lykilhugtökum í greiningu á alþýðumenningu og fagurfræði hversdagsins
- Geti rökrætt um menningu hópa og menningarmun með tilvísun til kenninga og fræðilegra hugtaka

**Vinnulag**

Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist á skriflegu lokaprófi (25%), munnlegu lokaprófi (25%), á skriflegu verkefni (25%) og á verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%).

**ÞJÓ601M • Menningararfur • (10e) • Vor • 4f**

Umsjónarkennari: Terry Adrian Gunnell Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Hvað er menningararfur og hvaða hlutverki þjónar hann? Af hverju er hann í stöðugri útrýmingarhættu? Hvernig tengir hann saman fortíð og samtíð? Hvað á hann skylt við þjóðríkið? Söguvitund? Hnattvæðingu? Kapítalisma? Stjórnmál? Í námskeiðinu verður leitað svara við þessum spurningum, kynntar nýlegar rannsóknir þjóðfræðinga, mannfræðinga, listfræðinga, félagsfræðinga, safnafræðinga, sagnfræðinga og fornleifafræðinga á menningararfi og tekinn púlsinn á því sem er að gerast á þessu ört vaxandi sviði.
Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðum.
Námsmat byggist skriflegu lokaprófi (65%), verkefni sem kynnt er með fyrirlestri (25%) og á mætingu og þátttöku (10%, ef hægt er).

## Félagsráðgjafardeild

**FRG101G • Almenn félagsráðgjöf: Saga, kenningar og fagþróun • (6e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Kennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grundvallarþekkingu á hugmyndafræði, kenningum, sögu og þróun félagsráðgjafar sem starfs- og fræðigreinar. Jafnframt öðlist nemendur þekkingu á fjölbreyttum starfshlutverkum félagsráðgjafa og á sérsviðum félagsráðgjafar í heilbrigðis- og félagsþjónustu, réttar- og skólakerfi. Helstu atriði sem fjallað er um eru: Saga og uppruni félagsráðgjafar, kenningar, vinnuaðferðir og framtíð félagsráðgjafar.
Verkefni og próf.

**FRG102G • Kenningar um mannlega hegðun, ytri og innri mótunarþættir • (6e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Kennari: Þórey Vigdís Ólafsdóttir
Í námskeiðinu er fjallað um megin kenningar um mannlega hegðun. Kenningaþróunin verður skoðuð í ljósi sögu, samfélags og fræðilegrar framvindu á sviðinu. Hugmyndafræði og framlag frumkvöðlanna verður kynnt. Kynntar verða helstu rannsóknaraðferðir félagsvísindanna og fjölfræðileg nálgun heilsufræðinnar. Áhersla er lögð á mikilvægi gagnrýninnar- og skapandi hugsunar í félagsvísindum. Fjallað verður um fordóma og stimplun og reynt að tengja umfjöllunina sem flestum sviðum félagsráðgjafar.
Verkefni og skriflegt próf.

**FRG103G • Áfengis- og vímuefnamál • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Kennari: Erla Björg Sigurðardóttir
Helstu atriði sem fjallað verður um: Kenningar um áfengis- og vímuefnamál, skilgreiningar á áfengisfíkn og helstu líkamlegu og sálræn viðbrögð áfengis- og vímuefnaneytenda, skýringarlíkön á áfengisfíkn og áhrif þeirra á meðferð, afleiðingar og áhrif áfengis- og vímuefnaneyslu á fjölskylduna, löggjöf og uppbyggingu þjónustu. Áhersla er lögð á starfshlutverk félagsráðgjafa við fræðslu, ráðgjöf og forvarnarstarf á sviði áfengis- og vímuefnamála.
Skriflegt próf.

**FRG104G • Vinnulag í félagsráðgjöf • (4e) • Haust • 2d + 1u**
Umsjónarkennari: Chien Tai Shill Aðjunkt
Kennari: Guðrún H Sederholm
Kennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Aðstoðarkennari: Margrét Arngrímsdóttir
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum í félagsráðgjöf grundvallarfærni í fræðilegum vinnubrögðum í háskólanámi. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð við úrvinnslu heimilda, frágang tilvísana, tilvitnana og heimildaskráa. Fjallað er um grunnatriði í bókasafnsnotkun og grundvallaratriði við upplýsingaöflun og textavinnslu. Sérstaklega er fjallað um notkun og öflun rafrænna gagna í félagsráðgjöf. Nemendur vinna m.a. raunhæf verkefni til þjálfunar vinnubragða.
Verkefni.

**FRG202G • Félagsmálastefnur - velferð og vandi • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita haldgóða undirstöðuþekkingu á upphafi, þróun og einkennum velferðarkerfa frá sjónarhorni félagsráðgjafar. Fjallað er um kenningar, grunnhugtök og aðferðafræði velferðarrannsókna. Sérstök áhersla er lögð á sögulega þróun og einkenni íslenska velferðarkerfisins. Meðal annars er fjallað um þróun barnaverndar, framfærsluaðstoðar, félagsþjónustu og almannatrygginga. Fjallað er um skilgreiningu þarfa, félagsleg vandamál með áherslu á umfjöllun um fátækt og fátæktarrannsóknir. Þá er lögð sérstök áhersla á að kynna starf og hlutverk félagsráðgjafa í félagsþjónustu. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á samspili ólíkra þátta velferðarkerfa og hvernig þau hafa áhrif á líf og aðstæður skjólstæðinga. Nemendur öðlast færni til að beita heildarsýn við greiningu réttinda.
Ritgerð og skriflegt próf.

**FRG204G • Fjölskyldur og fjölskyldustefna • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Kennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Kennari: Ingólfur Vilhjálmur Gíslason Lektor
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum grundvallarþekkingu á helstu hugtökum, kenningum og rannsóknaráherslum í fjölskyldufræðum og fjölskyldufélagsfræði. Fjallað verður um fjölskylduna sem stofnun, þróun hennar, gerð, hlutverk og stöðu í samfélaginu frá sögulegu sjónarhorni. Sérstök áhersla verður lögð á umfjöllun um breytingar á stöðu mæðra, feðra og barna annars vegar og tengsl atvinnu og fjölskyldulífs hins vegar.
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa þekkingu á helstu kenningum sem varða breytingar í fjölskyldum. Jafnframt eiga þeir að hafa öðlast greinagóða þekkingu á þróun ísl. fjölskyldustefnu og breytingar á ísl. fjölskyldugerð m.a. með hliðsjón af stöðu barna í samfélaginu og innan fjölskyldunnar. Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur geti beitt fræðilegum kenningum til að greina nútíma vandamál.
Skriflegt próf og verkefni.

**FRG205G • Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp • (4e) • Vor • 2f**
Kennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Markmið námskeiðs er að nemendur öðlist grunnþekkingu á áföllum og áhrifum þeirra á samfélög og einstaklinga. Nemendur fá þjálfun í að veita sálræna skyndihjálp (sbr. skilgreiningu RKÍ) og öðlast hæfni til að veita hana. Fjallað verður um skipulag almannavarna og áfallastjórnun. Sérstök áhersla er lögð á að kynna hlutverk félagsráðgjafa á þeim vettvangi. Þá er rætt umgildi sálræns stuðnings við þolendur

áfalla, helstu þætti sálrænnar skyndihjálpar og áfallahjálpar. Einnig verður rætt um skilgreiningar á áföllum, líkamleg og sálræn einkenni þeirra og áfallastreituviðbrögð.
Ritgerð og verkefni.

**FRG206G • Lífsskeiðakenningar og þroskaferli • (6e) • Vor • 2f + 2u**
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Kennari: Þórey Vigdís Ólafsdóttir
Kennari: Sigrún Hvanndal Magnúsdóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á mismunandi lífsskeiðum og þeim þroskaáföngum sem eiga sér stað á hverju lífsskeiði. Jafnframt að fá innsýn í helstu kenningar og rannsóknir á þessu sviði. Fjallað er ítarlega um lífsskeiðin, einkenni þeirra og ferli, allt frá getnaði til grafar, og sjónum beint að líkamlegum, hugrænum, félagslegum og tilfinningalegum þroska á mismunandi lífsskeiðum. Ennfremur er fjallað um þýðingu lífsskeiðagreiningar í starfi félagsráðgjafa og hvernig þeir beita þekkingu sinni á þroskaferlum í þjónustu og meðferðarstarfi með skjólstæðingum.
Nauðsynleg undirstaða: Kenningar um mannlega hegðun, ytri og innri mótunarþættir (FRG102G)
Skriflegt próf.

**FRG207G • Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Chien Tai Shill Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist fræðilega þekkingu á fyrirbærunum ofbeldi og vanrækslu í fjölskyldum. Fjallað verður um ofbeldi og vanrækslu í fjölskyldum út frá sögulegu sjónarhorni í félagsvísindum. Þá verður fjallað um helstu kenningar, áhættuþætti og rannsóknaraðferðir. Farið verður ítarlega yfir skilgreiningar og mismunandi birtingarmyndir þessara fyrirbæra og helstu afleiðingar fyrir þolendur. Jafnframt verður fjallað um vinnuferli sem tengist löggjöf þessa málaflokks, ásamt helstu úrræðum.
Próf og verkefni.

**FRG301G • Félagsmálalöggjöf I: Framkvæmd og beiting • (8e) • Haust • 2f + 3u**
Umsjónarkennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Kennari: Ingi Valur Jóhannsson
Kennari: Ingibjörg Broddadóttir
Kennari: Unnur Valgerður Ingólfsdóttir
Kennari: Margrét Stefanía Jónsdóttir
Kennari: Kristján Gunnar Valdimarsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum haldgóða þekkingu og skilning á grundvallaratriðum löggjafarinnar. Þá er lögð áhersla á að nemendur öðlist grundvallarfærni í að greina rétt einstaklinga til bóta eða þjónustu á viðkomandi sviðum auk þjálfunar í að beita heildarsýn. Fjallað er um skipulag og upphaf félagsþjónustu sveitarfélaga, almannatrygginga, atvinnu,- heilbrigðis-, húsnæðis og skattamála. Fjallað er um helstu einkenni löggjafar og kynntir sérstaklega þeir þættir sem snerta starfsvettvang félagsráðgjafa. Löggjöfin er skoðuð með tilliti til stefnumörkunar sem hún hefur í pólitísku, efnahagslegu og félagslegu samhengi og áhrif þeirrar stefnumörkunar á starf og hlutverk félagsráðgjafa. Námsefnið er tengt starfsaðferðum félagsráðgjafa. Unnið er með verkefni í dæmatímum og farið í skipulagðar kynnisferðir á helstu stofnanir.
Nauðsynleg undirstaða: Félagsmálastefnur - velferð og vandi (FRG202G)
Heimapróf, skýrslur og verkefni.

**FRG302G • Velferð barna - Barnavernd • (2e) • Haust • 1u**
Kennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Námskeiðið er ætlað nemendum í tómstundafræði og nemendum utan félagsráðgjafardeildar sem ekki taka námskeiðið FRG203G Ofbeldi í fjölskyldum. Námskeiðið er einkum ætlað nemendum í tómstundafræði og öðrum skyldum greinum.
Markmið námskeiðsins er nemendur kynnist uppbyggingu og skipulag barnaverndarkerfisins á Íslandi, helstu einkennum þeirra mála er barnaverndarnefndir fjalla um og málsmeðferð barnaverndarmála. Fjallað verður um skilgreiningar á vanrækslu og ofbeldi og áhættuþætti. Jafnframt verður tilkynningaskylda til barnaverndarnefnda kynnt svo og á hvern hátt barnaverndarstarfsmenn vinna að lausn mála, bæði þegar unnið er í samvinnu við börn og foreldra og eins þegar grípa þarf til þvingunarúrræða.
Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur hafi öðlast þekkingu á helsu tegundum vanrækslu og ofbeldis gegn börnum og áhættuþáttum þess og þeim leiðum sem hægt er að fara í vinnu með börnunum og fjölskyldum þeirra. Þá eiga nemendur að þekkja uppbyggingu barnaverndarkerfisins og helstu ákvæðum barnaverndarlaga.
Verkefni.

**FRG303G • Icelandic Society: Contemporary perspectives of its specific status and commonality in the international community • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Umsjónarkennari: Helgi Gunnlaugsson Prófessor
Kennari: Guðbjörg Linda Rafnsdóttir Prófessor
Kennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Markmið námskeiðsins er að gefa erlendum stúdentum kost á grunnþekkingu um íslenskt samfélag og kynnast helstu sérkennum þess frá félagsfræðilegu sjónarhorni. Í námskeiðinu verða kynntir eftirfarandi námsþættir: Íslensk þjóðfélagsþróun og umgjörð, valdir þættir sem snerta lýðfræðileg sérkenni, lífskjör og velferðar- og fjölskyldumál, löggjöf og félagsmálastefnu, vinnumarkað og stöðu kvenna. Komið verður inn á stjórnmálaþróun, efnahagsstöðu og íslenska fjölmiðla. Einnig er fjallað um íslenskt réttarkerfi, frávikshegðun, unglingarannsóknir, stöðu minnihlutahópa og alþjóðavæðingu Íslands. Gestafyrirlesarar sem eru sérfræðingar á viðkomandi sviði kenna í námskeiðinu. Námskeiðið er kennt á ensku og verkefnum skilað á ensku.
Þátttaka í hóp- og umræðuverkefnum.

**FRG305G • Stjúpfjölskyldur: Skilnaður og endurgerð fjölskyldusamskipta • (4e) • Haust • 2f**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Kennari: Valgerður Halldórsdóttir

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum grunnþekkingu á málefnum er varða stjúpfjölskyldur og sérstöðu þeirra. Fjallað verðum um stjúpfjölskylduna í ljósi innlendra og erlendra rannsókna sem og sögunnar, tölfræðilegra upplýsinga og lagalegra þátta. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hvernig málefni stjúpfjölskyldna snerta störf ýmissa fagstétta eins og starfsfólkfélags- heilbrigðis- og tómstundamál auk. Þá er athygli beint að stefnumótun og löggjöf í málefnum stjúpfjölskyldna, ásamt þjónustu- og meðferðarúrræðum.
Að loknu námskeiðinu hafa nemendur fengið breiðan en jafnframt traustan undirbúning fyrir dýpkun og framþróun þekkingar á framhaldsstigi á þessu sértæka sviði fjölskyldumálefna.
Einnig hafa þér öðlast þekkingu og skilning á málefninu til að geta lagt af mörkum í og milli stofnana og sviða. Þá hafa þeir hlotið færni til að veita upplýsingar og almennri ráðgjöf á sviðinu.

**FRG306G • Atvinnuleysi og afleiðingar þess • (4e) • Haust • 2f**
Umsjónarkennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Kennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grunnþekkingu á atvinnuleysi og afleiðingum þess á einstaklinga, fjölskyldur og samfélag. Fjallað verður um hugtakið atvinnuleysi, sögu skilgreininga og rannsókna. Það verður fjallað um afleiðingar atvinnleysis og nemendur öðlast þekkingu á helstu fyrirliggjandi rannsóknum á þeim.
Markmið námskeiðsins er einnig að veita nemendum grunnþekkingu á viðbrögðum og úrræðum velferðarkerfisins við atvinnuleysi. Fjallað verður um þær stofnanir sem veita atvinnuleitendum þjónustu og fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga. Þá öðlast nemendur grundvallarþekkingu á kenningum um virkni (e. activation) og áhrifum þeirra á viðbrögð við atvinnuleysi í Evrópu á undanförnum áratugum.

**FRG401G • Öldrun og málefni aldraðra • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Sigurveig H Sigurðardóttir Lektor
Fjallað verður um kenningar um öldrun, lífsskeiðaþróun og breytingaferli fullorðinsára frá félagslegu, líkamlegu og tilfinningalegu sjónarhorni. Einnig verður fjallað um löggjöf, stefnumörkun og hugmyndafræði í uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða. Áhersla er lögð á starfshlutverk félagsráðgjafans og aðferðir við ráðgjöf, stjórnun, fræðslu og forvarnarstarf. Í lok námskeiðs er ætlast til að nemendur hafi tileinkað sér þekkingu á málefnum aldraðra og geti nýtt hana í starfi með öldruðum og fjölskyldum þeirra.
Sjálfstæð verkefni og ritgerð.

**FRG403G • Fatlaðir og samfélagið • (4e) • Vor • 2f**
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Kennari: Guðrún Þorsteinsdóttir
Kennari: Sigríður María Játvarðardóttir
Kennari: María Jónsdóttir
Kennari: Þór Garðar Þórarinsson Stundakennari
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist fræðilega þekkingu á fötlun og málefnum fatlaðra í nútímasamfélagi. Áhersla er lögð á starfshlutverk félagsráðgjafa við ráðgjöf og vinnu með fötluðum. Fjallað verður um helstu orsakir fötlunar, helstu hugtök ásamt þróun löggjafar í málaflokki fatlaðra. Skoðuð verða helstu meginatriði í samningi Sameinuðu þjóðanna til að tryggja réttindi fatlaðra. Þá verður fjallað almennt um þjónustu velferðarkerfisins við fólk sem býr við fötlun með áherslu á skólamál, atvinnumál og búsetumál. Fjallað verður um skipan og verklag þegar þjónusta við fatlaða. Kynnt verða sérstaklega þjónusta lykilstofnana sem annast þjónustu við fötluð börn og fullorðna eins og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sveitarfélaga, svæðisskrifstofa og hagsmunasamtaka fatlaðra. Þá verður fjallað um hlutverk þeirra sem annast eftirlit og ráðgjöf með framkvæmd þjónustunnar. Fjallað verður um grundvallaratriði í stefnum stjórnvalda og framkvæmdaáætlunum lýst. Reynt verður að rýna í þróun þjónustu við fötluð börn og fullorðna til næstu ára og áratuga, ásamt því sem þessi atriði verða sett í alþjóðlegt samhengi. Efn
Verkefni og próf.

**FRG405G • Sjálfboðastarf: Sérverkefni • (4e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Kennari: Sigurveig H Sigurðardóttir Lektor
Markmið sérverkefnisins er að nemendur kynnist af eigin raun sjálfboðastarfi hjá Rauða krossi Íslands. Nemendur skuldbinda sig til að vinna sjálfboðastörf á sviði félagslegrar velferðar í eitt skólaár. Sjálfboðaverkefni eru valin í samráði og undir handleiðslu kennara. Nemendur sækja 4 umræðutíma yfir tímabilið þar sem þeir gera grein fyrir reynslu sinni og kynnast reynslu hvers annars.
Nemendur skrifa dagbók um vinnu sína og skila ritgerð tengda efni sjálfboðastarfs á vettvangi. Nemendum er auk þess skylt að sækja námskeið á vegum Rauða krossins fyrir sjálfboðaliða.

**FRG406G • Félagsmálalöggjöf II: Um málsmeðferð og réttindi skjólstæðinga • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Kennari: Hrefna Friðriksdóttir Lektor
Kennari: Karl Steinar Valsson
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Kennari: Unnur Valgerður Ingólfsdóttir
Markmið námskeiðsins er að veita undirstöðuþekkingu á tiltekinni löggjöf og þeim þáttum sem snerta sérstaklega starfsvettvang félagsráðgjafa. Áhersla er lögð á málsmeðferð og réttindi skjólstæðinga, m.a. gegnum kynningu og umfjöllun á stjórnsýslulögum, dómskerfið og refsirétt. Fjallað er um mannréttindi og alþjóðasamninga auk samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Lögð er áhersla á að skoða löggjöfina frá sjónarhorni félagsráðgjafar og áhrif hennar á starf og starfsumhverfi.
Starf stofnanna er kynnt í skipulögðum kynnisferðum.
Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur þekki helstu mannréttindasáttmála og hafi innsýn málsmeðferð stjórnsýslunnar. Þá eiga nemendur að kunna skil á helstu þáttum refsivörslukerfisins og réttindum skjólstæðinga.

Nauðsynleg undirstaða: Almenn félagsráðgjöf: Saga, kenningar og fagþróun (FRG101G), Félagsmálastefnur - velferð og vandi (FRG202G), Félagsmálalöggjöf I: Framkvæmd og beiting (FRG301G)
Dæmaverkefni, skýrslur og ritgerð.

**FRG501G • Fjölmenning og fagstörf • (4e) • Haust • 2f**
Umsjónarkennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Kennari: Edda Ólafsdóttir
Kennari: Guðbjörg Ottósdóttir
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Aðstoðarkennari: Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir
Markmið námskeiðsins er að undirbúa félagsráðgjafa og annað fagfólk í félags- og heilbrigðisþjónustu til starfa í fjölmenningarlegu samfélagi þar sem reynir á samskipti, skilning og samvinnu. Fjallað verður um áhrif breytts mannlífs hér á landi m.t.t. fjölgunar innflytjenda frá fjölbreytilegum og fjarlægum menningarsvæðum. Stefnumótun ríkis og sveitarfélaga, réttindi og skyldur útlendinga, minnihlutahópa, mismunandi fjölskyldugerðir, þjónustuúrræði, innlenda löggjöf og vinnulag í félagsráðgjöf á þessu sviði. Nemendur fá undirstöðuþekkingu á uppruna og þróun mannréttindahugtaksins, á alþjóðamannréttindasamningum og starfi mannréttindastofnana Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna.
Gert er ráð fyrir virkri þátttöku í fyrirlestrum og umræðutímum, verkefni og skriflegt próf.

**FRG503G • BA-ritgerð í félagsráðgjöf • (12e) • Haust**
Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu félagsráðgjafarskorar.

**FRG504G • Samfélagsvinna og notendasamráð • (8e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Kennari: Hervör Alma Árnadóttir
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum grundvallarþekkingu á samfélagsvinnu og notendasamráði sem vinnuaðferð í félagsráðgjöf. Hugmyndafræðilegur grunnur samfélagsvinnu og notendasamráðs eru kynntar svo og helstu stefnur og kenningar. Þá er fjallað um ýmsar tegundir samfélagsvinnu og notendasamráðs og hvernig má beita þeim við ólíkar aðstæður. Lögð er áhersla á kynningu á hagnýtum verkefnum á þessu sviði.
Verkefni og skriflegt próf.

**FRG508G • Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum • (8e) • Haust • 3f + 1u**
.

**FRG601G • Verkefni í félagsráðgjöf • (2e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Ritgerð sem nemendur vinna undir handleiðslu fastra kennara í félagsráðgjöf um efni að eigin vali. Nemendur þurfa að fá efni samþykkt af kennara í upphafi misseris.
Verkefni.

**FRG602G • BA-ritgerð í félagsráðgjöf • (12e) • Vor**
Umsjónarkennari: Chien Tai Shill Aðjunkt
Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu félagsráðgjafarskorar.

**FRG603G • Stjórnun • (8e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Kennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum grundvallarþekkingu á stjórnun stofnanna í opinberri þjónustu. Fjallað er um helstu kenningar um skipulagsheildir (organizational theories) og hegðun innan skipulagsheilda (organizational behaviour). Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning og þekkingu á helstu stjórnunaraðferðum. Efnið verður sérstaklega tengt félagsráðgjafanum sem stjórnanda.
Verkefni og skriflegt próf.

**FRG604G • Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði • (4e) • Vor • 2f**
Umsjónarkennari: Sigurveig H Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Helga Sól Ólafsdóttir
Kennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Aðstoðarkennari: Inga María Vilhjálmsdóttir
Markmið námskeiðisins er að veita nemendum innsýn í kenningar og aðferðafræðilega nálgun félagsráðgjafar á heilbrigðissviði. Fjallað verður um þrjú þjónustustig heilbrigðiskerfisins og það hvernig hugmyndafræði félagsráðgjafarinnar nýtist á hverju stigi fyrir sig. Einnig verður fjallað um hvernig aðferðafræði félagsráðgjafarinnar nýtist til að sporna við sjúkdómsvæðingu og gera almenning og skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins meðvitaða um rétt sinn til þjónustu og stuðlar að því að þjónustan nýtist sem best. Nemendur skulu öðlast hæfni til að meta mun á félagsráðgjafaþjónustu og þjónustu annarra fagstétta innan heilbrigðiskerfisins.
Verkefni.

**FRG605G • Félagsmálalöggjöf III: Barnavernd og sifjaréttur • (8e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Kennari: Hrefna Friðriksdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að veita grundvallarþekkingu á löggjöf er varðar barnavernd og sifja- og barnarétt. Kynntir eru þættir löggjafar á þessu svið sem snerta starfsvettvang félagsráðgjafa og þau skoðuð í pólitísku, efnahagslegu og félaglegu samhengi. Gerð er grein fyrir helstu þáttum vanrækslu og ofbeldis gegn börnum, starfsháttum barnaverndarnefnda og þeim ramma er barnaverndarlög setja.

Farið verður í heimsóknir á nokkrar stofnanir.

Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur þekki grundvallaratriði á þeim þáttum hjúskaparréttar, barnaréttar og erfðaréttar sem snúa að störfum félagsráðgjafa. Þá eiga nemendur að geta greint helstu flokka vanrækslu og ofbeldis gegn börnum svo og þekkja aðferðir sem hægt

er að nota til að aðstoða börn og fjölskyldur í vanda. Jafnframt eiga nemendur að hafa haldgóða þekkingu á uppbyggingu barnaverndarkerfisins.

Nauðsynleg undirstaða: Almenn félagsráðgjöf: Saga, kenningar og fagþróun (FRG101G), Félagsmálastefnur - velferð og vandi (FRG202G), Félagsmálalöggjöf I: Framkvæmd og beiting (FRG301G)
Æskileg undirstaða: Félagsmálalöggjöf II: Um málsmeðferð og réttindi skjólstæðinga (FRG406G)
Skriflegt próf, verkefni og dæmatímar.

**FRG607G • Verkefni í félagsráðgjöf • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Ritgerð sem nemendur vinna undir handleiðslu fastra kennara í félagsráðgjöf um efni að eigin vali. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að hafa samband við viðkomandi kennara.

**FRG001F • Áhrifaþættir öldrunar: Umhverfi, félagstengsl og heilsufar • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Sigurveig H Sigurðardóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu þátttakenda í öldrunarfræðum (gerontology) og öldrunarlækningum (geriatri). Fjallað verður um það hvernig umhverfi, félagsleg tengsl og heilsufar hafa áhrif á vellíðan aldraðra. Rætt verður um þjónustu við aldraða almennt og einnig hópa aldraðra með sérþarfir. Mismunandi kenningar öldrunarfræða verða til umræðu og hvernig þær hafa áhrif á viðhorf og þjónustu við aldraða. Rannsóknir innlendar og erlendar á sviðinu verða kynntar svo og rannsóknaraðferðir öldrunarfræðinnar. Fjallað verður um teymisvinnu í öldrunarþjónustu og áhersla lögð á að kynna starfsaðferðir mismunandi starfsstétta sem vinna að málefnum aldraðra.
Námskeiðið er kennt í staðlotum og fyrirlestrum.
Gestafyrirlesarar á sérsviðum öldrunarfræða og öldrunarlækninga.
Ritgerðir og verkefni.

**FRG002F • Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta • (10e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Sigurveig H Sigurðardóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að kynna öldrunarfræði sem þverfaglega fræðigrein með aðaláherslu á félagslega öldrunarfræði. Hugmyndafræði fræðigreinarinnar, helstu rannsóknir og rannsóknaraðferðir verða kynntar. Fjallað verður um félagslega, sálræna og líffræðilega öldrun og áhrif þess að eldast á einstaklinga og umhverfi þeirra. Kynntar verða helstu kenningar öldrunarfræðinnar og fjallað um áhrif þeirra á stefnumótun í öldrunarþjónustu. Áhersla verður lögð á að dýpka þekkingu þátttakenda um málefni aldraðra með það að markmiði að gera þá hæfari til að vinna með öðrum starfsstéttum að velferðarmálum aldraðra.
Námskeiðið er kennt í staðlotum og fyrirlestrum.
Verkefni og ritgerð.

**FRG003F • Rannsóknamálstofur í MA-námi í félagsráðgjöf • (0e) • Haust & vor**
Undirbúningur og gerð lokarannsóknar í meistaranámi. Farið er yfir verklag í fræðilegum ritgerðum. Meðal annars er fjallað um rannsóknaáætlanir, aðferðir og hvernig rannsóknir eru tengdar kenningagrunni og starfsvettvangi félagsráðgjafar. Nemendur kynna rannsóknaáætlanir sínar, fá gagnrýna viðgjöf og taka þátt í hópumræðum sem gagnast á gagnkvæman hátt.

**FRG004F • Lesnámskeið um sérsvið • (10e) • Haust**
Nemandi vinnur skrifleg verkefni eða ítarlega heimilda-ritgerð um tiltekinn þátt þess rannsóknasviðs sem hann hefur valið sér í samráði við umsjónarkennara.
Verkefni.

**FRG005F • Lesnámskeið um sérsvið • (10e) • Vor**
Nemandi vinnur skrifleg verkefni eða ítarlega heimilda-ritgerð um tiltekinn þátt þess rannsóknasviðs sem hann hefur valið sér í samráði við umsjónarkennara.
Verkefni.

**FRG006F • Verkefni á MA-stigi í félagsráðgjöf • (6e) • Haust**
Verkefni á meistarastigi í félagsráðgjöf.
Verkefni.

**FRG007F • Sérverkefni í réttarfélagsráðgjöf • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Verkefni.
Verkefni.

**FRG008F • Fjölmenningarfélagsráðgjöf: Viðhorf og vinnulag • (10e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Guðný Björk Eydal Dósent
Kennari: Edda Ólafsdóttir
Kennari: Ingibjörg Broddadóttir
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Markmið námskeiðsins er að leggja fræðilegan grunn að vinnu félagsráðgjafans með innflytjendum. Í fyrri hluta er fjallað er um uppruna rasisma, þjóðernishyggju, tilurð og þróun mannréttindahugtaksins og alþjóðlegra mannréttindasamninga. Stefnumótun ríkis og sveitarfélaga í málefnum útlendinga og innlend löggjöf um réttindi þeirra og skyldur er skoðuð. Í seinni hluta er fjallað um helstu kenningar og starfsaðferðir á sviði fjölmenningarfélagsráðgjafar og nýjar áherslur kynntar. Umfjöllun um menningarbundin viðhorf gagnvart heilbrigðis- og félagsþjónustu og menningaráfall. Sérstök áhersla er lögð á vinnu með börnum, unglingum og öldruðum. Ítrekuð nauðsyn þess að vera meðvitaður um eigin viðhorf og stöðu.
Verkefni og ritgerð.

**FRG009F • Aðferðir í áfengis- og vímuefnameðferð • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Umsjónarkennari: Erla Björg Sigurðardóttir
Fyrst kennt háskólaárið 2008-2009. Markmið námskeiðinu er að treysta sérfræðiþekkingu félagsráðgjafa á sviði áfengis-og vímuefnamála og efla færni til að þróa meðferðar-, fræðslu og rannsóknastörf á sviðinu. Fjallað er á gagnrýnin hátt um heildstæð líkön út frá félagslegum, líkamlegum og sálrænum þáttum (biopsychosocial model) eins og þeim er beitt í meðferðarvinnu fyrir skjólstæðinga með áfengis- og vímuefnavanda. Í þessu samhengi er unnið með hugtök eins menningartengd mynstur, áhættuneyslu, afneitun og inngrip fyrir vímuefnasjúka með langvarandi félagslegan vanda. Sérstök áhersla er á alhliða (biopsychosocial) greiningu, DSM ICD skilgreiningar auk skimunarprófa. Efni námskeiðsins er tengt þróun rannsókna á vímuefnafíkn (alkóhólisma), m.a. lífeðlisfræðilegum rannsóknum, og gæðamati á árangri

fræðslu- og meðferðaverkefna.
Nauðsynleg undirstaða: Þekkingarfræði og meðferðarkenningar í félagsráðgjöf (FRG012F)
Skriflegt próf og tvö verkefni.

**FRG010F • Doktorsritgerð • (30e) • Haust**
Doktorsritgerð

**FRG011F • Doktorsritgerð • (30e) • Vor**
Doktorsritgerð

**FRG012F • Þekkingarfræði og meðferðarkenningar í félagsráðgjöf • (10e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Kennari: Helga Jóhannesdóttir
Kennari: Bjarney Kristjánsdóttir
Markmið námskeiðsins er að veita þekkingu á upphafi, sögu og þróun kenninga í félagsráðgjöf. Aðferðafræðileg þróun er skoðuð frá gagnrýnu sjónarhorni þekkingarfræði og miðlað dýpri skilningi á hugmynda- og fræðilegum grunni meðferðakenninga. Sérstök áhersla er lögð á fræðilega undirstöðu grunnhugtaka í félagsráðgjöf. Athygli er beint að kerfisnálgun og þeim samþætta kenningagrunni sem nú er ríkjandi í samskiptafræðum og meðferðarstarfi. Umfjöllunin er tengd sérfræðiþekkingu í félagsráðgjöf og faglegu samstarfi sérfræðinga á vettvangi.
Ritgerð og próf.

**FRG013F • Meðferðarlíkön í félagsráðgjöf • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Kennari: Hrefna Ólafsdóttir Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu og skilning á aðferðaþróun á sérsviðum félagsráðgjafar. Fjallað verður um mismunandi líkön, veikleika þeirra og styrkleika og hvenær ólíkar nálganir eiga við á hinum ýmsu meðferðar- og þjónustusviðum. Athygli er beint að greiningartækni og færni til að setja fram vinnutilgátur um vanda- og lausnamynstur eins og þau birtast í samskiptakerfum innan sem utan fjölskyldu. Meðferðarfræðileg nálgun og samstarfsaðferðir eru tengdar hugtökum úr stjórnunar- og stofnanakenningum.
Verkefni og próf.

**FRG014F • Handleiðslufræði - kenningar og aðferðaþróun • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarmaður: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynna sögulega þróun handleiðslufræða og hvernig hún tengist kenningum um sérfræðihópa og fagþróun. Helstu líkön, skilgreiningar, hugmyndafræði og rannsóknir verða kynnt. Einnig er fjallað um stöðu handleiðslu í tengslum við stjórnun stofnana á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu og það tengt hugtökum eins og fagstyrkur (e.professional power), fagefling, starfsráðgjöf og starfsþreyta. Fjallað er um ólík markmið og tilgang stjórnunarhandleiðslu, faghandleiðslu og nemendahandleiðslu.
Verkefni og próf.

**FRG015F • Doktorsritgerð • (30e) • Sumar**
Doktorsritgerð

**FRG016F • MSW-ritgerð • (30e) • Haust**
Kennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
MSW-ritgerð.

**FRG017F • MSW-ritgerð • (30e) • Vor**
Kennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
MSW-ritgerð.

**FRG018F • MSW-ritgerð • (30e) • Sumar**
Kennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
MSW-ritgerð.

**FRG019F • Stjórnun og rekstur félagasamtaka • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Kennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Námskeiðslýsing. Í námskeiðinu er athygli beint að innra og ytra umhverfi frjálsra félagasamtaka svo sem þróun, stefnumótun, hlutverki, framlagi, stjórnun, fjármögnun, tengslum á milli frjálsra félagasamtaka, stjórnvalda og einkaaðila, skipulagi og stjórnun sjálfboðaliða. Efnið er sérstaklega tengt íslenskum aðstæðum.
Verkefni.

**FRG020F • Réttarfélagsráðgjöf I: Dóms- og réttarkerfi, löggjöf og félagsleg þjónustuúrræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Kennari: Valtýr Sigurðsson
Markmið námskeiðsins er að veita þekkingu á því heildarsviði sem réttarfélagsráðgjöf byggir á, fræðilegan grunn og starfsvettvang. Þekkingin nær yfir uppbyggingu og umgjörð sviðsins, hugmyndafræði og þjónustuform, aðferðir og úrræði.
Nauðsynleg undirstaða: Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (UMF402F), Kenningar í afbrotafræði (FÉL023F)
Ritgerð.

**FRG021F • Réttarfélagsráðgjöf II: Stofnanaumgjörð og aðferðir í meðferð mála • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Kennari: Páll Sveinn Hreinsson
Kennari: Valtýr Sigurðsson
Kennarar: Sigrún Júlíusdóttir, prófessor, ásamt stundakennurum. Fjallað er um hlutverk og sérfræðiþekkingu félagsráðgjafa á sviðinu. Þá er fengist við greiningu, málsáætlun og vinnulag í hinum ýmsu málaflokkum sviðsins. Í því sambandi eru kynnt helstu fræðilegu hugtök sem byggt er á ásamt aðferðanálgun og helstu rannsóknum félagsráðgjafar á sviðinu, hvað áhrærir m.a. stimplun, sjúkdómsvæðingu vs samskiptalíkan. Vikið er að vinnulagi og viðtalstækni þegar unnið er með börnum. Áhersla er á sértækar aðferðir eins og sáttameðferð, uppbyggingarstefnu, samninga- og samráðsnálgun.
Nauðsynleg undirstaða: Réttarfélagsráðgjöf I: Dóms- og réttarkerfi, löggjöf og félagsleg þjónustuúrræði (FRG020F)
Ritgerð.

**FRG022F • Frjáls félagasamtök: Kenningar og rannsóknir • (4e) • Vor • 2f**
Kennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
-

**FRG028F • Fjölskyldustefna, rannsóknir og þróunarstarf • (15e) • Vor**
Fjallað er um þróun og aðstæður íslenskra fjölskyldna í sögulegu ljósi. Athygli er beint að samfélagsáhrifum, þróun nýrra fjölskyldugerða og breyttum uppeldisaðstæðum þ.m.t. skilnað og stjúptengsl. Fjallað er um líðan, starfshæfni og aðstæður fjölskyldna í ljósi tölfræðilegra upplýsinga um lýðheilsu (health statistics), löggjöf og þjónustu. Efnið er tengt íslenskum og erlendum fjölskyldurannsóknum. Kynntar eru leiðir til að samþætta rannsóknir og meðferðarstarf, mat og þróun aðferða og úrræða.

**FRG029F • Þekkingarfræðileg þróun fjölskyldumeðferðar • (15e) • Haust**
Í námskeiðinu er kynnt saga fjölskylduhugtaksins, þekkingarfræðilegur grunnur og kenningaþróun í fjölskyldumeðferð. Fjallað er um hvernig samtíma hugmyndir um lýðræðislega nálgun, notendasamráð tengjast valdahugtakinu og kenningum hugsmíðahyggju og frásagnarnálgun.

**FRG030F • Aðferðir I: Greiningartækni og færni • (20e) • Vor**
Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu á aðferðaþróun í fjölskyldumeðferð.
Fjallað verður um mismunandi líkön, hugmyndafræði þeirra og sérkenni Athygli er beint að greiningatækni og færni til að setja fram vinnutilgátur um vanda- og lausnamynstur eins og þau birtast innan fjölskyldu og í samskiptakerfum sem þau tengjast.

**FRG031F • Aðferðir II: Þjálfun og beiting sértækra aðferða • (20e) • Vor**
Markmið námskeiðsins er að auka hagnýta þekkingu á sviði fjölskyldumeðferðar og efla færni til að beita sértækum, viðurkenndum aðferðum í vinnu með fjölskyldur, hjón og foreldra, ásamt greiningu á því hvenær ólíkar nálganir eiga við ólíkar forsendur á hinum ýmsu meðferðar- og þjónustusviðum

**FRG032F • MA ritgerð í fjölskyldumeðferð • (30e) • Vor**
MA ritgerð

**FRG033F • Aðferðir III. Meðferðarnálgun og siðfræði • (20e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að auka persónulega færni í meðferðarvinnu. Áhersla verður á vinnu með upprunafjölskylduna í þeim tilgangi að auka eigin meðferðarstyrk, meðvitund og þekkingu á eigin fordómum og samfélagslegum gildum. þjálfun í samtalstækni, fyirlögn á meðferðarmálum og handleiðslu.

**FRG034F • Barnavernd: Fagfólk og foreldraábyrgð • (10e) • Haust**
Markmið námsins er að efla fræðilega og faglega þekkingu starfsfólks sem starfar með börnum og foreldrum innan félags-, heilbrigðis- og skólaþjónustu á barnavernd. Það miðar að kynna helstu hugmyndir sem barnaverndarstarf byggir á, gefa innsýn í uppbyggingu barnaverndarkerfinsins og lagaumhverfisins auk þess að því að kynna helstu starfsaðferðir barnaverndarnefnda og úrræði sem til eru. Sérstök áhersla verður lögð á umfjöllun um samvinnu barnaverndarstarfsmanna við annað fagfólk sem sinnir málefnum barna.
Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur hafi öðlast þekkingu á hugmydafræði barnaverndar og þekki lagaumhverfið, helstu úrræði og starfsaðferðir barnaverndarstarfsmanna. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur hafi öðlast aukna hæfni til að vinna með barnaverndarstarfsmönnum að velferð barna.

Verkefni og ritgerð

**FRG105F • Fagleg tengsl og siðfræði • (8e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sigrún Jónsdóttir
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Umsjónarkennari: Sigurveig H Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Gyða Hjartardóttir
Kennari: Erla Jóhanna Þórðardóttir
Kennari: Unnur Valgerður Ingólfsdóttir
Kennari: Jóna Rut Guðmundsdóttir
Markmið námskeiðsins er að kynna kenningar og líkön sem byggt er á í faglegri tengslamyndun og meðferðarvinnu. Fjallað er um skriflega þáttinn, gerð og meðferð ritaðra gagna (dagálar, matsgerðir, skýrslur og bréf). Athygli er beint að ábyrgð og umboði fagmannsins í opinberri þjónustu. Áhersla er lögð á að veita þekkingu og innsæi í siðfræði hjálparstarfsins og veita undirbúning fyrir siðfræðilegar ákvarðanir og meðferð álitamála. Unnið er með sjálfstæð verkefni til að tengja fræðilega þekkingu hagnýtu starfi, skapa vitund um viðhorf, eigið gildismat og persónuþætti. Veitt er þjálfun í faglegri nálgun og viðtalstækni m.a. með myndböndum og dæmaæfingum.

Námskeiðið hefst með lotukennslu í vinnubúðum. Fyrirlestrar með 80% tímasókn og virkri þátttöku í umræðu - og dæmatímum. Unnið er áfram með verkefni jöfnum höndum í hverjum þætti. Þessi hluti námskeiðsins gildir 60% en próf í lok lotu (1. október 2008) gildir 40%.

**FRG106F • Samþætting fræða og fags: Starfsþjálfun I • (8e) • Haust • 2f + 2u**
Kennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Kennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Markmið starfsþjálfunar er að gefa nemendum tækifæri til:
- að kynnast starfsvettvangi félagsráðgjafa
- að kynnast hinu félagslega kerfi, stofnunum og félögum sem vinna að úrlausn félagslegra vandamála
- að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýtt starf
- að skoða og vinna með eigin viðhorf og gildi er tengjast félagsráðgjafastarfinu
- að nýta persónulega leiðsögn og handleiðslu félagsráðgjafa

Til að ná þessum markmiðum eru nemendur tvo daga í viku í starfsþjálfun hjá félagsráðgjafa úti á vettvangi og undir handleiðslu hans.
Í fræðilega hluta námskeiðsins fjalla nemendur um dæmi úr eigin starfsþjálfun, greina þann vanda eða aðstæður sem þar birtast og beita aðferðum félagsráðgjafar.
Kennsla fer fram í formi fyrirlestra og umræðna.
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa hlotið innsýn í störf félagsráðgjafa, fengið þjálfun í að beita fræðilegum aðferðum við lausn félagslegra vandamála. Jafnframt er gert ráð fyrir að nemendur hafi í gegnum handleiðslu öðlast skilning á mikilvægi þess að vera meðvitaður um eigin viðhorf og gildi í starfi sem félagsráðgjafi.
Skriflegt verkefni, greinargerð úr starfsþjálfun og mat starfsþjálfunarkennara

**FRG107F • Börn, fjölskyldur og barnavernd • (10e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Kennari: Valgerður Magnúsdóttir
Kennari: Karl L Marinósson
Kennari: Bjarney Kristjánsdóttir
Markmið námskeiðsins er að dýpka fræðilega þekkingu nemenda á helstu aðferðum í vinnu með börnum og fjölskyldum þeirra. Kynntar verða helstu vinnuaðferðir sem beitt er við að efla foreldra í hlutverkum sínum, helstu meðferðarstefnur og greiningarlíkön sem beitt er í vinnu með fjölskyldum. Þá verður fjallað um vinnuaðferðir með börnum. Rætt verður um fjölmenningarfélagsráðgjöf í barnavrndarstarfi. Einnig verður fjallað um stofnannaumhverfi og úrræði í barnaverndarkerfi hérlendis. Sérstök áhersla verður lögð á hagnýtt gildi hinnar fræðilegu þekkingar og verkefnavinna verður tengd reynslu úr starfi nemenda á vettvangi barnaverndar.

**FRG108F • Greining geðrænna vandkvæða • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Hrefna Ólafsdóttir Aðjúnkt
Fjallað verður um þróun kenninga á sviði þroska og geðtengsla (psychodynamic theories) og tengsl þeirra við greiningu geðrænna vandkvæða. Farið verður yfir skilgreiningar og flokkun þeirra samkvæmt greiningarkerfum geðheilsufræða. Helstu meðferðarstefnur og aðferðir skoðaðar. Sérstök áhersla verður lögð á beitingu þekkingar á þessu sviði í störfum félagsráðgjafa.
Verkefni 20% og skriflegt próf 80%. Tímasókn er 80%.

**FRG111F • Verkefni: Áfengis- og vímuefnameðferð • (10e) • Haust**
Verkefni.

**FRG206F • Kreppukenningar og áfallavinna • (8e) • Vor • 2f + 2u**
Umsjónarkennari: Anna Rós Jóhannesdóttir
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að fjalla um kreppuhugtakið frá mismunandi sjónarhornum og tengja það störfum félagsráðgjafa á vettvangi þjónustu og meðferðarstarfa.
Kynntar verða fjölfaglegar rannsóknir og rannsóknaráherslur þar sem félagsráðgjafar voru hluti af meðferðarteymum sem stunduðu slíkar rannsóknir. Fyrstu klínisku rannsóknirnar á þessu sviði voru notaðar m.a. í forvarnarstarfi í félags- og heilbrigðisþjónustu. Þannig verða hugmyndir um fræðslu og forvarnir út frá breytingar- og kreppuhugtakinu kynntar ásamt því hvernig niðurstöðum rannsókna er beitt í þágu skjólstæðinga.
Að námskeiði loknu eiga nemendur að hafa þekkingu á helstu rannsóknum sem liggja að baki kreppufræðum.
Þeir hafi öðlast þekkingu á þeim áhrifum sem kreppur, áföll og sorgir geta haft á líf fólks í margvíslegu samhengi.
Þá hafi þeir þekkinu á gildi þess að geta unnið úr kreppum og áföllum á uppbyggilegan hátt og hve mikilvægt þetta er fyrir virka þátttöku í samfélaginu.
Þeir hafi hlotið þjálfun til þess að mæta fólki við þessar aðstæður, greina helstu einkenni, og kunna að bregðast við þeim.
Þeir búi yfir færni til þess að nota þekkingu sína í meðferðarvinnu með fólki sem verður fyrir áföllum í bráð og lengd.
Þeir hafi skilning á mikilvægi þess að miðla fræðsla til almennings, stefnumótenda og stjórnmálamanna um þau áhrif sem kreppur og áföll hafa á daglegt líf, og að þetta er ríkur þáttur í starfi félagsráðgjafa.
Kennslan er samþætt þannig að, nemendur tengi saman fræðilegan grunn og glöggvi sig á eigin viðbrögðum og viðhorfum við að mæta fólki í kreppu og sorg þrátt fyrir mismunandi lífshlaup og ólíka félagslega stöðu. Gagnrýnin hugsun og traust fagleg þekking eru mikilvæg tæki félagsráðgjafa við lausnir í starfi sínu.
Verkefni, 80% mætingarskylda.

**FRG207F • Aðferðir á sérsviðum félagsráðgjafar • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Í námskeiðinu verður fjallað um sögulegar rætur þessa sérfræðisviðs og hvernig skólafélagsráðgjöf hefur þróast í takt við velferð og vanda nútíma samfélags. Athygli er beint að hinu breytta hlutverki skólans sem mótunaraðila og miðstöð í lífi einstaklinga frá leikskólaaldri til efri táningsára. Þá er fjallað um verksvið, starfshætti og aðferðanálgun skólafélagsráðgjafa í samstarfi við foreldra, kennara og annað fagfólk þar sem hagur skólabarnsins er hafður að leiðarljósi sem forsenda fyrir vellíðan þess og starfshæfni. Sérstök áhersla er á beitingu kerfiskenninga og fjölfaglegs samstarfs. Unnið með verkefni um hvernig hinn fjölfræðilegi grunnur félagsráðgjafar og þekking á löggjöf og þjónustukerfum

nýtist í skólakerfinu og í faglegri þjónustu þar fyrir einstaklinga og hópa. Í því sambandi er ma. greint frá þróunarverkefnum og rannsóknaniðurstöðum um gæðamat og árangur á úrlaunsum á sértækum vandamálum sem fengist er við, eins og fjölskylduvanda, einelti og ofbeldi sem hefur áhrif í skólastarfinu. Áhersla er lögð á merkingu trúnaðar og virðingu fyrir þeim sem samstarfið snýr að og færni til að höndla siðfræðileg álitamál sem upp koma. Kennslan fer fram í formi fyrirlestar hópverkefna og kennslumyndbanda.
Verkefni og ritgerð.

**FRG208F • Hópvinna og hópmeðferð • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Kennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna hópvinnu og hópmeðferð sem aðferðir í félagsráðgjöf. Fjallað er um lykilhugtök, sögu, helstu hlutverk, þróun og tegundir hópa, hópdýnamík, hlutverk leiðtoga, áætlunargerð og skráningu. Áhersla er lögð á hvernig beita má þessum aðferðum við ólíkar aðstæður
Heimapróf og verkefni. 80% mætingarskylda.

**FRG210F • Börn og unglingar • (8e) • Vor • 2f + 2u**
Kennari: Hrefna Ólafsdóttir Aðjúnkt
Markmið námskeiðisins er að veita nemendum möguleika á að öðlast nauðsynlega þekkingu og færni í vinnu með börn á aldrinum 0 til 18 ára.. Lögð er áhersla á að barnið sé í brennidepli sem skjólstæðingur opinberrar stofnunar sem á grundvelli laga og reglna hefur það hlutverk að standa vörð um hagsmuni barnsins. Hér er átt við opinberar stofnanir á vegum mennta-, félags- og heilbrigðismálaráðuneytis svo sem skóla, barnavernd, stofnanir sem sinna börnum með sérþarfir ásamt sjúkrahúsum og heilsugæslu. Einnig er lögð áhersla á að barnið sé í brennidepli þegar unnið er með sálfélagslegan vanda barnsins, foreldra þess eða fjölskyldu. Byggt er á kenningum og rannsóknum sem tengjast þroskaferli barna, tengslamyndun og sértækum sálfélagslegum vanda sem steðjar að börnum og unglingum í nútímasamfélagi (s.s. skilnaðir,vímuefnaneysla, ofbeldi o.fl.). Á námskeiðinu mun sjónum verða beint að aðferðafræði í tengslum við greiningu og einstaklings-, fjölskyldu- og hópmeðferð ásamt setningu markmiða í meðferðarstarfi og virkjun úrræða. Áhersla verður lögð á að nemar taki dæmi úr starfi.
Ritgerð og verkefni. 80% mætingarskylda.

**FRG211F • Löggjöf og starfshlutverk barnaverndarstarfsmanna • (10e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Markmið námskeiðsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi að kynna löggjöf sem varðar starf á sviði barnaverndar með sérstakri áherslu á lög um barnavernd, barnalög, barnasáttmála, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, stjórnsýslulög og hegningarlög.
Í öðru lagi er markmiðið að nemendur öðlist þekkingu á hvernig löggjöfin skilgreininir skyldur barnaverndarstarfsmanna og starfshlutverk þeirra annars vegar og réttindi skjólstæðinga hins vegar. Unnið er með raunhæf verkefni til að nemendur öðlist þjálfun í beitingu laganna og getið aukið færni sína sem barnaverndarstarfsmenn.

**FRG213F • Rannsóknaraðferðir í félagsráðgjöf • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Kennari: Chien Tai Shill Aðjunkt
Kennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að undirbúa nemendur til aðbeita rannsóknum í framtíðarstarfi sínu í félagsráðgjöf. Veitt er undirstöðuþekking í gagnreyndum rannsóknum (evidenced based social work practice) og tengingu þeirra við faglegt starf. Fjallað er um siðfræði rannsókna og hlut vísindalegrar þekkingar í breytingastarfi með einstaklingum, hópum og samfélögum.Markmið námskeiðsins er að undirbúa nemendur til aðbeita rannsóknum í framtíðarstarfi sínu í félagsráðgjöf. Veitt er undirstöðuþekking í gagnreyndum rannsóknum (evidenced based social work practice) og tengingu þeirra við faglegt starf. Fjallað er um siðfræði rannsókna og hlut vísindalegrar þekkingar í breytingastarfi með einstaklingum, hópum og samfélögum.

Áhersla er lögð á að nemendur séu búnir undir að nota vísindalega þekkingu við að
meta gagnsemi úrræða í félags- og heilbrigðisþjónustu og leggja grunn að stefnumótun á sínu sviði.
Nemendur læra að orða rannsóknaspurningar, studdar kenningum og gera rannsóknaáætlanir.
Veitt er þjálfun í að leggja mat á fyrirliggjandi rannsóknir og skoða rannsóknaraðferðir á gagnrýnin hátt með dæmum úr félagsráðgjöf.
Rannsóknaáætlun, lesskýrslur og umræðuhópar. 80% mætingarskylda.

**FRG215F • Fjölskyldukenningar og meðferð • (8e) • Vor • 2f + 2u**
Umsjónarkennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
Kennari: Bjarney Kristjánsdóttir
Markmið námskeiðsins er að veita þekkingu um fræðilegan grunn og beitingu fjölskyldunálgunar í félagsráðgjöf á hinum ýmsu meðferðar- og þjónustusviðum.
Fjallað verður um þekkingarfræðilega þróun og hvernig fjölskyldunálgun hefur frá upphafi verið miðlæg í félagsráðgjöf. Áhersla er lögð á hugmyndafræði og hugtök kerfisnálgunar. Mismunandi líkön eru kynnt og fjallað er um hvenær hinar ólíku nálganir eiga best við. Athygli er einkum beint að greiningartækni og færni til að setja fram vinnutilgátur um lausnamynstur eins og þau birtast í samskiptakerfum innan sem utan fjölskyldu. Kynnt eru nokkur af helstu hugmynda- og aðferðalíkönum samtímans s.s. fjölskyldufræðsla, hjónameðferð og foreldravinna.
Skriflegt próf og ritgerð.

**FRG301F • MA-ritgerð í félagsráðgjöf • (30e) • Haust**
Kennari: Halldór Sigurður Guðmundsson Lektor
Kennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
MA-ritgerð.

**FRG302F • Barnavernd og samfélag • (10e) • Haust • 2f + 2u**
Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu og skilning þátttakenda á hlutverki barnaverndar í víðara samhengi með áherslu á nýjustu

rannsóknir á sviðinu. Lögð er áhersla á að nemendur hafi glögga yfirsýn yfir stöðu þekkingar á sviði barnaverndar bæði hérlendis og í nágrannalöndunum. Lögð er sérstök áhersla á kynningu á staðreyndri þekkingu og mati á úrræðum á sviði barnaverndar. Þá er einnig lögð áhersla á hvernig barnaverndarstarfsmenn koma þekkingu á framfæri, vinnuaðferðir við skráningu og úrvinnslu gagna t.d. við ársskýrslugerð. Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur hafi öðlast góða yfirsýn og þekkingu á helsu rannsóknum á sviðinu og geti nýtt þær í hagnýtu starfi. Einnig er að nemendur geti unnið að markvissum rannsóknum á sviðinu og kynnt niðurstöður þeirra
Verkefni

**FRG303F • Verkefni í áfengis- og vímuefnamálum • (10e) • Haust**
Verkefni.

**FRG401F • Fagleg tengsl og siðfræði: Starfsþjálfun II • (30e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anni Guðný Haugen Lektor
Markmið starfsþjálfunartímabilsins eru:
- að veita nema í félagsráðgjöf raunhæfa innsýn í félagsráðgjafarstarfið og kynnast af eigin raun félagsráðgjafarstörfum á ákveðnu sviði
- að tryggja að nemi í félagsráðgjafarnámi hafi fengið þjálfun í að vinna að lausn bæði dæmigerðra og sértækra félagsráðgjafarverkefna
- að veita nemum tækifæri til að skoða og vinna með eigin viðhorf og gildi í tengslum við félagsráðgjafahlutverkið
- að skapa nemanum tækifæri til að byrja að móta eigin starfsímynd

Til að ná þessum markmiðum er nemendur í starfsþjálfun á stofnun undir handleiðslu starfandi félagsráðgjafa sem lokið hefur námskeiði í handleiðslu. Starfsþjálfun hefst með fræðilegum inngangi.
Reglulegar málstofur verða á tímabilinu.
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa færni til að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýtt starf og að vinna að lausn félagslegra vandamála. Þeir eiga að hafa hlotið innsýn í eigin styrkleika og veikleika og vera meðvituð um siðfræðilegar spurningar sem upp koma í starfi félagsráðgjafa.

Nauðsynleg undirstaða: MA-ritgerð í félagsráðgjöf (FRG403F)
Skriflegt verkefni, greinargerð úr starfsþjálfun og mat starfsþjálfunarkennara

**FRG402F • MA-ritgerð í félagsráðgjöf • (30e) • Vor**
Kennari: Sigrún Júlíusdóttir Prófessor
MA-ritgerð.

## Hagfræðideild

**HAG101G • Stærðfræði I • (6e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Tor Einarsson Prófessor
Kennari: Sigurður Jóhannesson Aðjúnkt
Undirstöðuatriði fylkjareiknings: Fylki og vigrar, helztu reiknireglur, andhverfur, ákveður, línuleg jöfnukerfi; hagræn not. Föll af mörgum breytistærðum: hlutafleiður, heildarafleiður og heildardiffur; setningin um fólgin föll. Hámörkun og lágmörkun með og án hliðarskilyrða; hvelfd og kúpt föll; ferningsform, eigingildi og eiginvigrar; aðferð Lagrange; nauðsynleg og nægileg skilyrði. Tegrun: Óeiginleg tegur; tvöföld tegur. Verkefni.
Stöðupróf í nóvember vegur 20% til hækkunar.

**HAG103G • Þjóðhagfræði I • (6e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Þorvaldur Gylfason Prófessor
Markmið námskeiðsins er að miðla nemendum þekkingu á höfuðatriðum þjóðhagfræðinnar og helztu kenningum hennar og hugtökum, þannig að þeir fái yfirsýn yfir helztu viðfangsefni þjóðhagfræðinnar og innsýn í ýmis helztu lögmál efnahagslífsins, sem þjóðhagfræðin fjallar um. Áherzla er lögð bæði á fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnisins og tengsl þess við ýmis efnahagsmál, sem eru ofarlega á baugi á Íslandi og erlendis. Þekking á þjóðhagfræði býr nemendur undir ýmis önnur námskeið.
Eitt æfingarpróf verður haldið á misserinu og vegur það 15% af lokaeinkunn, en þó aðeins til hækkunar, ráðlegt er en ekki skylt að þreyta það. Lágmarkseinkunn í Þjóðhagfræði I er 6,5 fyrir nemendur í hagfræðideild og 5,0 fyrir nemendur í viðskiptafræðideild. Lokaprófið eitt ræður einkunn.

**HAG104G • Tölfræði I • (6e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Tómasson Dósent
Kennari: Daði Már Kristófersson Sérfræðingur
Markmið námskeiðsins er að byggja traustan grunn undir notkun tölfræði í öðrum námskeiðum, í starfi og í daglegu lífi, og að gera nemendur talnagleggri. Efni: Lýsandi tölfræði. Líkindafræði: atburðir, líkur, hendingar, helstu dreifingar. Ályktunartölfræði. matsaðferðir, tölfræðileg próf. Línulegt aðhvarf.

**HAG201G • Rekstrarhagfræði II • (6e) • Vor • 4f + 2æ**
Kennari: Birgir Þór Runólfsson Dósent
Námskeiðið er framhald af Rekstrarhagfræði I. Áhersla er lögð á nemar öðlist bæði víðtækari og dýpri þekkingu á kenningum hagfræðinnar. Það verður gert með því að gera frekari grein fyrir helstu kenningum í rekstrarhagfræði og sýna hvernig nota megi fræðin til að fjalla skipulega um margvísleg mál.
Æskileg undirstaða: Rekstrarhagfræði I (VIÐ105G), Stærðfræði I (HAG101G)

**HAG202G • Haglýsing • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Birgir Þór Runólfsson Dósent
Kennari: Sigurður Ármann Snævarr Aðjúnkt
Í námskeiðinu er fjallað um þróun íslenska þjóðarbúskaparins og stöðu hans í dag. Lögð er áhersla á að tengja námskeiðið því sem hæst ber í efnahagsumræðu hverju sinni. Beitt er jöfnum höndum hagfræði og haglýsingu í þessari umfjöllun. Í fyrri hluta námskeiðsins er einkum fjallað um framleiðsluna og framleiðsluþættina: Þróun fólksfjöldans og framleiðsluþáttanna, atvinnuvegirnir (þróun, staða og stefna), skipting afraksturs framleiðslunnar. Í síðari hlutanum beinist athyglin að þjóðarútgjöldum, ráðum þeirra og efnahagsstjórn: Einkaneysla, fjárfesting, samneysla og fjármál hins opinbera, utanríkisverslun og viðskiptastefna, peninga- og gengismál. Ritgerð. Skilaskylda.

**HAG203G • Stærðfræði II • (6e) • Vor • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Ragnar Árnason Prófessor
Kennari: Gunnar Ólafur Haraldsson Forstöðumaður
Runur og raðir. Samanburðarjafnstöðuaðferðir. Hámörkun, lágmörkun, nauðsynleg og nægileg skilyrði. Kuhn-Tucker setningin. Diffur-jöfnur og mismunajöfnur. Tímatengd hagfræði. Áhersla er lögð á notkun stærðfræðilegrar tækni á ofangreindum sviðum til lausnar hagrænna viðfangsefna. Verkefni.
Æskileg undirstaða: Stærðfræði I (HAG101G)

**HAG204G • Tölfræði II • (6e) • Vor • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Tómasson Dósent
Kennari: Daði Már Kristófersson Sérfræðingur
Markmið: Dýpka skilning nemenda á grundvallarhugtökum líkindafræði og ályktunarfræði. Sérstök áhersla lögð á þætti er snerta nútíma hagrannsóknir. Einnig verða kynnt líkindafræðileg hugtök sem nýtast nútíma fjármálafræði. Kynntar verða helstu líkindadreifnigar, slembiferli, Brown- og Poisson ferli. Eiginleikar tölfræðilegra matsaðferða, markgildishugtök, CLT, ML o.fl. Áhersla verður á að æfa nemendur í fylkjareikningi og notkun tölfræðiforrita (R & GRETL). Aðhvarfsgreining rifjuð upp og tímaraðir í hagfræði kynntar.
Markhópar: Námskeiðið hentar vel þeim sem þurfa víðtæka þekkingu í umgengni við gögn og við líkanagerð, eins og BS-hagfræðinemum og nemendum á fjármálasviði viðskiptaskorar. Heimasíða námskeiðs: http://www.hi.is/~helgito/
Æskileg undirstaða: Tölfræði A (VIÐ305G), Stærðfræði I (HAG101G), Hagrannsóknir I (HAG303G) eða Tölfræði B (VIÐ405G)

**HAG301G • Stærðfræði III • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Ragnar Árnason Prófessor
Inngangur að tímatengdum hámörkunaraðferðum einkum hagkvæmustu stýringu ("Optimal Control") og hámörkunarreglu Ponryagins ("Pontryagin's Maximum Principle"). Áhersla verdur lögð á að beita þessum aðferðum til að leysa ýmis áhugaverð tímatengd vandamál í rekstrar- (micro-) og þjóðhagfræði (macroeconomics) t.a.m. á sviði birgðahalds, markaðssetningar, neyslufræða, hagvaxtarfræða og nýtingar

náttúruauðlinda. Námskeiðsvinna, dæmatímar.
Æskileg undirstaða: Stærðfræði I (HAG101G), Stærðfræði II (HAG203G)

**HAG302G • Þjóðhagfræði II • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Gylfi Zoéga Prófessor
Tilgangur þessa námskeiðs er að veita stúdentum yfirsýn yfir viðfangsefni nútímaþjóðhagfræði og innsýn í þau lögmál efnahagslífsins, sem þjóðhagfræði fjallar um. Höfuðáherzla er lögð á að lýsa ákvörðun og samspili þjóðartekna, atvinnu, verðlags, vaxta, launa og annarra helztu þjóðhagsstærða í bráð og lengd og skilyrðum almannavaldsins til að hafa áhrif á gang efnahagsmála. Áherzla er lögð bæði á fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnisins. Höfuðviðfangsefni námskeiðsins eru: Hagfræði og hagtölur. Hagvöxtur. Atvinnuleysi. Verðbólga. Heildareftirspurn og vörumarkaður. Ríkisfjármál og peningamarkaður. Heildarframboð og vinnumarkaður. Hagstjórn í opnu hagkerfi.
Æskileg undirstaða: Þjóðhagfræði I (HAG103G)

**HAG303G • Hagrannsóknir I • (6e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Tómasson Dósent
Kennari: Sigurður Jóhannesson Aðjúnkt
Kennari: Sveinn Agnarsson Aðjúnkt
Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið tölfræði og stærðfræði á fyrsta ári í hagfræði. Í námskeiðinu er fjallað um tölfræðilegar aðferðir í hagfræði, hagmælingar. Þungamiðja námskeiðsins er umfjöllun um aðferð minnstu kvaðrata og hið klassíska línulega líkan. Fjallað er um þá bresti sem fram geta komið í forsendum þess líkans, svo sem sjálffylgni, misdreifini, marglínuleika og fylgni á milli skýristærða og truflunar, og því hvernig bregðast skal við. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér notkun tölfræðiforrita og séu færir um að túlka niðurstöður rannsókna sinna.
Æskileg undirstaða: Tölfræði A (VIÐ305G)
Lokapróf sem gildir 70%. Þrjú heimaverkefni sem gilda 10% hvert um sig. Nemendur verða að ná lokaprófi til að heimaverkefni hafi áhrif á lokaeinkunn.

**HAG304G • Rekstrarhagfræði III • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Birgir Þór Runólfsson Dósent
Námskeiðið er framhald af rekstrarhagfræði I og II, en einnig er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið stærðfræði I og stærðfræði II. Í rekstrarhagfræði III er áhersla lögð á nemar öðlist bæði víðtækari og dýpri þekkingu á kenningum hagfræðinnar. Lögð er áhersla á stærðfræðilega framsetningu þess fræðagrunns sem lagður hefur veriði fyrri námskeiðum í rekstrarhagfræði. Farið er vandlega yfir heildarjafnvægi í hagkerfinu og eiginleika þess. Sýnt er fram á tilveru þess við vissar aðstæður, forsendur þess að aðeins sé um eitt jafnvægi að ræða raktar og stöðugleiki þess kannaður. Velferðarsetningar 1 og 2 settar fram, rök færð fyrir þeim og ýtarlega fjallað um gildi þeirra í hagfræði. Í framhaldi af því er rætt er sérstaklega um tiltekna markaði eins og vinnumarkað, markað fyrir fjárfestingarvörur og markaði fyrir eignir eins og verðbréf. Þá verður fjallað um markaðsbresti, hagrænt gildi eignarréttar, og markað stjórnmálanna. Lögð er áhersla á að sýna hvernig nota megi rekstrarhagfræðina og aðferðir hennar til að komast að skynsamlegum niðurstöðum um ýmis efnhagsleg álitamál.
Æskileg undirstaða: Rekstrarhagfræði I (VIÐ105G), Rekstrarhagfræði II (HAG201G), Stærðfræði II (HAG203G), Stærðfræði I (HAG101G)

**HAG401G • Þjóðhagfræði III • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Þorvaldur Gylfason Prófessor
Þetta námskeið er haldið í beinu framhaldi af þjóðhagfræði II til að veita frekari yfirsýn yfir viðfangsefni nútímaþjóðhagfræði og gleggri innsýn í þau lögmál efnahagslífsins, sem þjóðhagfræði fjallar um. Áherzla er eftir sem áður lögð bæði á fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnisins. Höfuðviðfangsefni námskeiðsins eru: Neyzla og sparnaður. Ríkisfjármál og skuldir. Fjárfesting. Peningar og vextir. Hagsveiflur og hagstjórn. Erlend viðskipti og gengi. Atvinnuvegir. Viðskipti, skuldir og verðbólga. Verkefni. Skilaskylda.
Æskileg undirstaða: Þjóðhagfræði I (HAG103G), Þjóðhagfræði II (HAG302G), Stærðfræði III (HAG301G)

**HAG402G • Hagrannsóknir II • (6e) • Vor • 4f + 2d**
Kennari: Helgi Tómasson Dósent
Notkun tölfræðilegra og stærðfræðilegra aðferða í hagfræði. Matsaðferðir eins mesta sennileika (maximum-likelhood), method-of-moment aðferðir. Eimpírísk haglíkanagerð fyrir ýmsar tegundir gagna. Upprifjun á aðhvarfsgreiningu (regression), misdrefini og sjálffylgni. Sístæðar (stationary) tímaraðir, ARMA líkön. Co-integration aðferðir fyrir ósístæðar tímaraðir, Granger-Engle og Johansen aðferðir. Aðferðir fyrir margvíð líkön, VAR, SUR, simultaneous-structural-systems. Innsýn í reiknifrekar aðferðir svo sem Monte Carlo og bootstrap. Panel-data aðferðir og aðferðir fyrir líkön þar sem háða breytan er ekki samfelld. Heimasíða: http://www.hi.is/~helgito/
Æskileg undirstaða: Tölfræði A (VIÐ305G), Tölfræði II (HAG204G), Hagrannsóknir I (HAG303G)

**HAG403G • Rekstrarhagfræði IV • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Birgir Þór Runólfsson Dósent
Kennari: Gunnar Ólafur Haraldsson Forstöðumaður
Þetta námskeið byggir á þeim grundvelli sem lagður er í fyrri námskeiðum í rekstrarhagfræði. Undirstöðuatriði í leikjafræði eru rakin með formlegum hætti. Samkeppnisleikir og samvinnuleikir og jafnvægishugtök í þeim skoðuð. Einstakir leikir athugaðir til nokkurrar hlítar. Gildi leikjafræði í hagfræði útskýrð vandlega. Fjallað verður um hönnun hagrænna stofnana (e.mechanism design theory). Þá verður farið yfir áhrif óvissu á atferli neytenda og framleiðenda, fjallað um grundvallaratriði í upplýsingahagfræði og hámörkun við skilyrði óvissu. Eftir því sem tök eru á verður farið yfir hagnýt dæmi.
Nauðsynleg undirstaða: Rekstrarhagfræði III (HAG304G)
Æskileg undirstaða: Stærðfræði III (HAG301G)

**HAG503G • Bankar og peningar • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Ásgeir Jónsson Lektor
Námskeiðið fjallar um hlutverk seðlabanka í hagstjórn, stjórntæki peningamála, miðlun aðgerða hans um fjármálamarkaðina og áhrif á hagkerfið, gengismál og alþjóðleg peningamál. Farið verður yfir helstu einkenni íslensks fjármálamarkaðar í samanburði við það sem þekkist erlendis, stiklað á stóru í sögu fjármagnsviðskipta og gert grein fyrir leiðni hagstjórnar í gegnum gengi og vexti. Einnig er um að ræða

samspil stjórnar peningamála við aðra hagstjórn og stöðugleika fjármálakerfisins, svo og við ákvarðanir á vinnumarkaði. Þá skal fjalla um stjórnmálahagfræði tengda peningastjórn, svo sem varðandi skipulag ákvarðana í peningamálum. Markmiðið er veita yfirlit um tengsl hagstjórnar og fjármálamarkaða. Lögð er sérstök áhersla á að tengja kenningar peningamálahagfræðinnar við þau málefni sem efst er á baugi í efnahags-og þjóðmálaumræðu á hverjum tíma, þannig að nemendur öðlist hagnýta fræðilega þekkingu hagstjórn og peningamálum.

**HAG504G • Vinnumarkaður • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Þórólfur Geir Matthíasson Prófessor
Námskeið þetta fjallar um ýmsar hliðar vinnumarkaðar frá hagrænu sjónarmiði. Byrjað er á almennu yfirliti um vinnumarkaðinn. Að því loknu er vikið að framboði vinnu og mikilvægum þáttum, sem því ráða. Áherzla er lögð á tímatengd (e. dynamic) líkön í því efni. Mannauður og fjárfesting í menntun munu skipa háan sess í þessu námskeiði; ennfremur þáttur mannauðs í líkönum af innri hagvexti (e. endogenous growth). Áhrif skatta á vinnuframboð verða á dagskrá, bæði við skilyrði ytri og innri hagvaxtar. Einnig verður fjallað um dreifingu launa og tekna. Að lokum verður vikið að áhrifum samtaka á vinnumarkaði.
Æskileg undirstaða: Rekstrarhagfræði II (HAG201G), Stærðfræði II (HAG203G), Rekstrarhagfræði III (HAG304G), Stærðfræði III (HAG301G)

**HAG505G • Hagkerfi • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Birgir Þór Runólfsson Dósent
Í öðrum námskeiðum hafa ýmis lögmál og kenningar hagfræðinnar verið kynntar án þess þó að rætt væri um þjóðfélagslegt umhverfi þeirra kenninga. Hér er þessu snúið við, umhverfi kenninganna er umræðuefnið. Áhersla er lögð á að sýna hverning ólík stofnanaumhverfi hafa áhrif á hagræna hegðun einstaklinga og einnig á það hvernig stofnanaumhverfið er tilkomið. Samanburður stofnanna og hagkerfa krefst stórra spurninga og svörin eru því oft almenn eðlis. Í námskeiðinu verður fyrst reynt að svara því hvers vegna markaðshagkerfi virðast hafa yfirburði yfir annarskonar hagkerfi, en um leið má jafnvel finna svar við því hvers vegna sovésku hagkerfin runnu sín skeið á enda. Megináherslan verður þó á að skýra tilkomu ýmissa stofnanna markaðshagkerfa og hvernig ólíkar stofnanir hafa mismunandi áhrif á virkni slíkra hagkerfa. Verður m.a. fjallað um viðskiptakostnað og skipan eignarréttar og sýnt hvernig bæði móta hegðun einstaklinga og árangur í viðskiptum. Starfsemi ríkisins og leikreglur stjórnmálanna verða einnig gerð að umræðuefni.

**HAG506G • BA-ritgerð í hagfræði • (12e) • Haust**
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**HAG507G • BS-ritgerð í hagfræði • (12e) • Haust**
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**HAG508G • Alþjóðahagfræði • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Tor Einarsson Prófessor
A hluti (fyrri 6 vikur): Alþjóðaviðskipti og fjölþjóðafjárfesting, kenningar og hagrannsóknir. Fjallað verður um útflutning, innflutning, viðskiptabandalög, kvóta og fleira. Einnig verður fjallað um rekstur fjölþjóðafyrirtækja og hvernig þau kjósa sér staðsetningu í löndum m.v. flutningskostnað, vinnuaflskostnað, markaðsaðstæður og fleiri þætti. Almennt um viðskipti, hagvöxt og tekjuskiptingu. Mögulega stefnumörkun stjórnvalda í viðskiptum, s.s. með tollum og kvótum. Áhrifa af flæði fjármagns og vinnuafls milli landa. B hluti (seinni 6 vikur): Gjaldeyrismarkaður, greiðslujöfnuður og gengi. Greiðslujafnaðarreikningar. Þjóðartekjur, verðlag og viðskiptajöfnuður. Kenningar um vaxtajafnvægi. Peningamagn, vexti og gengi. Kaupmáttarjafnvægi og raungengi. Samband raungengis og viðskiptajafnaðar. Fastgengi og markaðsinngrip seðlabanka. Fyrirkomulag alþjóðagjaldeyriskerfis fyrr og nú. Hagstjórn við fljótandi gengi. Hagkvæm myntsvæði og myntbandalög. Alþjóðlegir fjármagnsmarkaðir. Nýmarkaðsríki og gjaldeyriskreppur.
Æskileg undirstaða: Rekstrarhagfræði II (HAG201G), Þjóðhagfræði II (HAG302G), Rekstrarhagfræði III (HAG304G), Þjóðhagfræði III (HAG401G)
Verkefni. Skilaskylda.

**HAG509G • Fiskihagfræði • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Ragnar Árnason Prófessor
Markmið þessa námskeiðs er að kynna og útskýra grundvallarlögmál fiskihagfræði og fiskveiðistjórnunar fyrir nemendum. Hin sérstöku hagrænu vandkvæði við nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda eru útskýrð. Hagkvæmasta nýting fiskistofna bæði í kyrrstæðu og tímatengdu tilliti er rannsökuð og borin saman við þá nýtingu, sem markaðsöflin myndu framkalla. Þá er fjallað um hin ýmsu stjórnkerfi fiskveiða með sérstakri áherslu á hagkvæmniseiginleika þeirra hvers fyrir sig. Sérstaklega er fjallað um svokallað kvótakerfi og ýmsar hliðar þess. Þá er íslenskur sjávarútvegur og fiskveiðistjórnun tekin til sérstakrar athugunar og fjallað um umræðuefni eins og veiðigjald og brottkast fiskafla. Fiskihagfræði er nokkuð margslungið viðfangsefni, sem auðveldast er að rannsaka með tæknilegum stærðfræðilegum aðferðum. Í þessu námskeiði er hins vegar leitast við að setja meginkenningar fiskihagfræðinnar fram með ótæknilegum hætti þannig að skortur á formlegri stærðfræðilegri þekkingu ætti ekki að verða nemendum að fótakefli.
Æskileg undirstaða: Stærðfræði III (HAG301G)

**HAG601G • Reiknifræði hagfræði og fjármála • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Helgi Tómasson Dósent
Rifjaðar verða upp tölulegar aðferðir við hámarkanir, diffranir og heildanir. T.d aðferðir Newton við hámarkanir, Gauss og Monte Carlo aðferðir við heildanir. Tölulegar aðferðir við dýnamískar hámarkanir í strjálum tíma og strjálu ástandi og strjálum tíma og samfelldu ástandi. Tölulegar aðferðir í samfelldum tíma. Líkön sem byggja á Markov ferlum eru hermuð. Notkun slíkra líkana í hagfræði, fjármálum og framleiðslu svo sem, hagstjórn, verðlagningu afleiða og birgðastjórnun eru æfð. Líkönin eru sett upp stærðfræðilega og tölvur notaðar þar

sem formlegri stærðfræði verður ekki komið við.
Æskileg undirstaða: Stærðfræði I (HAG101G), Stærðfræði II (HAG203G)

**HAG605G • Fjármál hins opinbera • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Þórólfur Geir Matthíasson Prófessor
Kjörumsvif hins opinbera á markaðshagkerfi. Markaðsbrestir og stjórnbrestir svo og leiðir til úrbóta. Umfangsmestu verkefni hins opinbera. Kostnaðar- og nytjagreining opinberra framkvæmda. Tekjuskipting, hagkvæmni og réttlæti. Fræðin um kjörsköttun. Velferðaráhrif mismunandi tegunda skatta og þjónustugjalda. Svigrúmið til skattlagningar í opnu þjóðfélagi o.fl.
Æskileg undirstaða: Stærðfræði I (HAG101G)

**HAG606G • Hagrannsóknir III • (6e) • Vor • 4f + 2d**
Kennari: Helgi Tómasson Dósent
Nútímaaðferðir í hagrannsóknum, sérstaklega meðferð á tímaröðum (time-series) og gögnum sem innihalda upplýsingar um dvalarlengd í ákveðnu ástandi (transition data, survival, reliability). Tengsl við áhættustjórnun kynnt. Einvíð og margvíð líkön fyrir samfelldan og sundurslitina tíma. Nemendur gera eigin verkefni og flytja um þau fyrirlestra. Áhersla verður á vinnu með gögn af fjármálamörkuðum. Æskilegar forkröfur eru grunnnámsskeið í tölfræði/hagrannsóknum og viss geta í tölvuvinnu með gögn.
Æskileg undirstaða: Tölfræði A (VIÐ305G), Tölfræði II (HAG204G) eða Tölfræði B (VIÐ405G), Hagrannsóknir I (HAG303G)

**HAG607G • Málstofa í hagfræði • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Helgi Tómasson Dósent
Umsjónarmaður: Gylfi Zoéga Prófessor
Umsjónarmaður: Ragnar Árnason Prófessor
Nokkrir kennarar flytja erindi um áhugaverð atriði í þeirra rannsóknum. Þessi erindi eru rædd og gagnrýnd með virkri þátttöku nemenda. Nokkrar framúrskarandi greinar í hagfræði eru lesnar af öllum hópnum, þær síðan kynntar af einstökum nemendum (hver nemandi flytur eina kynningu), þær rædddar og gagnrýndar. Sérhver nemandi leggur fram stutta, fullborna ritgerð um eitthvert málefni (t.d. það sem lokaritgerð þeirra fjallar um). Þeir flytja síðan erindi á grundvelli þessarar ritgerðar sem er rætt og gagnrýnt.
Nemendur fá einkunn fyrir þáttöku í þessu námskeiði. Einkunnin er byggð á ritgerð þeirra, fyrirlestrum og þátttöku í umræðum. Ekkert lokapróf er haldið.

**HAG608G • BA-ritgerð í hagfræði • (12e) • Vor**
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**HAG609G • BA-ritgerð í hagfræði • (12e) • Sumar**
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**HAG610G • BS-ritgerð í hagfræði • (12e) • Vor**
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**HAG611G • BS-ritgerð í hagfræði • (12e) • Sumar**
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**HAG612G • Saga hagfræðikenninga • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Birgir Þór Runólfsson Dósent
Fjallað er um hugmyndir manna um starfsemi efnahagslífsins frá tímum Grikkja og til loka 20.aldar. Stiklað er á stóru. Reynt er að sýna fram á samhengi í þessari hugmyndasögu og þannig eru einstaka kenningasmiðir og skólar tengdir saman. Áhersla er lögð á sögulega þróun og vendipunkta fremur en nákvæma tæknilega útfærslu á kenningum einstakra hugsuða.

**HAG613G • Upplýsingatækni fyrir hagfræðinema • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Eyjólfur Sigurðsson
Nemendur læra að nota tölvur á skilvirkan hátt í vísindalegri vinnu. Áhersla er lögð á að dýpka skilning á notkun sérhæfðs hugbúnaðar sem nýtist hagfræðingum. Að námskeiði loknu eiga nemendur að geta aflað gagna og heimilda á netinu, framkvæmt einfaldar aðgerðir og skrifað skipulega uppsettar ritgerðir. Nemendur eiga að vita hvar skal leita og hvaða tólum skal beita. Einkunnagjöf byggir á skilaverkefnum og lokaprófi.
Einkunnargjöf byggir á skilaverkefnum (50%) og lokaprófi (50%). Nauðsýnlegt er að standast próf til þess að ljúka kúrsi.

**HAG101F • Kostnaðar- og nytjagreining • (6e) • Haust**

Kennari: Þórólfur Geir Matthíasson Prófessor

Tilgangur kostnaðar-nytjagreiningar er að auðvelda töku ákvarðana sem snerta marga þjóðfélagsþegna með beinum eða óbeinum hætti. Markmið námskeiðsins í kostnaðar-nytjagreiningu er að kynna nemendum fræðilega undirstöður aðferðarinnar jafnt sem hagnýtingu hennar. Umfjöllunarefnin eru m.a.: Rekstrarhagfræðilegur grundvöllur kostnaðar-nytjagreiningar, mat á neytendaábata, framleiðendaábata og samfélagslegum ábata. Þjóðhagsleg og rekstrarhagfræðileg áhrif framkvæmda. Afvöxtun, ávöxtun og opinberir reiknivextir. Áhrif óvissu á mat á þjóðhagslegum áhrifum og verðmæti upplýsinga. Tilvistarvirði (existence value). Skilyrt verðmætamat. Verðmat á tíma, mannslífum, hávaða.

**HAG105F • Þjóðhagfræði í meistaranámi I • (6e) • Haust • 4f**

Kennari: Tor Einarsson Prófessor

Hér verður farið yfir verðmyndun á eignum svo sem hlutabréfum og skuldabréfum, ákvörðun gengis, stjórntæki peningamálastefnu og áhrif hennar á raunstærðir, fjármálakreppur, fjármálastefna ríkisins, trúverðugleiki stjórnvalda, sjálfstæði seðlabanka og pólitískar hagsveiflur. Í þessu námskeiði er megin áhersla lögð á hagstjórn.

**HAG106F • Rekstrarhagfræði í meistaranámi • (6e) • Haust • 4f**

Kennari: Ragnar Árnason Prófessor

Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum grundvallaratriðin í fræðilegri rekstrarhagfræði (micro-economics) og hvernig unnt er að beita henni í hagfræðilegri vinnu. Fjallað er neysluhagfræði, framleiðsluhagfræði, markaði, tilveru, stöðugleika og velferðareiginleika heildarjafnvægis í hagkerfinu. fákeppni og markaðsbresti. Auk fræðilegrar greiningar er leitast við að leggja hagnýt verkefni fyrir nemendur.

**HAG107F • Heilsuhagfræði I • (6e) • Haust • 4f**

Umsjónarkennari: Tinna Laufey Ásgeirsdóttir Lektor

Í þessu námskeiði verður leitast við að þjálfa nemendur í beitingu hagfræðilegrar greiningar á þeim vandamálum og viðfangsefnum sem tengjast heilsufari og heilsugæslu. Hugað að ýmsum aðferðum við að meta mannslíf og heilsu til fjár. Fjallað verður um framboð og eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu og rannsóknir í hagfræði á heilbrigðiskerfum og umbótum á því sviði.

**HAG108F • Vinnumarkaðshagfræði fyrir meistaranema • (6e) • Haust • 4f**

Kennari: Þórólfur Geir Matthíasson Prófessor

Valnámskeið þetta er einkum hannað fyrir meistaranema í hagfræði og heilsuhagfræði. Einnig geta meistaranemar í viðskiptafræði haft gagn af námskeiðinu svo fremi sem þeir hafa tekið námskeið í rekstrarhagfræði á BS/BA stigi. Helstu viðfangsefni: vinnuaflseftirspurn, vinnuframboð, mannauðsfræði, verkalýðsfélög, launakerfi, tekjudreifing, lágmarkslaun og atvinnuleysi. Lögð verður áhersla á nýlegar kenningar og niðurstöður í vinnumarkaðshagfræði og mun yfirferð byggjast bæði tímaritsgreinum, auk kennslubókar.
Lokapróf 70% og skilaverkefni 30%.

**HAG109F • Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða • (6e) • Haust • 4f**

Umsjónarmaður: Ásgeir Jónsson Lektor

Kennari: Freyr Hermannsson Aðjunkt

Aðstoðarkennari: Gunnar Gunnarsson

Á nútíma fjármálamörkuðum fara fram viðskipti með verðbréf af ýmsu tagi: skuldabréf, hlutabréf, alls kyns afleiður o.s.frv. Á síðustu árum og áratugum hefur þekkingu og aðferðum til að verðleggja þessi mismunandi form eigna fleygt fram. Jafnframt hafa aðferðir til að stýra áhættu í viðskiptum með verðbréf verið þróaðar. Í námskeiðinu verður fjallað um þessar aðferðir á fræðilegum nótum. Góður stærðfræðilegur grunnur er því nauðsynlegur undanfari þessa námskeiðs. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta er fjallað um skipulag fjármálamarkaða, helstu tegundir verðbréfa, vexti, helstu líkön af eignaverði og aðferðir til að mæla áhættu og arðsemi. Í öðrum hluta er fjallað um verðlagningu valréttarsamninga (m.a. reglu Black og Scholes), áhættuvarnir (hedging) og tölulegar aðferðir til að reikna út eignaverð. Að lokum er fjallað um hagfræðilegt jafnvægi á eignamörkuðum.

**HAG110F • Fjármálatölfræði • (6e) • Haust • 4f**

Kennari: Hersir Sigurgeirsson Lektor

Í námskeiðinu verður fjallað um helstu tölfræðiaðferðir sem beitt er til greiningar á gögnum af fjármálamörkuðum og lögð áhersla á að kenna og þjálfa nemendur í aðferðum sem beitt er á raunveruleg, hagnýt verkefni. Helstu efnisatriði: Spálíkön fyrir gengisþróun (ARMA, VAR) og flökti (ARCH, GARCH), verðlagning og ahættuvörn afleiða, eignastýring (þáttalíkön, CAPM), og langtímasambönd í fjármálum (sístæðni, einingarætur, samþætting). Helstu aðferðir: Aðferð minnstu kvaðrata, sennileikaföll, Kalman síun, höfuðásagreining, vægjaaðferð, samþætting, og hermun.

**HAG112F • MS-ritgerð • (30e) • Haust**

Meistaranámsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara hagfræðiskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknarnámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal síðan skilað til skrifstofu hagfræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi á hverju misseri. Kennari og prófdómari skulu meta meistaranámsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**HAG113F • Doktorsritgerð í hagfræði • (30e) • Haust**

Doktorsnám er 180 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 3 ár. Deild getur að fenginni tillögu doktorsnámsnefndar sett reglur um lágmarks námshraða. Standist nemandi ekki þær reglur getur rannsóknarnámsnefnd fellt niður skráningu nemandans í námið. Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði doktorsnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða hvort í sínu lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir doktorsnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

**HAG114F • Hagfræðileg ákvörðunartaka • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gylfi Zoéga Prófessor
Kennari: Anna Heide Gunnþórsdóttir Dósent
Einstaklingar taka mikilvægar ákvarðanir bæði í einkalífi og innan fyrirtækja og stofnana. Ákvarðanir í starfi eru því mikilvægari sem einstaklingarnir eru hærra settir. Þeir sem eiga auðveldara með að taka skynsamlegar ákvarðanir hafa forskot bæði í starfi og í einkalífi á hina sem eiga ekki auðvelt með ákvarðanatöku. Í þessu námskeiði verða kenndar niðurstöður og aðferðir leikjafræði og tilraunahagfræði til þess að veita innsýn í ákvarðanatökuferlið og einnig til þess að nemendur geti sjálfir tekið betri ákvarðanir. Nemendur munu í lok námskeiðs geta nálgast ákvarðanatöku á skipulegri hátt; greint villur í ákvarðanatökuferli; greint mikilvægi tilfinninga í ákvörðunum og aðgreint þær frá öðrum þáttum; lagt mat á hæfi hópa til þess að komast að ákvörðunum; haft áhrif á ákvarðanatöku annarra; komið í veg fyrir deilur; og geta ákveðið hvort og hvernig unnt sé að hagnast á eignaverðbólum.

**HAG116F • MS-ritgerð í Fjármálahagfræði • (30e) • Haust**
Meistaranámsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara hagfræðiskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknarnámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal síðan skilað til skrifstofu hagfræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi á hverju misseri. Kennari og prófdómari skulu meta meistaranámsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**HAG201F • Umhverfishagfræði • (6e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Ragnar Árnason Prófessor
Aðstoðarkennari: Daði Már Kristófersson Sérfræðingur
Í þessu námskeiði er fjallað um ýmsar veigamiklar hliðar umhverfishagfræði. Rætt er um efnahagslegt gildi umhverfisins, mismunandi not þess, kostnað við umhverfisrýrnun og svokallaða "græna" landsframleiðslu. Ennfremur er fjallað sérstaklega um land, landnotkun og landvirði. Þá er geta markaðskerfisins til að framkalla hagkvæma nýtingu umhverfisins rannsökuð, aðferðir til að lagfæra "mistök" í því efni skoðaðar og bornar saman við hugmyndir umhverfissinna.

**HAG202F • Hagrannsóknir í meistaranámi • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Helgi Tómasson Dósent
Námskeiðið kynnir aðferðafræði nútíma hagmælinga (e. econometrics) og beitingu þeirra. Kynntar verða aðferðir sem henta þversniðsgögnum, hefðbundnum tímaröðum og panelögnum. Líkön fyrir nokkrar tegundir mælinga,samfelldar-, talningar- og ósamfelldar breytur. Gert er grein fyrir muninum á einvíðum og margvíðum líkönum. Í námskeiðinu er lögð áhersla á hagnýta beitingu aðferðanna og sjálfstæð vinnubrögð við hagrannsóknir. Helstu viðfangsefni eru: Metlar og eiginleikar þeirra og prófun tilgátna. Ýmsar tegundir metla (ML, OLS, GLS, GMM o.s.frv.) og ýmis próf (LR, Wald-próf o.s.frv.). Einvíð og margvíð línuleg líkön. ARMA og VAR tímaraðalíkön og aðhvarfsgreining með ósístæðum tímaröðum.

**HAG205F • Þættir í rekstrarhagfræði • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Gunnar Ólafur Haraldsson Forstöðumaður
Námskeiðið er framhald af 04.06.22 Rekstrarhagfræði í meistaranámi I. Byrjað verður á að fjalla um ákvarðanir við skilyrði óvissu. Síðan verður farið yfir undirstöðuatriði í leikjafræði, m.a. kyrra og kvika leiki með fullkomnum og ófullkomnum upplýsingum. Gefin verða dæmi um hvernig beita má leikjafræðinni á ýmsum sviðum hagfræði með áherslu á atvinnuvegahagfræði (þ.e. greiningu á atferli fyrirtækja í ófullkominni samkeppni). Að lokum verður fjallað stuttlega um atferlisleikjafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Rekstrarhagfræði í meistaranámi (HAG106F)
Tvö einstaklingsverkefni (20%), miðannarpróf (20%), lokapróf (60%).

**HAG206F • Peningamálahagfræði • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Tor Einarsson Prófessor
Í námskeiði þessu verða nokkur atriði peningahagfræði (e. monetary economics) kynnt til nokkurrar hlítar. Áherzla verður lögð á hlutverk peninga í þjóðhagfræði (e. macroeconomics). Helztu efnisþættir verða: Almennt yfirlit. Spurn eftir peningum; peningar í nytjafalli, "cash-in-advance"- líkön. Peningar í líkönum af almennu jafnvægi (e. general equilibrium), velferðaráhrif verðbólgu við skilyrði ytri og innri hagvaxtar. Hlutverk eignaverðs í þjóðhagslíkönum. Peningastjórn í opnu hagkerfi: gengisflot, myntbandalög. Seðlabankar og fjármálastofnanir: lausafjáráhrif (e. liquidity effect) peningastefnu. Ekki er fylgt neinni ákveðinni kennslubók í námskeiðinu, en hér fara á eftir nokkrar bækur, sem að gagni gætu komið. Fremur er byggt á greinum, sem nánar verður vísað í eftir því sem námskeiðinu miðar.

**HAG207F • Þjóðhagfræði í meistaranámi II • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Gylfi Zoéga Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynna aðferðir og aðferðafræði þjóðhagfræðinnar og beita þeim við greiningu ýmissa þjóðhagslegra fyrirbæra. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist getu til sjálfstæðrar hugsunar og greiningar á hinum ýmsu vandamálum. Helstu viðfangsefni: Hagvöxtur til langs tíma, kjörsparnaður og tímatengd hagkvæmni, orsakir tregbreytileika verðlags, skömmtun fjármagns og markaðsbrestir á fjármagnsmörkuðum, atvinnuleysi til lengri tíma og náttúrulegt atvinnuleysi, skammtíma- og langtímasveiflur atvinnu og framleiðslu.

**HAG208F • Heilsuhagfræði II • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Tinna Laufey Ásgeirsdóttir Lektor
Kennari: Elín Jóhanna G Hafsteinsdóttir
Þetta námskeið er í beinu framhaldi af Heilsuhagfræði I. Hér verður lokið umfjöllun um þau efni sem áður var lýst. Viðfangsefnin eru mörg og þar má nefna tryggingamarkaði sem og fjármögnun og rekstrur heilbrigðisþjónustu. Að auki verður fjallað um aðferðir til þess að leggja árangursmat á heilbrigðiskerfi. Hér verður komið inn á svið ýmissa annarra fræðigreina svo sem faraldsfræði og læknisfræði.

**HAG209F • Líftölfræði • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Helgi Tómasson Dósent

Farið verður yfir hugtök semtengjast hlutlægri skilgreiningu á áhættu, svo sem RR (relative-risk), OR (odds-ratio), AR attributable-risk),hazard fall, survival fall ofl. Hegðun þessara hugtaka í líkönum sem byggja á ýmsum vel þekktum líkindadreifingum, svo sem exponential, Weibull, gamma o.s.frv. verður lýst. Notkun gagna til ályktunar um áhættuþætti í survival líkönum með Cox-regression. Greining gagna fyrir endurteknar mælingar á einstaklingum (repeated-measures, panel-data) með GLMM líkönum verður kynnt.

**HAG210F • Þættir í heilsuhagfræði • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Tinna Laufey Ásgeirsdóttir Lektor
Markmið þessa námskeiðs er að skoða valin efni sem þykja áhugaverð frá sjónarhóli heilsuhagfræðinnar. Í námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti í rekstri heilbrigðiskerfa. Einnig verður fjallað um neyslu ávanabindandi efna, holdafar, heilsudreifingu, aðferðir til þess að leggja mat á heilbrigðisþjónustu og fleiri þætti.

**HAG211F • Bankar og fjármálamarkaðir • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Ásgeir Jónsson Lektor
Námskeiðið fjallar um hlutverk fjármálastofnana og virkni fjármálamarkaða hérlendis. Farið verður yfir helstu einkenni íslenskra fjármálamarkaða með hlutabréf, skuldabréf, fasteignir og peninga, auk þess að stikla á stóru í sögu fjármagnsviðskipta og gera grein fyrir leiðni hagstjórnar í gegnum gengi og vexti. Þá er fjallað um helstu fjárfesta á markaði, s.s. lífeyrissjóði, stefnu þeirra og ákvarðanatöku. Ennfremur, er farið yfir starfsemi banka, vöxt þeirra og viðgang, og áhrif þeirra á markaði og efnahagslíf. Einnig, verður fjallað um hlutverk seðlabanka í hagstjórn, stjórntæki peningamála, miðlun aðgerða hans um fjármálamarkaðina og áhrif á hagkerfið. Loks, er fjallað um hlutverk fjármálaeftirlitsins, nýjar reglur um eiginfjárbindingu kenndar við Basel II.

**HAG212F • Skuldabréf • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Hersir Sigurgeirsson Lektor
Í þessu námskeiði verður fjallað um allar helstu tegundir skuldabréfa og skuldabréfaafleiða. Áhersla verður lögð á að fjalla um skuldabréf bæði í alþjóðlegu samhengi og þau atriði sem sérstök eru á innlendum markaði. Meðal efnisatriða eru: hefðbundin, vísitölutengd, innkallanleg, og breytanleg skuldabréf, skulda- og skuldabréfavafningar, skuldaraafleiður og gjaldþrotatryggingar, og skuldabréfa- og vaxtaafleiður. Mismunandi gerðir skuldabréfa og afleiða verða skoðaðar með tilliti til verðlagningar, eignastýringar og áhættustýringar. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi góða undirstöðu í grunnatriðum fjármála, sér í lagi skuldabréfa og afleiða.

**HAG215F • MS-ritgerð • (30e) • Vor**
Meistaranámsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara hagfræðiskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknarnámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal síðan skilað til skrifstofu hagfræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi á hverju misseri. Kennari og prófdómari skulu meta meistaranámsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**HAG216F • MS-ritgerð • (30e) • Sumar**
Meistaranámsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara hagfræðiskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknarnámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal síðan skilað til skrifstofu hagfræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi á hverju misseri. Kennari og prófdómari skulu meta meistaranámsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**HAG217F • Doktorsritgerð í hagfræði • (30e) • Vor**
Doktorsnám er 180 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 3 ár. Deild getur að fenginni tillögu doktorsnámsnefndar sett reglur um lágmarks námshraða. Standist nemandi ekki þær reglur getur rannsóknarnámsnefnd fellt niður skráningu nemandans í námið. Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði doktorsnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða hvort í sínu lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir doktorsnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

**HAG218F • Doktorsritgerð í hagfræði • (30e) • Sumar**
Doktorsnám er 180 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 3 ár. Deild getur að fenginni tillögu doktorsnámsnefndar sett reglur um lágmarks námshraða. Standist nemandi ekki þær reglur getur rannsóknarnámsnefnd fellt niður skráningu nemandans í námið. Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði doktorsnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða hvort í sínu lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir doktorsnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

**HAG221F • MS-ritgerð í Fjármálahagfræði • (30e) • Vor**
Meistaranámsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara hagfræðiskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknarnámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal síðan skilað til skrifstofu hagfræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi á hverju misseri. Kennari og prófdómari skulu meta meistaranámsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**HAG222F • MS-ritgerð í Fjármálahagfræði • (30e) • Sumar**
Meistaranámsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara hagfræðiskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur

Rannsóknarnámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal síðan skilað til skrifstofu hagfræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi á hverju misseri. Kennari og prófdómari skulu meta meistaranámsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**HAG301F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**HAG401F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**HAG402F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**REY004F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs

**REY004F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs

# Lagadeild

**LÖG001G • Einstaklingsverkefni • (3e) • Haust**
3.0 eininga einstaklingsverkefni fyrir nemendur í lögfræði sem aukagrein.

**LÖG001G • Einstaklingsverkefni • (3e) • Vor**
3.0 eininga einstaklingsverkefni fyrir nemendur í lögfræði sem aukagrein.

**LÖG002G • Einstaklingsverkefni • (1e) • Haust**
Einstaklingsverkefni til 1. einingar fyrir nemendur í lögfræði sem aukagrein.

**LÖG002G • Einstaklingsverkefni • (1e) • Vor**
Einstaklingsverkefni til 1. einingar fyrir nemendur í lögfræði sem aukagrein.

**LÖG101G • Inngangur að lögfræði • (6e) • Haust • 9f**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Kennari: Björg Thorarensen Prófessor
Kennari: Eiríkur Jónsson Lektor
Kennari: Eiríkur Tómasson Prófessor
Kennari: Ása Ólafsdóttir Lektor
Viðfangsefni námskeiðsins er stutt yfirlit yfir meginreglur og hugtök helstu sviða hins íslenska réttarkerfis, þ.e stjórnskipunarréttar, stjórnsýsluréttar, réttarfars, samninga- og kröfuréttar, skaðabótaréttar og refsiréttar. Tilgangur námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í gildandi rétt áður en hafist er handa við að fjalla um hina lagalegu aðferð og grunnhugtök lögfræðinnar í "Almennri lögfræði". Námskeiðið er kennt á fyrstu 3-4 vikum haustmisseris og verður próf haldið á miðju kennslutímabilinu að loknu upplestrarfríi. Sjúkra- og upptökupróf eru eingöngu haldin á vorpróftímabili en ekki á sumarpróftímabili.

**LÖG102G • Evrópuréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Maria Elvira Mendez Pinedo Lektor
Kennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Kennari: Bjarnveig Eiríksdóttir Aðjúnkt
Nemendur læra megin atriði um Evrópusambanðið (ESB), Evrópska efnahagssvæðið (EES) og samskipti Íslands og ESB/EES. Markmið er að nemendur geti greint fræðilega hugmyndir að baki ríkjandi Evrópusögu og Evrópuréttum. Nemendur læra um stöðu þjóðaréttarins í íslensku réttarkerfi með áherslu á aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Nemendur taka virkan þátt í nútíma umræðum um Evrópu og Evrópurétt. Kennari hjálpar að skylja tengsl landsréttar og þjóðaréttar í ljósi réttarheimildafræðinnar og þá sérstaklega í tengslum við meginreglur Evrópuréttarins sem þýðingu hafa hér á landi í ljósi skuldbindinga Íslands samkvæmt EES-samningnum. Eldri BA-nemendur, sem hófu laganám H-2005 og fyrr, og hafa lokið prófum í almennri lögfræði og inngangi að lögfræði, mega taka Evrópuréttarnámskeiðið í stað réttarsöguágripanna. Ef aðild Íslands í ESB (Evrópusambandið) er í umræði 2009, námskeið mundi fjalla um ESB og EB-rétt frá þessi sjónarmiði.

**LÖG103G • Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu • (18e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Kennari: Hafsteinn Þór Hauksson
Kennari: Sigurður H Líndal Stundakennari
Í námskeiðinu er fjallað ítarlega um hina lagalegu aðferð, ýmis grunnhugtök lögfræðinnar sem henni tengjast og um sögulega þróun íslensks réttar. Meginefni námskeiðsins er tvískipt: Í fyrri hluta, réttarheimildafræði, er fjallað um réttarheimildirnar, rétthæð þeirra og innbyrðis samband og farið yfir þróun íslensks réttar og réttarskipunar frá landnámi fram á okkar daga auk þess sem stjórnskipunarsaga landsins er rædd. Einnig er fjallað um réttarkerfið, birtingu laga, skil eldri laga og yngri og afturvirkni laga. Í síðari hluta námskeiðsins, lögskýringarfræði, er fjallað um kenningar og hugmyndir um túlkun lagaákvæða og farið ítarlega yfir þær lögskýringaraðferðir sem eru almennt viðurkenndar í íslenskri réttarframkvæmd. Í heild er námskeiðinu ætlað að gefa heildstæða mynd af því hvernig komist er að lagalegri niðurstöðu að íslenskum rétti. Sjúkra- og upptökupróf eru eingöngu haldin á vorpróftímabili en ekki á sumarpróftímabili.

**LÖG104G • Inngangur að lögfræði sem aukagrein • (6e) • Haust • 9f**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Kennari: Björg Thorarensen Prófessor
Kennari: Eiríkur Jónsson Lektor
Kennari: Eiríkur Tómasson Prófessor
Kennari: Ása Ólafsdóttir Lektor
Viðfangsefni námskeiðsins er stutt yfirlit yfir meginreglur og hugtök helstu sviða hins íslenska réttarkerfis, þ.e stjórnskipunarréttar, stjórnsýsluréttar, réttarfars, samninga- og kröfuréttar, skaðabótaréttar og refsiréttar. Tilgangur námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í gildandi rétt áður en hafist er handa við að fjalla um hina lagalegu aðferð og grunnhugtök lögfræðinnar í "Almennri lögfræði". Námskeiðið er kennt á fyrstu 3-4 vikum haustmisseris og verður próf haldið á miðju kennslutímabilinu að loknu upplestrarfríi. Sjúkra- og upptökupróf eru eingöngu haldin á vorpróftímabili en ekki á sumarpróftímabili.

**LÖG105G • Samningaréttur • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ása Ólafsdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að fjalla um og skýra réttarreglur sem gilda um samninga og þjálfa nemendur í að leysa raunhæf álitamál. Lýst er almennum reglum um stofnun samninga, umboð, ógilda löggerninga o.fl. Megináherslan verður á umfjöllun um lög nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga ásamt síðari breytingum, og þau fordæmi sem fyrir liggja og hafa þýðingu við skýringu ákvæða

laganna. Jafnframt verður fjallað um önnur tengd lög, dóma og raunhæf verkefni eftir því sem við á.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)

**LÖG106G • Stjórnsýsluréttur I • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Trausti Fannar Valsson
Kennari: Kristín Benediktsdóttir Doktorsnemi
Fjallað er um þær reglur er gilda um meðferð stjórnsýslumála á fyrsta stjórnsýslustigi þar sem ætlunin er að taka stjórnvaldsákvörðun. Gerð er grein fyrir skilgreiningum á grundvallarhugtökum stjórnsýsluréttar. Einnig um tilurð, gildissvið og túlkun stjórnsýslulaga og sérstaklega gerð grein fyrir aðild að stjórnsýslumáli og hugtakinu stjórnvaldsákvörðun. Fjallað er um hæfisreglur, leiðbeiningarskyldu stjórnvalda (leiðbeiningarregluna), málshraðaregluna, rannsóknarregluna, álitsumleitan, skyldu stjórnvalda til að tilkynna um meðferð máls (tilkynningaregluna), upplýsingarétt aðila (upplýsingaregluna), andmælarétt (andmælaregluna), ákvörðun máls, rökstuðning stjórnvaldsákvarðana, birtingu ákvörðunar, kæruleiðbeiningar og málsmeðferð stjórnsýslunefnda. Í tengslum við umfjöllunina verður vikið að réttaráhrifum annmarka á meðferð máls.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)

**LÖG107G • Kröfuréttur I • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Umsjónarkennari: Benedikt Bogason Dósent
Fjallað verður um helstu hugtök kröfuréttar. Þá er fjallað um þær réttarreglur, er lúta að stofnun, inntaki og lögvernd kröfuréttinda. Farið er yfir áhættuskiptareglur kröfuréttar. Fjallað er um efndir kröfu og er í því sambandi fjallað ítarlega um greiðslustað og greiðslutíma. Þá er fjallað um greiðsludrátt, galla og vanheimild og réttaráhrif þeirra. Í því sambandi er sérstaklega vikið að vöxtum. Loks er farið yfir réttarreglur um aðilaskipti að kröfuréttindum auk þess sem vikið er að megininntaki reglna um viðskiptabréf.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)

**LÖG201G • Stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti • (15e) • Vor**
Umsjónarkennari: Björg Thorarensen Prófessor
Umsjónarkennari: Eiríkur Tómasson Prófessor
Kennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái yfirsýn yfir stjórnskipun Íslands, kunni skil á megineinkennum hennar og helstu ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Nemendur öðlist skilning á stöðu stjórnskipunarlaga sem réttarheimildar, röksemdum að baki þrískiptingu ríkisvaldsins og handhöfn þriggja meginþátta þess, löggjafarvaldsins, framkvæmdarvaldsins og dómsvaldsins. Nemendur öðlist þekkingu á störfum hvers þessara þátta ríkisvaldsins og verkaskiptingu milli þeirra þjálfun í að leysa úr raunhæfum lögfræðilegum úrlausnarefnum sem varða stjórnarskrá. Nemendur fá jafnframt yfirsýn yfir helstu grunnreglur þjóðaréttarins, þar á meðal um stöðu íslenska ríkisins í alþjóðakerfi ríkja og alþjóðastofnana, samninga við önnur ríki, réttarheimildir þjóðaréttarins og nokkur grunnatriði hafréttar. Fjallað verður um uppruna og efni mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar og áhrif alþjóðasamninga, einkum Mannréttindasáttmála Evrópu, á þróun og stjórnskipulega vernd mannréttinda hér á landi. Krufðir eru helstu dómar þar sem sem reynt hefur á mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar svo og önnur stjórnarskrárákvæði og áhrifum þess að lög verði talin andstæð stjórnarskránni. Hluti kennslunnar fer fram í umræðutímum þar sem nemendur fá þjálfun í úrlausn raunhæfra verkefna. Þá er þurfa nemendur að skila skriflegri úrlausn raunhæfs verkefnis (2000 orð)
Æskileg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23)
Verkefnaskil með fullnægjandi árangri eru próftökuskilyrði í námskeiðinu.

**LÖG202G • Heimspekileg forspjallsvísindi • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Skúli Magnússon Dósent
Umsjónarkennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Markmið heimspekilegra forspjallsvísinda í lagadeild er að veita nemendum innsýn inn í grundvöll vísinda og fræða með sérstakri áherslu á siðfræði og lögfræði. Í fyrri hluta námskeiðsins er fjallað almennt um grundvöll vísindalegrar aðferðar og megineinkenni vísinda, en því næst er gerð grein fyrir helstu kenningum á sviði siðfræði. Lögð er áhersla á þau atriði siðfræðinnar sem tengjast stöðu og þroska einstaklingsins í samfélagi manna. Í síðari hluta námskeiðsins er athyglinni beint að stöðu lögfræðinnar sem fræðigreinar og lagahugtakinu eða spurningunni "hvað eru lög?". Fjallað er um þau vandamál sem við er að eiga við afmörkun lagahugtaksins og helstu kenningar sem settar hafa verið fram um þetta efni. Í tengslum við þessar kenningar er einnig rætt um sígild efni réttarheimspeki, eins og tengsl laga og siðferðis, réttarríkishugtakið og eðli lagalegra fullyrðinga, meðal annars með tilliti til spurningarinnar um eina rétta lagalega niðurstöðu.
Æskileg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)

**LÖG203G • Sifja- og erfðaréttur • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrefna Friðriksdóttir Lektor
Kennari: Lára Valgerður Júlíusdóttir Lektor
Kennari: Brynhildur G Flóvenz Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist góða þekkingu á helstu þáttum íslensks sifja- og erfðaréttar og verði færir um að leysa úr lögfræðilegum álitaefnum á því sviði. Farið verður yfir stöðu sifja- og erfðaréttar og tengsl þessara greina við aðrar greinar lögfræðinnar. Þeir efnisflokkar sem fjallað er um í námskeiðinu eru stofnun og slit hjúskapar og staðfestrar samvistar og réttindi og skyldur hjóna og fólks í staðfestri samvist. Sérstök áhersla er lögð á lagareglur um fjármál hjóna og fjárhagslegt uppgjör við slit hjúskapar og staðfestrar samvistar. Þá er fjallað um óvígða sambúð og lögð áhersla á reglur um fjármál sambúðarfólks. Fjallað er um réttarstöðu barna og lögð áhersla á faðerni, forsjá, umgengni og framfærslu barns. Einnig verður fjallað um barnavernd, hlutverk barnaverndaryfirvalda og málsmeðferð barnaverndarmála. Þá er farið yfir meginreglur erfðaréttar, gerð grein fyrir lögerfðum, setu í óskiptu búi og bréferfðum sem og skiptum dánarbúa að nokkru leyti. Kennsla er í formi fyrirlestra og umræðutíma. Gert er ráð fyrir að nemendur taki fjarpróf sem gildir 20% af einkunn og skriflegt lokapróf sem gildir 80% af einkunn.
Æskileg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23)

**LÖG204G • Eignaréttur • (15e) • Vor**
Umsjónarkennari: Karl Axelsson Dósent
Megininntak kennsluefnis fjallar um eignarréttindi, þ. á m. stofnun þeirra, efni, lögvernd og aðilaskipti. Fjallað verður m.a. um fasteignir, sérstaka sameign, nábýlisrétt, takmarkanir eignarráða fasteigna, veðrétt og þinglýsingar. Loks verður farið yfir réttarreglur um eignarnám og forkaupsrétt.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Verkefnaskil með fullnægjandi árangri eru prófttökuskilyrði í námskeiðinu.

**LÖG205G • Stjórnsýsluréttur II • (15e) • Vor**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Kennari: Eiríkur Jónsson Lektor
Kennari: Trausti Fannar Valsson
Fjallað er um réttarheimildir stjórnsýsluréttarins, uppbyggingu stjórnsýslukerfisins svo og valdmörk stjórnvalda (valdbærni). Vikið er að reglum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og rétti almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum samkvæmt upplýsingalögum. Að því búnu er gerð grein fyrir almennum efnisreglum stjórnsýsluréttarins sem gera kröfu um að athafnir stjórnvalda séu í senn lögmætar og réttmætar, svo sem lögmætisreglunni, jafnræðisreglunni, réttmætisreglunni, meðalhófsreglunni og misbeitingu valds við val á leiðum til úrlausnar máls. Rætt er um breytingu og leiðréttingu á stjórnvaldsákvörðunum, endurupptöku máls, afturköllun, stjórnsýslukæru, frumkvæðiseftirlit, eftirlit umboðsmanns Alþingis svo og dómstólaeftirlit. Loks er fjallað um réttaráhrif annmarka á stjórnvaldsákvörðunum, s.s. ógildingu ákvarðana, stjórnsýsluviðurlög og refsiviðurlög opinberra starfsmanna svo og fébótaábyrgð hins opinbera.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Æskileg undirstaða: Stjórnsýsluréttur I (LÖG106G)
Verkefni, e.t.v. í formi heimaprófs sem lagt fyrir á önninni, auk lokaprófs.

**LÖG301G • Skaðabótaréttur • (15e) • Haust**
Umsjónarkennari: Viðar Már Matthíasson Prófessor
Kennari: Ingunn Agnes Kro
Í skaðabótarétti er fjallað um skaðabætur utan samninga. Nánar tiltekið er fjallað um stöðu skaðabótaréttar í fræðikerfi lögfræði, aðgreiningu frá öðrum skyldum greinum lögfræðinnar og hvert sé markmið skaðabóta og hlutverk í samfélaginu. Gerð er nokkur grein fyrir réttarsögulegum atriðum, einkum aðdraganda að beitingu núverandi reglna um bótagrundvöllinn. Fjallað er ítarlega um sakarregluna og aðrar reglur um skaðabótagrundvöllinn og gerð grein fyrir reglum, sem leiða til takmörkunar á skaðabótaábyrgð, en þær eru margs konar, svo sem reglur um orsakatengsl og sennilega afleiðingu, meðábyrgð tjónþola og um lækkun skaðabóta. Þá er fjallað um ýmis svið skaðabótaréttar, svo sem sjúklingatryggingu, skaðsemisábyrgð, skaðabóta- og vátryggingareglur umferðarlaga, skaðabótaábyrgð fasteignareiganda og sérfræðiábyrgð, ábyrgð vegna umhverfistjóna, skaðabótaábyrgð hins opinbera o.fl. Fjallað er um tjónshugtakið og ákvörðun á fjárhæð skaðabóta, fyrst fyrir munatjón og almennt fjártjón en að því búnu er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir hvernig bætur fyrir líkamstjón eru ákvarðaðar. Fjallað er um skaðabótakröfuna, vexti á hana, verðbætur, fyrningu og hvernig henni lýkur. Loks er gerð grein fyrir reglum um óréttmæta auðgun og endurgreiðslu hennar og hvernig þær reglur eru aðgreindar frá reglum um skaðabætur.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)

**LÖG501G • BA-ritgerð í lögfræði • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Eiríkur Jónsson Lektor
Sjá reglur um BA-ritgerðir á heimasíðu lagadeildar HÍ.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Ritgerð skal skilað á lokamisseri BA-náms, fyrir 15. desember vegna útskriftar í febrúar árið eftir.

**LÖG502G • Refsiréttur I • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir Prófessor
Kennari: Kolbrún Benediktsdóttir Stundakennari
Kennari: Jón Þór Ólason Lektor
Réttarreglur um afbrot og skilyrði refsiábyrgðar: Hugtakið afbrot og rýmkað brotahugtak, flokkun afbrota, tilraun til afbrota og afturhvarf, hlutdeild og samverknaður, sakhæfi. Réttarreglur um viðurlög við afbrotum: Yfirlit um viðurlagakerfið, hugtakið refsing, réttlæting refsingar og markmið, fangelsi sem refsitegund, öryggisgæsla og skyld úrræði, ákvörðun refsingar, ítrekun og brotasamsteypa, lok refsiábyrgðar og brottfall viðurlaga (yfirlit).

Að námskeiðinu loknu eiga stúdentar að hafa öðlast grundvallarþekkingu á réttarreglunum um afbrot og refsingar og önnur viðurlög við brotum og geta notað þær til að leysa úr refsiréttarlegum álitaefnum.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G)
Æskileg undirstaða: Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)

**LÖG503G • Réttarfar I • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eiríkur Tómasson Prófessor
Kennari: Símon Sigvaldason Stundakennari
Kennari: Benedikt Bogason Dósent
Kennari: Ragnar Tómas Árnason Aðjúnkt
Kennari: Gizur Bergsteinsson Stundakennari
Kennari: Kristín Benediktsdóttir Doktorsnemi
Kennari: Ása Ólafsdóttir Lektor

Réttarreglur um dómstólaskipan og meðferð einkamála, þ. á m. meginreglur einkamálaréttarfars og reglur um aðild, sakarefni, lögsögu dómstóla til að leysa úr máli, meðferð einkamála, þ.m.t. sönnunarfærslu, og dómsúrlausnir.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)

**LÖG601G • BA-ritgerð í lögfræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson Lektor
Sjá reglur um BA-ritgerðir á heimasíðu lagadeildar HÍ.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Ritgerð skal skilað á lokamisseri BA-náms, fyrir 15. apríl vegna útskriftar í júní það sama ár.

**LÖG602G • BA-ritgerð í lögfræði • (6e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson Lektor
Sjá reglur um BA-ritgerðir á heimasíðu lagadeildar HÍ.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Ritgerð skal skilað á lokamisseri BA-náms, fyrir 15. ágúst vegna útskriftar í október það sama ár.

**LÖG603G • Kröfuréttur II • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Umsjónarkennari: Benedikt Bogason Dósent
Megininntak kennsluefnis kröfuréttar II eru réttarreglur er varða vanefndir og lok kröfuréttinda. Fjallað er um réttaráhrif vanefnda. Í því sambandi er m.a. fjallað um efndir in natura, riftun, hald á eigin greiðslu, afslátt, skaðabætur og samningsbundin vanefndaúrræði. Þá er fjallað um viðtökudrátt. Loks er farið yfir réttarreglur um greiðslu kröfu, fyrningu og skuldajöfnuð.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Æskileg undirstaða: Kröfuréttur I (LÖG107G)

**LÖG604G • Refsiréttur II • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir Prófessor
Kennari: Jón Þór Ólason Lektor
Réttarreglur um skilyrði refsiábyrgðar: Refsiheimildir og refsinæmi verknaðar, skýring refsilaga, ólögmæti verknaðar og hlutrænar refsileysisástæður, grundvallarreglan um saknæmi og afbrigðileg refsiábyrgð, ásetningur og staðreyndavilla, hvatir og þokukenndur ásetningur, gáleysi.

Að námskeiðinu loknu eiga stúdentar að kunna skil á reglunum um ofangreind efnisatriði og geta notað þær til að leysa úr refsiréttarlegum álitaefnum.

Að loknu námi í refsirétti I og II eiga stúdentar að hafa öðlast þekkingu og þjálfun til að inna af hendi hefðbundin störf lögfræðinga að opinberum málum (sem ákærendur, verjendur og dómarar), fást við refsiréttarleg málefni á sviði stjórnsýslu (t.d. fangelsismál) og vera undirbúnir fyrir frekara vísindalegt nám í kjörgreinum sem boðið er upp á í áherslusviði um refsirétt í meistaranámi í lagadeild.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Æskileg undirstaða: Refsiréttur I (LÖG502G)

**LÖG605G • Réttarfar II • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eiríkur Tómasson Prófessor
Réttarreglur um meðferð opinberra mála, þ. á m. meginreglur sakamálaréttarfars, reglur um ákæruvaldið, sakborning og verjanda, brotaþola og réttargæslumann, rannsókn, þ.m.t. þvingunarráðstafanir í þágu rannsóknar, ákvörðun um saksókn og meðferð máls fyrir dómi.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að lögfræði (LÖG101G), Almenn lögfræði (03.01.23) eða Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu (LÖG103G)
Æskileg undirstaða: Réttarfar I (LÖG503G)

**LÖG001F • Skiptinám • (30e) • Haust**
Skiptinám. Sjá reglur lagadeildar HÍ um utandeildarnám.

**LÖG002F • Skiptinám • (30e) • Sumar**
Skiptinám. Sjá reglur lagadeildar HÍ um utandeildarnám.

**LÖG003F • Doktorsnám • (30e) • Haust**
Sjá reglur um doktorsnám o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ.

**LÖG004F • Doktorsnám • (30e) • Vor**
Sjá reglur um doktorsnám o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ.

**LÖG005F • Doktorsnám • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um doktorsnám o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ.

**LÖG007F • Skiptinám • (30e) • Vor**
Skiptinám. Sjá reglur lagadeildar HÍ um utandeildarnám.

**LÖG102F • Félagaréttur I • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Kennari: Stefán Már Stefánsson Prófessor
Kennari: Hlynur Jónsson
Í námskeiðinu verður vikið að helstu félagaformum íslensks réttar. Megináhersla verður þó lögð á að gera grein fyrir réttarreglum um hlutafélög (og einkahlutafélög eftir því sem við á). Þeirri umfjöllun má gróflega skipta í fimm hluta. Í fyrsta lagi verður fjallað um eðli og megineinkenni hlutafélaga, þ.m.t. takmarkaða ábyrgð hluthafa og stjórnenda á skuldbindingum félags. Í öðru lagi verður fjallað um stofnun hlutafélaga og réttarsamband hluthafa innbyrðis, þ.m.t. stofnskilyrði, reglur um hluti, samþykktir félags og hluthafasamninga. Í þriðja lagi verður fjallað um fjármögnun hlutafélaga og vernd kröfuhafa, þ.m.t. reglur um hækkun og lækkun hlutafjár, eigin hluti og greiðslur til hluthafa, svo og bönn við lánveitingum til hluthafa og fjárhagslegri aðstoð í tengslum við hlutafjárkaup. Í fjórða lagi verður fjallað um stjórnskipulag hlutafélaga, þ.m.t. reglur um hluthafafundi, stjórn og framkvæmdastjóra, svo og umboðsreglur og reglur um minnihlutavernd. Í fimmta lagi verður fjallað um skaðabótareglur, þ.m.t. réttarreglur um skaðabótaábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, og málshöfðunarreglur. Síðustu kennslustundum námskeiðsins verður varið í umfjöllun um sérvalin efni, líklegast (i) reikningsskil og endurskoðun, og (ii) stjórnarhætti (e. corporate governance) hlutafélaga.
Kynnt við upphaf kennslu

**LÖG103F • Hlutverk dómara og lögmanna við meðferð einkamála og opinberra mála • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eiríkur Tómasson Prófessor
Kennari: Hulda Elsa Björgvinsdóttir Stundakennari
Kennari: Jóhannes Eiríksson
Kennari: Ólafur Freyr Frímannsson Stundakennari
Kennari: Arnar Þór Jónsson Stundakennari
Í kjörgrein þessari verður farið yfir réttarreglur um: Undirbúning að málshöfðun, þ.á m. gerð stefnu og ákæru, gagnaöflun o.fl., svo og meðferð máls fyrir dómi. Ennfremur sönnun, þ.á m. sönnunarbyrði og sönnunarfærslu. Samhliða verður bent á ýmis hagnýt atriði, er tengjast efninu, þ.á m. leiðbeint hvernig haga skuli skýrslutökum af aðilum og vitnum, flutningi málflutningsræða og samningu dóma.
kynnt við upphaf kennslu

**LÖG104F • Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Brynhildur G Flóvenz Lektor
Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir Prófessor
Í kjörgreininni verður fjallað um eftirfarandi fjóra brotaflokka: Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks. Kynferðisbrot gegn börnum. Vændi. Heimilisofbeldi. Gerð verður grein fyrir skilyrðum refsiábyrgðar fyrir brot, sem falla undir þessa brotaflokka og viðurlögum fyrir þau. Þá verður fjallað um nokkra þætti opinbers réttarfars sem sérstaklega tengjast meðferð þessara brota, t.d. reglur um sönnun og réttarstöðu brotaþola. Sérstök áhersla verður lögð á að nálgast viðfangsefnið út frá þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í kvennarannsóknum síðustu ára. Auk þess að fjalla um refsiréttarlega þætti efnisins verður vikið að refsipólitískum viðhorfum, þ.e. á hvern hátt þyrfti að breyta gildandi ákvæðum, svo að þau þjóni betur hagsmunum kvenna. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á eðli og inntaki kynbundins ofbeldis og verði færir um að leysa úr lögfræðilegum álitaefnum á því sviði.
Námsmat kynnt við upphaf kennslu.

**LÖG105F • Fjölmiðlaréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Páll Sigurðsson Prófessor
Í kjörgreininni fjölmiðlarétti verður farið yfir hinar helstu réttarreglur, sem gilda hér á landi um starfsemi fjölmiðla og um hvers kyns útgáfustarfsemi í víðum skilningi (þó ekki um höfundarétt). Verður bæði fjallað um ólögbundnar réttarreglur á þessu sviði sem lögfestar. Sérstök áhersla verður lögð á mikilvægi fjölmiðla í nútíma þjóðfélagi og gildi þess, að starfsemi þeirra fari að lögum og heppilegum venjum og öðrum ólögbundnum meginreglum. Jafnframt verður lögð áhersla á siðferðilega ábyrgð fjölmiðla og á réttarstöðu borgaranna gegn óvandaðri eða misvísandi umfjöllun um málefni einstaklinga eða lögaðilja. Að meginstefnu verður miðað við íslenskan rétt en jafnframt höfð hliðsjón af erlendum réttarreglum á þessu sviði, sem áhugaverðar eru til samanburðar.
Kynnt við upphaf kennslu.

**LÖG106F • Samkeppnisréttur I • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ásgeir Birgir Einarsson Lektor
Kennari: Hörður Felix Harðarson Aðjúnkt
Í námskeiðinu verður fjallað um helstu efnisákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og ákvæði samningsins um Evrópubandalagið og Evrópska efnahagssvæðisins um tengd atriði. Fjallað verður um uppruna og tilgangs samkeppnisreglna. Vikið verður að gildissviði samkeppnisreglna og hugtakinu fyrirtæki. Fjallað verður einng um bann samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samningum og samstilltum aðgerðum og undanþágur frá því banni. Einnig verður vikið að banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og gerð verður grein fyrir samrunaákvæðum.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG107F • Íslenskur skattaréttur- almennur hluti • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristján Gunnar Valdimarsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum góða þekkingu á efnisreglum íslensks skattaréttar. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða yfirsýn og skilning á þessu réttarsviði og vera tilbúnir til að leysa flókin lögfræðileg álitaefni í skattarétti í samræmi við viðurkennda aðferðarfræði lögfræðinnar.
Fjallað verður um fræðigreinina skattarétti, megindrætti íslenska skattkerfisins og skattalöggjafar. Þá er gerð grein fyrir skattheimildum, lögmætisreglu, skýringu skattalaga og skatthugtakinu og þjónustugjöldum m.a. með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ennfremur er fjallað um skattskyldu lögaðila og manna, skattaréttarlegan samruna og slit félaga, ásamt umfjöllun um skattfrjálsa aðila, um skattskyldar tekjur og frádráttarliði við ákvörðun skattstofna, ásamt umfjöllun um hvað teljast ekki skattskyldar tekjur samkvæmt skattalögum og ófrádráttarbæran kostnað. Þá verður fjallað um skattasniðgöngu og vikið að milliverðlagninu milli íslenskra skattaðila eftir því sem efni gefst til.

**LÖG109F • Basic Course in Public International Law • (6e) • Haust • 6f**
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Kennari: Björg Thorarensen Prófessor
Kennt fyrri hluta haustmisseris 2009, með munnlegu prófi í október.  Um er að ræða undirstöðunámskeið í almennum þjóðarétti þar sem fjallað er um helstu álitaefni á borð við réttarheimildir þjóðaréttar, þjóðréttaraðild, landsvæði og ríkisyfirráð, lögsögu, úrlendisrétt, gerð þjóðréttarsamninga, ábyrgð ríkja, alþjóðastofnanir, Sameinuðu þjóðirnar, valdbeitingu í alþjóðakerfinu og úrlausn deilumála.  Námskeiðið er einkum ætlað laganemum á meistarastigi en getur þó allt eins hentað nemendum í annars konar námi, t.d. í alþjóðasamskiptum, þar sem nokkur áhersla er lögð á að nálgast viðfangsefnin einnig frá þverfaglegu sjónarhorni.
Munnlegt próf og verkefni.

**LÖG110F • International Environmental Law I  • (6e) • Haust • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Aðalheiður Jóhannsdóttir Dósent
Kennsla hefst í upphafi september og varir út nóvember. Í námskeiðinu er fjallað um grundvallarreglur alþjóðlegs umhverfisréttar, alla helstu alþjóðlega samninga á þessu sviði, mikilvægar yfirlýsingar og önnur skjöl, svo og fordæmi alþjóðlegra dómstóla. Markmiðið er að gefa yfirlit yfir gildandi rétt á þessu sviði og skýra sambandið á milli alþjóðlegs umhverfisréttar og þjóðaréttar. Allir helstu samningar verða útskýrðir og grundvallar réttindi og skyldur ríkja sem varða umhverfisvernd (nýting, stýring og friðun). Eftir námskeiðið eiga nemendur að hafa öðlast þekkingu og skilning á gildandi rétti á sviði alþjóðlegs umhverfisréttar, að hafa þróað þekkingu sína og skilning með þátttöku í námskeiðinu, með því að vinna að verkefnum og með því að skrifa ritgerð um tiltekið efni. Þar að auki eiga nemendur að hafa öðlast færni til þess að meta, greina og safna upplýsingum í samræmi við viðurkennda aðferðafræði alþjóðlegs réttar og hafa færni til þess að halda uppi lagalegri rökræðu og setja fram lagalegar niðurstöður sem byggja á viðurkenndir aðferðafræði, bæði munnlega og skriflega. Loks eiga nemendur að hafa þekkingu og færni til þess að taka þátt í hópvinnu.
Verkefni (20%) og ritgerð (30%) vega 50%, munnlegt próf í lok námskeiðs vegur 50%.

**LÖG111F • International Human Rights Law • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Umsjónarkennari: Björg Thorarensen Prófessor
Kennt seinni hluta haustmisseris, (í október - nóvember 2009). Meginmarkmið námskeiðsins er að gefa yfirlit yfir alþjóðlega samvinnu um vernd mannréttinda, efni alþjóðlegra mannréttindasamninga og eftirlit með framkvæmd þeirra o.fl. Fjallað verður um uppruna mannréttindahugtaksins og þróun alþjóðlegrar samvinnu um vernd mannréttinda. Lýst verður sérstöðu mannréttindasamninga á sviði þjóðaréttarins. Sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um mannréttindastarf og helstu mannréttindasamninga á vegum Sameinuðu þjóðanna. Einnig verður fjallað um alþjóðastofnanir sem starfa á ákveðnum sviðum mannréttinda, gefið yfirlit yfir svæðabundna samvinnu einkum í Evrópu, fjallað um meginreglur á sviði mannúðarréttar og um framfylgd grundvallarmannréttinda.
Verkefni og munnlegt próf.

**LÖG112F • International Law on Sustainable Development  • (6e) • Haust • 2f**
Umsjónarkennari: Aðalheiður Jóhannsdóttir Dósent
Kennsla hefst í upphafi september og varir út nóvember. Að kynna og fjalla um hugtakið sjálfbæra þróun og ákveðin vandamál sem lúta að innleiðingu þess í alþjóðlegan rétt. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða yfirsýn yfir sjálfbærar þróun í alþjóðlegum rétti og hvernig lagareglur, sem ætlað er að endurspegla sjálfbæra þróun, hafa verið útfærðar í alþjóðlega lagakerfinu. Haldnir verða sex sjálfstæðir fyrirlestrar um sjálfbæra þróun og ákveðna þætti alþjóðlega lagakerfisins. Hverjum fyrirlestri verður fylgt eftir með verkefni þar sem 2-3 nemendur vinna að ákveðnum lagalegum vandamálum og kynna síðan niðurstöður sínar. Verkefnið og kynning (power point) vega 20% af heildareinkunn. Að lokinni kennslu skila nemendur ritgerð um tiltekið vandamál sem vegur 30%. Í lok námskeiðsins verður munnlegt próf sem vegur 50% af heildareinkunn
Æskileg undirstaða: Basic Course in Public International Law (LÖG109F), International Environmental Law I (LÖG110F) eða International Environmental Law II (03.15.15)
Námsmat: Munnlegt próf gildir 50% af heildareinkunn. Sérhver stúdent skal skila ritgerð (verkefni) sem gildir 30% af heildareinkunn. Ritgerðin skal vera minnst 3000 orð og mest 4000 orð. Ritgerðarefni skal valið og unnið í samráði við umsjónarkennara. Verkefni unnið í hópvinnu og kynnig þess gildir 20%.

**LÖG113F • Lagaumhverfi alþjóðastofnana • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Kennari: Björg Thorarensen Prófessor
Viðfangsefnið lagaumhverfi alþjóðastofnana er vaxandi svið innan þjóðaréttarins. Í námskeiðinu er fjallað frá samanburðarsjónarhorni um þann lagaramma sem liggur til grundvallar ýmsum af þeim helstu alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða á samskipti við, á borð við SÞ, WTO og ESB. Fjallar almennt um tilurð slíkra alþjóðastofnana í krafti þjóðréttarsamninga, um stöðu þeirra sem þjóðréttaraðila, um valdsvið og skipulag, um aðild að alþjóðastofnunum, um ákvarðanatöku og réttarheimildir sem stafa frá alþjóðastofnunum, um úrlausn ágreiningsmála og mögulega endurskoðun ákvarðana, um hæfi slíkra stofnana til að gera þjóðréttarsamninga, um þjóðréttarlega ábyrgð og um réttindi og skyldur starfsmanna.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG114F • EC Environmental Law • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Aðalheiður Jóhannsdóttir Dósent
Kennsla hefst í upphafi september og varir út nóvember. Markmið námskeiðsins er að fjalla um lagalegan grundvöll umhverfisréttar EB, áherslur í stefnumörkun og meginreglur. Farið verður yfir helstu svið umhverfisréttar EB og gerð grein fyrir efni helstu EB gerða ásamt stefnumarkandi dómum. Eftir námskeiðið eiga nemendur að hafa öðlast þekkingu og skilning á umhverfisrétti EB, gera sér grein fyrir þeirri aðferðafræði sem byggt er á í EB-rétti, hafa þróað þekkingu sína og skilning með þátttöku í námskeiðinu með því að sækja fyrirlestra, vinna að verkefnum og með því að skrifa ritgerð um tiltekið efni. Þar að auki eiga nemendur að hafa öðlast færni til þess að meta, greina og safna upplýsingum í samræmi við viðurkennda aðferðafræði EB-réttar og hafa færni til þess að halda uppi lagalegri rökræðu og setja fram lagalegar niðurstöður sem byggja á viðurkenndri aðferðafræði, bæði munnlega og skriflega. Loks eiga nemendur að hafa þekkingu og færni til þess að taka þátt í hópvinnu.
Verkefni (20%) og ritgerð (30%) vega 50%, munnlegt próf í lok námskeiðs vegur 50%.

**LÖG116F • Umhverfisrefsiréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir Prófessor
Fjallað verður um þær réttarreglur, íslenskar og alþjóðlegar, er lúta að eftirliti og refsivernd umhverfis, jafnt í lofti, á láði og í legi. Rætt verður um mengunarbrot og önnur umhverfisbrot frá refsiréttarlegu og afbrotafræðilegu sjónarmiði, einkum með hliðsjón af rannsóknum á efnahagsbrotum. Sérstaklega verður hugað að því, að hve miklu leyti almennar reglur refsiréttarins gildi fyrir þetta réttarsvið.
Að námskeiðinu loknu eiga stúdentar að kunna skil á reglunum um ofangreind efnisatriði og geta notað þær til að leysa úr refsiréttarlegum álitaefnum á sviði umhverfisrefsiréttar.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG117F • Sveitarstjórnarréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Kennari: Trausti Fannar Valsson
Sveitarfélögin mynda annan meginstofn íslenskrar stjórnsýslu á móti stjórnarframkvæmd ríkisins. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur afli sér skilnings og þekkingar á meginatriðum þeirrar almennu löggjafar og réttarreglna sem gilda um starfsemi sveitarfélaganna. Yfirferð tekur að stórum hluta mið af sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, með síðari breytingum, en helstu viðfangsefni námskeiðsins eru eftirfarandi: 1. Sjálfstjórn sveitarfélaga. 2. Stjórnkerfi sveitarfélaga. 3. Verkefni sveitarfélaga. 4. Fjármál sveitarfélaga. 5. Samvinna sveitarfélaga og 6. Stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum. Nemendur skrifa ritgerð um valið efni og gildir hún sem hluti af lokaeinkunn
Ritgerð og munnlegt lokapróf.

**LÖG118F • Verktaka- og útboðsréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Páll Sigurðsson Prófessor
Kennari: Daníel Isebarn Ágústsson
Kennari: Jóhannes Karl Sveinsson Aðjúnkt
Fjallað verður almennt um útboð sem leið til að koma á samningi milli verkkaupa og verktaka, m.a. með hliðsjón af lögum nr. 65/1993, um framkvæmd útboða. Megináherslan verður þó lögð á opinber innkaup sem taka mið af bæði einkaréttarlegum og opinberum reglum. Kennslan miðast því aðallega við lög nr. 84/2007, um opinber innkaup, með hliðsjón af dómum og úrlausnum kærunefndar útboðsmála.
Þá verður fjallað um helstu einkenni verksamninga, gerð verksamninga, íslenska verksamningastaðalinn (ÍST 30), túlkun verksamninga og samningsgagna, helstu skyldur aðilanna (verktaka og verkkaupa), áhættuskipti milli aðilanna, vanefndir verksamninga og réttaráhrif þeirra, ábyrgð tæknilegra ráðgjafa (einkum verkfræðinga og arkitekta) og lausn ágreiningsmála, en á þessu sviði reynir m.a. allmikið á gerðardóma. Jafnframt verður fjallað stuttlega um alþjóðlegan verksamningastaðal og nokkur einkenni hans. Verksamningar eru meðal hinna mikilvægustu samninga í íslensku viðskiptalífi og oft mjög miklir hagsmunir í húfi fyrir samningsaðiljana. Áhersla verður m.a. lögð á dómareifanir á þessu sviði, þ.á m. gerðardóma, og umræður um dómsúrlausnir.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG119F • Höfundaréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Páll Sigurðsson Prófessor
Kennari: Ragnar Tómas Árnason Aðjúnkt
Kennari: Erla Svanhvít Árnadóttir Stundakennari
Í námskeiði þessu verður farið yfir hinar helstu réttarreglur, sem gilda hérlendis um lögvarða höfundarvernd og skyld efni, þ.m.t. um réttarstöðu útgefenda og listflytjenda. Skýrð verða hin helstu hugtök, sem byggt er á í greininni, en síðan fjallað m.a. um almenna réttarþróun á þessu sviði, hérlendis sem erlendis, um hinar helstu réttarheimildir (einkum höfundalögin íslensku og erlendar hliðstæður þeirra, einnig um dóma á þessu sviði o.fl.), um margvísleg vandamál, sem nú eru til umræðu víða um lönd eða þarfnast úrlausnar í framtíðinni (svo sem um notkun "tölvubanka" og skyld efni), um alþjóðlega sáttmála, sem hér skipta máli, um margvíslegt fjölþjóðlegt samstarf og stofnanir og um stjórnsýslu og innlend samtök á sviði höfundaréttar. Þá verður fjallað um grunneðli höfundaréttar, um þá aðilja, sem verndar njóta, um "grannréttindi" höfundaréttar (t.d. um réttarstöðu listflytjenda), um efni og inntak þeirra réttinda, sem hér um ræðir, og sérstaklega um svonefndan "sæmdarrétt" (t.d. vernd gegn því að vernduðu verki sé spillt að óþörfu). Að því búnu verður fjallað um lögbundnar takmarkanir á höfundarétti, um verndartíma réttindanna og um lögbrot á þessu sviði. Að lokum verður í hinni almennu yfirferð fjallað um samningsgerð og aðiljaskipti á sviði höfundaréttar.

kynnt við upphaf kennslu

**LÖG121F • Evrópuréttur I • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Maria Elvira Mendez Pinedo Lektor
Kennari: Bjarnveig Eiríksdóttir Aðjúnkt
Meginmarkmið námsins er að veita stúdentum góðan skilning á grunnatriðum Evrópuréttarins og aðferðafræði hans. Í Evrópurétti I beinist námið að samningunum um Evrópusambandið (Maastrichtsamningunum, Amsterdamsamningnum, Nicesamningnum og Lissabonsamningnum) og samningunum um Evrópubandalagið (Rómarsamningunum) eins og þeir standa í dag. Samningarnir gera ráð fyrir yfirþjóðlegum stofnunum sem hafa vald til að taka ákvarðanir sem hafa áhrif fyrir aðildarríkin og í aðildarríkjunum. Námið beinist jafnhliða að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði en þar er um að ræða samning milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og nokkra EFTA ríkja hins vegar. Höfuðáherslan er lögð á eftirfarandi atriði: -að greina Evrópuréttinn sem sérstakt réttarkerfi, -að greina og lýsa réttarreglum Evrópuréttarins, -að greina og lýsa samspili landsréttar og Evrópuréttar, -að lýsa efnisatriðum EES samningsins og sérkennum hans. Í grunnhlutanum, Evrópurétti I, verður fjallað um: -sögu og framtíðarþróun ESB og EES réttar, -stofnanir ESB, EES og EFTA, -réttarheimildir ESB og EES réttar og áhrif þeirra, -meginreglur ESB og EES réttar, -ákvarðanatöku í ESB og EES rétti, -dómstóla EB og EFTA og valdsvið þeirra.
Kynnt við upphaf kennslu

**LÖG122F • Umhverfisréttur • (6e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Aðalheiður Jóhannsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum yfirgripsmikla þekkingu á réttarheimildum íslensks umhverfis- og auðlindaréttar. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða yfirsýn og skilning þessu sviði réttarins og vera í stakk búnir til þess að leysa flókin lögfræðileg vandamál á þessu sviði í samræmi við viðurkennda aðferðafræði lögfræðinnar. Fjallað verður um reglur sem varða vernd og nýtingu umhverfis og náttúruauðlinda, meginreglurnar sem réttarsviðið hvílir á, hvernig þróunin á alþjóðavettvangi, þ.m.t. innan Evrópubandalagsins, hefur haft áhrif á löggjöfina með aðild Íslands að alþjóðlegum samningum og EES-samningnum. Einnig verður fjallað um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi, losunarheimildir, nýtingu vatnsafls og jarðhita, og fiskveiðistjórnunarkerfið. Gerð verður gerð fyrir þeim sjórnvöldum sem ábyrgð bera á að framfylgja umhverfislöggjöfinni, leyfisveitendur, mat á umhverfisáhrifum áætlana og framkvæmda og loks verður fjallað um alþjóðlegar reglur sem lúta að skyldum þeirra sem standa að framkvæmdum í öðrum löndum. Námskeiðið hefst á 15 fyrirlestrum sem verður fylgt eftir með fjórum sérstökum fyrirlestrum um tiltekin þemu. Námskeiðið er krefjandi og nemendur vinna saman í 2-4 manna hópum að tilteknum verkefnum sem tengjast þemakynningu og kynna verkefnin í tíma (kraftbendilskynning). Verkefnin gilda 20% af lokaeinkunn. Jafnframt þurfa nemendur að skila ritgerð (hámark 3000 orð) sem gildir 30%. Nemendum gefst kostur á að taka þátt í rannsóknarverkefnum (afmarkaðir þættir) á vegum kennara í stað þess að skila ritgerð. Kennsla hefst í upphafi september og varir út nóvember.
Námskeiðinu lýkur með munnlegu prófi sem gildir 50%. Nánari upplýsingar um námskeiðið, þ.m.t. kennsluefni, verða settar á heimasíðu námskeiðsins í lok ágúst.

**LÖG123F • Viðurlög og viðurlagapólitík • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir Prófessor
Kennari: Kolbrún Benediktsdóttir Stundakennari
Kennari: Jón Þór Ólason Lektor
Fjallað verður almennt um viðurlagakerfið og þróun þess svo og um viðurlagapólitík, markmið hennar, forsendur og úrræði. Rætt verður ítarlega um fangelsismál, svo sem upphaf og þróun refsivistarstofnana, núverandi stofnanir, stjórn og skipulag fangelsismála, fangavist og réttarstöðu fanga með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu, öryggi í fangelsum og agaviðurlög, reynslulausn og náðun. Rætt verður ítarlega um refsigæslu utan stofnana, svo sem samfélagsþjónustu og sáttamiðlun. Loks verður fjallað um fésektir og sektafullnustu og um eignarupptöku.

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á viðurlagakerfinu og þeirri hugmyndafræði sem það byggir á og geti notað reglurnar til að leysa úr lögfræðilegum viðfangsefnum sem varða efni námskeiðsins. Einnig er miðað að því að nemendur öðlist þekkingu og skilning á helstu straumum og stefnum í viðurlagapólitík umdanfarinna áratuga og geti á grundvelli þekkingar sinnar tekið gagnrýna og rökstudda afstöðu til refsipólitískra málefna.

**LÖG124F • Vinnumarkaðsréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Lára Valgerður Júlíusdóttir Lektor
Skipulag og stofnanir vinnumarkaðarins. Starfsemi stéttarfélaga. Kjarasamningar. Félagafrelsi og vinnuréttur. Ágreiningur á vinnumarkaði. Félagsdómur. Ráðning til starfa. Ráðningarslit. Skyldur starfsmanna og atvinnurekenda. Orlof og lífeyrir. Veikindaréttur. Fæðingarorlof. Vinnuréttur og Evrópuréttur. Vinnuréttur og alþjóðaskuldbindingar. Vinnuréttur og stjórnsýsluréttur.
Markmið námskeiðsins er að veita nemanda innsýn í meginreglur vinnumarkaðsréttarins, aðallegai félagslega hlutans en þó einnig einkaréttarlega hlutans.
Kynnt nánar við upphaf kennslu

**LÖG125F • Almennur viðskipta- og neytendaréttur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson Lektor
Kennari: Grímur Sigurðsson Stundakennari
Kennari: Páll Sigurðsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að veita heildstætt yfirlit um helstu réttarreglur sem gilda um lausafjárkaup (kauparétt) sem og um neytendarétt. Fyrst verður fjallað um lög um lausafjárkaup, þ.á.m. gildissvið þeirra, einstakar efnisreglur laganna og stöðu þeirra í alþjóðasamhengi. Síðan verður fjallað um neytendarétt, þ.e. þá margvíslegu löggjöf sem miðar sérstaklega að því að vernda neytendur, svo sem lög um neytendakaup, lög um neytendalán, lagareglur um bann við óréttmætum viðskiptaháttum o.s.frv. Loks verður gefið stutt yfirlit um nokkur atriði fasteignakauparéttar er snerta neytendur sérstaklega.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG126F • Leiguréttur • (6e) • Haust**

Umsjónarmaður: Páll Sigurðsson Prófessor
Umsjónarkennari: Lára Valgerður Júlíusdóttir Lektor
Nemandi öðlast þekkingu á helstu réttarreglum um leigusamninga, bæði þær sem gilda um alla leigusamninga svo og þær sérreglur sem myndast hafa eða eru lögmæltar um hinar ýmsu tegundir leigusamninga, svo sem húsaleigu, jarðaleigu, skipaleigu ofl. Hann öðlast þekkingu á margvísleumg einkennum leigusamninga með samanburði við önnur samningasvið, um nánara eðli þeirra, meginréttarheimildir, gerð leigusamninga og túlkun þeirra, helstu skyldur aðila, leigusala og leigutaka, um aðilaskipti að réttindum skv. leigusamningi og um vanefndir á þessu sviði og afleiðingar þeirra. Auk hefðbundinna leigusamninga lærir nemandi um leigusamninga sem tíðkast í viðskiptalífinu og tilteknar samningstegundir sem hafa tiltekin einkenni leigusamninga þótt þeir falli ekki að öllu leyti að hinni almennu skilgreiningu hugtaksins. Eftir námskeiðið á nemandi að vera fær um að leysa úrlausnarefni á sviði réttarreglna um húsaleigusamninga sbr. húsaleigulög nr. 36/1994, þar sem stórum hluta kennslustunda verður varið til yfirferðar um lögin og ýmislegt sem þeim tengast, þar á meðal dóma.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG127F • Kvennaréttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynhildur G Flóvenz Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á megineinkennum kvennaréttar, heimildum hans og aðferðafræði og verði færir um að greina réttinn út frá helstu kenningum kvennaréttar. Farið verður yfir sögu kvennaréttar, tilurð hans og þróun, einkum með áherslu á norrænan og bandarískan kvennarétt. Fjallað verður um heimildir og aðferðafræði kvennaréttar sem og tengsl kvennaréttar og annarra réttarsviða. Alþjóðasamningar sem snerta kvennarétt verða skoðaðir og einkum verður lögð áhersla á konur og mannréttindi með sérstöku tilliti til mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna. Fjallað verður um jafnréttishugtakið, um íslenska jafnréttislöggjöf, kærunefnd jafnréttismála sem og Evrópurétt og áhrif þessa á stöðu kvenna. Skoðuð verða þau ákvæði jafnréttislaga sem snúa að vinnumarkaði, launajafnrétti, bann við hvers konar mismunun kynja í starfi, skyldur atvinnurekenda og stéttarfélaga til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði, ákvæði um auglýsingar til starfa og reglur um mat á hæfni umsækjenda til starfa. Ennfremur verður fjallað um þungun, barnsburð og fæðingarorlof, vinnumarkað og fjölskyldu og kynferðislega áreitni á vinnustað.
Verkefni og munnlegt próf

**LÖG128F • Veðréttur og ábyrgðir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Benedikt Bogason Dósent
Kennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Námskeiðið hefst á yfirliti yfir helstu flokka takmarkaðra eignarréttinda. Þá verður lýst einkennum veðréttinda og skýrð helstu heiti og hugtök. Að því búnu verður nánar fjallað um gildissvið veðlaga, heimildir til veðsetninga, sérgreiningar- og tilgreiningarreglu, um töku arðs af veði, afnotarétt veðhafa, viðhalds- og vátryggingarskyldu, áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta, um eindögun veðkröfu, framsal og veðsetningu á veðrétti, framsal veðandlags, sameiginlegt veð, útlausnarrétt og uppfærslurétt. Að lokinni umfjöllun um framangreind almenn atriði verður fjallað um sérreglur þær, sem gilda um samningsveð í fasteignum, lausafé og kröfuréttindum. Síðari hluti námskeiðsins (ábyrgðir) hefst á skilgreiningu á hugtökunum ábyrgð og kröfuábyrgð, auk þess sem gerð verður grein fyrir ýmsum almennum atriðum um ábyrgðir. Að því loknu verður fjallað um ábyrgðarloforðið, stofnun þess og ógildi. Þá verður gerð grein fyrir túlkun ábyrgðarloforðs, mismunandi tegundum ábyrgða og fjallað um kröfuna á hendur ábyrgðarmanni. Loks verður fjallað um lok ábyrgðarskuldbindingar og endurkröfureglur.
Verkefni og munnlegt próf.

**LÖG130F • Opinbert eftirlit með fjármála- og viðskiptamarkaðinum • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eiríkur Jónsson Lektor
Að loknu námskeiði skulu nemendur hafa víðtæka þekkingu á hinu opinbera eftirlitskerfi með fjármála- og viðskiptamarkaðinum. Þeir skulu þekkja til hlítar sögu þessara eftirlitsstofnana, umgjörð þeirra, þær málsmeðferðarreglur sem hjá þeim gilda og þær heimildir sem þær hafa lögum samkvæmt. Auk þekkingar á þeim sérlögum sem gilda um hverja og eina stofnun, t.d. Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofu, skulu nemendur hafa góða þekkingu á hinum almennu reglum stjórnsýsluréttar sem og þeim reglum stjórnskipunarréttar sem setja eftirlitsstarfseminni takmörk. Að loknu námskeiði skulu nemendur vera hæfir til að reka mál fyrir umræddum eftirlitsstofnunum, sem og til annarra samskipta við þær.

**LÖG131F • Íslenskur skattaréttur -sérstakur hluti • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sverrir Örn Björnsson
Umsjónarkennari: Kristján Gunnar Valdimarsson Lektor
Námskeiðið verður kennt sem 6 vikna hraðnámskeið á fyrri hluta haustmisseris 2009. Viðfangsefni námskeiðsins eru lagareglur sem gilda um réttarfar í skattamálum og málsmeðferð í skattstjórnsýslunni. Fjallað verður um stjórnvöld skattamála og skipulag skattkerfisins og í því sambandi hugað að verkaskiptingu og valdmörkum, bæði almennt og í einstökum tilvikum, auk helstu heimilda og úrræða skattyfirvalda í þágu skatteftirlits og skattrannsókna. Þá verður fjallað um úrræði skattaðila til að fá úrlausn í skattamálum sínum, m.a. til þess að fá endurskoðun á álagningu skatts eða fyrri skattákvörðunum skattyfirvalda, og hugað að kæruleiðum í skattstjórnsýslu, endurupptöku skattamála og afturköllun á fyrri skattákvörðunum. Þá verður vikið að þeim reglum sem gilda um endurákvörðun skatta, m.a. með tilliti til tímamarka, bæði almennt og þegar slík ákvörðun á rót sína að rekja til ívilnandi breytinga á skattframkvæmd. Auk þess verður leitast við að gera grein fyrir helstu frávikum sem gilda að þessu leyti um virðisaukaskatt.

Æskileg undirstaða: Íslenskur skattaréttur- almennur hluti (LÖG107F)

**LÖG132F • Almannatryggingaréttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynhildur G Flóvenz Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir Doktorsnemi
Markmið námskeiðsins er að nemendur kunni skil á meginþáttum almannatrygginga- og félagsmálaréttar og geti leyst úr lagalegum álitamálum á því sviði. Farið verður yfir markmið áfangans og gerð grein fyrir meginreglum, heimildum og túlkun félagsmálaréttar og stöðu fagsins innan lögfræðinnar. Gerð verður grein fyrir mannréttindum á sviði félagsmálaréttar, einkum efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum og hvernig þessi réttindi mynda grundvöll fyrir almannatrygginga- og heilbrigðislöggjöfinni. Fjallað verður um rétt til viðunandi lífsskilyrða og til heilbrigðis og hvernig hann birtist í íslenskri löggjöf. Íslensk almannatryggingalöggjöf verður skoðuð sem og túlkun hennar og framkvæmd. Ennfremur verður farið yfir áhrif Evrópuréttar á íslenskan félagsmálarétt. Loks verður fjallað sérstaklega

um réttarstöðu einstakra hópa svo sem fatlaðra og aldraðra.
Munnlegt próf og verkefni. Nánar kynnt við upphaf kennslu.

**LÖG133F • Jessup málflutningskeppnin • (3e) • Vor**
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Um er að ræða verkefni sem felst í því að meistaranemar við lagadeild geta tekið þátt í málflutningskeppni (Philip C. Jessup eða sambærilegri keppni sem lagadeild viðurkennir) á sviði þjóðaréttar og fá þátttöku metna til eininga að uppfylltum skilyrðum. Verkefnið er með þeim hætti að nemar skrá sig til þátttöku, en umsjónarmaður og þjálfari velja síðan ef þörf krefur þá nema í lið sem síðan öðlast þátttökurétt í verkefninu m.t.t. þess fjölda sem heimilt er að taki þátt hverju sinni, en lagadeild setur viðmiðanir í því sambandi. Umsjón af hálfu lagadeildar annast fastur kennari við deildina, en leiðbeiningu annast þjálfari sem skal alla jafnan vera útskrifaður lögfræðingur sem hefur reynslu af þátttöku í keppni af þessu tagi. Þessi síðari hluti þátttöku fer fram á vorönn og felst í því að lið nemenda tekur þátt í þeim hluta keppninnar sem felst í munnlegum málflutningi í landskeppni hérlendis og eftir atvikum síðan í lokakeppninni erlendis vinni liðið sér rétt til þátttöku þar eftir landskeppni. Þjálfari annast undirbúning liðsins með málflutningsæfingum og staðfestir þátttöku nemenda í landskeppni og eftir atvikum í lokakeppni við umsjónarmann sem metur þá slíkt til eininga. Athugið að forkrafa er þátttaka í fyrri hluta námskeiði er fer fram á haustönn á sama námsári.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG135F • Auðkennaréttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hafdís Helga Ólafsdóttir Aðjúnkt
Staða og hlutverk vörumerkjaréttar, alþjóðlegir samningar og réttarþróun hér á landi. Stofnun vörumerkjaréttar og skilyrði vörumerkjaverndar, m.a. krafan um sérkenni, og mat á því hvort villast megi á merkjum. Sérstaklega verður hugað að firmaheitum og lénum. Þá verður fjallað um tengsl vörumerkjaréttar við reglur um óréttmæta viðskiptahætti. Í lok námskeiðs verður fjallað um brot gegn hugverkarétti. Stuðst verður við erlendar fræðibækur, innlenda sem erlenda úrskurði og dóma, m.a. dóma Evrópudómstólsins (CFI/ECJ).
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG136F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Lokaverkefni í umhverfis- og auðlindafræði

**LÖG202F • Félagaréttur II (Félaga- og kauphallarréttur) • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Kennari: Stefán Már Stefánsson Prófessor

**Markmið:** Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á réttarreglum sem gilda um samstæður félaga, helstu einkenni opinberra hlutafélaga, stjórnarhætti félaga (corporate governance), samruna og yfirtökur félaga, fjármögnun þeirra o.fl. og öðlist færni í að leysa úr lögfræðilegum álitaefnum á því sviði, bæði raunhæfum og fræðilegum. Námskeiðið er skipulagt með það í huga að þjálfa nemendur bæði í skriflegri úrvinnslu og munnlegri framsetningu álitaefna.
**Námskeiðslýsing:** Námskeiðið verður kennt sem 6 vikna hraðnámskeið á seinni hluta vormisseris 2009. Viðfangsefni námskeiðsins eru sérstakar reglur sem gilda um reglur um hlutafélög. Fjallað verður um samstæður hlutafélaga en í því sambandi verður hugað að samstæðuhugtakinu, evrópskum samtæðurétti, eignarhaldsfélögum, lánum og tryggingum, stjórnun móðurfélags og ábyrgð á dótturfélagi og þýðingu samstæðna í sérlöggjöf. Einnig verður fjallað um stjórnarhætti félaga (e. corporate governance), samruna og yfirtökur félaga, fjármögnun félaga. Þá verður vikið að meginatriðum reglna um skipulag félaga sem að lögum njóta sérstöðu, einkum opinber hlutafélög o.fl.
**Kennslutilhögun:** Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna um lögfræðileg álitaefni og spurningar sem kunna að vakna eftir því sem námskeiðinu vindur fram. Ætlast er til að nemendur mæti undirbúnir í kennslustundir og taki virkan þátt í umræðum.

Æskileg undirstaða: Félagaréttur I (LÖG102F)
Námsmat kynnt við upphaf kennslu.

**LÖG203F • Fullnustugerðir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Benedikt Bogason Dósent
Í kjörgrein þessari verður fjallað um aðrar fullnustugerðir en gjaldþrotaskipti og opinber skipti á dánarbúum, þ.e. aðfarargerðir, bráðabirgðagerðir og nauðungarsölu. Megináhersla verður lögð á að gera grein fyrir aðfarargerðum, þ.á.m. aðfararheimildum, framkvæmd aðfarar og sérreglum um fjárnám. Jafnframt verður farið yfir helstu réttarreglur um bráðabirgðagerðir, þ.e. kyrrsetningu, löggeymslu og lögbann svo og reglur um nauðungarsölu.
kynnt við upphaf kennslu

**LÖG204F • Rafbréf og önnur viðskiptabréf • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Farið verður stuttlega yfir almennar réttarreglur er gilda um viðskiptabréf. Einnig verður fjallað um valda þætti úr víxil- og tékkarétti. Þá verður farið ítarlega yfir réttarreglur um rafbréf, þ.e. rafræna eignarskráningu verðbréfa, s.s. verðbréfamiðstöð, aðild að eignarskráningu, réttaráhrif eignarskráningar o.fl. Farið verður yfir nýjar tegundir lánasamninga sem tekið hafa við af viðskiptabréfum auk þess sem kynntar verða helstu meginreglur um afleiður og framvirka samninga. Loks verður fjallað um aðgerðir gegn peningaþvætti.

**LÖG205F • Samanburðarlögfræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Páll Sigurðsson Prófessor
Í kjörgreininni samanburðarlögfræði verður farið yfir hin helstu svið þessarar fræðigreinar á grundvelli kennslubóka og aðgengilegra ritgerða. Hluti lesefnis er á íslensku en annað á ensku. Hér er um að ræða sérstaka og mikilvæga grein lögvísinda, sem beinist að því að kanna erlendan rétt, öðlast skilning á ýmsum mikilvægum erlendum réttarhugtökum og á réttarframkvæmd víða um heim (ýmist meðal einstakra þjóða eða innan tiltekinna réttarkerfa), bera saman rétt eða einstök réttaratriði meðal þjóðanna og draga þar af lærdóma, sem að gagni kunna að koma fyrir lögvísindi, lagasetningu og réttarframkvæmd heimalandsins. Námi í samanburðarlögfræði er m.a. ætlað að auka víðsýni laganema, skapa áhuga þeirra og virðingu fyrir rétti, menningu og hefðum annarra þjóða, sem jafnframt er til þess fallið að skerpa

skilning þeirra á mörgum þáttum í okkar rétti. Fjallað verður um mörg hin helstu grundvallarhugtök, sem fræðigreinin byggir á, og um aðferðafræði á þessu sviði, um þróun greinarinnar og gildi hennar. Þá verður rætt um helstu réttarkerfi heims og megineinkenni þeirra. M.a. verður þá fjallað um rétt ýmissa þjóða í öðrum heimsálfum, sem standa okkur fjarri hvað varðar menningu og sögu, en megináhersla verður þó lögð á að gera allítarlega grein fyrir höfuðdráttum í rétti og réttarviðhorfum meðal hinna helstu menningarþjóða á meginlandi Evrópu, Breta og Bandaríkjamanna og áhrifum réttar þessara þjóða á rétt ýmissa annarra þjóða, m.a. í þriðja heiminum.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG206F • Skuldaskilaréttur • (6e) • Vor • 6f**
Umsjónarkennari: Benedikt Bogason Dósent
Í kjörgreininni verður fjallað um viðfangsefni skiptaréttar, en sú fræðigrein er ein af undirgreinum fullnusturéttarfars. Gerð verður grein fyrir gildandi lögum á þessu sviði og sögulegum bakgrunni. Meginviðfangsefnið verður að gera grein fyrir réttarúrræðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Fjallað verður um greiðslustöðvun og nauðasamninga, sem eru úrræði skuldara til að ráða bóta á ógjaldfærni og koma í veg fyrir gjaldþrotaskipti. Ítarlega verður fjallað um gjaldþrotaskipti og mun umfjöllunin einkum beinast að skilyrðum gjaldþrotaskipta, kröfulýsingum í þrotabú og rétthæð krafna. Einnig verður fjallað um riftun ráðstafana þrotamanns. Auk þessa verður fjallað um bústjórn og störf skiptastjóra og mun sú umfjöllun taka mið af því að veita hagnýtar upplýsingar hvað það varðar.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG207F • Stjórnsýsluréttur III • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Kennari: Trausti Fannar Valsson
Fjallað verður ítarlega um uppbygginu íslenska stjórnsýslukerfisins og stjórnsýsluleg staða nokkurra stofnana tekin í dæmaskyni til nánari rannsóknar. Fjallað verður um þá þróun sem átt hefur sér stað síðustu ár með fjölgun sjálfstæðra kærunefnda. Þá verður rætt um það hvaða aðilar fari með valdheimildir til þess að ákveða hvaða stjórnvöld skuli hafa á hendi rækslu þeirra verkefna sem falla undir framkvæmdavaldið (d. organisationsmagten). Hér verður t.d. fjallað um valdheimildir Alþingis með almennum lögum, þær valdheimildir forseta Íslands og forsætisráðherra sem felast í 15. gr. stjskr. svo og almennar valdheimildir ráðherra af þessum toga. Að því búnu verður vikið að þeim réttarreglum stjórnsýsluréttarins er fjalla um stjórnun og stjórnunarheimildir í stjórnsýslunni og þau almennu takmörk sem slíkum heimildum eru sett (d. styring). Fjallað verður um ólíkt lagaumhverfi hins opinbera og einkaréttarlegra aðila og hvar mörkin liggi þarna á milli. Vikið verður að því hver áhrif það hafi að lögum, þegar opinber stofnun er gerð að hlutafélagi. Í þessu sambandi verður rætt um það, hvað felist í ákvæðum 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, en þar kemur m.a. fram heimild fyrir ráðuneyti og stofnanir til þess að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rækslu ákveðinna þátta opinberrar stjórnsýslu. Í þessu sambandi verður vikið að lagalegum mun á einkaréttarlegum samningum og stjórnsýslusamningum. Þá verður fjallað um nokkur hagnýt atriði er varða málshöfðun á hendur ríkinu þar sem krafist er ógildingar á stjórnvaldsákvörðun. Ennfremur verður fjallað um ógildingarfræði stjórnsýsluréttarins. Loks verður vikið almennt að reglum og sjónarmiðum er gilda um þvingunarúrræði stjórnvalda.
Kynnt við upphaf kennslu

**LÖG208F • Norræna málflutningskeppnin • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Björg Thorarensen Prófessor
Námskeið felst í þátttöku sex laganema í norrænni málflutningskeppni þar sem fjallað er um ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Tólf lið lagadeilda háskóla af öllum Norðurlöndum taka þátt í keppninni. Viðfangsefni keppninnar er að flytja sókn og vörn í máli þar sem fjallað er um brot á Mannréttindasáttmála Evrópu með þeim hætti sem mál eru flutt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Keppnin fer fram í tveimur skrefum, annars vegar með því að hvert lið skilar greinargerðum um mál sem útbúið er af keppnisstjórn og hins vegar með því að keppt er í ræðuflutningi í málinu. Fer síðari hluti keppninnar fram í Stokkhólmi um miðjan júní mánuð hvert ár. Dómarar í keppninni eru dómarar Norðurlanda við Mannréttindadómstól Evrópu og æðstu dómstóla á Norðurlöndum. Markmið námskeiðins er að þjálfa nemendur í úrlausn raunhæfra álitaefna varðandi Mannréttindasáttmála Evrópu, þjálfa þá í samningu greinargerða og málflutningi fyrir dómstól.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG209F • Alþjóðlegur skattaréttur- almennur hluti • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefán Már Stefánsson Prófessor
Umsjónarkennari: Kristján Gunnar Valdimarsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum góða þekkingu á almennu efni alþjóðlegs skattaréttar. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða yfirsýn og skilning á þessu réttarsviði og vera tilbúnir til að leysa lögfræðileg álitaefni í alþjóðlegum skattarétti í samræmi við viðurkennda aðferðarfræði lögfræðinnar.
Fjallað verður um hugtakið alþjóðlegur skattaréttur. Fjallað verður um takmarkaða skattskyldu samkvæmt skattalögum. Samningsfyrirmynd OECD um tvísköttunarsamninga og túlkun þeirra verða skoðuð sérstaklega, ásamt aðferðum við að komast hjá tvísköttun. Ennfremur verða skoðaðir sérstakir upplýsingaskiptasamningar um skattamál og samningar um aðstoð í skattamálum t.d. norðurlandasamningur. Þá verður fjallað um skattareglur Evrópusambandsins og dómafordæmi sem þýðingu kunna að hafa ásamt áhrifum EES reglna á skattamál og dómafordæmi EB og EFTA dómstólanna sem þýðingu hafa.

Verkefni og munnlegt próf

**LÖG210F • Vátryggingaréttur • (6e) • Vor • 6f**
Umsjónarkennari: Viðar Már Matthíasson Prófessor
Kennt á hraðferð seinni hluta vormisseris 2009. Í vátryggingarétti er fyrst gerð grein fyrir stöðu greinarinnar í fræðikerfi lögfræðinnar og hinum nánu tengslum hennar, annars vegar við stjórnsýslurétt og hins vegar við samningarétt. Fjallað er um opinbersréttarlega hluta vátryggingaréttar, þ.e. reglur laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994 og eftirlitsstarfsemi hins opinbera með vátryggingafélögum. Að því búnu er fjallað almennt um reglur um vátryggingasamninga, stofnun þeirra, túlkunarreglur og sérsjónarmið sem eiga við um túlkun á þessu sviði. Fjallað verður um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga, ýmsar skyldur vátryggingartaka svo sem upplýsingaskyldu hans, skyldu til að leitast við að hindra að vátryggingartburður verði og til að takmarka tjón. Þá er fjallað um einstaka flokka vátrygginga, fyrst ýmsar tegundir skaðatrygginga en að því búnu um ýmsar tegundir persónutrygginga. Gerð er grein fyrir sérkennum hvors flokks um sig og helztu einkennum hverrar tegundar vátrygginga, þ.e. þeirra sem haf verulega hagnýta þýðingu. Yfirferðin er reist á lögum um vátryggingasamninga, nr. 30/2004.

Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG211F • Verðbréfamarkaðsréttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Markmið: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á réttarreglum sem gilda um viðskipti á verðbréfamarkaði og færni í að leysa úr lögfræðilegum álitaefnum á því sviði, bæði raunhæfum og fræðilegum. Námskeiðið er skipulagt með það í huga að þjálfa nemendur bæði í skriflegri úrvinnslu og munnlegri framsetningu álitaefna á sviði verðbréfamarkaðsréttar. Námskeiðslýsing: Viðfangsefni námskeiðsins eru reglur um verðbréfamarkaði og viðskipti á þeim. Til umfjöllunar verður skipulag verðbréfamarkaða, ólíkar tegundir þeirra (skipulegir markaðir/grái markaðurinn) og þátttakendur á verðbréfamarkaði, einkum verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir. Fjallað verður um verðbréfaviðskipti, skipulag og réttarstöðu fyrirtækja sem sinna verðbréfaþjónustu og viðsemjenda þeirra. Reglur um almenn útboð verðbréfa, áreiðanleikakannanir og ábyrgð á útboðslýsingum koma einnig til skoðunar. Sérstaklega verður hugað að reglum um innherjaviðskipti og eftirlit með verðbréfamarkaði. Jafnhliða verður evrópuréttarlegum bakgrunni framangreindra reglna gerð skil.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG212F • Natural Resources Law (Basic Course) • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Aðalheiður Jóhannsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum yfirgripsmikla þekkingu á reglum um nýtingu náttúruauðlinda á og í landi. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast góða yfirsýn á þessum reglum og vera í stakk búnir til að leysa lagaleg vandamál á þessu sviði. Kennsla hefst á ítarlegri umfjöllun á alþjóðlegum reglum um rétt ríkja til að nýta auðlindir á og í landi og hvaða takmarkanir er settar að alþjóðarétti. Fjallað verður um auðlindahugtakið, auðlindalögsögu og hvernig alþjóðlegur auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur skarast. Að því loknu verður sjónarhornið þrengt og skoðaðar alþjóðlegar reglur, m.a. reglur EB/EES, sem varða vernd og nýtingu vatns og jarðhita, þ.m.t. reglur íslensk réttar, reglur sem lúta að markaðsumhverfi auðlindamála, einkum orkumála, og reglur sem varða viðbrögð við loftlagsbreytingum. Námskeiðið er ætlað erlendum skiptinemum. Nánari upplýsingar um námskeiði og kennsluefni verða settar á heimasíðu þess í lok ágúst 2008.
Munnlegt próf og skriflegt verkefni.

**LÖG213F • Law of the Sea • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Um er að ræða námskeið kennt ensku um hafrétt sem er eitt sérsviða þjóðaréttar og er einkum ætlað fyrir meistaranema við lagadeild, skiptinema og mögulega einnig aðra nema við háskólann sem leggja stund á nám er tengist hafrétti og auðlindum. Stefnt er að því að nemendur verði að námi loknu færir um að leysa viðfangsefni á sviði hafréttar og einnig til að stunda rannsóknir á því sviði. Grunnur námsins byggir á Hafréttarsáttmála SÞ sem telst vera heildstæður þjóðréttarsamningur á sviði hafréttar. Þá verður einnig fjallað um aðra mikilvæga samninga á sviði hafréttar á borð við Úthafsveiðisáttmála SÞ, o.fl. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir afmörkun ólíkra svæða á hafi og á hafsbotni, auk þess að gera grein fyrir ólíkum réttindum og skyldum strandríkja og annarra ríkja á þeim mismunandi hafsvæðum.
Munnlegt próf og skriflegt verkefni.

**LÖG215F • Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Aðalheiður Jóhannsdóttir Dósent
Meginmarkmið námskeiðsins er að veita nemenum staðgóða þekkingu á lagareglum sem gilda um mat á umhverfisáhrifum. Farið verður yfir sögulegan bakgrunn og þróun mats á umhverfisáhrifum og helstu meginreglur. Áhersla verður lögð á lagareglur sem lúta að málsmeðferðinni og hvert sé hlutverk viðkomandi stofnana og leyfisveitenda, möguleika á stjórnsýslukæru og málsókn fyrir dómstólum. Jafnframt er það markmið að fara yfir þá þætti sem gera þarf grein fyrir í matsskýrslu og hvernig málsmeðferðinni er háttað þegar matsskýrsla er yfirfarin hjá Skipulagsstofnun. Umfjöllunin er sett í alþjóðlegt samhengi og sérstök áhersla verður lögð á að gera grein fyrir þeim meginreglum sem gilda um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt EES. Farið verður yfir dóma sem gengið hafa hjá EB-dómstólnum og varða túlkun á viðeigandi tilskipunum EB sem eru einnig hluti af EES. Að lokum er það markmið að kynna þær meginreglur sem gilda um mat á umhverfisáhrifum áætlana, stefnumörkunar o.þ.h. en fyrirsjáanlegt er að skylda til slíks mats verði hluti af íslenskum rétti innan skamms vegna tilskipunar 01/42/EB sem er hluti af EES-samningnum. Fyrirlestrar verða 24 talsins og í tengslum við þá verða umræðu- og verkefnatímar alls 12 að tölu. Sérfræðingar í mati á umhverfisáhrifum munu kenna ákveðna þætti námskeiðsins.
Kynnt við upphaf kennslu.

**LÖG219F • Evrópskar mannréttindareglur • (6e) • Vor • 6f**
Umsjónarkennari: Björg Thorarensen Prófessor
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái yfirsýn yfir samvinnu Evrópuríkja um vernd mannréttinda, starfsemi Evrópuráðsins og annarra stofnana í Evrópu sem fjalla um manrnéttindi. Sérstök áhersla er lögð á réttindi sem vernduð eru í Mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950 og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu um beitingu ákvæða sáttmálans. Fjallað verður um meðferð kærumála fyrir Mannréttindadómstólnum og túlkunaraðferðir dómstólsins varðandi ákvæði Mannréttindasáttmálans. Nemendur fá þjálfun í að greina dóma dómstólsins, flytja framsögu um valda dóma og skila skriflegu verkefni. Þá öðlast nemendur þekkingu á áhrifum Mannréttindadómstólsins á íslenskan rétt og dómaframkvæmd.
Nemendur flytja fyrirlestur og skila ritgerð um efni sem dreift er í byrjun námskeiðs og gildir þetta verkefni 30% af lokaeinkunn. Munnlegt próf gildir sem 70%lokaeinkunnar.

**LÖG221F • Einkaleyfi og hönnunarvernd • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hafdís Helga Ólafsdóttir Aðjúnkt
Umsjónarkennari: Páll Sveinn Hreinsson
Námskeiðið hefst á umfjöllun um hönnunarvernd, stöðu og hlutverk slíkrar verndar og rakin verður söguleg þróun hennar. Þá verður farið yfir stöðu og hlutverk einkaleyfaréttar, alþjóðasamninga á þessu sviði og réttarþróun hér á landi.. Fjallað verður sérstaklega um hugtakið uppfinningu og um nýnæmi og frumleikastig uppfinninga. Tekið verður til umfjöllunar í hverju einkaréttur einkaleyfishafa sé fólginn og hvert er umfang hans. Þá verður nánar hugað að því hvernig öðlast megi einkaleyfavernd, fjallað verður um innlendar og erlendar einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra. Þá verður fjallað um aðilaskipti að einkaleyfarétti, nytjaleyfi, takmörkuð réttindi yfir einkaleyfi og brot gegn einkaleyfa og hönnunarrétti. Loks verður fjallað um rétt starfsmanna til uppfinninga sinna.
Verkefni og munnlegt próf

**LÖG222F • Starfsmannaréttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Trausti Fannar Valsson
Kennari: Berglind Bára Sigurjónsdóttir
Kennari: Þórhallur Vilhjálmsson Stundakennari
Kennari: Kjartan Bjarni Björgvinsson Stundakennari
Undanfarin ár hefur í stjórnsýslurétti verið gefið stutt yfirlit um réttarstöðu opinberra starfsmanna. Úr þessu er ætlað að bæta með því að gefa kost á kjörgrein í þessum fræðum. Hinn opinberi starfsmannaréttur er að ýmsu leyti samofinn hinum almenna vinnurétti og lýtur þar í mörgu sömu reglum. Á hinn bóginn eru ýmis atriði er skapa honum sérstöðu. Réttarreglurnar um embættismenn eru þar á meðal. Þegar fjalla þarf um réttarstöðu starfsmanna hins opinbera koma, auk almennra lagaákvæða um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einnig til athugunar stjórnsýslulög, upplýsingalög, sveitarstjórnarlög, ákvæði stjórnarskrárinnar og ýmsar ólögfestar reglur stjórnsýsluréttarins. Auk þess að gera grein fyrir þeim lagareglum, er almennt taka til starfsmanna hins opinbera og starfa þeirra, verður gerð grein fyrir helstu hugtökum, s.s. hugtökunum embættismaður, ríkisstarfsmaður og opinber starfsmaður. Fjallað verður um upphaf starfsins, málsmeðferð við veitingu embætta og starfa og hverra sjónarmiða veitingarvaldshafi ber að gæta við val á starfsmanni. Sérstaklega verður fjallað um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, en þ.á.m. er tjáningarfrelsi og þagnarskylda, hlýðni- og trúnaðarskylda, réttur til launa og lífeyrisréttindi. Einnig verður fjallað um þau atvik og úrræði, er snerta breytingar á störfum, tilflutning, niðurlagningu starfs, o.fl. Þá verður fjallað um starfslok starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og mismunandi málsmeðferðarreglur, eftir því hvaða ástæður liggja þeim til grundvallar. Loks verður fjallað um þau úrræði, sem tiltæk eru til þess að fá ákvarðanir í starfsmannamálum endurskoðaðar.
Verkefni og munnlegt próf

**LÖG223F • Persónuréttur II- Persónuupplýsingar og einkalífsvernd • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þórður Sveinsson Stundakennari
Umsjónarkennari: Trausti Fannar Valsson
Kennari: Særún María Gunnarsdóttir Stundakennari
Í þessari kjörgrein verður fjallað um Í kjörgreininni verður vikið að inntaki réttarins til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu sem felst í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá verður fjallað um ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga svo og tilskipun 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Þannig verður t.d. fjallað um lögmælt skilyrði þess að vinna megi með persónuupplýsingar, reglur er gilda um áhættumat og öryggisráðstafanir sem viðhafa ber við vinnslu persónuupplýsinga. Þá verður vikið að réttindum hins skráða og skyldum ábyrgðaraðila. Þannig verður t.d. fjallað um upplýsingarétt hins skráða, fræðslu- og viðvörunarskyldu þegar persónuupplýsingum er safnað, viðvaranir um notkun persónusniða, bann við notkun nafna í markaðssetningu svo og skyldu til að leiðrétta eða eyða röngum eða villandi upplýsingum. Þá verður einnig fjallað um Persónuvernd og hluverk hennar við vernd persónuupplýsinga. Ennfremur verður fjallað um sérákvæði laga um vinnslu persónuupplýsinga. Þannig verður m.a. vikið að ákvæðum er lúta að sjúkraskrám í lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, ákvæðum lífsýnalaga nr. 110/2000,ákvæðum um einkalífsvernd í IX. kafla laga nr. 81/2003 um fjarskipti og ákvæðum laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

**LÖG225F • Upplýsingatækniréttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Páll Sveinn Hreinsson
Umsjónarkennari: Jónína Sigrún Lárusdóttir Aðjúnkt
Þessi kjörgrein fjallar um gildandi réttarreglur á sviði upplýsingatækni og þau lögfræðilegu vandamál sem risið hafa í kjölfar tilkomu Netsins. Megináhersla verður lögð á hvernig hugverkarétti og reglum um óréttmæta viðskiptahætti verður beitt á sviði upplýsingatækni, þ. á m. á Netinu. Þannig verður fjallað um íslenska höfunda- og einkaleyfavernd á hugbúnaði og gagnagrunnum. Til samanburðar verður minnst á enskan og bandarískan rétt, auk þess sem fjallað verður um tilskipanir Evrópusambandsins á þessu sviði. Fjallað verður um skilyrði verndar, andlag hennar og hverjir njóta hennar. Þá verður fjallað sérstaklega um hvernig reglur höfundalaga og vörumerkjalaga koma að vandamálum tengdum Netinu. Vikið verður að yfirfærslu réttinda á sviði upplýsingatækni með samningum (þ. á m. með afnota- og hýsingarsamningum) og í vinnusambandi. Í því sambandi verður sérstaklega rætt um reglur um vernd viðskiptaleyndamála. Einnig verður vikið að reglum um ábyrgð vegna galla eða annarra vanefnda. Fjallað verður um reglur samkeppnisréttar. Vikið verður að ákvæðum laga um markaðsráðandi stöðu, nauðsynlegrar aðstöðu (e. essential facilities) og fordæmum af vettvangi Evrópusambandsins. Loks verður fjallað um hvernig reglum samkeppnisréttar getur verið beitt á samninga á þessu sviði. Þá verður fjallað um rafræn viðskipti. Í því sambandi verður vikið að þeim reglum er gilda um samningagerð á Netinu, rafrænar undirskriftir, dulkóðun, greiðslur um Netið og skattamál. Þannig verður fjallað um nýlegar tilskipanir EB; annars vegar um rafræn viðskipti og hins vegar um rafrænar undirskriftir og innleiðingu þeirra hér á landi. Loks verður fjallað stuttlega um refsirétt á þessu sviði, sérstaklega að því er varðar ábyrgð milligönguaðila á Netinu.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG227F • Fasteignakauparéttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Viðar Már Matthíasson Prófessor
Námskeiðið verður kennt á hraðferð seinni hluta vormisseris 2010. Í fasteignakauparétti verður fjallað um þetta sérsvið kröfuréttar og verður öll umfjöllun efnis miðuð við að lýsa reglum um fasteignakaup sem hluta af reglum kröfuréttar. Gerð er grein fyrir fasteignarhugtakinu og ýmsum mikilvægum reglum, sem gilda um fasteignir. Fjallað er um gildissviði laga um fasteignakaup, nr. 40/2002, reglum um stofnun kaupsamninga um fasteignir, form þeirra og efni, túlkun þeirra, ýmis sérstök atriði svo sem fyrirvara í slíkum samningum, forkaupsrétt og önnur atriði. Sérstaklega er gerð grein fyrir skyldum sem hvíla á aðiljum kaupsamninga um fasteignir og hverju það varði ef þær eru ekki efndar réttilega. Fjallað er sérstaklega um nýtt gallahugtak laga um fasteignakaup, gerð er grein fyrir reglum um stjórnunarábyrgð, reglum um beint og óbeint tjón, rétti til að bæta úr galla o.fl. Þá er fjallað um eignarafsöl og sérstakar skyldur aðilja við gerð kaupsamnings og við útgáfu afsals og stöðu þeirra gagnvart þriðja manni, t.d. lánardrottnum hvors annars. Fjallað verður um ný lög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, einkum um helztu breytingar sem leiða af lögunum. Fjallað er um réttarstöðu löggiltra fasteignasala og störf þeirra og starfsháttu, svo og um eftirlitskerfi með fasteigasölu.
Verkefni og munnlegt próf

**LÖG228F • Fjármuna- og efnahagsbrot • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir Prófessor
Námskeiðið hefst á inngangi um skilgreiningar hugtaka og helstu einkenni og flokkun þeirra brotategunda og brotaflokka, sem undir námskeiðið falla. Síðan verður fjallað um auðgunarásetning, einstakar tegundir auðgunarbrota og nokkrar tegundir annarra hagnaðar- og

fjármunabrota, svo sem nytjastuld og eignaspjöll. Þá verður einnig fjallað um skjalafals og önnur skjalabrot. Loks verður almenn umfjöllun um efnahagsbrot og tengsl þeirra við augðunarbrot og önnur fjármunabrot.

**LÖG229F • Málflutningskeppni Orators • (2e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eiríkur Tómasson Prófessor
Þátttaka í Málflutningskeppni Orators, félags laganema.
Verkefni, munnleg og skrifleg. Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG233F • Samkeppnisréttur II • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ásgeir Birgir Einarsson Lektor
Kennari: Hörður Felix Harðarson Aðjúnkt
Í námskeiðinu verður fjallað um stofnanir samkeppnismála hér á landi og um rannsóknir, málsmeðferð og málsskot í slíkum málum. Einnig verður farið yfir viðurlög við brotum á samkeppnislögum og samspil samkeppnisreglna og mannréttindaákvæða skoðað. Vikið verður að reglum um niðurfellingu eða lækkun viðurlaga í samráðsmálum og fjallað um hlutverk lögreglu og samkeppnisyfirvalda við rannsókn á ætluðu ólögmætu samráði. Þar sem við á verður fyrirkomulag og framkvæmd í m.a. EES/EB-samkeppnisrétti höfð til hliðsjónar.

Jafnframt verður í námskeiðinu fjallað um ákvæði samkeppnislaga sem ætlað er að vinna gegn opinberum samkeppnishömlum, bæði um heimildir til þess vera bindandi íhlutun og heimildir til þess að beina tilmælum og álitum til opinberra aðila. Þá verður farið yfir reglur EES/EB-réttar um ríkisaðstoð og aðrar opinberar samkeppnistakmarkanir.

**LÖG234F • International Economic Law • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Alþjóðaviðskipti eru vaxandi svið á vettvangi þjóðaréttarins. Markmið námskeiðsins er að fjalla um þá þróun sem orðið hefur á þessu sviði á undanförnum árum, um alþjóðleg viðskipti, fjármögnun, fjárfestingar og í efnahagsmálum. Fjallað er um starfsemi Alþjóðaskiptastofnunarinnar (WTO) og markmið hennar svo og meginþætti GATT samstarfsins og í starfi Alþjóða gjaldeyrissjóðsins
Kynnt við upphaf kennslu

**LÖG235F • Law of Armed Conflicts • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Björg Thorarensen Prófessor
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor
Viðfangsefni námskeiðsins sem er hluti af áhrslusviðinu þjóðarétti er að fjalla um helstu þjóðréttarreglur sem varða vopnuð átök. Námkeiðið er að segja má tvískipt en fyrri hluti þess fjallar um rétt ríkja til valdbeingar (jus ad bellum) með áherslu á ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um beitingu vopnavalds, um sjálfsvarnarrétt ríkja og um hlutverk Öryggisráðsins. Síðari hluti námskeiðsins fjallar um lög í stríði (jus in bello), þ.e. um heimilar aðferðir í hernaði og um notkun vopna. Sérstök áhersla er lögð á Genfarsamninga frá 1949 og viðauka við þá frá 1977 og á grunnreglur á sviði mannúðarréttar. Þá er fjallað stuttlega um refsiábyrgð vegna stríðsglæpa og alþjóðlega sakamáladómstóla sem settir hafa verið á fót til að dæma í sakamálum er varða alþjóðaglæpi. Námskeiðið er einkum ætlað laganemum á meistarastigi en hentar þó allt eins fyrir nema á öðrum fræðasviðum, t.d. í alþjóðasamskiptum, alþjóðastjórnmálum eða sagnfræði.
Munnlegt próf og verkefni.

**LÖG236F • LLM. Lokaritgerð • (60e) • Sumar**
60ECTS lokaritgerð í LL.M. námi

**LÖG237F • LL.M. final paper • (60e) • Vor**
60ECTS lokaritgerð í LL.M. námi

**LÖG238F • LLM. Lokaritgerð • (60e) • Haust**
60ECTS lokaverkefni í LL.M. námi

**LÖG239F • Alþjóðlegur einkamálaréttur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eyvindur G Gunnarsson Lektor
Kennari: Ása Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Eggert Óskarsson
Námskeiðið hefst á inngangi, þar sem lýst er viðfangsefnum alþjóðlegs einkamálaréttar, stöðu hans í fræðikerfi lögfræðinnar, skýrð helstu hugtök og réttarheimildir kannaðar. Þá er lýst réttarreglum sem varða varnarþing, viðurkenningu erlendra dóma á Íslandi, fullnustu dóma og beitingu erlendra réttarreglna fyrir íslenskum dómstólum. Að því loknu er lýst lagaskilareglum á einstökum réttarsviðum (persónu-, erfða- og sifjarétti, kröfurétti, eignarrétti, skaðabótarétti, samningarétti, lausafjárkaupum o.s.frv.).
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG240F • Alþjóðlegur skattaréttur -sérstakur hluti • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefán Már Stefánsson Prófessor
Hér er fjallað um fjárfestingar og samsköttun fyrirtækja milli landa. Vikið er að
CFC reglum í nágrannaríkjunum og þeim reglum sem gilda þar um magra eiginfjármögnun.
Fjallað verður ítarlega um milliverðlagningu í alþjóðlegum skattarétti en hún er dæmigerð fyrir samstæður hlutafélaga. Leiðbeiningarreglur OECD hafa hér mikla þýðingu. Vikið er að EB og EES skattareglum og þeim dómum EB og EFTA dómstólanna sem þýðingu hafa.
Æskileg undirstaða: Alþjóðlegur skattaréttur- almennur hluti (LÖG209F)

**LÖG242F • Jessup málflutningskeppnin • (3e) • Haust**
Umsjónarkennari: Pétur Dam Leifsson Lektor

Um er að ræða verkefni sem felst í því að meistaranemar við lagadeild geta tekið þátt í málflutningskeppni (Philip C. Jessup eða sambærilegri keppni sem lagadeild viðurkennir) á sviði þjóðaréttar og fá þátttöku metna til eininga að uppfylltum skilyrðum. Verkefnið er með þeim hætti að nemar skrá sig til þátttöku, en umsjónarmaður og þjálfari velja síðan ef þörf krefur þá nema í lið sem síðan öðlast þátttökurétt í verkefninu m.t.t. þess fjölda sem heimilt er að taki þátt hverju sinni, en lagadeild setur viðmiðanir í því sambandi. Umsjón af hálfu lagadeildar annast fastur kennari við deildina, en leiðbeiningu annast þjálfari sem skal alla jafnan vera útskrifaður lögfræðingur sem hefur reynslu af þátttöku í keppni af þessu tagi. Þessi fyrri hluti þátttöku fer fram á haustönn og felst í því að lið nemenda skilar skriflegum greinargerðum til umsjónarmanns í tengslum við þátttöku í málflutningskeppni fyrir tilsett tímamörk í desember. Samþykki umsjónarmaður í samráði við þjálfara að greinargerðir séu tækar til að verða sendar til þátttöku fá nemar staðfestingu um að þeir hafi staðist verkefnið. Forkröfur fyrir þátttöku eru að nemar séu skráðir í eða hafi staðist próf í námskeiðinu Basic Course in Public International Law eða í námskeiði sem lagadeild metur sambærilegt.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG243F • EU-EEA Law I • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Maria Elvira Mendez Pinedo Lektor
The first part of the course is devoted to the EU/EEA institutional law: organisation (institutions, competences), decison-making process, general principles and sources of EU/EEA law, relationship EU/EEA law-national laws and judicial protection of individual rights.
EU law. The programme will consist of : the European integration process; the European Union and the European Communities; the European Council and other European institutions; European acts and their effects in the national legal order; principles of EU/EC law; the EU Charter of Fundamental Rights, the EU citizenship. These topics will analyzed in the light of the relevant case law of the European Court of Justice and will be further investigated by consulting additional legal literature. The programme will be completed with the necessary references to the Lisbon Treaty when necessary.
EEA law. Attention will be also dedicated to the the EFTA/EEA institutions, the legal nature of EEA law and the main principles of this legal order such as the principle of homogeneity and the effect of EEA law in the national legal orders. Particular focus will be put on the role of the Court of Justice and the EFTA Court in the context of the EEA legal order.

**LÖG244F • EU-EEA Law II • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Maria Elvira Mendez Pinedo Lektor
This second part of the course is devoted to substantive EC/EEA law in the following areas: -the single market, -the four freedoms, -the euro and other economical- and monetary matters as well as the main principles of the EC common fisheries policy. The impact and importance of European Community law has increased significantly in recent years, reflected in its evolution from an economic market to one which incorporates social, political and fundamental rights in addition to economic elements. EEA law remains focused on economic integration. In spite of this fundamental difference, the impact of EC/EEA law as a source of national laws in 27/30 European countries is undeniable. Consequently, EC/EEA law is essential to the business and legal environment.
EU Law: the law of the internal market: free movement of goods, free movement of workers and persons, freedom of establishment and to provide services and free movement of capital, harmonization and common policy making; the euro and the Economic and Monetary Union; the main principles of the EC common fisheries policy.
EEA Law: the law of the internal market in the EEA legal order: statutory principles and jurisprudence from the EFTA Court. EU and EEA law in perspective (concluding discussions)

**LÖG245F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Lokaverkefni í þverfaglegu námi í umhverfis- og auðlindafræði

**LÖG301F • Meistararitgerð í lögfræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistararitgerðir o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ. Ritgerð skal skila fyrir 5. janúar vegna brautskráningar í febrúar sama ár.

**LÖG302F • LL.M. - Final Paper • (30e) • Haust**
LL.M.-meistaraprófsritgerð eða -verkefni.

**LÖG303F • International Criminal Law • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Umsjónarkennari: Jónatan Þórmundsson Prófessor emeritus
A course description in Icelandic is not available.
Nauðsynleg undirstaða: BA-ritgerð í lögfræði (LÖG602G)
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG304F • Lagasetning, undirbúningur, gæði og eftirlit • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Ragnar Spanó Prófessor
Umsjónarkennari: Hafdís Helga Ólafsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Ragna Árnadóttir Stundakennari
Kennari: Þórður Bogason Stundakennari
Kennari: Einar Farestveit Stundakennari
Kennari: Sigrún Brynja Einarsdóttir Stundakennari
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn og þjálfun í lagagerð. Skoðað verður sérstaklega hvernig undirbúningi lagasetningar er háttað í ráðuneytum eða á þeirra vegum og á Alþingi og hlutverk stjórnvalda og Alþingis í að tryggja gæði laga¬setningar metið. Þá verður fjallað um eftirlitshlutverk umboðsmanns Alþingis sem og hlutverk dómstóla og margir dómar reifaðir. Einnig verður sérstaklega stefnt að því að nemendur fái betri og dýpri sýn á undirstöður lögskýringarfræði, m.a. tengslum þeirrar fræðigreinar við almenna túlkunarfræði og réttarheimspeki. Fyrirkomulag: Fyrirkomulag kennslu verður í formi fyrirlestra og umræðu undir stjórn kennara. Þá verður Alþingi heimsótt og kennsla fer þar fram að hluta, auk þess sem væntanlegt Skólaþing Alþingis verður skoðað. Nemendum ber að skila verkefnum sem felast í gerð þingmála (frv., brtt.) í byrjun nóvember 2007 sem gilda 60% af lokaeinkunn og verður unnið með þau verkefni nánar. Verkefnalisti verður sendur út rafrænt á upplýsingagátt HÍ fyrir lok septembermánaðar 2007. Skriflegt próf verður síðan haldið í desember sem gildir 40%

á móti verkefnum til lokaeinkunnar.
Skriflegt próf gildir 40% af heildareinkunn. Sérhver stúdent skal skila verkefni sem gildir 60% af heildareinkunn.

**LÖG305F • Réttarheimspeki • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Skúli Magnússon Dósent
Fjallað er um helstu álitaefni sem leitað hefur verið svara við undir merkjum réttarheimspeki eða almennrar lögfræði, t.d. "Hvað eru reglur?", "Hvernig verður lagahugtakið afmarkað?", "Hvernig er komist að niðurstöðu um lög?", "Er ávallt ein rétt lagaleg niðurstaða fyrir hendi við lagalegan ágreining?" Auk þessa verður að einhverju marki rætt um stjórnspekileg álitaefni sem tengjast lögunum og "óhefðbundnar" kenningar um lögin, svo sem kenningar kynjafræði. Ekki verður fjallað með skipulegum hætti um kenningar tiltekinna fræðimanna nema að því marki sem þær færa fram svör við þeim álitamálum sem tekin eru fyrir hverju sinni. Þá verður ekki farið sögulega yfir hugmyndir um lögin. Umfjöllun um framangreind efni ætti þó að gefa nemendum nokkuð góða yfirsýn yfir helstu strauma í réttarheimspeki samtímans.
Tilkynnt við upphaf kennslu.

**LÖG306F • Lögskýringar • (6e) • Vor**
í námskeiðinu verður fjallað ítarlega um aðferðir við skýringar settra lagaákvæða, einkum með áherslu á íslenskan rétt. Gerð verður grein fyrir því hvað átt er við með lögskýringu afmörkun lögskýringa frá beinu hlutverki dómstóla til að móta reglur, heimldum dómstóla almennt til að skýra lög og lögskýringarkenningum. Fjallað verðu um textaskýringu, lögskýringargögn og lögskýringarsjónarmið, sem mótast hafa í réttarframkvæmd, og lögskýringarleiðir. Þá verður fjallað um reglur sem beitt er til að leysa úr því þegar lagaákvæði rekast á og ennfremur lögjöfnun og gagnályktun. Sérstaklega verður fjallað um skýringar lögfestra þjóðréttarsamninga, einkum EES-samningsins og mannréttindasáttmála Evrópu. Í tengslum við það verður fjallað um aðgerðir við lögskýringar sem mótast hafa hjá Evrópudómstólnum annars vegar og Mannréttindadómstóli Evrópu hins vegar.

**LÖG308F • Mannréttindi barna • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrefna Friðriksdóttir Lektor
Kennari: Þórhildur Líndal
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist góða þekkingu á mannréttindum barna eins og þau endurspeglast í alþjóðasamningum og íslenskum lögum. Sérstök áhersla verður lögð á að skoða aðdraganda, meginreglur og einstaka ákvæði Barnasamningsins, Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem öðlaðist gildi á Íslandi 1992. Einnig verða tekin til skoðunar störf Evrópuráðsins og Mannréttindadómstóls Evrópu með tilliti til réttinda barnsins og tengsla við Barnasamninginn. Þá verður fjallað um íslensk lög og að hvaða leyti þau verða talin í samræmi við ákvæði Barnasamningsins. Stefnt er að því að nemendur vinni verkefni sem vegur 40% af einkunn á móti munnlegu prófi sem vega mun 60% heildareinkunnar.
Munnlegt próf

**LÖG309F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Lokaverkefni

**LÖG401F • Meistararitgerð í lögfræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistararitgerðir o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ. Ritgerð skal skila fyrir 5. maí vegna brautskráningar í júní sama ár.

**LÖG402F • LL.M. - Final Paper • (30e) • Vor**
LL.M.-meistaraprófsritgerð eða -verkefni.

**LÖG403F • LL.M. - Final Paper • (30e) • Sumar**
LL.M.-meistaraprófsritgerð eða -verkefni.

**LÖG404F • Meistararitgerð í lögfræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um meistararitgerðir o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ. Ritgerð skal skila fyrir 5. september vegna brautskráningar í október sama ár.

**LÖG405F • Persónuréttur I - Almenn persónuvernd • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Páll Sigurðsson Prófessor
Í þessari kjörgrein verður fjallað um valda þætti úr almennum hluta persónuréttar, einkum á grundvelli íslenskra réttarreglna en jafnframt höfð hliðsjón af erlendum réttarreglum, sem áhugaverðar eru til samanburðar, auk ákvæða í mannréttindasáttmálum. Siðferðileg álitaefni verða einnig rædd. Sérstök áhersla verður lögð á ýmsa nýja þætti þessa réttarsviðs, sem enn eru ekki fullmótaðir, en ekki verður fjallað um suma þætti hins hefðbundna persónuréttar svo sem um gerhæfi á sviði fjármunaréttar.
Hæfniviðmið eru að nemendur hafi að námskeiði loknu:
Öðlast haldgóða þekkingu í höfuðþáttum námsefnisins, sem nýtist í margvíslegum störfum, sem lagaþekkingu þarf til,
Séu hæfir til að mynda sér rökstuddar skoðanir á einstökum efnisþáttum persónuréttar (grunnréttinda manna) og
Séu hæfir til að taka þátt í þjóðfélagsumræðu um þau lögfræðilegu og siðfræðilegu álitaefni, sem fjallað er um á námskeiðinu.
Námsmat kynnt við upphaf kennslu.

**LÖG901F • Kandídatsritgerð í lögfræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistararitgerðir o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ. Ritgerð skal skila fyrir 5. janúar vegna brautskráningar í febrúar sama ár.

**LÖG902F • Kandídatsritgerð í lögfræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistararitgerðir o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ. Ritgerð skal skila fyrir 5. maí vegna brautskráningar í júní sama ár.

**LÖG903F • Kandídatsritgerð í lögfræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um meistararitgerðir o.fl. á heimasíðu lagadeildar HÍ. Ritgerð skal skila fyrir 5. september vegna brautskráningar í október sama ár.

## Stjórnmálafræðideild

**ASK030M • Security in Small States • (8e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Baldur Þórhallsson Prófessor
Umsjónarmaður: Silja Bára Ómarsdóttir
Small states have a special need to build multilateral security arrangements as they generally cannot rely on their own capabilities for complete defense. This course will focus on the types of solutions that small states can make in theory and have made in practice for their security. In the European context, these include entering NATO, the EU and participating in OSCE and subregional arrangements of various kinds. Both external and internal aspects of security will be covered and the applicability of concepts such as functional and societal security will be explored. Teachers will come from various European universities, drawing on significant expertise in the field and building on the expertise already in place at the University of Iceland.
Exam and Papers.

**KYN106G • Kynjamyndir og kynusli: Inngangur að kynjafræði • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Katrín Anna Guðmundsdóttir
Í námskeiðinu er fjallað um helstu viðfangsefni kynjafræða í ljósi gagnrýnnar fjölmenningarhyggju og margbreytileika nútímasamfélaga. Þverfræðilegu sjónarhorni er beitt til að gefa yfirlit yfir stöðu og aðstæður kvenna og karla. Fjallað er um upphaf og þróun kvennabaráttu og kynjafræða. Kynnt verða helstu hugtök kynjafræða svo sem kyn, kyngervi, eðlishyggja og mótunarhyggja. Skoðað er hvernig kyn er ávallt samtvinnuð öðrum samfélagslegum áhrifabreytum svo sem etnískum uppruna, kynhneigð, trúarskoðunum, fötlun, aldri, stétt og fleira. Sérstök áhersla er á Ísland samtímans og kynningu á íslenskum kynja- og margbreytileikarannsóknum.
Verkefni og próf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmatsins.

**KYN201M • Kenningar í kynjafræði • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Kennari: Jón Yngvi Jóhannsson
Kennari: Gyða Margrét Pétursdóttir
Í námskeiðinu er fjallað um kenningalegan grundvöll kynjafræða og gagnrýnið og þverfræðilegt inntak þeirra. Fjallað er um birtingarform og merkingu kyngervis (e. gender) í tungumáli, samfélagi, vísindum og menningu. Helstu kenningaleg sjónarmið fræðanna eru kynnt og tengsl þeirra við aðferðafræði. Ræddar eru þekkingarfræðilegar og vísindaheimspekilegar forsendur gagnrýnins fræðastarfs og nemendur þjálfaðir í að beita fræðilegum hugtökum og aðferðum.
Verkefni og próf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmatsins.

**KYN301G • Klámvæðing kynþokkans • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Katrín Anna Guðmundsdóttir
Í kynímyndum samtímans er daðrað við klám- og vændisvæðingu og algeng táknmynd kvenímyndarinnar í dag er kynferðislega ögrandi og aðgengileg kona. Slíkar ímyndir færast í vöxt í auglýsingum, tónlistarmyndböndum og annarri dægurmenningu og verða markhóparnir sífellt yngri. Í umræðunni um þessi mál togast á hugmyndir um frelsi og forsjá, kynfrelsi og mannfyrirlitningu, þolendahlutverk og gerendahæfni. Fræðimenn takast á um skilgreiningar og merkingu hugtaka svo sem hvort aðgreina beri erótík og klám, frjálst vændi og þvingað vændi, og hvort klámvæðing kynþokkans hafi áhrif á samskipti kynjanna og merkingartengsl kyngerva. Í námskeiðinu er fjallað um staðalmyndir kynjanna, klám- og vændisvæðingu kynímynda og þær settar í fræðilegt og félagslegt samhengi.
Markmið:
-Að nemendur kunni skil á helstu sjónarmiðum kynjafræðinnar um klámvæðingu og vændisvæðingu og geti sett það í samhengi við klám og vændi.
-Að nemendur geti metið sjálfstætt og gagnrýnið kenningar á rannsóknasviðinu, hugmyndir og skilgreiningar merkingu hugtaka og forsendur þeirra.
-Nemendur geti greint helstu rökin í hinni samfélagslegu umræðu um klám og vændi, klám- og vændisvæðingu, og metið þau á gagnrýninn hátt.
-Að nemendur geti sett ofangreind fyrirbæri í fræðilegt, félagslegt og hugmyndasögulegt samhengi og skoðað tengsl þeirra við kynferðisofbeldi og mansal.
Verkefni og heimapróf.

**KYN302G • Aukaverkefni: Suðurpottur fræðanna: Efst á baugi í kynjafræðum • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Verkefni.
Verkefni.

**KYN304G • Suðupottur fræðanna: Efst á baugi í kynjafræðum • (6e) • Haust • 2u**
Umsjónarkennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist nýjum rannsóknum á fræðasviðinu, fái innsýn í þá breidd sem kynjafræðileg viðfangsefni endurspegla og skilji mikilvægi fræðilegrar umræðu innan kynjafræða. Verkefnið felst í virkri þátttöku í námskeiðinu, sem felur í sér mætingu í fyrirlestra og verkefnavinnu í tengslum við ráðstefnur á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og fleiri ráðstefnur og málþing á vegum Háskóla Íslands í eitt misseri.
Verkefni.

**KYN311G • Kyn, fjölmenning og margbreytileiki • (6e) • Haust**
Í námskeiðinu er fjallað um helstu viðfangsefni kynjafræða í ljósi gagnrýnnar fjölmenningarhyggju og margbreytileika nútímasamfélaga. Þverfræðilegu sjónarhorni er beitt til að gefa yfirlit yfir stöðu og aðstæður kvenna og karla. Kynnt verða helstu hugtök kynjafræða svo sem kyn, kyngervi, eðlishyggja og mótunarhyggja. Skoðað er hvernig kyn er ávallt samtvinnað öðrum samfélagslegum áhrifabreytum svo sem etnískum uppruna, kynhneigð, trúarskoðunum, fötlun, aldri, stétt og fleira. Sérstök áhersla er á Ísland samtímans og tengsl kynjafræða við önnur margbreytileikafræði.
Verkefni og skriflegt próf

**KYN401G • Aukaverkefni: Suðurpottur fræðanna: Efst á baugi í kynjafræðum • (4e) • Vor**
Umsjónarmaður: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Guðbjörg Lilja Hjartardóttir
Verkefni.
Verkefni.

**KYN404G • Suðupottur fræðanna: Efst á baugi í kynjafræðum • (6e) • Vor • 2u**
Umsjónarkennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Þóra Björg Sigurðardóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist nýjum rannsóknum á fræðasviðinu, fái innsýn í þá breidd sem kynjafræðileg viðfangsefni endurspegla og skilji mikilvægi fræðilegrar umræðu innan kynjafræða. Verkefnið felst í virkri þátttöku í námskeiðinu, sem felur í sér mætingu í fyrirlestra og verkefnavinnu í tengslum við ráðstefnur á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og fleiri ráðstefnur og málþing á vegum Háskóla Íslands í eitt misseri.
Verkefni.

**KYN415G • Hinseginlíf og hinseginbarátta • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Í námskeiðinu verður ljósi varpað á sögu samkynhneigðra, hreyfingu þeirra og baráttu í íslenskum samtíma og hún sett í alþjóðlegt samhengi. Fjallað verður um upphaf frelsishreyfingar samkynhneigðra og mikilvægar vörður í réttindabaráttunni. Menningarlegir og félagslegir þættir eins og sjálfsmynd og sýnileiki verða skoðaðir, kynntar kenningar um mótun kyns og kyngerva (sex og gender) og kyngervisusla (gender trouble). Þá verður sjónum beint að lagaumhverfi og réttarstöðu samkynhneigðra, svo sem lögum um staðfesta samvist og ættleiðingar. Skoðað verður hvernig ýmsar stofnanir samfélagsins taka á samkynhneigð, svo sem skólakerfið og kirkjan. Þá verður fjallað um fjölskyldur samkynhneigðra (samkynhneigð pör/foreldrar/börn) og loks verður heilsufar og líðan samkynhneigðra skoðuð.
Heimapróf og verkefni.

**STJ101G • Inngangur að stjórnmálafræði: Íslenska stjórnkerfið • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Kennari: Magnús Árni Magnússon Aðjunkt
Fjallað er í víðu samhengi um helstu viðfangsefni stjórnmálafræðinnar, eins og vald, lýðræði, ríkið og stjórnmálastefnur. Lögð er sérstök áhersla á að tengja umfjöllun námskeiðsins við íslensk stjórnmál og stjórnmálaþróun. Fjallað er meðal annars um þróun íslenskrar stjórnskipunar, kosningar, stjórnmálaflokka, þingið, framkvæmdarvaldið, opinbera stefnumótun og sveitarstjórnir
Verkefni (30%)þriggja tíma skriflegt próf (70%) í desember.

**STJ102G • Alþjóðastjórnmál: Inngangur • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Silja Bára Ómarsdóttir
Námskeiðinu er ætlað að kynna nemendur fyrir ólíkum kenningum og viðfangsefnum alþjóðastjórnmála, einkum út frá breyttri stöðu í alþjóðastjórnmálum eftir Kalda stríðið. Hnattvæðing er notuð sem ein grunnnálgun að viðfangsefninu. Byrjað er á því að fjalla um alþjóðakerfið, ríkið og stöðu þess í kerfinu. Þá er farið í grunnkenningar alþjóðastjórnmála og helstu greinar innan þess, s.s. stjórnmálahagfræði og öryggisfræði. Fjallað er um alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar og hlutverk þeirra. Síðari hluti námskeiðsins er helgaður viðfangsefnum alþjóðastjórnmála, t.d. umhverfismálum, frjálsum félagasamtökum og mannréttindum.
Í námskeiðinu eru nemendur:
1) kynntir fyrir nokkrum helstu kenningum í alþjóðastjórnmálum, sem veit þeim grunn að skilningi á pólitískum viðburðum í samtímanum
2) þjálfaðir í að greina gagnrýnið hugmyndir og kenningar um hnattvæðingu/alþjóðavæðingu
3) kynntir fyrir samhengi milli viðburða í alþjóðastjórnmálum og kenningum á því sviði
Verkefni (25%) og þriggja stunda skriflegt próf. Verkefnaskil eru próftökuskilyrði í námskeiðinu.

**STJ104G • Hagfræði • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Stefán Jóhann Stefánsson
Farið verður yfir nokkur helstu hugtök hagfræðinnar á borð við framboð og eftirspurn, skilvirkni markaða, ábata, allratap, ytri áhrif og samgæði. Þessu næst verða greindir framboðs-, kostnaðar og tekjuferlar fyrirtækja við ólík markaðsskilyrði, allt frá samkeppni til einokunar. Leitað verður svara við spurningunni um hlutverk stjórnvalda á mörkuðum. Við lok námskeiðsins eiga nemendur að geta nýtt sér kenningar rekstrarhagfræðinnar til frekari skilnings á hinum ýmsu samfélagsmálum og eiga að kunna skil á helstu lögmálum efnahagslífsins.
Verkefni og próf.

**STJ105G • Vinnulag í stjórnmálafræði • (2e) • Haust • 3f + 1u**
Í námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði í vinnubrögðum og framsetningu sem nauðsynleg eru hverjum stjórnmálafræðinema. Farið er í heimilda- og upplýsingaleit á bókasöfnum og veraldarvefnum, ásamt frágangi og framsetningu ritgerða.
Verkefni

**STJ201G • Samanburðarstjórnmál • (8e) • Vor • 4f**
Kennari: Birgir Hermannsson
Í námskeiðinu er leitast við að greina megineinkenni frjálslynds lýðræðis og bera saman stjórnmálakerfi ýmissa lýðræðisríkja. Fjallað er um

þróun lýðræðiskenninga og stjórnmálastefna, formlega stjórnskipun og tengsl stjórnmálakerfanna við sögu og félagsgerð. Þá er leitast við að greina ólíka uppbyggingu stjórnmálaflokka og flokkakerfa, hagsmunasamtaka, embættiskerfa, fjölmiðla, þjóðþinga og ríkisstjórna og hlut þeirra í stefnumótun. Stjórnmálakerfi Bandaríkjanna, Bretlands, Norðurlanda og ýmissa annarra Evrópuríkja eru borin saman í þessu skyni.
Skriflegt próf og verkefni.

**STJ202G • Opinber stjórnsýsla • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Námskeiðið er grunnnámskeið í opinberri stjórnsýslu. Helstu kenningar í opinberri stjórnsýsla verða kynntar. Rætt verður um ákvarðanatöku og stjórnun í opinbera geiranum og sérstöðu hans samanborið við einkageirann. Fjallað verður um þróun opinberrar stjórnsýslu á Íslandi, skipulag hennar og löggjöf um hana.
Verkefni og skriflegt próf.

**STJ204G • Inngangur að aðferðafræði • (8e) • Vor • 3f**
Kennari: Hulda Þórisdóttir
Í þessu námskeiði er nemendum ætlað að öðlast skilning á eðli vísindalegrar aðferðar og grundvallaratriðum tölfræði. Farið er yfir hugtök á borð við orsök, réttmæti og áreiðanleika. Fjallað er um helstu stefnur og grundvallaraðferðir í mótun og framkvæmd rannsókna innan félagsvísinda, með megináherslu á stjórnmálafræði. Inngangsatriðum í lýsandi tölfræði eru gerð skil, þar á meðal myndrænni framsetningu, dreifingu, miðsækni, prósentum og vikmörkum. Inngangur að líkindum og fylgni.
Námsmat felst í smærri prófum, verkefnum og lokaprófi.

**STJ205G • Opinber stefnumótun • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Kennari: Pétur Vilhjálmsson
Fjallað er um hvernig opinber stefnumótun fer fram og hvaða kröfur megi gera til hennar. Kynnt verða ólík sjónarmið um kosti og galla markaðarins og opinberrar stýringar. Veitt verður yfirlit um helstu stjórntæki sem stjórnvöld beita og hvaða vandamál tengjast notkun þeirra. Skoðaðir verða möguleikar og takmarkanir lýðræðis við opinbera stefnumótun og áhrif framsals á valdi á opinbera stefnumótun. Í verkefnahluta námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur beiti sjónarhorni stefnugreiningar og þeirra kenninga sem kynntar verða til sögunnar á einstök svið opinberrar stefnumótunar
Verkefni og skriflegt próf.

**STJ301M • Smáríki í Evrópu: Veikleikar, staða og áhrif. Jean Moennet námskeið • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
The aim of this course is to study the behavior and role of small states in Europe. The course deals with questions such as: What is a small state? Do small states behave differently from larger ones? And how influential are smaller states in international organizations? The course offers an introduction to the literature on the state, the international system and small-state studies. The main emphasis, however, is on the opportunities and constraints facing small states in Europe, i.e. how they are affected by and have responded to the process of European integration, globalization and other domestic and international challenges. Special attention is devoted to the Nordic states and their reactions to European integration. Another particular focus will be on Iceland's position - as a small state - in the international system: notably,. how Iceland is affected by and responding to the financial end economic crisis, and Iceland's approach to European integration.
Skriflegt próf og verkefni. Nemendur sem taka námskeiðið sem hluta af meistaranámi vinna aukaverkefni.

**STJ303G • Verkefni í stjórnmálafræði • (2e) • Haust**
Nemendum gefst færi á að vinna verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metið er til tveggja eininga. Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum.
Verkefni.

**STJ303M • Jean Monnet Module: The power potential of small states in the European Union • (8e) • Haust**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
The aim of this course is to study the behavior of small states in the European Union (EU). The course deals with questions such as: How do small states work within the decision-making processes of the EU? Do small states behave differently from the large ones? To what extent are small states able to influence the day-to-day decision-making of the Union; and have small states been able to influence the new EU treaties? The main emphasis is on the power potential of small states within the EU, i.e. their potential influence within the Union. Special attention will be given to the new and enlarged Union, i.e. how will the EU change as a result of enlargement? How will the enlargement affect the position of small and large states within it? And how will the new treaties affect the chances of small states to influence decision-making in the EU?
Verkefni og skriflegt próf

**STJ304G • Stjórnmálaheimspeki • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Hannes Hólmsteinn Gissurarson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynna helstu stjórnmálaheimspekinga Vesturlanda og kenningar þeirra. Lesin eru ritin Ríkið eftir Platón, Furstinn eftir Machiavelli, Ritgerð um ríkisvald eftir John Locke, Kommúnistaávarpið eftir Karl Marx og Frelsið eftir John Stuart Mill. Einnig eru lesnar bækurnar Hvar á maðurinn heima? og Stjórnmálaheimspeki, báðar eftir Hannes Hólmstein Gissurarson.
Tvö skrifleg próf á misserinu (50%)og skriflegt lokapróf í desember (50%).

**STJ305G • Stjórnmálaflokkar, samtök og lýðræði • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Svanur Kristjánsson Prófessor
Kennari: Birgir Hermannsson
Meginviðfangsefni námskeiðsins eru þrjú: 1) Gildakenningar og raunhyggjukenningar um lýðræði og stjórnmálaflokka. 2) Einkenni og breytingar á íslenskum stjórnmálaflokkum og samtökum frá miðri 19. öld til okkar tíma. 3) Samanburður á íslenskum flokkum og flokkakerfum ýmissa vestrænna ríkja, einkum Norðurlanda, Írlands og Bandaríkjanna. Markmið námskeiðsins er að nemendur geti fléttað

saman ofangreinda þætti og dregið rökstuddar ályktanir um eðli og þróun stjórnmálaflokka og lýðræðis á Íslandi. Hefur t.d. lýðræði eflst eða veikst hér á landi síðustu áratugina? Skiptir þátttaka máli í stjórnmálastarfi?
Skriflegt próf 70%. Rannsóknarverkefni 30%.

**STJ307G • Stjórnmálahagfræði • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Hannes Hólmsteinn Gissurarson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynna rökræður heimspekinga og hagfræðinga síðustu tvær aldir um skynsamlegustu skipan atvinnumála. Sérstaklega er rætt um kenningar Adams Smiths, Karls Marx, Johns Maynards Keyness og Friedrichs von Hayeks. Lesin er bókin Hádegisverðurinn er aldrei ókeypis eftir Hannes Hólmstein Gissurarson ásamt ritum, sem tengjast viðfangsefnum samtímans.
Tvö skrifleg próf á misserinu (50%)og skriflegt lokapróf í desember (50%).

**STJ308G • BA-ritgerð • (12e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar stjórnmálafræðideildar. BA-ritgerð.

**STJ309G • Verkefni: Smáríki í Evrópu: Veikleikar, staða og áhrif • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Baldur Þórhallsson Prófessor
Verkefni.
Verkefni.

**STJ314G • Aukaverkefni: Stjórnmálahagfræði • (4e) • Haust**
Kennari: Hannes Hólmsteinn Gissurarson Prófessor
Í tengslum við námskeiðið STJ307G Stjórnmálahagfræði skrifa nemendur ritgerð. Nemendur geta valið um að skrifa um sjálfvalið efni úr bókinni Sex and Reason eftir Richard Posner, eða sjálfvalið efni úr bókinni Hið sanna ástand heimsins eftir Bjørn Lomborg.
Verkefni.

**STJ315G • Aukaverkefni: Stjórnmálheimspeki • (4e) • Haust**
Kennari: Hannes Hólmsteinn Gissurarson Prófessor
Í tengslum við námskeiðið STJ304G Stjórnmálaheimspeki skrifa nemendur ritgerð um sjálfvalið efni úr bókinni Anarchy, State, and Utopia eftir Robert Nozick eða stjórnmálaskoðun íslensks stjórnmálamanns eftir eigin vali, þar sem stuðst er við ævisögu hans eða endurminningar.
Verkefni.

**STJ317G • Evrópusamvinna • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Úlfar Hauksson
Námskeiðið fjallar um samrunaþróunina í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld og verður kastljósinu aðalega beint að Evrópusambandinu (ESB). Farið verður í sögulega tilurð og þróun sambandisins og atburðarrásin skýrð með kenningum stjórnmálafræðinnar. Stofnanauppbygging sambandins og ákvarðanataka innan þess verður tekin fyrir og farið verður í aðkomu þjóðríkja og hagsmunaaðila að stofnunum ESB. Einnig verða einstakir málaflokkar skoðaðir eins og t.d. sjávarútvegsstefnan, landbúnaðarstefnan, umhverfisstefnan, félagsmálastefnan og samvinnan í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum.
Einnig verður fjallað um þátttöku Íslands í samrunaþróun Evrópu. Farið verður yfir inngöngu Íslands í EFTA, tvíhliðasamning við ESB, aðild Íslands að EES og Schengen. Auk þess verður farið yfir umræður um hugsanlega inngöngu Íslands í ESB allt frá 7. áratug síðustu aldar. Stofnanauppbygging og þátttaka Íslands í ákvarantöku EES og Schengen verða gerð ítarleg skil.
Próf og verkefni.

**STJ318G • Bandarísk stjórnmál • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Steinn Jóhannsson
Fjallað verður um helstu stofnanir bandaríska stjórnkerfisins (stjórnarskrána, þingið, alríkisvaldið og tengsl þess við fylkin og forsetaembættið), stjórnmálaflokka, hagsmunahópa, almenningsálitið, kosningar og kosningahegðun. Áhersla verður lögð á forsetaembættið (hvernig það hefur þróast frá einum forseta til annars) og hvernig ákveðnir forsetar hafa beitt sér fyrir breytingum á embættinu. Skoðað verður valdssvið forsetans og hvernig hann tengist einstökum stofnunum í stjórnkerfinu. Reynt verður að svara spurningum um raunverulegt vald forsetans og hvernig forsetaembættið komi til með að þróast og breytast í framtíðinni. Á kosningaári verður sérstök áhersla lögð á forsetakosningar og kosningar til þingsins.
Verkefni (20%), skriflegt próf (80%).

**STJ320G • Bandarísk stjórnsýsla og viðskiptaumhverfi • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Aðstoðarkennari: Steinn Jóhannsson
Í námskeiðinu er fjallað um stjórnmál og viðskiptaumhverfi Bandaríkjanna í innlendu og alþjóðlegu samhengi. Í fyrra hluta námskeiðsins verður bandarísk stjórnsýsla skoðuð og fjallað verður m.a. um ráðuneyti, bandarískt lagaumhverfi, öryggis- og varnarstofnanir, stofnanir sem starfa í þágu almennings og breytingar sem geta orðið á stjórnsýslunni þegar skipt er um forseta. Í síðari hluta námskeiðsins verður bandarískt viðskiptaumhverfi skoðað og fjallað verður almennt um þróun og breytingar sem hafa orðið á bandarísku viðskiptalífi, um alþjóðaviðskiptasamninga BNA, helstu viðskiptastofnanir BNA og ennfremur verður reynt að svara spurningunni hvernig BNA hefur tekist að viðhalda efnahags- og viðskiptalegum yfirburðum sínum á alþjóðavettvangi.
Skriflegt próf (60%), verkefni (30%), þátttaka í tímum (10%).

**STJ322G • Málstofa: Heimskreppan og framtíð kapítalismans • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Hannes Hólmsteinn Gissurarson Prófessor
Rannsakaðar verða orsakir og afleiðingar hinnar alþjóðlegu lánsfjárkreppu, sem skall á sumarið 2007, og íslenska bankahrunsins haustið 2008. Einkum verður litið á hnattvæðingu síðustu áratuga, þróun velferðarkapítalisma Vesturlanda og líklega framtíð hans. Bornar verða saman engilsaxnesku og norrænu leiðirnar í velferðar- og skattamálum. Nemendur gera 2-3 verkefni hver, en einnig verða fengnir gestafyrirlesarar eftir þörfum.

50% verkefni, 50% lokapróf.

**STJ323G • Changing Security Challenges in a Globalized World Order • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Alyson Judith Kirtley Bailes Aðjúnkt
This course builds upon the introductory course in International Relations, and provides an empirically based survey of actual challenges in the global security environment at the start of the 21st century. It will consolidate participants' understanding of the possible meanings of 'security', the actors engaged in it, and the instruments - including institutions - through which it is pursued. Challenges will be looked at first functionally (ranging from the 'new threats' of terrorism and proliferation to developing-world concerns), and then in terms of the interplay between institutions, agendas, and national powers with a focus both on the Euro-Atlantic region and the 'new giants' of Asia. Solutions will be evaluated in terms of their 'ownership' and impact on different types of actors, as well as their fitness for purpose.

Æskileg undirstaða: Alþjóðastjórnmál: Inngangur (STJ102G)
25% on 2 written assignments completed during the course and 75% on final written

**STJ324G • Grassroots activism and social movements in contemporary society • (6e) • Haust**
The course studies how social movement actors can become effective agents of cultural change. It focuses on the origins, strategies, ideologies, claim-making and political implications of social movements in Europe, North America and beyond, with special attention to using comparative perspectives to shed light on the Icelandic case.
Verkefni.

**STJ325G • Aðhvarfsgreining • (6e) • Haust • 2f + 1æ**
Kennari: Hulda Þórisdóttir
Í þessu námskeiði kynnast nemendur einu helsta rannsóknverkfæri stjórnmálafræðinga, línulegri aðhvarfsgreiningu. Farið er í gegnum prófun tilgátna og undirstöðuatriði líkindareiknings með áherslu á notagildi líkinda til að draga ályktanir um tengsl milli breyta. Nemendur læra um forsendur fylgnireikninga og aðhvarfsgreiningar, ásamt því að öðlast færni í að reikna fylgnistuðla, einfalda línulega aðhvarfsgreiningu og fjölbreytuaðhvarfsgreiningu. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist leikni í að nota tölfræðiforritið SPSS, m.a. með því að greina raunveruleg gögn.
Æskileg undirstaða: Inngangur að aðferðafræði (STJ204G) eða Inngangur að aðferðafræði (STJ204G)
Námsmat felst í smærri prófum, verkefnum og lokaprófi.

**STJ326G • Stjórnmálasálfræði • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Hulda Þórisdóttir
Stjórnmál fást við samskipti fólks og tengjast þar með óhjákvæmilega sálfræði þar sem hún lýtur að því hvernig fólk hugsar, upplifir, og hagar sér í ólíkum aðstæðum. Í þessu námskeiði munum við kanna bæði áhrif sálrænna þátta á stjórnmálahegðun sem og áhrif stjórnmálakerfa á hugsanir, tilfinningar og hegðun fólks. Fjallað verður bæði um sígild álitaefni innan stjórnmálasálfræði og nýjustu kenningastrauma. Áhersla verður lögð á eftirfarandi: Yfirlit yfir stjórnmálasálfræði, persónuleiki og stjórnmál, fjölmiðlar og skynjun á stjórnmálamönnum, hugmyndafræði og almenningsálit, tilfinningar og stjórnmál, ákvarðanataka, millihópasamskipti, fordóma og ofbeldi. Skyldumæting er í námskeiðið og krafist er virkrar þátttöku í tímum.
Verkefnaskil og smærri próf. Ekkert lokapróf.

**STJ401G • Um rasisma • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Jóhann Mathías Hauksson
Námskeiðið fjallar um rasisma og áhrif hans á stjórnmál Evrópu síðustu ára og áratuga. Reynt verður að svara því hvað kynþættir eru og af hvaða orsökum maðurinn greinist í kynþætti. Þá verður fjallað um það hvaða aðferð félagsvísinda sé hentugust til að skýra rasisma. Loks verður litið á innflytjendastrauma, sér í lagi á vesturlöndum, og samfélagsleg áhrif þeirra.
Verkefni (50%), skriflegt próf (50%).

**STJ401M • Hvert stefnir Evrópusambandið? • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Gunnhildur Lily Magnúsdóttir
Námskeiðið mun fjalla um þau þáttaskil sem orðið hafa í Evrópusamrunanum með stækkun Evrópusambandsins (ESB) og breytingum á sáttmálum sambandsins. Fjallað um hvaða áhrif þessar breytingar geti haft á framtíðarþróun Evrópusamvinnunnar, Evrópusambandið og stöðu einstakra ríkjan innan sambandsins. Einnig verður fjallað um hvaða áhrif þessar breytingar hafi haft á einstaka málaflokka ESB og getu ríkja til áhrifa innan þeirra. Sérstaklega verður fjallað um umhverfis-, félagsmála- og uppbyggingarstefnuna sem og efnahags- og myndbandalag sambandsins. Farið verður ítarlega yfir kenningar sem skýra þróun Evrópusamvinnunnar. Jafnframt verður fjallað um þá andstöðu sem verið hefur við stækkun og breytingar á sáttmálum sambandsins og þau átök sem verið hafa um framtíð þess. Leitast verður við að svara því hvort að yfirþjóðlegt eðli Evrópusambandsins hafi styrkst eða hvort að ríki sambandsins hafi fengið meira vægi innan þess.
Skriflegt próf og verkefni.

**STJ402G • Lýðræði: Kenning og veruleiki • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Lýðræði er eitt af grundvallarhugtökum stjórnmálafræðinnar en fræðimenn nálgast það með ólíkum hætti. Sumir telja til dæmis lýðræði einkum snúast um það að leita farsælla lausna í rökræðu á meðan aðrir líta á það sem aðferð til að draga valdhafa til ábyrgðar í kosningum. Í námskeiðinu verður kafað ofan í merkingu lýðræðishugtaksins og bornar saman helstu kenningahefðir, þar á meðal kenningar um samkeppni valdakjarna, flokkslýðræði, margræði og þátttökulýðræði. Fjallað verður um tengsl lýðræðis við ýmis önnur fyrirbæri hins pólitíska lífs, svo sem fulltrúahugtakið, þingræði, valddreifingu og skiptingu valdsins, þátttöku og pólitíska ábyrgð. Eins verður fjallað um styrkleika og veikleika mismunandi lýðræðiskerfa.
Verkefni og ritgerð

**STJ402M • Nútímastríð: Átakagreining og lausnir • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Námskeiðið fjallar um þróun stríðsátaka eftir lok kalda stríðsins. Einkum verður litið til innanlandsátaka í Afríku og annars staðar, orsaka

þeirra og einkenna, og staðbundinna, svæðisbundinna og alþjóðlegra afleiðinga. Kynntar verða tilgátur og kenningar á sviði átakagreiningar og stríð greind með hliðsjón af innri og ytri orsakaþáttum, t.a.m. lýð- og landafræði, eftirspurn eftir olíu og framboð á vopnum. Fjallað verður um fórnarlömb stríða eins og flóttamanna, barnahermanna og kvenna í samhengi við alþjóðastjórnkerfið og þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkja eins og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og Sáttmálann um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð. Umfjöllun um stríð, tilgang þeirra og fórnarlömb verður að lokum sett í semhengi við kenningar og tilgátur um markmið stríða, réttmæti þeirra og íhlutunar í nafni mannréttinda og hugsanlegar átakalausnir ræddar út frá þeirri greiningu sem fyrir liggur.
Próf (40%), verkefnavinna (60%).

**STJ403M • Security in the North: The Nordic and Baltic countries and their neighbours • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Alyson Judith Kirtley Bailes Aðjúnkt
The course is designed to analyse, compare and contrast the current and evolving security and defence policies of the five Nordic nations, together with territories under their sovereignty. It starts from the premise that Norden is exposed to major pressures for change in these policy areas, arising from factors essentially beyond Norden's control. Military-strategic realities have changed - although Nordic perceptions of them have perhaps not changed so fast; the USA and NATO have changed their priorities; and all Western states are expected to address a wider spectrum including terrorism, proliferation and also various "human security" risks in their public security policies. Detailed national studies will aim to identify converging, diverging or special factors in the pattern of each country's response to these challenges, as a basis i.a. for considering whether new patterns of inter-Nordic cooperation are needed or appropriate. The second part of the course will illuminate Nordic developments in greater depth by comparing and contrasting them with the position of the Baltic states, by looking at the evolving pattern of Nordic interactions with NATO and the EU, and by considering Norden's relations with the USA and Russia respectively. Finally Norden's role as an 'exporter' of security in the larger world (notably, through peacekeeping) will be assessed.
50% on work done during the course (including both essays and 'active' presentations or seminar work) 50% a final examination.

**STJ406G • Kenningar í stjórnmálafræði • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Svanur Kristjánsson Prófessor
Í upphafi er fjallað um kenningar Karl Marx og Max Webers um eðli þekkingar í félagsvísindum og útskýringar þeirra á stjórnmálum og ríkisvaldi.
Þá er fjallað um nýrri kenningar í stjórnmálafræði, einkum kenningar um lýðræði. Áhersla verður á sjónarhorn atferlisstefnu, almannavalsfræði, stofnanakenninga og kvenfrelsiskenninga.
Að síðustu er kynnt 'raunhæf' kenning Ruth Lane, sem samþættir nokkrar kenningar. Sams konar sjónarhorn er einnig beitt til að útskýra leið Íslands til lýðræðis.
Ritgerðir (50%), skriflegt próf (50%).

**STJ407G • Verkefni í stjórnmálafræði • (2e) • Vor**
Nemendum gefst færi á að vinna verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metið er til tveggja eininga. Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum.
Verkefni.

**STJ408G • Verkefni í stjórnmálafræði • (2e) • Sumar**
Nemendum gefst færi á að vinna verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metið er til tveggja eininga. Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum.
Verkefni.

**STJ409G • Námsferð til Brussel • (4e) • Vor**
Umsjónarmaður: Elva Ellertsdóttir Deildarstjóri
Kennari: Silja Bára Ómarsdóttir
Markmið námsferðarinnar er að kynnast starfsemi Atlantshafsbandalagsins (NATO), Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), Evrópu-sambandsins (ESB) og íslenska sendiráðsins í Brussel. Farið er til Brussel og dvalið í viku. Félag stjórnmálafræðinema, Politica, skipuleggur ferðina í samráði við umsjónarmann. Námsferðin er ætluð nemendum á öðru og þriðja námsári í stjórnmálafræði sem eru í eða hafa lokið námskeiðinu Evrópusamvinna. Þeir nemendur sem lengst eru komnir í námi njóta forgangs. Nemendur bera allan kostnað af ferðinni. Ferðin verður farin með þeim fyrirvara að kennari fáist til fararinnar. Nemendum er bent á að kynna sér í upphafi misseris hvort ferðin stangist á við mætingaskyldu eða verkefnavinnu í öðrum námskeiðum.
Ritgerð sem byggir á viðfangsefni ferðarinnar.

**STJ410G • BA-ritgerð • (12e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar stjórnmálafræðideildar. BA-ritgerð.

**STJ411G • BA-ritgerð • (12e) • Sumar**
Umsjón: Fastir kennarar stjórnmálafræðideildar. BA-ritgerð.

**STJ412G • Alþjóðastjórnmál Mið-Austurlanda • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Tómas Brynjólfsson
Námskeiðið fjallar um alþjóðastjórnmál Mið-Austurlanda frá 1918 til dagsins í dag. Litið verður til upphafs þjóðríkakerfisins á svæðinu, utanríkisstefna einstakra ríkja og áhrifa stórveldanna í ljósi helstu kenninga alþjóðastjórnmála. Fjallað verður um arabíska þjóðernishyggju, upphaf þróun íslamisma, lýðræðisþróun og áhrif alþjóðavæðingarinnar.
Ritgerðir og skriflegt próf.

**STJ413G • Sjálfboðastarf: Sérverkefni • (4e) • Haust & vor**
Kennari: Silja Bára Ómarsdóttir
Markmið sérverkefnisins er að nemendur kynnist af eigin raun sjálfboðastarfi hjá Rauða krossi Íslands. Nemendur skuldbinda sig til að vinna

sjálfboðastörf á sviði félagslegrar velferðar í eitt skólaár. Sjálfboðaverkefni eru vali í samráði og undir handleiðslu kennara. Nemendur sækja 4 umræðutíma yfir tímabilið þar sem þeir gera grein fyrir reynslu sinni og kynnast reynslu hvers annars. Nemendur skrifa dagbók um vinnu sína og skila ritgerð sem tengist efni sjálfboðastarfs á vettvangi. Nemendum er auk þess skylt að sækja námskeið á vegum Rauða krossins fyrir sjálfboðaliða.
Ritgerð.

**STJ415G • Málstofa: Fjölmiðlar og stjórnmál • (6e) • Vor • 1f + 2u**
Kennari: Hannes Hólmsteinn Gissurarson Prófessor
Rakin verður þróun fjölmiðla á 20. og 21. öld á Íslandi. Rætt verður um ýmsa úrskurði siðanefndar blaðamannafélagsins, dóma í prentfrelsismálum á Íslandi og annars staðar og álitamál í þeim efnum. Gefinn verður sérstakur gaumur að fjölmiðlabyltingunni fyrir og um aldamótin 2000, þegar flokksblöð hurfu úr sögunni og öflugir nýir miðlar tóku að ganga kaupum og sölum á frjálsum markaði. Einnig verður rætt um hliðargreinar fjölmiðla, útvarpsstöðvar fyrir sérhópa, m. a. trúflokka, æsifréttablöð og myndskreytt slúðurblöð. Nokkrir gestir koma úr fjölmiðlaheiminum. Nokkrum tíma verður varið í að ræða deilurnar um fjölmiðlafrumvarpið 2004 og áhyggjur sumra af samþjöppun fjölmiðla. Einnig verður rýnt í umræður erlendis, m. a. um fjölmiðlaveldi Ruperts Murdochs og hlutdrægni fjölmiðlafólks. Nemendur flytja 1-2 erindi í málstofunni.
Verkefni.

**STJ416G • Saga og stjórnmál Afríku • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Í námskeiðinu verður farið í sögu Afríku frá byrjun 19. aldarinnar til dagsins í dag. Nýlendutímabilið verður tekið fyrir, áhrif þess á menninguna og hvernig tímabilið markaði leiðina sem Afríka átti eftir að fara. Í framhaldi af þessu verður farið í hvernig sjálfstæði þessara ríkja kom til og hvaða hugmyndir og áhrif lágu þar að baki. Að lokum verður farið yfir sögu nokkurra landa í Afríku sunnan Sahara eftir sjálfstæði og athugað hvernig lýðræðið þróaðist, jákvæðu og neikvæðu afleiðingarnar og nota þær upplýsingar til þess að ákvarða af hverju ástandið er eins og það eru í dag. Einnig verður farið í samanburð milli kenninga um lýðræðisþróun og ástand mála í þeim löndum.
Fyrirlestur, verkefni og frammistaða í umræðutímum.

**STJ417G • Alþjóðavæðing og stjórnmál alþjóðahagkerfisins • (8e) • Vor • 3f + 1u**
Kennari: Auðunn Atlason
Alþjóðavæðing verður skoðuð í sögulegu ljósi og farið yfir helstu kenningar um alþjóðavæðingu og fjölþjóðlega samvinnu. Fjallað verður m.a. um áhrif alþjóðavæðingar á stjórnmál, efnahagsmál, ríki og einstaklinga. Rakin verður þróun efnahagssamvinnu í heiminum undanfarna áratugi og m.a. rætt um viðskiptahindranir og verndartolla. Kastljósinu verður einnig beint að ríkjum, fjölbreittri flóru alþjóðastofnanna og öðrum gerendum í alþjóðakerfinu, eins og alþjóðafyrirtækjum og hjálparstofnunum svo dæmi sé tekið.
Í námskeiðinu verður unnið eitt verkefni, hópverkefni sem gildir 30%. Hóparnir munu flytja fyrirlestur um afmarkað efni úr námskeiðinu í samráði við kennara. Hver hópur samanstendur af 1 meistaranema sem er um leið verkefnisstjóri hópsins og 2 til 4 nemum á BA-stigi. Hóparnir hafa til umráða sem samsvarar 10 mínútum á mann auk 10-15 umræðu að fyrirlestri loknum. Lokapróf gildir 70%.

**STJ418G • Námsferð til Bandaríkjanna • (4e) • Vor**
Umsjónarmaður: Elva Ellertsdóttir Deildarstjóri
Markmið námsferðarinnar er að kynnast frá fyrstu hendi helstu stofnunum og gerendum í alþjóðakerfinu. Farið verður í heimsókn í höfuðstöðvar Sameinuðu Þjóðanna og verður starfsemi Íslendinga þar sérstaklega skoðuð auk þess sem Alþjóðabankinn, Hvíta Húsið, sendiráð Íslendinga í Washington og önnur sendiráð og stofnanir verða heimsóttar. Í heimsóknunum verður lögð áhersla á að nemendur kynnist stofnunum frá ólíkum sjónarhornum, þannig gefst þeim kostur á að sjá hvernig alþjóðastofnanir vinna í raun og hvernig ríkja hagsmunir takast á innan þeirra. Þannig gefst nemendum einstakt tækifæri til þess að brúa bilið milli fræða og raunveruleika. Ferðin verður að öllu leyti skipulögð af nemendum og bera þeir allan kostnað af henni. Ferðin er ætluð nemendum á öðru og þriðja ári og ganga þeir fyrir sem komnir eru lengst í námi. Áætlað er að ferðin taki 10 daga og verður hún einungis farin með þeim fyrirvara að kennari fáist til fararinnar.
Námsmat fyrir ferðina er tvíþætt: Þátttaka í ferðinni sjálfri og skil á lokaverkefni að ferð lokinni.

**STJ420G • Íslenskur vinnumarkaður, Evrópa og hnattvæðingin • (6e) • Vor • 3f**
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum stöðu og þróun á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum og setja þessa þætti í alþjóðlegt samhengi. Í námskeiðinu verður fjallað um hagsmunasamtök og samskipti á vinnumarkaði hér á landi. Áhersla verður lögð á að greina þróunina síðustu árin og þær breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaði. Þá verður fjallað um þróunina í Skandinavíu, á vettvangi Evrópusambandsins og hnattvæðinguna og íslenskur vinnumarkaður skoðaður í því samhengi.
Ritgerð og skriflegt próf.

**STJ421G • Stjórnmál og stjórnsýsla sveitarfélaga • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Grétar Þór Eyþórsson
Kennari: Eva Marín Hlynsdóttir
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum þekkingu á sveitarstjórnarstiginu, sveitarfélögum á Íslandi og í nágrannalöndunum og starfsemi þeirra. Farið verður sérstaklega í: -tilgang, hlutverk og verkefni sveitarstjórnarstigsins og stöðu sveitarfélaganna í stjórnkerfinu -stjórnmál á sveitarstjórnarstiginu -stjórnsýslu sveitarfélaga -sjálfsstjórn sveitarfélaga og samskipti við ríkisvaldið -lýðræði á sveitarstjórnarstiginu og hverfastjórnir -skipan sveitarstjórnarmála á Íslandi og í nágrannalöndunum í sögulegu ljósi og fjallað um þær breytingar sem eru að verða á sveitarstjórnarstiginu á Norðurlöndunum.
Ritgerð (30%), skriflegt lokapróf (70%).

**STJ423G • Security in Small States • (8e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Baldur Þórhallsson Prófessor
Umsjónarmaður: Silja Bára Ómarsdóttir
Small states have a special need to build multilateral security arrangements as they generally cannot rely on their own capabilities for complete defense. This course will focus on the types of solutions that small states can make in theory and have made in practice for their security. In the European context, these include entering NATO, the EU and participating in OSCE and subregional arrangements of various kinds. Both external and internal aspects of security will be covered and the applicability of concepts such as functional and societal security

will be explored. Teachers will come from various European universities, drawing on significant expertise in the field and building on the expertise already in place at the University of Iceland.
Verkefni og próf.

**STJ427G • Rannsóknir í stjórnmálafræði • (8e) • Vor**
Kennari: Hulda Þórisdóttir
Námskeiðið miðar að því að kenna nemendum vinnubrögð við rannsóknir með það til hliðsjónar að undirbúa þá undir lokaverkefni sín í stjórnmálafræði. Í upphafi er farið yfir nokkur grundvallaratriði vísindaheimspeki, fjallað um eigindlegar aðferðir og þær bornar saman við megindlegar rannsóknir. Nemendur eru síðan leiddir í gegnum helstu þrep almenns rannsóknarferils en lögð megináhersla á gerð og úrvinnslu spurningakannana, þ.á.m. val úrtaks, gerð spurningalista, og greiningu gagna. Kennd verða grunnatriði þáttagreiningar og áreiðanleikagreinignar. Nemendur hanna eigin spurningakönnun, safna gögnum, reikna niðurstöður í SPSS og skrifa upp niðurstöður. Þá verða kynntar til sögunnar ýmsar aðferðir sem notaðar eru í auknum mæli innan stjórnmálafræðinnar. Námsmat felst í smærri prófum og verkefnum.
Námsmat felst í smærri prófum og verkefnum.

**STJ428G • Umhverfisstjórnmál • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Í námskeiðinu verður fjallað um vaxandi áhrif manns á umhverfi sitt frá iðnbyltingu til nútíma og viðbrögð á vettvangi stjórnmála við þeim áhrifum. Gerð verður grein fyrir hugmyndafræði umhverfisverndar og þeim félagslega grunni sem hún spratt úr, fyrst í kjölfar iðnbyltingar og síðar á seinni helmingi 20. aldar. Greint verður frá tilurð grasrótarsamtaka á sviði umhverfisverndar og stjórnmálaflokka umhverfisverndarsinna. Áhrif þeirra í mismunandi löndum verður borinn saman.
Aukin áhersla hefur verið lögð á umhverfismál í alþjóðastjórnmálum á undanförnum árum og áratugum. Fjallað verður um helstu viðfangsefni alþjóðlegrar samvinnu og samninga á þessum vettvangi og árangur þeirra metinn. Áhersla verður lögð á Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og hann brotinn til mergjar.
Ritgerð, fyrirlestur nemanda og önnur verkefni.

**ASK001F • Utanríkismál Íslands: Staða Íslands í alþjóðasamfélaginu, áskoranir og sóknarfæri • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
Fjallað verður um íslensk utanríkismál og utanríkisstefnu á tímabilinu 1940 til 2009. Gerð verður grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á utanríkisstefnunni og reynt að meta hvaða þættir stýra utanríkisstefnunni. Leitast verður við að svara spurningunni hvers vegna og til hvers Ísland taki virkari þátt í alþjóðasamstarfi. Einnig verður fjallað um hvernig þjóðernishyggja hér á landi og alþjóðlegir atburðir eins og stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum hafa sett mark sitt á utanríkisstefnuna. Greint verður hvernig íslensk stjórnvöld hafa brugðist við alþjóðavæðingunni, Evrópusamrunanum, auknu hlutverki alþjóðastofnana, stefnu Bandaríkjanna í alþjóðamálum, endalokum kalda stríðsins og yfirstandandi efnahags- og fjármálakreppu. Fjallað verður um tvíhliða samskipti Ísland við nágrannaríkin og aukna þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana. Til dæmis verður farið yfir samskipti íslenskra stjórnvalda við Bandaríkin og þátttöku Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna. Einnig verður fjallað um stofnun og störf Íslensku friðargæslunnar sem og aukna áherslu stjórnvalda á störf að þróunarmálum og mannréttindamálum. Kastljósinu verður beint að þeim áskorunum sem smáríki eins og Ísland standa frammi fyrir og þeim tækifærum sem þeim standa til boða í alþjóðasamfélaginu. Notast verður við kenningar í alþjóðastjórnmálum og smáríkjafræðum til að greina og skýra utanríkisstefnu Íslands. Rætt verður um hvort íslenskir ráðamenn trúi því í vaxandi mæli að Ísland hafi hæfni og getu til að láta til sín taka innan alþjóðastofnana og hafi skyldum að gegna í alþjóðasamfélaginu.
Skriflegt próf og verkefni

**ASK002F • Orkupólitík á 21. öld • (2e) • Haust & vor**
Orka er eitt af mikilvægustu viðfangsefnum alþjóðakerfisins á 21. öldinni en flestir spá því nú fyrir að nýting á aðgengilegu jarðefnaeldsneyti sé nú nærri þolmörkum. Kostnaður og framboð á orku hefur umtalsverð áhrif á lífsgæði okkar, stöðugleika þjóðhagkerfa, milliríkjasamskipti og ástand umhverfisins. Hvernig orku munum við nota í framtíðinni? Verður til nóg af henni? Hverjar verða afleiðingar ákvarðana okkar? Þetta eru spurningar sem snerta alla, bæði einstaklinga, fyrirtæki og ríki. Málefni tengd orku sameina fjölbreytilegustu þætti alþjóðamála, því hér þarf að fjalla um stjórnmál, efnahagsmál, umhverfismál, innviði og siðferðisspurningar.
Námsmat: 100% mætinga- og þátttökuskylda í 4 málþingum um orkumál yfir veturinn. 2ja bls. greinargerð um fyrirlestra og efni tengt þeim. 3000 orða rannsóknarverkefni í lok námskeiðs, þar sem afmarkað efni tengt orkumálum er krufið í samhengi við fyrirlestra og lesefni vetrarins.
100% mætinga- og þátttökuskylda í 4 málþingum um orkumál yfir veturinn. 2ja bls. greinargerð um fyrirlestra og efni tengt þeim. 3000 orða rannsóknarverkefni í lok námskeiðs, þar sem afmarkað efni tengt orkumálum er krufið í samhengi við fyrirlestra og lesefni vetrarins

**ASK003F • Fátækt, öryggi og þróun í Afríku • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Elín Rósa Sigurðardóttir
Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint átök sem eina helstu ástæðu fátæktar í heiminum, ásamt alnæmi, náttúruhamförum og loftslagsbreytingum, og eru málefni Afríku því ofarlega á baugi hjá samtökunum, en 37 af 50 fátækustu ríkjum heims (skv. Human Development Index 2007) eru í Afríku og ef nánar er að gætt eru flest þeirra stríðshrjáð eða nýlega hefur verið samið um frið.
Síðan um 1960 hafa yfir 30 stríð verið háð í álfunni síðan og sum þeirra eru enn ekki til lykta leidd, svo sem í Súdan og Sómalíu. Átök hafa haft neikvæð áhrif á félags- og efnahagslega uppbyggingu í Afríku og gert það að verkum að einsök ríki eru verr stödd í dag en fyrir 20 árum. Á hinn bóginn hefur tekist að snúa þróuninni við í öðrum ríkjum, s.s. í Mósambik. Eðli átaka hefur einnig breyst og eru nú að mestu háð innan ríkja og/eða eru svæðisbundin frekar en á milli ríkja og fyrir sjálfstæði, enda sjálfstæðisbaráttu frá nýlenduherrum lokið.
Afríkusambandið (African Union), sem stofnað var árið 2001 á grunni Einingarsamtaka Afríku (Organisation of African Unitiy) hefur að markmiði að stuðla að félags- og efnahagslegri uppbyggingu í Afríku ásamt því að stuðla að friði, öryggi og lýðræðisþróun í álfunni. Sambandið hefur beitt sér í fjölmörgum deilumálum frá stofnun þess, þó með misjöfnum árangri. Með stofnun Afríkusambandsins hefur eignarhaldið á lausn deilumála á vissan hátt verið fært í hendur Afríkubúa eða "afrískar lausnir fyrir afrísk vandamál". Afríkusambandið starfar náið með Sameinuðu þjóðunum, svæðisbundnum samtökum (ECOWAS, IGAD, SADC o.fl.) ásamt því að leggja áherslu á mátt grasrótarinnar í gegn um borgaralegt samfélag.
Meginmarkmið námskeiðsins
1. Nemendur þjálfist í umfjöllun um helstu kenningar um fátækt og átök og kunni að tengja þær öryggismálum í Afríku og útrýmingu á fátækt.
2. Nemendur öðlist þekkingu á rótum átaka í Afríku þar sem gerð verður grein fyrir helstu deilumálum og áhrifum þeirra á efnahags- og félagslega uppbyggingu og lýðræðisþróun.
3. Nemendur öðlist þekkingu á helstu svæðisbundnu samtökum í Afríku, með áherslu á Afríkusambandið og hvernig þau hafa unnið að uppbyggingu á friði, öryggi og þróun í álfunni, í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar, einstök ríki og borgaralegt samfélag í aðildarríkjunum.
4. Nemendur noti þekkingu sína til að vinna heimildarritgerð með því markmiði að hún verði birtingarhæf í fræðitímar

Nemendur noti þekkingu sína til að vinna heimildarritgerð með því markmiði að hún verði birtingarhæf í fræðitímariti.

**ASK004F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (2e) • Haust**
Verkefni.

**ASK005F • Staða og merking lýðræðis, fullveldis og þjóðríkisins á nýrri öld • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Gunnar Þór Bjarnason
Hugtökin lýðræði, fullveldi og þjóðríki hafi verið útgangspunktur vestrænnar stjórnskipunnar allt frá frönsku byltingunni. Nú í upphafi 21. aldar eru þessi grundvallar hugtök mörgum hugleikin. Merking hugtakanna verður krufin til mergjar og því velt upp hvort inntak þeirra hafi breyst nú á tímum hnattvæðingar. Í námskeiðinu verður hugmyndin um framsal valds - allt frá því kjósendur velja sér fulltrúa á þjóðþing til valdaframsals í hendur alþjóðlegra stofnana - skoðuð út frá kenningu um fulltrúa og umbjóðendur (Principal agent theory). Fjallað verður um kosti og galla valdaframsals m.a. út frá hugmyndum um valddreifingu og út frá lýðræðislegri ábyrgð. Litið verður til samstarfis ríkja á vettvangi ESB til að greina ofangreind hugtök og eftirfarandi spurningum velt upp: Hvert sækir ESB umboð sitt? Er ESB fulltrúi (agent) þjóðríkjanna, þ.e. ríkistjórna aðildarríkjanna, eða hins almenna borgara í ríkjunum? Ef ESB er fyrst og fremst fulltrúi þjóðríkjanna (ríkisstjórna) hver er þá staða lýðræðis innan ESB? Ef ESB er fyrst og fremst fulltrúi hins almenna borgara hver er þá staða hins fullvalda þjóðríkis?
Verkefni og próf.

**ASK009F • Námsferð MA-nema í alþjóðasamskiptum • (4e) • Vor**

Umsjónarmaður: Hildur Björk Pálsdóttir
Kennari: Silja Bára Ómarsdóttir
Námsferð í alþjóðasamskiptum er farin með það að markmiði að nemendur kynnist: a) starfsemi Atlantshafsbandalagsins (NATO), Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), Evrópusambandsins (ESB) og íslenska sendiráðsins í Brussel. Farið er til Brussel og dvalið í viku. b) starfsemi Sameinuðu þjóðanna (SÞ), Alþjóðabankans (World Bank), Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF), bandaríska þingsins og íslensku fastanefndarinnar í New York og íslenska sendiráðsins í Washington, D.C. Farið er til Washington D.C. og New York og dvalið í 3-4 daga á hvorum stað. c) starfsemi annarra alþjóðastofnana eða þjóðþinga, eftir áhuga hverju sinni. Alþjóðasamfélagið, félag nema í alþjóðasamskiptum skipuleggur ferðina í samráði við umsjónarmann. Nemendur bera allan kostnað af ferðinni og verður hún farin með þeim fyrirvara að kennari fáist til fararinnar. Nemendum er bent á að kynna sér í upphafi misseris hvort ferðin stangist á við mætingaskyldu eða verkefnavinnu í öðrum námskeiðum.
Verkefni.

**ASK010F • Smáríki í alþjóðakerfinu: Áskoranir og sóknarfæri • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
Fjallað verður um helstu kenningar í smáríkjafræðum sem skýra stöðu og hegðun smáríkja í alþjóðakerfinu. Gert verður grein fyrir hvernig áherslur í fræðunum hafa breyst og í því sambandi skoðað hvernig umræðan hefur færst frá efnahagslegum og pólitískum veikleika smáríkja yfir í umræðu um möguleika smáríkja til áhrifa í alþjóðastofnunum og í alþjóðakerfinu almennt. Rætt verður um ástæður fjölgunar smáríkja í heiminum og afleiðum þess fyrir alþjóðasamfélagið. Auk þessa verður kastljósinu beint að áskorunum sem smáríki standa frammi fyrir og tækifærum sem þeim býðst á tímum alþjóðavæðingar.
Verkefni og skriflegt próf.

**ASK011F • Samningatækni • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Silja Bára Ómarsdóttir
Samningaviðræður á alþjóðavettvangi skipta sköpun fyrir ríki til að tryggja íbúum þeirra aukin lífsgæði sem og að tryggja ríkjunum sjálfum viðunandi stöðu í alþjóðakerfinu. Markmið námskeiðsins er að fjalla um hvernig ríki haga samningaviðræðum sínum við önnur ríki og alþjóða þrýstihópa. Einnig verður skoðað hvernig ríki reyna að ná fram markmiðum sínum í innan alþjóðastofnana. Farið verður yfir kenningar um samningatæki og stjórnun og skipulag samningaviðræðna. Fjallað verður sérstaklega um einstaka samningaviðræður sem varða varnar- og öryggismál, viðskipti, umhverfismál, málefni hafsins og mannréttindamál.
Verkefni og þátttaka í tímum. Þátttaka í samningaæfingu utan kennslutíma.

**ASK012F • Alþjóðasamvinna og staða Íslands í alþjóðakerfinu • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að þjálfa nemendur í umfjöllun um alþjóðasamvinnu og stöðu Íslands í alþjóðakerfinu. Alþjóðavæðing verður skoðuð í sögulegu ljósi og farið yfir helstu kenningar um alþjóðavæðingu. Fjallað verður m.a. um áhrif alþjóðavæðingar á stjórnmál, efnahagsmál, ríki og einstaklinga. Einnig verður fjallað um hvernig Ísland hefur alþjóðavæðst á síðustu árum. Kastljósinu verður einnig beint að samrunaþróuninni í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina. Farið verður yfir stofnanauppbyggingu Evrópusambandsins, EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þátttaka Íslands í EES verður greind og hvaða áhrif EES samningurinn hefur haft hér á landi. Einnig verður fjallað um varnarmál á Íslandi og þær breytingar sem eru að eiga sér stað í varnarmálum í Evrópu. Jafnframt verður fjallað um stöðu smáríkja í alþjóðakerfinu og möguleg áhrif þeirra í alþjóðastofnunum. Auk þessa verður fjallað um hvernig Ísland hefur tekist á við yfirstandandi efnahags- og fjármálakreppu og hvernig smáríki verjast sig ytri áföllum.
Skriflegt próf og verkefni.

**ASK014F • Web Based Course: Small States and European Integration • (8e) • Vor**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
This is a web based course i.e. lectures will only be provided on the web. Lecturers are internationally recognized academics in small-states studies and international relations. The course offers an introduction to the literature on small states and European integration. The main emphasis is on specific cases i.e. how small states have responded to European integration and the influence of small states in decision-making processes of the European Union. A particular focus will be on the Nordic states, the Baltic states, Malta and Cyprus. The teacher will meet students in the beginning of the term to discuss the content of the course, three times during the course and at the end of the course in order explain requirements for the exam. Students can also meet the teacher to discuss the course material every week in his office hour.
Exam and Papers. MA-students are required to write an extra paper.

**ASK018F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (2e) • Sumar**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metin eru til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**ASK019F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (4e) • Haust**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metin eru til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**ASK020F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (4e) • Vor**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metin eru til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**ASK021F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (4e) • Sumar**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metin eru til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.

Verkefni.

**ASK022F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (6e) • Haust**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metin eru til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**ASK023F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (6e) • Vor**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metin eru til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**ASK024F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (6e) • Sumar**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metin eru til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**ASK025F • Kenningar í alþjóðasamskiptum • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Silja Bára Ómarsdóttir
Í námskeiðinu er fjallað um kenningar í alþjóðasamskiptum. Þekkingarfræði alþjóðasamskipta er tekin fyrir í fyrsta hluta námskeiðsins. Grunnkenning alþjóðasamskipta, realismi, fær töluverða umfjöllun, sem og átökin milli neo-realisma og neo-líberalisma. Fjallað verður annars vegar um þær aðferðir sem þessar kenningar notast við til að skýra viðfangsefni sitt, og hins vegar um það hvernig þær lýsa stjórnmálum alþjóðakerfisins. Kenningar um alþjóðastjórnmálahagfræði og póst-módernískar kenningar eru einnig teknar fyrir, auk þess sem farið er í áhrif hnattvæðingarinnar á alþjóðastjórnmál. Áhersluatriði breytast eftir því sem alþjóðakerfið gefur efni til, en femínískar nálganir, mannréttindi, átök menningarheima og útbreiðsla gereyðingarvopna eru meðal þess sem fjallað er um. Í námskeiðinu öðlast nemendur skilning á kenningaramma alþjóðasamskipta, sem gerir þeim kleift að greina og skilja helstu viðburði samtímans.
Ritgerðir, þátttaka og skriflegt lokapróf

**ASK030M • Security in Small States • (8e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Baldur Þórhallsson Prófessor
Umsjónarmaður: Silja Bára Ómarsdóttir
Small states have a special need to build multilateral security arrangements as they generally cannot rely on their own capabilities for complete defense. This course will focus on the types of solutions that small states can make in theory and have made in practice for their security. In the European context, these include entering NATO, the EU and participating in OSCE and subregional arrangements of various kinds. Both external and internal aspects of security will be covered and the applicability of concepts such as functional and societal security will be explored. Teachers will come from various European universities, drawing on significant expertise in the field and building on the expertise already in place at the University of Iceland.
Exam and Papers.

**ASK033F • Evrópuvæðing: Áhrif Evrópusamrunans á stjórnmál og stjórnsýslu ESB og EES ríkja • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Magnús Árni Magnússon Aðjunkt
Fjallað verður um áhrif Evrópusamrunans á ríki Evrópu. Greint verður hvaða áhrif aðild ríkja að Evrópusambandinu (ESB) og Evrópska efnahagssvæðingu (EES) hefur haft á stjórnmál og stjórnsýslu einstakra ríkja. Einnig verður fjallað um hvaða áhrif hugmyndir um Evrópusamrunann hafa haft á þjóðernisvitund og menningu í ríkjunum. Farið verður yfir kenningar um Evrópuvæðingu en hugtakið vísar til þeirra áhrifa sem innviðir aðildarríkja ESB og EES verða fyrir vegna aðildar sinnar að þessum bandalögum. Evrópuvæðing hefur t.d verið hreyfiafl breytinga á vinnubrögðum og skipulagi stjórnsýslu ríkjanna. Stjórnmál í ríkjunum hafa einnig tekið breytingum vegna tilkomu Evrópusamvinnunnar. Þannig hefur samruni ríkja Evrópu haft áhrif á fylgi stjórnmálaflokka og myndun og fall ríkisstjórna. Grundvallarspurningin, sem leitað verður svara við, er hversu víðtæk áhrif Evrópusamvinnan hefur haft á dagleg störf stjórnsýslunnar og stjórnmálanna í aðildarríkjum ESB og EES. Sérstaklega verður fjallað um stjórnmál og stjórnsýsluna á Norðurlöndunum í þessu samhengi.
Verkefni (30%), heimapróf (70%).

**ASK034F • Stofnanir og ákvarðanataka Evrópusambandsins • (6e) • Vor**
Kennari: Gunnhildur Lily Magnúsdóttir
Fjallað verður um samrunaþróun Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Stofnunum og ákvarðanatöku Evrópusambandsins (ESB) verður gerð ítarleg skil. Farið verður yfir aðkomu stofnana ESB að ákvarðanatöku sambandsins eins og ráðherraráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, þingsins, dómstólsins og leiðtogaráðsins. Gerð verður grein fyrir þeim breytingum orðið hafa á ESB með tilkomu nýrra sáttmála sambandsins og stækkun þess. Fjallað verður um áhrif einstakra ríkja innan sambandsins og stöðu þjóðþinga og sveitarstjórna innan sambandsins. Einnig verða einstaka málaflokkar sambandsins skoðaðir eins og samkeppnisstefna, utanríkis- og varnarstefna, umhverfisstefna, félagsmálastefna, byggðastefna, sjávarútvegsstefna og landbúnaðarstefna. Auk þessa verður staða Evrópusambandsins og geta þess til að láta til sín taka í alþjóðasamfélaginu til umræðu. Kenningar í Evrópufræðum og alþjóðasamskiptum verða notaðar til að skoða þróun Evrópusamvinnunnar og þær breytingar sem orðið hafa á stofnunum, ákvarðanatöku og stöðu ríkja innan ESB.
Verkefni og skriflegt próf

**ASK035F • Verkefni í alþjóðasamskiptum • (2e) • Vor**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklings verkefni í umsjón fastra kennara við deildina, sem metið er til 2-6 eininga. Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum.
Verkefni.

**ASK101F • A Secure Europe in a Better World: European Security Institutions and Small States • (6e) • Haust • 3f**

Kennari: Alyson Judith Kirtley Bailes Aðjúnkt
The course is designed to supplement the general, constitutional and legal analysis of European institution-building by considering the different roles that Europe's major multilateral institutions play in present-day security provision and management (in the widest sense of 'security') both for nations and peoples in Europe itself, and for the wider world. The approach taken in analysis will be empirical, critical and policy-oriented and special emphasis will be placed on current and forward-looking issues. After in-depth discussion of individual institutions (with most time spent on NATO and the EU), the course will also cover the challenges of inter-institutional competition or complementarity: the role of institutions against the background of the broader US-European strategic relationship; and the story of attempted institution-building in the former Soviet space. As a major sub-theme, and as the main focus of interactive work with the students, the course will highlight the implications of all issues raised for small states and for the small states of Northern Europe (including Iceland) in particular.
50% on work done during the course (including both essays and 'active' presentations or seminar work) 50% final examination.

**ASK201F • Hlutverk og stefnumótun alþjóðastofnana • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Þóra Arnórsdóttir
Alþjóðastofnunum hefur fjölgað verulega frá lokum síðari heimsstyrjaldar og samskipti ríkja fara í vaxandi mæli fram innan veggja þeirra. Í námskeiðinu verður gerð grein fyrir kenningum um eðli og hlutverk alþjóðastofnana. Farið verður yfir þau fjölmörgu hlutverk sem alþjóðastofnanir gegna eins og setningu reglna fyrir ríki, fyrirtæki og einstaklinga, viðhalds friðar og öryggis í heiminum og stjórnun alþjóðaefnahagsmála. Einnig verður fjallað um áhrif alþjóðastofnana á samskipti ríkja, stöðu ríkja innan alþjóðastofnana og völd alþjóðastofnana. Fjallað verður sérstaklega um tilteknar alþjóðastofnanir og hvernig starfssemi þeirra hefur breyst á undanförnum árum. Dæmi um stofnanir sem fjallað verður um eru Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir þeirra, Alþjóðabankinn, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Atlandshafsbandalagið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu.
Verkefni.

**ASK203F • Non-state Actors and Non-military Security • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Alyson Judith Kirtley Bailes Aðjúnkt
Traditional security analysis was often limited to military transactions and power-play between nation-states and their agents (including armies). The late 20th-early 21st century has seen a broadening-out of the concept of 'security', and a new understanding of how actors of many different kinds can affect it for good or ill. Non-state insurgents in weak states, and terrorists, are now commonly classed as threats: but other non-state players such as NGOs, business, civil society and the media can play positive as well as negative roles. This course provides an introduction to the (fast evolving) ways that analysts and policy-makers now look at non-state actors, and the range of principles and practical solutions put forward for dealing with them. It starts from a developed-world viewpoint but also notes the importance of these challenges for the Southern hemisphere. The course includes sessions outlining the main non-military, or 'functional', dimensions of security that preoccupy Western policy-makers today, such as infrastructure, environment and energy security. It offers tools for tackling the question of how non-state actors impact upon security in its non-military forms, and vice versa.
50% on work done during the course (including both essays and 'active' presentations or seminar work) and 50% a final examination.

**ASK301F • MA-ritgerð í alþjóðasamskiptum • (30e) • Haust**
Umsjónarmaður: Baldur Þórhallsson Prófessor
Umsjónarmaður: Silja Bára Ómarsdóttir
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Lokaverkefni í MA-námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn umsjónarkennara. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt.

**ASK401F • MA-ritgerð í alþjóðasamskiptum • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Baldur Þórhallsson Prófessor
Umsjónarmaður: Silja Bára Ómarsdóttir
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Lokaverkefni í MA-námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn umsjónarkennara. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt.

**ASK402F • MA-ritgerð í alþjóðasamskiptum • (30e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Baldur Þórhallsson Prófessor
Umsjónarmaður: Silja Bára Ómarsdóttir
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Lokaverkefni í MA-námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn umsjónarkennara. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt.

**KYN101F • Almenn kynjafræði • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Katrín Anna Guðmundsdóttir
Í námskeiðinu er fjallað um helstu viðfangsefni kynjafræða í ljósi gagnrýnnar fjölmenningarhyggju og margbreytileika nútímasamfélaga. Þverfræðilegu sjónarhorni er beitt til að gefa yfirlit yfir stöðu og aðstæður kvenna og karla. Fjallað er um upphaf og þróun kvennabaráttu og kynjafræða. Kynnt verða helstu hugtök kynjafræða svo sem kyn, kyngervi, eðlishyggja og mótunarhyggja. Skoðað er hvernig kyn er ávallt samtvinnuð öðrum samfélagslegum áhrifabreytum svo sem etnískum uppruna, kynhneigð, trúarskoðunum, fötlun, aldri, stétt og fleira. Sérstök áhersla er á Ísland samtímans og kynningu á íslenskum kynja- og margbreytileikarannsóknum.
Verkefni og heimapróf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmatsins.

**KYN201M • Kenningar í kynjafræði • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Kennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Kennari: Jón Yngvi Jóhannsson

Kennari: Gyða Margrét Pétursdóttir
Í námskeiðinu er fjallað um kenningalegan grundvöll kynjafræða og gagnrýnið og þverfræðilegt inntak þeirra. Fjallað er um birtingarform og merkingu kyngervis (e. gender) í tungumáli, samfélagi, vísindum og menningu. Helstu kenningaleg sjónarmið fræðanna eru kynnt og tengsl þeirra við aðferðafræði. Ræddar eru þekkingarfræðilegar og vísindaheimspekilegar forsendur gagnrýnins fræðastarfs og nemendur þjálfaðir í að beita fræðilegum hugtökum og aðferðum.
Verkefni og próf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmatsins.

**KYN202F • Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Námskeiðið er hagnýtur undirbúningur fyrir störf í stjórnun, opinberri stjórnsýslu, fræðslu, kennslu, fjölmiðlun og önnur sérhæfð störf. Markmið námsskeiðsins er að kynna grundvallaratriði jafnréttisfræða. Fjallað er um sögu og merkingu jafnréttishugtaksins, með sérstakri áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða (e. gender mainstreaming). Fjallað er um birtingarform kyns og mikilvægi kynjavitundar í samfélagslegri umræðu og stefnumótun. Þá eru kynntar hugmyndir um margbreytileika, fjölmenningu og jafnrétti minnihlutahópa. Í nútímasamfélögum eru gerðar síauknar kröfur um þekkingu á jafnréttismálum. Ísland er aðili að alþjóðasamþykktum um jafnrétti og í jafnréttislögum er kveðið á um kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Slík samþætting krefst þekkingar á jafnréttismálum og gera jafnréttislög ráð fyrir jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.
Verkefni.

**KYN203F • Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
Námskeiðið er hagnýtur undirbúningur fyrir störf í stjórnun, opinberri stjórnsýslu, fræðslu, kennslu, fjölmiðlun og önnur sérhæfð störf. Markmið námsskeiðsins er að kynna grundvallaratriði jafnréttisfræða. Fjallað er um sögu og merkingu jafnréttishugtaksins, með sérstakri áherslu á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða (e. gender mainstreaming). Fjallað er um birtingarform kyns og mikilvægi kynjavitundar í samfélagslegri umræðu og stefnumótun. Þá eru kynntar hugmyndir um margbreytileika, fjölmenningu og jafnrétti minnihlutahópa. Í nútímasamfélögum eru gerðar síauknar kröfur um þekkingu á jafnréttismálum. Ísland er aðili að alþjóðasamþykktum um jafnrétti og í jafnréttislögum er kveðið á um kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Slík samþætting krefst þekkingar á jafnréttismálum og gera jafnréttislög ráð fyrir jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.
Verkefni.

**KYN204F • Rannsóknamálstofa í kynjafræði • (2e) • Haust & vor**
Markmið málstofunnar er að skapa vettvang fyrir nemendur í meistaranámi til að fjalla um viðfangsefni sín. Þar munu þeir kynna rannsóknir sínar og fá viðbrögð og handleiðslu.

**KYN305F • Lesnámskeið í kynjafræði • (10e) • Haust**
Lesnámskeið.
Verkefni.

**KYN311F • MA-ritgerð í kynjafræði • (30e) • Haust**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
MA-ritgerð.
Ritgerð.

**KYN416F • MA-ritgerð í kynjafræði • (30e) • Vor**
Kennari: Þorgerður Einarsdóttir Dósent
MA-ritgerð.

**KYN417F • MA-ritgerð í kynjafræði • (30e) • Sumar**
MA-ritgerð.

**KYN419F • Doktorsritgerð • (30e) • Vor**
Doktorsritgerð.

**KYN420F • Doktorsritgerð • (30e) • Sumar**
Doktorsritgerð.

**OSS004F • Starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Róbert Ragnarsson
Kennari: Trausti Fannar Valsson
Sveitarfélögin mynda annan meginstofn íslenskrar stjórnsýslu. Markmið námskeiðsins er að nemendur geri sér grein fyrir starfsumhverfi þeirra og fái innsýn í stjórnun og vinnuferla á þessu mikilvæga stjórnsýslustigi. Í námskeiðinu verður gefið yfirlit yfir stjórnskipulega stöðu og hlutverk sveitarfélaga, lagareglur sem lúta að störfum sveitarstjórna og helstu verkefnum sveitarfélaganna. Fjallað verður um kosti þessi að skipta ríkjum í sveitarfélög, með hliðsjón af kenningum um lýðræði, hagkvæmni og valddreifingu. Farið verður yfir hvað felst í hlutverki sveitarfélaga annars vegar sem lýðræðislegra stjórnvalda og hins vegar sem þjónustuveitenda. Stuttlega verður einnig vikið að samskiptum ríkis og sveitarfélaga, þ. á m. að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga.
Verkefni og heimapróf.

**OSS005F • Stjórntækið skattar • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Indriði Haukur Þorláksson

Skattar eru meðal helstu stjórntækja ríkisvaldsins. Auk tekjuöflunar er þeim beitt í margvíslegum öðrum tilgangi. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í hlutverk skatta og þýðingu þeirra sem stjórntækis. Gerð er grein fyrir meginmarkmiðum skattlagningar, kröfum til hennar og þeim skilyrðum sem henni eru sett svo og í hvaða sértækum tilgangi leitast er við að beita skattlagningu sem stjórntæki. Skoðuð eru tengsl skatta og annarra stjórntækja svo sem almannatrygginga. Farið er yfir helstu tegundir skatta m.t.t. áhrifa þeirra og notkunar. Auk hinnar fræðlegrar greiningar er þróun skattkerfisins hér á landi á síðustu áratugum rakin og leitast er við að meta raunveruleg áhrif hennar á ýmis pólitísk markmið.
Verkefni.

**OSS006F • Stjórnun heilbrigðisþjónustu • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Anna Lilja Gunnarsdóttir
Námskeiðið fjallar um íslenska heilbrigðiskerfið, uppbyggingu þess, stefnu, aðsteðjandi viðfangsefni og árangur.
Sérstaklega verður fjallað um sérkenni heilbrigðismála og má þar nefna heilsuhagfræði, gæðastjórnun, árangursmælingar, rafræna sjúkraskrá og framleiðslumælikerfi. Litið verður til heilbrigðiskerfa nokkurra annarra þjóða til samanburðar.
Námskeiðið er byggt á stjórnunarfræðum dagsins í dag en kenningar, líkön og útfærsla eru rædd í samhengi við heilbrigðisþjónustu og sérstöðu hennar. Dæmi eru tekin út frá íslensku heilbrigðiskerfi og heilbrigðisstofnunum og rædd í samhengi við erlendan samanburð.
Sérstök áhersla verður lögð á þau viðfangsefni sem hæst ber í dag, svo sem fjármögnun, rekstrarform, upplýsingamál og gæðamál.
Námsmatið byggist á umfjöllun um mál/tilvik (case study) 40% og fræðilegri ritgerð 60%.

**OSS007F • Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga • (6e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Kennari: Ásmundur Helgason Stundakennari
Kennari: Arndís Ósk Jónsdóttir
Kennari: Kristján Sturluson
Fjallað er um mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera. Nemendur öðlast grunnþekkingu á þróun starfsmannamála hjá hinu opinbera á Vesturlöndum og á helstu starfsmanna- og embættismannakerfum. Farið er yfir lög og reglur sem gilda um réttarsamband opinberra starfsmanna við vinnuveitendur, samskipti á vinnumarkaði og uppbyggingu launakerfis opinberra starfsmanna. Rætt er um helstu tæki og tól við mannauðsstjórnun svo sem mannauðskerfi, notkun starfs- og árangursmats, starfsmannasamtöl og mótun og eftirfylgni með starfsmannastefnum.
Verkefni.

**OSS010F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (2e) • Haust**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.

**OSS011F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (2e) • Sumar**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.

**OSS012F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (4e) • Haust**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**OSS013F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (4e) • Vor**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**OSS014F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (4e) • Sumar**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**OSS015F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (6e) • Haust**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**OSS016F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (6e) • Vor**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**OSS017F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (6e) • Sumar**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón fastra kennara við deildina sem metin eru á 2-6 einingar. Viðfangsefni og lesefni eru ákveðin í sameiningu af kennara og nemanda.
Verkefni.

**OSS018F • Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri- hlutverk stjórnenda • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Margrét Sigrún Björnsdóttir Forstöðumaður
Að taka forystu fyrir breytingum er í vaxandi mæli þáttur í störfum stjórnenda hins opinbera. Umhverfi og innra starf opinberra stofnana hefur breyst umtalsvert á undanförnum tíu til fimmtán árum og þar með hlutverk þeirra er þar stjórna. Breytingar á verkefnum, auknar kröfur um árangur, hagkvæmni, upptaka nýrra stjórnunaraðferða, bætt tengsl við borgarana og aukin áhrif þeirra á starfsemi hins opinbera og fleira gera nýjar kröfur til starfshátta stjórnenda í opinberum stofnunum. Þeir verða í vaxandi mæli að vera í forystu breytinga innan stofnana, talsmenn gagnvart fjölmiðlum og hagsmunahópum. Þessi krafa nær til æðstu stjórnenda, og að miklu leyti til millistjórnenda. Þessu námskeiði er ætlað að búa nemendur í opinberri stjórnsýslu undir þennan þátt í þeirra framtíðarstörfum, ásamt því að fjalla um leiðir til þess að komast í forystustörf innan stofnana, halda þeim og takast á við átök sem oftast fylgja forystuhlutverki. Nemendur sem hyggja á önnur störf en hjá opinberum aðilum geta einnig haft gagn af þessu námskeiði, þótt aðstæður þar séu aðrar.
Verkefni.

**OSS019F • Fjármálastjórnun í opinberum rekstri • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Bolli Héðinsson Stundakennari
Í námskeiðinu er farið yfir þá þætti fjármálafræðinnar sem helst tengjast opinberum rekstri. Þar má nefna þróun fjárlagagerðar, áhrif mismunandi skattlagningar og fjárhagsleg áhrif ýmissa umbótaverkefna í ríkisrekstri. Einnig verður fjallað gerð rekstraráætlana, mismunandi uppgjörsaðferðir opinberra aðila auk þátta úr tölfræði sem tengast greiningu upplýsinga úr rekstri, mati á fjárfestingarvalkostum o.fl.
Verkefni.

**OSS020F • Opinber innkaup - Stjórnun innkaupa • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Júlíus Sæberg Ólafsson
Kennari: Guðmundur I Guðmundsson
Nemendur eiga í lok námskeiðsins að þekkja lagalegar kröfur til opinberra innkaupa, geta greint mikilvægi innkaupa í rekstri og geta framkvæmt grunn innkaupagreiningu, þe. sett markmið, unnið áætlanir og haft eftirlit með og greint innkaup eigin stofnunar. Markmið námskeiðsins er að nemendur fái ítarlega fræðslu um umhverfi opinberra innkaupa. Að nemendur skilji að með skilvirkum innkaupum má bæði auka gæði og lækka tilkostnað vegna innkaupa. Fjallað verður alla helstu þætti innkaupa þar á meðal lög og reglur, mikilvægi innkaupa í rekstri stofnana, ábata hagkvæmra innkaupa, innkaupatækni og rafræn innkaup, vistvæn innkaup og siðfræði innkaupa. Umfjöllunin um hvern þátt verður bæði á fræðilegum grundvelli en einnig munu notendur og sérfræðingar kenna hagnýtingu og fjalla um reynslu sína af tilteknum þáttum
Tvö raunverkefni. Vægi hvors um sig er 50%.

**OSS021F • MPA-ritgerð • (30e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Lokaverkefni í MPA námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn prófessors, dósents, lektors eða aðjúnkts í stjórnmálafræðideild. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt. Nemendur skulu undirbúa verkefnið með því að sækja námskeiðið "Aðferðafræði og áætlanir lokaverkefna - málstofa".
Verkefni.

**OSS022F • MPA-ritgerð • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Lokaverkefni í MPA námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn prófessors, dósents, lektors eða aðjúnkts í stjórnmálafræðideild. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt. Nemendur skulu undirbúa verkefnið með því að sækja námskeiðið "Aðferðafræði og áætlanir lokaverkefna - málstofa".
Verkefni.

**OSS023F • MPA-ritgerð • (30e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Lokaverkefni í MPA námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn prófessors, dósents, lektors eða aðjúnkts í stjórnmálafræðideild. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt. Nemendur skulu undirbúa verkefnið með því að sækja námskeiðið "Aðferðafræði og áætlanir lokaverkefna - málstofa".
Verkefni.

**OSS029F • Stjórnun og rekstur félagasamtaka • (6e) • Haust • 3f**
Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Í námskeiðinu er athygli beint að innra og ytra umhverfi frjálsra félagasamtaka svo sem þróun, stefnumótun, hlutverki, framlagi, stjórnun, fjármögnun, tengslum á milli frjálsra félagasamtaka, stjórnvalda og einkaaðila, skipulagi og stjórnun sjálfboðaliða. Efnið er sérstaklega tengt íslenskum aðstæðum.
Verkefni.

**OSS030F • Menningarstjórnun: Stjórnun menningarstofnana og menningarstjórnsýsla • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Haukur Flosi Hannesson
Fjallað verður um tilurð og hlutverk opinberrar menningarstefnu/listastefnu, fræðilegan grundvöll hennar í þjóðlegu og alþjóðlegu tilliti svo og notkun í opinberri stjórnsýslu. Ennfremur verður stjórnun og rekstur listastofnana til umfjöllunar og er lögð áhersla á hagnýta nálgun með dæmum. Markmið námskeiðsins er að nemendur kunni skil á helstu þáttum menningarstjórnunar, stefnumótunar henni tengdri og hinu pólitíska og stjórnsýslulega ferli sem að baki liggur, svo og að þeir fái yfirsýn yfir rekstrarhlið mismunandi listastofnana.

Verkefni. Lokaritgerð 80% útfrá efni námskeiðsins. Skilaverkefni 20% um fræðigrunn námskeiðsins.

**OSS031F • Opinber stjórnsýsla • (6e) • Haust • 3f**
Umsjónarmaður: Grettir Sigurjónsson Verkefnisstjóri
Kennari: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Í námskeiðinu er farið yfir grundvallarhugtök stjórnsýslufræðinnar, kynntar kenningar um skipulagsheildir og lýst þróun stjórnsýslufræðinnar sem fræðigreinar. Fjallað er um megineinkenni opinberrar stjórnsýslu á Íslandi, þar á meðal mótunarþætti hennar og grundvallaruppbyggingu. Áhersla er lögð á að skýra í hvaða skilningi opinber stjórnsýsla er pólitísks eðlis og hvaða afleiðingar það hefur fyrir starfshætti hennar og uppbyggingu.
Verkefni.

**OSS032F • Rekstrarhagfræði, markaðsbrestir og ríkisafskipti • (6e) • Haust • 3f**
Kennari: Kirstín Þ Flygenring Aðjúnkt
Í námskeiðinu er ætlunin að nemendur tileinki sér grundvallaratriði rekstrarhagfræði og markaðslíkansins enda markaðsbrestir skýrðir á þeim grunni. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér grunnhugtök hagfræði og geti beitt þeim. Áhrif markaðsbresta á samfélagið eru skoðuð og fjallað um þau afskipti ríkisins sem leiðrétt geta slíka bresti. Þá er einnig vikið að stjórnvaldsbrestum sem er hliðstætt vandamál í opinberum rekstri.
Auk fyrirlestra og umræðutíma verða dæmatímar aðra hverja viku.
Sex heimaverkefni, ritgerð og lokapróf.

**OSS033F • Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Trausti Fannar Valsson
Fjallað verður m.a. um uppbyggingu stjórnsýslukerfisins, þar á meðal stöðu sveitastjórna í stjórnsýslukerfinu, þær reglur sem gilda um meðferð stjórnsýslumála hjá stjórnvöldum, bæði ríkis og sveitarfélaga, um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum, þagnarskyldu starfsmanna stjórnsýslunnar, um rafræna stjórnsýslu, svo og um þá grundvallarreglu að stjórnsýslan er lögbundin. Fjallað verður um lögmætisregluna og heimild stjórnvalda til töku þjónustugjalda. Þá verður fjallað um þær leiðir sem færar eru fyrir aðila til þess að fá stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða. Námskeiðið er einkum ætlað þeim, sem koma til með að vinna hjá ríki eða sveitarfélögum, eða þurfa að hafa í starfi sínu samskipti við stjórnvöld.
Verkefni í formi heimaprófs.

**OSS037F • Verkefni í opinberri stjórnsýslu • (2e) • Vor**
Nemendum gefst færi á að vinna einstaklingsverkefni í umsjón prófessora, dósenta, lektora og aðjúnkta við skorina sem metin eru á 1-3 einingar. Viðfangsefni og lesefni verða ákveðin í sameiningu af kennurum og nemendum.

**OSS038F • Cities and World Cities • (6e) • Haust • 2f + 1u**
This graduate course examines the main issues associated with cities and globalization, and the sociology, geography and politics, the policy environment of cities and world cities. First it looks at the human and spatial considerations affecting cities, large (London, New York, Shanghai) and smaller (such as Vancouver and Reykjavik). Then this course considers ways in which the policy capacity of cities might be improved. This is a broad survey course that require substantial amount of weekly readings and writing. It approaches cities from an interdisciplinary perspective with particular focus on the social science disciplines that traditionally study cities including, geography and urban planning, sociology and politics, and policy making with a specific review of sustainable issues. This course uses exemplar case studies to illustrate and discuss questions focusing on few large and smaller cities such as London, New York, Shanghai, and selected smaller cities such as Vancouver, Paris and Reykjavik.
Paper proposal , 05%, One paper , 35%, Weekly short essays that raise questions on the readings (Come prepared i.e. a 100/300 words essay each week), 20%, Class attendance and in class participation to discussions 20%, Class presentations and group presentations 20%

**OSS039F • Nýsköpun í opinberum rekstri • (6e) • Haust**
Kennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Kennari: Margrét Sigrún Björnsdóttir Forstöðumaður
Nýsköpun (innovation) er mikilvægur aflvaki framfara. Hér er átt er við nýjar afurðir, vinnubrögð og verkferla, ný og árangursríkari samstarfsform. Lengst af hefur hugtakið verið tengt þróunarstarfi í einkafyrirtækjum, sprota- og frumkvöðlafyrirtækjum, en síður opinberum stofnunum. Nýsköpun í opinberum rekstri er þó ekki síður þýðingarmikil, bæði vegna umfangs hins opinbera og þeirra verkefna sem það vinnur í almannaþágu. Á undanförnum áratugum hefur skilningur á mikilvægi nýsköpunar- og þróunarverkefna innan hins opinbera aukist ekki síst í tengslum við ný viðhorf til stjórnunar innan ríkis og sveitarfélaga og nú í ljósi stórfellds samdráttar í opinberum útgjöldum. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grunnþekkingu á kenningum á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlafræða og hagnýta þekkingu við að móta og setja af stað slík verkefni. Fjallað er m.a. um hvernig unnt sé að nýta reynsluþekkingu til nýsköpunar. Námskeiðið skiptist í tvennt. Í fyrri hlutanum er fjallað um fræðilega umræðu á sviðinu og stöðu nýsköpunar í opinberum rekstri hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Í seinni hlutanum vinna nemendur tvö hagnýt verkefni. Fyrra verkefnið lýtur að því að greina út frá tilteknum viðmiðunum stjórnun og rekstur sem er til fyrirmyndar innan ríkis og sveitarfélaga á Íslandi. Í seinna verkefninu vinna nemendur í samráði við tiltekna stofnun drög að nýsköpunarverkefni.
Verkefni

**OSS201F • Stefnumótun stofnana • (6e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Námskeiðslýsing. Markmið áfangans er að veita nemendum hagnýta þjálfun við gerð stefnumarkandi áætlana (strategic planning). Nemendur vinna slíka áætlun fyrir stofnun sem þeir velja. Byggt er á aðferðafræði John M. Brysons sem m.a felur í sér mótun stefnumiða (mission statement), gerð SVÓT greiningar, stefnuvals (strategic issue identification), árangursmælikvarða og áætlunar um eftirfylgni. Athugið: Hámarksfjöldi í áfanganum er 30.
Verkefni.

**OSS202F • Skipulag og stjórnun stofnana • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Kennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Fjallað er um helstu kenningar um skipulagsheildi (organizational theory) og atferli innan skipulagsheilda (organizational behavior). Áhersla er á skipulag og stjórnun opinberra stofnana og fyrirtækja. Markmið áfangans er að veita nemendum innsýn í fræðilega umfjöllun um viðfangsefnin ásamt hagnýtingu tiltekinna stjórnunaraðferða.
Verkefni

**OSS203F • Stjórntæki hins opinbera • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Kirstín Þ Flygenring Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái innsýn í grunnþætti opinbers rekstrar og önnur úrræði sem ríkið getur beitt til að ná markmiðum sínum. Fjallað verður um ýmis stjórntæki ríkisvaldisins, þar á meðal rekstur opinberra stofnana, markaðsvæðingu, fjárhagslega hvata, regluvæðingu og tryggingar/styrki og áhersla lögð á mat og notkun stjórntækjanna við ólíkar aðstæður. Umfjöllunin um hvert stjórntæki er jafnt á fræðilegum grundvelli sem og útlistun á notkun þeirra á Íslandi. Æskilegt er að nemendur hafi tekið námskeiðið Inngangur að rekstrarhagfræði og réttlæting ríkisafskipta.
Heimaverkefni.

**OSS301F • Almannatengsl • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Kennari: Ásmundur Þórðarson
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist hagnýtan skilning á almannatengslum og með hvaða hætti þau eru stunduð innan fyrirtækja, hjá hinu opinbera, ráðgjafarfyrirtækjum og félagasamtökum. Náminu er ætlað að nýtast vel í atvinnulífinu og verða m.a. lögð hagnýt verkefni fyrir nemendur og gestafyrirlesarar munu koma í heimsókn. Í upphafi námsins er nemendum veitt innsýn í almannatengsl, eðli boðskipta/samskipta og hlutverk fjölmiðla. Þeir hljóta einnig þjálfun í að skrifa skýran og hnitmiðaðan texta. Áhersla verður lögð á innri og ytri samskipti fyrirtækja og stofnana sem og samskipti og boðleiðir fyrir ólíka haghafa fyrirtækja og stofnana, s.s. viðskiptavini, fjárfesta, starfsmenn, fjölmiðla og hið opinbera. Áherslur: - Saga almannatengsla og almannatengsl á okkar tímum - Samhæfð markaðssamskipti (Integrated Communications) - Innri og ytri samskipti fyrirtækja og stofnana - Fjölmiðlasamskipti - Fjárfestatengsl (Investor Relations) - Krísustjórnun og samskipti á krísutímum (Crisis Management and Communication) - Innri almannatengsl - Viðburðastjórnun - Hlutverk rannsókna og kannana í almannatengslum - Framsögn - Kostunarstefna fyrirtækja - Mikilvægi faglegra og siðferðislegra vinnubragða
Hópverkefni I (35%), einstaklingsverkefni (30%), krossapróf á misseri, tvö próf (30%), frammistaða og þátttaka í tímum (5%)

**OSS302F • Starfstími • (18e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Nemendur sem ekki hafa umtalsverða stjórnunarreynslu hjá hinu opinbera fá eins misseris starfsþjálfun hjá opinberri stofnun.Auk þess að ganga í almenn störf í níu vikur vinna þeir sérstök verkefni sem tengjast náminu. Nemendur sem hafa mikla stjórnunarreynslu úr opinbera geiranum geta sótt um að fá reynslu sína metna í stað þess hluta námsins, að hluta eða öllu.

**OSS303F • Starfstími • (18e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Nemendur sem ekki hafa umtalsverða stjórnunarreynslu hjá hinu opinbera fá eins misseris starfsþjálfun hjá opinberri stofnun.Auk þess að ganga í almenn störf í níu vikur vinna þeir sérstök verkefni sem tengjast náminu. Nemendur sem hafa mikla stjórnunarreynslu úr opinbera geiranum geta sótt um að fá reynslu sína metna í stað þess hluta námsins, að hluta eða öllu.

**OSS304F • Starfstími • (18e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Gunnar Helgi Kristinsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Nemendur sem ekki hafa umtalsverða stjórnunarreynslu hjá hinu opinbera fá eins misseris starfsþjálfun hjá opinberri stofnun.Auk þess að ganga í almenn störf í níu vikur vinna þeir sérstök verkefni sem tengjast náminu. Nemendur sem hafa mikla stjórnunarreynslu úr opinbera geiranum geta sótt um að fá reynslu sína metna í stað þess hluta námsins, að hluta eða öllu.

**OSS305F • Akademía fyrir framtíðarstjórnendur opinberrar starfsemi • (6e) • Sumar • 3f**
Kennari: Ómar Hlynur Kristmundsson Dósent
Kennari: Margrét Sigrún Björnsdóttir Forstöðumaður
Í maí-júní ár hvert er skipulagt sérstakt vikulangt námskeið sem aðeins nemendur þessarar námsleiðar taka. Þar eru viðfangsefni valin sem á hverjum tíma eru ofarlega á baugi bæði innanlands og erlendis og eru ekki hluti af öðrum skyldunámskeiðum. Verða þau valin ma. í samráði við samstarfsaðila um námið. Námsmat er í formi verkefna.
Erlendir fræðimenn munu flytja fyrirlestra á námskeiðinu, en auk þess verður meðal efnisþátta: Áherslur íslenska ríkisins varðandi stjórnunar umbætur og stjórntæki hins opinbera og fjallað um rannsóknir á árangri viðkomandi aðferða. Góðar fyrirmyndir-Forstöðumenn ríkisstofnana sem náð hafa góðum árangri á tilteknum sviðum kynni og ræði við nemendur um aðferðir sínar; hvað beri að varast - hvað skili árangri. Forysta og breytingastjórnun. Markþjálfun hvers og eins þátttakenda, sem fá persónulegt próf eða hæfnismat (aðlagað 360 gráðu stjórnunarmat) og leiðsögn um þætti sem ábótavant kann að vera, en geta ráðið úrslitum varðandi velgengni í stjórnendastörfum.
Verkefni

**STJ001F • Doktorsritgerð í stjórnmálafræði • (30e) • Haust**
Verkefni.

**STJ002F • Doktorsritgerð í stjórnmálafræði • (30e) • Vor**
Verkefni.

**STJ003F • Doktorsritgerð í stjórnmálafræði • (30e) • Sumar**
Verkefni.

**STJ004F • Lesnámskeið í stjórnmálafræði-Doktorsnám • (10e) • Haust**
Lesnámskeið í stjórnmálafræði-Doktorsnám

**STJ007F • Lesnámskeið í stjórnmálafræði-Doktorsnám • (10e) • Vor**
Lesnámskeið í stjórnmálafræði-Doktorsnám

**STJ008F • Doktorsritgerð í stjórnmálafræði • (40e) • Haust**
Verkefni.

**STJ010F • Rannsóknir í opinberri stjórnsýslu og alþjóðasamskiptum • (6e) • Haust • 2f + 1u**
Námskeiðið fjallar um rannsóknir og rannsóknaraðferðir félagsvísinda og er ætlað nemendum í opinberri stjórnsýslu og alþjóðasamskiptum. Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa öðlast undirstöðu til að vinna sjálfstætt rannsóknarverkefni svo sem MPA eða MA verkefni. Nemendur skulu þekkja grundvallarhugtök vísindaheimspekinnar og mismunandi rannsóknarsnið. Nemendur vinna rannsóknaráætlun sem þeir kynna í kennslustund. Farið er yfir verklag við gerð fræðiritgerða og uppbyggingu þeirra. Námskeiðið er byggt upp á verkefnum og þátttöku nemenda í tíma.
Verkefni (90%). Þátttaka og mæting í tíma (10%).

**STJ011F • MA-ritgerð í stjórnmálafræði • (30e) • Haust**
Lokaverkefni í MA-námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn umsjónarkennara. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt. Nemendur skulu undirbúa verkefnið með því að sækja námskeiðið "Aðferðafræði og áætlanir lokaverkefna - málstofa".

**STJ012F • MA-ritgerð í stjórnmálafræði • (30e) • Sumar**
Lokaverkefni í MA-námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn umsjónarkennara. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt. Nemendur skulu undirbúa verkefnið með því að sækja námskeiðið "Aðferðafræði og áætlanir lokaverkefna - málstofa".

**STJ013F • MA-ritgerð í stjórnmálafræði • (30e) • Vor**
Lokaverkefni í MA-námi er sjálfstætt rannsóknarverkefni sem nemandi vinnur undir leiðsögn umsjónarkennara. Í verkefninu er tekist á við fræðilega krefjandi viðfangsefni og kenningum beitt á frumlegan hátt. Nemendur skulu undirbúa verkefnið með því að sækja námskeiðið "Aðferðafræði og áætlanir lokaverkefna - málstofa".

**STJ201F • Hagnýt tölfræði • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Steinn Kári Steinsson
Námskeiðið er ætlað nemendum í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu og alþjóðasamskiptum. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu í að greina tölfræðileg gögn sem notuð eru við margs konar opinbera ákvarðanatöku. Fjallað er bæði um lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði, þar á meðal um breytur, gildi, miðlægni, staðalfrávik, úrtök, marktækni og tilgátuprófanir.
Verkefni og lokapróf.

**STJ301F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**STJ301M • Smáríki í Evrópu: Veikleikar, staða og áhrif. Jean Moennet námskeið • (8e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
The aim of this course is to study the behavior and role of small states in Europe. The course deals with questions such as: What is a small state? Do small states behave differently from larger ones? And how influential are smaller states in international organizations? The course offers an introduction to the literature on the state, the international system and small-state studies. The main emphasis, however, is on the opportunities and constraints facing small states in Europe, i.e. how they are affected by and have responded to the process of European integration, globalization and other domestic and international challenges. Special attention is devoted to the Nordic states and their reactions to European integration. Another particular focus will be on Iceland's position - as a small state - in the international system: notably,. how Iceland is affected by and responding to the financial end economic crisis, and Iceland's approach to European integration.
Skriflegt próf og verkefni. Nemendur sem taka námskeiðið sem hluta af meistaranámi vinna aukaverkefni.

**STJ303M • Jean Monnet Module: The power potential of small states in the European Union • (8e) • Haust**
Kennari: Baldur Þórhallsson Prófessor
The aim of this course is to study the behavior of small states in the European Union (EU). The course deals with questions such as: How do small states work within the decision-making processes of the EU? Do small states behave differently from the large ones? To what extent are small states able to influence the day-to-day decision-making of the Union; and have small states been able to influence the new EU treaties? The main emphasis is on the power potential of small states within the EU, i.e. their potential influence within the Union. Special attention will be given to the new and enlarged Union, i.e. how will the EU change as a result of enlargement? How will the enlargement affect the position of small and large states within it? And how will the new treaties affect the chances of small states to influence decision-making in the EU?
Verkefni og skriflegt próf

**STJ401F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**STJ401M • Hvert stefnir Evrópusambandið? • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Kennari: Gunnhildur Lily Magnúsdóttir
Námskeiðið mun fjalla um þau þáttaskil sem orðið hafa í Evrópusamrunanum með stækkun Evrópusambandsins (ESB) og breytingum á sáttmálum sambandsins. Fjallað um hvaða áhrif þessar breytingar geti haft á framtíðarþróun Evrópusamvinnunnar, Evrópusambandið og stöðu einstakra ríkjan innan sambandsins. Einnig verður fjallað um hvaða áhrif þessar breytingar hafi haft á einstaka málaflokka ESB og getu ríkja til áhrifa innan þeirra. Sérstaklega verður fjallað um umhverfis-, félagsmála- og uppbyggingarstefnuna sem og efnahags- og myndbandalag sambandsins. Farið verður ítarlega yfir kenningar sem skýra þróun Evrópusamvinnunnar. Jafnframt verður fjallað um þá andstöðu sem verið hefur við stækkun og breytingar á sáttmálum sambandsins og þau átök sem verið hafa um framtíð þess. Leitast verður við að svara því hvort að yfirþjóðlegt eðli Evrópusambandsins hafi styrkst eða hvort að ríki sambandsins hafi fengið meira vægi innan þess.
Skriflegt próf og verkefni.

**STJ402M • Nútímastríð: Átakagreining og lausnir • (6e) • Vor • 2f + 1u**
Námskeiðið fjallar um þróun stríðsátaka eftir lok kalda stríðsins. Einkum verður litið til innanlandsátaka í Afríku og annars staðar, orsaka þeirra og einkenna, og staðbundinna, svæðisbundinna og alþjóðlegra afleiðinga. Kynntar verða tilgátur og kenningar á sviði átakagreiningar og stríð greind með hliðsjón af innri og ytri orsakaþáttum, t.a.m. lýð- og landafræði, eftirspurn eftir olíu og framboð á vopnum. Fjallað verður um fórnarlömb stríða eins og flóttamanna, barnahermanna og kvenna í samhengi við alþjóðastjórnkerfið og þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkja eins og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og Sáttmálann um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð. Umfjöllun um stríð, tilgang þeirra og fórnarlömb verður að lokum sett í semhengi við kenningar og tilgátur um markmið stríða, réttmæti þeirra og íhlutunar í nafni mannréttinda og hugsanlegar átakalausnir ræddar út frá þeirri greiningu sem fyrir liggur.
Próf (40%), verkefnavinna (60%).

**STJ403M • Security in the North: The Nordic and Baltic countries and their neighbours • (6e) • Vor • 3f**
Kennari: Alyson Judith Kirtley Bailes Aðjúnkt
The course is designed to analyse, compare and contrast the current and evolving security and defence policies of the five Nordic nations, together with territories under their sovereignty. It starts from the premise that Norden is exposed to major pressures for change in these policy areas, arising from factors essentially beyond Norden's control. Military-strategic realities have changed - although Nordic perceptions of them have perhaps not changed so fast; the USA and NATO have changed their priorities; and all Western states are expected to address a wider spectrum including terrorism, proliferation and also various "human security" risks in their public security policies. Detailed national studies will aim to identify converging, diverging or special factors in the pattern of each country's response to these challenges, as a basis i.a. for considering whether new patterns of inter-Nordic cooperation are needed or appropriate. The second part of the course will illuminate Nordic developments in greater depth by comparing and contrasting them with the position of the Baltic states, by looking at the evolving pattern of Nordic interactions with NATO and the EU, and by considering Norden's relations with the USA and Russia respectively. Finally Norden's role as an 'exporter' of security in the larger world (notably, through peacekeeping) will be assessed.
50% on work done during the course (including both essays and 'active' presentations or seminar work) 50% a final examination.

# Viðskiptafræðideild

### VIÐ101G • Inngangur að markaðsfræði • (6e) • Haust • 4f

Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Friðrik Eysteinsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum grundvallaratriði markaðsfræðinnar og faglegt markaðsstarf. Fjallað er um markaðshugtakið, markaðsáherslur og tengsl markaðsfræðinnar við stjórnun. Ennfremur er fjallað um greiningu á markaðsumhverfinu, greiningu á kauphegðun á neytendamarkaði, stefnumótun markaðsmála, samkeppni og samkeppnisforskot. Að síðustu er fjallað um með hvaða hætti á að útfæra markaðsstarf svo árangur náist.
Verkefni, skilaskylda. Annað vægi er þátttökueinkunn.

### VIÐ102G • Stærðfræði A • (6e) • Haust • 4f + 2d

Umsjónarkennari: Guðmundur Ólafsson Lektor
Mikilvæg atriði úr námsefni framhaldsskóla rifjuð upp. Undirstöðuatriði fylkjareiknings. Föll af mörgum breytistærðum. Hámörkun og lágmörkun með og án hliðarskilyrða. Lagrange aðferðir. Nauðsynleg og nægileg skilyrði. Tegrun. Nemendur sem ekki hafa hlotið góða undirstöðu í stærðfræði í framhaldsskóla er bent á undirbúningsnámskeið í stærðfræði vikuna fyrir upphaf kennslu sem Viðskiptafræðistofnun stendur fyrir. Nemendur í B.S. námi í viðskiptafræði með val A, B,C eða D og B.A. nemendur í hagfræði taki þetta námskeið eða Stærðfræði I, nemendur í hagfræði eða B.S. námi í viðskiptafræði með val F taki Stærðfræði I.

### VIÐ103G • Inngangur að fjárhagsbókhaldi • (6e) • Haust • 4f + 2d

Umsjónarkennari: Bjarni Frímann Karlsson Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kynna grundvallaratriði fjárhagsbókhalds og ársreikningsins. Eðli tvíhliða bókhalds skýrt út frá bókhaldsjöfnunni. Reglugrunnur reikningshalds: forsendur, grundvallarreglur og hugtök. Lagaumhverfið. Form ársreiknings og rökrænt samhengi milli kaflanna í honum. Hvað hefur áhrif á eigið fé? Kynntar helstu aðferðir við greiningu ársreikninga, einkum kennitöluútreikningar. Nemendur leysa fjölmörg verkefni í gerð einfaldra ársreikninga og kennitölugreiningu.
Stöðupróf á miðju misseri gildir 20% og skriflegt lokapróf 80%.

### VIÐ104G • Inngangur að stjórnun • (6e) • Haust • 4f + 1æ

Umsjónarkennari: Inga Jóna Jónsdóttir Dósent
Kennari: Þórður Snorri Óskarsson Aðjúnkt
Meginmarkmið námskeiðsins er að kynna nemendum grundvallar hugtök, kenningar og aðferðir í stjórnun og forystu fyrirtækja og stofnana. Nálgunin og sjónarhornið er út frá viðfangsefnum og hlutverkum stjórnenda og stjórnun mannauðsins.
Í upphafi er fjallað um starf stjórnandans og stjórnendahæfni. Farið er yfir þróun stjórnunarfræðanna, helstu breytingar sem eiga sér stað í stjórnunarumhverfinu, stjórnun í fjölmenningarlegu og alþjóðlegu starfsumhverfi og félagslega ábyrgð fyrirtækja. Þá verður sjónum beint að viðfangsefnum stjórnenda svo sem áætlanagerð og stefnumótun, ákvarðanatöku, skipulagningu ásamt mótun fyrirtækjamenningar. Loks verður fjallað um mannauðsstjórnun, samskipti/boðskipti og hvatningu, forystu og að virkja hópa og skapa liðsheild. Endað verður á að fjalla um breytingastjórnun, lausn ágreinings og samninga.
Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir; fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna, þar sem leitast er við að ýta undir áhuga, vikni og þátttöku nemenda.
Skriflegt lokapróf (75% vægi), þátttaka í umræðutímum um "case" (10% vægi), verkefnavinna (15% vægi).

### VIÐ105G • Rekstrarhagfræði I • (6e) • Haust • 4f + 2æ

Kennari: Gunnar Ólafur Haraldsson Forstöðumaður
Kennari: Sveinn Agnarsson Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að miðla nemendum þekkingu á grunnatriðum rekstrarhagfræðinnar þannig að þeir kunni skil á helstu hugtökum og notkun þeirra í efnahagslífinu og öðlist skilning á rekstrarhagfræðinni, m.a. til undirbúnings í öðrum námskeiðum. Fjallað er um rekstrarhagfræði innan vísinda, umgjörð fyrirtækja, framboð og eftirspurn, markað og áhrif stjórnvalda. Viðskipti einstaklinga og fyrirtækja í alþjóðlegu samhengi. Ytri áhrifaþættir, almannagæði og sameiginlegar auðlindir. Framleiðsla, framleiðslu- og kostnaðarföll. Hegðun neytenda á markaði. Fullkomin samkeppni, einkasala, fákeppni og einkasölusamkeppni. Markaðsstefna, skipulag, áætlanagerð og upplýsingaöflun. Markaður fyrir framleiðsluþætti og grunnatriði við áhættu- og óvissuaðstæður.

### VIÐ135G • NMV - Inngangur að markaðsfræði • (6e) • Haust

Kennari: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum grundvallaratriði markaðsfræðinnar og faglegt markaðsstarf. Fjallað er um markaðshugtakið, markaðsáherslur og tengsl markaðsfræðinnar við stjórnun. Ennfremur er fjallað um greiningu á markaðsumhverfinu, greiningu á kauphegðun á neytendamarkaði, stefnumótun markaðsmála, samkeppni og samkeppnisforskot. Að síðustu er fjallað um með hvaða hætti á að útfæra markaðsstarf svo árangur náist.
Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja grundvallarhugtök markaðafræðinnar.
- Þekkja og geta notað algengar aðferðir við markaðsgreiningu.
- Kunna skil á þeim viðfangsefnum er tengjast stefnumótun markaðsmála.
- Kunna skil á þeim viðfangsefnum er tengjast útfærslu og framkvæmd faglegs markaðsstarfs.

### VIÐ136G • NMV - Rekstrarhagfræði I • (6e) • Haust

Umsjónarmaður: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Kennari: Gunnar Ólafur Haraldsson Forstöðumaður
Kennari: Sveinn Agnarsson Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að miðla nemendum þekkingu á grunnatriðum rekstrarhagfræðinnar þannig að þeir kunni skil á helstu hugtökum

og notkun þeirra í efnahagslífinu og öðlist skilning á rekstrarhagfræðinni, m.a. til undirbúnings í öðrum námskeiðum. Fjallað er um rekstrarhagfræði innan vísinda, umgjörð fyrirtækja, framboð og eftirspurn, markað og áhrif stjórnvalda. Viðskipti einstaklinga og fyrirtækja í alþjóðlegu samhengi. Ytri áhrifaþættir, almannagæði og sameiginlegar auðlindir. Framleiðsla, framleiðslu- og kostnaðarföll. Hegðun neytenda á markaði. Fullkomin samkeppni, einkasala, fákeppni og einkasölusamkeppni. Markaðsstefna, skipulag, áætlanagerð og upplýsingaöflun. Markaður fyrir framleiðsluþætti og grunnatriði við áhættu- og óvissuaðstæður.

**VIÐ137G • NMV - Inngangur að stjórnun • (6e) • Haust**
Kennari: Inga Jóna Jónsdóttir Dósent
Meginmarkmið námskeiðsins er að kynna nemendum grundvallar hugtök, kenningar og aðferðir í stjórnun og forystu fyrirtækja og stofnana. Nálgunin og sjónarhornið er út frá viðfangsefnum og hlutverkum stjórnenda og stjórnun mannauðsins.
Í upphafi er fjallað um starf stjórnandans og stjórnendahæfni. Farið er yfir þróun stjórnunarfræðanna, helstu breytingar sem eiga sér stað í stjórnunarumhverfinu, stjórnun í fjölmenningarlegu og alþjóðlegu starfsumhverfi og félagslega ábyrgð fyrirtækja. Þá verður sjónum beint að viðfangsefnum stjórnenda svo sem áætlanagerð og stefnumótun, ákvarðanatöku, skipulagningu ásamt mótun fyrirtækjamenningar. Loks verður fjallað um mannauðsstjórnun, samskipti/boðskipti og hvatningu, forystu og að virkja hópa og skapa liðsheild. Endað verður á að fjalla um breytingastjórnun, lausn ágreinings og samninga.
Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir; fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna, þar sem leitast er við að ýta undir áhuga, vikni og þátttöku nemenda.
Þátttaka og virkni í umræðum um case, hópvinnuverkefni og skriflegt próf.

**VIÐ138G • NMV - Sameiginlegur vettvangur fyrir nemendur • (3e) • Haust**
Kennari: Ester Rós Gústavsdóttir Verkefnisstjóri
Vettvangur fyrir nemendur til samskipta.

**VIÐ139G • NMV - Lögfræði A • (6e) • Haust**
Í þessu námskeiði verður farið yfir helstu svið laga og réttar sem varða rekstur fyrirtækja og viðskipti. Tilgangur námskeiðsins er að undirbúa nemendur undir viðfangsefni sem líkleg eru til þess að verða á vegi þeirra í störfum í viðskiptalífinu. Lögð er áhersla að nemendur öðlist þekkingu til þess að geta greint lögfræðileg úrlausnarefni og tekið á þeim áður en þau verða að lögfræðilegum vandamálum. Helstu viðfangesefni verða eftirfarandi: 1) Fjallað verður um samninga; tilurð þeirra, túlkun og gildi, helstu reglur um lausfjár- og fasteignakaup og úrræði samningsaðila vegna galla og annarra vanefnda. 2) Fjallað verður um lagareglur um tjón og skaðabætur í atvinnurekstri 3) Fjármögnun fyrirtækja og lánveitingar, þ. á m. um viðskiptabréfareglur, veðsetningar ofl. 4) Greiðsluerfiðleikar, nauðasamningar, og gjaldþrotaskipti 5) Skipulag og rekstur fyrirtækja, ábyrgð og skyldur stjórnenda, og réttarstaða starfsmanna 6) Neytendavernd og samkeppnislöggjöf 7) Hugverkaréttindi 8) Helstu reglur á verðbréfamarkaði.

**VIÐ140G • NMV - Tölfræði A • (6e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að byggja traustan grunn undir notkun tölfræði í öðrum námskeiðum, í starfi og í daglegu lífi, og að gera nemendur talnaglöggri. Efni: Lýsandi tölfræði. Líkindafræði: atburðir, líkur, hendingar, helstu dreifingar. Ályktunartölfræði. matsaðferðir, tölfræðileg próf. Línulegt aðhvarf.
Markmið: Að nemendur geti
- unnið með hendingar og dreifingar
- sett fram og látið reyna á töfræðilegar tilgátur

**VIÐ141G • NMV - Utanríkisverslun • (6e) • Haust**
Grunnkenningar um milliríkjaviðskipti. Utanríkisverslun Íslendinga. Viðskiptajöfnuður og alþjóðlegt fjármálakerfi. Alþjóðlegar stofnanir. Umhverfi, lög og menning. Ný markaðssvæði. Starfsemi fjölþjóðafyrirtækja. Upphaf milliríkjaviðskipta. Upplýsingaöflun. Alþjóðlegt markaðsstarf. Útflutningur þjónustu og mótkaup. Fjármögnun milliríkjaviðskipta. Skipulag alþjóðlegrar starfsemi. Markaðir í Ameríku, A.-Asíu og þróunarlöndum. Nemendur vinna verkefni, sem eru kynnt og rædd. Gestafyrirlesarar fjalla um íslenskar aðstæður í alþjóðlegu samhengi.

**VIÐ142G • NMV - Þjóðhagfræði I • (6e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að miðla nemendum þekkingu á höfuðatriðum þjóðhagfræðinnar og helztu kenningum hennar og hugtökum, þannig að þeir fái yfirsýn yfir helztu viðfangsefni þjóðhagfræðinnar og innsýn í ýmis helztu lögmál efnahagslífsins, sem þjóðhagfræðin fjallar um. Áherzla er lögð bæði á fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnisins og tengsl þess við ýmis efnahagsmál, sem eru ofarlega á baugi á Íslandi og erlendis. Þekking á þjóðhagfræði býr nemendur undir ýmis önnur námskeið.

**VIÐ201G • UI - tölvunotkun og töflureiknir • (6e) • Vor • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Ársæll Valfells Lektor
Kennari: Ragnhildur Björg Konráðsdóttir
Í námskeiðinu er gert ráð fyrir að nemendur hafi gott vald á notkun algengustu forrita í einkatölvum (Word, PowerPoint, Excel, Outlook). Námskeiðinu er skipt í verklegan- og fræðilegan hluta. Þungamiðja verklega hlutans er notkun á töflureikni (Excel) í verkefnum sem ætla má að komi nemendum að gagni í öðrum greinum námsins og í starfi síðar meir. Meðal annars verður kennd notkun Excel við fjármálaútreikninga og gerð rekstrarlíkana svo og inngangur að forritun í kerfinu VBA. Í fyrirlestrum verður leitast við að gefa nemendum yfirsýn yfir tölvunotkun í fyrirtækjum og innsýn í fræðilegar hliðar tölvunotkunar og þá þætti sem máli skipta í fjárfestingu og rekstri tölvukerfa.
Verkefni og skilaskylda. Verklegt (50%) og skriflegt próf (50%). Nemendur verða að ná verklega prófinu til að verkefnaeinkunn gildi.

**VIÐ202G • Rekstrarhagfræði I (u) • (6e) • Vor • 4f + 2æ**
Kennari: Bolli Héðinsson Stundakennari
Nemendur í Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild geta ekki fengið einingar fyrir þetta námskeið. Það er fyrir ferðamálafræðinema í Líf- og umhverfisvísindadeild. Markmið námskeiðsins er að miðla nemendum þekkingu á grunnatriðum rekstrarhagfræðinnar þannig að þeir kunni skil á helstu hugtökum og notkun þeirra í efnahagslífinu. Lögð er sérstök áhersla á að tengja kenningar rekstrarhagfræðinar við þau málefni

sem efst er á baugi í efnahags-og þjóðmálaumræðu á hverjum tíma. Miðað er við að þetta sé fyrsti og eini áfanginn sem nemendur taka í hagfræði og því verður leitast við að gefa þeim heilsteypta mynd af hagfræði sem fræðigrein, bæði í fræðilegum og raunhæfum skilningi. Fjallað er um rekstrarhagfræði innan vísinda, umgjörð fyrirtækja, framboð og eftirspurn, markað og áhrif stjórnvalda. Viðskipti einstaklinga og fyrirtækja í alþjóðlegu samhengi. Ytri áhrifaþættir, almannagæði og sameiginlegar auðlindir. Framleiðsla, framleiðslu- og kostnaðarföll. Hegðun neytenda á markaði. Fullkomin samkeppni, einkasala, fákeppni og einkasölusamkeppni. Markaðsstefna, skipulag, áætlanagerð og upplýsingaöflun. Markaður fyrir framleiðsluþætti og grunnatriði við áhættu-og óvissuaðstæður.

**VIÐ203G • Stjórnun og skipulagsheildir • (6e) • Vor • 4f + 1æ**
Umsjónarmaður: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Kennari: Jón Snorri Snorrason
Efnisatriði: Skipulagsheildir og markvirkni. Hagsmunaaðilar, stjórnendur og viðskiptasiðferði. Stjórnun í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Helstu áskoranir í hönnun skipulagsheilda. Hönnun stjórnskipulags: vald og eftirlit, sérhæfing og samhæfing. Tilurð og stjórnun fyrirtækjamenningar. Stefnumótun og skipulag í breytilegu alþjóðlegu umhverfi. Hönnun skipulags með tilliti til samkeppnisfærni og tækni. Breytingar skipulagsheilda: flokkun og form, fæðing, vöxtur, hnignun og dauði. Ákvarðanataka, lærdómur, þekkingarstjórnun og upplýsingatækni. Nýsköpun, frumkvöðlar og sköpunarkraftur.
30% Hópverkefni - Skipt verður í 6 manna hópa. Hver hópur skal velja sér eitt fyrirtæki og vinnur svo með það í 4 mismunandi verkefnum í dæma- og umræðutímum. Öllum fjórum verkefnunum er síðan skilað í einni möppu, þar sem jafnframt er gerð grein fyrir fyrirtækinu. -10% Þátttaka í umræðum og hópstarfi - Umræðutímar, alls skulu hópar mæta í alls í 5 skipti, aðra hvora viku. Nemendur eru hvattir til að mæta vel. Mæta þarf í 4 af 5 skiptum til að fá fullt mat fyrir þennan þátt í lokaeinkunn. -60% Skriflegt lokapróf (engin gögn leyfð) -Uppfylla þarf skilyrði um 5,0 í einkunn á lokaprófinu til að nemendur fái reiknaða einkunn fyrir þátttöku í umræðutímum (10%) og hópvinnu (30%) inní heildareinkunn fyrir námskeiðið.

**VIÐ204G • Rekstrarbókhald • (6e) • Vor • 4f + 1d**
Kennari: Bjarni Frímann Karlsson Lektor
Kynning á rekstrarbókhaldi. Kynnt verða fjölmörg kostnaðarhugtök og kostnaðargreining (núllpunktsgreining). Farið yfir helstu aðferðir við bókun framleiðslukostnaðar og skiptingu óbeins kostnaðar. Munurinn á rekstrarreikningi út frá aðferð fjárhagsbókhalds og með framlegðarútreikningi. Áætlanagerð, staðalbókhald og frávikagreining. Frammistöðumat deilda og afurða og skipting kostnaðar. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa góðan skilning á mikilvægi rekstrarbókhalds við ákvarðanatöku um rekstur fyrirtækja.
Stöðupróf á miðju misseri gildir 20%. Lokapróf gildir 80%.

**VIÐ205G • Markaðsfærsla þjónustu • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Friðrik Eysteinsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum grundvallaratriði í þjónustufræðum, s.s. eiginleika þjónustu, sérstök vandamál sem tengjast þjónustu og með hvaða hætti þessi atriði hafa áhrif á markaðsfærslu þjónustu og þjónustulausna. Fjallað er um eðli og eiginleika þjónustu, þjónustuþríhyrninginn, þjónustugapið, kauphegðun í þjónustu, væntingar og skynjun ásamt mikilvægi þess að byggja upp varanlegt samband við viðskiptavini. Einnig er fjallað um hönnun þjónustu, staðla og viðmið, umgjörð þjónustu, hlutverk viðskiptavinar í árangursríkri þjónustuframkvæmd, hlutverk starfsfólks í árangursríkri þjónustuframkvæmd, jafnvægi framboðs og eftirspurnar þegar þjónusta er annars vegar, verðlagningu og hvað ber að hafa í huga þegar mótuð er kynningarstefna fyrir þjónustulausnir. Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja grundvallaratriði þjónustufræða
- Kunna skil á sérstökum viðfangsefnum sem tengjast þjónustu
- Þekkja þjónustuþríhyrninginn og gæðalíkan þjónustu
- Geta skilgreint hlutverk viðskiptavina og starfsfólks í árangursríkri þjónustuframkvæmd
- Kunna skil á atriðum er tengjast hönnun þjónustu og þjónustustefnu
- Geta úrfært einfalda kynningaráætlun fyrir þjónustulausn

Æskileg undirstaða: Inngangur að markaðsfræði (VIÐ101G)
Skriflegt próf 70%, verkefni 30%, skilaskylda.

**VIÐ238G • NMV - Inngangur að fjárhagsbókhaldi • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Bjarni Frímann Karlsson Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kynna grundvallaratriði fjárhagsbókhalds og ársreikningsins. Eðli tvíhliða bókhalds skýrt út frá bókhaldsjöfnunni. Reglugrunnur reikningshalds: forsendur, grundvallarreglur og hugtök. Lagaumhverfið. Form ársreiknings og rökrænt samhengi milli kaflanna í honum. Hvað hefur áhrif á eigið fé? Kynntar helstu aðferðir við greiningu ársreikninga, einkum kennitöluútreikningar. Nemendur leysa fjölmörg verkefni í gerð einfaldra ársreikninga og kennitölugreiningu.
Lokapróf gildir 100%

**VIÐ239G • NMV - Markaðsfærsla þjónustu • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum grundvallaratriði í þjónustufræðum, s.s. eiginleika þjónustu, sérstök vandamál sem tengjast þjónustu og með hvaða hætti þessi atriði hafa áhrif á markaðsfærslu þjónustu og þjónustulausna. Fjallað er um eðli og eiginleika þjónustu, þjónustuþríhyrninginn, þjónustugapið, kauphegðun í þjónustu, væntingar og skynjun ásamt mikilvægi þess að byggja upp varanlegt samband við viðskiptavini. Einnig er fjallað um hönnun þjónustu, staðla og viðmið, umgjörð þjónustu, hlutverk viðskiptavinar í árangursríkri þjónustuframkvæmd, hlutverk starfsfólks í árangursríkri þjónustuframkvæmd, jafnvægi framboðs og eftirspurnar þegar þjónusta er annars vegar, verðlagningu og hvað ber að hafa í huga þegar mótuð er kynningarstefna fyrir þjónustulausnir. Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja grundvallaratriði þjónustufræða
- Kunna skil á sérstökum viðfangsefnum sem tengjast þjónustu
- Þekkja þjónustuþríhyrninginn og gæðalíkan þjónustu
- Geta skilgreint hlutverk viðskiptavina og starfsfólks í árangursríkri þjónustuframkvæmd

- Kunna skil á atriðum er tengjast hönnun þjónustu og þjónustustefnu
- Geta úrfært einfalda kynningaráætlun fyrir þjónustulausn

**VIÐ240G • NMV - UI - tölvunotkun og töflureiknir • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Ársæll Valfells Lektor
Í námskeiðinu er gert ráð fyrir að nemendur hafi gott vald á notkun algengustu forrita í einkatölvum (Word, PowerPoint, Excel, Outlook). Námskeiðinu er skipt í verklegan- og fræðilegan hluta. Þungamiðja verklega hlutans er notkun á töflureikni (Excel) í verkefnum sem ætla má að komi nemendum að gagni í öðrum greinum námsins og í starfi síðar meir. Meðal annars verður kennd notkun Excel við fjármálaútreikninga og gerð rekstrarlíkana svo og inngangur að forritun í kerfinu VBA. Í fyrirlestrum verður leitast við að gefa nemendum yfirsýn yfir tölvunotkun í fyrirtækjum og innsýn í fræðilegar hliðar tölvunotkunar og þá þætti sem máli skipta í fjárfestingu og rekstri tölvukerfa.

**VIÐ241G • NMV - Sameiginlegur vettvangur fyrir nemendur • (3e) • Vor**
Vettvangur fyrir nemendur til samskipta.

**VIÐ242G • NMV - Inngangur að fjármálum • (6e) • Vor**
Yfirlit yfir viðfangsefni fjármálastjórnunar og efni fjármálafræða. Kynning á fjármagnsmarkaði,kostum um rekstrarform fyrirtækja og á reglum um tekjusköttun fyrirtækja. Kynning á kenningu um ákvörðun markaðsvirðis verðbréfa. Samning fjárhagsáætlana (greiðsluáætlanir, áætlanir um rekstrarafkomu og um þróun fjárhagslegrar stöðu). Einfaldar aðferðir við mat fjárfestingakosta. Fjárbinding í veltufjármunum. Öflun skammtímalána. Alþjóðleg fjármál.

**VIÐ243G • NMV - Rekstrarstjórnun • (6e) • Vor**
Rekstrarstjórnun. Líkanagerð. Skipulag framleiðslu. Samkeppnisstaða. Framleiðni. Þróun afurða. Afkastageta. Verksmiðjustaðsetning. Val á rekstrarkerfi. Eiginleikar mismunandi framleiðslukerfa; samfellt flæði, verkstæði, seríuframleiðsla, blanda kerfi, framleiðslulína háð vél, framleiðslulína háð starfsmanni, þjónustuverkstæði, fjöldaþjónusta og þjónusta sérfræðinga. Verksmiðjuskipulagning. Skipulagning vinnustöðva. Vinnurannsóknir. Markmið námskeiðsins er að kenna nemendum að nota ýmis líkön til að bæta rekstur framleiðslufyrirtækja. Nemendur fá þjálfun í að nota líkönin og er lögð áhersla á notkun EXCEL. Nemendur leysa verkefni,sem eru kynnt og rædd í tímum.

**VIÐ244G • NMV - Fjármál II • (6e) • Vor**
Framhald af Fjármálum I. Kenningar um samval verðbréfa og um verðmyndun hlutabréfa. Fjármagnskostnaður. Áhrif fjármögnunar á virði fyrirtækja. Aðferðir við mat fjárfestinga, sem haldnar eru óvissu. Fjármagnsskömmtun og val fjárfestinga. Arðgreiðslustefna hlutafélaga. Helstu gerðir hlutafjár og langtímalánsfjár. Fjármögnunarleiga. Vilnanir. Samruni hlutafélaga. Fyrirtæki í fjárþröng, fjárhagsleg endurskipulagning hlutafélaga. Fjárhagsleg viðfangsefni milliríkjaviðskipta. Verkefni.

**VIÐ245G • NMV - Tölfræði B • (6e) • Vor**
Markmið námskeiðsins er að nemendur þjálfist í að nota tölfræðilegar aðferðir til að greina viðfangsefni og við ákvörðunartöku. Efni: Þáttur tölfræði í ákvörðunartöku, ákvörðunartré, stikalaus próf, margvítt aðhvarf, fervikagreining, tímaraðir og spálíkön, úrtaksaðferðir, hönnun markaðs- og skoðanakannana, ákvörðunarfræði. Notkun Excel.

**VIÐ301G • Fjármál I • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Vilhjálmur Bjarnason Lektor
Yfirlit yfir viðfangsefni fjármálastjórnunar og efni fjármálafræða. Kynning á fjármagnsmarkaði,kostum um rekstrarform fyrirtækja og á reglum um tekjusköttun fyrirtækja. Kynning á kenningu um ákvörðun markaðsvirðis verðbréfa. Samning fjárhagsáætlana (greiðsluáætlanir, áætlanir um rekstrarafkomu og um þróun fjárhagslegrar stöðu). Einfaldar aðferðir við mat fjárfestingakosta. Fjárbinding í veltufjármunum. Öflun skammtímalána. Alþjóðleg fjármál.

**VIÐ302G • Lögfræði A - almenn viðskiptalögfræði • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Ingjaldur Hannibalsson Prófessor
Kennari: Haukur Örn Birgisson
Í þessu námskeiði verður farið yfir helstu svið laga og réttar sem varða rekstur fyrirtækja og viðskipti. Tilgangur námskeiðsins er að undirbúa nemendur undir viðfangsefni sem líkleg eru til þess að verða á vegi þeirra í störfum í viðskiptalífinu. Lögð er áhersla að nemendur öðlist þekkingu til þess að geta greint lögfræðileg úrlausnarefni og tekið á þeim áður en þau verða að lögfræðilegum vandamálum. Helstu viðfangesefni verða eftirfarandi: 1) Fjallað verður um samninga; tilurð þeirra, túlkun og gildi, helstu reglur um lausfjár- og fasteignakaup og úrræði samningsaðila vegna galla og annarra vanefnda. 2) Fjallað verður um lagareglur um tjón og skaðabætur í atvinnurekstri 3) Fjármögnun fyrirtækja og lánveitingar, þ. á m. um viðskiptabréfareglur, veðsetningar ofl. 4) Greiðsluerfiðleikar, nauðasamningar, og gjaldþrotaskipti 5) Skipulag og rekstur fyrirtækja, ábyrgð og skyldur stjórnenda, og réttarstaða starfsmanna 6) Neytendavernd og samkeppnislöggjöf 7) Hugverkaréttindi 8) Helstu reglur á verðbréfamarkaði.

**VIÐ303G • Utanríkisverslun • (6e) • Haust • 1f + 2u**
Kennari: Ingjaldur Hannibalsson Prófessor
Grunnkenningar um milliríkjaviðskipti. Utanríkisverslun Íslendinga. Viðskiptajöfnuður og alþjóðlegt fjármálakerfi. Alþjóðlegar stofnanir. Umhverfi, lög og menning. Ný markaðssvæði. Starfsemi fjölþjóðafyrirtækja. Upphaf milliríkjaviðskipta. Upplýsingaöflun. Alþjóðlegt markaðsstarf. Útflutningur þjónustu og mótkaup. Fjármögnun milliríkjaviðskipta. Skipulag alþjóðlegrar starfsemi. Markaðir í Ameríku, A.-Asíu og þróunarlöndum. Nemendur vinna verkefni, sem eru kynnt og rædd. Í hverri viku ræða nemendur dæmisögur um raundæmi undir leiðsögn kennara.
Þátttaka í umræðum í tímum 10%, Verkefni 20%, Lokapróf (lokuð bók) 70%. Þeir sem ljúka prófi í Utanríkisverslun í desember 2009 og janúar 2010 fá einkunnir fyrir þátttöku í umræðum, og verkefni í samræmi við frammistöðu á haustmisseri 2009.

**VIÐ304G • Markaðsfræði I (u) • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Jón Snorri Snorrason
Markmið: Kynna nemendum fræðileg hugtök og kenningar varðandi markaðssetningu frá sjónarhóli ferðamálafræðinnar auk þess að veita innsýn í faglegt markaðsstarf. Viðfangsefni: Grundvallaratriði markaðsfræðinnar. Markaðssetning og markaðssetningarferillinn, áhrif umhverfis og aðstæðna, grundvallarstefnumótun, söluráðar og samval þeirra. Fyrirkomulag: Fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna, Tungumál: Kennt er á íslensku, en verkefnum og skriflegum prófsvörum má skila hvort sem er á íslensku og/eða ensku.
Um er að ræða eitt hópverkefni og m.v. að 4-5 séu í hverjum hóp. Flutningur verkefna fer fram í síðustu 2-3 tímunum.

**VIÐ305G • Tölfræði A • (6e) • Haust • 4f + 2æ**
Kennari: Snjólfur Ólafsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að byggja traustan grunn undir notkun tölfræði í öðrum námskeiðum, í starfi og í daglegu lífi, og að gera nemendur talnagleggri. Efni: Lýsandi tölfræði. Líkindafræði: atburðir, líkur, hendingar, helstu dreifingar. Ályktunartölfræði. matsaðferðir, tölfræðileg próf. Línulegt aðhvarf.

**VIÐ306G • NMV - Rekstrarbókhald • (6e) • Haust**
Kennari: Bjarni Frímann Karlsson Lektor
Kynning á rekstrarbókhaldi. Kynnt verða fjölmörg kostnaðarhugtök og kostnaðargreining (jafnvægisgreining). Farið yfir helstu aðferðir við bókun framleiðslukostnaðar og skiptingu óbeins kostnaðar. Munurinn á rekstrarreikningi út frá aðferð fjárhagsbókhalds og með framlegðarútreikningi. Áætlanagerð, staðalbókhald og frávikagreining. Frammistöðumat deilda og afurða og skipting kostnaðar. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa góðan skilning á mikilvægi rekstrarbókhalds við ákvarðanatöku um rekstur fyrirtækja.
Lokapróf gildir 100%

**VIÐ307G • NMV - Stærðfræði A • (6e) • Haust**
Kennari: Guðmundur Ólafsson Lektor
Mikilvæg atriði úr námsefni framhaldsskóla rifjuð upp. Undirstöðuatriði fylkjareiknings. Föll af mörgum breytistærðum. Hámörkun og lágmörkun með og án hliðarskilyrða. Lagrange aðferðir. Nauðsynleg og nægileg skilyrði. Tegrun. Nemendur sem ekki hafa hlotið góða undirstöðu í stærðfræði í framhaldsskóla er bent á undirbúningsnámskeið í stærðfræði vikuna fyrir upphaf kennslu sem Viðskiptafræðistofnun stendur fyrir. Nemendur í B.S. námi í viðskiptafræði með val A, B,C eða D og B.A. nemendur í hagfræði taki þetta námskeið eða Stærðfræði I, nemendur í hagfræði eða B.S. námi í viðskiptafræði með val F taki Stærðfræði I.

**VIÐ401G • Reikningsskil • (6e) • Vor • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Bjarni Frímann Karlsson Lektor
Námskeiðið er framhald af Inngangi að fjárhagsbókhaldi. Lögð er áhersla á færslutæknileg atriði í bókhaldi og við lokun uppgjörstímabils, niðurfærsla viðskiptakrafna, afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir, birgðamatsaðferðir, afföll og yfirverð á skuldabréfum, ábyrgðarskuldbindingar, tekjuskattsskuldbinding o.fl. Flokkun áhættufjármuna og peningalegra eigna. Sjóðstreymi. Fyrirmæli laga um ársreikninga verða skoðuð rækilega og höfð hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IFRS. Útreikningur tekjuskatts er tekinn til meðferðar. Lögð verða verkefni fyrir nemendur í því skyni að gera þá færa um að semja tiltölulega einfaldan ársreikning. Skilaskylt heimaverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að fjárhagsbókhaldi (VIÐ103G)
Heimaverkefni skilaskylt 15% og skriflegt lokapróf 85%.

**VIÐ402G • Fjármál II • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Kristján Jóhannsson Lektor
Framhald af Fjármálum I. Kenningar um samval verðbréfa og um verðmyndun hlutabréfa. Fjármagnskostnaður. Áhrif fjármögnunar á virði fyrirtækja. Aðferðir við mat fjárfestinga, sem haldnar eru óvissu. Fjármagnsskömmtun og val fjárfestinga. Arðgreiðslustefna hlutafélaga. Helstu gerðir hlutafjár og langtímalánsfjár. Fjármögnunarleiga. Vilnanir. Samruni hlutafélaga. Fyrirtæki í fjárþröng, fjárhagsleg endurskipulagning hlutafélaga. Fjárhagsleg viðfangsefni milliríkjaviðskipta. Verkefni.

**VIÐ403G • Stærðfræði B • (6e) • Vor • 4f + 2æ**
Kennari: Guðmundur Ólafsson Lektor
Námskeiðið er framhald af Stærðfræði A. Því er sérstaklega ætlað að styrkja þá nemendur sem hyggja á framhaldsnám en auk þess styður það við námskeið í fjármálum og fleiri greinum. Efni: Runur og raðir, samleitni, tvinntölur, Taylor og Fourierraðir og notkun þeirra í fjármálum, eigingildi, eiginvektorar og kvaðratísk form, mismunajöfnur og diffrijöfnur, mismuna og diffrijöfnukerfi, Lagrangehámörkun og reglur Kuhn-Tucker. Kennt er á stærðfræðiforrit á borð við Maple V og Mathcad auk þess sem Excel er notað. Námskeiðið verður kennt í tölvuveri eða gert ráð fyrir að nemendur hafi fartölvur.

**VIÐ404G • Rekstrarstjórnun • (6e) • Vor • 4f + 1æ**
Kennari: Eðvald Möller Aðjúnkt
Rekstrarstjórnun. Líkanagerð. Skipulag framleiðslu. Samkeppnisstaða. Framleiðni. Þróun afurða. Afkastageta. Verksmiðjustaðsetning. Val á rekstrarkerfi. Eiginleikar mismunandi framleiðslukerfa; samfellt flæði, verkstæði, seríuframleiðsla, blanda kerfi, framleiðslulína háð vél, framleiðslulína háð starfsmanni, þjónustuverkstæði, fjöldaþjónusta og þjónusta sérfræðinga. Verksmiðjuskipulagning. Skipulagning vinnustöðva. Vinnurannsóknir. Markmið námskeiðsins er að kenna nemendum að nota ýmis líkön til að bæta rekstur framleiðslufyrirtækja. Nemendur fá þjálfun í að nota líkönin og er lögð áhersla á notkun EXCEL. Nemendur leysa verkefni,sem eru kynnt og rædd í tímum.

**VIÐ405G • Tölfræði B • (6e) • Vor • 4f + 2æ**
Kennari: Eðvald Möller Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að nemendur þjálfist í að nota tölfræðilegar aðferðir til að greina viðfangsefni og við ákvörðunartöku. Efni: Þáttur

tölfræði í ákvörðunartöku, ákvörðunartré, stikalaus próf, margvítt aðhvarf, fervikagreining, tímaraðir og spálíkön, úrtaksaðferðir, hönnun markaðs- og skoðanakannana, ákvörðunarfræði. Notkun Excel.

**VIÐ406G • Tjáning og samskipti • (6e) • Vor • 2f + 2æ**
Umsjónarkennari: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Kennari: Helga Elínborg Jónsdóttir
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur: Geti tjáð hug sinn skýrt í töluðu máli, séu öruggir, áheyrilegir og í góðu sambandi við áheyrendur. Geti tjáð sig skýrt og markvisst í rituðu máli. Þekki fræðin um boðmiðlun á vinnumarkaði. Munnleg tjáning: Raddbeiting, framsögn og öndun. Áheyrileiki og samband við áheyrendur. Kvíði og aðferðir til að yfirvinna hann. Skýrt skipulag og efnistök. Tjáning á fundum og í smærri hópum. Skrifleg tjáning: Einföldun upplýsinga, skýrslugerð, gerð ferilskráa, skrif minnisblaða. Boðskiptafræði: Boðskiptamódel, aðgengi og notagildi upplýsinga, notendagreining. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum, halda fyrirlestra, skrifa minnisblöð og skýrslur.
Námskeiðið er kennt á ensku.
Vægi skilaverkefna 100%.

**VIÐ407G • Aðferðafræði • (6e) • Vor • 2f + 2d**
Umsjónarmaður: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Í námskeiðinu er fjallað um vísindalega aðferðafræði, sérstaklega ýmsar rannsóknaraðferðir í viðskiptafræði og framsetningu niðurstaðna. Fjallað er m.a. um gagnaöflun og gagnaúrvinnslu. Áhersla er lögð á verkefnavinnu nemenda.
Æskileg undirstaða: Tölfræði A (VIÐ305G), Tölfræði B (VIÐ405G)
Verkefni 40%. Skilaskylda. Lokapróf 60%.

**VIÐ408G • NMV - Stjórnun og skipulagsheildir • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Efnisatriði: Skipulagsheildir og markvirkni. Hagsmunaaðilar, stjórnendur og viðskiptasiðferði. Stjórnun í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Helstu áskoranir í hönnun skipulagsheilda. Hönnun stjórnskipulags: vald og eftirlit, sérhæfing og samhæfing. Tilurð og stjórnun fyrirtækjamenningar. Stefnumótun og skipulag í breytilegu alþjóðlegu umhverfi. Hönnun skipulags með tilliti til samkeppnisfærni og tækni. Breytingar skipulagsheilda: flokkun og form, fæðing, vöxtur, hnignun og dauði. Ákvarðanataka, lærdómur, þekkingarstjórnun og upplýsingatækni. Nýsköpun, frumkvöðlar og sköpunarkraftur.

**VIÐ409G • NMV - Rekstrarhagfræði II • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Birgir Þór Runólfsson Dósent
Námskeiðið er framhald af Rekstrarhagfræði I. Áhersla er lögð á nemar öðlist bæði víðtækari og dýpri þekkingu á kenningum hagfræðinnar. Það verður gert með því að gera frekari grein fyrir helstu kenningum í rekstrarhagfræði og sýna hvernig nota megi fræðin til að fjalla skipulega um margvísleg mál.

**VIÐ410G • NMV - Fjármál I • (6e) • Vor**
Yfirlit yfir viðfangsefni fjármálastjórnunar og efni fjármálafræða. Kynning á fjármagnsmarkaði,kostum um rekstrarform fyrirtækja og á reglum um tekjusköttun fyrirtækja. Kynning á kenningu um ákvörðun markaðsvirðis verðbréfa. Samning fjárhagsáætlana (greiðsluáætlanir, áætlanir um rekstrarafkomu og um þróun fjárhagslegrar stöðu). Einfaldar aðferðir við mat fjárfestingakosta. Fjárbinding í veltufjármunum. Öflun skammtímalána. Alþjóðleg fjármál.

**VIÐ501G • Skattskil I - einstaklingsskattaréttur • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Kristín Norðfjörð
Kennari: Ásmundur G Vilhjálmsson Aðjunkt
Á námskeiðinu verður farið yfir meginreglur ísl. skattalaga um skattskylda aðila og skattskyldar tekjur þar á meðal hvaða gjöld heimilt er að draga frá þeim. Sérstök áhersla verður lögð á uppgjör tekjuskattsstofna hjá einstaklingum og sjáfstætt starfandi mönnum með úrlausnum á dæmum og raunhæfum verkefnum. Kynnt verður gerð skattframtals einstaklinga og hjóna svo og atvinnurekstrarframtals. Fjallað verður um ákvörðun hvers konar bóta og afslátta frá skatti. Farið verður yfir grundvallarreglur réttarfars í skattamálum, endurákvarðanir á sköttum og afleiðingar af vísvitandi röngum skattskilum. Veitt verður innsýn í meginreglur laga um virðisaukaskatt og tryggingagjald. Að námskeiðinu loknu er við það miðað að námsmaður geti talið fram fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki svo og kært skattákvörðun ef hún er röng að hans mati.

**VIÐ502G • UII - VBA forritun og gagnavinnsla • (6e) • Haust • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Ársæll Valfells Lektor
Kennari: Bergþór Skúlason Stundakennari
Námskeiðið er áframhald á forritun úr Tölvunotkun og töflureiknar. Meginþungi námskeiðs er úrvinnsla gagna, Access gagnagrunnur og VBA forritun í Excel. Einnig er farið kerfisbunið yfir Excel og alla helstu þætti þess og hvernig það nýtist til meðhöndlunar gagna. Námskeiðið byggir á verkefnavinnu, markmiðið er að ná upp hæfni við notkun framangreindra forrita. Nemendur skila verkefnum. Skilaskylda.
Verkefni, skilaskylda, verklegt og skriflegt próf.

**VIÐ503G • Fjármálagerningar • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Haukur Camillus Benediktsson Lektor
Kennari: Trausti Jónsson
Fjallað verður um helstu fjármálagerninga allt frá einföldum vaxtaafurðum yfir í afleiður og verðlagningu þeirra.

**VIÐ504G • Ársreikningagerð A • (6e) • Haust • 4f + 4d**
Umsjónarmaður: Bjarni Frímann Karlsson Lektor

Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Margrét Pétursdóttir
Námskeiðið er ætlað nemendum sem velja F- og R-línu (fjármál- og reikningshald). Farið er ítarlega í gerð ársreikninga hjá hlutafélögum og alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum IFRS/IAS fylgt í meginatriðum. Efnið í RII er dýpkað mjög í þessu námskeiði. Tiltekin álitamál eru tekin sérstaklega fyrir, s.s. innlausn tekna, birgðamat, mat og afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna, virðisrýrnunarpróf, bókun áhættufjármuna og skulda, eigið fé og arðgreiðslur. Verkefni verða lögð fyrir. Skilaskylda á einhverjum þeirra.
Æskileg undirstaða: Reikningsskil (VIÐ401G)
Heimaverkefni - skilaskylda. Lokapróf.

**VIÐ505G • Fjármálamarkaðir • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Vilhjálmur Bjarnason Lektor
Fjallað verður um fjármálamarkaðinn í heild sinni, skipulag og virkni. Einnig verður fjallað um helstu aðila á fjármálamarkaðnum og samspil þeirra.
Æskileg undirstaða: Fjármál II (VIÐ402G)

**VIÐ506G • Verkefnastjórnun • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Eðvald Möller Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái góðan skilning á þætti verkefnastjórnunar í rekstri fyrirtækja og á stjórnun einstakra verkefna. Fjallað verður um hinar ýmsu hliðar verkefnastjórnunar meðal annars notkun upplýsingatækni.

**VIÐ507G • BS-ritgerð í viðskiptafræði • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**VIÐ508G • BS-ritgerð í viðskiptafræði • (12e) • Haust**
Umsjónarmaður: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**VIÐ509G • Stjórnun starfsmannamála • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Árelía Eydís Guðmundsdóttir Dósent
Kennari: Þórunn Auðunsdóttir
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur: Öðlist þekkingu á helstu þáttum sem unnið er að í starfsmannadeildum fyrirtækja, bæði frá fræðilegu og verklegu sjónarhorni. Öðlist skilning á framkvæmd starfsmannamála hjá íslenskum fyrirtækjum. Séu vel undirbúnir til að taka að sér verkefni og umsjón með verkefnum sem snerta starfsmannamál. Efnisatriði: Starfsmannadeild, starfsmannastefna, starfsmannaáætlanir, starfsmat, starfslýsingar, ráðning starfsmanna, kynning nýliða, starfsþjálfun, starfsfræðsla, laun, launakerfi, frammistöðumat, starfsmannasamtöl, sveigjanlegur vinnutími, starfsframi og starfslok. Verkefnavinna og verklegar æfingar í samskiptastjórnun.

**VIÐ510G • Vinnumarkaðurinn og þróun hans • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Lektor
Kennari: Lárus Blöndal Stundakennari
Markmiðið með námskeiðinu er að kynna fyrir viðskiptafræðinemum helstu grunnatriði í vinnumarkaðsfræðum (industrial/employee relations). Fjallað verður um hugtakið vinnumarkaðsfræði, kenningar um vinnumarkaðinn og samskipti aðila vinnumarkaðarins, stofnanauppbyggingu, hlutverk einstakra aðila á vinnumarkaði (verkalýðsfélög, atvinnurekendur og ríkisvald). Rakin verða megineinkenni vinnumarkaða m.a. í Svíþjóð, USA, Japan, Ítalíu, Þýskalandi og Frakklandi. Fjallað um kjarasamninga (fyrirtækja- og vinnustaðasamninga, markaðslaunasamninga), vinnulöggjöf, verkföll og verkfallskenningar, atvinnulýðræði og þátttökustjórnun og hlutverk verkalýðsfélaga í nútíð og fortíð. Rætt verður um alþjóðavæðingu og áhrif hennar á evrópskan vinnumarkað sem og samruna vinnuafls í Evrópu og líkur á heildstæðum evrópskum vinnumarkaði og áhrif fjölþjóðlegra fyrirtæka (MNC's) á evrópskan vinnumarkað. Ennfremur verður rætt um tilkomu mannauðsstjórnunar (HRM). Samtímis verður fjallað um íslenskan vinnumarkað.
Lokapróf 70% og skilaverkefni 30%.

**VIÐ511G • Markaðsrannsóknir • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Auður Hermannsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum hlutverk markaðsrannsókna í markaðsáætlana gerð og efla færni þeirra við að undirbúa, framkvæma og vinna úr gögnum sem nýst geta sem markaðsupplýsingar. Fjallað er um markaðsrannsóknaferlið og mismunandi tegundir og aðferðir markaðrannsókna.
Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja vel aðferðafræði markaðsrannsókna
- Þekkja vel muninn á megindlegum og eigindlegum aðferðum og frumgögnum og fyrirliggjandi gögnum.
- Geta undirbúið, framkvæmt og unnið úr viðhorfskönnun.
- Geta notað tölfræðilegar aðferðir við úrvinnslu gagna og nýtt sér SPSS við þá vinnu.

Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að markaðsfræði (VIÐ101G) eða Markaðsfræði I (u) (VIÐ304G)

Annað vægi er þátttökueinkunn.

**VIÐ512G • Viðskipti og alþjóðasamskipti • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Námskeiðinu er ætlað að búa nemendur undir að starfa á vettvangi alþjóðaviðskipta, efla menningarlæsi þeirra og aðlögunarhæfni. Markmið námskeiðsins eru að nemendur: Þekki og geti beitt helstu kenningum um menningarlegan mismun og fjölbreytni. Hafi skilning á og séu meðvitaðir um eigin menningu, verðmætamat og viðhorf og áhrif þeirra á samskipti og hegðun. Hafi skilning á og geti greint vinnumenningu og þjóðmenningu. Hafi skilning á viðskiptum í fjölmenningarlegu samfélagi og samskiptum ólíkra hópa. Geti aðlagað sig að fjölbreyttum aðstæðum og átt samskipti við einstaklinga og hópa frá ólíkri menningu. Nemendur taka þátt í fjölmenningarlegri hópvinnu, flytja fyrirlestra og skrifa skýrslur. Öll kennsla og samskipti í námskeiðinu fara fram á ensku.

**VIÐ513G • Vöruauðkenni og viðskiptatengsl • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Friðrik Eysteinsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að nemandinn þekki vel til mótunar markaðsstefnu og tengsl þeirrar stefnu við greiningu á markaðstækifærum annars vegar og útfærslu markaðsáætlunar hins vegar. Sérstök áhersla er á stjórnun vöruauðkenna (Brand Management) og viðskiptatengsla (Relationship Marketing). Fjallað er um staðfærslu og tengsl staðfærslu við markhópagreiningu og val markhópa. Um mikilvægi vöruauðkennis og mótun vörumerkjastefnu. Fjallað um viðskiptatengsl og stjórnun viðskiptatengsla. Eftir námskeiðið eiga nemendur að:
Þekkja grundvallaratriði við mótun markaðsstefnu
Þekkja grundvallaratriði við mótun vörumerkjastefnu
Þekkja grundvallaratriði við stjórnun viðskiptatengsla
Geta tekið þátt í að móta stefnu fyrir vöruauðkenni
Geta tekið þátt í að móta stefnu í stjórnun viðskiptatengsla
Verkefni, skilaskylda. Einstaklingsverkefni (15%) Hópverkefni (2*15%), Lokapróf (55%).

**VIÐ601G • Lögfræði B - þættir úr fjármálalögfræði • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Ingjaldur Hannibalsson Prófessor
Kennari: Árni Sigurjónsson Stundakennari
Námskeiðið fjallar um lagaleg viðfangsefni sem snerta fjármál fyrirtækja og fjármálamarkaði. Skiptist námskeiðið í þrjá hluta. Í fyrsta hluta verður farið ítarlega yfir löggjöf um verðbréfaviðskipti, kauphallir og skipulagða tilboðsmarkaði, verðbréfasjóði og fjármálafyrirtæki. Í öðrum hluta verður fjallað um lögfræðileg viðfangsefni sem tengjast kaupum og sölum fyrirtækja, þ. á m. um samningaferli og samningagerð, söluaðferðir, áreiðanleikakannanir, samkeppnisréttarleg sjónarmið o.fl Í þriðja hluta verður fjallað um ýmsar gerðir samninga og skjala sem mikið reynir á á fjármálamarkaði, þar á meðal lánasamninga, kaupsamninga, og hluthafasamninga. Ákvæði þeirra verða útskýrð og fjallað um atriði sem hafa verður í huga við gerð þeirra og samningu.

**VIÐ602G • Alþjóðamarkaðsfræði og markaðsáætlanir • (6e) • Vor • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Friðrik Eysteinsson Aðjunkt
Umfjöllunarefni námskeiðsins er alþjóðamarkaðsfræði og gerð markaðsáætlana. Farið ítarlega í þau viðfangsefni sem tengjast markaðsstarfi á alþjóðavettvangi. Ennfremur er farið ítarlega í þá aðferðafræði sem tengist gerð markaðsáætlunar, allt frá greiningu markaðstækifæri til framkvæmdaáætlunar. Fjallað er um aðferðir við að greina stöðu vöru á markaði hvernig móta á markaðsstefnu og hvernig samvali markaðsráða skuli háttað. Nemendur vinna markaðsáætlun fyrir vöru eða þjónustu, 3-4 í hóp og er ætlað að koma sjálfir með tillögu að verkefnum sem þeir vinna undir handleiðslu kennara.

**VIÐ603G • Ársreikningagerð B • (6e) • Vor • 4f + 4d**
Umsjónarmaður: Bjarni Frímann Karlsson Lektor
Námskeiðið er ætlað nemendum sem velja F- og R-línuna (fjármál- og reikningshald) og er beint framhald af Ársreikningagerð A. Tiltekin álitamál við reikningsskil eru tekin fyrir, s.s. tekjuskattur og skattskuldbindingar, lífeyrisskuldbindingar, eftirlaunasamningar, leigusamningar, leiðréttingar vegna breyttra reikningsskilareglna, sjóðstreymi og innihald skýringa. Auk þess verður farið í kennitölugreiningu og valrétti. Einni viku verður varið til kynningar á innihaldi M.Acc. námsins, einkum endurskoðunargreina. Verkefni verða lögð fyrir. Skilaskylda á einhverjum þeirra.
Æskileg undirstaða: Ársreikningagerð A (VIÐ504G)
Heimaverkefni og lokapróf.

**VIÐ604G • Stýring fjármálasafna • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Gylfi Magnússon Dósent
Fjallað verður um þá aðferðafræði sem liggur að baki ákvarðanatöku fjárfesta og fyrirtækja við myndun og stýringu eigna- og skuldasafna. Áhættustýring fyrirtækja verður einnig tekin fyrir.

**VIÐ605G • BS-ritgerð í viðskiptafræði • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**VIÐ606G • BS-ritgerð í viðskiptafræði • (6e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í

kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**VIÐ607G • BS-ritgerð í viðskiptafræði • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**VIÐ608G • BS-ritgerð í viðskiptafræði • (12e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Nemendur eiga að skila rannsóknaráætlun til umsjónarmanns lokaritgerða. Síðustu skiladagar fyrir rannsóknaráætlanir eru í maí, fyrir útskrift í október 2009, í september, vegna útskriftar í febrúar 2010, í febrúar vegna útskriftar í júní 2010 og í maí, vegna útskriftar í október 2010. Í kjölfar þess að nemendur skila rannsóknaráætlun fá þeir úthlutað leiðbeinanda úr hópi fastra kennara deildarinnar. Heimilt er að prófa stúdent munnlega úr efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn.

**VIÐ609G • Stefnumótun fyrirtækja • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:
· Öðlist þekkingu og skilning á helstu kenningum stefnumótunar og stefnumiðaðrar stjórnunar.
· Geti leyst á sjálfstæðan hátt leyst atvikaverkefni (case) með hjálp kenninganna.
· Öðlist góðan undirbúning undir stjórnunar- og sérfræðistörf í fyrirtækjum og stofnunum.
Litið er á viðfangsefni fyrirtækjarekstrar svo og reksturs hins opinbera frá hinu víða sjónarhorni forstjóra og stjórnar sem hljóta að hafa alla skipulagsheildina í takinu í senn, andstætt eðlislægum sjónarmiðum starfslega sérhæfðra stjórnenda svo sem stjórnenda innkaupa, vinnslu, sölu og fjármála. Stefnumarkandi niðurstaða kveður m.a. á um þá atvinnugrein/greinar, sem skulu vera vettvangur fyrirtækisins, samkeppnistækin, sem leggja skuli áherslu á, og markmiðin, sem að skal stefnt. Við stefnumótunarvinnu reynir m.a. á öflun þekkingar á tækifærum og hættum í umhverfi fyrirtækisins, mat á styrkleika þess og vanmætti og mat á tilvist sérstæðra yfirburða, enda sé jafnframt tekin afstaða til persónulegra gilda forráðamanna og til samfélagslegra óska, sem að fyrirtækinu beinast. Við framkvæmd stefnu reynir m.a. á hönnun sérstæðs stjórnskipulags, hönnun upplýsinga- og eftirlitskerfa og hönnun hvatningarkerfa. Horft er bæði til forskriftarkenninga og birtingarkenninga við stefnumótunarvinnu.
Einstaklingsverkefni og hópverkefni (40%), skriflegt próf (60%).

**VIÐ611G • Skapandi atvinnuvegir • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Margrét Sigrún Sigurðardóttir Aðjúnkt
Markmið námsskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á sérstöðu skapandi atvinnugreina og lista sem hvorutveggja eru háð styrkjum til framfærslu sinnar á sama tíma og hluti af sömu greinum eru í arðbærum rekstri. Jafnframt verður framtíð skapandi atvinnugreina skoðuð í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar ekki síst í formi starfrænnar dreifingar.
Kennslan mun fara fram í formi fyrirlestra og umræðutíma og verða gestafyrirlestrar og kynningar fyrirtækja í skapandi atvinnugreinum eftir efnum.
Hópverkefni 40% og heimapróf 60%.

**VIÐ101F • Þættir í aðferðafræði • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Lektor
Kennari: Margrét Sigrún Sigurðardóttir Aðjúnkt
Kennari: Auður Hermannsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum þverfaglega yfirsýn yfir algengustu aðferðir, sem notaðar eru til að greina gögn um einstaklinga og skipulagsheildir, í tengslum við lausn viðskiptafræðilegra verkefna. Nemendur munu fá þjálfun í skilgreiningu vandamála, gerð rannsóknaráætlunar, skipulagningu gagnasöfnunar og úrvinnslu gagna. Nemendur munu kynnast veikum og sterkum hliðum aðferðanna þannig að þeir geti valið þá aðferð, sem best hentar til að leysa tiltekið vandamál.

**VIÐ102F • Mannauðsstjórnun • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Lektor
Námskeiðið miðar að því að gera nemendum kleift að tileinka sér nýjustu og helstu kenningar á sviði mannauðsstjórnunar, að nemendur öðlist skilning og þjálfun í notkun helstu kenninga í stjórnun mannauðs. Kenningum um mannauðsstjórnun er gerð ítarleg skil. Rætt verður um sálfræðilega samninginn og breytingar á honum. Ennfremur verður rætt um starfsþróunarferlið, frá ráðningu til starfsloka (human resource cycle). Hluti GDA skiptist í 4 svið: 1. HRM og samhengið við skipulagsheildir 2. HRM og samhengið við vinnumarkaðinn (frá áætlanagerð til ráðningar og valsstarfsmanna) 3. Samskipti á vinnustað (réttindi og skyldur á vinnumarkaði, árangursstjórnun, þátttökustjórnun, mannauðsstjórnun í opinbera geiranum) 4. Alþjóðleg mannauðsstjórnun.

**VIÐ103F • Inngangur að rekstri • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Bolli Héðinsson Stundakennari
Markmiðið með námskeiðinu er að gefa nemendum breiða og haldgóða innsýn í ýmsar forsendur og lögmál sem nauðsynlegt er að þekkja við stjórnun og rekstur bæði fyrirtækja og stofnana. Námskeiðið er tvískipt þar sem annar hlutinn miðar að því að gefa innsýn í viðfangsefni rekstrarhagfræðinnar og hinn hlutinn viðfangsefni stjórnunar. Námskeiðið er valnámskeið fyrir meistaranema í mannauðsstjórnun og opið meistaranemendum í öðrum deildum. Það er sérstaklega sniðið að þörfum meistaranemenda sem hafa tekið fá eða engin námskeið í hagfræði eða stjórnun í grunnnámi. Nemendur í MS námi í Viðskipta- og hagfræðideild geta ekki nýtt einingar fyrir þetta námskeið sem hluta af MS námi sínu.
Einkunn fyrir stjórnunarhluta námskeiðsins er gefinn fyrir heimapróf sem haldið er fyrri hluta námskeiðsins.

**VIÐ107F • Skipulag og stjórnun • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Árelía Eydís Guðmundsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í þverfaglegan grundvöll stjórnunar og stefnumótunar. Einnig gera þeim kleift að tileinka sér nokkrar af helstu aðferðum, kenningum og líkönum sem ætlað er að skapa grundvöll fyrir skilning og getu til að takast á við stefnumiðaða stjórnun í ólíkum skipulagsheildum. Helstu viðfangsefni: Ólíkar og í sumum tilvikum þverfaglegar kenningar og myndlíkingar er varða stjórnun og stefnumótun skipulagsheilda (frá atferli einstaklings til stöðu skipulagsheildar innan samfélagsins). Farið er m.a. yfir kenningar og líkön er varða breytingar, lærdóm, skynjun, hvatningu, tákn, hefðir, boðmiðlun, umboð, reglur, skipulag, stofnanir, áætlanir, þróun, þekkingu og færni í stjórnun skipulagsheilda.
Fræðileg og þverfagleg verkefni (40%), próf (60%).

**VIÐ108F • Þættir í tölfræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Snjólfur Ólafsson Prófessor
Æskilegt er að nemendur kunni skil á þeirri tölfræði og stærðfræði sem kennd er á fyrsta ári í hagfræðideild. Í námskeiðinu er farið fræðilega yfir hið línulega aðfallslíkan (e. linear regression model) og notkun þess við hagmælingar lýst. Sérstök áhersla er lögð á að lýsa þeim vandamálum sem upp koma í hagfræðilegri greiningu vegna misdreifni, sjálffylgni, innri stærða (e. endogeneity) og fjöllínuleika (e. multicollinearity). Þá verður farið yfir aðferð hámarkssennileika og líkön þar sem háða breytan er takmörkuð (e. limited dependent variables) og grundvallaratriði tímaraðafræða (e. time series analysis). Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér notkun tölfræðiforrita og nái færni í að túlka niðurstöður rannsókna sinna og annarra. Að námi loknu eiga nemendur að vera færir um að nota grunnaðferðir hagrannsókna í sinni eigin þágu og að geta lesið og skilið fræðileg skrif sem nýta þessa aðferðafræði.
Lokapróf sem haldið er í desember gildir 70% af lokaeinkunn. Að auki verða lögð fyrir þrjú verkefni sem gilda 30% af lokaeinkunn. Í þessum verkefnum er lögð áhersla á beitingu aðferða á raunveruleg gögn af ýmsu tagi.

**VIÐ110F • Markaðsáherslur og markaðshneigð • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum góða innsýn í markaðsfræði sem fræðigrein og sýna fram á hvaða möguleika sérhæfð þekking á sviði markaðsfræði veitir fyrirtækjum og einstaklingum við lausn markaðsmála.
Áhersla er á markaðsfræði sem vísindi, rannsóknir varðandi kauphegðun neytenda og hvernig nýta má þekkingu á ákvörðunartöku, væntingum, og skynjun neytenda við markaðssetningu vara og þjónustu.
Verkefni námskeiðsins miða að því að efla hagnýta þekkingu nemenda þar sem leitast verður við að tengja kenningar við markaðssetningu og ákvörðunartöku á fyrirtækja- og neytendamarkaði.
1. hluti: Markaðsfræðin sem vísindi og forsendur og ávinningur markaðshneigðar.
2. hluti. Ýmsar aðferðir við markaðsfærslu og markaðsgreiningu.

**VIÐ111F • Greining ársreikninga • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Einar Guðbjartsson Dósent
Í þessu námskeiði er fjallað um nokkra þætti í greiningu ársreikninga. Sérstaklega er skoðað mat á virði fyrirtækja og áhættu í rekstri og áhrif ýmissa fjárhagslegra eigna og skuldbindinga sem ekki er getið í efnahagsreikningi. Einnig verður leytast við að bera saman gengi hlutabréfa á markaði og því virði sem færst með greiningu og útreikningum skv. ákveðnum reiknireglum og kenningum.
90% lokapróf og 10% skilaverkefni.

**VIÐ112F • Stjórnun og forysta • (6e) • Haust • 4f**

Kennari: Inga Jóna Jónsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur dýpki þekkingu og skilning á helstu kenningum um stjórnun og forystu og kynni sér skrif þekktra fræðimanna.
Í byrjun er fjallað um lykilhugtökin stjórnun og forystu. Leitast verður við að svara spurningum eins og: Hvað er forysta? Er munur á stjórnun og forystu? Nemendur munu kynna sér og ræða kenningar og framlag nokkurra þekktra kennismiða til stjórnunarfræðanna. Farið verður yfir hinar mismunandi nálganir eða kenningar sem þróast hafa um forystu.
Í framhaldinu verður áherslan á kenningar um leiðtogann og um fylgjendur. Athyglinni verður beint að þáttum eins og persónueinkennum, völdum og áhrifum og þeim áskorunum sem stjórnendur og leiðtogar standa frammi fyrir og hvernig bregðast má við. Þá verður skoðað hvernig greina megi fylgjendur og virkja fólk til liðs við sig í að ná árangri.
Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir s.s. fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna. Þá er markmiðið að nemendur fái tækifæri til að hlýða á reynslusögur gesta úr atvinnulífinu er tengjast stjórnun og forystu í fyrirtækjum og stofnunum.
Þátttaka og virkni í umræðutímum og skil á ritlingi um grein eða hluta námsefnis, hópvinnuverkefni, lokapróf..

**VIÐ113F • Fjármögnun fyrirtækja • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Kristján Jóhannsson Lektor
Kennari: Árni Jón Árnason
Efnisþættir: Valdir þættir úr Fjármálum II BS náms, en dýpri sbr. Brealey and Myers. Fjármögnun til langs tíma (Debt financing). Fjármögnun til skamms tíma (Short-term financial decisions). Aðrir þættir. (Arðgreiðslustefna, fjármagnsskipan, fyrirtæki í fjárþröng).

**VIÐ114F • Eignastýring og verðlagning • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Gylfi Magnússon Dósent
Kennari: Vigdís Wangchao Bóasson
Efnisþættir: Helstu kenningar um verðmyndun verðbréfa, Markowitz-líkanið, kvik bestun eignasafna, árangurs- og áhættumælingar, skilvirkni markaða, atferlisfjármál. Mikil áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér hina tæknilegu hlið námsefnisins, þ.e. séu færir um að setja fram þau vandamál sem glímt er við með skipulegum hætti og geti notað þær reiknireglur sem til þarf við lausn þeirra. Námskeiðið byggir að nokkru á BS námskeiðinu Stýring fjármálasafna (eða forvera þess Fjármál - eignastýring) og ætlast er til að nemendur hafi annað hvort tekið það eða sambærilegt námskeið áður eða tileinki sér námsefni þess samhliða námsefni þessa námskeiðs.

**VIÐ115F • Afleiður og áhættustýring • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Umsjónarkennari: Haukur Camillus Benediktsson Lektor
Þetta námskeið tekur á eftirfarandi þáttum. Tegundir afleiða og afleiðumarkaðir. Slembið eðli eignaverða og Wiener ferlið. Grunnatriði slembireiknings, Markov eiginleikinn, martingale eiginleikinn, Brownian ferli, slembin heildun, slembnar diffurjöfnur og setning Ito's. Útleiðsla á Black-Scholes líkaninu, grunnforsendur og gallar. Útleiðsla á verðmæti kaup- og sölurétta. Útleiðsla á grikkjunum. Afleiðuvarnir og áhættustýring. Amerískir valréttir, exótískir valréttir og valréttir sem eru háðir verðferli undirliggjandi eignar. Mat á flökti.

**VIÐ116F • Alþjóðamarkaðssetning • (6e) • Haust • 2f + 1v + 1h**
Umsjónarmaður: Ingjaldur Hannibalsson Prófessor
Kennari: Gunnar Óskarsson Stundakennari
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu og skilning til að takast á við verkefni, sem fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum þurfa að sinna. Farið er í kenningar og líkön sem nota má til að skýra hegðun fyrirtækja í milliríkjaviðskiptum og til að spá fyrir um árangur. Notuð verða greiningardæmi (case) og greinar úr viðurkenndum tímaritum. Auk þess munu nemendur vinna raunhæft verkefni sem unnið er í samstarfi við Úflutningsráð Íslands. Með vinnslu verkefnisins fá nemendur þjálfun í að framkvæma markaðsrannsókn og velja markaði og inngönguaðferð á erlenda markaði. Kynntir verða helstu gagnagrunnar sem hægt er að nota varðandi markaðsrannsóknir í alþjóðamarkaðssetningu og farið yfir hvernig hugbúnaðarlausnir geta nýtst til að gera áætlanagerðina fljótvitkari, faglegri og markvissari. Á námskeiðinu er gert ráð fyrir mikilli virkni nemenda í umræðum. Helstu efnisþættir námskeiðsins eru; val á mörkuðum, inngönguaðferðir, ákvörðun um val á markaðsaðgerðum og stjórnun og eftirlit.

**VIÐ117F • Samskipti á vinnumarkaði • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Lektor
Kennari: Steinunn Inga Stefánsdóttir
Kennari: Katrín Pálsdóttir
Markmið þessa námskeið er að veita nemendum í meistarnámi í mannauðsstjórnun innsýn inn í þau atriði sem mynda samskipti á vinnumarkaði út frá þverfaglegri nálgun (employee relations, personnel economics, conflict resolution). Fjallað verður um beitingu launakerfa við mannauðsstjórnun. Í þessum þætti námskeiðsins verður fjallað um launamyndun frá sjónarhóli fyrirtækja eingöngu og ekki tekið tillit til verkalýðsfélaga og launakrafna starfsfólks. Í öðrum þætti námskeiðsins verður athyglinni einnig beint að verkalýðsfélögum og stofnunum vinnumarkaðarins. Að síðustu verður fjallað um ágreining og árekstra á vinnustað, tegundir árekstra/ágreinings og lausnir. Þá verður einnig fjallað um lið og liðsvinnu sem eitt form vinnuskipulags.
Heimapróf 70%, Einstaklingsverkefni 30%.

**VIÐ118F • Þættir í aðferðafræði - M • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Lektor
Kennari: Margrét Sigrún Sigurðardóttir Aðjúnkt
Kennari: Auður Hermannsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum í mannauðsstjórnun þverfaglega yfirsýn yfir algengustu aðferðir, sem notaðar eru til að greina gögn um einstaklinga og skipulagsheildir, í tengslum við lausn viðskiptafræðilegra verkefna. Nemendur munu fá þjálfun í skilgreiningu vandamála, gerð rannsóknaráætlunar, skipulagningu gagnasöfnunar og úrvinnslu gagna. Nemendur munu kynnast veikum og sterkum hliðum aðferðanna þannig að þeir geti valið þá aðferð, sem best hentar til að leysa tiltekið vandamál. Námskeiðið er tvískipt, fyrri hlutinn fjallar um megindlegar rannsóknaraðferðir og seinni hlutinn um eigindlegar aðferðir.

**VIÐ119F • Samkeppnishæfni • (6e) • Haust**
Kennari: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Kennari: Gylfi Magnússon Dósent
Í námskeiðinu er samkeppnishæfni fyrirtækja, stofnana og hagkerfa skoðuð með tækjum og tólum rekstrarhagfræði. Tilgangur námskeiðsins er að þjálfa nemendur í að greina þá þætti sem ráða því hverjir skara fram úr í samkeppni. Námskeiðið býr nemendur undir að móta stefnu fyrirtækja eða opinberra aðila með samkeppnishæfni að leiðarljósi. Námskeiðið er þróað af prófessor Michael Porter við Harvard háskóla. Námsefni kemur að talsverðu leyti frá Harvard háskóla en einnig eru innlend dæmi skoðuð. Námskeiðið er á meistarastigi og opið öllum meistaranemum í Háskóla Íslands. Ekki er gerð krafa um sérstakan undirbúning.
Þátttaka í tímum 30%. Hópverkefni 40%. Einstaklingsverkefni 30%.

**VIÐ120F • RVI - stjórnunar- og eftirlitskerfi • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Einar Guðbjartsson Dósent
Efni námskeiðsins er umfjöllun um stjórnunareftirlitskerfi innan fyrirtækja, innihald og uppbyggingu þess. Námskeiðið er þannig hannað að nemendur öðlist betri þekkingu og skilning á atriðum sem stjórnendur fyrirtækja þurfa að tileinka sér til þess að geta hannað og innleitt eftirlitskerfi (control systems). Annar þáttur sem er mikilvægur að ná tökum á, er hvernig stjórnunareftirlitskerfi (Management Control Systems) kemur að fjárhags- og rekstraráætlunum og eftirfylgni við innleiðingu á stefnumarkmiði fyrirtækisins.
Verkefni flytjast ekki á milli skólaára. 4-6 skilaverkefni. Vægi lokaprófs 80%, verkefni 20%.

**VIÐ121F • Fjármuna- og félagaréttur • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Helgi Þór Þorsteinsson
Fjallað verður um viðfangsefni og réttarheimildir félagaréttar. Farið verður yfir mismunandi flokka félaga og mismunandi sjónarmið við úrlausn álitaefna. Gerð verður grein fyrir einkennum helstu tegunda fjárhagslegra félaga. Til umfjöllunar verður m.a. fjárhagslegur grundvöllur þeirra og reglur sem lúta að stöðu viðsemjenda þeirra, stjórnkerfi, ábyrgð stjórnenda og endurskoðenda og réttarstöðu félagsmanna. Meginefni námskeiðsins snertir einkahlutafélög og hlutafélög og þau grundvallaratriði sem leiða af takmarkaðri ábyrgð eigenda þeirra, þ.e. um vernd fjármuna þessara félaga. Er þar um að ræða reglur um innborgun hlutafjár, skráningu hlutafjár, hækkun og lækkun hlutafjár, eigin hluti og reglur um útgreiðslu fjár með arði eða við slit félaga. Rætt verður um samruna og skiptingu hlutafélaga og þær reglur sem uppfylla þarf í því sambandi. Þá verður rætt um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrotaskipti félaga. Einnig verður fjallað um hlutverk endurskoðenda í tengslum við störf þeirra fyrir félög.
Vægi lokaprófs 100%.

**VIÐ122F • Endurskoðun - I. hluti • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Ólafur B Kristinsson Aðjunkt
Kennari: Sigrún Guðmundsdóttir
Í námskeiðinu verður farið yfir grundvallarþætti endurskoðunar. Fjallað verður um lagalegt umhverfi og ábyrgð endurskoðenda, skipulagningu endurskoðunar, mikilvægi og áhættu við endurskoðun, meginþætti innra eftirlits og annað skylt efni. Farið verður yfir alþjóðlega endurskoðunarstaðla og þeir hafði til hliðsjónar við lausn verkefna. Námsefni verður bókin Principles of Auditing An Introduction to International Standards on Auditing, alþjóðlegir staðlar um endurskoðun, greinar og önnur gögn sem kynnt verða á námskeiðinu.
Verkefni og próf.

**VIÐ123F • Stjórnsýsluendurskoðun • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Bjarni Frímann Karlsson Lektor
Stjórnsýsluendurskoðun telst í dag nauðsynlegur þáttur endurskoðunar hjá opinbera geiranum og er viðbót við hina hefðbundnu fjárhagsendurskoðun. Markmið með henni er að veita stofnunum og fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga aðhald í rekstri með ábendingum um það sem betur má fara í stjórnun þeirra, skipulagningu, eftirliti, markmiðssetningu og verklagi. Á þessu námskeiði verða tilgangur og markmið stjórnsýsluendurskoðunar rækilega kynnt. Farið verður yfir aðferðafræðina sem hún hvílir á og verkfæri hennar kynnt. Helstu efnisþættir námskeiðsins verða þessir: Opinber stjórnsýsla, endurskoðun í opinbera geiranum, fjármál hins opinbera, hagsýni-skilvirkni-markvirkni, framlagning niðurstaðna. Raunhæf dæmi verða tekin fyrir.
Vægi lokaprófs er 70%. Heimaverkefni (skilaskylda) gilda 30%.

**VIÐ125F • Skattskil III - alþjóðaskattaréttur • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Umsjónarkennari: Ásmundur G Vilhjálmsson Aðjunkt
Kennari: Kristín Norðfjörð
Á námskeiðinu verður farið ítarlega yfir reglur innlendra laga og alþjóða samninga um gerð og túlkun tvísköttunarsamninga. Fjallað verður um fulla skattskyldu manna og fyrirtækja vegna heimilisfestar í ríki og upphafningu hennar í öðru hvoru aðildarríkja tvísköttunarsamnings ef maður eða fyrirtæki er samtímis heimilisfast í tveimur eða fleiri löndum. Gerð verður grein fyrir reglum um takmarkaða skattskyldu og skiptingu skattlagningarréttar milli aðildarríkja tvísköttunarsamnings. Rætt verður um aðferðir til að milda tvísköttun samkvæmt innlendum rétti og tvísköttunarsamningi þegar tekjur eru skattlagðar í tveimur eða fleiri löndum. Farið verður yfir það hvernig unnt er að nota tvísköttunarsamninga við skattaskipulagningu með stofnun fyrirtækja í ólíkum löndum. Upplýst verður um áhrif EBE- eða ESS-samningsins á skattalög einstakra ríkja, skaðlega skattasamkeppni og hvað gert hefur verið til að uppræta hana. Nemendur verða þjálfaðir í notkun tvísköttunarsamninga með úrlausnum dæma og raunhæfra verkefna. Að námskeiðinu loknu er við það miðað að námsmaður hafi góða innsýn í það flókna kerfi sem innlendur réttur og tvísköttunarsamningar geta spunnið um fjárhagsráðstafanir manna og fyrirtækja í nútíma þjóðfélagi.
Verkefni og próf.

**VIÐ126F • Endurskoðun - III. hluti • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Umsjónarkennari: Ólafur B Kristinsson Aðjunkt
Í námskeiðinu verður fjallað um starfsumhverfi endurskoðunar og þær breytingar sem hafa orðið á kröfum til endurskoðenda undanfarin ár

meðal annars með aukinni áherslu á óhæði og siðareglur endurskoðenda. Skoðuð verður staða endurskoðenda í íslensku viðskiptalífi og horft til þeirra breytinga sem vænta má á næstunni. Kennslugögn verða greinar og önnur gögn sem kynnt verða á námskeiðinu.
Æskileg undirstaða: Endurskoðun - I. hluti (VIÐ122F), Endurskoðun - II. hluti (VIÐ223F)
Verkefni og próf.

**VIÐ128F • Fjárhagsupplýsingakerfi • (6e) • Haust • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Ársæll Valfells Lektor
Markmið er að kynna fyrir nemendum helstu atriði varðandi greiningu, hönnun, innleiðingu og eftirfylgni viðskiptakerfa. Áhersla er lögð á aðkomu endurskoðenda að öfangreindum þáttum í rekstri upplýsingakerfa, t.d. varðandi öryggi, skýrslugjöf, sannreynslu gagna og innra eftirlit. Leitast er við að fá gestafyrirlesara til að kynna helstu viðskiptakerfi sem í boði eru.
Verkefni 20% og próf 80%.

**VIÐ129F • MS ritgerð • (30e) • Haust**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ131F • Meistaraprófsritgerð í sjávarútvegsfræðum • (30e) • Haust**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ132F • Meistaraprófsritgerð í mannauðsstjórnun • (30e) • Haust**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ134F • Doktorsnám • (30e) • Haust**
Doktorsnám er 180 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 3 ár. Deild getur að fenginni tillögu doktorsnámsnefndar sett reglur um lágmarks námshraða. Standist nemandi ekki þær reglur getur rannsóknarnámsnefnd fellt niður skráningu nemandans í námið. Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði doktorsnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða hvort í sínu lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir doktorsnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

**VIÐ136F • Nýja hagkerfið: þróun, innviðir og vandamál • (6e) • Haust • 1u**
Kennari: Þráinn Eggertsson Prófessor
Þverfaglegt námskeið fyrir nemendur á meistarastigi í öllum deildum Félagsvísindasviðs, sem hafa traustan grunn í hagfræðigreinum.
Viðfangsefni: Sívaxandi forði hagnýtrar þekkingar hefur verið forsenda bættra lífskjara síðastliðin 250 ár. Hlutur atvinnugreina sem nærast einkum á þekkingarauði hefur hefur vaxið ört hin síðari ár. Á námskeiðinu er rætt um þátt þekkingar í atvinnulífinu og skiptist umfjöllunin í sex hluta.
I. Rannsóknaraðferðir. Kynning a kerfishagfræði (new institutional economics) og skyldum greinum, svo sem réttarhagfræði (economics of law) og stjórnmálahagfræði (political economy). Félags- og stjórnmálagrunnur hagkerfa. Innviðir og eiginleikar félagskerfa (social systems, social mechanisms). Viðskipti, réttindi og viðskiptakostnaður.
II. Kenningar um uppruna nútíma hagvaxtar: áhersla á stjórnmál, réttindi, menningu og þekkingarleit. Hvers vegna upphefst langtíma hagvöxtur í Evrópu en ekki í öðrum heimshluta? Þekkingarbyltingin í Evrópu: uppruni og orsök.
III. Hagfræði og þekking. Notkun þekkingar í atvinnulífinu og réttarhagfræði. Réttindi: séreign, sameign eða almenningur? Ýmsar lausnir, kostir þeirra og gallar.
IV. Áhrif tækni á skipulag atvinnugreina: líftækni, samskiptatækni, stafræn kerfi, tölvur, Netið.
V. Stjórnvöld: ný viðfangsefni og nýjar lausnir. Tölvuglæpir, samkeppniseftirlit með netgreinum, nýskipan eignarréttinda, friðhelgi einkalífs.
VI. Almenn áhrif nýju tækninnar: skipulag byggðar, menning, stjórnmál, alþjóðatengsl.
Námskröfur og skipulag: Námskeiðið er með samræðusniði; málstofa. Námskröfur eru þrenns konar: 1) Að nemendur komi lesnir í tíma og taki þátt í samræðunni (hlutfall af einkunn 20%). 2) Að hver nemandi geri grein fyrir og gagnrýni ritgerð úr safni ritgerðanna sem lesnar eru á námskeiðinu. Nemandi afhendir málstofufólkinu 1-2 bls. yfirliti yfir gagnrýni sína um leið og hann gerir grein fyrir henni. Reiknað er með því að hver nemandi þurfi að skila slíku yfirlit tvisvar (eða þrisvar) á misserinu en endanlega er það háð fjölda innritaðra (hlutfall af einkunn 30%). 3) Lokaritgerð. Lokaritgerðin á að vera fræðileg yfirlitsritgerð eða sjálfstæð raunathugun á viðfangsefni sem er innan ramma námskeiðsins. Lengd um 20 bls. miðað við letrið Times Roman 12 punktar, í aðra hvora línu. Í síðustu málstofu námskeiðsins gera nemendur grein fyrir lokaritgerðum sínum (hlutfall af einkunn 50%). Efni ritgerðar er valið í samráði við kennarann á fyrri hluta annarinnar.

**VIÐ139F • Vörumerkjastjórnun • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Þórður Sverrisson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum grunnhugsunina og aðferðirnar við að byggja upp vörumerkjavirði, mæla það og stýra því.

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja hlutverk vörumerkja, hugtakið viðskiptavina-grundað vörumerkjavirði og gildi þess að byggja upp sterk vörumerki
- Þekkja þrjú helstu tækin og tólin sem hægt er að nota til þess að byggja upp vörumerkjavirði; velja réttu vörumerkistáknin, velja saman réttu söluráðana og í réttum hlutföllum og með því að nýta sér hugrenningatengsl annarra
- Kunna skil á mismunandi aðferðum við að mæla vörumerkjavirði og hvernig eigi að innleiða kerfi til þess að fylgjast með því
- Kunna skil á aðferðum til þess að stýra vörumerkjavirðinu með það fyrir augum að hámarka vörumerkjavirði.

Byggt verður á kennsluformi sem ýtir undir virka þátttöku nemenda. Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna.
Hópverkefni gilda 30% og lokapróf 70%.

**VIÐ140F • Forysta og leiðtoginn • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Árelía Eydís Guðmundsdóttir Dósent
Markmið með námskeiðinu er að nemendur öðlist þekkingu á kenningum um forystu og leiðtoga. Nemendur þekki þróun hugmynda um forystu frá forn-grikkjum fram á þennan dag. Sérstök áhersla er lögð á að skoða leiðtogahæfni og hvaða þættir skipta þar mestu máli. Nemendur öðlast þekkingu á mikilvægi sjálfsþekkingar fyrir leiðtoga og farið yfir kenningar því tengdu. Hvaða kenningar hafa verið settar fram, þróun og nútímaumræða um hvernig stjórna megi á sem árangursríkastan hátt. Sérstök áhersla er lögð á að kynna fjölmörg hugtök og ólík sjónarhorn til að takast á við þau vandasömu verkefni sem leiðtogar þurfa að glíma við.
Eftir að hafa lokið þessu námskeiði eiga nemendur að þekkja kenningarlega umræðu í leiðtogafræðum. Nemendur eiga að geta staðsett kenningarlega umfjöllun og notagildi þeirra fyrir nútíma stjórnendur. Nemendur eiga eftir þennan kúrs að geta lagt mat á sinn eiginn leiðtogastíl.
Fyrirlestrar og umræður.

**VIÐ141F • Upplýsingamiðlun, áfallastjórnun og fjölmiðlun • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Aðstoðarkennari: Katrín Pálsdóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni í að byggja upp traust og trúverðug samskipti innan fyrirtækja. Kennslan byggist á kenningum og rannsóknum í upplýsingamiðlun og fjölmiðlun. Stefnt er að því að nemendur öðlist hagnýta færni í upplýsingamiðlun með því að vinna með raunhæf verkefni. Nemendur geti mótað upplýsingastefnu sem fellur að siðareglum og kröfum um skilvirkni og árangur. Þeir öðlist færni í að miðla starfsmannastefnu innan fyrirtækja svo tryggt sé að allir starfsmenn séu virkir. Á námskeiðinu er fjallað um fyrirtækjamenningu, menningarlæsi og hlutverk leiðtogans í miðlun upplýsinga. Þá er fjallað um ytri upplýsingamiðlun fyrirtækja og mikilvægi þess að miðla stefnu, sýn, ætlunarverki og gildum til hagsmunahópa, hluthafa, birgja, viðskiptavina og almennings. Gerð er grein fyrir mikilvægi áfallastjórnar og gerð áfallaáætlana. Farið er yfir hlut fjölmiðla í mótun ásýndar fyrirtækja. Einnig samskipti stjórnenda við fjölmiðla og hvernig þeim verður best háttað.
Kennslan byggir á fyrirlestrum, umræðutímum og verklegum æfingum. Gerð er krafa um virka þátttöku nemenda í umræðum og æfingum.
Hópverkefni 40%, einstaklingsverkefni 30%, próf 30%.

**VIÐ201F • Verkefnastjórnun og ráðgjöf • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Eðvald Möller Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi að kynna fyrir nemendum helstu kenningar og aðferðir sem þróaðar hafa verið á sviði verkefnastjórnunar. Takmarkið er að nemendur öðlist góðan skilning á þætti verkefnavinnu og verkefnastjórnunar í rekstri fyrirtækja annars vegar og hæfni til stjórnunar einstakra verkefna hins vegar. Nemendur kynnast jafnframt hugbúnaði og tækni sem nýta má við verkefnastjórnun. Í öðru lagi að nemendur kynnist heimi og starfi ráðgjafar.

**VIÐ202F • Þekkingarstjórnun • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Kennari: Sólrún Hjaltested
Kynna fyrir nemendum hugtakið þekkingarstjórnun, tilurð þess og þróun. Nemendur öðlist hagnýtan skilning og tileinki sér færni við stjórnun þekkingar sérstaklega: Sköpun þekkingar, mat á þekkingu, miðlun þekkingar. Kynna fyrir nemendum hagnýtar lausnir sem nýtast stjórnendum þegar kemur að stjórnun þekkingar. Nemendur öðlist þekkingu á lærdómi skipulagsheilda.
Lokapróf 55% og skilaverkefni 45%.

**VIÐ207F • Fjárfestingar fyrirtækja • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Kristján Jóhannsson Lektor
Efnisþættir: Mat á fjárfestingum (Industrial feasibility studies, cost-benefit analysis, business plans). Mat á fyrirtækjum (Mergers, Valuation, measuring and managing the value of companies, Performance). Fjármál og stefnumótun (Strategic financial management).

**VIÐ208F • Stefnumiðuð stjórnun - M • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að fara með nemendum yfir helstu kenningar og líkön sem til eru á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar. Takmarkið er að nemendur öðlist viðeigandi þekkingu og tileinki sér þær forsendur og þá færni sem nauðsynleg er til að koma að stefnumiðaðri stjórnun í fyrirtækjum og stofnunum með árangursríkum hætti. Helstu viðfangsefni: Víddir stefnumiðaðrar stjórnunar, tilvistarkenning, greining á umhverfi og auðlindum, mótun stefnu, framkvæmd stefnu. Einnig er vikið að árangursstjórnun og stjórnun hjá hinu opinbera.

**VIÐ209F • Vinnuréttur • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Lektor
Kennari: Guðmundur Birgir Ólafsson
Í þessu námskeiði verður farið yfir helstu atriði vinnulöggjafarinnar og lög sem snerta starfsmannamál. Rætt verður um kjarasamninga, kjaraviðræður, réttarstöðu trúnaðarmanna, lagalega hlið vinnustöðvanna, sáttastörf í vinnudeilum og Félagsdóm. Einnig verður fjallað um réttindi og skyldur launþega, ráðningu starfsmanna, uppsögn og riftun ráðningarsamninga, réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Komið verður inn á jafnréttismál, veikinda- og slysarétt, orlofsrétt o.fl. Sérstaklega verður gerð grein fyrir réttindum og

skyldum opinberra starfsmanna. Fjallað verður um helstu áhrif sem evrópulöggjöf og samþykktir Alþjóða vinnumálastofnunarinnar hafa á íslenskan vinnumarkað.
Verkefni og próf.

**VIÐ210F • Stefnumiðuð stjórnun • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Yfirlit yfir ferli stefnumiðaðrar stjórnunar. Greining á efnahagsumhverfi. Atvinnuvega- og samkeppnisgreining. Mat á samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Greining á auðlindum og getu. Stefnumarkandi ákvarðanir og viðskiptaþróun. Viðskiptastefna og heildarstefna. Útrás á erlenda markaði. Stefnumótun og nýja hagkerfið. Stefnumótun m.t.t. ferlis og áhættu. Framkvæmd stefnu, stjórnun breytinga og lærdómsfyrirtækið. Framkvæmd stefnu, stjórnarhættir og mat á árangri.
Skriflegt lokapróf 60%.

**VIÐ211F • Stjórnun starfsþróunar • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Inga Jóna Jónsdóttir Dósent
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur öðlist góða yfirsýn og skilning á því hvernig þekking, færni og framgangur mannauðsins í fyrirtækjum og stofnunum er þróaður á markvissan og skipulegan hátt í samræmi við kenningar stefnumiðaðrar mannauðsstjórnunar (Strategic Human Resource Management).
Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir s.s. fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna. Þá er markmiðið að nemendur fái tækifæri til að hlýða á reynslusögur gesta úr atvinnulífinu er tengjast starfsþróunarmálum og stjórnun þeirra.
Einstaklingshluti námsmats 60% og hópvinnuhluti 40%. Námsmatið er samsett úr einstaklingsverkefnum, hópvinnuverkefnum og prófi.

**VIÐ212F • Vinnusálfræði • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Þórður Snorri Óskarsson Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu á mannlegu atferli á vinnustað og geti nýtt þá þekkingu til að auka ánægju og árangur starfsfólks. Í námskeiðinu verður m.a. fjallað um vinnustaðarannsóknir, val á starfsfólki, mat á frammistöðu, hvatningu, starfsánægju, samskipti á vinnustöðum, forystu og fyrirtækjabrag. Tilteknum hugtökum og kenningum í vinnusálfræði verða gerð rækileg skil og takmarkanir þeirra og notagildi tekið til skoðunar.
Verkefni og próf.

**VIÐ213F • Mat á árangri og framkvæmd stefnu • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Snjólfur Ólafsson Prófessor
Viðfangsefni námskeiðsins er árangursstjórnun. Í námskeiðinu eru hinar ýmsu hliðar stefnumiðaðs árangursmats (balanced scorecard) skoðaðar, m.a. hugmyndafræðin og innleiðing. Fjallað er um framkvæmd stefnu og þátt stefnumiðaðs árangursmats í þeirri framkvæmd. Einnig er fjallað um EFQM líkanið og aðrar aðferðir við mat á árangri af starfi skipulagsheilda. Nemendur kynnast framkvæmd stefnu í íslenskum fyrirtækjum og stofnunum og vinna að raunhæfum verkefnum.

**VIÐ214F • Rannsóknir í markaðsfræði • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Þórhallur Örn Guðlaugsson Dósent
Kennari: Auður Hermannsdóttir Verkefnisstjóri
Á upplýsingaöld er eitt verðugasta viðfangsefni markaðsfólks að umbreytan upplýsingum í samkeppnisforskot. Markmið námskeiðsins er að fjalla ítarlega um hvernig nýta má markaðsrannsóknir til fullnustu til að auka árangur fyrirtækja, fjalla um möguleika sem fyrir hendi eru, hvernig greina má skilvirkar rannsóknir frá ómarkvissari rannsóknum og lýsa nýjustu aðferðum og tækni við markaðsrannsóknir.
Áhersla er á hlutverk markaðsrannsókna í:
Ákvörðunartöku stjórnenda.
Gæðastarfi fyrirtækja.
Ánægju viðskiptavina.
Námskeiðið byggir á verkefnavinnu þar sem þátttakendur öðlist færni tilnað skilgreina og hanna rannsókn, skipuleggja gagnaöflun, greina gögnin og fjalla um hagnýtingu niðurstaðna. Unnið verður með SPSS hugbúnað við úrvinnslu gagna og fyrirliggjandi gögn úr ýmsum gagnagrunnum.
Hópverkefni (10%), einstaklingsverkefni (70%) og þátttaka (15%)

**VIÐ215F • Rannsóknir í stjórnun og stefnumótun • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Markmið þessa námskeiðs er að styrkja nemendur og gera þeim betur kleift að tileinka sér rannsóknaraðferðir og rannsóknarniðurstöður á fræðasviðinu stjórnun og stefnumótun. Inntakið í námskeiðinu verður að fara yfir vandaðar rannsóknir sem gerðar hafa verið og læra af þeim í víðasta skilningi. Jafnframt verður nemendum ætlað að setja yfirferðina í samhengi við þá rannsókn sem þeir eru að gera í náminu eða undirbúa og með því takast á við vinnubrögðin.
Verkefni 60% og lokapróf 40%.

**VIÐ216F • Alþjóðaviðskipti • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Ingjaldur Hannibalsson Prófessor
Kennari: Gunnar Óskarsson Stundakennari
Í námskeiðinu verður fjallað um alþjóðavæðingu fyrirtækja, alþjóðlegt viðskiptaumhverfi, stefnumótun við alþjóðavæðingu og annað sem tengist alþjóðlegum viðskiptum. Notaðar verða dæmisögur og greinar úr viðurkenndum tímaritum og nemendur munu vinna verkefni. Í námskeiðinu verður gert ráð fyrir mikilli virkni nemenda í umræðum og verður námskeiðið haldið á ensku.
Þátttaka í umræðum 25% Lokaverkefni 25% Próf 50%

**VIÐ217F • Þættir í fjármálum fyrirtækja • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Haukur Camillus Benediktsson Lektor
Kennari: Vigdís Wangchao Bóasson

Ósamhverfar upplýsingar og umboðsvandi. Hver er fræðileg skilgreining þessara hugtaka og hvernig snerta þessi hugtök fjármál fyritækja og þá sérstaklega fjármagnsskipan og arðgreiðslustefnu. Einnig verður fjallað um stjórnunarhætti fyrirtækja í ljósi nýjustu þróunar á því sviði og áhættufjármögnun fyrirtækja.
Vikuleg heimapróf 10%, þátttaka í umræðum 10%, hópverkefni 20%, miðsvetrarpróf 25% og lokapróf 35%.

**VIÐ218F • Samningagerð • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Kennari: Þóra H Christiansen Aðjúnkt
Í þessu námskeiði verður fjallað um samningagerð og samningatækni. Markmið þess er að veita nemendum undirbúning til þess að vera kleift að greina og takast á við vandamál í samningaviðræðum, setja upp samning og útfæra ákvæði hans. Námskeiðið skiptast í fyrirlestra annars vegar, og raunhæf verkefni og æfingar. Í fyrirlestrum verða kynntar fræðikenningar á þessu sviði, og uppbygging og algeng ákvæði samninga verða skoðuð. Verkefnin munu aðallega felast í samningaæfingum sem munu taka mið af algengum úrlausnarefnum sem á reynir við við samningagerð í viðskiptalífinu.
Vægi vinnubókar 10%, þátttaka í tímum 10%, verkefni 30% og lokaverkefni 50%.

**VIÐ219F • Tölvutækni í fjármálum • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Gylfi Magnússon Dósent
Kennari: Vigdís Wangchao Bóasson
Markmið námskeiðsins er að kenna nemendum að beita kenningum fjármálafræðinnar á raunhæf vekefni með aðstoð Excel, Visual Basic og Matlab forritanna. Í lok námskeiðs eiga nemendur að geta reiknað út verð skuldabréfa, hlutabréfa og afleiða og einnig að geta metið ýmis konar áhættu. Farið verður yfir aðferðir við stjórnun og mat verðbréfasafna, notkun Monte Carlo aðferða við verðlagningu valréttarsamninga, mat á breytileika (GARCH), matvaxtarófs o.s.fr. Þannig mun námskeiðið kenna nemendum að nota ýmsar aðferðir við beitingu fjármálafræða við úrlausn hagnýtra verkefna.
Vikuleg heimapróf 10%, þátttaka í umræðum 10%, hópverkefni 20%, miðsvetrarpróf 25% og lokapróf 35%.

**VIÐ220F • RV - samstæðureikningsskil • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Árni Valgarð Claessen
Í þessu námskeiði er fyrst og fremst fjallað um gerð samstæðureikningsskila og reikningshaldslegar hliðar á sameiningu og samruna fyrirtækja. Auk þess er fjallað um eftirtalin viðfangsefni reikningshalds: uppgjör sameignarfélaga, bókun umboðsviðskipta, bókun erlendra viðskipta og umbreytingu ársreikninga úr einum gjaldmiðli í annan, gjaldþrotauppgjör, og reikningsskil sveitarfélaga og annarra aðila, sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni. Verkefni. Skilaskylda.
Verkefni og próf.

**VIÐ221F • Skattskil II - fyrirtækjaskattaréttur • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Umsjónarkennari: Ásmundur G Vilhjálmsson Aðjunkt
Kennari: Kristín Norðfjörð
Framhald af skattskilum I. Á námskeiðinu verður farið ítarlega yfir helstu lög sem snerta atvinnurekstur í landinu. Gerð verður grein fyrir skattlagningu hinna ólíku rekstrarforma, hvaða reglur gilda um skattlagningu við stofnun fyrirtækis, meðan á rekstri stendur og við lok starfsemi. Fjallað verður um skattfrjálsa umbreytingu einstakra fyrirtækjaforma, samsköttun fyrirtækja í rekstri og uppgjör til skatts í erlendum gjaldeyri. Rætt verður um helstu auðkenni skattasniðgöngu og muninn á henni og skattaskipulagningu. Þá verður ítarlega farið yfir lög um virðisaukaskatt og tryggingagjald. Reynt verður að efla sjálfstæði nemanda með úrslausnum dæma og raunhæfra verkefna. Að námskeiðinu loknu er við það miðað að námsmaður hafi staðgóða þekkingu á meginreglum íslenskra laga um skattlagningu fyrirtækja.
Verkefni og próf.

**VIÐ223F • Endurskoðun - II. hluti • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Ólafur B Kristinsson Aðjunkt
Kennari: Sigrún Guðmundsdóttir
Námskeiðið er í beinu framhaldi af Endurskoðun - I. hluta. Kynntar verða aðferðir við gagnaöflun endurskoðenda og hvernig endurskoðun tekur mið af áhættugreiningu og hagkvæmni. Fjallað verður sérstaklega um notkun tölvukerfa við endurskoðun. Við yfirferð námsefnis verða alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafðir til hliðsjónar, og rætt um gildi þeirra fyrir íslenskt umhverfi. Námsefni verður bókin Principles of Auditing An Introduction to International Standards on Auditing, alþjóðlegir staðlar um endurskoðun, greinar og önnur gögn sem kynnt verða á námskeiðinu.
Æskileg undirstaða: Endurskoðun - I. hluti (VIÐ122F)
Verkefni og próf.

**VIÐ224F • RVIII - virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa • (6e) • Vor**
Kennari: Einar Guðbjartsson Dósent
Farið er í grundvallarhugtök í fjárfestingu og virðisgreiningu. Farið er í uppbyggingu ársreiknings og hvernig rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðsstreymi tengjast "og mynda sögu" af efnahagslegum færslum á ákveðnu rekstrartímabili. Ávöxtun hlutabréfa (stock return) er mælikvarði sem ekki hefur verið mikið notaður, en er mikilvægur mælikvarði. Farið verður í uppbyggingu á "grundvallar greiningu" (fundamental analysis). Samanburðar- og kennitölugreining (comparables multiple analysis) er aðferð þar sem hægt er að nálgast virði. Skoðað verður hvernig sjóðstreymi, hagnaður, umframhagnaður, eðlilegur hagnaður og virðismat tengjast ásamt áhrifum vegna ávöxtunarkröfu. Greining á arðsemi (þ.e.a.s. þeim möguleika sem fyrirtækið hefur til þess að skapa arðsemi fyrir hluthafana (profitability)) er mjög mikilvægt til þess að nálgast "hið rétta virði" fyrirtækisins. Vöxtur hefur mikil áhrif á virðismatið og þess vegna verður sérstaklega fjallað um hvað er vöxtur, meðal annars verða kennitölurnar P/E og P/B skilgreindar. Farið verður í a.m.k. þrjár virðmatsaðferðir og næmnisgreiningu. Í lokin eru reikningsskilaaðferðir skoðaðar og gæði ársreikninga metin og áhrif þessara þátta á virðismatið. Hópverkefni byggjast bæði á kennsluefni og því efni er fram kemur í fyrirlestrunum.
Verkefni gilda 10%. Lokapróf gildir 90%. Ekki er hægt að flytja einkunnir verkefna milli skólaára eða endurmeta gömul verkefni.

**VIÐ225F • RVII - reikningsskilakenningar • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Einar Guðbjartsson Dósent
Í þessu námskeiði er fjallað um reikningsskilafræði. Eftirtalin efni verða tekin til skoðunar: 1) staðlagerð í ársreikningagerð, 2) hugtakakerfi fyrir reikningshald, 3) þróun reikningsskila, 4) afkomuhugtök reikningshalds, 5) alþjóðleg reikningsskil, og 6) ýmis sérstök vandamál við gerð reikningsskila.
Lokapróf 70% og skilaverkefni 30%.

**VIÐ226F • MS ritgerð • (30e) • Vor**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ227F • MS ritgerð • (30e) • Sumar**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ230F • Meistaraprófsritgerð í sjávarútvegsfræðum • (30e) • Vor**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ231F • Meistaraprófsritgerð í sjávarútvegsfræðum • (30e) • Sumar**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ232F • Meistaraprófsritgerð í mannauðsstjórnun • (30e) • Vor**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ233F • Meistaraprófsritgerð í mannauðsstjórnun • (30e) • Sumar**
Meistaraprófsritgerð skal valin í samráði við leiðbeinanda (leiðbeinendur) úr hópi fastra kennara viðskiptaskorar. Ritgerðin skal vera 30 einingar að lágmarki, en heimilt er að hún verði 60 einingar (en námsgreinar nemi samt sem áður 60e) í samræmi við gildandi reglur Rannsóknanámssjóðs. Meistaranemar skulu kynna rannsóknir sínar. Ritgerð skal skilað til skrifstofu viðskiptafræðideildar í samræmi við auglýsingu þar að lútandi hverju sinni. Kennari og prófdómari skulu meta meistaraprófsritgerð til einkunnar samkvæmt almennum prófreglum Háskóla Íslands.

**VIÐ236F • Doktorsnám • (30e) • Vor**
Doktorsnám er 180 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 3 ár. Deild getur að fenginni tillögu doktorsnámsnefndar sett reglur um lágmarks námshraða. Standist nemandi ekki þær reglur getur rannsóknarnámsnefnd fellt niður skráningu nemandans í námið. Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði doktorsnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða hvort í sínu lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir doktorsnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

**VIÐ237F • Doktorsnám • (30e) • Sumar**
Doktorsnám er 180 einingar hið minnsta og miðað við fullan námshraða tekur það 3 ár. Deild getur að fenginni tillögu doktorsnámsnefndar sett reglur um lágmarks námshraða. Standist nemandi ekki þær reglur getur rannsóknarnámsnefnd fellt niður skráningu nemandans í námið. Doktorsnám felst einkum í rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Þó geta bæði doktorsnámsnefnd og leiðbeinandi saman eða hvort í sínu lagi gert kröfu um að nemandi í doktorsnámi ljúki einnig námskeiðum. Leiðbeinandi nemanda gerir þá tillögu að áætlun fyrir þennan hluta námsins og leggur fyrir doktorsnámsnefnd. Hluti námskeiðanna getur verið lesnámskeið og skal þá doktorsnámsnefnd tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær.

**VIÐ239F • RIX - fjármála- og eigin fjárgerningar • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent

Kennari: Jonathan Ehrlich Duchac
Á námskeiðinu verður farið yfir aþjóðlegar reikningsskilareglur sem gilda um helstu fjármálagerninga frá sjónarhóli fjármálafyrirtækja, þ.e. banka, tryggingafélaga og lífeyrissjóða.
Lokapróf 70% og 30% verkefni.

**VIÐ240F • Endurskoðun - IV. hluti • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Einar Guðbjartsson Dósent
Kennari: Ólafur B Kristinsson Aðjunkt
Kennari: Sigrún Guðmundsdóttir
Markmið með námskeiðinu er að auka skilning og færni við endurskoðun stærri fyrirtækja við tilteknar aðstæður.
Námskeiðið er framhald af Endurskoðun - III. hluta. Í námskeiðinu verður farið nánar í einstaka mikilvæga þætti endurskoðunar sem áður var fjallað um í Endurskoðun - II. hluta, auk þess sem farið verður yfir efni sem tengist innri endurskoðun. Farið verður yfir kröfur SOX laganna til endurskoðenda, leiðbeinandi reglur PCAOB kynntar og samanburður gerður á þessum reglum og 8. tilskipun Evrópuráðsins. Kynntar verða aðferðir við endurskoðun tölvukerfa og rafrænna upplýsinga. Fjallað verður um innri endurskoðun, hlutverk hennar, aðferðafræði og tengsl við ytri endurskoðendur fyrirtækja.
Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðna í kennslutíma og verkefna sem nemendur leysa í hóp og sem einstaklingar. Lögð er mikil áhersla á virka þátttöku nemenda í kennslunni.
Æskileg undirstaða: Endurskoðun - I. hluti (VIÐ122F), Endurskoðun - III. hluti (VIÐ126F), Endurskoðun - II. hluti (VIÐ223F)
Verkefni og próf.

**VIÐ242F • Stjórnun nýsköpunar • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Margrét Sigrún Sigurðardóttir Aðjúnkt
Markmið námskeiðsins er að veit nemendum innsýn í stjórnun nýsköpunar hvort sem um er að ræða þróun vöru, tækni eða þjónustu. Í námskeiðinu verður rætt um eðli nýsköpunar út frá því hvernig hægt sé að skapa henni sem best umhverfi og þá um leið stýra henni.
Námskeiðið mun hvorutveggja fást við hagnýt úrlausnarefni sem og rannsóknir sem gerðar hafa verið á umhverfi og stjórnun nýsköpunar.
Hópverkefni 40%, skriflegt próf 60%.

**VIÐ243F • Breytingastjórnun • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Runólfur S Steinþórsson Prófessor
Umsjónarmaður: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson Lektor
Í þessu námskeiði verður farið yfir helstu lykilatriði breytingastjórnunar s.s. innleiðing breytinga, viðbrögð starfsmanna, helstu hindranir í vegi breytinga ásamt þeim hamlandi og drífandi kröftum sem eru að verki í breytingaferlinu. Fyrirtækjamenningu verður gerð ítarleg skil þar sem lög verður áhersla á eigindlegar og megindlegar aðferðir til að varpa ljósi á fyrirtækjamenningu. Farið verður ítarlega í kenningar og aðferðir sem breytingastjórnun byggir á og ræddar verða algengustu lausnir og aðferðir í stjórnun breytinga. Rætt verður um hlutverk leiðtoga, stjórnenda og sérstaklega millistjórnenda í breytingum. Hugmyndin um lærdómsfyrirtækið verður sérstakur gaumur gefinn.
Próf 70% og verkefni 30%.

**VIÐ244F • Stefnumiðuð markaðsfærsla • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Friðrik Eysteinsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum aðferðir til að öðlast samkeppnisforskot á markaði og viðhalda því. Námskeiðið er byggt upp í kringum ferli stefnumiðaðrar markaðsfærslu með áherslu á greiningu, áætlanagerð og innleiðingu. Litið er á stefnumótunina frá sjónarhóli fyrirtækisins í heild en ekki út frá þröngu markaðslegu sjónarhorni. Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Þekkja hvað felst í markaðsdrifinni stefnu.
- Kunna að framkvæma greiningu sem markaðsdrifin stefna byggir á.
- Kunna að móta markaðsdrifna stefnu.
- Þekkja hvernig á að innleiða markaðsdrifna stefnu.

Byggt verður á kennsluformi sem ýtir undir virka þátttöku nemenda. Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna.
Þátttaka í tímum og tímaverkefni (25%), einstaklingsverkefni (25%), skriflegt próf (50%)

**VIÐ301F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**VIÐ401F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**VIÐ402F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

# Heilbrigðisvísindasvið

## Hjúkrunarfræðideild

**HJÚ101G • Líffærafræði • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Narfadóttir
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Námskeiðið er í formi fyrirlestra. Byrjað er á grundvallarhugtökum líffærafræðinnar og síðan er farið yfir öll líffærakerfi mannslíkamans. Aðaláherslan er lögð á byggingu kerfanna (ytri og innri gerð) og tilheyrandi latnesk fræðiheiti. Lífeðlisfræði er fléttað inn til að auka skilning nemenda á efninu. Kennslumynddiskar, sem byggja á krufningum, verða sýndir þar sem við á og við verður komið. Glærur sem stuðst er við í fyrirlestrum og tenglasafn sem tengist námsefninu geta nemendur nálgast á netinu.

Skriflegt próf í desember (fjölvalsspurningar).

**HJÚ102G • Sálarfræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Linda Bára Lýðsdóttir
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á helstu undirstöðuatriðum sálarfræðinnar og þeim aðferðum sem hún beitir. Helstu viðfangsefni: Meðvitund, nám, minni, hugsun, tilfinningar, atferlisvakar, persónuleiki, einstaklingamunur, heilsa, streita, sálrænar truflanir og meðferð.
Krossapróf í desember.

**HJÚ103G • Heimspekileg forspjallsvísindi • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Rætt verður um gagnrýna hugsun og um megineinkenni vísindalegrar hugsunar og starfsemi. Fjallað er um staðreyndaþekkingu og þekkingu á mannlegum verðmætum. Kynntar eru helstu siðfræðikenningar. Tekin verða til athugunar ýmis siðfræðileg úrlausnarefni, sem upp koma í starfi heilbrigðisstétta, og forsendur fyrir lausnum á þeim. Rætt er um siðareglur starfsstétta og skoðaðar kenningar um líknardráp og fóstureyðingar svo dæmi séu nefnd.
Í lok námskeiðs verður eitt þriggja tíma próf úr öllu námsefninu.

**HJÚ104G • Félagsfræði I • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Kynnt eru mikilvæg hugtök, kenningar og rannsóknaniðurstöður í félagsfræði er varpa ljósi á tengsl einstaklings og samfélags. Fjallað er um samfélagsbreytingar, fjölskylduna, kynja-, aldurs- og stéttamun, félagsmótun, frávikshegðun, og félagsleg samskipti, með sérstöku tilliti til heilsufars og heilbrigðisþjónustu.
Menntunarmarkmið:
Námskeiðinu er ætlað að efla skilning nemandans á fjölþættum tengslum samfélags og einstaklinga og þeim muni sem er á viðhorfum, hegðun og heilsufari samfélagshópa. Nemandinn skal kunna skil á helstu skýringum á ólíkri félags- og efnahagslegri stöðu samfélagshópa, einkum aldurshópa, kynja, fjölskyldna og stétta, og geta beitt þeim skýringum til að varpa ljósi á mun á heilsufari hópanna.
Skriflegt próf í desember.

**HJÚ201G • Almenn hjúkrunarfræði • (6e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Þóra Jenný Gunnarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Dagmar Rósa Guðjónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Í þessu námskeiði eru undirstöðuþættir hjúkrunarstarfsins kenndir. Fjallað eru um grunnþætti aðhlynningar með áherslu á umönnun skjólstæðinga með skerta sjálfsbjargargetu. Kynntir verða grunnþættir í vinnutækni og sýkingavörnum auk þess sem farið verður í ýmis lykilhugtök í hjúkrunarfræði. Í því sambandi má nefna hreyfingu, næringu, útskilnað, svefn og hvíld ásamt sjálfsmynd, samskiptum, umhyggju, missi og sorgarviðbrögð. Lögð er áhersla á að efla fræðileg vinnubrögð og notkun bókasafnsins.
Verkefni úr verklegu gilda 50% en próf 50%.

**HJÚ202G • Heilbrigðismat • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Jónsson Aðjúnkt
Kennari: Ágústa Hjördís Kristinsdóttir
Kennari: Helga Sif Friðjónsdóttir Lektor
Kennari: Hallveig Broddadóttir
Kennari: Sigríður Zoéga
Aðstoðarkennari: Þóra Jenný Gunnarsdóttir Lektor
Tilgangur námskeiðsins er að veita nemendum grunnþekkingu í viðtalstækni, upplýsingasöfnun og skráningu upplýsinga út frá heilbrigðismati. Í námskeiðinu verður ennfremur fjallað almennt um heilbrigði og um menningarlegan fjölbreytileika. Í verknámsstofu verður farið í gegnum aðferðir við framkvæmd á alsherjar heilbrigðisskoðun (head to toe assessment), þar sem áhersla verður á grunnþætti heilbrigðismats út frá heilsufarslyklunum. Farið verður í gegnum rétt handbrögð við framkvæmd heilbrigðismats og efni úr fyrirlestrum sett í klínískt samhengi. Lögð verður áhersla á að skoða heilbrigðismat heildrænt út frá fullorðnum einstaklingum. Þá verður tæpt á bráðum breytingum hjá sjúklingum í tengslum við heilbrigðismat. Lagt er upp með að tengja efni námskeiðsins við önnur námskeið í náminu s.s. við líffæra-, lífeðlisfræði, bráðahjúkrun og fleiri námskeið.
Skriflegt próf (60%) og einstaklingsverkefni (40%).

**HJÚ203G • Lífeðlisfræði I og frumulíffræði • (8e) • Vor**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Kennari: Guðrún Pétursdóttir
Frumur, bygging og störf. Frumuskipting. Frumuhimnur og efnaflutningur. Taugavefir, vöðvavefir, stoðvefir og þekjuvefir. Boðflutningur tauga og samdráttur vöðva. Samskipti frumna, himnuspenna, boðspenna, boðefni, innri boðkerfi. Innra umhverfi, samvægi (homeostasis). Stýrikerfi. Starfsemi taugakerfa. Starfsemi vöðva, stjórn hreyfinga. Skynjun. Sársauki. Innkirtlastarfsemi. Verklegar æfingar: 1) Vefjafræði. 2) Vöðvar. 3) Vöðvarafrit (EMG) & viðbragðsbogar. Hjartarafrit (EKG) í samvinnu við 11.11.44 Heilbrigðismat. Kennsla er á formi fyrirlestra, umræðufunda og verklegra æfinga. Skylt er að mæta í allar verklegar æfingar og skila fullnægjandi skýrslum.
Próf er haldið að vori. Lokaeinkunn er samsett úr einkunn úr prófinu (80%) og vegnu meðaltali einkunna fyrir verklegar æfingar og skýrslur (20%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn 5.0 í hvorum prófhluta til að standast námskeiðið.

**HJÚ204G • Skyndihjálp • (0e) • Vor • 10f + 5v**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Jónsson Aðjúnkt
Námskeiðið er ætlað hjúkrunarfræðinemum HÍ á fyrsta námsári og er forkrafa fyrir námskeið í bráða- og gjörgæsluhjúkrun á fjórða námsári. Þátttakendur öðlast grunnþekkingu í fyrstuhjálp og kynnast einnig algegnum búnaði við björgunaraðgerðir.
Markmið með námskeiðinu er að undirbúa nemendur að sinna fyrstuhjálp, jafnvel við erfiðar og krefjandi aðstæður þar sem ekki er alltaf mögulegt að fá aðstoð fljótt.
Krossapróf og verklegar æfingar.

**HJÚ205G • Fósturfræði • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðrún Pétursdóttir
Meginatriðum fósturþroska er fylgt frá frjóvgaðri frumu til fullbúins barns. Gerð og myndun kynfrumna, æxlunarfæri karls og konu, tíðahringur, frjóvgun, bólfesta í eða utan legs. Myndun fósturbelgja og þriggja laga fósturskjaldar, afdrif laganna þriggja. Myndun og þroskun taugakerfisins. Myndun brjósthols, kviðarhols og þindar. Mótun öndunar- og meltingarvegs, þvagrásar og kynfæra. Hjarta og blóðrás. Höfuð og háls, bolur og útlimir. Þroskun og hlutverk fylgju. Fleirburar. Aðferðir til að meta ástand fósturs. Helstu orsakir vansköpunar.
Skriflegt próf í maí.

**HJÚ206G • Félagsfræði II • (4e) • Vor • 2f**
Umsjónarkennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Fjallað um félagslega dreifingu valinna heilbrigðisvandamála. Gerð er grein fyrir hugtökunum heilbrigði (health), sjúkdómur (disease), veikindi (illness) og sjúklingur. Langvinn heilsuvandamál eru skilgreind og rætt um sálrænar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar þeirra. Athuguð er notkun heilbrigðisþjónustu og raktar ólíkar skýringar á mismunandi þjónustunotkun einstaklinga og hópa. Loks er fjallað um skipulags-, mannafla- og starfsþætti heilbrigðiskerfisins og tengsl þeirra við kostnað, aðgengi og gæði þjónustunnar.
Skriflegt próf í maí.

**HJÚ207G • Aðferðir í hjúkrun I • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þóra Jenný Gunnarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Umsjónarkennari: Dagmar Rósa Guðjónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Margrét Sigmundsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Þetta námskeið er sameiginlegt fyrir HJÚ 201G, HJÚ 203G og HJÚ 202G. Námskeiðið samanstendur af 10 st. sýnikennsla í verknámsstofu (Heilbrigðismat) 15 st. sýnikennsla í verknámsstofu (Almenn hjúkrunarfræði) 24 st. verklegt nám á heilbrigðisstofnunum (Almenn hjúkrunarfræði) 4 st verkleg æfing (Lífeðlisfræði - EKG).
Staðið/fallið; 2 einstaklingsverkefni og 1 verkefni í verklegri kennslustund.

**HJÚ301G • Ónæmis- og meinafræði • (4e) • Haust • 2f**
Umsjónarkennari: Ingileif Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Þórunn Ásta Ólafsdóttir
Kennari: Sigfús Þór Nikulásson Lektor
Kennari: Þórður Tryggvason
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Ónæmisfræði (1 e / 2 ECTS): Ónæmiskerfið, líffæri og frumur. Ósérhæfðar varnir, átfrumur og kompliment. Sérhæfðar varnir, þroskun og sérhæfing eitilfrumna, sértækni og greining. Ónæmissvör, sjálfsþol og stjórnun. Ónæmisbilanir, ofnæmi og sjálfsofnæmi. Varnir gegn sýkingum og bólusetningar. Meinafræði (1 e / 2 ECTS): Blóðsegi og blóðrek, bólga, frumumein, frumuáverkar, góðkynja og illkynja æxli, græðsla, hjarta- og æðasjúkdómar.
Nauðsynleg undirstaða: Lífeðlisfræði I og frumulíffræði (HJÚ203G)
Skriflegt próf.

**HJÚ302G • Greining hjúkrunarviðfangsefna og meðferð • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Kennari: Dóróthea Bergs Aðjúnkt
Kennari: Þorsteinn Jónsson Aðjúnkt
Kennari: Margrét Sigmundsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Herdís Sveinsdóttir Prófessor
Þetta námskeið fjallar um greiningu lífeðlisfræðilegra viðbragða hjá sjúklingum og viðeigandi hjúkrunarmeðferð. Þar má nefna atriði er

tengjast sárum og sárameðferð, verkjum, vökva- og elektrólýta, öndun, blóðrás og lyfjagjafir. Einnig verður fjallað um hjúkrunarskráningu.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn hjúkrunarfræði (HJÚ201G), Heilbrigðismat (HJÚ202G), Aðferðir í hjúkrun I (HJÚ207G)
Rafræn kaflapróf og ritgerð

**HJÚ303G • Lyfjafræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Kristín Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Magnús Karl Magnússon Prófessor
Kennari: Guðmundur Þorgeirsson Prófessor
Kennari: Inga Sigurrós Þráinsdóttir
Kennari: Gunnar Guðmundsson
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Lyfjahvarfafræði: Frásog, dreifing, útskilnaður og umbrot lyfja. Gildi lyfjamælinga í blóði. Lyfjaviðtakar. Samband skammta og verkunar. Hjáverkanir lyfja. Öldrunarlyfjafræði. Milliverkun lyfja. Lyfhrifafræði: Lyfjafræði innkirtla. Bólgueyðandi lyf. Lyfjafræði úttaugakerfis. Lyfjafræði miðtaugakerfis. Blóðþrýstingslækkandi lyf. Hjartalyf. Segavarnarlyf. Fitulækkandi lyf. Eitranir í heimahúsum.
Nauðsynleg undirstaða: Lífeðlisfræði I og frumulíffræði (HJÚ203G)
Skriflegt próf.

**HJÚ304G • Aðferðir í hjúkrun II • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Kennari: Dóróthea Bergs Aðjúnkt
Kennari: Margrét Sigmundsdóttir Verkefnisstjóri
Þetta námskeið er kennt samhliða námskeiðinu Greining hjúkrunarviðfangsefna og -meðferð. Annars vegar er um að ræða sýnikennslu í verknámsstofu. Námsmat er staðið/fallið í hverri kennslustund. Hins vegar er um að ræða klínískt nám á skurðdeildum eða lyflækningadeildum sjúkrahúsa. Áhersla er lögð á mat og greiningu hjúkrunarvandamála hjá sjúklingum, skráningu hjúkrunar, þjálfun í klínískri færni og heildrænni hjúkrun.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn hjúkrunarfræði (HJÚ201G), Heilbrigðismat (HJÚ202G), Aðferðir í hjúkrun I (HJÚ207G)
Staðið/fallið í hverjum verkþætti í sýnikennslu. Námsmat í klínísku námi á sjúkrahúsi felur í sér skrifleg verkefni, hjúkrunarferlisverkefni og þátttöku í umræðutímum.

**HJÚ305G • Lífeðlisfræði II • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Kennari: Sighvatur Sævar Árnason
Kennari: Atli Jósefsson Stundakennari
Kennari: Logi Jónsson Dósent
Kennari: Halla Helgadóttir
Kennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Námsefni: Blóðrás og stjórnun blóðþrýstings. Öndun. Starfsemi nýrna, sýru-basavægi, seltu- og vökvavægi. Melting. Vöxtur, þroski, æxlun. Stjórn efnaskipta og orkujafnvægis. Stjórn líkamshita. Varnarkerfi líkamans. Meðvitund og atferli. Verklegar æfingar/verkefni: 1) Viðbrögð líkamans við áreynslu. 3) Útskilnaður (verkefni). Æfing um blóðrás og öndun í samvinnu við 11.12.33 Greining hj.viðfangsefna og meðferð.
Kennsla er á formi fyrirlestra, umræðufunda og verklegra æfinga. Skylt er að mæta í allar verklegar æfingar og skila fullnægjandi skýrslum.
Kennsla er í formi fyrirlestra, umræðufunda og verklegra æfinga. Skylt er að mæta í allar verklegar æfingar og skila fullnægjandi skýrslum.
Nauðsynleg undirstaða: Lífeðlisfræði I og frumulíffræði (HJÚ203G)
Próf er haldið í lok misseris. Lokaeinkunn er samsett úr einkunn úr prófinu (80%) og vegnu meðaltali einkunna fyrir verklegar æfingar og skýrslur (20%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn 5.0 í hvorum prófhluta til að standast námskeiðið.

**HJÚ401G • Næringarfræði • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Inga Þórsdóttir Prófessor
**Viðfangsefni**

Fjallað verður um tengsl mataræðis, næringarefna og heilsu. Athuguð verður grunnhugtök næringarfræðinnar eins og lífsnauðsynleg næringarefni, nýting næringarefna, þörf og ráðlagður dagskammtur. Þá verður lögð áhersla á orku og næringarefni (kolvetni, lípíð, prótein, vatn, steinefni og vítamín) og áhrif þeirra á líkamsstarfsemi, sem og meltingu, frásog og flutning. Talað verður um mataræði Íslendinga, ráðleggingar um mataræði, alþjóðleg næringarvandamál og næringu í þróunarlöndum.
Nauðsynleg undirstaða: Lífeðlisfræði I og frumulíffræði (HJÚ203G)
Skriflegt próf (85%), verkleg æfing og skýrsluskil (15%). Þátttaka í verklegri æfingu og skil á skýrslu er forsenda fyrir próftökurétti.

**HJÚ402G • Hjúkrun aðgerðasjúklinga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Herdís Sveinsdóttir Prófessor
Kennari: Eygló Ingadóttir
Kennari: Katrín Blöndal
Kennari: Erlín Óskarsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Margrét Sigmundsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Anna Gyða Gunnlaugsdóttir Stundakennari
Megináhersla er lögð á að nemendur öðlist þekkingu og færni í hjúkrun fullorðinna einstaklinga sem eiga við bráða eða langvinna sjúkdóma að stríða og fara í aðgerð vegna þeirra. Lögð er áhersla á að nemendur greini líkamlegar, andlegar, félagslegar og menningarlegar þarfir og samspil þeirra við heilsufarsvanda hins sjúka einstaklings og fjölskyldu hans og vinni heildrænt að því að leysa hjúkrunarvandamál og efla heilbrigði og þroska skjólstæðinga sinna. Kennd er hjúkrun sjúklinga fyrir aðgerð, eftir aðgerð og í aðgerð. Eftirlit (observation), skipulagning og beiting hjúkrunarmeðferða eru lykilatriði. Umræðufundir eru um klínísk viðfangsefni nemenda meðan á klíníska náminu

stendur.
Nauðsynleg undirstaða: Lyfjafræði (HJÚ303G), Lífeðlisfræði II (HJÚ305G), Aðferðir í hjúkrun II (HJÚ304G)
Frammistaða í klínísku námi (staðið/fallið), verkefni tengd klínísku námi og próf í maí.

**HJÚ403G • Lyflækningafræði • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Viðarsson Aðjúnkt
Námskeið þetta miðar að því að nemandi öðlist yfirsýn yfir helstu sjúkdóma er fengist er við innan lyflæknisfræði. Kennd eru grundvallaratriði allra algengustu sjúkdóma eftirtalinna sjúkdómaflokka: hjarta- og æðasjúkdóma, meltingarfærasjúkdóma, nýrna- og þvagfærasjúkdóma, öndunarfærasjúkdóma, sjúkdóma í mið- og úttaugakerfi, blóðsjúkdóma, innkirtlasjúkdóma, gigtarsjúkdóma, smitsjúkdóma, krabbameinssjúkdóma og klínískrar ónæmisfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Lífeðlisfræði I og frumulífffræði (HJÚ203G), Lyfjafræði (HJÚ303G)
Skriflegt próf í lok febrúar (100%). Krossapróf.

**HJÚ404G • Handlækningafræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristinn Jóhannsson
Kennari: Halldór Jónsson Prófessor
Kennari: Tómas Guðbjartsson
Sérfræðingar skurðdeilda landspítala háskólasjúkrahúss kenna sínar sérgreinar. Farið verður yfir einkenni, greiningu og meðferð sjúkdóma og slysa, sem skiptist þannig: Almennir hlutar handlæknisfræði, sjúkdómar í brjóstholi, sjúkdómar í kviðarholi, brjóstasjúkdómar, skjaldkirtilssjúkdómar og meðferð bruna, sjúkdómar í þvagfærum, sjúkdómar í beinum og liðum og sjúkdómar í heila og mænu.
Nauðsynleg undirstaða: Lífeðlisfræði I og frumulífffræði (HJÚ203G)
Skriflegt próf í febrúar.

**HJÚ501G • Hjúkrun langveikra fullorðinna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Hildur Einarsdóttir
Kennari: Hallveig Broddadóttir
Kennari: Þóra Jenný Gunnarsdóttir Lektor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Meginviðfangsefnið er hjúkrunarmeðferð langveikra fullorðinna og fjölskyldna þeirra. Viðfangsefnin lúta að hvoru tveggja, bráða og langvinnu ástandi sjúklinga. Klínískt nám fer fram á lyflækningadeildum sjúkrahúsa.
Nauðsynleg undirstaða: Hjúkrun aðgerðasjúklinga (HJÚ402G)
Námsmat: Námskeiðið samanstendur af bæði bóklegu og klínísku námi sem innihalda verkefni. Nemandi þarf að ná lágmarki 6,0 í hverju verkefni til að ná námskeiðinu.

**HJÚ502G • Hjúkrun krabbameinssjúklinga • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Nanna Friðriksdóttir Aðjúnkt
Kennari: Sigríður Gunnarsdóttir Lektor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Markmið með námskeiðinu er að nemendur öðlist þekkingu og færni í hjúkrun fullorðinna sjúklinga með krabbamein. Fjallað verður um líkamlegar og sálfélagslegar þarfir sjúklinga og aðstandenda þeirra við greiningu, í meðferð og við lok lífs. Áhersla verður lögð á mat einkenna, einkennameðferð og samskipti. Námskeiðið samanstendur af fyrirlestrum og umræðum.
Nauðsynleg undirstaða: Hjúkrun aðgerðasjúklinga (HJÚ402G)
Skriflegt próf í desember (80%).

**HJÚ503G • Vöxtur og þroski yfir æviskeiðið • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Sif Friðjónsdóttir Lektor
Kennari: Sóley Sesselja Bender Dósent
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Í námskeiðinu er lögð áhersla á eðlilegan vöxt og þroska mannsins. Farið er í sálfélagslegan þroska og líkamlegar breytingar hjá börnum, unglingum og fullorðnum. Helstu kenningar um vitsmuna-, siðferðis- og sálfélagslegan þroska yfir æviskeiðið eru kynntar. Fjallað er um margvíslegar aðferðir til að meta vöxt og þroska barna og unglinga og nemendur fá tækifæri til að beita völdum aðferðum. Skylt er að taka þátt í umræðutímum um barnæskuna, unglinginn og fullorðinsárin.
Verkefnavinna (40%). Umræðutímar skyldumæting (15%). Stutt heimapróf yfir misserið (45%).

**HJÚ504G • Aðferðafræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Sif Friðjónsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Páll Biering Dósent
Kennari: Þóra Jenný Gunnarsdóttir Lektor
Kennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum skilning á helstu grunnhugtökum aðferðafræðinnar sem og þekkingu á algengustu rannsóknaaðferðum sem beitt er í hjúkrunarrannsóknum. Áhersla er einnig lögð á að þjálfa nemendur í lestri og gagnrýnu mati á rannsóknum í hjúkrunarfræði sem og öðrum vísindagreinum.
Menntunarmarkmið
Að loknu námskeiði á nemandi að vera fær um að:
- Skilja og geta gert grein fyrir grunnhugtökum í aðferðafræði eigindlegra og megindlegra rannsókna
- Gera grein fyrir einkennum ólíkra aðferða sem beitt er við úrtekt, gagnasöfnun, gagnagreiningu í hjúkrunarrannsóknum
- Beita hugtökunum áreiðanleika, réttmæti og trúverðugleika við lestur rannsóknarskýrslna og til að leggja mat á niðurstöður hjúkrunarrannsókna
- Að greina og gagnrýna rannsóknir í hjúkrunarfræði sem og öðrum heilbrigðisvísindum.

- Gera grein fyrir hugtakinu gagnreynd þekking og útskýra gildi rannsókna í hjúkrunarstarfi sem og við ákvarðanatöku í heilbrigðisþjónustu.
Skriflegt próf og verkefni

**HJÚ505G • Tölfræði • (4e) • Haust • 2f + 1æ**
Umsjónarkennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Kennari: Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Í námskeiðinu eru kennd undirstöðuatriði hagnýtrar tölfræði. Að meginefni er fengist við tölfræðilega greiningu, tölvuæfingar,framsetningu og túlkun á niðurstöðum. Helstu efnisþættir eru: Mælingar á miðlægni og dreifingu í talnasöfnum, stöðlun, normaldreifing, öryggismörk, marktækni (z-, t- og x2-próf) og fylgni (fí, Spearman's r og Pearson's r).
Æfingar (SPSS) í skjáveri. Umsjón: Guðlaug J. Sturludóttir, stundakennari.
Nemendur sækja x kennslustundir í tölvuæfingum þar sem þjálfuð er notkun SPSS tölfræðiforritsins. Námsmat byggist á prófi í lok æfinga. Kennsla í SPSS verður á vormisseri.
Skriflegt próf í desember (80%), verkefni (20%). Kennsla í SPSS, staðið/fallið.

**HJÚ601G • Geðhjúkrun og geðheilbrigði • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Jóhanna Bernharðsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Páll Biering Dósent
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Í námskeiðinu er fjallað um ýmsa þætti geðheilbrigðis og helstu geðraskanir meðal fullorðinna og barna, tíðni, greiningu og meðferðarleiðir. Farið verður yfir meginkenningar og hugtök sem geðhjúkrun byggir á sem og mismunandi nálganir í geðvernd og geðheilbrigðisþjónustu. Fjallað er sérstaklega um hlutverk hjúkrunarfræðinga í forvörnum, meðferð og endurhæfingu einstaklinga með geðræn vandamál. Í verknáminu, sem fer fram á heilbrigðisstofnunum, gefst nemendum tækifæri til að beita fræðilegri þekkingu við mat og hjúkrunarmeðferð einstaklinga undir handleiðslu fagfólks á sviðinu . Nemendur vinna jafnframt klínísk námsverkefni með leiðsögn deildar- og sérfræðikennara.
Nauðsynleg undirstaða: Hjúkrun aðgerðasjúklinga (HJÚ402G), Hjúkrun langveikra fullorðinna (HJÚ501G)
Verkefni 30% og lokapróf 70%. Lágmarkseinkunn er 6.0 í hverjum námsþætti fyrir sig

**HJÚ602G • Öldrunarhjúkrun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Margrét Gústafsdóttir Dósent
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Í námskeiðinu er fjallað um öldrun, efri ár, hlutverk og stöðu aldraðra, viðhorf til þeirra í kjölfar hækkandi lífaldurs, öldrunarbreytingar, heilbrigði og vellíðan á efri árum. Í klínísku námi fá nemendur tækifæri til að kynnast og vinna með öldruðum, sem njóta mismunandi forma á þjónustu, s.s. á dagdeildum, í félags- og kirkjustarfi og á öldrunarsviði LSH. Áhersla er lögð á að nemendur fái innsýn í þá möguleika og ábyrgð, sem hlutverk hjúkrunarfræðinga felur í sér í þjónustu við aldraða og fjölskyldur þeirra.
Lokaeinkunn er samansett úr sjálfstæðum prófþáttum, þ.e. verkefni (40%), skriflegt próf í maí (60%) og frammistöðu í verklegu námi (staðið/fallið).

**HJÚ603G • Endurlífgun • (0e) • Vor • 4v**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Jónsson Aðjúnkt
Námskeiðinu er ætlað að efla kunnáttu og viðbrögð í bráðaaðstæðum og er námskeiðið liður í forkröfu fyrir námskeið bráða- og gjörgæsluhjúkrun á fjórða námsári.
Markmið með námskeiðinu er að nemendur verði hæfir til að vinna samkvæmt endurlífgunarkeðjunni: Hringja - hefja endurlífgun - gefa rafstuð eða tryggja að rafstuð sé gefið fljótt - tryggja sérhæfða aðstoð. Jafnframt stuðla að færni nemenda í að greina fyrstu einkenni alvarlegra veikinda. Námsþættir: Meðvitundarleysi, endurlífgun, aðskotahlutur í öndunarvegi, sjálvirkt hjartastuðtæki (AED) og hjartasjúkdómar.
Krossapróf og verklegar æfingar. Nemendur þurfa að standast alla námsþætti

**HJÚ604G • Hjúkrunarstjórnun • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Markmið með námskeiðinu er að nemendur öðlist þekkingu á hugtökum og kenningum í stjórnun og notagildi þeirra í hjúkrunarstarfi. Þekki almennt skipulag og uppbyggingu heilbrigðisstofnana. Klínísk kennsla í hjúkrunarstjórnun fer fram á sjúkrahúsum. Nemendur vinna skilgreind klínísk verkefni og taka þátt í umræðufundum.
Nauðsynleg undirstaða: Hjúkrun aðgerðasjúklinga (HJÚ402G), Hjúkrun langveikra fullorðinna (HJÚ501G)
Námsmat: Frammistaða í klínísku námi (staðið/fallið), verkefni tengt klínísku námi og skriflegt próf. Lágmarkseinkunn er 6,0 í prófi og klíísku námi.

**HJÚ605G • Tölfræðiæfingar (SPSS) • (0e) • Vor**
Umsjónarkennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Guðlaug Júlía Sturludóttir Verkefnisstjóri
Nemendur sækja 8 kennslustundir í tölvuæfingum þar sem þjálfuð er notkun SPSS tölfræðiforritsins. Námsmat byggist á prófi í lok æfinga.
Próf i lok æfinga: Staðið/fallið.

**HJÚ701G • Barneignir og fjölskyldan • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hildur Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Sóley Sesselja Bender Dósent
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Aðaláhersla er lögð á hjúkrun fjölskyldunnar eftir fæðingu. Fjallað er um fjölskylduna og heilbrigði kvenna í tengslum við barneignir og kynnast nemendur m.a. kenningum um þróun foreldrahlutverks og aðlögun fjölskyldunar að tilkomu hins nýfædda fjölskyldumeðlims. Lögð er áhersla á sálfélagslegar og líkamlegar breytingar og aðlögun bæði hjá móður og barni. Nemendur eru tvær vikur í verklegu námi á

sjúkrahúsi.
Meginmarkmið:
Nemendur;
- þrói áfram það sem lagt hefur verið til grundvallar í öðrum námskeiðum, s.s. er varðar þroskamat á mismunandi aldursskeiðum, líkamsmat og mat á sálfélagslegri líðan/geðheilsu, tjáskipti, upplýsingasöfnun og heilbrigðisfræðslu
- þekki áhrif barnsfæðinga á fjölskyldur og hafi öðlast grunnþekkingu í því að meta heilsufarsástand fjölskyldu eftir barnsburð
- geri sér grein fyrir þörfum forelda og fjölskyldna fyrir hjúkrunarþjónustu á barneignarskeiði
- þekki og meti eðlilegt líkamlegt ástand og frávik hjá móður og barni eftir barnsburð
- þekki og öðlist frumþjálfun í greiningu sálfélagslegra breytinga í tengslum við barnsburð
- þekki helstu áhættuþætti og fylgikvilla sem upp geta komið hjá konu og barni á meðgöngu, í fæðingu og í sængurlegu og áhrif þeirra á líðan, umönnun og eftirlit mæðra, barna og fjölskyldna í kjölfar fæðingar
-öðlist færni í úrvinnslu lausnaleitarverkefna, sýni fram á djúpa faglega ígrundun og taki þátt í framsögu og umræðum um klínísk tilfelli
Nauðsynleg undirstaða: Vöxtur og þroski yfir æviskeiðið (HJÚ503G)
Námsmat byggist á verkefnum sem vega 25% og prófi í maí sem vegur 75%.

**HJÚ701G • Barneignir og fjölskyldan • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hildur Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Sóley Sesselja Bender Dósent
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Aðaláhersla er lögð á hjúkrun fjölskyldunnar eftir fæðingu. Fjallað er um fjölskylduna og heilbrigði kvenna í tengslum við barneignir og kynnast nemendur m.a. kenningum um þróun foreldrahlutverks og aðlögun fjölskyldunnar að tilkomu hins nýfædda fjölskyldumeðlims. Lögð er áhersla á sálfélagslegar og líkamlegar breytingar og aðlögun bæði hjá móður og barni. Nemendur eru tvær vikur í verklegu námi á sjúkrahúsi.
Meginmarkmið:
Nemendur;
- þrói áfram það sem lagt hefur verið til grundvallar í öðrum námskeiðum, s.s. er varðar þroskamat á mismunandi aldursskeiðum, líkamsmat og mat á sálfélagslegri líðan/geðheilsu, tjáskipti, upplýsingasöfnun og heilbrigðisfræðslu
- þekki áhrif barnsfæðinga á fjölskyldur og hafi öðlast grunnþekkingu í því að meta heilsufarsástand fjölskyldu eftir barnsburð
- geri sér grein fyrir þörfum forelda og fjölskyldna fyrir hjúkrunarþjónustu á barneignarskeiði
- þekki og meti eðlilegt líkamlegt ástand og frávik hjá móður og barni eftir barnsburð
- þekki og öðlist frumþjálfun í greiningu sálfélagslegra breytinga í tengslum við barnsburð
- þekki helstu áhættuþætti og fylgikvilla sem upp geta komið hjá konu og barni á meðgöngu, í fæðingu og í sængurlegu og áhrif þeirra á líðan, umönnun og eftirlit mæðra, barna og fjölskyldna í kjölfar fæðingar
-öðlist færni í úrvinnslu lausnaleitarverkefna, sýni fram á djúpa faglega ígrundun og taki þátt í framsögu og umræðum um klínísk tilfelli
Nauðsynleg undirstaða: Vöxtur og þroski yfir æviskeiðið (HJÚ503G)
Námsmat byggist á verkefnum sem vega 25% og prófi í maí sem vegur 75%.

**HJÚ702G • Barnahjúkrun • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Kennari: Elínrós Erlingsdóttir
Kennari: Helga Lára Helgadóttir Lektor
Kennari: Guðrún Jónsdóttir Aðjúnkt
Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum þekkingu á grundvallarhugtökum, kenningum og aðferðum í barnahjúkrun. Lögð er áhersla á þarfir og heilbrigði barna og fjölskyldna þeirra; viðbrögð, upplifun og skynjun barna á veikindum og sjúkrahúsvist; tjáskipti við börn, tengsl við foreldra og hlutverk hjúkrunar í umönnun barna með ýmis heilbrigðisfrávik og foreldra þeirra. Verklegar æfingar veita nemendum tækifæri til að kynnast störfum hjúkrunarfræðinga á barnadeildum. Áhersla er lögð á tengingu fræðilergar þekkingar, klínískrar aðferðafræði og framkvæmd hjúkrunar foreldra og barna.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði (HJÚ504G), Vöxtur og þroski yfir æviskeiðið (HJÚ503G), Hjúkrun langveikra fullorðinna (HJÚ501G), Hjúkrun krabbameinssjúklinga (HJÚ502G)
Lokaeinkunn er samsett úr tveimur prófþáttum, þ.e. skrifleg verkefni tengd verklegu námi gilda 40% af heildareinkunn og skriflegt próf 60% (haldið í desember).

**HJÚ702G • Barnahjúkrun • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Kennari: Elínrós Erlingsdóttir
Kennari: Helga Lára Helgadóttir Lektor
Kennari: Guðrún Jónsdóttir Aðjúnkt
Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum þekkingu á grundvallarhugtökum, kenningum og aðferðum í barnahjúkrun. Lögð er áhersla á þarfir og heilbrigði barna og fjölskyldna þeirra; viðbrögð, upplifun og skynjun barna á veikindum og sjúkrahúsvist; tjáskipti við börn, tengsl við foreldra og hlutverk hjúkrunar í umönnun barna með ýmis heilbrigðisfrávik og foreldra þeirra. Verklegar æfingar veita nemendum tækifæri til að kynnast störfum hjúkrunarfræðinga á barnadeildum. Áhersla er lögð á tengingu fræðilergar þekkingar, klínískrar aðferðafræði og framkvæmd hjúkrunar foreldra og barna.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði (HJÚ504G), Vöxtur og þroski yfir æviskeiðið (HJÚ503G), Hjúkrun langveikra fullorðinna (HJÚ501G), Hjúkrun krabbameinssjúklinga (HJÚ502G)
Lokaeinkunn er samsett úr tveimur prófþáttum, þ.e. skrifleg verkefni tengd verklegu námi gilda 40% af heildareinkunn og skriflegt próf 60% (haldið í desember).

**HJÚ703G • Barnasjúkdómafræði • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Kennari: Rakel Björg Jónsdóttir
Kennari: Elínrós Erlingsdóttir
Kennari: Helga Lára Helgadóttir Lektor

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum grundvallarþekkingu á barnasjúkdómum. Lögð er áhersla á að lýsa sjúkdómum, útbreiðslu þeirra, einkennum og þekktum orsökum, aðferðum sem notaðar eru til greiningar á sjúkdómum meðal barna og helstu meðferðarleiðum, sem notaðar eru í lækningum barna.
Skriflegt próf.

**HJÚ704G • Heilsugæsla samfélagsins • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Erla Kolbrún Svavarsdóttir Prófessor
Umsjónarkennari: Brynja Örlygsdóttir Lektor
Kennari: Helga Sif Friðjónsdóttir Lektor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Námskeiðinu er ætlað að dýpka skilning nemenda á heilsugæslu- og fjölskylduhjúkrun þar sem megináhersla er lögð á heilsueflingu í samfélaginu, forvarnir, og heilbrigðisfræðslu. Fjallað verður um hugtök og kenningar tengdar heilsueflingu og fjölskylduhjúkrun. Aðferðir til að viðhalda heilbrigði fjölskyldna/hópa í samfélaginu verða ræddar og farið verður yfir heilsutengda hegðun í ýmsum þjóðfélögum. Að auki verður fjallað um það hvernig hjúkrunarfræðingar geta nýtt sér hugmyndafræði heilsugæsluhjúkrunar í starfi og til rannsókna. Umræðutímar og verklegt nám á heilsugæslustöðvum miða að því að veita nemendum innsýn inn í atvinnuheilsuvernd, ungbarnavernd, skólahjúkrun, stefnumótun innan heilsugæslu- og fjölskylduhjúkrunar og að tengja saman fræðilega þekkingu við reynslu úr verklegu námi.
Námsfyrirkomulag: Fyrirlestrar, umræðutímar, 3 vikna verklegt nám á heilsugæslustöðvum og einstaklingsverkefnavinna í tengslum við verknámið.
Nauðsynleg undirstaða: Hjúkrun langveikra fullorðinna (HJÚ501G)
Skriflegt próf í desember 60%; Verkefni (40%)tilkynnt síðar.

**HJÚ705G • Heimahjúkrun • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Björnsdóttir Prófessor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Í námskeiðinu verður fjallað um heimilið sem vettvang heilbrigðisþjónustu. Rætt verður um gildi heimilisins fyrir fólk og áhrif tæknivæðingar á heimilismenn. Leitast verður við að skoða samspil umhverfis á heimilum og heilsu og lífsgæða. Samstarf við aðstandendur og aðstæður þeirra verða ræddar með hliðsjón af innlendum og erlendum rannsóknum. Gerð verður grein fyrir uppbyggingu og skipulagi heilbrigðis- og félagsþjónustu til þeirra sem dvelja heima og þarfnast aðstoðar vegna veikinda eða skerðingar á færni. Í fyrirlestrum og klínísku námi kynnist nemandi störfum í heimahjúkrun sem miða að því að viðhalda og efla vellíðan fólks með langvinn heilsufarsvandamál sem býr á eigin heimili.
Nauðsynleg undirstaða: Hjúkrun krabbameinssjúklinga (HJÚ502G), Hjúkrun langveikra fullorðinna (HJÚ501G), Öldrunarhjúkrun (HJÚ602G)
Námsmat verður verkefni sem nemandi skilar í lok verknáms.

**HJÚ801G • Bráðahjúkrun • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Jónsson Aðjúnkt
Kennari: Guðrún Jónsdóttir Aðjúnkt
Tilgangur kennslu í bráða- og gjörgæsluhjúkrun er að nemendur öðlist grunnþekkingu og færni í hjúkrun bráð- og alvarlega veikra sjúklinga, sem og hjúkrun slasaðra. Í námskeiðinu er fjallað um hjúkrun sjúklinga á slysa-, bráða- og gjörgæsludeildum. Fjallað verður meðal annars um viðbrögð á vettvangi, fyrstu meðferð, flutning og móttöku slasaðra og bráðveikra, um hlutverk hjúkrunarfræðinga á hættutímum og helstu þætti í hjúkrun sjúklinga sem þurfa á gjörgæslumeðferð að halda. Ennfremur er fjallað um stuðning við aðstandendur bráð- og alvarlega veikra svo og þolendur ofbeldis. - Forkröfur námskeiðsins er viðurkennt skyndihjálparnámskeið/fyrstuhjálparnámskeið og endurlífgunarnámskeið sem haldið er á þriðja námsári.
Nauðsynleg undirstaða: Hjúkrun krabbameinssjúklinga (HJÚ502G), Hjúkrun langveikra fullorðinna (HJÚ501G), Geðhjúkrun og geðheilbrigði (HJÚ601G)
- Framsaga/tilfellakynning á umræðufundi - Verkefni í hermi - Verklegt nám (staðið/fallið) - Skriflegt lokapróf

**HJÚ802G • Valnámskeið í verklegri hjúkrun • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynja Örlygsdóttir Lektor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Nemendur velja sér sjálfir klíniskan vettvang þar sem hjúkrun sem þeir hafa áhuga á er veitt. Áætlað er að nemandi skili 40 stundum á vettvangi og kynni sér gagnreynda hjúkrun þar. Verkefni verður unnið í tengslum við áhugasvið nemandans.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði (HJÚ504G), Vöxtur og þroski yfir æviskeiðið (HJÚ503G), Tölfræði (HJÚ505G), Hjúkrun krabbameinssjúklinga (HJÚ502G), Geðhjúkrun og geðheilbrigði (HJÚ601G), Öldrunarhjúkrun (HJÚ602G), Hjúkrunarstjórnun (HJÚ604G)
Verkefni.

**HJÚ803G • Lokaverkefni í hjúkrunarfræði • (16e) • Haust**
Umsjónarkennari: Brynja Örlygsdóttir Lektor
Með lokaverkefninu fá nemendur tækifæri til að auka þekkingu sýna á völdu sviði innan hjúkrunarfræðinnar. Þeir dýpka jafnframt aðferðafræðilega þekkingu sína og fá þjálfun í sjálfstæðum fræðilegum vinnubrögðum. Auk lesefnisleitar og fræðilegrar umfjöllunar á völdu viðfangsefni innan hjúkrunarfræði felur verkefnið í sér öflun rannsóknargagna og greiningu þeirra. Að hausti er í fyrirlestrum farið yfir grundvallarþætti fræðilegra vinnubragða en að vori er lögð megináhersla á hagnýt atriði varðandi framsetningu lokaverkefnanna. Nemendur vinna verkefni undir umsjón fastráðinna kennara við deildina. Þeir kynna verkefnin á Rannsóknadegi í hjúkrunarfræðideild sem haldinn er í maí.
Nauðsynleg undirstaða: Tölfræði (HJÚ505G), Aðferðafræði (HJÚ504G)
Æskileg undirstaða: Tölfræðiæfingar (SPSS) (HJÚ605G)
Vinnuferli 20%, lokaskýrsla 70%, kynning á verkefni 10%.

**HJÚ803G • Lokaverkefni í hjúkrunarfræði • (16e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynja Örlygsdóttir Lektor
Með lokaverkefninu fá nemendur tækifæri til að auka þekkingu sýna á völdu sviði innan hjúkrunarfræðinnar. Þeir dýpka jafnframt

aðferðafræðilega þekkingu sína og fá þjálfun í sjálfstæðum fræðilegum vinnubrögðum. Auk lesefnisleitar og fræðilegrar umfjöllunar á völdu viðfangsefni innan hjúkrunarfræði felur verkefnið í sér öflun rannsóknargagna og greiningu þeirra. Að hausti er í fyrirlestrum farið yfir grundvallarþætti fræðilegra vinnubragða en að vori er lögð megináhersla á hagnýt atriði varðandi framsetningu lokaverkefnanna. Nemendur vinna verkefni undir umsjón fastráðinna kennara við deildina. Þeir kynna verkefnin á Rannsóknadegi í hjúkrunarfræðideild sem haldinn er í maí.
Nauðsynleg undirstaða: Tölfræði (HJÚ505G), Aðferðafræði (HJÚ504G)
Æskileg undirstaða: Tölfræðiæfingar (SPSS) (HJÚ605G)
Vinnuferli 20%, lokaskýrsla 70%, kynning á verkefni 10%.

**HJÚ804G • Lokaverkefni í hjúkrunarfræði • (12e) • Haust**
Umsjónarkennari: Brynja Örlygsdóttir Lektor
Með lokaverkefninu fá nemendur tækifæri til að auka þekkingu sýna á völdu sviði innan hjúkrunarfræðinnar. Þeir fá jafnframt þjálfun í sjálfstæðum fræðilegum vinnubrögðum eins og heimildaöflun, gagnrýnu mati á heimildum og kenningum. Verkefni geta verið fræðilegar úttektir, þróunarverkefni eða minni rannsóknir (lýsandi niðurstöður). Að hausti er í fyrirlestrum farið yfir grundvallarþætti fræðilegra vinnubragða en að vori er lögð megináhersla á hagnýt atriði varðandi framsetningu lokaverkefnanna. Nemendur vinna verkefni undir umsjón fastráðinna kennara við deildina. Þeir kynna verkefnin á Rannsóknadegi í hjúkrunarfræðideild sem haldinn er í maí. Nauðsynleg undirstaða eru námskeiðin 11.12.25 Tölfræði og 11.13.14 Aðferðafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Tölfræði (HJÚ505G), Aðferðafræði (HJÚ504G)
Æskileg undirstaða: Tölfræðiæfingar (SPSS) (HJÚ605G)
Vinnuferli 20%, lokaskýrsla 70%, kynning á verkefni 10%.

**HJÚ804G • Lokaverkefni í hjúkrunarfræði • (12e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynja Örlygsdóttir Lektor
Með lokaverkefninu fá nemendur tækifæri til að auka þekkingu sýna á völdu sviði innan hjúkrunarfræðinnar. Þeir fá jafnframt þjálfun í sjálfstæðum fræðilegum vinnubrögðum eins og heimildaöflun, gagnrýnu mati á heimildum og kenningum. Verkefni geta verið fræðilegar úttektir, þróunarverkefni eða minni rannsóknir (lýsandi niðurstöður). Að hausti er í fyrirlestrum farið yfir grundvallarþætti fræðilegra vinnubragða en að vori er lögð megináhersla á hagnýt atriði varðandi framsetningu lokaverkefnanna. Nemendur vinna verkefni undir umsjón fastráðinna kennara við deildina. Þeir kynna verkefnin á Rannsóknadegi í hjúkrunarfræðideild sem haldinn er í maí. Nauðsynleg undirstaða eru námskeiðin 11.12.25 Tölfræði og 11.13.14 Aðferðafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Tölfræði (HJÚ505G), Aðferðafræði (HJÚ504G)
Æskileg undirstaða: Tölfræðiæfingar (SPSS) (HJÚ605G)
Vinnuferli 20%, lokaskýrsla 70%, kynning á verkefni 10%.

**HJÚ807G • Hjúkrun sem starfs- og fræðigrein • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Gunnarsdóttir Lektor
Kennari: Laura Scheving Thorsteinsson Lektor
Kennari: Kristín Björnsdóttir Prófessor
Kennari: Vilhjálmur Árnason Prófessor
Kennari: Birna Guðrún Flygenring Lektor
Tilgangur námskeiðsins er að auka innsýn og skilning nemenda á þáttum sem hafa áhrif á störf og starfsþróun hjúkrunarfræðinga. Í námskeiðinu eru kynntar kenningar og líkön og um starfsumhverfi og starfsþróun og tengsl þess við störf hjúkrunarfræðinga og gæði þjónustunnar. Fjallað er um þætti sem hafa áhrif á störf og starfsþróun hjúkrunarfræðinga og sérstaklega íhugað hvernig hjúkrun hefur þróast sem starfs- og fræðigrein. Rætt er um lög, reglugerðir, strauma og stefnur, innan lands og utan, sem skapa ramma og móta starf heilbrigðisþjónustunnar og þróun hjúkrunar. Sérstaklega er rýnt í réttindi sjúklinga sem og réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga. Sagan hjúkrunar er kynnt og rætt er um lykilhugtök sem tengjast hjúkrun sem starfs- og fræðigrein, t.d. fagmennsku, starfsrþróun og réttindi sjúklinga. Kynntar eru siðareglur hjúkrunarfræðinga og rætt um hugsanleg álitamál í hjúkrun. Rætt er um ígrudun í starfi og gagnrýna hugsun. Fjallað er um gildi fyrirmynda í faglegum þroska á vettvangi starfs. Kenningar og leiðir í starfsþróun hjúkrunarfræðinga eru kynntar og nemendur ræða um og setja fram eigin starfsþróunaráætlun.
Námsmat er í formi mats fyrir einstaklingsverkefni, parverkefni, hópverkefni, undirbúning fyrir umræðutíma, þátttöku í umræðutíma, undirbúning fyrir pallborð og þátttöku í pallborði.

**HJÚ019F • Klínisk starfsþjálfun í gjörgæsluhjúkrun • (20e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Jónsdóttir Aðjúnkt
Sérhæfð starfsþjálfun í gjörgæsluhjúkrun fer fram samhliða fræðilegu diplomanámi í gjörgæsluhjúkrun. Starfsþjálfunin telur 10 einingar á sérsviðinu og veitir þjálfun í klíniskum vinnubrögðum og starfsferlum í gjörgæsluhjúkrun. Starfsþjálfunin fer fram í sérstakri námsráðningu á völdum vettvangi sérsviðsins. Starfsnám stendur yfir í 8-10 mánuði og fer að stærstum hluta fram á gjörgæsludeildum og skurðstofum Landspítala - háskólasjúkrahúss, auk þess við gjörgæsludeildir annarra sjúkrahúsa eftir því sem því verður við komið. Æskilegt er að hluta klíníska námstímans sé varið við erlenda sjúkrastofnun. Verknámsskrá er samkvæmt kröfum samtaka gjörgæslu- og bráðahjúkrunarfræðinga í Evrópu og fagdeildar gjörgæsluhjúkrunarfræðinga FÍH.
Markmið starfsþjálfunar í gjörgæsluhjúkrun er að þjálfa nemendur í að samþætta klíníska- og fræðilega þekkingu, efla öryggi í framkvæmd sérhæfðra viðfangsefna og kynna þeim sem flesta þætti gjörgæsluhjúkrunar. Starfsþjálfun er einstaklingsmiðuð þar sem tekið er mið af mismunandi námsþörfum og markmiðum nemenda.
Námsmat umsjónarkennara starfsþjálfunar: Átta skrifleg verkefni og frammistaða í fræðilegum fyrirlestrum á deildarfundum.

**HJÚ030F • Klínísk starfsþjálfun í svæfingahjúkrun • (20e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Lára Borg Ásmundsdóttir
10 einingar tekið samfara bóklegu námi. Verklegt nám í svæfingahjúkrun er metið til 10 eininga og er 1700 stundir Námið veitir þjálfun í klíniskum vinnubrögðum og vinnuferlum og fer fram í námsráðningu á vettvangi sérsviðsins skv. Verknámsbók þar sem fram koma námsmarkmið fyrir hvert tímabil, hvaða kröfur nemar þurfa að uppfylla, upplýsingar um námsmat o.fl. . Verknám fer að mestu fram á svæfingadeildum en einnig verður hluti þjálfunarinnar í hermi (simulator). Tillögur að samsetningu og framkvæmd slíkrar starfsþjálfunar eru unnar af umsjónarráði viðkomandi diplómanáms í samvinnu við rannsóknanámsnefnd, viðkomandi fagdeildir Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, erlendar fagdeildir ef við á og fagfulltrúa þeirra stofnana sem starfsþjálfunin á að fara fram við. Ráðnir verða umsjónarkennarar starfsþjálfunar í samráði við umsjónarráð. Hjúkrunarfræðideild veitir sérstakt prófskírteini, diplóma, til staðfestingar því að viðkomandi hafi staðist tilskildar kröfur. (bls. 173). Fyrri reynsla á sviði svæfingahjúkrunar er metin í hverju einstöku tilviki til styttingar verknáms. Hjúkrunarfræðingar með 2 ára reynslu á sviði gjörgæsluhjúkrunar fá þá reynslu metna til styttingar í verknámi sem svarar 100 stundum.
Námsmat umsjónarkennara starfsþjálfunar: Sex skrifleg verkefni og frammistaða í fræðilegum fyrirlestrum á deildarfundum. Í lok starfsþjálfunartímans er munnlegt og verklegt próf.

**HJÚ044F • Nám og kennsla á vettvangi: Aðferðir og Áhrifaþættir • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ragna Haraldsdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Hrund Scheving Thorsteinsson Lektor
Kennari: Laura Scheving Thorsteinsson Lektor
Kennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Hildur Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Hólmfríður S Kristjánsdóttir
Kennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Kennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Kennari: Herdís Sveinsdóttir Prófessor
Megintilgangur: Að auka þekkingu og færni þeirra sem kenna nemendum á vettvangi með það fyrir augum að gera námið árangursríkara og skilvirkara. Jafnframt að auka hæfni kennara til að auðvelda nemendum að beita fræðilegri þekkingu í starfi.
Meginþættir námskeiðsins eru: Lykilhugtök tengd námi á vettvangi, samskipti við nemendur, samþætting fræða og starfs, mismunandi hlutverk í námi, námsumhverfið og umbætur í starfi.
Markmið: Að þátttakendur/nemendur geri sér grein fyrir sérstöðu klínískrar kennslu á háskólastigi, þekki lykilhugtök, kenningar og rannsóknir sem tengjast námi á vettvangi. Þekki ólíkar kennsluaðferðir og geti metið eigin kennsluhætti og eflt þá.
Verkefni 1 (35%) og 2 (65%).

**HJÚ057F • Klínísk starfsþjálfun í bráðahjúkrun • (20e) • Haust & vor**
Umsjónarmaður: Guðbjörg Pálsdóttir
Sérhæfð starfsþjálfun í bráðahjúkrun fer fram samhliða fræðilegu diplomanámi í bráðahjúkrun. Starfsþjálfunin telur 10 einingar á sérsviðinu og veitir þjálfun í klíniskum vinnubrögðum og starfsferlum í bráðahjúkrun. Starfsþjálfunin fer fram í sérstakri námsráðningu á völdum vettvangi sérsviðsins. Starfsnám stendur yfir í 12- 15 mánuðii.
Hluti af klíníska námstímanum verður varið við erlenda sjúkrastofnun. Verknámsskrá er samkvæmt kröfum fagdeildar bráðahjúkrunarfræðinga FÍH og umsjónaráðs diplómanáms í bráðahjúkrun.
Markmið starfsþjálfunar í bráðahjúkrun er að þjálfa nemendur í að samþætta klíníska- og fræðilega þekkingu, efla öryggi í framkvæmd sérhæfðra viðfangsefna og kynna þeim sem flesta þætti bráðahjúkrunar. Starfsþjálfun er einstaklingsmiðuð þar sem tekið er mið af mismunandi námsþörfum og markmiðum nemenda.
Skrifleg verkefni og frammistaða í fræðilegum fyrirlestrum á deildarfundum.

**HJÚ060F • Þverfagleg samvinna í heilbrigðisþjónustunni • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ragna Haraldsdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Haukur Ingi Jónasson
Námskeið í samvinnu Endurmenntunarstofnunar, hjúkrunarfræðideildar H.Í. og Landspítalans. Það er ætlað djáknum, félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfurum, læknum, prestum, sálfræðingum og sjúkraþjálfurum sem starfa á hinum ýmsu sviðum heilbrigðisþjónustunnar.
Meginmarkmið námskeiðsins er að auka skilning og færni þátttakenda á þverfaglegri samvinnu þar sem sjúklingurinn er í miðpunkti. Annars vegar verður fjallað um þverfaglega samvinnu í heilbrigðisþjónustunni með áherslu á hlutverk og styrkleika mismunandi faghópa og heildarinnar, ásamt árangri slíkrar samvinnu á gæði þjónustu og heilsu sjúklinga. Hins vegar verður umfjöllun og þjálfun í grunnatriðum teymisvinnu.

Umsjón: Helga Jónsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræðideild H.Í., Kristján Erlendsson, framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar á Landspítalanum og dósent í læknadeild H.Í.
Kennarar eru Haukur Ingi Jónasson, lektor í verkfræðideild H.Í. og sálgreinir og Greg Ogrinc, D; MS lektor í samfélagslækningum og stjórnandi Office of Research and Innovation in Medical Education, Dartmouth Medical School, Bandaríkjunum.
Skriflegt verkefni

**HJÚ105F • Heilsufarsmat • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Jónsson Aðjúnkt
Kennari: Ágústa Hjördís Kristinsdóttir
Kennari: Helga Sif Friðjónsdóttir Lektor
Kennari: Hallveig Broddadóttir
Kennari: Gísli Níls Einarsson
Kennari: Guðrún Jónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Sigríður Zoéga
Tilgangur námskeiðsins er að efla klíníska þekkingu og færni á sviði heilsufarsmats. Í námskeiðinu er lögð áhersla á ítarlega heilsufarsskoðun út frá bráðum breytingum og ólíkum aldri einstaklinga. Þá er efni og nálgun námskeiðsins skoðað með kerfisbundnum hætti (Review of System). Í námskeiðinu verður tæpt á atriðum sem teljast til frávika (abnormal) í heilsufarsskoðun með áherslu á einkenni, orsakir, afleiðingu svo og algengum viðbrögðum í tengslum við fræðslu, heilsueflingu og forvarnir. Lagt er upp með að byggja ofan á klíníska reynslu/þekkingu nemenda og tengja efni námskeiðsins við námsáherslur þeirra. Rúmlega einn þriðji námskeiðsins byggir á verklegri þjálfun. Í verklegum tímum er farið í gegnum rétt handbrögð við framkvæmd alsherjar heilsufarsskoðunar (Head to Toe Assessment) og efni úr fyrirlestrum sett í klínískt samhengi.
Verkefni og próf.

**HJÚ106F • Sjúkdómamiðuð lífeðlisfræði og meðferð • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Fjallað er um helstu lífeðlisfræðilegar breytingar sem verða við alvarleg veikindi og slys. Farið verður yfir lífeðlisfræði viðkomandi kerfa og líffæra með sérstakri áherslu á áhrif veikinda og meðferðar. Lögð verður áhersla á þekkingu á orsökum einkenna, mat á einkennum og mat á gagnsemi og/eða aukaverkunum meðferðar. Nýjungar í greiningu, mati, eftirliti og meðferð verða kynntar.
próf

**HJÚ112F • Aðferðir • (4e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Helga Bragadóttir Lektor
Kennari: Auðna Ágústsdóttir
Í námskeiðinu verður fjallað um þekkingu í hjúkrunarstarfinu, sköpun hennar og hagnýtingu í starfi. Áhersla er lögð á fræðilega þekkingu, þó önnur form þekkingar séu ekki talin síður mikilvæg. Námskeiðið miðar að því að kynna aðferðir við öflun heimilda, mat á þeim og hagnýtingu. Jafnframt er leitast við að þjálfa samþættingu efnis og framsetningu í rituðu máli. Loks er lögð áhersla á að þjálfa samstarf fagmanna sem miðar að endurskoðun starfshátta í klínísku starfi. Í námskeiðinu er meðal annars tekið mið af þeim aðferðum sem beitt er til að efla hinn fræðilega þátt gagnreyndra starfshátta (EBP) innan heilbrigðisþjónustunnar.
Tvö einstaklingsverkefni, ein eining hvort.

**HJÚ113F • Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Björnsdóttir Prófessor
Kennari: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Kennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Kennari: Herdís Sveinsdóttir Prófessor
Í þessu námskeiði verða helstu stefnur í þekkingarþróun í hjúkrunarfræði kynntar. Þróun þekkingar verður m.a. skoðuð í sögulegu samhengi með greiningu á textum valinna höfunda, m.a. Nightingale og Henderson. Fjallað verður um nokkrar kenningar í hjúkrunarfræði sem hlotið hafa útbreiðslu og góða kynningu á undanförnum árum. Jafnframt verður rætt um áhrif femínískra og póstmódernistískra hugmynda innan hjúkrunarfræðinnar. Loks verða aðferðir til að greina og meta fræðilegan texta kynntar og gefast ýmis tækifæri til að beita þeim í vinnu með verk valinna höfunda. Lágmarksfjöldi nemenda: 15.
Verkefni.

**HJÚ115F • Hjúkrun á sérsviði I • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Námskeiðinu er ætlað að veita þekkingu og þjálfun í grundvallarþáttum sérhæfðra klínískra aðferða við öflun gagna og upplýsinga um skjólstæðinga. Námið fer því samhliða fram á sérhæfðum heilbrigðisstofnunum. Einnig er fjallað um úrvinnslu þeirra og samþættingu sem grundvöll að ályktunum um þarfir og hjúkrunarviðfangsefni til samfelldrar ákvörðunar um hjúkrun. Tekið verður á gagnsemi og takmörkunum klínískra gagnaöflunaraðferða í ljósi sérstöðu hjúkrunar sem samskiptafags. Lágmarksfjöldi nemenda: 15
Nauðsynleg undirstaða: Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (HJÚ113F), Megindleg aðferðafræði í hjúkrun (HJÚ419F), Eigindleg aðferðafræði í hjúkrun og hagnýting rannsókna (HJÚ221F)
Dagbók, umræða um fimm tilfelli út frá þemum, ritgerð og umræður í tíma.

**HJÚ119F • Tölfræði fyrir framhaldsnema • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Margrét Valdimarsdóttir
Í námskeiðinu verða kennd meginatriði hagnýtra fjölbreytuaðferða í tölfræði. Að megin efni verður fengist við tölfræðilega úrvinnslu, túlkun hennar og framsetningu. Fjallað verður um marghliða aðhvarfsgreiningu, dreifigreiningu, lógaritmalínulega aðhvarfsgreiningu og þáttagreiningu. Mikilvægt er að nemendur öðlist skilning á tölfræðilegum hugtökum og úrvinnsluaðferðum við fjölbreytugreiningu gagna. Lögð er áhersla á að nemendur geti beitt hverri úrvinnsluaðferð um sig, þekki forsendur sem aðferðin gengur út frá og geti metið hvenær aðferðin á við og hvenær ekki.

Heimaverkefni (30%), stutt rannsóknarskýrsla (10%), próf í notkun SPSS forritsins (10%) og lokapróf í desember (50%).

**HJÚ120F • Þekkingaþróun í hjúkrun II • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Björnsdóttir Prófessor
Þetta námskeið er ætlað ljósmæðrum sem hyggjast ljúka meistaranámi. Þó namskeiðið miðist við hjúkrunarfræði fá ljósmæður tækifæri til að skrifa um viðfangsefni ljósmóðurfræðinnar.
Í námskeiðinu er fjallað um eðli þekkingar í hjúkrunarfræði og þróun hennar. Rætt er um hugmyndir í hjúkrun og áhrif þeirra á mótun hjúkrunarstarfsins og hjúkrunarfræðinnar. Kenningar í hjúkrunarfræði eru kynntar og ræddar. Loks verður leitast við að greina og ræða stefnur í þekkingarþróun. Auk ofangreindra atriða eru aðferðir við að greina og meta fræðilegan texta kynntar. Nemendur fá tækifæri til að beita þeim í umfjöllun um verk valinna fræðimanna í hjúkrun og í mótun eigin ritverka. Sérstök áhersla er lögð á að greina hugtök sem byggt er á í rannsóknum og skoða það fræðilega samhengi sem mótar þau.
Verkefni

**HJÚ122F • Mat á andlegri og líkamlegri líðan • (10e) • Haust**
Tilgangur námskeiðsins er að efla klíníska þekkingu og færni hjúkrunarfræðinga við mat á andlegri og líkamlegri heilsu. Farið verður í atriði sem teljast til frávika (abnormal) í heilsufarsskoðun með áherslu á einkenni, orsakir, afleiðingu svo og algeng viðbrögð í tengslum við fræðslu, heilsueflingu og forvarnir.
Fyrirkomulag kennslu: Fyrirlestrar, æfingatímar í verknámsstofu og á sjúkradeild.
10 klínísk verkefni auk prófs.

**HJÚ123F • Klínísk starfsþjálfun í skurðhjúkrun • (20e) • Haust & vor**
Umsjónarmaður: Erlín Óskarsdóttir Aðjúnkt
Umsjónarkennari: Herdís Alfreðsdóttir
Sérhæfð starfsþjálfun til diplómaprófs samfara diplómanámi í skurðhjúkrun. Starfsþjálfunin telur þá 10 einingar á sérsviðinu og veitir þjálfun í klínískum vinnubrögðum og starfsferlum í skurðhjúkrun. Starfsþjálfunin til 1700 klst. fer fram á skurð- og svæfingadeildum Landspítala - háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Nánari upplýsingar um starfsþjálfunina er að finna í verknámsbók í diplómanámi.
Markmið klínískrar starfsþjálfunar er: Þekking í stjórnun, uppbyggingu og sértækum tækjabúnaði skurðdeilda og setji í samhengi við heilbrigðis og öryggisþætti í umhverfinu. Meðhöndli og beiti tækjum og verkfærum af kunnáttu og öryggi. Þekking á helstu aðgerðum á hverju sérsviði og mögulegum áhættum fyrir sjúklinginn. Sérhæfð starfsþjálfun til diplómaprófs samfara diplómanámi í skurðhjúkrun. Starfsþjálfunin telur þá 10 einingar á sérsviðinu og veitir þjálfun í klínískum vinnubrögðum og starfsferlum í skurðhjúkrun. Starfsþjálfunin til 1700 klst. fer fram á skurð- og svæfingadeildum Landspítala - háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Nánari upplýsingar um starfsþjálfunina er að finna í verknámsbók í diplómanámi.
Nemendum er skylt að taka námskeið í Sérhæfðri endurlífgun I (ILS) á starfstímanum.
Námsmat umsjónarkennara starfsþjálfunar: Fjögur skrifleg verkefni; tilfellisgreining, hjúkrun í skurðaðgerð, dagbók og lokaverkefni. Í lok starfsþjálfunartímans er munnlegt og verklegt próf.

**HJÚ214F • Forysta, kennsla, fræðsla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Helga Bragadóttir Lektor
Umsjónarkennari: Hrund Scheving Thorsteinsson Lektor
Námskeiðinu er ætlað að efla þekkingu, skilning  og hæfni nemenda í forystuhlutverkinu í klínískum störfum, stjórnun og kennslu. Farið er í lykil þætti forystu í heilbrigðisþjónustu, kennslu á vettvangi og fullorðinsfræðslu. Verkefni nemenda lúta að því að þjálfa fræðilega og hagnýta hæfni þeirra á viðfangsefninu.
Markmið: Að nemandi öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu á hlutverk heilbrigðisstarfsmanna sem leiðtoga, kennara og leiðbeinenda.
Námsmat: verkefni

**HJÚ220F • Megindleg aðferðafræði og tölfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Erla Kolbrún Svavarsdóttir Prófessor
Umsjónarkennari: Rúnar Vilhjálmsson Prófessor
Kennari: Helga Sif Friðjónsdóttir Lektor
Kennari: Helga Lára Helgadóttir Lektor
Kennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Helga Bragadóttir Lektor
Kennari: Marga Ingeborg Thome Prófessor
Kennari: Hrund Scheving Thorsteinsson Lektor
Kennari: Sigrún Gunnarsdóttir Lektor
Kennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Kennari: Ingibjörg Hjaltadóttir Lektor
Kennari: Páll Biering Dósent
Námskeiðinu er ætlað að dýpka þekkingu nemenda í megindlegri aðferðafræði og tölfræði. Í aðferðarfræðilega hluta námskeiðsins verða vísindaleg vinnubrögð kynnt og farið í megin rannsóknasniðin sem stuðst er við í klínískum rannsóknum í heilbrigðisvísindum, s.s. þversniðsrannsóknir, langtíma rannsóknir, þróun mælitækja og hálf-staðlaðar og staðlaðar tilraunarannsóknir. Í tölfræðilega hluta námskeiðsins verður fengist við tölfræðilega úrvinnslu, s.s. meðaltalsmun háðra og óháðra úrtaka, inngang að aðhvarfs- og dreifigreiningu og tölfræðilegt mat á áreiðanleika og réttmæti mælitækja. Mikilvægt er að nemendur öðlist skilning á tölfræðilegum hugtökum og hinum ýmsu úrvinnsluaðferðum. Sérstök áhersla verður lögð á að samhæfa þekkingu í aðferðarfræði og tölfræði þar sem nemendum gefst meðal annars kostur á að vinna með raunveruleg gögn úr hinum ýmsu gagnasöfnum.
Námsmat: Nemendur vinna tvö verkefni sem byggja á tveimur ólíkum rannsóknarsniðum (50%), tvö dæmaverkefni í tölfræði (20%), ljúka prófi í notkun SPSS forritsins, taka þátt í umræðutímum tengdum umfjöllun um hagnýtingu rannsókna á klínískum vettvangi (10%) og þreyta próf í desember (20%).

**HJÚ221F • Eigindleg aðferðafræði í hjúkrun og hagnýting rannsókna • (10e) • Vor**

Umsjónarkennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Fjallað er um valdar eigindlegar aðferðir sem notaðar eru í rannsóknum í hjúkrun og ljósmóðurfræði, heimspekilegar forsendur, einkenni, notagildi og beitingu í klínískum aðstæðum. Nemendur fá þjálfun í framkvæmd eigindlegrar rannsóknar. Sérstök áhersla er á hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Lágmarksfjöldi nemenda: 15.
Nauðsynleg undirstaða: Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (HJÚ113F)
Tvær einstaklingsritgerðir 5 einingar hvor.

**HJÚ222F • Upplýsingatækni í hjúkrun • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Kennari: Brynja Örlygsdóttir Lektor
Námskeiðið fjallar um þætti sem lúta að skráningu, meðhöndlun og vinnslu gagna og upplýsinga sem notuð eru í hjúkrun. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndaramma upplýsingatækninnar, upplýsingakerfi í heilbrigðisþjónustu, lagalegt umhverfi og siðfræði, sem og nýjungar í upplýsingatækni. Fjallað verður m..a. um gögn, gagnagrunna, flokkunarkerfi, staðla, lágmarksskráningu, stuðning við klíníska ákvarðanatöku, og gagnagrunna sem innihalda heilbrigðisgögn.
Lágmarksfjöldi nemenda: 15
þáttaka í umræðum á vefnum (20%), sex 10% verkefni og 20% lokaverkefni

**HJÚ224F • Hjúkrun á sérsviði II • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Helga Lára Helgadóttir Lektor
Umsjónarkennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Námskeiðinu er ætlað að veita þekkingu og þjálfun í grundvallarþáttum sérhæfðra klínískra aðferða við ákvörðun um framkvæmd hjúkrunar. Fjallað verður um mismunandi samsetningu hjúkrunarlegra inngripa, skipulag og framkvæmdaþætti. Tekið verður á gagnsemi og takmörkunum þeirra og fjallað sérstaklega um mikilvægi þess fjölbreytta þekkingargrunns sem hjúkrunarmeðferð hvílir á. Lágmarksfjöldi nemenda: 15.
Nauðsynleg undirstaða: Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (HJÚ113F), Megindleg aðferðafræði í hjúkrun (HJÚ419F), Hjúkrun á sérsviði I (HJÚ115F), Eigindleg aðferðafræði í hjúkrun og hagnýting rannsókna (HJÚ221F)
Tvær ritgerðir (20% og 60%) og þátttaka í umræðutímum (20%). Lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta er 6.0.

**HJÚ227F • Klínískt námskeið í geðhjúkrun I • (10e) • Vor**
Námið skiptist þannig.
4 einingar:
Fræðilegt nám um þær sálfræðikenningar sem liggja að baki þeim meðferðarformum sem algengust eru í dag. Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum.
2 einingar:
Fræðilegt nám í þeim kenningum og rannsóknum sem liggja til grundvallar þeirri meðferð sem nemandinn hefur valið að öðlast klíníska þjálfun í. Kennsla fer fram í umræðutímum.
4 einingar:
Klíníska þjálfun. Hver nemandi velur sér í samráði við leiðbeinanda sinn eina af þremur leiðum til klínískrar sérhæfingar: einstaklingsmeðferð, hópmeðferð, eða geðhjúkrun samfélagshóps.
Í geðhjúkrun samfélagshóps getur falist vinna með hópum með sérstakar geðheilbrigðisþarfir eins og t.d. gestum Rauða kross athvarfanna; vinna með hagsmuna- og félagasamtökum eins og t.d. Hugarafli og Geðhjálp; og ýmiss konar forvarnaverkefni.
Þátttaka í klínískri þjálfun og umræðufundum, skrifleg verkefni, og fræðileg ritgerð.

**HJÚ228F • Sérhæfð sál-, félags- og lífeðlisfræði • (10e) • Vor**
Fjallað er um helstu lífeðlisfræðileg, félagsleg og sálræn ferli og breytingar sem verða við alvarleg veikindi og slys. Lögð verður áhersla á þekkingu á orsökum einkenna, mat á einkennum og mat á gagnsemi og/eða aukaverkunum meðferðar. Nýjungar í greiningu, mati, eftirliti og meðferð verða kynntar. Námsmat er verkefni og próf.
Tvö verkefni og próf

**HJÚ229F • Megindleg aðferðafræði í hjúkrun • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Marga Ingeborg Thome Prófessor
Tilgangur námskeiðsins er að nemendur dýpki þekkingu á megindlegri aðferðafræði. Kynnt verða megindleg rannsóknasnið og nokkrar megindlegar rannsóknir á fræðasviðum kennara hjúkrunarfræðideildar og víðar. Fjallað verður m.a. um samhæfingu rannsóknavandamála (tilgátan) við aðferðafræði (úrtak, snið, mælingar, úrvinnslu gagna), aðferðir til að meta réttmæti / áreiðanleika, styrkleika (power) og hrifstærð (effect size) í meðferðarannsóknum. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist innsæi í alþjóðlegt samhengi rannsóknastarfa í hjúkrunarfræði.
Námsmarkmið:
Markmið námskeiðsins er að nemendur geti:
* Metið gæði og hagnýtt gildi rannsókna á kerfisbundinn hátt (research review, meta-analysa, meðferðarannsóknir).
* Borið saman og gagnrýnt mismunandi rannsóknasnið og aðra þætti rannsóknaaðferða.
* Ákveðið megindleg rannsóknasnið fyrir meistaraverkefni sitt og rökrætt kosti og takmarkanir þess í samanburði við önnur snið
* Samið rannsóknaáætlun fyrir megindlega rannsókn í meistaranámi
* Lýst alþjóðlegum tengslum rannsókna og rannsóknatengds framhaldsnáms í hjúkrunarfræði
* Beitt siðareglum við rannsóknir.
Lágmarksfjöldi nemenda: 15.
a) Greining rannsókna (mat á gæðum rannsókna). Tveir til þrír nemendur vinna verkefnið saman og kynna í umræðutíma (5%). b) Mat á einu rannsóknarsniði (einni rannsóknaraðferð) sem nemandi velur sjálfur til kynningar í verkefninu. Einstaklingsverkefni (30%). c) Fræðileg

samantekt á kerfisbundinn hátt (systematic literature review). Einstaklingsverkefni (60%). d) Þátttaka í umræðum (seminörum, umræðutímum og umræðum eftir pallborðsumræður) (5%).

**HJÚ306F • Bráðahjúkrun III • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Þórðardóttir
Umsjónarkennari: Guðbjörg Pálsdóttir
Kennari: Ágústa Hjördís Kristinsdóttir
Aðstoðarkennari: Þorsteinn Jónsson Aðjúnkt
**Stutt lýsing:**
Námskeiðið er byggt upp með áherslu á gagnrýna hugsun varðandi ýmis sértæk viðfangsefni í bráðahjúkrun. Jafnframt munu nemendur hafa framsögu um einstaka efnisþætti sem við koma bráðahjukrun og skoða þá út frá gagnreyndum vinnubrögðum og hlutverki bráðahjúkrunarfræðinga.
Erlendir fyrirlesarar kenna hluta námskeiðisins.

**Markmið:**

1. Nemendur kynnist helstu þáttum sem hafa áhrif á umhverfi bráðahjúkrunar í sinni víðustu mynd.
2. Efla færni nemenda í hjúkrun sjúklngameð sértæk vandamál og áverka, s.s. ófrískar konur, born og aldraðir.
3. Dýpka skilning nemenda á sértækum málaflokkum eins og eitrunum, líffæragjöfum, ofbeldi og sálrænum stuðningi.

Æskileg undirstaða: Bráðahjúkrun I (HJÚ208F) eða Bráðahjúkrun II (HJÚ209F)
Þrjú verkefni.Framsaga í tímum og skrifleg verkefni. Nánar auglsýst síðar.

**HJÚ319F • Skurðhjúkrun III • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Erlín Óskarsdóttir Aðjúnkt
Umsjónarmaður: Vilborg Ingólfsdóttir
Í þessu námskeiði verður haldið áfram að fjalla um skurðaðgerðir í framhaldi af námskeiðinu á Skurðhjúkrun II. Fjallað verður um grundvallaratriði stjórnunar á sérhæfðum hátæknideildum. Þar sem nemendur eru fræddir um mannauð á starfvettvangi og hvernig best megi nýta tæki og fjármagni í hátækniheilbrigðiskerfi. Fjallað verður um leiðtoga hlutverkið, helstu áhættuþætti í starfsumhverfi og ábyrgð stofnunar og hjúkrunarfræðings. Siðfræðileg og lagalegt umhverfi heilbrigðisstarfsmanna verður einnig til umfjöllunar. Fræðileg vinnubrögð verða þjálfuð og þátttakendur velja tiltekin sérsvið skurðhjúkrunar til umfjöllunar, skilað er skriflegu verkefni tilbúnu til framsögu.
Skriflegt verkefni

**HJÚ320F • Svæfingafræði og svæfingahjúkrun III • (6e) • Haust**
Í námskeiðinu, sem er framhald af Svæfingafræði og Svæfingahjúkrun II, verður fjallað um svæfingar og deyfingar mismunandi sjúklingahópa sem koma til skurðaðgerðar. Skoðað verður hvað einkennir viðkomandi sjúklingahópa og þau vandamál sem nemandi þarf hugsanlega að glíma við í gegnum aðgerðarferlið. Ennfremur verður fjallað um sjúklinga með sérhæfð vandamál og undirliggjandi sjúkdóma sem geta haft áhrif á umönnun þeirra.
Kennsluaðferð: Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefni. Verklegar æfingar í hermi fara fram samhliða verknámi.
Nauðsynleg undirstaða: Svæfingafræði og svæfingahjúkrun II (HJÚ219F)
Æskileg undirstaða: Svæfingafræði og svæfingahjúkrun I (HJÚ101F)
Verkleg og skrifleg

**HJÚ321F • Gjörgæsluhjúkrun III • (6e) • Haust**
Gjörgæsluhjúkrun III
Námskeiðinu er ætlað að að dýpka þekkingu nemenda á reynslu gjörgæslusjúklinga og fjölskyldna þeirra. Námskeiðið er byggt upp með áherslu á að nemendur beiti gagnrýnni hugsun og skoði viðteknar venjur og hefðir í gjörgæsluhjúkrun í ljósi nýjustu þekkingar. Lögð er áhersla á að nemendur tengi klínísk viðfangsefni og klíníska þekkingu við rannsóknir og fræðilegan grunn. Ætlast er til að nememndur sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við leit svara og lausna og að þeir miðli þekkingu sinni til samnemenda.
Verkefni/ritgerð og hugtakagreining

**HJÚ412F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 15 einingar eða 30 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 15 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 30 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 15 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildarinnar en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans og leiðbeinanda hans og jafnframt kynnir nemandi verkefnið í málstofu í hjúkrunarfræði. Meistaranámsnefnd hvers nemanda metur hvort rigerðin sé hæf til varnar. Í framhaldi af því er skipaður prófdómari, einn fyrir 15 eininga verkefni en tveir fyrir 30 eininga verkefni. Prófdómari metur verkefnið til einkunnar í samráði við leiðbeinanda. Hlutur leiðbeinenda og nemenda í verkefninu er skilgreindur strax í upphafi og einnig áform um birtingu.
1 prófdómari fyrir 15 eininga verkefni 2 prófdómarar fyrir 30 eininga verkefni

**HJÚ412F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 15 einingar eða 30 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 15 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 30 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 15 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildarinnar en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans og leiðbeinanda hans og jafnframt kynnir nemandi verkefnið í málstofu í hjúkrunarfræði. Meistaranámsnefnd hvers nemanda metur hvort rigerðin sé hæf til varnar. Í framhaldi af því er skipaður prófdómari, einn fyrir 15 eininga verkefni en tveir fyrir 30 eininga verkefni. Prófdómari metur verkefnið til einkunnar í samráði við leiðbeinanda. Hlutur leiðbeinenda og nemenda í verkefninu er skilgreindur strax í upphafi og einnig áform um birtingu.
1 prófdómari fyrir 15 eininga verkefni 2 prófdómarar fyrir 30 eininga verkefni

**HJÚ412F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 15 einingar eða 30 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 15 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 30 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 15 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildarinnar en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans og leiðbeinanda hans og jafnframt kynnir nemandi verkefnið í málstofu í hjúkrunarfræði. Meistaranámsnefnd hvers nemanda metur hvort rigerðin sé hæf til varnar. Í framhaldi af því er skipaður prófdómari, einn fyrir 15 eininga verkefni en tveir fyrir 30 eininga verkefni. Prófdómari metur verkefnið til einkunnar í samráði við leiðbeinanda. Hlutur leiðbeinenda og nemenda í verkefninu er skilgreindur strax í upphafi og einnig áform um birtingu.
1 prófdómari fyrir 15 eininga verkefni 2 prófdómarar fyrir 30 eininga verkefni

**HJÚ418F • Líknarmeðferð • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigríður Gunnarsdóttir Lektor
Kennari: Nanna Friðriksdóttir Aðjúnkt
Kennari: Sigrún Gunnarsdóttir Lektor
Kennari: Sigríður Zoéga
Kennari: Bryndís Gestsdóttir
Kennari: Haukur Ingi Jónasson
Viðfangsefni námskeiðsins er líknarmeðferð þar sem áhersla er á lífsgæði sjúklinga og fjölskyldna þeirra andspænis lífshættulegum sjúkdómi. Umfjöllun verður um líknarmeðferð bæði sem hugmyndafræði og háþróaða meðferð. Markmið námskeiðsins er að auka skilning og þekkingu á hugmyndafræði og aðferðum líknarmeðferðar. Unnið er út frá því að allir heilbrigðisstarfsmenn veiti líknarmeðferð sem hluta af starfi sínu en að áhersla á líknarmeðferð aukist eftir því sem sjúkdómur versnar og einkenni aukast. Í námskeiðinu verður lögð áhersla á mat og meðferð einkenna, reynslu sjúklinga og aðstandenda þeirra, þverfaglega samvinnu, samskipti við sjúklinga og aðstandendur og innan meðferðarteymisins. Fjallað verður um siðferðileg álitamál, sorg og missi. Einnig verður fjallað sérstaklega um síðasta stig líknarmeðferðar-umönnun við lok lífs. Námskeiðið er ætlað heilbrigðisstarfsfólki sem annast sjúklinga með lífshættulega og/eða langvinna versnandi sjúkdóma. Stuðst verður við kennslubók um líknarmeðferð, greinar, rannsóknir og klínískar leiðbeiningar. Lögð verður áhersla á að þjálfa nemendur í að nota rannsóknir og klínískar leiðbeiningar til að veita gagnreynda meðferð.
**Kennslufyrirkomulag:** Kennt verður í fjórum staðlotum, þrjá daga í senn. Gert er ráð fyrir mætingu í allar lotur, viðveru og þátttöku nemenda. Kennslan fer fram með fyrirlestrum, umræðum og hópavinnu. Unnið verður með sjúkratilfelli og settar fram meðferðaráætlanir. byggir á einstaklings- og hópverkefnum, þátttöku í tímum, kynningum og fræðilegri ritgerð.

**HJÚ420F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs • (5e) • Vor**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 15 einingar eða 30 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 15 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 30 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 15 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildarinnar en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans og leiðbeinanda hans og jafnframt kynnir nemandi verkefnið í málstofu í hjúkrunarfræði. Meistaranámsnefnd hvers nemanda metur hvort rigerðin sé hæf til varnar. Í framhaldi af því er skipaður prófdómari, einn fyrir 15 eininga verkefni en tveir fyrir 30 eininga verkefni. Prófdómari metur verkefnið til einkunnar í samráði við leiðbeinanda. Hlutur leiðbeinenda og nemenda í verkefninu er skilgreindur strax í upphafi og einnig áform um birtingu.
1 prófdómari fyrir 15 eininga verkefni 2 prófdómarar fyrir 30 eininga verkefni

**HJÚ506F • Hugtakaþróun í heilbrigðisvísindum • (10e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Helga Jónsdóttir Prófessor
Kennsla: Margaret Wilson, dósent, University of Nebraska, Medical Center Megininntak námskeiðsins lýtur að þróun þekkingargrunns doktorsrannsóknar með áherslu á að hugtakagreiningu og þróun.
The focus of this course will be on the development of a conceptual
framework based on knowledge synthesized from empirical evidence. Upon completion of this course the student will be able to:
1. Trace the history of theory development in the health sciences and discuss trends and controversies in current theoretical efforts;
2. Discuss epistemological issues in knowledge development;
3. Identify key concepts and subconcepts related to the student's research area;
4. Analyze a key concept related to the proposed area of research;
5. Synthesize and write a summary of the literature related to the student's proposed research topic using techniques such as integrative literature review to identify relationships between concepts;
6. Create a beginning conceptual framework to guide the research based on empirical data or systematically evaluate and adapt an established conceptual framework.

Tvær ritgerðir. Lágmarkseinkunn 6,0 í öllum námsþáttum.

**HJÚ507F • Doktorsseminar í hjúkrunarfræðideild • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Málstofa doktorsnemenda í hjúkrunarfræðideild verður haldin í 4 skipti hvert kennslumisseri eða í 8 skipti á kennsluárinu. Miðað er við að til skiptis verði rædd atriði úr verkefnum doktorsnemenda annars vegar og hins vegar verði rætt um fræðileg og aðferðafræðileg efni. Markmið námskeiðsins er: 1. Að vera vettvangur fyrir almenna og sameiginlega umræðu um doktorsverkefni. 2. Að vera vettvangur umræðna og kynninga um margvísleg fræðileg og aðferðafræðileg málefni sem snerta doktorsnemendur sérstaklega en eru auk þess til hvatningar fræðimönnum á fræða/rannsóknasviði. Framsaga doktorsnemenda er metin með einkunnagjöfinni: staðið/fallið. Gerðar eru kröfur um virka þátttöku og reglulega mætingu í málstofum.
Framsaga doktorsnemenda er metin með einkunnagjöfinni: staðið/fallið. Gerðar eru kröfur um virka þátttöku og reglulega mætingu í málstofum.

**HJÚ507F • Doktorsseminar í hjúkrunarfræðideild • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor

Málstofa doktorsnemenda í hjúkrunarfræðideild verður haldin í 4 skipti hvert kennslumisseri eða í 8 skipti á kennsluárinu. Miðað er við að til skiptis verði rædd atriði úr verkefnum doktorsnemenda annars vegar og hins vegar verði rætt um fræðileg og aðferðafræðileg efni. Markmið námskeiðsins er: 1. Að vera vettvangur fyrir almenna og sameiginlega umræðu um doktorsverkefni. 2. Að vera vettvangur umræðna og kynninga um margvísleg fræðileg og aðferðafræðileg málefni sem snerta doktorsnemendur sérstaklega en eru auk þess til hvatningar fræðimönnum á fræða/rannsóknasviði. Framsaga doktorsnemenda er metin með einkunnagjöfinni: staðið/fallið. Gerðar eru kröfur um virka þátttöku og reglulega mætingu í málstofum.
Framsaga doktorsnemenda er metin með einkunnagjöfinni: staðið/fallið. Gerðar eru kröfur um virka þátttöku og reglulega mætingu í málstofum.

**HJÚ507F • Doktorsseminar í hjúkrunarfræðideild • (6e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristjánsdóttir Prófessor
Málstofa doktorsnemenda í hjúkrunarfræðideild verður haldin í 4 skipti hvert kennslumisseri eða í 8 skipti á kennsluárinu. Miðað er við að til skiptis verði rædd atriði úr verkefnum doktorsnemenda annars vegar og hins vegar verði rætt um fræðileg og aðferðafræðileg efni. Markmið námskeiðsins er: 1. Að vera vettvangur fyrir almenna og sameiginlega umræðu um doktorsverkefni. 2. Að vera vettvangur umræðna og kynninga um margvísleg fræðileg og aðferðafræðileg málefni sem snerta doktorsnemendur sérstaklega en eru auk þess til hvatningar fræðimönnum á fræða/rannsóknasviði. Framsaga doktorsnemenda er metin með einkunnagjöfinni: staðið/fallið. Gerðar eru kröfur um virka þátttöku og reglulega mætingu í málstofum.
Framsaga doktorsnemenda er metin með einkunnagjöfinni: staðið/fallið. Gerðar eru kröfur um virka þátttöku og reglulega mætingu í málstofum.

**HJÚ510F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Doktorsnám er 90 eininga nám að loknu meistaraprófi, þar af skulu námskeið vera a.m.k. 30 einingar. Námskeið skulu að jafnaði vera á doktorsstigi og lágmarkseinkunn fyrir hvert námskeið í samræmi við kröfur þess rannsóknaháskóla sem námskeiðið er tekið við. Doktorsnám að loknu meistaraprófi er 3 ára fullt nám (30 einingar á hverju skólaári) og skal nemandi vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímann eða samkvæmt nánari reglum sem gilda um skráningu í Háskóla Íslands á hverjum tíma. Hámarkstími í doktorsnámi er 5 ár. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja þann tíma um 1 ár.

**HJÚ510F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Doktorsnám er 90 eininga nám að loknu meistaraprófi, þar af skulu námskeið vera a.m.k. 30 einingar. Námskeið skulu að jafnaði vera á doktorsstigi og lágmarkseinkunn fyrir hvert námskeið í samræmi við kröfur þess rannsóknaháskóla sem námskeiðið er tekið við. Doktorsnám að loknu meistaraprófi er 3 ára fullt nám (30 einingar á hverju skólaári) og skal nemandi vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímann eða samkvæmt nánari reglum sem gilda um skráningu í Háskóla Íslands á hverjum tíma. Hámarkstími í doktorsnámi er 5 ár. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja þann tíma um 1 ár.

**HJÚ510F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Doktorsnám er 90 eininga nám að loknu meistaraprófi, þar af skulu námskeið vera a.m.k. 30 einingar. Námskeið skulu að jafnaði vera á doktorsstigi og lágmarkseinkunn fyrir hvert námskeið í samræmi við kröfur þess rannsóknaháskóla sem námskeiðið er tekið við. Doktorsnám að loknu meistaraprófi er 3 ára fullt nám (30 einingar á hverju skólaári) og skal nemandi vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímann eða samkvæmt nánari reglum sem gilda um skráningu í Háskóla Íslands á hverjum tíma. Hámarkstími í doktorsnámi er 5 ár. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að framlengja þann tíma um 1 ár.

**LJÓ101F • Inngangur að ljósmóðurfræði • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Valgerður L Sigurðardóttir
Kennari: Árdís Ólafsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Fjallað verður um hugmyndafræðilegan grunn ljósmóðurfræðinnar og sögu ljósmæðra. Rætt verður um heilbrigði og sjálfstæði konunnar, samfellda umönnun, samband konu og ljósmóður, öryggi, einstaklingsbundnar þarfir og óskir fjölskyldunnar í kringum barneign. Fræðileg vinnubrögð eru þjálfuð með gagnrýnu mati á rannsóknum og fjallað um ólíka hugmyndafræði um barneignir. Nemendur kynna sér rannsóknir er tengjast ljósmóðurstarfinu og notagildi þeirra verður rætt. Fjallað verður um fagmennsku og hlutverk ljósmæðra, löggjöf og siðareglur stéttarinnar.
Ritgerð, seminarverkefni.

**LJÓ102F • Heilbrigði kvenna • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Herdís Sveinsdóttir Prófessor
Námskeiðið miðar að því að nemendur verði sér meðvitaðir um sálræna, félagslega, umhverfislega og líffræðilega þætti sem hafa áhrif á heilbrigði kvenna. Jafnframt að þeir geri sér grein fyrir áhrifum pólitískrar stefnumótunar á heilbrigði kvenna. Sérstaklega verður fjallað um konur sem þátttakendur í líf- og læknisfræðilegum rannsóknum, blæðingaskeið kvenna, ofbeldi gegn konum, vímuefnanotkun kvenna, geðheilsu kvenna, kyn- og kvensjúkdóma, félagsleg réttindi kvenna og um heilsu kvenna í alþjóðlegu samhengi.
Ritgerð og seminarverkefni.

**LJÓ103F • Sérhæfð líffærafræði kvenna • (4e) • Haust • 4f + 3u**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Sigfríður Inga Karlsdóttir
Kennari: Kristbjörg Magnúsdóttir
Námskeiðið byggir á þekkingu í líffærafræði úr hjúkrunarnámi. Nemendur fá sjálfsnámspakka þar sem dýpkuð er þekking um kynlíffæri, grindina og grindarbotn, þ.e. vöðva og bein, æðar, taugar, þvag- og meltingarfæri. Einnig er kennt um þróun fylgjunnar. Með þessu er lagður grundvöllur að þjálfun í klíniskri skoðun og ákvarðanatöku í ljósmóðurstarfinu.
Próf.

**LJÓ104F • Heilsugæsla á meðgöngu • (8e) • Haust • 6f + 8u**
Umsjónarkennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Kennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Hildur Kristjánsdóttir
Kennari: Sigríður Sía Jónsdóttir Aðjúnkt
Fjallað verður um meðgönguvernd frá heildrænum sjónarhóli og lögð áhersla á meðgöngu sem eðlilegt ferli. Kennt verður um lífeðlislegar breytingar á meðgöngu og mæðraskoðun. Farið verður yfir fyrirbyggjandi rannsóknir, umönnun og eftirlit á meðgöngu, fósturgreiningu, erfðafræðilega þætti sem geta orsakað fötlun og langvarandi veikindi barna, andvana fæðingar og fósturdauða. Fjallað verður um ráðgjöf og fræðslu ljósmæðra, sögu og hugmyndafræði foreldrafræðslu.
Klínísk verkefni og seminarverkefni.

**LJÓ105F • Umönnun sængurkvenna og nýbura • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hildur Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Valgerður L Sigurðardóttir
Kennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Fjallað verður um umönnun í sængurlegu frá heildrænu sjónarmiði. Kennt verður um lífeðlislegar breytingar og skoðun konu eftir fæðingu, brjóstagjöf og umönnun mæðra og nýbura. Rætt verður um sólarhringssamveru, heimaþjónustu, fræðsluþarfir, móður- og föðurhlutverk og tengslamyndun. Kennt verður um heilbrigða nýburann, skoðun nýbura og ýmis þau vandamál sem upp geta komið hjá nýburum. Farið verður í ýmis frávik í sængurlegu og orsakir fyrir þeim.
Klínísk verkefni, seminarverkefni og lausnaleitarverkefni

**LJÓ201F • Ljósmóðurfræði I • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árdís Ólafsdóttir Aðjúnkt
Umsjónarkennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Kennari: Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Kennari: Valgerður L Sigurðardóttir
Kennari: Marga Ingeborg Thome Prófessor
Markmiðið er að nemendur öðlist reynslu í fæðingarhjálp og þjálfist í vinnubrögðum sem eru undirstaða í ljósmóðurstarfinu. Áhersla lögð á hið eðlilega ferli. Nemendur fá þekkingu og grunnþjálfun í meðgönguvernd, fæðingarhjálp og umönnun sængurkvenna og nýbura. Kennt verður um lífeðlisfræði fæðingar, yfirsetu og mat á gangi fæðingar. Fjallað verður um val á fæðingarstað, heimafæðingar, verki og verkjameðferð. Í klínísku námi er áhersla lögð á samfellda umönnun og upplýst val kvenna og fjölskyldna þeirra. Ætlunin er að hver nemandi taki á móti tveimur til þremur börnum.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að ljósmóðurfræði (LJÓ101F), Umönnun sængurkvenna og nýbura (LJÓ105F)
Próf, seminarverkefni; mat á klíniskri færni.

**LJÓ202F • Ljósmóðurfræði II • (20e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigríður Sía Jónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Hulda Hjartardóttir
Kennari: Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Kennari: Ingibjörg Eiríksdóttir Aðjúnkt
Kennari: Guðrún Sigríður Ólafsdóttir
Kennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Sigfríður Inga Karlsdóttir
Kennari: Stefanía Arnardóttir
Kennari: Elín Ögmundsdóttir
Kennari: Þórður Þórkelsson Aðjúnkt
Námskeiðið er framhald af Ljósmóðurfræði I. Hér færist áherslan meira á áhættuþætti í tengslum við barneignir. Farið verður í frávik, sjúkdóma og rannsóknir til að meta og greina vandamál og viðbrögð við þeim á meðgöngu, í fæðingu og fyrst á eftir. Einnig verður fjallað um inngrip, verkjalyf og deyfingar við fæðingar, aukaverkanir, meðferð og eftirlit. Helstu vandamál nýbura og nýburasjúkdómar eru einnig hluti námskeiðsins sem og umfjöllun um missi, sorg og sorgarviðbrögð vegna andvana fæðingar, fötlunar og veikinda nýbura. Bóklegi hluti námskeiðsins er byggður upp með aðferðum lausnarleitarnáms (problem based learning). Í klínísku námi annast nemendur konur og fjölskyldur þeirra í og eftir fæðingu auk kynningar á meðgönguvernd kvenna í áhættuhópi. Gert er ráð fyrir að hver nemandi taki á námskeiðstímanum á móti 7 - 8 börnum.
Nauðsynleg undirstaða: Ljósmóðurfræði I (LJÓ201F)
Þátttaka og innlegg í umræður (munnleg, skrifleg) í umræðutímum og á spjallrásum á netinu, sjálfsmat, semínarverkefni, mat á klíniskri færni.

**LJÓ301F • Klínísk starfsþjálfun í Ljósmóðurfræði I • (26e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Kennari: Ingibjörg Eiríksdóttir Aðjúnkt
Kennari: Sóley Sesselja Bender Dósent
Kennari: Guðrún Sigríður Ólafsdóttir
Kennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Kennari: Vilborg Ingólfsdóttir
Markmið er að nemendur öðlist klíníska færni undir leiðsögn starfandi ljósmæðra og læra að beita fræðilegri þekkingu í starfi. Nemendur halda dagbækur til að skrá gagnrýna íhugun á atvikum/aðstæðum sem upp koma og þeim finnst vera lærdómsrík. Gagnreynd þekking (evidence based practice) er skoðuð en litið er á dagbókina sem hjálpartæki til að þjálfa sig í klíniskri fræðimennsku. Kennt er um kynheilbrigði og getnaðarvarnaráðgjöf og verkefni unnin á móttökudeild kvenna. Ríkuleg áhersla er lögð á sjálfsnám, matsviðtöl og umræðutíma með kennurum og umsjónarljósmæðrum. Starfsþjálfun fer fram að stærstum hluta á kvennadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri en einnig á minni fæðingardeildum og heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni. Nemendur verða að taka

á móti 40-50 börnum, sinna 40 konum í áhættumeðgöngu, annast mæður og nýbura, skoða heilbrigða nýbura og sjá um eftirskoðanir 100 kvenna. Unnið er á sólarhringsvöktum til að þessum kröfum verði fullnægt.
Klínísk verkefni, seminarverkefni, mat á klínískri færni, staðið/fallið.

**LJÓ303F • Kynheilbrigði • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sóley Sesselja Bender Dósent
Fjallað er um þróun hugmyndafræði um kynheilbrigði í alþjóðlegu og þjóðlegu samhengi. Lögð áhersla á rétt til kynheilbrigðis, valkosti og stöðu kynjanna. Áherslur frjósemisheilbrigðis annars vegar varðandi stjórnun frjósemi og notkun getnaðarvarna en hins vegar kynlífsheilbrigðis varðandi viðhorf til kynlífs, þekkingu á kynlífi og samskipti kynjanna eru skoðaðar. Farið í áhrifaþætti á kynheilbrigði fólks.
Nemendur í ljósmóðurfræði eru í klínísku námi varðandi fræðslu og ráðgjöf um getnaðarvarnir og vinna viðtalsverkefni því tengt. Aðrir nemendur vinna eitt verkefni um valið kynheilbrigðismál.
Markmið með kennslunni eru að nemendur:

- Öðlist þekkingu á hugmyndafræði kynheilbrigðis m.t.t. sögulegrar þróunar en einnig út frá rétti til kynheilbrigðis, valkostum og stöðu kynjanna
- Hafi þekkingu á óráðgerðri þungun, skýringaþáttum og valkostum
- Skoði kynlífsheilbrigði með tilliti til viðhorfa, þekkingar, samskipta og kynhegðunar
- Skoði og meti eigin viðhorf til kynlífs
- Öðlist þekkingu á kynlíf sem tengist meðgöngu og eftir fæðingu
- Þekki sjónarhorn ungs fólks til kynheilbrigðisþjónustu

Að auki munu ljósmóðurfræðinemar

- Öðlast þekkingu á hugmyndafræði ráðgjafar um getnaðarvarnir
- Þekkja helstu getnaðarvarnir og hvaða þættir hafa áhrif á faglega ráðgjöf um val á getnaðarvörn
- Fylgjast með ráðgjafarviðtölum um getnaðarvarnir og taka þátt í störfum er tengjast ráðgjöfinni
- Taka eitt viðtal við konu um notkun getnaðarvarna, byggja það á hugmyndafræði tjáskipta og kynna það fyrir öðrum ljósmæðranemendum

Nemendur í ljósmóðurfræði taka sérstaka tíma um hugmyndafræði ráðgjafar um getnaðarvarnir, eru í klínísku námi þeim tengdum og vinna verkefni um það. Aðrir nemendur vinna eitt verkefni um valið kynheilbrigðismál. Lágmarkseinkunn er 6,0.

**LJÓ401F • Klínísk starfsþjálfun í Ljósmóðurfræði II • (18e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Kennari: Ingibjörg Eiríksdóttir Aðjúnkt
Kennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Námskeiðið er framhald af Klínískri starfsþjálfun í Ljósmóðurfræði I. Á þemadögum er fjallað um klíníska meðferð og ýmis efni s.s. siðferðileg álitamál, þjónustuform og foreldrafræðslu. Áhersla er lögð á að meta hæfni nemenda til að útskrifast og stunda ljósmóðurstörf hvar sem er hér á landi.
Mat á klínískri færni, munnlegt lokapróf.

**LJÓ402F • Lokaverkefni í ljósmóðurfræði • (12e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Lokaverkefnið er fræðileg úttekt á klínískum viðfangsefnum ljósmóðurfræðinnar. Aðferðir miðast við endurskoðun á fræðilegu lesefni, rannsóknarniðurstöðum og könnunum. Niðurstöður verkefnis eiga að skapa umræðu á viðkomandi vinnustað og jafnvel nýtast til að knýja á um frekari rannsóknir og/eða hafa áhrif á þróun verklagsreglna. Verkefnið getur einnig falist í að setja upp rannsóknaráætlun og/eða forrannsókn. Einnig getur verið um fræðsluverkefni að ræða, t.d. fyrir væntanlega foreldra. Nemendur kynna verkefni í málstofu sem er öllum opin, verja það og svara spurningum leiðbeinenda og þátttakenda.
sjá námskeiðslýsingu

**LJÓ402F • Lokaverkefni í ljósmóðurfræði • (12e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Lokaverkefnið er fræðileg úttekt á klínískum viðfangsefnum ljósmóðurfræðinnar. Aðferðir miðast við endurskoðun á fræðilegu lesefni, rannsóknarniðurstöðum og könnunum. Niðurstöður verkefnis eiga að skapa umræðu á viðkomandi vinnustað og jafnvel nýtast til að knýja á um frekari rannsóknir og/eða hafa áhrif á þróun verklagsreglna. Verkefnið getur einnig falist í að setja upp rannsóknaráætlun og/eða forrannsókn. Einnig getur verið um fræðsluverkefni að ræða, t.d. fyrir væntanlega foreldra. Nemendur kynna verkefni í málstofu sem er öllum opin, verja það og svara spurningum leiðbeinenda og þátttakenda.
sjá námskeiðslýsingu

**LJÓ402F • Lokaverkefni í ljósmóðurfræði • (12e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Ólöf Ásta Ólafsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Helga Gottfreðsdóttir Lektor
Lokaverkefnið er fræðileg úttekt á klínískum viðfangsefnum ljósmóðurfræðinnar. Aðferðir miðast við endurskoðun á fræðilegu lesefni, rannsóknarniðurstöðum og könnunum. Niðurstöður verkefnis eiga að skapa umræðu á viðkomandi vinnustað og jafnvel nýtast til að knýja á um frekari rannsóknir og/eða hafa áhrif á þróun verklagsreglna. Verkefnið getur einnig falist í að setja upp rannsóknaráætlun og/eða forrannsókn. Einnig getur verið um fræðsluverkefni að ræða, t.d. fyrir væntanlega foreldra. Nemendur kynna verkefni í málstofu sem er öllum opin, verja það og svara spurningum leiðbeinenda og þátttakenda.
sjá námskeiðslýsingu

**UTH001F • Upplýsingatækni á heilbrigðissviði I • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Þverfaglegt námskeið um ferli ákvarðanatöku og tæknilegar leiðir sem stutt geta stjórnun, stjórnsýslu og klíníska vinnu innan heilbrigðiskerfisins. Þátttaka nemenda í umræðutímum, fyrirlestrum og á umræðuvef er stór þáttur í kennslunni og hluti af einkunn. Viðfangsefni námskeiðsins beinast að því að: (1)Kanna umhverfi heilbrigðiskerfisins, þ.á.m. mannlega þætti og stöðu út frá mikilvægi upplýsinga og upplýsingakerfa. (2)Kanna fjarheilbrigðisþjónustu og áhrif hennar á heilbrigðisþjónustu almennt. (3)Skoða módel og aðferðir sem notaðar eru til að sækja upplýsingar, sem stutt geta við þjónustu sem veitt er í heilbrigðiskerfinu. (4)Ræða áskoranir og tækifæri við að innleiða kerfi, s.s. rafræn sjúkraskrárkerfi. (5)Greina samhengið á milli rafrænnar sjúkraskrár og staðlaðs fagmáls í heilbrigðisgreinum. (6)Kynna sér gervigreindartól sem stutt geta ákvarðanatöku í heilbrigðiskerfinu. (7)Kynna sér gildi þess að nota árangursvísa í heilbrigðiskerfinu. (8)Greina lagalega og viðskiptalega anga þess að nota stuðning við ákvarðanatöku.
Þátttaka í tímum, próf og ritgerð.

**UTH002F • Upplýsingatækni á heilbrigðissviði II • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Í þessu námskeiði er fjallað af meiri dýpt um afmörkuð viðfangsefni á sviði upplýsingatækni á heilbrigðissviði heldur en í fyrra námskeiði, s.s. rafræna sjúkraskrá, landfræðileg upplýsingakerfi fyrir lýðheilsu, textanám og hvernig unnt er að draga út upplýsingar úr rannsóknaskýrslum. Þátttaka í þverfaglegum verkefnahóp sem fjallar um nýjungar á sviði upplýsingatækni er stór liður í þessu námskeiði. Áhersla er á notkun hugbúnaðar sem og rannsóknamiðuð seminör. Þátttaka nemenda í umræðutímum, fyrirlestrum og á umræðuvef er stór þáttur í kennslunni og hluti af einkunn. Að loknu þessu námskeiði á nemandi að geta: 1. skoðað valdar útfærslur innan upplýsingatækni á heilbrigðissviði ofan í kjölinn út frá upplýsingatæknimódeli 2. tekið þátt í þverfaglegu starfi um nýjungar á sviði upplýsingatækni á heilbrigðissviði 3. borið saman rannsóknir, aðferðir og alþjóðlegar áherslur valinna rannsókna á sviði upplýsingatækni á heilbrigðissviði.
Nauðsynleg undirstaða: Upplýsingatækni á heilbrigðissviði I (UTH001F)
Þátttaka í tímum, verkefni og ritgerð.

**UTH003F • Flokkunar- og kóðunarkerfi í heilbrigðisvísindum • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Kennari: María Heimisdóttir
Námskeiðið fjallar um flokkunar- og kóðunarkerfi innan heilbrigðisvísinda, kynslóðir þeirra og uppbyggingu. Fjallað verður m.a. um mikilvægi þessara kerfa fyrir klíníska vinnu, rannsóknir, mótun gagnreyndrar þekkingar (klínískar leiðbeiningar) og stjórnun sem og meðhöndlun gagna, alþjóðlega gagnastaðla og lýsigögn.
Verkefni.

**UTH004F • Málstofa • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Málstofan miðar að því að leiðbeina og styðja nemendur við að útfæra rannsóknarverkefni til meistaragráðu. Henni er ætlað að þjálfa nemendur í gagnrýnni umræðu og kynningu á rannsóknarverkefni á ólíkum stigum. Málstofan byggir á mikilli þátttöku allra nemenda og því er mætingarskylda. Efni hennar verður sveigjanlegt til að mæta þörfum þess hóps sem tekur þátt hverju sinni.
Staðið/fallið.

**UTH004F • Málstofa • (2e) • Vor**
Umsjónarmaður: Ásta Steinunn Thoroddsen Dósent
Málstofan miðar að því að leiðbeina og styðja nemendur við að útfæra rannsóknarverkefni til meistaragráðu. Henni er ætlað að þjálfa nemendur í gagnrýnni umræðu og kynningu á rannsóknarverkefni á ólíkum stigum. Málstofan byggir á mikilli þátttöku allra nemenda og því er mætingarskylda. Efni hennar verður sveigjanlegt til að mæta þörfum þess hóps sem tekur þátt hverju sinni.
Staðið/fallið.

**UTH006F • MHI-ritgerð • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 15 einingar eða 30 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 15 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 30 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 15 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildanna en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans.
Tveir prófdómarar leggja mat á rannsóknarverkefnið ásamt leiðbeinanda.

**UTH006F • MHI-ritgerð • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 15 einingar eða 30 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 15 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 30 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 15 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildanna en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans.
Tveir prófdómarar leggja mat á rannsóknarverkefnið ásamt leiðbeinanda.

**UTH006F • MHI-ritgerð • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 15 einingar eða 30 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 15 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 30 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 15 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildanna en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans.
Tveir prófdómarar leggja mat á rannsóknarverkefnið ásamt leiðbeinanda.

**UTH009F • MHI-ritgerð • (60e) • Haust**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 30 einingar eða 60 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 30 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 60 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 30 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildanna en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans.
Tveir prófdómarar leggja mat á rannsóknarverkefnið ásamt leiðbeinanda.

**UTH009F • MHI-ritgerð • (60e) • Vor**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 30 einingar eða 60 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 30 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 60 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 30 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildanna en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans.
Tveir prófdómarar leggja mat á rannsóknarverkefnið ásamt leiðbeinanda.

**UTH009F • MHI-ritgerð • (60e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni geta ýmist verið 30 einingar eða 60 einingar í heildina en nemendur skrá sig þó aldrei í meira en 30 einingar fyrir hvert kennslumisseri. Nemendur sem velja 60 eininga verkefni finna sér leiðbeinanda áður en þeir sækja um meistaranámið en nemendur í 30 eininga verkefnum velja leiðbeinanda í samvinnu við umsjónarkennara eftir að námið hefst. Umsjónarkennari er alltaf úr röðum fastráðinna kennara deildanna en hægt er að hafa samstarf við leiðbeinanda utan deildar. Meistaraverkefni lýkur með ritgerð sem byggir á rannsóknum nemandans.
Tveir prófdómarar leggja mat á rannsóknarverkefnið ásamt leiðbeinanda.

## Lyfjafræðideild

**LYF001M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (20e) • Vor**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF002M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (20e) • Haust**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF003M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF004M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF101G • Nám, störf og öryggismál í lyfjafræði • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Birna Almarsdóttir Prófessor
Kennari: Þórunn Kristín Guðmundsdóttir
Kennari: Már Másson Prófessor
Kennari: Jenny Sophie Rebecka E Jensen Doktorsnemi
Kennari: Sveinbjörn Gizurarson Prófessor
Kennari: Jóhann Magnús Lenharðsson
Kennari: Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir
Kennari: Skúli Skúlason
Kennari: Þorsteinn Loftsson Prófessor
Þverfagleg kynning á helstu sérgreinum lyfjafræðinnar. Nemendur vinna í hópum undir handleiðslu kennara. Heimsóknir í apótek, heildsölur og framleiðslufyrirtæki. Bókasafnskynning. Lögð verður sérstök áhersla á öryggismál í verklegum kennslustofum nemenda.
1. Skriflegt próf, 1 stund (15% af heildareinkunn). Efni prófs er heimildavinnsla og námstækni. 2. Tvö einstaklingsverkefni (25% af heildareinkunn). Verkefni 1: Notkun heimilda um lyf til að greina lyfjatengd vandamál sjúklinga í dæmum. Verkefni 2: Þátttakendur velja sér sjúkling sem þeir ræða við um lyfjanotkun hans. Verkefnum þessum skal skilað skriflega á íslensku. 3. Eitt hópverkefni (25% af heildareinkunn). Notuð er aðferð lausnaleitar við vinnslu á dæmi (case) um lyfjafræðileg málefni. Þeir kynna síðan niðurstöðuna munnlega og skriflega og taka andmælum kennara og samnemenda. 4. Mæting í fyrirlestra (20% af heildareinkunn). 5. Skýrslur um heimsóknir á vinnustaði lyfjafræðinga (15% af heildareinkunn).

**LYF102G • Frumulífeðlisfræði • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Sighvatur Sævar Árnason
Kennari: Guðrún Valgerður Skúladóttir Vísindamaður
Kennari: Logi Jónsson Dósent
Fyrirlestrar: Farið í byggingu og starfsemi frumna og frumulíffæra, lífsameindir, efnaskipti frumna, boðskipti á milli frumna, lífeðlislega starfsemi taugakerfa, hormónakerfa og vöðva. Kynning á vefjaflokkum mannslíkamans.
Verklegar æfingar: lyfhrif og vöðvar. Skylt er að mæta í báðar æfingarnar og skila skýrslum.
Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu prófi (85%) og vegnu meðaltali fyrir framkvæmd æfinga og skýrslur (15%). Nemendur verða að ná tilskyldri lágmarkseinkunn í báðum prófhlutum. Ef breyting verður á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF201G • Lífeðlisfræði • (8e) • Vor • 4f**
Kennari: Sighvatur Sævar Árnason
Kennari: Logi Jónsson Dósent
Fyrirlestrar: Lífeðlisleg starfsemi skynfæra, blóðrásarkerfis, öndunarfæra, nýrna, meltingarfæra. Stjórnun orkubúskapar, efnaskipta og æxlunar.
Verklegar æfingar: Hjartarafrit, stjórnun blóðþrýstings, nýrnastarfsemi og vinnuþolsprófun. Skylt er að mæta í allar æfingarnar og skila skýrslum.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulífeðlisfræði (LYF102G)
Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu prófi (80%) og vegnu meðaltali fyrir framkvæmd æfinga og skýrslur (20%). Nemendur verða að ná tilskyldri lágmarkseinkunn í báðum prófhlutum. Ef breyting verður á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF301G • Sýkla-, veiru- og örverufræði • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Sveinbjörn Gizurarson Prófessor
Kennari: Arthur Löve Prófessor
Kennari: Guðrún Sigmundsdóttir
Kennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Kennari: Hörður Snævar Harðarson

Kennari: Hjördís Harðardóttir
Kennari: Þorgerður Árnadóttir
Kennari: Karl Skírnisson
Kennari: Ástríður Pálsdóttir
**Endurskoða námskeiðslýsingu á íslensku og ensku, sem og enskt heiti námskeiðs!**
Sýklafræði: Kynntar verða helstu tegundir baktería, sveppa og sníkjudýra sem valda sjúkdómum í mönnum: Uppsprettur smits og smitleiðir, sjúkdómseinkenni, greiningaraðferðir,meðferð,horfur og forvarnir. Einnig fjallað um meingerð og faraldsfræði smitsjúkdóma og sampil hýsils og snýkils, sýklalyfjanæmispróf á bakteríum og mælingar á þéttni og virkni sýklalyfja í blóði sjúklinga. Veirufræði: Kynnt verða grundvallaratriði í gerð og flokkun veira, fjölgun veira og verkanir þeirra á frumur. Farið verður yfir helstu veirusýkingar í mönnum, faraldsfræði, greiningar veirusótta í rannsóknastofu og varnir gegn veirusjúkdómum. Prion og prionsjúkdómar. Í verklegum hluta námskeiðsins er farið í nokkrar aðferðir við greiningu veirusjúkdóma í rannsóknastofu.

**LYF303G • Eðlislyfjafræði I • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Hákon Hrafn Sigurðsson Dósent
Eiginleikar fastra efna. Kjörgös og raungös, gufuþrýsingur, lögmál Raoults, Clausius-Clapeyron jafnan, fasajafnvægi, leysni lofttegunda í vökvum. Styrkleiki lausna, inngangur að varmafræði, virkni og efnamætti, himnuflæði lyfja, sýrur og basar, jónun lyfja, stuðpúðar. Leysanleiki lyfja í vatni og áhrif jónunar á leysanleika.
1. Skyndipróf (20%), samtals 12 yfir önnina og hvert tekur 40 mínútur. Meðaltal 10 hæstu prófana telur til einkunnar. 2. Skriflegt próf, 3 stundir (80% af lokaeinkunn).

**LYF402G • Eðlislyfjafræði II • (8e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Loftsson Prófessor
Kennari: Fífa Konráðsdóttir Doktorsnemi
Kennari: Martin Messner Doktorsnemi
Kennari: Hákon Hrafn Sigurðsson Dósent
Stöðugleiki lyfja og fyrning. Núlltastigs, fyrstastigs, annarsstigs og þriðjastigs efnahvörf. Áhrif hitastigs á efnahvörf. Áhrif sýrustigs á efnahvörf. Áhrif salta, lausnarefnis og yfirborðsvirkra efna á efnahvörf. Hýdrólýsa, oxun, ísómerísering, pólýmering og dekarboxýlering lyfja. Niðurbrot lyfja á föstu formi. Prótein. Fléttur. Flæði lyfja í gegnum lífrænar himnur. Kollóíðar og fjölliður. Verklegar æfingar: Ákvörðun á pKa-gildum, oxun, hýdrólýsa, fasadreifing og frásog í gegnum himnu. Umræðutímar: Hver nemandi hefur framsögu um valið efni. Ræddar verða m.a. niðurstöður nýlegra tímaritsgreina. Leitast verður við að tengja námsefni í eðlislyfjafræði og frásogi lyfja og dreifingu, bæði innbyrðis sem og öðrum námsgreinum í lyfjafræði.
*Kröfur: Nemandi á að kunna að reikna bestu línu (linear regression) og framkvæma einfalda tölfræðileg úrvinnslu gagna með hjálp vasareiknis.*

**LYF403G • Lyfjagreining • (8e) • Vor • 4f**
Kennari: Margrét Þorsteinsdóttir Lektor
Séhæfðar efnagreinagaraðferðir sem notaðar eru við lyfjamælingar verða kynntar. Efnagreiningaraðferðir sem notaðar eru við einangrun og auðkenningu lyfja ásamt aðferðum sem notaðar eru við magngreiningu lyfja. Rafeindaróf í sýnilegu og útfjólubláu ljósi, títranir, úrhlutun (extraction), blettagreining á þynnu (TLC), gasgreining(GC), vökvagreining (LC) og capillary electrophoresis (CE). Massagreining (MS) og massagreinir samtengdur GC og LC. Nánari upplýsingar um námskeiðið, dæmatíma og verklegar æfingar kynnt síðar.

Kynnt við upphaf misseris.

**LYF501G • Lyfjagerðarfræði I • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Þórdís Kristmundsdóttir Prófessor
Kennari: Sveinbjörn Gizurarson Prófessor
Kennari: Hákon Hrafn Sigurðsson Dósent
Kennari: Skúli Skúlason
Lyfjastaðlar og lyfjaskrár. Aðgengi lyfja og lyfjaleiðir. Áhrif lyfjaforms á aðgengi lyfja. Hönnun lyfjaforma. Hjálparefni við lyfjagerð; rotvarnarefni, andoxunarefni, bragðefni, litarefni. Grundvallaraðferðir við lyfjaframleiðslu. Almenn og sérhæfð atriði tengd lyfjaformum og lyfjaframleiðslu. Dreifð kerfi, flæði vökva, hreinsun vökva og síun. Lausnir. Dreifur. Fleytur. Úðalyf og lyfjagjöf í öndunarfæri. Lyfjaform á húð. Verklegar æfingar: Almennar aðferðir við lyfjagerð. Framleiðsla lyfjaforma samkvæmt forskriftum.

**LYF502G • Eðlislyfjafræði II • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Loftsson Prófessor
Kennari: Fífa Konráðsdóttir Doktorsnemi
Kennari: Martin Messner Doktorsnemi
Kennari: Hákon Hrafn Sigurðsson Dósent
Stöðugleiki lyfja og fyrning. Núlltastigs, fyrstastigs, annarsstigs og þriðjastigs efnahvörf. Áhrif hitastigs á efnahvörf. Áhrif sýrustigs á efnahvörf. Áhrif salta, lausnarefnis og yfirborðsvirkra efna á efnahvörf. Hýdrólýsa, oxun, ísómerísering, pólýmering og dekarboxýlering lyfja. Niðurbrot lyfja á föstu formi. Prótein. Fléttur. Flæði lyfja í gegnum lífrænar himnur. Kollóíðar og fjölliður. Verklegar æfingar: Ákvörðun á pKa-gildum, oxun, hýdrólýsa, fasadreifing og frásog í gegnum himnu. Umræðutímar: Hver nemandi hefur framsögu um valið efni. Ræddar verða m.a. niðurstöður nýlegra tímaritsgreina. Leitast verður við að tengja námsefni í eðlislyfjafræði og frásogi lyfja og dreifingu, bæði innbyrðis sem og öðrum námsgreinum í lyfjafræði.
*Forkröfur: Nemandi verður að kunna að reikna bestu línu (linear regression) og framkvæma einfalda tölfræðilega úrvinnslu með hjálp vasareiknis.*

**LYF503G • Lyfjahvarfafræði • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Loftsson Prófessor
Kennari: Margrét Þorsteinsdóttir Lektor
Eins, tveggja og þriggja hólfa kerfi. Dreifirúmmál og helmingunartími. Frásog lyfja. Aðgengi og frásogspróf. "Clearance". "First-pass" áhrif

og útskilnaður lyfja um lifur. Áhrif próteinbindingar á dreifingu og útskilnað lyfja. Innrennslislyf. Fjölskömmtun, upphafsskammtur og viðhaldsskammtur. Áhrif þéttni lyfs á útskilnað þess. Útreikningar á lyfjaskömmtum. Lyfhrif, aukaverkanir og eiturverkanir. Langvirk lyfjaform. Áhersla verður lögð á stærðfræðilega útreikninga og notagildi þeirra. Umbrot lyfja í líkamanum, cytochrome P-450 ensím og flokkun þeirra, flutningsprótein fyrir lyf.
*Forkröfur: Nemandi verður að kunna að reikna bestu línu (linear regression) og beita einfaldri tölfræði með notkun vasareiknivélar.*

**LYF505G • Lyfjagreining • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Margrét Þorsteinsdóttir Lektor
Séhæfðar efnagreinagaraðferðir sem notaðar eru við lyfjamælingar verða kynntar. Efnagreiningaraðferðir sem notaðar eru við einangrun og auðkenningu lyfja ásamt aðferðum sem notaðar eru við magngreiningu lyfja. Rafeindaróf í sýnilegu og útfjólubláu ljósi, títranir, úrhlutun (extraction), blettagreining á þynnu (TLC), gasgreining(GC), vökvagreining (LC) og capillary electrophoresis (CE). Massagreining (MS) og massagreinir samtengdur GC og LC. Nánari upplýsingar um námskeiðið, dæmatíma og verklegar æfingar kynnt síðar.

**LYF601G • Lyfjagerðarfræði II • (8e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Sveinbjörn Gizurarson Prófessor
Umsjónarkennari: Þórdís Kristmundsdóttir Prófessor
Kennari: Hákon Hrafn Sigurðsson Dósent
Kennari: Skúli Skúlason
Blöndun duftefna, kornastærð, þurrkun, eiginleikar duftefna. Duft og kyrni. Töflur. Hylki. Stílar. Aðferðir við sæfingu. Framleiðsla stungulyfja og innrennslislyfja. Lyfjagjöf í auga. Geislavirk efni og lyfjagjöf. Lyfjaform fyrir dýr. Framleiðsla og gæðamat á lyfjaformum. GPM-reglur. Gæðaeftirlit; efnafræðilegt, örverufræðilegt og tæknilegt mat á lyfjum og hjálparefnum til lyfjaframleiðslu. Umbúðir. Verklegar æfingar: Framleiðsla á lyfjaformum. Efnafræðilegt og tæknilegt mat á hráefnum til lyfjagerðar og lyfjaformum samkvæmt gildandi lyfjastöðlum.
Nauðsynleg undirstaða: Lyfjagerðarfræði I (LYF501G)

**LYF602G • Samþætt sjúkdóma- og lyfhrifafræði I • (6e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Ólafur Baldursson Lektor
Fjallað verður um einkenni, orsakir, meingerð og meðferð sjúkdóma. Lögð er áhersla á verkunarhátt lyfja og áhrif þeirra á sjúklinga með innkirtlasjúkdóma, sýkingar, illkynja sjúkdóma, gigtarsjúkdóma, meltingarsjúkdóma og taugasjúkdóma. Ítarlega er farið yfir áhrif lyfja á sameindir, frumur, vefi og líffæri og tekin klínísk dæmi þar sem lyfin gegna mikilvægu hlutverki við meðferð. Einnig er fjallað um algengar aukaverkanir og milliverkanir lyfja.

**LYF603G • Undirbúningur undir klínískt nám í apótekum • (2e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna Birna Almarsdóttir Prófessor
Markmið þessa námskeiðs er að undirbúa þriggja mánaða klínískt nám í apóteki. Leitast er við að kynna nemum þau atriði sem lögð verður áhersla á í apóteksvistinni. Fyrirlestrar: Algengustu lausasölulyf og náttúruefni sem seld eru í apótekum hérlendis. Lyfjafræðileg umsjá og samskipti við skjólstæðinga apóteka. Helstu störf innan apóteksins. Nemar velja sér verkefni sem unnið verður að í klínísku námi undir handleiðslu apóteks- eða sjúkrahúslyfjafræðings

**LYF606G • Lyfjaefnafræði I • (8e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Elín Soffía Ólafsdóttir Prófessor
Helstu lyfjaflokkar kynntir. Farið er í verkunarmáta lyfja, tengsl byggingar og virkni og notkun kynnt. Efni fyrirlestra: Sýkingalyf, krabbameinslyf, verkjalyf, bólgueyðandi lyf, sterar, histamín og andhistamín.
Námsmat: skriflegt próf (80%) og verkefni (20%). Nemendur verða að ná tilskyldri lokaeinkunn í báðum prófhlutum. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF607G • Ónæmisfræði • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Jóna Freysdóttir
Kennari: Vala Friðriksdóttir
Inngangur að ónæmisfræði. Ósérhæft ónæmi. Vakaþekking B og T eitilfrumna. Myndun vakaviðtaka. Kynning vaka handa T frumum. Boðferli í ónæmiskerfinu. Þroskun eitilfrumna. T frumu miðlað ónæmi. Vessabundið ónæmi. Ferli ónæmissvarsins. Slímhúðarónæmi. Ónæmisbilanir. Ofnæmi. Sjálfsofnæmi. Vefjaígræðslur. Ónæmisíhlutanir og bólusetningar. Ónæmisaðferðir.
Skriflegt próf 80%, fjögur skyndipróf 20%. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt í upphafi námskeiðs.

**LYF001M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (20e) • Vor**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF002M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (20e) • Haust**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF003M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF004M • Rannsóknarverkefni skiptinema • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni, aðeins ætlað skiptinemum. Verkefnið er valið í samráði við og unnið undir handleiðslu kennara við lyfjafræðideild. Nemendur skila ritgerð og kynna verkefni sitt og niðurstöður í stuttum fyrirlestri.
Ritgerð og fyrirlestur.

**LYF101F • Málstofa í lyfjafræði • (3e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna Birna Almarsdóttir Prófessor
Umsjónarmaður: Þorsteinn Loftsson Prófessor
Málstofan er annars vegar vettvangur fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi til að kynna og ræða um verkefni sín og hins vegar flytja kennarar deildarinnar og ýmsir gestafyrirlesarar fyrirlestra. Málstofan er þannig almennur vettvangur fyrir akademíska umræðu í lyfjafræðideild. Hver málstofa fer venjulega þannig fram að flutt er u.þ.b. 30 mín. erindi og síðan taka við umræður í 15 mín. Málstofan er metin til alls 6 eininga en er skráð sem tvö námskeið, 3 eining á misseri. Til að fá metnar einingar fyrir málstofuna þarf rannsóknanámsnemi að sækja alls 16 málstofur yfir veturinn. Skipulagið er þannig að rannsóknanámsneminn er spyrill annað misserið en fyrirlesari hitt. Þar sem málstofa í lyfjafræði mun væntanlega ekki bjóða upp á nema 8 fyrirlestra á vetri þarf neminn að sækja málstofur annað hvort í læknadeild, efnafræðiskor eða annarri deild/skor sem hæfir fræðasviði nemans (svo framarlega sem það er samþykkt af leiðbeinanda hans). Nemar verða að skila inn stuttri skýrslu um fyrirlesturinn. Fyrir hvern fyrirlestur nemanda er valinn fyrirfram "spyrill" úr hópi rannsóknanema. Spyrillinn fær frá fyrirlesara viku fyrir málstofu eitthvert lesefni svo að hann geti kynnt sér efnið nægilega. Spyrillinn hefur umræðurnar en í kjölfarið eru almennar umræður. Málstofan á að veita nemendum þjálfun í eftirfarandi atriðum:
1. Að flytja yfirlitsfyrirlestur um viðfangsefni eigin rannsókna. 2. Að standa fyrir svörum í fræðilegri umræðu.
3. Að kynna sér efni á stuttum tíma nægilega vel til að geta hafið um það fræðilegar umræður.
4. Að taka almennan þátt í umræðum.
Nemendur fá metnar 6 námseiningar alls fyrir fulla þátttöku í málstofunni, þ.e. flutning á fyrirlestri, spyrilshlutverk einu sinni og mætingu á fyrirlestra. Góð mæting nemenda er því tilskilin.
Málstofan er opin öllum sem áhuga hafa.
Nánari lýsing sem og fyrirlestraskrá mun verða kynnt við upphaf misseris.

**LYF102F • Meistaraverkefni í lyfjavísindum • (30e) • Haust**
Meistaraverkefni eða hluti meistaraverkefnis í lyfjavísindum. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera 30, 60 eða 90 einingar.

**LYF103F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Hluti doktorsverkefnis. Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er 3 ára (180e) rannsóknanám, þar sem nemandi vinnur að stóru rannsóknaverkefni á einhverju af sérsviðum lyfjafræðinnar.

**LYF104F • Lyfja-og efnafræði náttúruefna I • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir
Kennari: Elín Soffía Ólafsdóttir Prófessor
Kennari: Einar Olavi Mantyla
Fyrirlestrar: Notkun náttúruefna innan lyfjafræði sem virk lyfjaefni, tæknileg hjálparefni, hráefni við framleiðslu smíðaðra lyfja og fyrirmyndir nýrra lyfja. Áhersla er lögð á efnafræði, lífmyndun (biosynthesis), uppruna og notkun þessara efna. Framleiðsla náttúruefna með einangrun, efnasmíðum, frumu- og vefjaræktun, erfðatækni (með erfðabreyttum -örverum, -spendýrafrumum, -plöntum, -dýrum). Plöntur sem sameindasmiðjur. Sykrur; einsykrur, tvísykrur, fjölsykrur. Terpen sambönd; mónó-, seskví-, dí-, trí-, tetra-terpen. Rokfimar olíur. Náttúruleg litarefni. Helstu einkenni plantna og lauslegt yfirlit um plönturíkið. Frumu- og vefjagerðir háplantna. Helstu ættir og tegundir plantna sem notaðar eru til lyfjaframleiðslu. Plöntudrogar í evrópsku lyfjaskránni. Verklegar æfingar: Vefjaskipan í helstu plöntuvefjum. Kynning á smásjárlýsingum plöntuhluta í gildandi lyfjaskrá. Smásjárgreining malaðra plöntudroga. Gæðaeftirlit plöntuhluta samkvæmt gildandi lyfjaskrá.
Námsmat: skriflegt próf (70%), verklegt (10%) og verkefni (20%).Nemendur verða að ná tilskyldri lokaeinkunn í öllum prófhlutum. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF105F • Sérhæfð lyfjaform • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Sveinbjörn Gizurarson Prófessor
Umsjónarkennari: Þórdís Kristmundsdóttir Prófessor

Ný lyfjaform og nýjar leiðir við lyfjagjöf. Hönnun forðalyfjaforma. Míkróhúðun. Osmótísk kerfi. Lípósómar. Nanóagnir. Forlyf. Einstofna mótefni. Lyfjaform í vef. Ný lyfjaform til lyfjagjafar um húð og slímhúð, í nef, í lungu, í augu. Lyfjagjöf til miðtaugakerfis. Lyfjagerð og líftækni. Lyfjaform fyrir bóluefni. Lyf og einkaleyfi. Verklegar æfingar. Þróun forskriftar og framleiðsla á lyfjaformi.

**LYF106F • Samþætt sjúkdóma- og lyfhrifafræði II • (6e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Hrefna Guðmundsdóttir
Kennari: Sigurpáll S Scheving
Kennari: Kjartan Jónas Kjartansson
Kennari: Brynjar Viðarsson Aðjúnkt
Kennari: Tryggvi Þórir Egilsson
Kennari: Ólafur Baldursson Lektor
Kennari: Engilbert Sigurðsson
Fjallað verður um einkenni, orsakir, meingerð og meðferð sjúkdóma. Lögð er áhersla á verkunarhátt lyfja og áhrif þeirra á sjúklinga með hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, nýrnasjúkdóma, blóðsjúkdóma, geðsjúkdóma og húðsjúkdóma. Að auki er fjallað um áhrif lyfja á aldraða. Ítarlega er farið yfir áhrif lyfja á sameindir, frumur, vefi og líffæri og tekin klínísk dæmi þar sem lyfin gegna mikilvægu hlutverki við meðferð. Einnig er fjallað um algengar aukaverkanir og milliverkanir lyfja.

**LYF107F • Klínískt nám í apótekum • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna Birna Almarsdóttir Prófessor
Kennari: Guðrún Þ Kjartansdóttir
Hver lyfjafræðinemi skal ljúka þriggja mánaða kerfisbundnu klínísku námi í apóteki eftir að vormisseri 3. árs lýkur. Nemi velur sér apótek og síðan lyfjafræðing sem þar starfar í samráði við Lyfjafræðideild HÍ. Lyfjafræðingur þessi leiðbeinir nemanum á tímabilinu. Nemi og leiðbeinandi setja niður áætlun um viðfangsefni á sviði lyfjafræðiþjónustu sem umsjónarmaður skal samþykkja áður en byrjað er að vinna það. Unnið er eftir áætluninni í 3 mánuði. Einnig skal nemi halda reglulega fundi með leiðbeinanda sínum í apóteki um námsframvindu hans. Haldin er verkefnabók eftir fyrirmælum umsjónarmanns.
Námsmat: 1. Eitt þemaverkefni (60% af heildareinkunn). Tveir til þrír nemendur vinna verkefnið saman og skila ritgerð. Verkefnið er fyrirfram skilgreint í samráði við kennara. 2. Sameiginlegt átaksverkefni apótekanna (40% af heildareinkunn). Hver nemandi skal skila af sér hluta úr verkefninu. Samstarfsverkefni eru mismunandi milli ára og skilin því á mismunandi formi.

**LYF108F • Samantekt klínísks náms í apótekum • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna Birna Almarsdóttir Prófessor
Kennari: Guðrún Þ Kjartansdóttir
Markmiðið með námskeiðinu er að taka saman afrakstur klínísks náms lyfjafræðinema í apóteki. Nemar nýta verklega tíma á námskeiðinu til að skýrsluskrifa um nám sem fram fór í námskeiðinu Klínískt nám í apótekum. Umræðutímar verða að mestum hluta kynning á þemaverkefnum nema á sviði lyfjafræðiþjónustu fyrir Lyfjafræðideild og apótekslyfjafræðingum sem þátt tóku í Klínísku námi í apótekum. Umræðutímar verða að minna leiti nýttir til yfirferðar á verkefnabók nema.
Nauðsynleg undirstaða: Klínískt nám í apótekum (LYF107F)
1. Kynning á einstaklingsverkefni (90% af heildareinkunn). Verkefnið er fyrirfram skilgreint í samráði við kennara og apótek/leiðbeinanda.
2. Verkefnabók (dagbók úr apóteki og gátlisti (10% af heildareinkunn). Verkefnabók er send til nemenda í kennslukerfi.

**LYF109F • Lyfjaefnafræði II • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Már Másson Prófessor
Kennari: Berglind Eva Benediktsdóttir
Kennari: Vivek Sambhaji Gaware Doktorsnemi
Helstu lyfjaflokkar verða kynntir og farið yfir grunnatriði í lyfjaþróun. Fjallað verður um verkunarmáta lyfja, tengsl byggingar og virkni og notkun kynnt.
Efni fyrirlestra: Lyfjaþróun, samband byggingar og virkni, Líftæknilyf og prótein, skuggaefni og geislaefni, adrenvirk lyf, kólínvirk lyf, þvagræsislyf, blóðþrýstingslyf, blóðfitulækkandi lyf, segavarnarlyf, sykursýkilyf, svæfingalyf og svefnlyf , róandi lyf, flogaveikilyf, geðdeyfðarlyf og geðrofslyf, fíkniefni. Í verklegum æfingum er lögð áhersla á sjálfstæð verkefni þar sem nemendur munu smíða þekkt lyfjaefni og afleiður líffræðilega virkra efn og kannað samband byggingar og virkni. . Byggingar efna verða ákvarðaðar með IR og NMR. Lögð verður áhersla á að kenna góð vinnubrögð við rannsóknir (GLP).
Námsmat: Skriflegt próf og einkunn fyrir verklegt námskeið. Nemendur verða að ná tilskyldri lokaeinkunn í öllum prófhlutum. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.
Nemendur verða að ná tilskyldri lokaeinkunn (5) í prófi og fyrir verklegan hluta námskeiðsins. Ef tilskyldri lokaeinkunn er ekki náð í öðrum hvorum hluta námskeiðsins gildir sú einkunn sem lokaeinkunn. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF201F • Málstofa í lyfjafræði • (3e) • Vor**
Umsjónarmaður: Margrét Þorsteinsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Þorsteinn Loftsson Prófessor
Málstofan er annars vegar vettvangur fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi til að kynna og ræða um verkefni sín og hins vegar flytja kennarar deildarinnar og ýmsir gestafyrirlesarar fyrirlestra. Málstofan er þannig almennur vettvangur fyrir akademíska umræðu í lyfjafræðideild. Hver málstofa fer venjulega þannig fram að flutt er u.þ.b. 30 mín. erindi og síðan taka við umræður í 15 mín. Málstofan er metin til alls 6 eininga en er skráð sem tvö námskeið, 3 eining á misseri. Til að fá metnar einingar fyrir málstofuna þarf rannsóknanámsnemi að sækja alls 16 málstofur yfir veturinn. Skipulagið er þannig að rannsóknanámsneminn er spyrill annað misserið en fyrirlesari hitt. Þar sem málstofa í lyfjafræði mun væntanlega ekki bjóða upp á nema 8 fyrirlestra á vetri þarf neminn að sækja málstofur annað hvort í læknadeild, efnafræðiskor eða annarri deild/skor sem hæfir fræðasviði nemans (svo framarlega sem það er samþykkt af leiðbeinanda hans). Nemar verða að skila inn stuttri skýrslu um fyrirlesturinn. Fyrir hvern fyrirlestur nemanda er valinn fyrirfram "spyrill" úr hópi rannsóknanema. Spyrillinn fær frá fyrirlesara viku fyrir málstofu eitthvert lesefni svo að hann geti kynnt sér efnið nægilega. Spyrillinn hefur umræðurnar en í kjölfarið eru almennar umræður. Málstofan á að veita nemendum þjálfun í eftirfarandi atriðum:
1. Að flytja yfirlitsfyrirlestur um viðfangsefni eigin rannsókna. 2. Að standa fyrir svörum í fræðilegri umræðu.
3. Að kynna sér efni á stuttum tíma nægilega vel til að geta hafið um það fræðilegar umræður.
4. Að taka almennan þátt í umræðum.

Nemendur fá metnar 6 námseiningar alls fyrir fulla þátttöku í málstofunni, þ.e. flutning á fyrirlestri, spyrilshlutverk einu sinni og mætingu á fyrirlestra. Góð mæting nemenda er því tilskilin. Málstofan er opin öllum sem áhuga hafa.

**LYF202F • Meistaraverkefni í lyfjavísindum • (30e) • Vor**
Meistaraverkefni eða hluti meistaraverkefnis í lyfjavísindum. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera 30, 60 eða 90 einingar.

**LYF203F • Meistaraverkefni í lyfjavísindum • (30e) • Sumar**
Meistaraverkefni eða hluti meistaraverkefnis í lyfjavísindum. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera 30, 60 eða 90 einingar.

**LYF204F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Hluti doktorsverkefnis. Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er 3 ára (180e) rannsóknanám, þar sem nemandi vinnur að stóru rannsóknaverkefni á einhverju af sérsviðum lyfjafræðinnar.

**LYF205F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Hluti doktorsverkefnis. Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er 3 ára (180e) rannsóknanám, þar sem nemandi vinnur að stóru rannsóknaverkefni á einhverju af sérsviðum lyfjafræðinnar.

**LYF206F • Lyfja- og efnafræði náttúruefna II • (8e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Elín Soffía Ólafsdóttir Prófessor
Kennari: Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir
Fyrirlestrar: Efnafræði, lífmyndun og notkun náttúruefna í lyfjafræði. Fituefni; fitusýrur, olíur, vöx, prostaglandín. Peptíð, prótein, ensím. Alkalóíð amínur. Alkalóíðar. Glýkósíð sambönd. Anthrakínón afbrigði. Sterar. Kúmarín afbrigði, lignan, tannín. Flavonóíð sambönd. Aðferðir sem notaðar eru við einangrun og auðkenningu náttúruefna. Eiturefni í jurtum. Verklegar æfingar: Einangrun og greining náttúruefna með skiljumælingum (TLC, VLC, SPE, HPLC), litrófsmælingum (UV, IR) og kjarnsegulrófsmælingum (NMR).
Námsmat: skriflegt próf (70%) og verklegt (30%). Nemendur verða að ná tilskyldri lokaeinkunn í báðum prófhlutum. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF207F • Námsferð erlendis • (4e) • Sumar**
Heimsóknir í stofnanir og lyfjafyrirtæki. Skipulag ferðarinnar er í höndum kennara, sem jafnframt er fararstjóri. Ferðin er metin til tveggja eininga sem skráðar verða í prófskírteini en ekki er gefin einkunn fyrir námskeiðið. Ekki skyldunámskeið.

**LYF208F • Lög og reglugerðir • (4e) • Vor • 3f**
Kennari: Jóhann Magnús Lenharðsson
Lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli um lyf og lyfjafræðinga. Einnig um eiturefni og hættuleg efni, tryggingakerfið, heilsugæslu og sjúkrahús. Framkvæmd laga og reglugerða. Þáttur lyfjafræði í heilbrigðis- og tryggingakerfinu.
Æskileg undirstaða: Samantekt klínísks náms í apótekum (LYF108F)
Námsmat felst í skriflegu prófi.

**LYF209F • Lyfjafaraldsfræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna Birna Almarsdóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemum grundvallaratriði í faraldsfræði og tölfræði. Þessi vitneskja notuð til að skoða nánar rannsóknarspurningar á sviði lyfjafaraldsfræði. Fyrirlestrar gefa helstu undirstöðuatriði, en nemar vinna jafnhliða verkefni sem tengjast námsefninu. Grundvallaratriði faraldsfræði og lyfjafaraldsfræði:
áhætta/vernd, útkoma, orsakatengsl, mæling á útbreiðslu sjúkdóma og mæling áhættu, rannsóknasnið, hlutverk tilviljunar, röskunar og bjaga í faraldsfræði, lyfjanotkunarrannsóknir, réttmæti og áreiðanleiki, úrtak, spurningalistar, eigindlegar aðferðir, gagnagrunnar, yfirgreining, siðfræði í faraldsfræðirannsóknum og lyfjagát (Pharmacovigilance).
Upprifjun á tölfræði
Mikilvægar rannsóknarspurningar í lyfjafaraldsfræði
Notagildi lyfjafaraldsfræði í ákvarðanatöku (klíník og stefnumörkun)
Gátlisti yfir gæði rannsókna í faraldsfræði og lyfjafaraldsfræði
1. Skriflegt próf, 3 stundir (60% eða 80% af heildareinkunn). Þátttakendur lesa grein fyrir próf sem þeir þurfa að greina m.t.t. rannsóknarlegra gæða. Seinni hluti prófs byggist á lesefni og dæmum sem tekin hafa verið fyrir í tímum. Hjálpargögn í prófið: Sú grein sem prófað verður úr m.t.t. gæða og reiknivél. 2. Skriflegt miðannarpróf, 1,5 stundir (20% eða 0% af heildareinkunn). Gildir 20% ef einkunn er hærri en á 3ja stunda prófi, annars ekkert. 3. Eitt hópverkefni (20% af heildareinkunn). Þátttakendur lesa grein á sviði lyfjafaraldsfræði og gagnrýna aðferðir og kenningar hennar á kerfisbundinn hátt. Verkefninu skal skilað skriflega á íslensku. Þeir kynna síðan niðurstöðuna munnlega á ensku og taka andmælum kennara og samnemenda.

**LYF210F • Klínísk lyfjafræði I • (8e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Sveinbjörn Gizurarson Prófessor
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Grunnatriði klínískrar lyfjafræði. Milliverkanir lyfja, aukaverkanir lyfja, sjúkdómar af völdum lyfja og áhrif lyfja á blóðgildi. Lyfjagöf til þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti, ungbarna, barna og gamalmenna. Farið er yfir klíníska lyfjameðferð við ýmsum sjúkdómum eins og lungna- nýrna- og hjartasjúkdómum, verkjameðferðir o.fl. Hluti kennslunnar fer fram á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi og í formi verkefna.

**LYF211F • Lyfjagreiningartækni • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Margrét Þorsteinsdóttir Lektor

Námskeiðið fjallar um sérhæfðar efnagreiningaraðferðir sem eru notaðar í lyfjamælingum og aðferðir við að mæla lyf í lífsýnum. Efni fyrirlestra: Lyfjaskrártítranir, úrhlutun (extraction), blettagreining á þynnu (TLC), gasgreining(GC), vökvagreining (HPLC), massagreining (MS), LC-MS/MS, capillary electrophoresis og kemómetriskar aðferðir. Sýnikennsla og verkefni: Rannsóknir á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Rannsóknir á Rannsóknastofu Íslenskrar erfðagreiningar.
Æskileg undirstaða: Efnagreiningartækni (EFN402G)
Skriflegt próf og verkefni. Allir nemendur verða að mæta í verklegar æfingar og hlutapróf. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF302F • Lyfjaefnafræði /Lyfjahönnun • (6e) • Haust • 2f**
Umsjónarkennari: Már Másson Prófessor
Kennari: Berglind Eva Benediktsdóttir
Kennari: Kristján S Guðmundsson
Kennari: Elsa Steinunn Halldórsdóttir Doktorsnemi
Í námskeiðinu er fjallað um ýmis grunnhugtök lyfjaefnafræðinnar og þær aðferðir sem eru notaðar við hönnun og efnafræðilega þróun á nýjum lyfjum. Í fyrirlestrum verður fjallað um eðli og einkenni lyfjaviðtaka, virknimælingar, uppruna lyfjaefna, hendni lyfja, lyfjakjarna, aðferðir til að hámarka virkni, sameindahermun í tölvum, hönnun og skilgreining efnasafna, frásogs-umbrots-dreifingar-útskilnaðar-eiturefnafræðilegir (ADMET) eiginleikar og nokkur dæmi um lyfjaþróun. Námskeiðið samanstendur af fyrirlestrum og verkefni.
Skriflegt próf og verkefni. Vægi mismunandi þátta í námsmati verður tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF307F • Klínísk lyfjafræði II • (8e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Sveinbjörn Gizurarson Prófessor
Kennari: Anna Ingibjörg Gunnarsdóttir
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Kennari: Rannveig Alma Einarsdóttir
Námskeiðið er beint framhald Klínískrar lyfjafræði I. Farið verður í gegnum taugasjúkdóma, sýkingar,ofnæmi, innkirtlasjúkdóma, krabbamein, líknandi meðferðir, augnsjúkdóma, húðsjúkdóma o.fl. Einnig verður farið í eitranir og klínska eiturefnafræði. Hluti kennslunnar fer fram á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi í formi verkefna.
Nauðsynleg undirstaða: Klínísk lyfjafræði I (LYF210F)

**LYF308F • Lyfjahagfræði • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ragna Haraldsdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Anna Birna Almarsdóttir Prófessor
Kennari: Ásta Friðriksdóttir
Kennari: Rúna Hauksdóttir Hvannberg Forstöðumaður
Kennari: Valgarð Sverrir Valgarðsson
Námskeið þetta hentar einnig meistaranemum í öðrum deildum sem sækjast eftir undirstöðu í heilsuhagfræði. Forkröfur lyfjafaraldsfræði eða sambærileg námskeið. Markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemum grundvallaratriði í heilsuhagfræði með áherslu á lyf sem heilbrigðistækni. Síðan er þessi vitneskja notuð til að skoða nánar stefnumótun á sviði lyfjamála. Fyrirlestrar gefa helstu undirstöðuatriði, en nemar vinna jafnhliða verkefni sem tengjast námsefninu.
Æskileg undirstaða: Lyfjafaraldsfræði (LYF209F)
1. Skriflegt próf, 3 stundir (70% af heildareinkunn). 2. Eitt hópverkefni (30% af heildareinkunn). Valin efni frá kennara. Nemendur kynna niðurstöðuna munnlega og skriflega á íslensku og taka andmælum kennara og samnemenda.

**LYF309F • Stjórnun og lyfjamarkaðsfræði • (6e) • Haust • 4f**
Kennari: Stefán Róbert Gissurarson
Kynnt verða helstu atriði sem tengjast stjórnun og rekstri, svo sem viðskiptalegt umhverfi, skipulag fyrirtækja, stefnumótun, birgðastjórnun, fjármagnskostnaður, hugtök í markaðsfræði með tengingu við markaðsmál lyfja og starfsmannastjórnun. Einnig verður kynnt gerð viðskiptaáætlana. Áhersla verður lögð á að tengja námsefnið við viðskiptaumhverfi lyfja.
Verkefni og próf sem unnin eru í tengslum við námsefnið.

**LYF310F • Náttúrulyf /Náttúruvörur • (4e) • Haust • 2f**
Umsjónarmaður: Ragna Haraldsdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir
Algeng náttúrulyf/náttúruvörur sem seld eru hér á landi; Jónsmessurunni, valeriana, ginseng, ginkgó, freyspálmi, engifer, hvítlaukur, sólhattur, mjólkurþistill, o.fl. Rætt er um notkun, innihaldsefni, vísindarannsóknir á virkni, aukaverkanir, milliverkanir við lyfseðilsskyld lyf, frábendingar. Mikilvægi ábyrgrar upplýsingamiðlunar til neytenda og fagfólks heilbrigðisstétta. Gæðaeftirlit. Lög og reglugerðir er varða náttúrulyf/náttúruvörur.
Námsmat felst í verkefnum sem kennari setur fyrir. Nemendur verða að ná tilskyldri lámarkseinkunn í öllum verkefnum. Ef breytingar verða á námsmati verður það tilkynnt við upphaf námskeiðsins.

**LYF401F • Meistaraverkefni í lyfjafræði • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Már Másson Prófessor
Umsjónarmaður: Sesselja Sigurborg Ómarsdóttir
Rannsóknar- og þróunarverkefni, sem nemandi velur sér úr einhverri sérgrein lyfjafræði í samráði við og undir handleiðslu viðkomandi greinakennara. Nemendur skila lokaritgerð og kynna lokaverkefni sín og niðurstöður í stuttum fyrirlestri í maímánuði.

# Læknadeild

**GSL101G • Efnafræði • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Yfirlit yfir nokkur grunnatriði í almennri og lífrænni efnafræði. Efnajafnvægi, Sýrur og basar. Sýrubasa jafnvægi. Leysnijafnvægi. Rafefnafræði. Grunnatriði lífrænar efnafræði. Fjölliður.
Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, dæmareikningur og heimaverkefni.
Kennslumat: 100% próf. Próftökuréttur er háður skilum á heimaverkefnum.

**GSL102G • Kynning á læknisfræðilegri myndgerð og greiningu • (0e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kynning á sögu læknisfræðilegrar myndgerðar frá uppgötvun WC Röntgen til tækninýjunga nútímans. Fjallað um hlutverk, stafssvið og skyldur geislafræðinga í heilbrigðiskerfinu. Farið með nemendur í heimsókn á myndgreiningardeilir.

**GSL103G • Geislaeðlisfræði • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Stefán B Sigurðsson Prófessor
Kennari: Garðar Mýrdal
Kennari: Jónína Guðjónsdóttir
Byrjað er á kynningu á myndgerðartækni í læknisfræði. Fjallað verður um hvernig röntgengeisli er búinn til, orkuróf hans og deyfingu í efni. Lögð verður áhersla á hvernig geisli víxlverkar við efnið, dofnunarstuðla, helmingunarþykkt og þætti sem hafa áhrif á dofnun geisla. Fjallað verður um frumeindir, ljóseindir og rafeindir, rafsvið, segulsvið og rafsegulbylgjur, með áherslu á tilurð og orkusvið röntgengeisla. Lagður verður grunnur að þekkingu á mælingum á jónandi geislun og gerðar verklegar æfingar. Fjallað verður um hvernig geislamynd verður til, um huglægt og tölulegt mat á myndgæðum og algeng hugtök sem notuð eru í því sambandi.
Gammageislun, hrörnun og helmingunartími.
Fyrirlestrar ásamt verklegum æfingum sem tengjast efni fyrirlestranna og krefjast virkrar þátttöku nemenda.
Skriflegt próf. Verklegar æfingar og skýrslugerð.

**GSL201G • Umönnun sjúklinga • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Sjúkrastofnanir, starfsemi þeirra, heilbrigðisstéttir. Grundvallarhugmyndir í hjúkrun, þarfakenning Maslow's. Innlögn á sjúkrahús, móttaka sjúklings, dvöl á sjúkrahúsi, meðferð, undirbúningur fyrir heimferð, útskrift. Öryggisþarfir, félagslegar þarfir. Þagnarskylda. Umönnun aðstandenda. Almennt um undirbúning sjúklinga fyrir rannsóknir og aðgerðir. Post op. hjúkrun og fylgikvillar post op. og fyrirbygging þeirra. Umönnun sjúklinga með sjúkdóma í taugakerfi, efnaskiptasjúkdóma, sjúkdóma í liðum, hjarta- og lungnasjúkdóma, þvagfærasjúkdóma, meltingafærasjúkdóma og krabbamein. Rétt líkamsbeiting og flutningur sjúklinga. Vinnutækni og líkamsbeiting.
Kynning á deildum sjúkrahúsanna, umönnun sjúklinga og sérkenni sérsviða.
Skriflegt próf ásamt verkefni unnið í tengslum við verknám.

**GSL202G • Verklegt nám á myndgreiningardeildum I • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Nemendur fá kynningu á starfsemi deildar. Fá þjálfun í móttöku og fræðslu til sjúklinga fyrir rannsókn. Þjálfun í framkvæmd almennar röntgenrannsókna á lungum, kviðarholi og stoðkerfi undir leiðsögn geislafræðinga.
Æskileg undirstaða: Almennar röntgenrannsóknir (GSL203G)

**GSL203G • Almennar röntgenrannsóknir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Rannsóknatækni við framkvæmd almennra röntgenrannsókna á brjóstholi, kviðarholi og stoðkerfi. Eðlilegt útlit, algengustu frávik og sjúkdómar í brjóstholi, kviðarholi og stoðkerfi. Ábendingar og frábendingar fyrir rannsóknir

**GSL204G • Geislavarnir • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Lög og reglur um geislavarnir og Geislavarnir ríkisins. Hugtök og einingar, bakgrunnsgeislun og geislun af mannavöldum. Notkun geislunar fyrr á tímum, geislaskaðar, Alþjóðageislavarnaráðið (ICRP)og grundvallaratriði geislavarna. Líffræðileg áhrif jónandi geislunar. Áhrif geislunar á fóstur. Geislavarnir vegna notkunar röntgentækja til sjúkdómsgreiningar. Geislavarnir sjúklinga og starfsfólks á röntgendeildum og utan röntgendeilda. Eftirlit með geilsaskömmtun starfsfólks. Mat og mælingar á geislaálagi sjúklinga og starfsmanna. Mælibúnaður og aðferðir.

**GSL301G • Röntgenbúnaður I • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jónína Guðjónsdóttir
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Gísli Georgsson
Kennari: Haraldur Auðunsson
Kennari: Þorgeir Pálsson
Uppbygging stafrænna mynda, vektoramyndir og dílamyndir. Dílastærð og dýpt; einlit mynd og marglit; gráskalinn og litakerfi. Tóna- og flatarupplausn myndar, kontrast og gluggar. Grunnatriði myndvinnslu: birtubjögun og flatarsíur. Snið myndskráa og þjappanir. Skynjun augans. Helstu þættir röntgen og skyggnibúnaðar; lampar og aflgjafar. Sjálfvirkar svertustýringar. Kynning á myndmiðlum. Samsetning

röntgengeisla og áhrif á geislaskammta og myndgæði. Geislamynd. Fleygar og dreyfigeislasíur. Tökugildi og punktakerfi.
Í fyrsta hluta áfangans eru fyrirlestrar blandaðir verkefnum sem leyst eru í tímum. Síðar koma verklegar æfingar sem framkvæmdar eru annars staðar, en byggja á fyrirlestrum sem haldnir eru milli æfinga. Þess er krafist að nemendur taki virkan þátt í verklegum æfingum og skili verkefnum þar að lútandi.
Mat á frammistöðu nemenda við verklegar æfingar og framsetningu á niðurstöðum, byggt á mati nemenda sjálfra, kemur á móti skriflegu prófi á próftíma.

**GSL302G • Sýklafræði og smitgát • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Námskeiðið er í tveim hlutum, sýklafræði og smitgát.
I. Sýklafræði
Fjallað verður um sýklafræði að því marki að lýsa uppbyggingu, virkni, mismun og megin einkennum baktería, sveppa, veira og sníkjudýra og áhrifum umhverfis á þau; algengustu/þekktustu ættkvíslir/tegundir sýkla og tengsl þeirra við sjúkdóma og þær notaðar sem fyrirmynd um það hvernig smitsjúkdómar þróast; ýmsar aðrar ættkvíslir/tegundir verða kynntar. Kynnt verða undirstöðuatriði ónæmiskerfisins; samspil sýkils og hýsils; sérstaða sjúklinga sem hafa skertar varnir.
II. Smitgát
Fjallað verður um smitleiðir, rof smitleiða, einangrun, og smitgát; dauðhreinsun og sótthreinsun; umgengni við æðanálar, æðaleggi og þvagleggi; sýkingavarnir á myndgreiningardeild.

**GSL303G • Lyfjafræði, skuggaefni og bráðaviðbrögð • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Kristín Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Lyfjahvarfafræði: Yfirlitsatriði. Lyfjaform og geymsla lyfja. Frásog, dreifing, umbrot og útskilnaður lyfja. Lyfjaviðtakar og verkanir lyfja. Gildi lyfjamælinga í blóði. Lyfhrifafræði: Lyf með verkun á úttaugakerfið. Lyf með verkun á miðtaugakerfið. Staðdeyfilyf. Verkjadeyfi lyf. Hjarta- og æðasjúkdómalyf. Sýklalyf og sótthreinsiefni. Hægðalyf. Skuggaefni: Efnafræði skuggaefna. Áhrif skuggaefnis á líkamann, áhættuþættir, aukaverkanir og meðhöndlun þeirra. Skammtastærðir. Svæfingar, deyfingar. Gjörgæslu- og vöknunardeild. Ýmis bráðavik. Ofnæmissvörun og viðbrögð. Endurlífgun. Bráðatöskur. Ástungur i.v., i.m. og s.c. Vökvameðferð. Æfingar, i.v. ástungur og vökvagjöf.

**GSL304G • TS tækni, rannsóknir, sneiðlíffærafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jónína Guðjónsdóttir
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Jóhann Arnfinnsson Náttúrufræðingur
Kennari: Guðlaugur Einarsson
Kennari: Jörgen Albrechtsen
Fjallað verður um hvernig tölvusneiðmynd verður til, allt frá því hvernig dofnun röntgengeisla í vefjum sjúklinga er mæld, til þess hvernig mynd er reiknuð út frá þeim gögnum og birt á tölvuskjá. Einnig verður fjallað um gæði tölvusneiðmynda og þá meginþætti sem hafa áhrif á þau, bæði í gagnasöfnuninni og mynduppbyggingu, sem og mismunandi aðferðir við framsetningu myndgagna, t.d. þrívíddarmyndir. Fjallað verður um framkvæmd tölvusneiðmyndarannsókna bæði hvað við kemur undirbúningi og meðhöndlun sjúkinga, og vali á tökugildum.
Fjallað um notkun tölvusneiðmynda í sjúkdómsgreiningu, almennar ábendingar og sjúkdóma sem tengjast tölvusneiðmyndarannsóknum á helstu líffærakerfum.
Fjallað verður um geislavarnir starfsmanna og sjúklinga við tölvusneiðmyndarannsóknir, mælingar á geislaskömmtum og mat á geislaálagi.
Fjallað verður um útlit og einkenni líffæra og líffærakerfa í þversniði og fleiri plönum, tengt þversniðs myndgerðartækni.

**GSL305G • Verklegt nám á myndgreiningardeildum 2 • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Nemendur fá þjálfun í framkvæmd almennra röntgenrannsókna undir leiðsögn geislafræðings. Kennslu í framkvæmd þvagfærarannsókna. Þjálfun í meðhöndlun skuggaefnis og uppsetningu nála.
Verkleg þjálfun á tölvusneiðmyndastofu og vinna verkefnis í tengslum við verknámið.
Mætingarskylda í verknám. Nemandi skilar verkefni unnið samhliða verknáminu.

**GSL401G • Segulómun I • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Þorgeir Pálsson
Kennari: Sigurður Sigurðsson
Uppbygging og helstu hlutar segulómtækja. Grundvallaratriði í stærðfræði og eðlisfræði segulómunar. Segulmögnun í líkamanum, grundvallaratriði í myndatöku og myndbyggingu í MRI. Gerð MRI tækis og hvernig einstakir hlutar þess vinna. Yfirlit yfir púlsaraðir, hraðmyndatöku, myndgæði og myndgalla. Púlsaraðir fyrir æðarannsókn og notkun skuggaefna. Rannsóknir á líkamshlutum, notkun leiðbeininga, innstillingar og aðhlynning sjúklinga. Sjúkdómar á segulómmyndum. Öryggismál og áhætta

**GSL402G • Sjúkdómafræði brjóst- og kviðarhols • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Hjarta- og æðasjúkdómar, lungnasjúkdómar, meltingarfærasjúkdómar, þvagfærasjúkdómar, smitsjúkdómar, innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar. Eðlilegt útlit, algengustu frávik, ábendingar og frábendingar fyrir rannsóknir. Greining sjúkdóma í myndgreiningu. Skriflegt próf og verkefnavinna. Nemendur þurfa að ná lágmarks einkunn í hvorum hluta fyrir sig.

**GSL403G • Sjúkdómafræði stoðkerfis • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Katrín Sigurðardóttir

Kennari: Jörgen Albrechtsen
Bæklunarsjúkdómar, geðsjúkdómar, sjúkdómar í stoðkerfi og bandvef, geðsjúkdómar, heila- og taugasjúkdómar, háls-, og eyrnasjúkdómar
Eðlilegt útlit, algengustu frávik, ábendingar og frábendingar fyrir rannsóknir. Greining sjúkdóma í myndgreiningu.

Skriflegt próf og verkefnavinna. Nemendur þurfa að ná lágmarks einkunn í hvorum hluta fyrir sig.

**GSL404G • Verklegt nám á myndgreiningardeildum 3 • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Þjálfun í framkvæmd almennra rannsókna á myndgreiningardeild. Áhersla lögð á TS rannsóknir, barnaröntgen og skyggnirannsóknir. Mætingarskylda.

**GSL501G • Röntgenbúnaður II og upplýsingatækni (RIS/PACS) • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Gísli Georgsson
Kennari: Þorgeir Pálsson
Röntgenbúnaður: Skyggnibúnaður og C-bogar. Stafrænir myndmóttakarar; DR, CR og DSA. Megingerðir móttakara, virkni hvers um sig, kostir og gallar. Næmni. Grunnþættir í hugbúnaðir og myndvinnslu í stafrænum kerfum, áhrif á myndgæði og geislaskammta. Grundvallaratriði gæðatryggingar á myndgerðarbúnaði. Helstu gæðaeftirlitsmælingar. Upplýsingatækni: Námskeiðið fjallar um samskipti með stafrænar myndir á röntgendeildum: upplýsingakerfi og verkferlar (vinnuflæði). Farið verður í helstu hluta upplýsingakerfa. Áhrif upplýsingakerfa og verkferla á starfsemi og starfsfólk myndgreiningardeilda.
Fyrirlestrar og verklegar æfingar.

**GSL502G • Skuggaefnis- og æðarannsóknir • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Guðlaugur Einarsson
Rannsóknir og aðgerðir á æðarannsóknarstofu. Hjarta og kransæðar. Líffærafræði slagæða í kviðarholi, útlimum, háls og höfuð. Tækjabúnaður. Venografíur, aortagrafíur, thoracalis og abdominalis. Arteriofemoral angiografia. Brachialis angiografía. VSD. Carotis og coronar angiografíur o.fl. Dauðhreinsaður uppbúnaður og áhöld. Geislavarnir við framkvæmd skuggaefnis- og aðarannsóknar og aðgerða. Skriflegt próf.

**GSL503G • Barnaröntgen • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Agnes Þórólfsdóttir
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Guðlaugur Einarsson
Almennt um barnaröntgen. Líkamlegur og andlegur þroski barna. Myndatökur fyrirbura. Lög um réttindi barna á sjúkrahúsum. Helstu sjúkdómar barna. Rannsóknir vegna gruns um barnaofbeldi.. Leiðir til að minnka hreyfingu (Immobilization) hjá barni við myndatöku. Röntgenrannsóknir á beinum, helstu rannsóknir, sjúkdómar og brot. Röntgenrannsóknir á öndunarfærum, meltingarfærum og þvagfærum. Geislavarnir barna, aðstandenda og starfsfólk. Líffræðileg áhrif jónandi geislunar, áhætta af völdum geislunar og áhætta barna sérstaklega. Áhrifaþættir geislaálags barna við almennar röntgenrannsóknir, skyggnirannsóknir og TS-rannsóknir. Aðferðir til þess að draga úr geislaálagi barna.

**GSL504G • Verklegt nám á myndgreiningardeildum 4 • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Framkvæmd almennra rannsókna á myndgreiningardeildum. Áhersla á þjálfun í framkvæmd æðarannsókna og segulómrannsókna. Mætingarskylda. Verkefnaskil í tengslum við verknámskynningu á æðarannsóknastofu.

**GSL505G • Segulómun 2 • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sigurður Sigurðsson
Tilgangur námsskeiðsins er að dýpka þekkingu nemenda á grunneðlisfræði og tækni segulómunar sem kennd er á önninni á undan (Segulómun I) og skapa tengingu við klíníska notkun segulómunar. Á námsskeiðinu verður fjallað um eftirfarandi þætti:

- Myndaraðir og kontrast
- Tengsl tækni og ástand vefs
- Þróun segulómunar fyrir klínískar skoðanir
- Rannsóknir á líffærakerfum m.t.t tækni, ábendinga, sjúkdómafræði og sjúkdómsgreininga, þ.m.t. rannsóknir á miðtaugakerfi, stoðvefjakerfi, hjarta, brjóstholi, æðakerfi og rannsóknir á kvið
- Litarefni (skuggaefni) í segulómun; flokkun, tegundir, notkun, notkunaröryggi
- Líffræðileg sjónarmið í segulómun og öryggissjónarmið.

Æskileg undirstaða: Segulómun I (GSL401G)

**GSL601G • Ísótóparannsóknir • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jónína Guðjónsdóttir
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sigurður Emil Pálsson
Fjallað verður um grunnatriði geislavirkni, alfa-beta-og gammageislun, hrörnun og helmingunartíma. Áhersla er lögð á efni sem notuð eru í læknisfræði, tilurð þeirra og æskilega eiginleika. Meðhöndlun, blöndun og gæðaeftirlit á ísótóp og burðarefnum.
Fjallað verður um helstu þætti gammamyndavéla, virkni og notkun.
Ísótóparannsóknir á meltingarfærum, þvagfærum, stoðkerfi, öndunarfærum, innkirtlum, hjarta og æðum, heila og taugakerfi verða kynntar og ræddar, svo og æxlis-, blæðinga- og sýkingaskönn.

Fjallað verður um geislavarnir við notkun geislavirkra efna, móttaka, meðhöndlun og förgun.
Mælingar á geislavirkni, mælitækni og aðferðir. Mat á geislaálagi sjúklinga og starfsfólks vegna notkunar geislavirkra efna.

Heimapróf, verkefnaskil ásamt skriflegu prófi.

**GSL602G • Geislameðferð og brjóstarannsóknir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Agnes Þórólfsdóttir
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Geislameðferð: Fjallað verður um krabbamein almennt og krabbamein í líffærakerfum, þekkta áhættuþætti, greiningu, meðferð og aukaverkanir. Fjallað verður um geislalífeðlisfræði, geislavarnir, meðferðartæki og fyrirsjáanlega þróun til bættrar meðferðar. Andleg og líkamleg umönnun sjúklinga.
Brjóstarannsóknir: Fjallað um líffræði og sjúkdóma í brjóstum. Tilgangur og markmið hópleitar með röntgengeislun. Árangur og niðurstöður síðustu ára. Fjallað um tækjabúnað og rannsóknaraðferðir. Gæðaeftirlit og geislavarnir.
Verkleg kynning á deildum.
Verkefni og próf.

**GSL603G • Verklegt á myndgreiningadeild 5 • (16e) • Vor**
Umsjónarkennari: Díana Óskarsdóttir Aðjunkt
Verknám á myndgreiningardeildum. Nemandi fær þjálfun í framkvæmd almenna röntgenrannsókna Áhersla er á þjálfun á ísótóparannsóknarstofu og segulómun.
Stöðupróf. Skrifleg verkefni.

**LEI101G • Lífeindafræði, kynning • (0e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Lífeindafræði verður kynnt sem og hlutverk fræðigreinarinnar í heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisvísindum. Fjallað verður um grunnþætti starfssviðs og hugmyndafræði lífeindafræðinga. Rannsóknastofa verður heimsótt og starfsemin skoðuð.
Fyrirlestrar, umræður og kynnisferð.
Ekki er gefin einkunn fyrir námskeiðið.

**LEI102G • Líffærafræði • (8e) • Haust • 4f + 2v**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jóhann Arnfinnsson Náttúrufræðingur
Almenn atriði um gerð mannslíkamans. Myndun mannslíkamans. Gerð vefja mannslíkamans; þekjuvefur, kirtlar, bandvefur, bein, brjósk, liðamót, taugavefur, vöðvar og húð, augu og eyru. Líffærafræði höfuðs, háls, brjósthols, kviðarhols og stoðkerfis

**LEI103G • Efnafræði - A • (12e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Kennari: Þór Steinsson Steinarsson
Almenn efnafræði: Efni og mælingar. Atóm, mólekúl og jónir. Efnaformúlur og efnajöfnur. Leysni- og sýru- basahvörf. Oxunar- og afoxunarhvörf. Lofttegundir. Skammtakenning atóma og svigrúm. Rafeindahýsing og lotukerfið. Jónísk og samgild efnatengi. Lögun mólekúla og efnatengi. Vökvar, föst efni, lausnir. Hvarfhraði. Efnajafnvægi.
Lífræn efnafræði: Kynning á lífrænni efnafræði. IUPAC nafnakerfið. Einkennandi efnahvörf. Alkanar, alkenar, dienar, alkynar. Arómatísk kolefnissambönd. Rúmísómerar. Alkyl halíðar. Alkóhól, fenól, eterar. Aldehýð, ketón, karboxylsýrur og afleiður þeirra. Amin.
Fyrirlestrar með dæmaívafi.
Skriflegt lokapróf. Próftími 3 klukkustundir

**LEI104G • Lífeðlis- og eðlisfræði • (10e) • Haust • 5f + 2v**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Kennari: Atli Jósefsson Stundakennari
Kennari: Garðar Mýrdal
Eðlisfræði: Lýsing hreyfingar. Kraftar, orsök hreyfingar og hreyfingarlögmál Newtons. Vinna, orka og afl. Hitastig, varmaeiginleikar efna og varmaflutningur. Vökvar, gas, þrýstingur og rennsli vökva. Rafmagn, rafstraumur, rafspenna, afl, einfaldar rafrásir og rafmagnsöryggi. Segulmagn og segulsvið. Hljóð, ljós og ljósgeislafræði.
Lífeðlisfræði: Efnafræðileg undirstaða, himna (almenn atriði), taugafrumur; boðspenna, taugamót, rákóttur vöðvi, sléttur vöðvi, hjartavöðvi, húðskyn, almenn skynjun, sjón og heyrn. Hjarta, hjartalínurit, blóðrás, blóðþrýstingur, nýru, vökvabúskapur, öndun, sýru-basa jafnvægi, melting, hitastjórnun, hormón, æxlun.

**LEI201G • Efnafræði - B • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Kennari: Þór Steinsson Steinarsson
Almenn efnafræði: Efnaformúlur og efnajöfnur. Oxunar- og afoxunarhvörf. Lögun mólekúla og efnatengi. Vökvar, föst efni, lausnir. Hvarfhraði. Efnajafnvægi. Sýru-basa jafnvægi. Leysni- og komplexjóna jafnvægi. Varmaefnafræði. Rafefnafræði.
Verklegar æfingar í tengslum við 02.08.19 Tækjafræði: Ljósgleypni, spennutítranir.
Fyrirlestrar með dæmaívafi.
Skriflegt lokapróf. Próftími 3 klukkustundir

**LEI202G • Tækjafræði • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor

Kennari: Þór Steinsson Steinarsson
Frumatriði rafeindafræði. Rafsegulbylgjur og víxlverkun við efni. Gleypni. Sýnilegt litróf. Lögmál Beer's. Ýmsar litrófsmælingar, útfjólublá, flúorljómun, logamælingar, atómgleypni. Ýmsar rafmælingar, bæði spennu- og straummælingar. Vökva- og gasskiljur. Rafdráttur. Geislavirkni. Sjálfvirk greiningartækni.
Verkleg kennsla: Ljósmælingar. Sýrustigsmælingar. Ox-afoxun.
Fyrirlestrar með dæmaívafi.

Skriflegt lokapróf. Próftími 3 klukkustundir.

**LEI203G • Lífefna- og frumulíffræði • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Eiríkur Steingrímsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ingibjörg Harðardóttir Dósent
Kennari: Guðrún Valgerður Skúladóttir Vísindamaður
Kennari: Jón Jóhannes Jónsson
Kennari: Guðrún Valdimarsdóttir
Kennari: Brynja R Guðmundsdóttir
Námskeiðið skiptist í frumulíffræðihluta, lífefnafræðihluta og verklega kennslu
I. Lífefnafræði
Fjallað er um erfðaefnið og erfðamengi, efnaskipti erfðaefnis, erfðatækni, RNA og tjáningu gena, próteinmyndun, prótein og ensím, um háorkusambönd og súrefnisháð efnaskipti, um efnaskipti fitu, amínósýra, kolvetna og núkleótíða, um samhæfingu efnaskipta, um meltingu og upptöku næringarefna, um orkuefni, vítamín og steinefni og um áhrif næringar á heilsu og sjúkdóma.
II. Frumulíffræði
Fjallað er um sérstöðu og aðferðafræði frumulíffræðinnar, byggingu og tegundir frumna, byggingu frumuhimna og flutning yfir þær, Orkuvinnslu: mítókondríur og grænukorn, frumuhólf og flutning í og um frumuna, boðflutning og samskipti frumna, stoð- og hreyfikerfi frumna. frumuhringinn, fjölgun, skiptingu og dauða frumna og frumutengi og millifrumuefni.
III. Verkleg kennsla
Ensímvikni, þvagefni í lifur, laktat dehydrogenasi, rafdráttur. glykólýsa í rauðum blóðkornum, greining á fituefnum.
Auk fyrirlestra verða hópumræður, og verklegir tímar. Virkrar þátttöku er krafist.
Skriflegt próf úr frumulíffræðihluta námskeiðsins gildir 16% af heildareinkunn og skriflegt próf úr lífefnafræðihluta námskeiðsins gildir 64%. Skýrslur og frammistaða í verklegum æfingum gilda 20% Lágmarkseinkunn í prófunum og í heildareinkunn er 5,0. Mætingarskylda er í hópumræður og verklega tíma og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt.

**LEI204G • Heilbrigðisþjónusta - lífeindafræði • (2e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Fjallað er um grunnþætti heilbrigðisvísinda og lífeindafræði; heilbrigðiskerfið og heilbrigðisþjónustu; störf og skyldur lífeindafræðinga; samstarf heilbrigðisstétta; siðfræði í heilbrigðisþjónustu, þagnarskyldu og þagnarskyldusamning nemenda.
Námsmat byggir á mati á skilaverkefnum, sem geta verið einstaklingsverkefni og/eða hópaverkefni.

**LEI205G • Vísinda- og teymisvinna • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Kennari: Lárus Steinþór Guðmundsson
Kennari: Kristín Jónsdóttir
Námskeiðið skiptist í þrjá hluta, tölfræði, framsetningu vísindalegra gagna og teymisvinnu.
I. Tölfræði.
Grunnatriði tölfræðinnar: Myndræn framsetning gagna og lýsing á staðsetningu og dreifingu gagnasafns. Normaldreifingin, líkindi, þýði og úrtak. Öryggismörk meðaltals. Tilgátuprófanir, samanburður meðaltala, z-próf og t-próf. Fylgni og einfaldir aðhvarfsferlar. Kynning á Poisson-, tvíkosta og normaldreifingum sem og umformunum dreifinga. Næmi, sértækni og forspárgildi. Meðferð endurtekinna mælinga. Almennt um uppsetningu rannsókna. Töflureiknir og einföld tölfræðiforrit verða notuð við meðhöndlun talna og reikninga. Tölfræði sem nýtist geisla- og lífeindafræðingum beint eða óbeint í námi og starfi.
II. Framsetning vísindalegra gagna
Fjallað verður um aðferðafræði við fagleg skrif innan heilbrigðisvísinda, uppsetningu og flutnin fyrirlestra. Fjallað verður um gagnagrunna við upplýsingaleit og heimildaskráningaforrit. Nemendur beita þessum aðferðum í verkefnum.
III. Teymisvinna
Fjallað verður um grunnatriði og verkfæri gæðastjórnunar. Nemendur verða kynnt lykilatriði teymisvinnu og beita þeim.
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Farið verður í efnið í fyrilestrum. Aðferðir eru þjálfaðar í dæmatímum og með verkefnum sem er skilað í ræðu og/eða riti.

**LEI301G • Blóðmeinafræði - sjúkdómafræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Brynja R Guðmundsdóttir
Blóðmeinafræði: Blóð og mergur í heilbrigðum manni. Uppruni blóðkorna og forstig í merg. Æviskeið og niðurbrot rauðra blóðkorna. Vítamín B12 -, folinsýra og járnbúskapur. Flokkun hvítra blóðkorna og mismunandi þroskastig. Mænuvökvi, tengsl hans við sjúkdóma í miðtaugakerfi. Gigt og liðvökvi. Nýru og sjúkdómar í þvagfærum. Blóðflögur, storkukerfið og fibrin niðurbrot. Storkusjúkdómar.
Fyrirlestrar. Vinna í námskeiðinu felst að mestu í lestri.
Skriflegt lokapróf.

**LEI302G • Blóðmeinafræði - aðferðafræði • (12e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Brynja R Guðmundsdóttir
Kennari: Rósa Björk Jónsdóttir
Kennari: Guðríður Steinunn Oddsdóttir

Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: grunnaðferðir í rannsóknum almennt, blóðmeinafræði og aðferðafræði, sem samþættast.

Fyrirlestrar eru undanfari verklegrar kennslu innan áfangans. Í þeim er fjallað um forrannsóknaferli, sýnatöku, meðferð og geymslu sýna, bakgrunn, efni og áhöld, framkvæmd rannsókna; gerð prófefna; viðmiðunarmörk rannsókna, takmarkanir mælinga, samskipti; gæðatryggingu, öryggisvörslu, túlkun og mat á niðurstöðum, framsetningu niðurstaða, skráningarkerfi.
I. Grunnaðferðir í rannsóknum almennt
Sýnatökur og meðhöndlun sýna. Festing, litun og notkun smásjár. Öryggismál og öryggisreglur á kennslurannsóknastofu. Skyndihjálp.
II. Blóðmeinafræði:

1. Í almennri blóðmeinafræði verður fjallað um talningu blóðkorna í smásjá; handaðferðir við mælingu á blóðhag; sjálfvirk blóðtalninga tæki; gerð blóðstroka og um útlit blóðkorna í blóðstroki, eðlilegum og í sjúkdómum.
2. Í vökvarannsóknum verður fjallað er um frumur og element í þvagi, líkamsvessum og smásjáskoðun; almennar rannsóknir á þvagi og saur; tengsl niðurstaða við sjúkdóma.
3. Í storkurannsóknum verður fjallað um rannsóknir í storku of farið yfir storkukerfið og tengingu þess við storkupróf og storkusjúkdóma.

III. Verkkennsla
Rannsóknir í almennri blóðmeinafræði, blóðstrok og deilitalning, vökvarannsóknir og storkupróf. Kennd er dagleg umhirða og viðhald tækja, túlkun niðurstaðna sem eru birtar sem tölur, tákn eða rit.
Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins. Fyrirlestrar tengdir verkkennslu dagsins eru að jafnaði í upphafi hennar. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofu og/eða á klínískum rannsóknastofum. Í hana er mætingaskylda og krefst sú vinna virkrar þátttöku. Að öðru leiti felst vinnan að mestu í lestri, verkefnum, kynningum og umræðum.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt. Námsmat er gert með skriflegu og verklegu prófi ásamt mati á verkefnum. Lágmarkseinkunn 5,0 í heildareinkunn og 5,0 í skriflegu lokaprófi.

**LEI303G • Ónæmisfræði • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Kennari: Jóna Freysdóttir
Kennari: Vala Friðriksdóttir
Inngangur að ónæmisfræði. Ósérhæft ónæmi. Vakaþekking B og T eitilfrumna. Myndun vakaviðtaka. Kynning vaka handa T frumum. Boðferli í ónæmiskerfinu. Þroskun eitilfrumna. T frumu miðlað ónæmi. Vessabundið ónæmi. Ferli ónæmissvarsins. Slímhúðarónæmi. Ónæmisbilanir. Ofnæmi. Sjálfsofnæmi. Vefjaígræðslur. Ónæmisíhlutanir og bólusetningar. Ónæmisaðferðir.
Kennsla fer að mestu leyti fram í fyrirlestraformi þar sem hvatt er til umræðu meðal nemenda. Fyrirlestrar verða líka tengdir verkkennslu. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofu og á Ónæmisfræðideild. Í hana er mætingaskylda og krefst sú vinna virkrar þátttöku.
Skriflegt próf (80%). Tvö skyndipróf eru á misserinu(20%). Skyldumæting er í verklega tíma og fyrirlestra tengda þeim. Lágmarkseinkunn 5,0 í heildareinkunn og 5,0 í skriflegu lokaprófi.

**LEI304G • Ísótóparannsóknir • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jónína Guðjónsdóttir
Kennari: Sigurður Emil Pálsson
Fjallað verður um grunnatriði geislavirkni, alfa- beta- og gammageislun, hrörnun og helmingunartíma. Áhersla er lögð á efni sem notuð eru í læknisfræði, tilurð þeirra og æskilega eiginleika. Mælingar á geislavirkni og myndgerð. Nemendur heimsækja ísótópastofu. Fjallað verður um líffræðileg áhrif jónandi geislunar og grundvöll geislavara við notkun geislavirkra efna, réttlætingu og bestun. Mat á geislaálagi starfsfólks og sjúklinga.
Fyrirlestrar. Heimsókn á ísótópastofu. Heimaverkefni.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt. Námsmat er gert með skriflegu prófi ásamt mati á verkefnum.

**LEI401G • Klínísk lífefnafræði - sjúkdómafræði • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Gunnlaug Hjaltadóttir
Í fyrirlestrum er áhersla lögð á meginþætti klínískrar lífefnafræði - sjúkdómafræði. Farið verður í tengingu milli uppbyggingar og starfsemi ýmissa líkamskerfa og lífefnafræði mannslíkamans. Fjallað er m.a. um jónir, ensím, vítamín, sölt og vatnsbúskap, blóðgös og lípíðefnaskipti; starfsemi nýrna, lifrar, hjarta og meltingarlíffæra; sjúkdóma með skírskotun til rannsóknaniðurstaða í klíniskri lífefnafræði á ýmsum vökvum líkamans, bæði með tilliti til sjúkdómsgreininga og meðferðar; lyfjamælingar, eiturefnafræði, lífefnafræðileg erfðafræði og meðfædda efnaskiptagalla. Nemendur læra um tengsl á milli rannsóknaniðurstaða í klíniskri lífefnafræði og klíniskra sjúkdómseinkenna.
Fyrirlestrar. Vinna í námskeiðinu felst eingöngu í lestri.
Skriflegt lokapróf (3 klst.) 100%

**LEI402G • Klínísk lífefnafræði - aðferðafræði • (14e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Gunnlaug Hjaltadóttir
Kennari: Gyða Hrönn Einarsdóttir
Í fyrirlestrum er áhersla lögð á undirstöðuþætti í ferli rannsóknamælinga í klíniskri lífefnafræði. Fjallað verður um starfsemi, uppbyggingu, stöðlun og viðhald rannsóknamælitækja, niðurstöður rannsóknamælinga, viðmiðunar- og klínísk læknisfræðileg mörk rannsókna, truflanir í rannsóknamælingum, túlkun á rannsóknaniðurstöðum og val á mæliaðferðum í klíniskri lífefnafræði. Farið verður í stjórnun, upplýsingakerfi, samskipti, gæðaeftirlit og sjálfvirkni rannsóknastofa í klíniskri lífefnafræði. Nemendur læra um staðlaðar aðferðir sem notaðar eru við blóðtökutækni, flutning og geymslu blóðsýna á klíniskri lífefnafræðideild.
Í verkkennslu er áhersla lögð á þá mismunandi aðferðatækni sem beitt er í rannsóknamælingum í klíniskri lífefnafræði. Í verkkennslu framkvæma nemendur verklegar æfingar sem byggja á magnmælingum á ýmsum þáttum úr blóði eða öðrum líkamsvökvum s.s. ensímum, jónum, próteinum, lyfjum og hormónum. Verklegar æfingar eru t.a.m. ljósmælingar, stöðlun rannsóknamæliaðferða, rafefnafræðilegar mælingar, prótein rafdráttur, mælingar með háþrýstigrómskiljuaðferartækni og mótefnamælingar.
Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins. Fyrirlestrar í aðferðafræði verða í upphafi verkkennslu. Verkkennsla fer fram á

kennslurannsóknastofu og/eða á klínískum rannsóknastofum. Í verkkennslu er mætingaskylda og virkrar þátttöku nemenda er krafist. Vinna felst að mestu leiti í verklegum og fræðilegum verkefnum,
lestri, skýrslugerð, ritgerðum og kynningu á ritgerðarverkefnum.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt.Námsmat. Skriflegt próf (50%). Rannsóknaskúyrslur og mat á frammistöðu nemenda í verkkennslu (30%). Verklegt próf (10%). Ritgerð og fyrirlestur (10%). Lágmarkseinkunn 5,0 í heildareinkunn og 5,0 í skriflegu lokaprófi.

**LEI403G • Klínísk lífeðlisfræði • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Hanna Sveinrún Ásvaldsdóttir
Umsjónarkennari: Líney Símonardóttir
Kennari: Runólfur Pálsson Dósent
Megin áhersla er lögð á hjarta lungu og nýru. Í klínískri lífeðlisfræði er meira unnið með sjúklinga en í öðrum greinum lífeindafræðinnar og því er áhersla lögð á umönnun sjúklinga og samskipti við þá.
Hjarta,: Umfjöllunarefni eru bygging og blóðrás (staðsetning, hólf , lokur og æðar); hjartahringurinn, þrýstingur í hólfum og æðum, hjartaútfall, slagbil og hlébil,og hjartahljóð; leiðslukerfi hjartans og hjartsláttarólegla; áunnir hjartasjúkdómar og meðfæddir hjartagallar.
Aðferðarfræði: hvernig hjartasjúkdómar eru greindir með hjartarannsóknum. Hjartalínurit, sólarhringshjartarit og blóðþrýstingsrit, áreynslupróf, gangráðsmælingar, raflífeðlisfræðirannsóknir, hjartaþræðingar og hjartaómskoðanir. Einnig er veitt innsýn í hjartaskurðaðgerðir.
Þá er farið yfir algengustu hjartalyfin og hvernig þau virka.
Lungu: Umfjöllunarefni eru bygging lungna (lungu og loftvegir), öndun og stjórn öndunar (innöndun/útöndun) öndunarrúmmál, ytri og innri öndun, súrefnisflutningur í blóði, súrefnismettun ; sýru-basajafnvægi, blóðgös,Henderson-Hasselbachs, loftskipti, lögmál Daltons og Henry og túlkun blóðgasa, acidosa, alkalosa; algengustu lungnarannsóknir;lungnasjúkdómar orsök og afleiðing og algengustu lungnalyf.
Nýru: Umfjöllunarefni eru bygging og lífeðlisfræði nýrna hlutverk nýrna í útskilnaði,seytun, stjórnun á síunarhraða (GFR) og hormónastjórnun; stjórnun vökvajafnvægis og raskanir á vökvajafnvægi;raskanir á elektrólýta- sýru- og basajafnvægi;nýrnabilun.
Einnig verður veitt innsýn í meðferð nýrnabilunar.
Fyrirlestrar, verkkennsla, verkefni. Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins. Fyrirlestrar tengdir verkkennslu dagsins eru að jafnaði í upphafi hennar. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofu og/eða á klínískum rannsóknastofum. Í hana er mætingaskylda og krefst sú vinna virkrar þátttöku. Að öðru leiti felst vinnan að mestu í lestri, verkefnum, kynningum og umræðum.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt. Námsmat er gert með skriflegu (75%) prófi ásamt mati á verkefnum (25%). Lágmarkseinkunn 5,0 í heildareinkunn og 5,0 í skriflegu lokaprófi.

**LEI501G • Líffærameinafræði - rannsóknir • (12e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Sigurrós Jónasdóttir
Kennari: Fjóla Haraldsdóttir
Kennari: Hrefna Kjartansdóttir
Fyrirlestrar eru undanfari verklegrar kennslu innan áfangans. Fjallað er um meðhöndlun vefjasýna frá sýnatöku þar til vefjabygging hinna ýmsu líffæra er sjáanleg í smásjá. Í þessu felst umfjöllun um: Tilgang festingar á vefjasýnum; mismunandi vinnsluaðferðir; skurðartækni; almennt um tilgang vefjalitunar og virkni algengustu litunarefna; mótefnafræðilegar litunaraðferðir; flokkun kolvetna, mylildis, bandvefs, vöðva, fituefna, taugavefs, örvera, litarefnis- og hormónmyndandi fruma innkirtlakerfisins með tilliti til líffærameinarannsókna og sérhæfðar greiningaraðferðir á þessum þáttum. Fjallað er um efni og áhöld, geymslu sýna, gæðatryggingu, öryggisvörslu og skráningakerfi. Kynning á flæðigreini og frumurannsóknum.
Verkleg kennsla: Markmiðið er að nemendur kynnist almennum vinnubrögðum á rannsóknarstofum í líffærameinafræði og frumurannsóknum og öðlist færni í að beita undirstöðurannsóknaraðferðum, sem fjallað er um í fyrirlestrum. Í því felst skoðun og vinnsla ferskra og festra vefjasýna, vefjaskurður, smásjárskoðun til að meta gæði litunaraðferða, dagleg umhirða og viðhald tækja. Farið verður í undirstöðuaðferðir við flæðigreini og frumurannsóknir.
Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins. Fyrirlestrar tengdir verkkennslu dagsins eru að jafnaði í upphafi hennar. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofu og/eða á klínískum rannsóknastofum. Mætingaskylda er í verkkennslu og krefst sú vinna virkrar þátttöku. Að öðru leiti felst vinnan að mestu í lestri, verkefnum, kynningum og umræðum.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt. Námsmat er gert með skriflegu og verklegu prófi ásamt mati á verkefnum. Lágmarkseinkunn 5,0 í heildareinkunn og 5,0 í sriflegu lokaprófi.

**LEI502G • Líffærameinafræði - sjúkdómar • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Sigurrós Jónasdóttir
Kennari: Lárus Jónasson
Inngangur að líffærameinafræði. Almenn meinafræði: fjallað er um frumu- og vefjaskemmdir, efnasöfnun í frumur, bólga og viðgerð vefja, afbrigðilegur frumuvöxtur, vökva- og blóðrásartruflanir.
Sérhæfð líffærameinafræði: Umfjöllunarefni eru hjarta- og æðasjúkdómar, öndunarfærasjúkdómar, meltingarfærasjúkdómar, sjúkdómar í lifur, gallvegum og brisi, innkirtlasjúkdómar, sjúkdómar í brjóstum, sjúkdómar í kynfærum karla og kvenna, sjúkdómar í nýrum og þvagvegum, sjúkdómar í eitlum, sjúkdómar í húð, litningarannsóknir og litningasjúkdómar.
Fyrirlestrar.
Skriflegt próf (3 klst.)

**LEI503G • Erfðafræði • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Kennari: Hans Guttormur Þormar Doktorsnemi
Saga erfðafræðinnar. Bygging litninga, lífsferlar, Lögmál Mendels, kynbundnar erfðir. Breytingar á genum og litningum. Umritun og skipulag umritunareininga. Tengsl og endurröðun gena í veirum, dreifkjörnungum og heilkjörnungum; genakort. Erfðatækni. Stjórn genastarfs. Stökklar. Umfrymiserfðir.
Verklega kennsla: Litningarannsóknir, Aðgreining gena í grósekkjum Sordaria fimicola. Ákvörðun genaraðar á litningum Drosophilia

melanogaster. Tenging og veiruleiðsla í E. coli. Framköllun stökkbreytinga í E. coli.
Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins. Fyrirlestrar tengdir verkkennslu dagsins eru að jafnaði í upphafi hennar. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofu og/eða á klínískum rannsóknastofum. Í hana er mætingaskylda og krefst sú vinna virkrar þátttöku. Að öðru leiti felst vinnan að mestu í lestri, verkefnum, kynningum og umræðum.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt. Námsmat er gert með skriflegu prófi ásamt mati á verkefnum.

**LEI504G • Blóðbankafræði (blóðgjafafræði) • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Brynja R Guðmundsdóttir
Fjallað verður almennt um starfsemi blóðbanka; Blóðsöfnun, blóðhlutaframleiðsla, rannsóknir á blóðhlutum, notkun blóðhluta, aukaverkanir við inngjöf á blóðhlutum, beint og óbeint Coombspróf, helstu blóðflokkar og blóðflokkamótefni, samræmingarpróf, leit og greining blóðflokkamótefna, mótefni á meðgöngu, mótefnalosun og títrun. Kynning á vefjaflokkunum og stofnfrumurannsóknum í blóðbankanum.
Fyrirlestrar. Verkefni, nemendafyrirlestrar.
Skriflegt lokapróf (70%), Verkefni skilað til kennara (15%), nemendafyrirlestur um vísindagrein (15%).

**LEI601G • Sýklafræði - rannsóknir • (16e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Áfanginn skiptist í tvo meginþætti - sýklafræði og aðferðafræði sýklarannsókna, en í umfjöllun eru þeir oft á tíðum samofnir.
I. Sýklafræði. Fjallað er um einkenni og greiningu mismunandi sýklaflokka, ættkvísla og tegunda, hlut þeirra í sýkingum, sýklalyf og áhrifum sýklalyfja á þá.
II. Aðferðafræði. Fjallað er um verkferli við almennar sýklarannsóknir og mikilvægar sérrannsóknir. Þau fela í sér forrannsóknaferli þar með talið sérhæfða sýnatöku, meðferð og geymslu sýna; ræktun eða leit sýkla með ónæmis- og erfðafræðilegum aðferðum; val viðeigandi greiningar- og næmisprófa; bakgrunn rannsóknaaðferða, efni, áhöld og framkvæmd rannsókna; viðmiðunarmörk, takmarkanir mælinga, gæðatryggingu og öryggisvörslu; framsetningu niðurstaða ásamt túlkun og mati þeirra; gagnkerfi; samskipti við sjúklinga og samstarfsfólk í heilbrigðisþjónustu.
Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins. Fyrirlestrar tengdir verkkennslu dagsins eru að jafnaði í upphafi hennar. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofu og/eða á klínískum rannsóknastofum. Í hana er mætingaskylda og krefst sú vinna virkrar þátttöku. Að öðru leiti felst vinnan að mestu í lestri, verkefnum, kynningum og umræðum.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt. Námsmat er gert með skriflegu og verklegu prófi ásamt mati á verkefnum. Lágmarkseinkunn 5,0 í heildareinkun og 5,0 í skriflegu lokaprófi.

**LEI602G • Sýklafræði - smitsjúkdómafræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Áfanginn er í tveimur meginhlutum, sýklafræði og smitsjúkdómafræði. Markmiðið er að nemendur tileinki sér þekkingu á eiginleikum sýkla og tengsl þeirra við smitsjúkóma, varnir gegn þeim og meðferð.
I. Sýklafræði. Fjallað er um flokkun örvera, líffræði, lífeðlisfræði og sérkenni baktería, veira, sveppa og sníkjudýra sem og þætti sem ráða meinvirkni sýklanna. Jafnframt er fjallað um sýklalyf, áhrif þeirra á hin ýmsu líffæri sýklanna og þróun ónæmis.
II. Smitsjúkdómafræði: Fjallað er um smitsjúkdóma af völdum baktería, veira, sveppa og sníkjudýra í mismunandi líffærum og líffærakerfum með tilliti til eðlis og algengis sýkinga og hvaða sýklar eiga hlut að máli. Jafnframt er fjallað um sótthreinsiefni, sýkingavarnir og meðferð smitsjúkdóma.
Fyrirlestrar eru um fræðilegar kenningar fagsins. Vinna í námskeiðinu felst að mestu í lestri.

**LEI603G • Sameindaerfðafræði • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Bygging litninga. Skipulag erfðaefnis í litningum veira, dreifkjörnunga og heilkjörnunga. Eftirmyndun DNA. Viðgerð á DNA-sameindum Stökkbreytingar. Retroveirur og oncogen. Endurröðun. Umritun og tjáning gena. Stjórn á genastarfi, sérstaklega í veirum og gerlum.
Verkkennsla: Sameindaerfðafræði gerla og plasmíða.
Fyrirlestrar verða um fræðilegar kenningar fagsins. Aðferðafræði fyrilestrar verða í upphafi verkkennslu. Verkkennsla fer fram á kennslurannsóknastofu og/eða á klínískum rannsóknastofum, þar er mætingaskylda og og virkrar þáttöku krafist. Að mestu leiti felst vinnan í verklegum og fræðilegum verkefnum, lestri, kynningum og umræðum.
Mætingaskylda er í alla verkkennslu og er próftökuréttur háður því að hún sé uppfyllt. Námsmat er gert með skriflegu og verklegu prófi ásamt mati á verkefnum. Lágmarkseinkunn 5,0 í heildareinkunn og 5,0 í skriflegu lokaprófi.

**LÆK101G • Líffærafræði IIA • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Pétur Henry Petersen Sérfræðingur
Taugalíffærafræði og Líffærafræði höfuðs og háls. Líffæra- og fósturfræði höfuðs og háls (30F/N, 10V/N). Í fyrirlestrum er farið er yfir fósturfræði, líffærakerfi (anatomia systemica)og svæði (anatomia topographica) höfuðs og háls. Sýnikennsla eftir því sem aðstæður leyfa. Líffæra- og fósturfræði taugakerfis (26F/N, 10V/N). Í líffærafræði er farið yfir fósturþroska og starfræn kerfi taugakerfis. Í verklegum-/sýnikennslutímum er farið yfir ytri og innri gerð heilans
Verklega kennslan hefst í byrjun misseris ef efniviður fæst og stendur í sex vikur. Lýkur með verklegu prófi: Sameiginlegt skriflegt próf í báðum þáttum

**LÆK102G • Líffærafræði IA • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Þórarinn Guðjónsson Verkefnisstjóri
Kennari: Vigdís Pétursdóttir
I. Almenn líffærafræði og fósturfræði (20F/N) Í námskeiðinu er farið í fyrirlestrum yfir almenn grundvallaratriði líffæra- og fósturfræði og gerð mannslíkamans skýrð með tilvísun til uppruna hans. Námsefnið kemur frekar fram í fyrirlestraskrá í upphafi námskeiðs. Lesefni: Almenn líffærafræði (ljósrit), Hannes Blöndal. Langman's Medical Embryology 10. útgáfa 2006, The Developing Human Clinically Oriented

Embryology. Keith L. Moore. Tvær síðar nefndu bækurnar henta þessu námskeiði hvor sem er. II. Microanatomia (22F/N) Í fyrirlestrum er farið yfir helstu aðferðir í vefjafræði, grundvallaruppbyggingu frumna, gerð þekjuvefja, bandvefja, fituvefja, brjósk- og beinvefja, vöðvavefja, taugavefja, æða og húðar. Lögð er áhersla á þekkingu á uppbyggingu og grundvallarstarfsemi frumna og vefja. Lesefni: A. Stevens og J. Lowe: Human Histology, 3. útg., kaflar 1-6, 9, 13 og 18.
Verklegt próf í vefjafræði og sameiginlegt skriflegt próf í almennri líffærafræði, fósturfræði og vefjafræði í lok námskeiðs.

**LÆK103G • Líffærafræði IB • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ella Kolbrún Kristinsdóttir Dósent
Macroanatomia (64F/N + 24V/N)Líffærafræði útlima og bols. Í fyrirlestrum er farið yfir líffærakerfi (anatomia systemica) og svæði (anatomia topographica) útlima og bols. Í verklegum tímum er farið í yfirborðseinkenni og starfsemi (anatomia functionalis) útlima og bols. Ennfremur er vísað til fyrirlestraskrár varðandi námsefnið, sem afhent verður í upphafi námskeiðs.
Skriflegt próf.

**LÆK104G • Klínisk aðferð: Samskiptafræði - Sálarfræði I • (2e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jón F Sigurðsson Prófessor
Kennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Kennari: Bryndís Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Jóhann Ágúst Sigurðsson Prófessor
Á námskeiðinu verður fjallað um: 1) hvað sálfræði er, hvað sálfræðingar, einkum klíniskir sálfræðingar, gera og hvernig sálfræðin getur nýst læknum í starfi. Þá verður fjallað um nokkur af helstu viðfangsefnum sálfræðinnar í tengslum við læknisfræðina, 2) vitsmunaþroska, nám og greind, 3)sjálfsmat fólks, 4) persónuleika, tilfinnningar og tilfinningaraskanir, 5) samskipti og hugræna atferlismeðferð, 6) lífsgæði og heilbrigði og 7) að takaast á við veikingi og fötlun.

**LÆK105G • Klínisk aðferð: Samskiptafræði - læknir/sjúklingur I • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Bryndís Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Jón F Sigurðsson Prófessor
Kennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Kennari: María Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Jóhann Ágúst Sigurðsson Prófessor
Læknishlutverkið er skoðað frá ýmsum sjónarhornum. Farið verður í grundvallaratriði í samskiptafræði, siðfræði, sálarfræði, fagmennsku, hópvinnu og teymisstjórnun. Fjallað er um viðbrögð fólks við veikindum og þætti sem hafa áhrif á samskipti sjúklinga við lækna og heilbrigðisstarfsfólk. Kennsla fer að mestu fram í umræðutímum og við gerð verkefna. Námskeiðið endar á kynningu á heilbrigðisstofnunum. Kennd verður hjálp í viðlögum.
Skriflegt próf að vori gildir 70%, verkefni 20%, verklegt 10%.

**LÆK106G • Líffærafræði sj. IA • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Þórarinn Guðjónsson Verkefnisstjóri
Kennari: Vigdís Pétursdóttir
I. Almenn líffærafræði og fósturfræði Í námskeiðinu er farið í fyrirlestrum yfir almenn grundvallaratriði líffæra- og fósturfræði og gerð mannslíkamans skýrð með tilvísun til uppruna hans. Lesefni: Almenn líffærafræði (ljósrit), Hannes Blöndal. Langman's Medical Embryology 10. útgáfa 2006, The Developing Human Clinically Oriented Embryology. Keith L. Moore. Tvær síðar nefndu bækurnar henta þessu námskeiði hvor sem er. II. Microanatomia Í fyrirlestrum er farið yfir helstu aðferðir í vefjafræði, grundvallaruppbyggingu frumna, gerð þekjuvefja, bandvefja, fituvefja, brjósk- og beinvefja, vöðvavefja, taugavefja, æða og húðar. Lögð er áhersla á þekkingu á uppbyggingu og grundvallarstarfsemi frumna og vefja. Lesefni: A. Stevens og J. Lowe: Human Histology, 3. útg., kaflar 1-6,9,13 og 18. Aðrar bækur til hliðsjónar: Burkitt, Young og Heath: Wheater's Functional Histology - A Text and Colour Atlas Eroschenko: diFiores Atlas of Histology with Functional Correlations, L.C. Junqueira: Basic Histology, nýleg útgáfa.

**LÆK107G • Líffærafræði sj. IB • (12e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ella Kolbrún Kristinsdóttir Dósent
Macroanatomia (64F/N + 24V/N) Líffærafræði útlima og bols. Í fyrirlestrum er farið yfir líffærakerfi (anatomia systemica) og svæði (anatomia topographica) útlima og bols. Í verklegum tímum er farið í yfirborðseinkenni og starfsemi (anatomia functionalis) útlima og bols. Ennfremur er vísað til fyrirlestraskrár varðandi námsefnið, sem afhent verður í upphafi námskeiðs.

**LÆK108G • Eðlisfræði • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarkennari: Brynjar Karlsson Dósent
Kennari: Gísli Georgsson
Kennari: Garðar Mýrdal
Kennari: Jónína Guðjónsdóttir
Kennari: Sigurður Sigurðsson
Haustmisseri: Námsefni: 1. Aflfræði og fjaðurfræði. 2. Myndgerð í læknisfræði. 3. Geislaeðlisfræði. Lögð er sérstök áhersla á atriði, sem koma nemendum að gagni við nám í líffærafræði. Í aflfræðihlutanum er komið fram við vöðva og bein sem vogarstangir og hugtökin stöðugleiki og jafnvægi skoðuð í þaula. Þá er kennt um teygjueiginleika efna og líffæra einkum líffæra eins og æða, hjarta og þvagblöðru og helstu lögmál fjöðrunar skýrð út. Fjallað er um myndgerð í læknisfræði svo sem Röntgen, CT, MRI, ómun. Einnig er teknar fyrir hagnýtingar geislaeðlisfræði í til lækninga og ísótóparannsóknir Gert er ráð fyrir a. m. k. 3 verklegum æfingum sem byggjast á heimsóknum á tæknivæddar deildir LSH og kynningu á tækjum og tólum sem þar eru. Þar sem því verður við komið fá nemendur að prófa tækin á sjálfum sér eða hvort öðru.
Skriflegt próf.

**LÆK109G • Eðlis- og frumulífeðlisfræði • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sighvatur Sævar Árnason
Kennari: Brynjar Karlsson Dósent
Kennari: Þór Eysteinsson Dósent
Eðlisfræði: Rafmagnsfræði, spenna, straumur viðnám. Áhrif rafmagns á mannslíkamann, öryggismál raftækja í grennd sjúklings. Almenn lögmál sem gilda um sveim, gegnflæði, jónajafnvægi og spennur yfir himnur. Tenging við lífeðlisfræði frumuhimnunnar.
Frumulífeðlisfræði: Fjallað verður um lífeðlisfræði frumuhimna, flutningsleiðir yfir himnur, flæði efna, uppbyggingu jónaganga og stjórn þeirra, raflífeðlisfræði frumuhimna, hvíldarspenna, stigspennur, boðspennur, taugamót, myndun og flutning taugaboða innan og milli taugafruma, boðefni og viðtaka, innanfrumuboðefnakerfi, rúmmálstjórnun fruma, sýrubasavægi fruma, lífeðlisfræðilegt hlutverk útþekjuvefs.
Skriflegt próf

**LÆK110G • Frumulíffræði og erfðafræði • (7e) • Vor**
Umsjónarkennari: Helga M Ögmundsdóttir Prófessor
Kennari: Jón Jóhannes Jónsson
Kennari: Eiríkur Steingrímsson Prófessor
Kennari: Ingibjörg Harðardóttir Dósent
Frumulíffræði Kennarar: Helga M. Ögmundsdóttir (HMÖ) ásamt kennurum frá lífefnafræði og lífeðlisfræði. Fyrirlestrar (46F): Inngangur; þróun lífsins; frumuhimna: lífefnafræði og frumulíffræði; kjarninn: gen og genastjórn, litni, bygging kjarnans, kjarnahjúpur; frymisnet og Golgi líffæri; bólur og blöðrur; lýsósóm, peroxisóm og hvatberar; stoðkerfi og hreyfiprótein; frumuskipting; frumutengi og millifrumuefni (frumulíffræði og lífefnafræði); boðskipti (inngangur); þroskun og sérhæfing. Þrjár verklegar æfingar: Einangrun frumna; frumuræktun; smásjárskoðun. Þrír umræðutímar: Tímaritsgreinar og sjúkratilfelli.
Erfðafræði Kennari: Eiríkur Steingrímsson Fyrirlestrar (12F): Farið er yfir viðfangsefni, hugtök og aðferðir í erfðafræði. Fjallað er um gen, samsætur, erfðamengi, litninga, mítósu og meiósu, mendelískar, mítókondríu- og fjölþátta erfðir, erfðatölfræði, tengslagreiningu og genakortlagningu, þróun og þroskunarfræði. Dæmi eru tekin um notkun erfðafræði í læknisfræði. Kynning á upplýsingatækni í erfðafræði og skyldum greinum.
Vægi frumulíffræði 80% og vægi erfðafræði 20%. Nemendur þurfa að standast hvorn prófhluta fyrir sig. Frumulíffræðihluti skiptist þannig að skýrslu úr verklegum tímum og umræðutímum gilda 40% og skriflegt próf 60%.

**LÆK111G • Líffærafræði IA, fyrir næringarfræðinema • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Þórarinn Guðjónsson Verkefnisstjóri
Almenn líffærafræði og fósturfræði Í námskeiðinu er farið í fyrirlestrum yfir almenn grundvallaratriði líffæra- og fósturfræði og gerð mannslíkamans skýrð með tilvísun til uppruna hans. Lesefni: Almenn líffærafræði (ljósrit), Hannes Blöndal. Langman's Medical Embryology 10. útgáfa 2006, The Developing Human Clinically Oriented Embryology. Keith L. Moore. Tvær síðar nefndu bækurnar henta þessu námskeiði hvor sem er. II. Microanatomia Í fyrirlestrum er farið yfir helstu aðferðir í vefjafræði, grundvallaruppbyggingu frumna, gerð þekjuvefja, bandvefja, fituvefja, brjósk- og beinvefja, vöðvavefja, taugavefja, æða og húðar. Lögð er áhersla á þekkingu á uppbyggingu og grundvallarstarfsemi frumna og vefja. Lesefni: A. Stevens og J. Lowe: Human Histology, 3. útg., kaflar 1-6,9,13 og 18. Aðrar bækur til hliðsjónar: Burkitt, Young og Heath: Wheater's Functional Histology - A Text and Colour Atlas Eroschenko: diFiores Atlas of Histology with Functional Correlations, L.C. Junqueira: Basic Histology, nýleg útgáfa.

**LÆK201G • Klínisk aðferð: Samskiptafræði - Sálarfræði II • (2e) • Haust & vor**
Kennari: Jón F Sigurðsson Prófessor
Kennari: Bryndís Benediktsdóttir Dósent
Á þessu námskeiði er fjallað um grunnatriði hugrænnar atferlismeðferðar og hvernig má aðlaga hana til notkunar í viðtölum við sjúklinga í almennri heilsugæslu. Meginþættir námskeiðsins eru: 1) Hvernig er hægt að nota hugræna atferlismeðferð (HAM) í viðtölum við sjúklinga? 2) Hugræna atferlislíkanið (HAL). 3 )Grundvallarhugtök HAM - tengsl milli hugsana, tilfinninga, líkamlegra viðbragða, hegðunar og umhverfisþátta. 4) Sjúklingsmiðuð samskipti með HAL.
Námskeiði er kennt með námskeiðinu Samskipti læknis og sjúklings II. Kennari kynnir fyrirkomulag námsmats.

**LÆK202G • Klínisk aðferð: Samskiptafræði - læknir/sjúklingur II • (6e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Bryndís Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Runólfur Pálsson Dósent
Kennari: Jón F Sigurðsson Prófessor
Kennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Kennari: María Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Jóhann Ágúst Sigurðsson Prófessor
Markmið námskeiðs er að þjálfa færni í sjúklingsviðmiðuðum samskiptum læknis og sjúklings. Kennt er um uppbygginu samtals, samskiptafræði, samtalstækni, líkamsskoðun, sálfræði og siðfræði. Kennsla er í formi umræðutíma, verkefna vinnu og fyrirlestra. Verklegar æfingar eru fimm sinnum yfir veturinn þar sem læknanemar æfa sig að tala við sjúklinga. Samtalið er tekið upp á myndaband, nemandi og kennari fara yfir samtalið og nemandinn fær persónulega handleiðslu kennara. Verkleg kennsla í líkamsskoðun er kennd í færnibúðum sem eru fjórum sinnum yfir veturinn. Þar æfa nemendur líkamsskoðun í litlum hópum undir handleiðslu kennara. Nemendur gera rannsóknarverkefni þar sem þeir kanna upplifun sjúklinga á samskiptum þeirra við lækna. Læknanemar hanna rannsóknargögn, framkvæma og vinna úr niðurstöðum. Þau kynna niðurstöður rannsóknar í lok vormisseris á ráðstefnu. Rannsóknarverkefni er samstarfsverkefni námskeiða á 2. ári ;Klinisk færni : Samskipti læknis og sjúklings II/ Sálarfræði II/Fræðileg aðferð.
Á vormisseri fá nemendur að kynnast störfum lækna á sjúkrahúsi.
1. Stöðvapróf 80% 2. Bókmenntaverkefni 5% 3. Rannsóknarverkefni 10% 4. Verklegt á sjúkrahúsi 5% Stöðvapróf er að vori þar sem færni í samskiptum og líkamskoðun er prófuð munnlega og verklega. Siðfræði og sálfræði munnlega. Bókmenntaverkefni er metið eftir innihaldi og farmsetningu í fyrirlestri og úrdrætti. Rannsóknaverkefni er metið eftir skriflegum gögnum og framsetningu á ráðstefnu. Skyldumæting í verklegt nám.

**LÆK203G • Líffærafræði IIB • (8e) • Haust • 14f + 4v**

Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Þórarinn Guðjónsson Verkefnisstjóri
Kennari: Sigurður V Sigurjónsson Lektor
Macroanatomia II: (40F/N): Líffærafræði og fósturfræði innri líffæra. Í fyrirlestrum er farið í líffærafræði brjósthols-, kviðarhols- og grindarholslíffæra og fósturfræði þeirra. Myndir/skyggnur af líffærum og líkamssvæðum "krufðar". Microanatomia II: (16F/N, 16V/N): Vefjafræði innri líffæra. Farið er í vefjafræði þeirra líffæra, sem um er rætt í macroanatomia II, í fyrirlestrum og smásjárskoðun. Próf í smásjárskoðun í lok verklega námskeiðsins.
Verklegt próf í smásjárskoðun í lok verklega námskeiðsins. Sameiginlegt skriflegt próf.

**LÆK204G • Fræðileg aðferð: Söfnun og úrvinnsla gagna • (2e) • Vor**
Umsjónarkennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Inga Sigurrós Þráinsdóttir
Námskeiðið er ætlað sem almennur grunnur í fræðilegri rannsóknaraðferð. Fjallað verður um söfnun og úrvinnslu gagna, lýsandi og greinandi aðferðir við tölfræðilega úrvinnslu, og tengsl áreitis og útkomu. Lögð verður áhersla á tengsl við klíníska læknisfræði m.a. með dæmum.
Skriflegt próf í april eða maí.

**LÆK205G • Líffærameinafræði - Almenn • (1e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóhannes Ö Björnsson Prófessor
Kennari: Bjarni Agnar Agnarsson Dósent
Kennari: Kristrún R Benediktsdóttir Dósent
A1: Fyrirlestrar: Vormisseri 2010: Námskeið, marksetning, prófilhögun. Almenn líffærameinafræði: Frumuskemmdir, frumudauði, frumuaðlögun, útfelling efna, bólga, viðgerð vefja, bjúgur, blæðing, segar, rek, frumuvöxtur, góðkynja og illkynja æxli, ónæmissjúkdómar.

**LÆK206G • Ónæmisfræði • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Björn Rúnar Lúðvíksson Prófessor
Kennari: Kristján Erlendsson Dósent
Kennari: Ingileif Jónsdóttir Prófessor
Markmið: Að gera stúdenta læsa á almennar læknisfræðilegar yfirlitsgreinar um ónæmisfræði, þannig að þeir geti fylgst með því, sem greinin hefur upp á að bjóða á hverjum tíma til að fyrirbyggja, greina og lækna sjúkdóma. Ætlast er til, að læknanemar tileinki sér helstu grundvallaratriði heilbrigðs ónæmiskerfis, ónæmisbilanir, ofnæmi, sjálfsofnæmi og hlutdeild ónæmiskerfisins í tilurð og meingerð sjúkdóma almennt. Stefnt er að því að nemendur geti skilið orsakasamhengi milli verkana ónæmiskerfisins og vissra sjúkdómsmynda, sem þeir kynnast í klíniska hluta námsins. Þá er nemendum skipt í 6-7 manna seminarhópa, og fær hver hópur eitthvert ónæmisfræðilegt viðfangsefni til umfjöllunar þegar kennslan hefst. Hver hópur fær jafnframt tútor sem hittir hópinn a.m.k. þrisvar meðan unnið er að viðfangsefninu. Kennslunni á 4. ári er ætlað að gera stúdenta hæfa til að meta hvort einkenni sjúklinga gefa ástæðu til ónæmisfræðilegrar rannsóknar. Ennfremur er 4. árs stúdentum leiðbeint um notkun ónæmis- og ofnæmisprófa og ónæmisaðgerða.
Próf: Ónæmisfræði 2. árs, skriflegt próf. Klínísk ónæmisfræði er hluti af skriflegu og munnlegu prófi í lyflæknisfræði.

**LÆK207G • Lífeðlisfræði A • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefán B Sigurðsson Prófessor
Kennari: Sighvatur Sævar Árnason
Kennari: Brynjar Karlsson Dósent
Kennari: Logi Jónsson Dósent
Kennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Kennari: Þór Eysteinsson Dósent
Kennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Lífeðlisfræði: Samvægi. Starfsemi rákóttra og sléttra vöðva. Skipulag taugakerfisins, lífeðlisfræði taugafruma, boðflutningur í miðtaugakerfinu, sjálfvirka taugakerfið, vöðvaspólur, stjórn hreyfinga. Hormónakerfið (yfirlit). Skynjunarlífeðlisfræði: Almenn skynjun, húðskyn, sársauki, sjónskyn, heyrnarskyn, jafnvægi, efnaskyn. Nám/minni, heilarit, vitund/svefn, dægursveiflur.
Verklegar æfingar: Vöðvar. Vöðvarafrit (EMG) og viðbragðsbogar. Heilarafrit.
Kennsla er í formi fyrirlestra, umræðufunda, verklegra æfinga og lausnarleitar náms (PBL). Skylt er að mæta í PBL og allar verklegar æfingar, skila skýrslum, skriflegum og munnlegum og mæta á umræðufundi. ---
Eðlisfræði (Hluti af lífeðlisfræði) Námsefni: 1. Stýrikerfi. 2. Vökvastöðu - og vökvastraumfræði. 3. Varmafræði. Lögð er sérstök áhersla á atriði, sem koma nemendum að gagni við nám lífeðlisfræði. Almenn atriði er varða stýrikerfi eru kynnt. Kennd er eðlisfræði sem liggur til grundvallar lífeðlisfræði blóðrásar og lögð sérstök áhersla á hugtökin flæði, þrýsting, rennslisviðnám og núning. Í varmafræði er lögð áhersla á varmaflutning með sérstöku tilliti til varmaskipta, orkubúskapar og varmastjórnunar líkamans.
Einkunn í lífeðlisfræðihluta er sett saman úr tveimur einkunnum, skriflegu prófi, sem gildir 80%, og vegnu meðaltali einkunna fyrir æfingar og skýrslur, sem gildir 20%. Einkunn í eðlisfræðihluta gildir 20% af lokaeinkunn. Tilskilin lágmarkseinkunn í hverjum hluta fyrir sig er 5,0.

**LÆK208G • Lífeðlisfræði B • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefán B Sigurðsson Prófessor
Kennari: Sighvatur Sævar Árnason
Kennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Kennari: Þór Eysteinsson Dósent
Kennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Lífeðlisfræði hjarta og blóðrásar. Hjartað sem dæla. Rafvirkni hjartans. Æðakerfið. Ytri og innri öndun. Stjórn öndunar. Stjórn líkamshita. Vinnu- og íþróttalífeðlisfræði. Nýrnastarfsemi. Vökva- og jónavægi. Sýru-basa stjórnun. Melting. Hormónar. Stjórn efnaskipta. Æxlun.
Verklegar æfingar: Hjartarafrit (EKG). Stjórnun blóðþrýstings. Viðbrögð líkamans við áreynslu. Nýrnastarfsemi.
Kennslan er á vegum Lífeðlisfræðistofnunar og er í formi fyrirlestra, umræðufunda, verklegra æfinga og lausnarleitarnáms (PBL). Skylt er að mæta í PBL og allar verklegar æfingar, skila skýrslum, skriflegum og munnlegum og mæta í umræðufundi.
Lokaeinkunn í lífeðlisfræði er sett saman úr tveimur einkunnum: Skriflegu prófi, sem gildir 80%, og vegnu meðaltali einkunna fyrir æfingar og skýrslur, sem gildir 20%. Tilskilin lágmarkseinkunn í hverjum hluta fyrir sig er 5.0.

**LÆK209G • Lífefna og sameindalíffræði A • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eiríkur Steingrímsson Prófessor
Kennari: Jón Jóhannes Jónsson
Kennari: Sigurður Ingvarsson
Kennari: Helga Eyja Hrafnkelsdóttir
Kennari: Pétur Henry Petersen Sérfræðingur
Viðfangsefni, hugtök og aðferðir í lífefna- og sameindalíffræði. Erfðamengi, erfðaefni og efnaskipti DNA, erfðatækni. RNA, tjáning gena, umritun og þýðing. Prótein og ensím. Trangenísk tilraunadýr. Lífupplýsingafræði. Sameindalíffræði veira og genalækningar. Frumuhringur, apoptosis og sameindaerfðafræði krabbameins. Sjúkdómalífefnafræði og dæmi um notkun lífefna- og sameindalíffræði í læknisfræði. Námskeiðið samanstendur af fyrirlestrum, hópumræðum, vefverkefni, lausnaleitarnámi, námsefni í tölvuveri og verklegum æfingum. Lokaeinkunn er sett saman úr þremur einkunnum, skriflegu prófi sem gildir 85%, vefverkefni sem gildir 5% og verklegri æfingu og skýrslu sem gildir 10%. Tilskilin lágmarskeinkunn í lokaprófi og í heildareinkunn fyrir námskeiðið er 5,0.

**LÆK210G • Lífefna og sameindalíffræði B • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Harðardóttir Dósent
Kennari: Guðrún Valgerður Skúladóttir Vísindamaður
Kennari: Jón Jóhannes Jónsson
**Inntak/viðfangsefni:**
Bygging, eiginleikar, hlutverk og aðferðir til að einangra og skoða prótein, kolvetni og lípíð. Háorkusambönd og súrefnisháð efnaskipti. Efnaskipti fitu, amínósýra, kolvetna og núkleótíða. Samhæfing efnaskipta. Melting, upptaka og virkni næringarefna og áhrif þeirra á heislu og sjúkdóma. Bygging og starfsemi hormóna.
Skriflegt próf úr öllu námsefninu (85%). Úrlausn verkefnis úr hluta námsefnisins (5%). Skýrsla úr verklegri æfingu ásamt mati á undirbúningi og vinnusemi í tíma (10%). Lágmarkseinkunn í lokaprófi og í heildareinkunn er 5,0. Ljúka þarf öllum þáttum námskeiðsins.

**LÆK212G • Lífeðlisfræði I Ta • (8e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Sighvatur Sævar Árnason
Fyrri hluti námskeiðs um lífeðlisfræði mannslíkamans. Tannlæknanemar sækja sérstaka fyrirlestra, málstofur, umræðufundi og framkvæma verklegar æfingar. Fjallað er um starfsemi einstakra líffæra og líffærakerfa. Eftirfarandi efni er tekið fyrir í þessum hluta: Stýrikerfi frumuhimnur, himnuspennur, taugalífeðlisfræði, frálægar taugar, beinagrindarvöðvar, sléttir vöðvar og hjartavöðvinn, miðtaugakerfið, stjórn hreyfinga, skynjun (bragð, sársauki, sjón, heyrn, jafnvægi), undirstúka og heiladingull, öndun. Tvær verklegar æfingar um Vöðva og um Vöðvarrafrit og viðbrögð með munnlegum skýrslum. Hver nemendi flytur eina málstofu á misserinu. Þrjú stutt áfangapróf eru á misserinu og gilda 2 til lokaeinkunnar. Skyldumæting í 2 áfangapróf, allar málstofur og verklegar æfingar og tilheyrandi umræðufundi. Námsmat: Misserismat 50%: Tvö áfangapróf (af 3) 20%, málstofa 10%, tvær verklegar æfingar 20%. Misserispróf í desember: 50%.
Meðaltal einkunna fyrir frammistöðu í málstofum, verklegum æfingum, munnlegum skýrslum og áfangaprófum gildir 50% af heildareinkunn. Skriflegt próf í lok haustmisseris 2. árs gildir 50%.

**LÆK213G • Lífeðlisfræði II Ta • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Sighvatur Sævar Árnason
Seinni hluti námskeiðs um lífeðlisfræði mannslíkamans. Tannlæknanemar sækja sérstaka fyrirlestra, málstofur, umræðufundi og framkvæma verklegar æfingar. Eftirfarandi efni er tekið fyrir í þessum hluta: Hjartað, blóðæðar, blóð, nýrnastarfsemi, vökva- og sýrubasavægi, orkuvægi og hitastjórnun, skjaldkirtill og bris, nýrnahettur, meltingarkerfið, æxlun. Tvær verklegar æfingar um Stjórn blóðþrýstings og um Lífeðlsfræði áreynslu með munnlegum skýrslum. Hver nemendi flytur eina málstofu á misserinu. Þrjú stutt áfangapróf eru á misserinu og gilda 2 til lokaeinkunnar. Skyldumæting í 2 áfangapróf, allar málstofur og verklegar æfingar og tilheyrandi umræðufundi. Námsmat: Misserismat 50%: Tvö áfangapróf (af 3) 20%, málstofa 10%, tvær verklegar æfingar 20%. Misserispróf í desember: 50%.
Meðaltal einkunna fyrir frammistöðu í málstofum, verklegum æfingum, munnlegum skýrslum og áfangaprófum gildir 50% af heildareinkunn. Skriflegt próf í lok haustmisseris 2. árs gildir 50%.

**LÆK214G • Líffærafræði sj. IIA • (8e) • Vor • 7f + 3v**
Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Una Strand Viðarsdóttir
Kennari: Finnbogi Rútur Þormóðsson Fræðimaður
Kennari: Pétur Henry Petersen Sérfræðingur
Kennd er taugalíffærafræði svo og líffærafræði höfuðs og háls. Líffæra- og fósturfræði höfuðs og háls (15F/N, 10V/N). Farið er yfir fósturfræði, líffærakerfi (anatomia systemica) og svæði (anatomia topographica) höfuðs og háls. Sýnikennsla eftir því sem aðstæður leyfa. Líffæra- og fósturfræði taugakerfis (26F/N, 14V/N). Í líffærafræði er farið yfir fósturþroska og starfræn kerfi taugakerfis. Í verklegum-/sýnikennslutímum er farið yfir ytri og innri gerð heilans.
Verklega kennslan hefst í byrjun misseris ef efniviður fæst og stendur í sex vikur. Lýkur með verklegu prófi: Sameiginlegt skriflegt próf í báðum þáttum

**LÆK301G • Sýklafræði • (7e) • Haust**
Umsjónarkennari: Karl Gústaf Kristinsson Prófessor
Kennari: Ólafur Steingrímsson Dósent
Kennslutími: Haustmisseri. Fyrst eru fyrirlestrar um almenna sýklafræði. Síðan er farið yfir einstakar ættkvíslir og tegundir baktería, sveppi og sveppasýkingar, sníkjudýr og sníkjudýrasýkingar í mönnum. Eftir yfirferð um eiginleika sýklanna er farið nánar í sýkingar af völdum þeirra. Áhersla er einkum lögð á orsakir, smitleiðir, meinmyndun, forvarnir, rannsóknaraðferðir til greiningar svo og sýnatökur og vandamál tengd þeim. Fyrirlestraskrá ásamt marklýsingu fyrir hvern fyrirlestur er birt á Uglunni áður en kennslan hefst. Snemma í september byrjar verklega námskeiðið. Staðsetning verklegu tímanna verður tilkynnt í upphafi námskeiðs. Nemendur fá fjölritað hefti með lýsingu á hverri æfingu. Í verklega námskeiðinu eru kynntir helstu sýklar og mikilvægustu aðferðirnar við greiningu á þeim. Verklegu æfingarnar eru 11 (um 2 klst. hver æfing) og námskeiðinu lýkur með stuttu stöðvaprófi. Það er mætingaskylda í verklegu æfingarnar (95%).

Verklegar æfingar (11 x 2 klst) sem lýkur með stuttu verklegu prófi. Það er mætingaskylda í verklegu æfingarnar (95%). Skriflegt próf í lok námskeiðs.

**LÆK302G • Veirufræði • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Arthur Löve Prófessor
Kennari: Þorgerður Árnadóttir
Námskeið þetta tekur til grundvallaratriða varðandi veirur sem valda sjúkdómum í mönnum. Helstu atriði eru flokkun, bygging þeirra sem og hvernig þær margfaldast, valda skemmdum í frumum og líffærum og dreifast um líkamann. Lögð er áhersla á sjúkdómsmyndun (pathogenesis), meinmyndandi þætti veiranna (pathogenetic determinants) og svörun hýsils. Farið er yfir helstu veirusýkingar meðal manna og áhersla lögð á smitleiðir, faraldsfræði, sjúkdómsmyndun, klínsk einkenni, fylgikvilla og greiningu veiranna á rannsóknarstofu. Kennslan felst í fyrirlestrum og verklegum æfingum.
Skriflegt próf í október.

**LÆK303G • Líffærameinafræði • (13e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Jóhannes Ö Björnsson Prófessor
Kennari: Jón Gunnlaugur Jónasson Prófessor
Kennari: Sverrir Harðarson Dósent
Kennari: Bjarni Agnar Agnarsson Dósent
Kennari: Kristrún R Benediktsdóttir Dósent
A2: Fyrirlestrar: Haustmisseri 2009: Sérhæfð líffærameinafræði: Hjarta- og æðasjúkdómar, lungnasjúkdómar, sjúkdómar í meltingarvegi, taugameinafræði. Vormisseri 2010: Sjúkdómar í lifur, gallvegum og brisi, sjúkdómar í þvagfærum, sjúkdómar í kynfærum karla, sjúkdómar í kynfærum kvenna, sjúkdómar í brjóstum, sjúkdómar í innkirtlum, blóð- og eitilvefssjúkdómar, sjúkdómar í stoðvefjum. B: Verklegt nám: Meinvefjafræði, fyrirlestrar og sýnikennsla á báðum misserum. Síðan verklegar æfingar í smásjárskoðun sjúkra vefja undir leiðsögn kennara. Lýkur með stuttu verklegu prófi skömmu eftir síðasta æfingatíma. C: Sýnikennsla: Sýndar eru krufningar, skurðsýni og rætt um ýmis viðfangsefni í líffærameinafræði í því sambandi, samkvæmt nánara samkomulagi kennara og nemenda. D: Nýsigögn: Líffærasafn, Læknagarði. Kennslugögn, myndir og texti um æða- og hjartasjúkdóma liggja frammi í húsnæði Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði.
Verklegt próf í febrúar/mars 2010. Skriflegt próf (fjölval og stuttar spurningar, 4 klst.) í febrúar/mars.

**LÆK304G • Rannsóknarverkefni • (0e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga M Ögmundsdóttir Prófessor
Kennslutími: Vormisseri 10 vikur, hefst í mars. Þetta tímabil námsins hefst í á stuttu námskeiði í vísindalegum vinnubrögðum og aðferðum, síðan tekur við vinna að rannsóknarverkefni. Markmið þessa námskeiðs er að gefa læknanemum tækifæri til þess að vinna að afmörkuðu rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara. Nemi mun læra að beita vísindalegum vinnubrögðum við öflun gagna, framkvæmd rannsóknar, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Kennarar og sérfræðingar leggja fram verkefni og geta nemendur valið úr þeim verkefnum sem rannsóknarnámsnefndin hefur samþykkt. Auglýst er eftir verkefnalýsingum á vormisseri og í upphafi haustmisseris á undan. Einnig geta nemendur sjálfir aflað sér verkefna hjá kennurum/sérfræðingum við háskóla/stofnanir á Íslandi eða erlendis en slík verkefni þurfa samþykki rannsóknarnámsnefndar. Síðustu vikuna í maí er haldin tveggja daga ráðstefna, þar sem hver nemandi kynnir verkefni sitt með fyrirlestri. Ritgerð um verkefnið skal skila eigi síðar en fyrsta mánudag í júní.
Námsmat: Rannsóknarnámsnefnd gefur einkunn frá 0- 10 og er hún samsett af einkunn leiðbeinanda fyrir rannsóknarvinnuna, frammistöðu í fyrirlestri og mati á ritgerð. Ráðstefna í maí

**LÆK304G • Rannsóknarverkefni • (18e) • Vor**
Umsjónarkennari: Helga M Ögmundsdóttir Prófessor
Kennslutími: Vormisseri 10 vikur, hefst í mars. Þetta tímabil námsins hefst í á stuttu námskeiði í vísindalegum vinnubrögðum og aðferðum, síðan tekur við vinna að rannsóknarverkefni. Markmið þessa námskeiðs er að gefa læknanemum tækifæri til þess að vinna að afmörkuðu rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara. Nemi mun læra að beita vísindalegum vinnubrögðum við öflun gagna, framkvæmd rannsóknar, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna. Kennarar og sérfræðingar leggja fram verkefni og geta nemendur valið úr þeim verkefnum sem rannsóknarnámsnefndin hefur samþykkt. Auglýst er eftir verkefnalýsingum á vormisseri og í upphafi haustmisseris á undan. Einnig geta nemendur sjálfir aflað sér verkefna hjá kennurum/sérfræðingum við háskóla/stofnanir á Íslandi eða erlendis en slík verkefni þurfa samþykki rannsóknarnámsnefndar. Síðustu vikuna í maí er haldin tveggja daga ráðstefna, þar sem hver nemandi kynnir verkefni sitt með fyrirlestri. Ritgerð um verkefnið skal skila eigi síðar en fyrsta mánudag í júní.
Námsmat: Rannsóknarnámsnefnd gefur einkunn frá 0- 10 og er hún samsett af einkunn leiðbeinanda fyrir rannsóknarvinnuna, frammistöðu í fyrirlestri og mati á ritgerð. Ráðstefna í maí

**LÆK305G • Klínísk aðferð • (4e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Kristján Erlendsson Dósent
Umsjónarkennari: Runólfur Pálsson Dósent
Umsjónarkennari: Ragnhildur Steinbach Verkefnisstjóri
Kennari: Bjarni Þjóðleifsson Prófessor
Kennari: Halldór Jónsson Prófessor
Kennari: Þórarinn Gíslason Prófessor
Kennari: Karl Konráð Andersen Dósent
Námskeið á 3. ári. Um er að ræða námskeið fyrir litla hópa (4-6 nemendur) með kennara þar sem farið er yfir helstu atriði töku sjúkrasögu, almennrar líkamsskoðunar og skoðunar sérstakra líffærakerfa. Gert er ráð fyrir að eitt sé um fjórum kennslustundum í þessa kennslu undir handleiðslu leiðbeinenda og fer sú kennsla fram í tengslum við fyrirlestrakennslu einstakra líffærakerfa. Skyldumæting, umsögn en ekki próf.
Skyldumæting, umsögn en ekki próf.

**LÆK306G • Lyfja- og eiturefnafræði • (14e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Kristín Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Karl Gústaf Kristinsson Prófessor

Kennari: Magnús Karl Magnússon Prófessor
Kennari: Guðmundur Þorgeirsson Prófessor
Kennari: Inga Sigurrós Þráinsdóttir
Kennari: Gunnar Guðmundsson
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Kennari: Ólafur Guðlaugsson
Haust-og vormisseri: Lyfjahvarfafræði: Yfirlit yfir lyfjaform. Frásog, dreifing, útskilnaður og umbrot lyfja. Gildi lyfjamælinga í blóði. Lyfjaviðtakar. Samband skammta og verkunar. Hjáverkanir lyfja. Öldrunarlyfjafræði. Milliverkun lyfja. Skráning lyfja. Lyfhrifafræði: Lyfjafræði innkirtla. Vítamín. Járn. Lyf við beiþynningu. Bólgueyðandi lyf. Lyfjafræði úttaugakerfis. Lyfjafræði miðtaugakerfis. Sýklalyf. Magasjúkdómalyf. Blóðþrýstingslækkandi lyf. Hjartalyf. Segavarnarlyf. Þvagræsilyf. Krabbameinslyf (lyf við illkynja sjúkdómum). Ónæmisbælandi lyf (immunosuppressiva). Fitulækkandi lyf. Lyf við offitu. Nikótín og tóbak. Kannabis. Amfetamín og kókaín. Eiturefnafræði.
Skriflegt próf í febrúar/mars 2010

**LÆK307G • Lyfjafræði II Ta • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Magnús Gottfreðsson Dósent
Kennari: Kristín Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Karl Gústaf Kristinsson Prófessor
Kennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Kennari: Guðmundur Þorgeirsson Prófessor
Kennari: Gunnar Guðmundsson
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Kennd er sérhæfð lyfjafræði (um sérhæfða verkun lyfja á líffæri og fleiri líffærakerfi), samhæfð lyfjafræði (um atriði, sem sameiginleg eru lyfjum og lúta að frásogi, dreifingu, útskilnaði, umbrotum o.fl. í líkamanum). Með þessum þætti kennslunnar fylgir lítils háttar sýnikennsla. Sérstök áhersla er lögð á lyfjafræði tannlækna, þ.e.a.s. þau lyf, er tannlæknar nota. Fyrirkomulag kennslunnar verður þannig, að kennt verður á tveimur námskeiðum, haust og vor, 36. fyrirlestrar á hvoru námskeiði. Á haustmisseri er kennt þriðjudaga frá 13-16 og fimmtudaga 13-16. Námskeiðinu lýkur með hlutaprófi. Upphaf kennslu auglýst síðar. Á vormisseri verður kennt á þriðjudögum kl. 13-16 og fimmtudögum kl. 13-16. Upphaf kennslu auglýst síðar. Netið: www.hi.is/pub/liflyfjafr
Skriflegt próf í lok hvors námskeiðs, haust og vor.

**LÆK308G • Lyfjafræði I Ta • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Magnús Gottfreðsson Dósent
Kennari: Kristín Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Karl Gústaf Kristinsson Prófessor
Kennari: Magnús Karl Magnússon Prófessor
Kennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Kennari: Guðmundur Þorgeirsson Prófessor
Kennari: Gunnar Guðmundsson
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Haust-og vormisseri: Lyfjahvarfafræði: Yfirlit yfir lyfjaform. Frásog, dreifing, útskilnaður og umbrot lyfja. Gildi lyfjamælinga í blóði. Lyfjaviðtakar. Samband skammta og verkunar. Hjáverkanir lyfja. Öldrunarlyfjafræði. Milliverkun lyfja. Lyfhrifafræði: Lyfjafræði innkirtla. Vítamín. Járn. Bólgueyðandi lyf. Lyfjafræði úttaugakerfis. Lyfjafræði miðtaugakerfis. Sýklalyf. Magasjúkdómalyf. Blóðþrýstingslækkandi lyf. Hjartalyf. Segavarnarlyf. Krabbameinslyf (lyf við illkynja sjúkdómum). Ónæmisbælandi lyf (immunosuppressiva). Fitulækkandi lyf. Lyf við beinþynningu og offitu.
Skriflegt próf í lok hvors námskeiðs, haust og vor.

**LÆK401G • Háls- nef- og eyrnasjúkdómafræði • (3e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Verkleg kennsla: Kennt er á göngudeild háls- nef og eyrnadeildar LSH Fossvogi sem er á III. hæð (B3). Verkleg kennsla er hluti af verklegu námi í handlæknisfræði og stendur yfir allt skólaárði þ.e. bæði haust og vormisseri. Nemendur verða 2 saman, í eina viku í senn (sjá nánar stundaskrá). Læknanemum er kennd háls-, nef- og eyrnaskoðun ásamt beitingu algengustu hjálpartækja til sjúkdómsgreiningar og meðhöndlunar, s.s. hljóðholsmælis, heyrnarmælis og smásjár. Sjúkdómstilfelli verða kynnt eftir því sem tök eru á hverju sinni, bæði á legudeild, göngudeild og skurðdeild.
Bókleg kennsla: Reynt verður að hafa "fyrirlestra" á formi vandamiðaðs náms þar sem kynnt verða háls-, nef- og eyrna vandamál og lausnir þeirra. "Fyrirlestrarnir" verða á nokkurskonar fundarformi það sem áhersla verður lögð á umræður og spurningar er tengjast kynntum vandamálum. Efni fundanna verður skv. fyrirlestraskrá, sem lögð er fram í upphafi hvers námskeiðs að hausti. Kennsla fer fram í kennslustofum Landspítala Fossvogi í G-álmu.
Námsmarkmið: Greining og meðferð sjúkdóma í hálsi, nefi og eyrum ásamt undirstöðuatriðum í heyrnar- og talmeinafræði. Einkum lögð áhersla á þau háls-, nef- og eyrnavandamál (sjúkdóma) sem algengastir eru í almennu læknisstarfi.
Próf: Skriflegt próf, 70% af lokaeinkunn, haldið í september í lok fyrirlestrahrinu og er byggt upp með fjölvalsspurningum, myndaspurningum og stuttum ritgerðaspurningum. Litið er á prófið sem hluta af kennslu. Verklegt stöðvapróf, 30% af lokaeinkunn, sameiginlegt með örðum greinum handlæknisfræðinnar, haldið í lok verklegrar hrinu, en með þeim prófum lýkur hver nemandi áfanganum formlega.

**LÆK402G • Lyflæknisfræði, fræðileg • (13e) • Haust & vor • 13f**
Umsjónarkennari: Guðmundur Þorgeirsson Prófessor
Kennari: Páll Torfi Önundarson Dósent
Kennari: Bjarni Þjóðleifsson Prófessor
Kennari: Magnús Gottfreðsson Dósent
Kennari: Gunnar Sigurðsson Prófessor

Kennari: Runólfur Pálsson Dósent
Kennari: Gunnar Þór Gunnarsson Lektor
Kennari: Steinn Jónsson Dósent
Kennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Kennari: Þórarinn Gíslason Prófessor
Kennari: Helgi Jónsson Dósent
Kennari: Pálmi V Jónsson Prófessor
Kennari: Þórður Harðarson Prófessor
Kennari: Rafn Benediktsson Dósent
Kennari: Björn Guðbjörnsson Dósent
Kennari: Gunnar Guðmundsson
Kennari: Unnur Steina Björnsdóttir Dósent
Kennari: Karl Konráð Andersen Dósent
Námskeið í lyflæknisfræði skiptist í tvo hluta, klíniskan hluta og fræðilegan hluta. Próf í lyflæknisfræði verða tvö, skriflegt og klíniskt. Klíniskt námskeið: Stúdentar dvelja á lyflækningadeildum LSH í 13 vikur. Kennd verður aðferðafræði lyflæknisfræðinnar við mat sjúklinga, greiningu, mismunagreiningu, áætlanagerð, framkvæmd rannsókna, meðferð og eftirlit. Stúdentar eru hluti af teymi lækna sem annast inniliggjandi sjúklinga. Þá taka þeir þátt í störfum á göngudeild. Stúdentar taka sjúkrasögu, skoða sjúklinga, fylgja sjúklingum sínum eftir undir handleiðslu aðstoðarlækna og sérfræðinga. Stúdentar skiptast á að vera á sjúkrahúsinu á vöktum. Æfingaklínikur eru reglulegar. Full mætingaskyld. 40% af klíniskri prófseinkunn birtist í mati á færni stúdentsins á námskeiðinu, en 60% fæst með stöðvaprófi að vori. Fræðileg kennsla felst í fyrirlestrum skv. fyrirlestraskrá og lestri færðibóka í lyflæknisfræði og tímaritsgreina. Haldið verður skriflegt próf að vori. Umsjón með námskeiði á Hringbraut hefur Runólfur Pálsson dósent. Umsjón með námskeiði í Fossvogi hefur Rafn Benediktsson dósent. Skrifstofustjóri lyflækningasviðs I: Rannveig Ásgeirsdóttir.
Próf í lok námskeiðs.

**LÆK403G • Lyflæknisfræði, klínísk • (13e) • Haust & vor • 13f**
Umsjónarkennari: Guðmundur Þorgeirsson Prófessor
Kennari: Páll Torfi Önundarson Dósent
Kennari: Bjarni Þjóðleifsson Prófessor
Kennari: Magnús Gottfreðsson Dósent
Kennari: Gunnar Sigurðsson Prófessor
Kennari: Runólfur Pálsson Dósent
Kennari: Gunnar Þór Gunnarsson Lektor
Kennari: Steinn Jónsson Dósent
Kennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Kennari: Þórarinn Gíslason Prófessor
Kennari: Helgi Jónsson Dósent
Kennari: Pálmi V Jónsson Prófessor
Kennari: Þórður Harðarson Prófessor
Kennari: Rafn Benediktsson Dósent
Kennari: Björn Guðbjörnsson Dósent
Kennari: Karl Konráð Andersen Dósent
Námskeið í lyflæknisfræði skiptist í tvo hluta, klíniskan hluta og fræðilegan hluta. Próf í lyflæknisfræði verða tvö, skriflegt og klíniskt. Klíniskt námskeið: Stúdentar dvelja á lyflækningadeildum LSH í 13 vikur. Kennd verður aðferðafræði lyflæknisfræðinnar við mat sjúklinga, greiningu, mismunagreiningu, áætlanagerð, framkvæmd rannsókna, meðferð og eftirlit. Stúdentar eru hluti af teymi lækna sem annast inniliggjandi sjúklinga. Þá taka þeir þátt í störfum á göngudeild. Stúdentar taka sjúkrasögu, skoða sjúklinga, fylgja sjúklingum sínum eftir undir handleiðslu aðstoðarlækna og sérfræðinga. Stúdentar skiptast á að vera á sjúkrahúsinu á vöktum. Æfingaklínikur eru reglulegar. Full mætingaskyld. 40% af klíniskri prófseinkunn birtist í mati á færni stúdentsins á námskeiðinu, en 60% fæst með stöðvaprófi að vori. Fræðileg kennsla felst í fyrirlestrum skv. fyrirlestraskrá og lestri færðibóka í lyflæknisfræði og tímaritsgreina. Haldið verður skriflegt próf að vori. Umsjón með námskeiði á Hringbraut hefur Runólfur Pálsson dósent. Umsjón með námskeiði í Fossvogi hefur Rafn Benediktsson dósent. Skrifstofustjóri lyflækningasviðs I: Rannveig Ásgeirsdóttir.
Próf í lok námskeiðs.

**LÆK404G • Myndgreining • (3e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Ásbjörn Jónsson Dósent
Kennari: Guðmundur Jón Elíasson Lektor
Kennari: Jörgen Albrechtsen
Farið er yfir í fyrirlestrum eðlisfræði myndgreiningar, geislavarnir, almenn hugtök læknisfræðilegrar myndgreiningar, myndgreiningaraðferðir (röntgenrannsóknir, tölvusneiðmyndarannsóknir, ómun, ísótóparannsóknir og segulómun), myndgreiningu á taugakerfi, brjóst- og kviðarholi, hjarta og æðum, meltingar- og þvagfærum, beinum og liðum. Skuggaefni og rannsóknir með þeim við brjósthols-, meltingarfæra- og æðasjúkdóma. Aðgerðarannsóknir (intervention). Verkleg kennsla: Fer fram á röntgendeildum Landspítala - Háskólasjúkrahúsi og Domus Medica. Nemendum skipt í hópa og er hver flokkur í 2 vikur í verklegu námi í myndgreiningu.
Skriflegt próf.

**LÆK405G • Meinefnafræði • (2e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jón Jóhannes Jónsson
Markmið námskeiðsins er grunnkennsla í notkun lífefnafræðilegra, sameindaerfðafræðilegra og frumulíffræðilegra hugtaka og aðferða til skilnings og mats á heilsu manna og sjúkdómum. Efni fyrirlestra: Almenn meinefnafræði, sérhæfð meinefnafræði einstakra sjúkdóma og líffærakerfa. Hagnýt atriði varðandi samskipti lækna við klíniskar rannsóknastofur. Vaxtarbroddar í sameindalæknisfræði. Lausnaleitarnám. Heimsókn á rannsóknastofu í meinefnafræði á 2. námsári.
Skriflegt próf, mat á lausnaleitarnámi

**LÆK406G • Skurðlæknisfræði, fræðileg • (13e) • Haust & vor**

Umsjónarkennari: Halldór Jónsson Prófessor
Kennari: Karl Logason
Kennari: Bjarni Torfason Dósent
Kennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Guðmundur Geirsson Dósent
Kennari: Þorvaldur Jónsson Dósent
Kennari: Tómas Guðbjartsson
Kennari: Þorvaldur Ingvarsson Dósent
Kennari: Brynjólfur Árni Mogensen Dósent
Kennari: Páll Helgi Möller Dósent
Kennari: Margrét Oddsdóttir
Kennari: Ingvar Hákon Ólafsson
Fræðilega kennslan í skurðlæknisfræðum er í fyrirlestrarformi sem er sameiginleg með lyflæknisfræði og fer fram allt haust- og vormisseri (samtals 240F/N). Við kennsluna er lögð sérstök áhersla á greiningu, rannsóknir og skurðaðgerðir. Þar sem skörun er í meðferð margra sjúkdóma eru sumir fyrirlestrar samkenndir með lyflæknisfræði. Kennarar eru sérfræðingar í viðkomandi sjúkdómum á Landspítala og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, en ýmist fast- eða lausráðnir við Læknadeildina. Námsmat er krossapróf að loknum öllum fyrirlestrum.
Próf í lok námskeiðs.

**LÆK407G • Skurðlæknisfræði, klínísk • (13e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Halldór Jónsson Prófessor
Kennari: Karl Logason
Kennari: Bjarni Torfason Dósent
Kennari: Hannes Petersen Dósent
Kennari: Guðmundur Geirsson Dósent
Kennari: Þorvaldur Jónsson Dósent
Kennari: Tómas Guðbjartsson
Kennari: Þorvaldur Ingvarsson Dósent
Kennari: Brynjólfur Árni Mogensen Dósent
Kennari: Páll Helgi Möller Dósent
Kennari: Margrét Oddsdóttir
Kennari: Ingvar Hákon Ólafsson
Verklega kennslan í skurðlæknisfræðum eru námskeið á haust- og vormisseri sem fara samtímis fram og fyrirlestrar á bæði á Landspítala og á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Stúdentar innskrifa sjúklinga í innskriftarmiðstöð, fylgja þeim eftir í aðgerð og á legudeild. Þeir ganga hefðbundinn stofugang á legudeildum og kennslustofugang í vikulok með kennara. Þeir fylgjast einnig með og taka þátt í starfi í göngu- og endurkomudeildum. Æfingaklínik er daglega og fræðslufundir í hverri viku. Stúdentar eru til skiptis á bráðavöktum og mætingaskylda er 100%. Námsmat er samsett úr 75% frammistöðu á vitjunarprófi í lok námskeiðs og 25% frammistöðu í námsbók (afrekaskrá) sem er skilað samtímis.
Próf í lok námskeiðs

**LÆK501G • Fæðinga-og kvensjúkdómafræði • (12e) • Haust**
Umsjónarkennari: Reynir Tómas Geirsson Prófessor
Kennari: Jens A Guðmundsson Dósent
Kennari: Hildur Harðardóttir Lektor
Kennslutími: Haust- og vormisseri. Fyrirlestrar og verkleg námskeið, sjá barnasjúkdómafræði. Kennslan fer fram með fyrirlestrum, umræðufundum og verklegri kennslu á 7 vikna námskeiðum og tengist námi í barnasjúkdómafræði (sjá barnasjúkdómafræði). Kennslan fer fram á Kvennadeild LSH en læknanemar kynnast einnig starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og mæðravernd í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur Sjá heimasíðu Kvennadeildar LSH á www.landspitali.is. Fjögur námskeið eru haldin á ári. Fyrstu 2 vikur námskeiðsins eru nær daglegir fyrirlestrar samhæfðir verklegu kennslunni en síðari 5 vikurnar fer kennslan jöfnum höndum fram í formi umræðufunda og fyrirlestra auk hins verklega náms. Læknanemar fylgja læknum og ljósmæðrum á deildinni í daglegu starfi en kynna sér að auki, skv. fyrirfram gerðri áætlun, sérstaka starfsemi innan fagsins, s.s. ómskoðanir, tæknifrjóvgun, krabbameinsleit og mæðravernd. Í byrjun námskeiðs fá læknanemar leiðbeiningamöppu með upplýsingum um starfsemi kvennadeildar og skipulag námskeiðsins ásamt almennum upplýsingum. Viðbótargögnum er síðan dreift á námskeiðinu sjálfu. Læknanemar hafa aðgang að tölvukosti og netþjónustu á deildinni.
Námskeiðinu lýkur með stöðvaprófi en einnig er verknámseinkunn hluti heildareinkunnar. Námsmat: Próf í okt. og des.
Námskeiðinu lýkur með stöðvaprófi en einnig er verknámseinkunn hluti heildareinkunnar. Námsmat: Próf í október og desember

**LÆK501G • Fæðinga-og kvensjúkdómafræði • (12e) • Vor**
Umsjónarkennari: Reynir Tómas Geirsson Prófessor
Kennari: Jens A Guðmundsson Dósent
Kennari: Hildur Harðardóttir Lektor
Kennslutími: Haust- og vormisseri. Fyrirlestrar og verkleg námskeið, sjá barnasjúkdómafræði. Kennslan fer fram með fyrirlestrum, umræðufundum og verklegri kennslu á 7 vikna námskeiðum og tengist námi í barnasjúkdómafræði (sjá barnasjúkdómafræði). Kennslan fer fram á Kvennadeild LSH en læknanemar kynnast einnig starfsemi Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands og mæðravernd í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur Sjá heimasíðu Kvennadeildar LSH á www.landspitali.is. Fjögur námskeið eru haldin á ári. Fyrstu 2 vikur námskeiðsins eru nær daglegir fyrirlestrar samhæfðir verklegu kennslunni en síðari 5 vikurnar fer kennslan jöfnum höndum fram í formi umræðufunda og fyrirlestra auk hins verklega náms. Læknanemar fylgja læknum og ljósmæðrum á deildinni í daglegu starfi en kynna sér að auki, skv. fyrirfram gerðri áætlun, sérstaka starfsemi innan fagsins, s.s. ómskoðanir, tæknifrjóvgun, krabbameinsleit og mæðravernd. Í byrjun námskeiðs fá læknanemar leiðbeiningamöppu með upplýsingum um starfsemi kvennadeildar og skipulag námskeiðsins ásamt almennum upplýsingum. Viðbótargögnum er síðan dreift á námskeiðinu sjálfu. Læknanemar hafa aðgang að tölvukosti og netþjónustu á deildinni.
Námskeiðinu lýkur með stöðvaprófi en einnig er verknámseinkunn hluti heildareinkunnar. Námsmat: Próf í mars og maí.
Námskeiðinu lýkur með stöðvaprófi en einnig er verknámseinkunn hluti heildareinkunnar. Námsmat: Próf í mars og maí.

**LÆK503G • Geðlæknisfræði • (14e) • Haust**

Umsjónarkennari: Hannes Pétursson Prófessor
Umsjónarkennari: Engilbert Sigurðsson
Kennari: Þórður Sigmundsson Dósent
Kennari: Jón Grétar Stefánsson Dósent
Kennslutími: Haust- og vormisseri. Markmið kennslunnar er að fræða stúdenta um geðsjúkdóma, tíðni þeirra, orsakir, gang, horfur, meðferð og forvarnir. Einnig að þjálfa nema í grunnatriðum hugrænnar atferlismeðferðar og hvatningar-viðtala og auka skilning þeirra á sjálfum sér, eigin tilfinningum, hugsun og viðbrögðum við álagi. Ein vika er valvika og önnur nýtt eingöngu til fyrirlestrahalds. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, umræðutímum og verklegum æfingum á geðdeildum Landspítala háskólasjúkrahúss samkvæmt handbók, er stúdentar fá í upphafi hvers námskeiðs.
Próf: Desember.

**LÆK503G • Geðlæknisfræði • (14e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hannes Pétursson Prófessor
Umsjónarkennari: Engilbert Sigurðsson
Kennari: Þórður Sigmundsson Dósent
Kennari: Jón Grétar Stefánsson Dósent
Kennslutími: Haust- og vormisseri. Markmið kennslunnar er að fræða stúdenta um geðsjúkdóma, tíðni þeirra, orsakir, gang, horfur, meðferð og forvarnir. Einnig að þjálfa nema í grunnatriðum hugrænnar atferlismeðferðar og hvatningar-viðtala og auka skilning þeirra á sjálfum sér, eigin tilfinningum, hugsun og viðbrögðum við álagi. Ein vika er valvika og önnur nýtt eingöngu til fyrirlestrahalds. Kennslan fer fram í fyrirlestrum, umræðutímum og verklegum æfingum á geðdeildum Landspítala háskólasjúkrahúss samkvæmt handbók, er stúdentar fá í upphafi hvers námskeiðs.
Próf: Í maí.

**LÆK505G • Taugasjúkdómafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Elías Ólafsson Prófessor
Kennari: Finnbogi Jakobsson Dósent
Kennslutími: Haust- og vormisseri. 40 fyrirlestrar eru um helstu sjúkdóma í heila, mænu og úttaugakerfi. Auk þessa eru 12 fyrirlestrar ("seminör") sem stúdentar flytja undir handleiðslu kennara. Verkleg kennsla (180 tímar) fer fram á taugalækningadeildum Landspítala - Háskólasjúkrahús og stendur í 5 vikur. Kennslan fer bæði fram á sjúkra- og göngudeildum. Vikulegir fundir eru með sérfræðingum í taugaröntgenfræði (Ólafur Kjartansson) og taugameinafræði (Hannes Blöndal prófessor).
Próf: Desember. (Verklegri kennslu lýkur með prófi sem vegur 25% af einkunn í greininni).

**LÆK505G • Taugasjúkdómafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Elías Ólafsson Prófessor
Kennari: Finnbogi Jakobsson Dósent
Kennslutími: Haust- og vormisseri. 40 fyrirlestrar eru um helstu sjúkdóma í heila, mænu og úttaugakerfi. Auk þessa eru 12 fyrirlestrar ("seminör") sem stúdentar flytja undir handleiðslu kennara. Verkleg kennsla (180 tímar) fer fram á taugalækningadeildum Landspítala - Háskólasjúkrahús og stendur í 5 vikur. Kennslan fer bæði fram á sjúkra- og göngudeildum. Vikulegir fundir eru með sérfræðingum í taugaröntgenfræði (Ólafur Kjartansson) og taugameinafræði (Hannes Blöndal prófessor).
Próf: Í maí. (Verklegri kennslu lýkur með prófi sem vegur 25% af einkunn í greininni).

**LÆK507G • Húð- og kynsjúkdómafræði • (4e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Jón Hjaltalín Ólafsson Dósent
Kennari: Kristrún R Benediktsdóttir Dósent
Námsefni: Uppbygging og starfsemi húðarinnar. Einnig verður farið í meinafræði helstu húðsjúkdóma. Útvortislyf og almennar notkunarreglur þeirra. Farið verður í algengustu húðsjúkdómana og þá sjúkdóma sem smitast við kynmök og ætlast til að stúdentar geti greint þá. Lausleg yfirferð verður á öðrum húðsjúkdómum. Allir stúdentar verða í verklegum tímum á göngudeild húð-og kynsjúkdóma og Legudeild LSH, Kynsjúkdómadeild LSH og Húðlæknastöðinni, Smáratorgi 1 Kópavogi. Auk þess verða sjúklingar sýndir í fyrirlestrum og því nauðsynlegt að mæting í fyrirlestra sé eins og um verklegan tíma sé að ræða.
Skriflegt próf.

**LÆK508G • Barnalæknisfræði • (12e) • Haust • 10f + 40v**
Umsjónarkennari: Ásgeir Haraldsson Prófessor
Kennari: Atli Dagbjartsson Dósent
Kennari: Árni V Þórsson Dósent
Námið er verklegt og bóklegt. Nemendum er skipt í fjóra hópa til verklegs náms sem fer fram á Barnaspítala Hringsins Landspítala. Fyrirlestrar eru einnig haldnir á Barnaspítala Hringsins samhliða verklegu námi. Námið byggist þannig upp af verklegri þjálfun, fyrirlestrum, úrlausnarverkefnum (klíníkum) o.fl. Í verklegu námi kynnast nemar starfinu á öllum deildum Barnaspítalans.
Markmið námsins er að læknanemar fái staðgóða þekkingu á barnalæknisfræði. Verklega námið miðast við að læknanemar fái góða reynslu í að skoða, umgangast og sjúkdómsgreina veik börn og gera tillögur um rannsóknir og meðferð.
Í upphafi námsins fá stúdentar gögn í hendur varðandi fyrirkomulag námsins, þ.m.t. fyrirlestrarskrá, lýsingu á fyrirkomulagi námsins o.fl. Nemendum er einnig bent á heimasíðu Barnaspítala Hringsins.
Próf: Fjórum sinnum á vetri Gefin er ein einkunn sem samanstendur af 80% prófseinkunn og 20% verkelgri einkunn.

**LÆK508G • Barnalæknisfræði • (12e) • Vor • 10f + 40v**
Umsjónarkennari: Ásgeir Haraldsson Prófessor
Kennari: Atli Dagbjartsson Dósent
Kennari: Árni V Þórsson Dósent
Námið er verklegt og bóklegt. Nemendum er skipt í fjóra hópa til verklegs náms sem fer fram á Barnaspítala Hringsins Landspítala. Fyrirlestrar eru einnig haldnir á Barnaspítala Hringsins samhliða verklegu námi. Námið byggist þannig upp af verklegri þjálfun, fyrirlestrum, úrlausnarverkefnum (klíníkum) o.fl. Í verklegu námi kynnast nemar starfinu á öllum deildum Barnaspítalans.

Markmið námsins er að læknanemar fái staðgóða þekkingu á barnalæknisfræði. Verklega námið miðast við að læknanemar fái góða reynslu í að skoða, umgangast og sjúkdómsgreina veik börn og gera tillögur um rannsóknir og meðferð.
Í upphafi námsins fá stúdentar gögn í hendur varðandi fyrirkomulag námsins, þ.m.t. fyrirlestrarskrá, lýsingu á fyrirkomulagi námsins o.fl. Nemendum er einnig bent á heimasíðu Barnaspítala Hringsins.
Próf: Fjórum sinnum á vetri Gefin er ein einkunn sem samanstendur af 80% prófseinkunn og 20% verkelgri einkunn.

**LÆK509G • Augnsjúkdómafræði • (4e) • Haust & vor • 12f + 8v**
Umsjónarkennari: Einar Stefánsson Prófessor
Kennari: Friðbert Jónasson Prófessor
Efni fyrirlestra samkvæmt fyrirlestraskrá. Verkleg kennsla í augnskoðunarstofum á göngudeild augndeildar við Eiríksgötu 37, Augnlæknar Reykjavíkur og Sjónstöð Íslands, Hamrahlíð 17, Lasersjón,Ármúla, Sjónlagi Spönginni 39.. Verkleg kennsla (4 hálfir dagar)verður auglýst við byrjun námskeiðs. Skyldumæting í verklega tíma.
Skriflegt próf.

**LÆK510G • Erfðalæknisfræði • (4e) • Haust • 20f + 9v**
Umsjónarkennari: Reynir Arngrímsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á aðferðafræði við greiningu erfðasjúkdóma og meðfæddra galla og hvernig erfðaþættir stuðla að ýmsum algengum sjúkdómum. Megin áhersla er lögð á hagnýtingu þessarar þekkingar í daglegu starfi lækna og að lagður sé grundvöllum að því að nemendur geti fylgst með örri þróun á sviði erfðalæknisfræði og erfðatækni. Námsefni er bygging og starfsemi gena. Genakortlagning og erfðatölfræði. Lífefna- og sameindaerfðafræði valinna erfðasjúkdóma. Litningar, litningagallar og erfðasjúkdómaleit. Grundvallaratriði margþátta- og fjölgena erfðir kynnt, m.a. til skilnings á meðfæddum sjúkdómum, erfðafræði hjarta- og æðasjúkdóma og krabbameins. Kynnt verða valinn erfðaheilkenni og notkun gagnabanka við greiningu þeirra. Meðferðarmöguleikar erfðasjúkdóma. helstu erfðasjúkdómar á Íslandi kynntir og sýnd dæmi um fósturgreiningar. Lögð er áhersla á erfðaráðgjöf og eftirlit einstaklinga í áhættuhópum, ásamt umræðum um siðferðilega þætti sem vakna við rannsóknir og greiningu erfðasjúkdóma og meðfæddra eiginleika. (http://www.hi.is/nam/lifsam/Sameindadeild/Reynir/namskeid.htm)Forkröfur: Fyrir nemendur í læknadeild LÆK102G Líffærafræði I, LÆK209G Lífefna- og sameindalíffræði A og LÆK210G Lífefna- og sameindalíffræði B. Fyrir nemendur í raunvísindadeild: LÍF206G Frumulíffræði, LÍF302G Erfðafræði og LÍF411G Sameindaerfðafræði. Fyrir nemendur í hjúkrunarfræðideild: LEF101G Lífefnafræði H, HJÚ203G Lífeðlisfræði og frumulíffræði og HJÚ1205G Fósturfræði.
Próf í lok námskeiðs.

**LÆK510G • Erfðalæknisfræði • (4e) • Vor • 20f + 9v**
Umsjónarkennari: Reynir Arngrímsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á aðferðafræði við greiningu erfðasjúkdóma og meðfæddra galla og hvernig erfðaþættir stuðla að ýmsum algengum sjúkdómum. Megin áhersla er lögð á hagnýtingu þessarar þekkingar í daglegu starfi lækna og að lagður sé grundvöllum að því að nemendur geti fylgst með örri þróun á sviði erfðalæknisfræði og erfðatækni. Námsefni er bygging og starfsemi gena. Genakortlagning og erfðatölfræði. Lífefna- og sameindaerfðafræði valinna erfðasjúkdóma. Litningar, litningagallar og erfðasjúkdómaleit. Grundvallaratriði margþátta- og fjölgena erfðir kynnt, m.a. til skilnings á meðfæddum sjúkdómum, erfðafræði hjarta- og æðasjúkdóma og krabbameins. Kynnt verða valinn erfðaheilkenni og notkun gagnabanka við greiningu þeirra. Meðferðarmöguleikar erfðasjúkdóma. helstu erfðasjúkdómar á Íslandi kynntir og sýnd dæmi um fósturgreiningar. Lögð er áhersla á erfðaráðgjöf og eftirlit einstaklinga í áhættuhópum, ásamt umræðum um siðferðilega þætti sem vakna við rannsóknir og greiningu erfðasjúkdóma og meðfæddra eiginleika. (http://www.hi.is/nam/lifsam/Sameindadeild/Reynir/namskeid.htm)Forkröfur: Fyrir nemendur í læknadeild LÆK102G Líffærafræði I, LÆK209G Lífefna- og sameindalíffræði A og LÆK210G Lífefna- og sameindalíffræði B. Fyrir nemendur í raunvísindadeild: LÍF206G Frumulíffræði, LÍF302G Erfðafræði og LÍF411G Sameindaerfðafræði. Fyrir nemendur í hjúkrunarfræðideild: LEF101G Lífefnafræði H, HJÚ203G Lífeðlisfræði og frumulíffræði og HJÚ1205G Fósturfræði.
Próf í lok námskeiðs.

**LÆK513G • Líffærafræði innri líffæra • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hannes Petersen Dósent
Líffærafræði innri líffæra. Í fyrirlestrum er farið yfir líffæri brjósts, kviðar og grindarhols. Sjá nánar í fyrirlestrarskrá í upphafi námskeiðs.

**LÆK601G • Heilbrigðisfræði • (3e) • Haust**
Umsjónarkennari: Vilhjálmur Rafnsson Prófessor
Kennari: Laufey Tryggvadóttir
Kennari: Sigurður Thorlacius Dósent
Kennari: Haraldur Briem Dósent
Í fyrirlestrum er staða faraldsfræðinnar sem vísindagreinar skýrð, svo og staða hennar meðal kennslugreina læknadeildar. Fræðigreinin er skilgreind. Grundvallarhugtök, lýsandi og greinandi faraldsfræði eru útskýrð og farið í dæmi um notkun þeirra. Þekkingarforði faraldsfræði kynntur og einstökum atriðum hans lýst með dæmum. Heilbrigðisfræði fjallar um hvernig heilsuvernd, umhverfi, lífsvenjur og erfðir hafa áhrif á heilbrigði fólks. Hún fjallar einnig um umhverfisvernd, atvinnuheilsuvernd, manneldi og smitsjúkdómavarnir. Markmið kennslunnar er að efla þekkingu á efninu og kynna nauðsynlega aðferðafræði, sem leitt getur til bætts heilsufars hópsins. Helstu hugtök félagslæknisfræði og heilsuhagfræði eru kynnt. Fjallað er um íslenska heilbrigðiskerfið og stjórnun heilbrigðismála. Í verklegu eru vísindagreinar úr fögunum skoðaðar og ræddar í fjögurra eða fimm manna hópum.
Skriflegt próf.

**LÆK602G • Krabbameinslæknisfræði - verkleg • (2e) • Haust • 7f + 2v**
Umsjónarkennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Samkvæmt sérstöku skema Námskeiðstilhögun: Fyrirlestrar Verklegar æfingar - Verkefnavinna og viðtalstækni Kynning læknanema á verkefnum Fyrirlestrar: Ekki er farið yfir einstaka sjúkdóma í fyrirlesturm heldur er meira lagt upp úr almennri nálgun og meira lagt upp úr þeim fræðilega bakgrunni sem tengist krabbameinslækningum. Fjöldi fyrirlestra er 14-16. Verkefnavinna: Læknanemar fá hópverkefni (3 í hópi). Verkefnin eru þríþætt, eitt fræðilegt og síðan tiltekin klínísk vandamál sem á að leysa. Hægt er að vinna að verkefnum á Krabbameinsmiðstöð-LSH, en þar er vinnuaðstaða og aðgangur að tölvum. Lesefni og önnur kennslugögn verða lögð fram eftir aðstæðum. Á

heimasíðu Krabbameinsmiðstöðvar-LSH (http://km.lsh.is) hafa læknanemar aðgang að kennsluefni undir efnisflokknum kennsla. Þar er að finna kynningu á námskeiði, safn fyrirlestra og lykilgreina sem eru flokkaðar eftir helstu efnisflokkum. Námskeið í viðtalstækni: Er haldið í húsnæði Krabbameinsmiðstöðvar-LSH. Átta til tíu læknanemar eru á hverju viðtalsnámskeiði, sem tekur 4-5 klukkutíma. Námskeiðið fer þannig fram að sérhver læknanemi fær hlutverk bæði sem læknir og sem sjúklingur eða ættingi sjúklings. Tekin eru fyrir vandamál eins og að tilkynna sjúklingi að hann sé með krabbamein, ræða takmörkun meðferðar og tilkynna um andlát. Öll viðtöl eru tekin upp á myndband og síðan fjallað um það sameiginlega á uppbyggilegan hátt. Kynning læknanema: Kynningin er munnleg og hefur hver hópur um 30 mínútur til umráða og tekur öll kynningin um 7 klukkutíma. Allir læknanemar eiga að taka þátt og nokkrir krabbameinslæknar verða viðastaddir og taka þátt í umræðum eftir aðstæðum. Ennfremur þarf að skila verkefnum sem PowerPoint skjali.
Ekki er prófað sérstaklega, en það er 95% skyldumæting á námskeið í viðtalstækni og allir þurfa að skila inn verkefnum. Prófað er í krabbameinslækningum sem hluti af lyflæknisfræði og ennfremur geta komið spurningar sem tengjast námsefni í skurðlækningum.

**LÆK603G • Réttarlæknisfræði • (3e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þóra Steinunn Steffensen
Umsjónarkennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Kennslutími: haustmisseri. Verklegar æfingar í réttarkrufningu eftir nánara umtali.
Skriflegt próf.

**LÆK604G • Eiturefnafræði • (2e) • Haust • 7f**
Umsjónarkennari: Jakob L Kristinsson Dósent
Tilgangur námskeiðsins er að kynna nemendum algengar eitranir, sem koma til meðferðar á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hér á landi og helstu úrræði við meðferð þeirra. Námskeiðið er kennt samtímis og í nánum tengslum við námskeið í bráðalæknisfræði.
Skriflegt próf.

**LÆK605G • Endurhæfingarfræði • (2e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gísli Einarsson Lektor
Endurhæfingarfræðin fjallar um skipulagða og marksetta þjónustu fyrir sjúklinga með tímabundna eða varanlega skerðingu á líkamlegri og andlegri færni eftir sjúkdóma og slys. Áhersla er lögð á þátt lækna í samvinnu heilbrigðisstétta um framvindu endurhæfingarferla.
Skriflegt próf.

**LÆK606G • Bráðalækningar / Göngu og utanspítalaþjónusta • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ragnhildur Steinbach Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Helgi Sigurðsson Prófessor
Umsjónarkennari: Brynjólfur Árni Mogensen Dósent
Lengd 3 vikur. Námskeið þar sem lögð er lokaáhersla á kennslu í bráðalækningum með sérstökum áherslum á tengingu við eiturefnafræði. Í námskeiðinu er annars vegar lögð áhersla á að nemendur hafi kunnáttu til að bregðast við bráðatilvikum á vetvangi og inni á stofnunum. Í annan stað er skipulögð viðvera á göngudeildum og stofum sérfræðinga.
Sérstakt próf í eiturefnafræði og bráðalækningum en að öðru leyti umsögn og full mætingarskylda.

**LÆK607G • Stjórnun og gæðamál • (2e) • Haust**
Kennari: Sigurður Thorlacius Dósent
Kennari: María Heimisdóttir
Þriggja vikna tímabil þar sem um er að ræða lokayfirferð í ýmsum sérstökum praktískum vandamálum er snúa að læknisstarfinu í heild. Þannig er sérstakur tími í endurhæfingu og krabbameinslæknisfræði en auk þess er fjallað um lyfjafyrirmæli, atvikaskráningu og sérstakur kúrs er um gæðastjórnun, almenna stjórnun sem og þátttöku í teymi.
Sérstök próf eru í endurhæfingarfræði en að öðru leyti er sérstakt stöðupróf í lok námskeiðs.

**LÆK608G • Valnámskeið • (24e) • Vor**
Umsjónarmaður: Tómas Guðbjartsson
Valnámskeið - Lokapróf í klínískum greinum læknisfræðinnar Skipulegt valnámskeið í læknanámi er á vormisseri 6. árs. Heildartími fyrir námskeiðið er 12 vikur. Hægt er að skipta þessum 12 vikum upp í 4 og 8 vikur eða þrjár 4 vikna blokkir, t.d. á mismunandi deildum. Jafnframt kemur til greina að blanda saman rannsóknum og klínísku námi. Nám fer fram undir umsjón sérstaks handleiðara hverju sinni. Í lok valnámskeiðsins eru 4 vikur sem ætlaðar eru til undirbúnings fyrir lokapróf (CCSE-próf) í klínískum greinum læknisfræðinnar. Valnámskeiðið er fyrst og fremst ætlað til að gefa nemendum kost á að því að víkka sjóndeildarhring sinn með því að velja sér greinar eða áhugasvið sem þeir vilja kynna sér nánar eða sem þeim finnst skorta á að þeir hafi kynnst í námi sínu í læknadeild. Val er ekki bundið við klíníska læknisfræði, heldur geta nemendur einnig unnið að vísindarannsóknum, tekið námskeið í öðrum deildum Háskóla Íslands eða í háskólum í öðrum löndum. Handleiðarar sjá um að setja fram marklýsingu fyrir hvern nemanda. Marklýsingin er gerð í nánu samráði við nemandann og sér nemandinn um að skila henni til umsjónarkennara námskeiðsins á tilsettum tíma. Umsjónarkennarinn tekur síðan í samráði við kennsluráð og kennslustjóra afstöðu til þess hvort samþykkja eigi verkefnið og marklýsinguna og hvort námið standist kröfur læknadeildar. Röðun nemenda í valnámskeið fer fram að hausti (2009). Æskilegt er að nemendur sýni frumkvæði og leggi sjálfir drög að því hvernig valnámskeið þeirra er skipulagt. Ef margir nemendur sækja um sömu verkefni eða nám innan sömu sérgreina á LSH, verður dregið um þau. Fyrir þá nemendur sem ekki hafa orðið sér úti um verkefni sjálfir munu liggja frammi listar frá læknadeild. Þar verður að finna valkosti sem læknadeild hefur safnað saman, í flestum tilvikum verkefni frá kennurum deildarinnar. Stefnt er að því að þessir listar liggi frammi í lok vormisseris á 5. ári. Ekki er gert ráð fyrir sérstöku prófi að loknum þessum 12 vikna valtíma. Mat á framistöðu nemenda byggir á umsögnum umsjónarkennara. Gefnar eru eftirfarandi umsagnir; ófullnægjandi (fall), góð eða ágæt frammistaða. Valnámskeiðið er hluti af skipulegu námi í læknadeild og er úthlutað 6 einingum fyrir hverjar 4 vikur eða samtals 24 einingum. Síðustu 4 vikurnar af þeim 16 sem sem eru á vormisseri gefa sömuleiðis 6 einingar. Eins og áður kom fram eru þær nýttar fyrir CCSE-próf læknanema. Vormisserið telur því samtals 30 einingar og fullu læknanámi er ekki lokið fyrr en tilskyldum einingum er náð (360 einingar). Dr, Tómas Guðbjartsson aðjúnkt er umsjónarkennari valnámskeiðs 6. árs í læknisfræði
Ekki er gert ráð fyrir sérstöku prófi að loknum þessum 12 vikna valtíma. Mat á framistöðu nemenda byggir á umsögnum umsjónarkennara. Gefnar eru eftirfarandi umsagnir; ófullnægjandi (fall), góð eða ágæt frammistaða.

**LÆK609G • CCSE-próf • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Kristján Erlendsson Dósent
Umsjónarmaður: Tómas Guðbjartsson
Í lok valnámskeiðsins eru 4 vikur sem ætlaðar eru til undirbúnings fyrir lokapróf (CCSE-próf) í klínískum greinum læknisfræðinnar.

**LÆK610G • Lagaskeið • (0e) • Haust • 15f**
Viku námskeið um lög og reglur er tengjast læknisstarfi. Einnig ætlað læknum með erlend læknapróf.
Próf: Hluti af réttarlæknisfræðiprófi.

**LÆK611G • Svæfingalæknisfræði • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Þuríður Pálsdóttir Deildarstjóri
Umsjónarkennari: Gísli Heimir Sigurðsson Prófessor
Kennari: Sigurbergur Kárason Dósent
Fyrirlestrar:
Helstu lyf og aðferðir við svæfingar og deyfingar.
Meðferð sjúklinga fyrir og eftir skurðaðgerðir/svæfingar.
Vökva- og electrolytajafnvægi og postop verkir.
Greining og meðferð á öndunarbilun - losti - hjartastoppi.
Verkleg kennsla fer fram á:
Landspítali Háskólasjúkrahús við Hringbraut: umsjón Gísli H Sigurðsson, prófessor, Alma D Möller aðjúnkt og Kári Hreinsson, sérfræðingur.
Landspítali háskólasjúkrahús í Fossvogi: umsjón Sigurbergur Kárason dósent og Jóhanna Sigurjónsdóttir sérfræðingur.
Sjúkrahúsi Akraness, umsjón: Björn Gunnarsson yfirlæknir.
Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, umsjón: Girish B.Hirlekar, yfirlæknir.
Aðrir læknar Svæfinga og gjörgæsludeildar LSH, SA og FSA taka einnig þátt í bóklegri og verklegri kennslu.
Í verklega náminu er lögð megináhersla á undirstöðuatriði í svæfinga og gjörgæslulækningum: klíniskri skoðun, mati á heilbrigðisástandi sjúklings fyrir skurðaðgerð (risk management), þjálfun í að halda öndunarvegum opnum og setja nál í æð. Ennfremur mat á vökva og blóðtapi í og eftir skurðaðgerð - verkjameðferð eftir skurðaðgerðir. Mat - meðferð á alvarlega veikum/slösuðum sjúklingum á gjörgæslu undir handleiðslu deildarlækna og sérfræðinga. Krafist er að stúdentar fylgist með a.m.k. einum sjúklingi sem fer í skurðaðgerð og a.m.k. einum gjörgæslusjúklingi. Stúdentar skiptast á um að vera á sjúkrahúsinu á vöktum. Mætingarskylda í verklegu er 100%.
Munnlegt próf að loknu verklegu námskeiði. Nemendur fá átta mismunandi verkefni, bókleg og verkleg, og eru prófuð af fjórum mismunandi prófurum. Heildareinkunn byggist 60% á prófinu og 40% á framistöðu í verklegu.

**LÆK612G • Heimilislæknisfræði • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhann Ágúst Sigurðsson Prófessor
Kennari: María Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Emil Lárus Sigurðsson Dósent
Kennari: Bryndís Benediktsdóttir Dósent
Marklýsing
Heilsugæslan getur sinnt um 95% allra vandamála fólks sem leitar eftir heilbrigðisþjónustu. Þessi vandamál sjást sjaldan innan veggja sjúkrahúsa. Heilsugæslan byggir því á eigin þekkingargrunni, færni, viðhorfum, mannauði og starfsaðstöðu til þess að sinna hlutverki sínu. Fjallað er um algengustu heilsufarsvandamál og önnur viðfangsefni heilsugæslunnar og vinnuaðferðir. Kennd verða undirstöðuatriði klíniskrar skoðunar, vandaliðuð sjúkrasaga, klínísk færni og viðhorf við greiningu og vandalausn, heilsuverndarstarf og teymisvinna. Stúdentar tala við og skoða sjúklinga og setja fram greiningu og áætlun um meðferð. Þeir munu taka þátt í heilsuverndarstarfi, s.s. skólaskoðunum, mæðravernd og ungbarnaeftirliti með læknum og hjúkrunarfræðingum eftir því sem kostur er.
Kennsla
Fræðilegt nám fer fram í fyrirlestrum og hópkennslu í minni vinnubúðum (group based learning). Aðalþættir fræðilega hlutans beinast að læknisfræðilegri kunnáttu og viðhorfum. Kunnáttan getur til dæmis verið fólgin í því að læra að afla sér og nýta nýjustu þekkingu í meðferð á háþrýstingi eða þvagfærasýkingu. Síðarnefnda markmiðið, viðhorfin, skiptir þó sköpum fyrir heimilislækningar. Hér er t.d. átt við að námslæknirinn stefni að því að verða sérfræðingur í einstaklingnum sjálfum, en ekki líffærum eða ákveðnu aldursskeiði, að læknirinn noti tímann sem tæki til greiningar vandamála og öðlist heildarsýn á einstaklingnum sem félagsveru, hluta af fjölskyldu, samfélagi og umhverfi. Fræðilegum hluta er síðan fylgt eftir með verklegu starfsnámi í þrjár vikur á heilsugæslustöð á höfuðborgarsvæðinu og einni viku á heilsugæslustöð úti á landi undir leiðsögn reynds leiðbeinanda.
Starfsþjálfun á heilsugæslustöð beinist að því að námslæknirinn öðlist ákveðna klíniska færni, svo sem í samtölum við sjúklinga, viðeigandi úrlausnum, eða að sauma sár svo eitthvað sé nefnt.
Skriflegt próf í september gildir 50%. Verkleg einkunn gildir 50%.

**SJÚ101G • Inngangur að sjúkraþjálfun og siðfræði • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þjóðbjörg Guðjónsdóttir Lektor
**Lýsing á námskeiði og markmiðum**
Námskeiðið er tvískipt. Annar hluti námskeiðsins fjallar um siðfræði og hinn hlutinn er inngangur að sjúkraþjálfun.
Í inngangi að sjúkraþjálfun er að kynna sjúkraþjálfunarfræðina og hin ýmsu sérsvið sjúkraþjálfunar. Farið verður í þróun fagsins, fræðilegan ramma og fagmennsku. Rætt verður um helstu strauma og stefnur í greininni í dag, stöðu sjúkraþjálfara í þjóðfélaginu og horft til framtíðarinnar.
Kennari:Björg Guðjónsdóttir
Í siðfræðihluta námskeiðsins er sjálfstæði nemenda eflt á þann hátt að þeir temji sér að ígrunda skoðanir sínar. þar sem skoðanir okkar eru lykilatriði varðandi þær ákvarðanir sem við tökum, hvort heldur það er í daglegu lífi eða í námi og starfi er lögð áhersla á gagnrýna hugsun. Þá verður veitt innsýn í helstu kenningar í siðfræði, hugað að rökstuðningi fyrir þeim og gagnrýni á þær. Skerpt verður á meðvitund um þau lögmál sem liggja til grundvallar mannlegum samskiptum og breytni.
Kennari: Bryndís Valsdóttir
Vinnulag
Námskeiðið samanstendur af fyrirlestrum, umræðum, sýnikennslu og verkefnavinnu.

Siðfræði: Skriflegt próf (40%) Inngangur að sjúkraþjálfun: skriflegt próf (45%) og verkefni (15%) Nemendur verða að ná lágmarkseinkunn í hvorum prófhluta til að standast námskeiðið.

**SJÚ102G • Frumulífeðlisfræði • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarkennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Kennari: Guðrún Valgerður Skúladóttir Vísindamaður
Kennari: Logi Jónsson Dósent
Kennd eru helstu undirstöðuatriði í efnafræði, lífefnafræði og erfðafræði sem nauðsynleg eru nemendum fyrir frekara nám í lífeðlisfræði og sjúkraþjálfunarfræðum. Kennd verður uppbygging og starfsemi fruma og samskipti þeirra á milli.
Einkunn fyrir frammistöðu í umræðutímum og einkunn fyrir skriflegt próf. Lágmarkseinkunn 5,0 þarf að ná í báðum þáttum.

**SJÚ201G • Hreyfingafræði • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Kristín Briem Lektor
**Námskeiðið skiptist í lífaflfræði (50%) og starfræna líffærafræði (50%).**

- Grunnhugtök lífaflfræðinnar verða kynnt og fjallað um áhrif þyngdarkrafts, krafta og vægis á líkamannn/líkamshluta sem ósveigjanlegs hlutar. Fjallað verður um eiginleika hreyfinga mannslíkamans með tilliti til vöðvavinnu og ytri krafta. Kynntir verða lífaflfræðilegir eiginleikar vefja sem sveigjanlegs hlutar.
- Í starfrænni líffærafræði verður fjallað um hreyfingar í einstökum liðamótum og vöðvavinnu við mismunandi hreyfingar, einnig verða tekin dæmi um samsettar hreyfingar tengdar daglegri færni. Grundvallaratriði varðandi líkamsvitund og líkamsstöðu verða kennd, sem og grunnhugtök tengd vöðvavinnu, hreyfimunstri liða og liðspili.

Nauðsynlegur grunnur undir þetta námskeið er góð þekking í líffærafræði. Námskeiðið nýtist sem undanfari námskeiða í þjálffræði, hreyfistjórnun og -greiningu, sjúkdóma- og sjúkraþjálfunarfræði.
Skriflegt próf skiptist í lífaflfræði og starfræna líffærafræði. Nemendur þurfa að ná báðum prófhlutum.

**SJÚ202G • Verkleg færni • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Vala Björnsdóttir Lektor
Kennari: Svava Sigurðardóttir
Kennari: Anna Sylvía Sigmundsdóttir
Fræðilegur grunnur fyrir mjúkvefjameðferð í lækningaskyni er kynntur fyrir nemendum í fyrirlestraformi. Farið er í gegnum mismunandi ástand vefja og greiningu auk þess sem farið er í grundvallaratriði við val á mjúkvefjameðferðum. Í verklegum tímum er æfð færni í helstu hefðbundnum handtökum sem beitt er við mjúkvefjameðferð m.a. þrýstipunktameðferð, hreyfinuddi og "myofascial release". Helstu líffærafræðilegu kennileiti eru fundin og þreifuð. Sérstaklega er kennt um líkamsbeitingu við vinnu sem sjúkraþjálfari og áhersla lögð á að nemendur beiti sér vel í verklegum tímum.
Verklegt og munnlegt próf í lok námskeiðs er 100% sem skiptist í verklega færni (75%) og fræðilegan grunn (25%).

**SJÚ203G • Lífeðlisfræði tauga og vöðva • (8e) • Vor**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarkennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Kennari: Logi Jónsson Dósent
Kennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Lífeðlisfræði tauga, vöðva, beina og annarra bandvefja og áhrif hreyfingarleysis, áreynslu og þjálfunar á þá. Skynjunarlífeðlisfræði með áherslu á jafnvægisskynjun og sársauka, viðbragðsboga, stjórn hreyfinga og EMG.
Einkunn fyrir skýrslu og frammistöðu í verklegum tímum (30%). Einkunn fyrir skriflegt próf (70%).

**SJÚ301G • Hreyfistjórn og hreyfigreining • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: María Þorsteinsdóttir Dósent
Kennari: Þjóðbjörg Guðjónsdóttir Lektor
**Markmið:**
Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur þrói með sér skilning og þekkingu á hreyfivísindum og tengslum þeirra við sjúkraþjálfun. Fjallað er um helstu kenningar um hreyfistjórn og hreyfinám og hvernig kenningar hafa áhrif á nálganir við greiningu hreyfinga og þjálfun. Áhersla er á kerfakenningu og verkefnamiðaða nálgun og undirstrikað hvernig nýta beri vitneskju úr hreyfivísindum til að undirbyggja sérhæfa skoðun og meðferð í sjúkraþjálfun. Athygli er einkum á að skoða eiginleika starfrænna hreyfinga mannsins, einkum daglegar hreyfiathafnir sem fela í sér að koma sér um, hafa stjórn á jafnvægi og beita höndunum til ýmissa verka. Skoðuð er eðlileg framkvæmd hreyfiathafna og forsendur að baki hennar auk þess sem sértækar kröfur hvers verks, umhverfis og aðstæðna eru greindar. Fjallað er um í hverju færni í hreyfiathöfnum felst og hvaða breytingar sjást við þjálfun. Breytingar á hreyfistjórn tengdar þroska og aldri eru sömuleiðis kannaðar og dæmi tekin um frávik vegna sjúkdóma og slysa. Nemendur eiga að ná færni í að greina hreyfingar með því að horfa en líka með notkun mælitækja. Farið verður í helstu aðferðir til að mæla hreyfingar, allt frá kvörðum um hreyfigetu til mælinga á starfrænum athöfnum og undirþáttum þeirra. Að lokum er farið í helstu atriði sem varða hreyfinám og þætti sem hafa áhrif á það.
Skriflegt próf 40%. Vísindalegar ritgerðir 1) 5%, 2) 15% Fjögur verkefni munnl. flutn og/eða skrifleg, samtals 40%.

**SJÚ302G • Þjálffræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Árni Árnason Dósent
Kennari: Jón Þór Brandsson
Markmið: Auka þekkingu nemenda á aðferðum við þjálfun mismunandi þátta. Kenna aðferðir og tækni við grunnskoðun og ýmsar mælingar tengdar þjálfun.
Innihald námskeiðs: Námskeiðið skiptist í þjálffræði og grunnskoðun. Í þjálffræði hlutanum verða helstu aðferðir innan þjálffræðinnar kynntar. Fjallað verður um markmiðssetningu einstaklinga og hópa, skipulag þjálfunar með tilliti til markmiða, uppsetningu og útfærslu æfingaprógramma og stignun í þjálfun. Farið verður yfir helstu aðferðir við þjálfun styrks, liðleika og þols, en einnig verður komið inn á þjálfun sprengikrafts, hraða og tækni. Kynntir verða helstu þættir ofþjálfunar og þjálfun í vatni. Í grunnskoðunar hlutanum verða kenndar aðferðir við mælingar og mat á styrk og liðleika, tilfinningu í enda hreyfiferils (end-feel), aðferðir við að meta algenga reflexa o.fl.

Kennsla: Fyrirlestrar, verklegir tímar, verkefni.
Lokapróf skiptist í skriflegt próf 40% og verklegt próf 30%. Auk þess gilda verkefni 30% af lokaeinkunn. Ná þarf öllum hlutum námskeiðsins.

**SJÚ303G • Rafmagnsfræði • (8e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sigrún Vala Björnsdóttir Lektor
Kennari: Baldur Þorgilsson
Kennari: Axel Örn Bragason
Námskeiðið er tvískipt. Í öðrum hluta þess eru grunnatriði í eðlisfræði rafmagns kennd. Farið er í uppbyggingu efnis, bylgjur og hljóð, rafsvið, segulsvið, krafta, spennu og strauma. Einnig er fjallað um ljósfræði og varmafræði. Sérstaklega er farið í eðlisfræðina á bak við þau rafmagnstæki sem notuð eru innan sjúkraþjálfunar og öryggisatriði varðandi rafmagnsnotkun.
Í hinum hluta námskeiðsins er farið yfir fræðilegan bakgrunn þeirra rafmagnstækja sem notuð eru í sjúkraþjálfun og lífeðlisfræðileg áhrif þeirra á vefi líkamans. Einnig verða kennd lífeðlisfræðileg áhrif hita- og kælimeðferða. Nemendur eru þjálfaðir í notkun ýmiss konar rafmagnsmeðferðar sem miðast að því að draga úr einkennum sem áhrif hafa á færni einstaklingsins. Kennd verður ábending og frábending þeirra rafmagns- og hita/kuldaaðferða sem notaðar eru í sjúkraþjálfun. Farið er sérstaklega í jákvæð og neikvæð viðbrögð líkamans við meðferðunum. Kennd er raförfun og notkun SD-kúrfa. Lögð er áhersla á sannreynda nálgun og gagnrýna notkun meðferðanna.
Skriflegt próf í eðlisfræðihluta gildir 25% af heildareinkunn. Rafmagnsmeðferð gildir 75% af heildareinkunn og skiptist til helminga í skriflegt og verklegt próf. Nemendur verða að ná lágmarkseinkunn (5,0) í öllum þremur hlutunum til að standast námskeiðið

**SJÚ304G • Mælingar og tölfræði í sjúkraþjálfun • (4e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarkennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Kennd eru grunnatriði varðandi mælingar og úrvinnslu í lýsandi tölfræði. Þá verður farið í einföld próf í ályktunartölfræði og sérstök áhersla lögð á mat á réttmæti og áreiðanleika mælinga.Kennd eru grunnatriði varðandi mælingar og úrvinnslu í lýsandi tölfræði. Þá verður farið í einföld próf í ályktunartölfræði og sérstök áhersla lögð á mat á réttmæti og áreiðanleika mælinga.
Einkunn gefin fyrir verkefi unnin í tölvuverstímum (40%), sjálfstæð verkefni (30%) og skriflegt próf (30%).

**SJÚ401G • Almenn sjúkraþjálfunarfræði • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þjóðbjörg Guðjónsdóttir Lektor
**Innihaldslýsing**
Farið er í meðferðarferli sjúkraþjálfara og áhersla lögð á nauðsyn klínískrar rökhugsunar við greiningu og meðferð á vandamálum sjúklinga. Farið verður í töku sjúkra- og félagssögu, skoðun á sjúklingi sem og hvernig niðurstöður upplýsinga úr sögu og skoðun eru dregnar saman. Grundvallaratriði í setningu markmiða í sjúkraþjálfunarmeðferð eru kynnt, þar sem áhersla er lögð á að setja færnimiðuð markmið í samvinnu við sjúklinginn. Farið er í mikilvægi endurmats á stöðu sjúklingsins eftir ákveðin tímamörk til að endurskoða meðferð. Skýrslugerð og skráning dagnóta eftir sérstöku formi (SOAP) verður kennd.
**Vinnulag**
Námskeiðið samanstendur af fyrirlestrum, umræðum, sýnikennslu og verkefnavinnu.
Einkunnir ráðast af verkefni og prófi. Próf gildir 50% og verkefni 50%. Nemendur verða að ná lágmarkseinkunni í hvorum hluta fyrir sig (verkefni og prófi) til að standast námskeiðið.

**SJÚ402G • Sjúkraþjálfunar- og sjúkdómafræði stoðkerfis • (14e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristín Briem Lektor
Kennari: Gunnhildur Ottósdóttir
Kennari: Halldór Jónsson Prófessor
Kennari: Björn Guðbjörnsson Dósent
Kennari: Þorvaldur Ingvarsson Dósent
Kennari: Harpa Hrönn Sigurðardóttir
Fjallað verður um eðli helstu sjúkdóma, álagseinkenni og áverka í stoðkerfi og áhrif þeirra á færni; m.a. áverka á vöðva, liði, liðumbúnað og bein, gigt, aflimanir og gerviliðaísetningar. Kennd verður skoðun og greining hreyfifrávika í útlimum, mjaðmagrind, hrygg og kjálka, og farið yfir viðeigandi úrræði sjúkraþjálfunar við hæfingu og endurhæfingu. Kennslan er í formi fyrirlestra, verklegra tíma og verkefnavinnu, með það fyrir augum að nemandi þjálfist í að beita klínískri rökhugsun í mati og greiningu á starfrænum þáttum stoðkerfis, markmiðssetningu og meðferð.
Í námskeiðinu verður miðað við ICF (International Classification of Functioning, Disability and Health) líkanið og heildarnálgun við skoðun og meðferð.
Nauðsynlegur grunnur undir þetta námskeið er góð þekking í líffærafræði, starfrænni líffærafræði, þreifingu, lífeðlisfræði, hreyfingafræðum, almennri sjúkraþjálfunarfræði og grunnskoðun stoðkerfis.
Lokapróf skiptist í: a) Skriflegt próf í sjúkraþjálfunar- og sjúkdómafræði bæklun ásamt sjúkraþjálfunar- og sjúkdómafræði gigt (vægi 31%). b) Verklegt og skriflegt próf í sjúkraþjálfunarfræði útlimaliða (vægi 35%). c) Verklegt próf í sjúkraþjálfunarfræði hryggjar (vægi 30%). Ná þarf öllum prófhlutum.

**SJÚ403G • Sjúkraþjálfunar- og sjúkdómafræði taugakerfis • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þjóðbjörg Guðjónsdóttir Lektor
Kennari: María Þorsteinsdóttir Dósent
**Innihaldslýsing**
Fjallað verður um eðli helstu sjúkdóma og áverka í taugakerfi og áhrif þeirra á byggingu líkamans, hreyfistjórn, færni og þátttöku í samfélaginu hjá börnum og fullorðnum. Rætt er um möguleika taugakerfis til aðlögunar. Hugmyndafræði að baki sjúkraþjálfun verður kynnt í sögulegu samhengi. Skoðun, mat og meðferð á hreyfifrávikum, breytingum í stoðkerfi og skertri færni verður kennd bæði fræðilega og verklega. Kynntar verða leiðir til að stuðla að aukinni þátttöku sjúklinga í samfélaginu út frá forsendum hvers og eins í þeim aðstæðum sem hann býr við. Nýjasta vitneskja í hreyfivísindum, heildarnálgun og ICF líkanið verður haft að leiðarljósi í þessu námskeiði.
**Vinnulag**
Námskeiðið samanstendur af fyrirlestrum, umræðum, sýnikennslu og verkefnavinnu.
Einkunnir ráðast af verkefnum og skriflegu prófi. Barnaverkefni gilda 15% af heild og verkefni í fullorðinshluta gilda 10%. Skriflegt próf

skiptist í þrennt: Taugajúkdómafræði fullorðinna 20% Taugasjúkraþjálfunarfræði fullorðinna 30% Taugasjúkdóma- og sjúkraþjálfunarfræði barna 25% Nemendur verða að ná lágmarkseinkunn í öllum prófhlutum til að standast námskeiðið.

**SJÚ404G • Meinafræði • (4e) • Vor**
Umsjónarmaður: Svandís J Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Sigfús Þór Nikulásson Lektor
Fjallað er um frumu- og vefjabreytingar við ýmis konar áreiti, afleiðingar frumuskemmda, bólguviðbrögð, græðslu og viðgerð, ónæmisviðbrögð, ofvöxt og eðli æxlisvaxtar.
Einnig er fjallað um sýkingar og smitgát: sveppa- og sníkjudýrasýkingar, bakteríusýkingar og veirusýkingar.
Skriflegt próf (100%)

**SJÚ501G • Undirbúningur fyrir klínískt nám • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigrún Vala Björnsdóttir Lektor
Kennari: Þjóðbjörg Guðjónsdóttir Lektor
Kennari: Steinunn Unnsteinsdóttir
Kennari: Guðný Jónsdóttir
Kennari: Atli Ágústsson
- Lausnaleitarnám er notað til að æfa klíníska rökhugsun þar sem fléttað er saman grundvallarhugmyndum og aðferðum sem notaðar eru innan sjúkraþjálfunar við meðhöndlun sjúklinga. Farið er ítarlega í meðferðarferli sjúkraþjálfara, skráningu og skýrslugerð. Þjálfuð er notkun gagnreyndra aðferða í sjúkraþjálfun og gerð krafa um færnimiðuð markmið. ICF líkanið er lagt til grundvallar.
- Fjallað er um nemahlutverk í klínísku námi og samskipti við klíníska kennara, aðra sjúkraþjálfara, heilbrigðisstarfsmenn og sjúklinga. Fjallað er um hlutverk sjúkraþjálfara í teymisvinnu. Nemendur eru þjálfaðir í kennslu og samtalstækni. Kennd er líkamsvitund og líkamsbeiting við vinnu. Farið er í grundvallarreglur skyndihjálpar og endurlífgun bæði fræðilega og verklega. Kennd eru grundvallaratriði við notkun ýmissa hjálpartækja. Kennt er verklag við val og pöntun á hjálpartækjum á Íslandi.
- Fjallað er um fagmennsku, þagnarskyldu og siðareglur sjúkraþjálfara.
Verkefni í hjálpartækjahluta námskeiðsins (15%). Verkefni í lausnaleitarnámi þar sem reynir á flesta þætti námskeiðsins (70%). Einstaklingsskýrsla og jafningjamat (15%). Ná þarf lágmarkseinkunn í hverjum hluta fyrir sig.

**SJÚ502G • Lífeðlisfræði innri líffæra • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarkennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Kennari: Logi Jónsson Dósent
Kennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Kennari: Marta Guðjónsdóttir Lektor
Kennd er lífeðlisfræði hjarta og blóðrásar, lungna, útskilnaðar, meltingar, efnaskipta og æxlunar, með áherslu á áreynslu og þjálfun.
Einkunn fyrir frammistöðu í verklegum æfingum (30%) og skrifleguprófi (70%).

**SJÚ503G • Sjúkraþjálfunar- og sjúkdómafræði innri líffæra • (8e) • Haust**
Umsjónarmaður: Þórarinn Sveinsson Dósent
Umsjónarkennari: Ólöf Ragna Ámundadóttir
**Innihaldslýsing**
Fjallað verður helstu sjúkdóma hjarta, blóðrásar, öndunar og annarra iðrakerfa, orsakir, einkenni og meðferð þeirra. Skoðun og meðferð þessara sjúklingahópa verður kennd auk mismunandi meðferðarmöguleika sjúkraþjálfunar bæði á bráða- og endurhæfingarstigi.
Skriflegt próf sem er skipt í þrjá hluta og verða nemar að ná hverjum hluta fyrir sig: Sjúkdómafræði skurðlækninga 10% og lungnalækninga 12%. Hjartalyflækningar 12% og hjartasjúkraþjálfunarfræði 16%. Sjúkraþjálfunarfræði lungna og innri líffæra 50%.

**SJÚ504G • Klínískt nám I • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sigrún Vala Björnsdóttir Lektor
**Klínískt nám I er kennt á fyrri hluta haustannar.**
Klínískt nám fer fram á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum og stofum. Nemendur starfa undir handleiðslu klínískra kennara sem eru reynslumiklir sjúkraþjálfarar. Klínískir kennarar aðstoða nemendur við að þjálfa klíníska rökhugsun, tileinka sér heildarnálgun m.a. út frá ICF líkaninu um samspil heilsu og færni og tengja fræðilega þekkingu við raunverulegar aðstæður. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist reynslu í að skoða, meta og meðhöndla fólk með mismunandi tegundir sjúkdóma og einkenna. Einnig eru mannleg samskipti þjálfuð. Nemendur fá innsýn í heilbrigðiskerfið á Íslandi og stöðu og hlutverk sjúkraþjálfara innan þess.
"Mat á klínískri hæfni nema í sjúkraþjálfun" er notað á miðju tímabili og í lok tímabils. Klínískur kennari gefur lokaeinkunn og getur notað til þess niðurstöður úr lokamati eða gefið aðra einkunn sem lýsir betur frammistöðu nemandans.

**SJÚ601G • Sálfræði • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Svandís J Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Eiríkur Jón Líndal
Kennd verður almenn sálfræði, heilsusálfræði og afbrigðasálfræði.
Skriflegt próf og verkefni.

**SJÚ602G • Klínískt nám II • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Sigrún Vala Björnsdóttir Lektor
**Klínískt nám II er kennt fyrri hluta vorannar.**
Klínískt nám fer fram á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum og stofum. Nemendur starfa undir handleiðslu klínískra kennara sem eru reynslumiklir sjúkraþjálfarar. Klínískir kennarar aðstoða nemendur við að þjálfa klíníska rökhugsun, tileinka sér heildarnálgun m.a. út frá ICF líkaninu um samspil heilsu og færni og tengja fræðilega þekkingu við raunverulegar aðstæður. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist reynslu í að skoða, meta og meðhöndla fólk með mismunandi tegundir sjúkdóma og einkenna. Einnig eru mannleg samskipti þjálfuð.

Nemendur fá innsýn í heilbrigðiskerfið á Íslandi og stöðu og hlutverk sjúkraþjálfara innan þess.
"Mat á klínískri hæfni nema í sjúkraþjálfun" er notað á miðju tímabili og í lok tímabils. Klínískur kennari gefur lokaeinkunn og getur notað til þess niðurstöður úr lokamati eða gefið aðra einkunn sem lýsir betur frammistöðu nemandans.

**SJÚ603G • Félags- og siðfræði • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Svandís J Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Bryndís Valsdóttir
Kennari: Sigurður Thorlacius Dósent
Kennari: Magnús Einarsson
Fjallað verður um grundvallaratriði heilsufélagsfræðinnar, heilbrigðiskerfið á Íslandi og stöðu og réttindi sjúklinga, þar með tryggingar, ferlimál og önnur málefni fatlaðra. Einnig er fjallað um siðfræðilegar hliðar heilbrigðisþjónustu.
Ritgerðarverkefni, byggt á viðtali við einstakling sem á við fötlun eða sjúkdóm að stríða og þarfnast sjúkraþjálfunar. Nemendur flytja jafnframt verkefnið fyrir kennara og samnemendur.

**SJÚ604G • Sjúkraþjálfunarfræði • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: María Þorsteinsdóttir Dósent
Markmið:
Námskeiðinu er ætlað að bæta við og dýpka kunnáttu í sjúkraþjálfunarfræðum í framhaldi af sjúkraþjálfunarfræði taugakerfis og stoðkerfis á 2. ári auk þess að veita innsýn í sértæk viðfangsefni sjúkraþjálfara í tengslum við öldrun, krabbamein og langvinna verki. Hvað varðar stoðkerfið er farið í skoðunarferli á hrygg og mjaðmargrind, grindarlos og önnur vandamál á meðgöngu. Það sem snýr að meðferð taugakerfissjúkdóma eru áverkar á heila og mænu, afleiðingar þeirra og meðferð. Einnig er markmiðið að dýpka skilning á afleiðingum langvarandi fötlunar hvort sem hún er meðfædd eða áunnin síðar á ævinni. Sérstaklega er fjallað um vandamál vegna truflunar á starfsemi þvagblöðru og um kynlíf fatlaðra. Einn fjórði af námskeiðinu fjallar um öldrun, öldrunarmat og þjónustu við aldraða og þá sérlega um sjúkraþjálfun. Einnig er farið í helstu krabbamein, meðferð, ábendingar fyrir sjúkraþjálfun og fyrirkomulag sjúkraþjálfunar. Að lokun er fjallað um langvinna verki og sjúkraþjálfun við þeim.
Hlutaskipting námskeiðsins er eftirfarandi: 1. meðferð á hrygg og mjaðmargrind 30%, 2. taugakerfissjúkdómar og ýmsar afleiðingar fötlunar 30%, 3. öldrun 25% og krabbamein og langvinnir verkir 15%.
Kennsluhættir: Kennsla fer fram í fyrirlestrum, verklegum æfingum, sýnikennslu og verkefnavinnu.
Í hluta 1 er munnlegt og verklegt próf (30%), í hluta 2 er 10% verkefni og í hluta 3 er 25% verkefni. Skriflegt próf úr hlutum 2-4 er 35%.

**SJÚ702G • Aðferðafræði • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Almenn aðferðafræði rannsókna er kennd og nemendur undirbúnir fyrir lokaverkefni.
Einkunn gefin fyrir skyndipróf og frammistöðu í umræðufundum. Einkunn gefin fyrir rannsóknaáætlun fyrir BS verkefni

**SJÚ703G • Klínískt nám III • (12e) • Haust**
Umsjónarmaður: Sigrún Vala Björnsdóttir Lektor
**Klínískt nám III er kennt á seinni hluta haustannar.**
Klínískt nám fer fram á hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum og stofum. Nemendur starfa undir handleiðslu klínískra kennara sem eru reynslumiklir sjúkraþjálfarar. Klínískir kennarar aðstoða nemendur við að þjálfa klíníska rökhugsun, tileinka sér heildarnálgun m.a. út frá ICF líkaninu um samspil heilsu og færni og tengja fræðilega þekkingu við raunverulegar aðstæður. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist reynslu í að skoða, meta og meðhöndla fólk með mismunandi tegundir sjúkdóma og einkenna. Einnig eru mannleg samskipti þjálfuð.
Nemendur fá innsýn í heilbrigðiskerfið á Íslandi og stöðu og hlutverk sjúkraþjálfara innan þess.
"Mat á klínískri hæfni nema í sjúkraþjálfun" er notað á miðju tímabili og í lok tímabils. Klínískur kennari gefur lokaeinkunn og getur notað til þess niðurstöður úr lokamati eða gefið aðra einkunn sem lýsir betur frammistöðu nemandans.

**SJÚ704G • Íþróttasjúkraþjálfun • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Árni Árnason Dósent
Kennari: Elís Þór Rafnsson
Markmið: Að kynna nemendum íþróttasjúkraþjálfun, og hvaða grunnþekkingu sjúkraþjálfarar sem vinna með íþróttafólk þurfa að búa yfir.
Innihald námskeiðs: Farið verður í helstu flokka bráðra meiðsla og álagsmeiðsla. Aðferðir við fyrstu meðferð verða kynntar auk innihald sjúkratösku. Fjallað verður um endurhæfingu eftir íþróttameiðsli og tekin dæmi um endurhæfingu algengra meiðsla. Fjallað um áhættuþætti og aðstæður sem leitt geta til meiðsla, svo og forvarnir. Kynntar verða nokkrar aðferðir við algengar teipingar meðal annars Kinesiotape.
Kennsla: Fyrirlestrar, verklegir tímar, lausnaleitarnám og verkefna.
Námsmat skiptist í lokapróf (50%) og verkefni tengd lausnaleitarnámi (50%). Nemendur þurfa að ná báðum prófhlutum.

**SJÚ705G • BS-verkefni • (16e) • Haust**
Umsjónarmaður: Árni Árnason Dósent
Markmið: BS verkefnum er ætlað að sýna hæfni nemenda til sjálfstæðra vinnubragða og veita þeim tækifæri til þjálfunar í efnissöfnun, aðferðum rannsókna, gagnrýnu mati á heimildum og kenningum og framsetningu nýrrar þekkingar.
Verkefni: Verkefni getur verið ritgerð byggð á heimildum eingöngu, rannsóknavinnu nemenda og heimildum, eða á öðru formi. Nemendur geta valið verkefni úr BS-banka námsbrautar í sjúkraþjálfun eða komið með tillögur um önnur verkefni. Nemendur skulu leggja fram tillögur að verkefnum og ósk um leiðbeinanda til fastráðinna kennara í sjúkraþjálfun fyrir lok þriðja kennsluárs. Val verkefnis er háð samþykki fastráðinna kennara og hafa þeir umsjón með BS-verkefnum. Ritgerð skal að jafnaði skilað innbundinni til umsjónarkennara 5 vikum fyrir útskrift og er hún metin til einkunnar. Í maí halda nemendur kynningu á verkefnum sínum fyrir kennara, samnemendur og aðra.
Einkunn leiðbeinanda fyrir rannsóknavinnu (ef við á) og ritgerð (40%), einkunn óháðs kennara fyrir ritgerð (40%), einkunn fyrir B.S. kynningu (20%).

**SJÚ706G • Sjúkraþjálfun og heilsuvernd • (8e) • Haust • 6f**
Umsjónarkennari: Svandís J Sigurðardóttir Lektor
Kennari: Héðinn Jónsson

Kennari: Magnús Jóhannsson Prófessor
Kennari: Auður Ólafsdóttir
Kennt verður um forvarnir, heilsueflingu og vinnuvernd, m.a. á vinnustöðum og í skólum. Fjallað verður um sjúkraþjálfun vegna langvinnra sjúkdóma, sykursýki, offitu o.fl. Helstu atriði í næringarfræði og lyfjafræði verða kynnt.
Skriflegt próf og verkefni. ,,Hreyfingur" er einnar einingar verkefni sem nemar ljúka með því að fara með kynningu á námsefni sem tengist námskeiðinu til fyrstu bekkinga í framhaldsskólum, samhliða kynningu á sjúkraþjálfunarnáminu.

**SJÚ803G • BS-verkefni • (16e) • Vor**
Umsjónarmaður: Árni Árnason Dósent
Markmið: B.S. verkefnum er ætlað að sýna hæfni nemenda til sjálfstæðra vinnubragða og veita þeim tækifæri til þjálfunar í efnissöfnun, aðferðum rannsókna, gagnrýnu mati á heimildum og kenningum og framsetningu nýrrar þekkingar.
Verkefni: Verkefni getur verið ritgerð byggð á heimildum eingöngu, rannsóknavinnu nemenda og heimildum, eða á öðru formi. Nemendur geta valið verkefni úr BS-banka námsbrautar í sjúkraþjálfun eða komið með tillögur um önnur verkefni. Nemendur skulu leggja fram tillögur að verkefnum og ósk um leiðbeinanda til fastráðinna kennara í sjúkraþjálfun fyrir lok þriðja kennsluárs. Val verkefnis er háð samþykki fastráðinna kennara og hafa þeir umsjón með BS-verkefnum. Ritgerð skal að jafnaði skilað innbundinni til umsjónarkennara 5 vikum fyrir útskrift og er hún metin til einkunnar. Í maí halda nemendur kynningu á verkefnum sínum fyrir kennara, samnemendur og aðra.
Einkunn leiðbeinanda fyrir rannsóknavinnu (ef við á) og ritgerð (40%), einkunn óháðs kennara fyrir ritgerð (40%), einkunn fyrir B.S. kynningu (20%).

**SJÚ805G • Klíniskt nám IV • (12e) • Vor**
Umsjónarmaður: Sigrún Vala Björnsdóttir Lektor
**Klíniskt nám IV er kennt á seinni hluta vorannar.**
**MAT018G • Hagnýt matvælaefnafræði II • (6e) • Vor**
Fjallað er um áhrif mismunandi byggingar næringarefna á upptöku og aðgengileika (bioavailability) þeirra í líkamanum, víxlvirkni við önnur efni í matvælum, frásog frá meltingarvegi og niðurbrot. Þá er rætt um samsetningu og samspil efna í mjólk, kjöti, fiski, eggjum og kornvörum. Einnig er komið inn á hvernig nýta megi þekkingu í matvæla- og næringarefnafræði við framleiðslu matvæla til að viðhalda gæðum, geymsluþoli og aðgengileika næringarefna. Gerð er grein fyrir helstu aðferðum, sem notaðar eru við rannsóknir á matvælum og lífvirkni næringarefna. Áhersla er lögð á uppbyggingu þekkingar hjá nemendum sem nýtist neytendum og matvælaiðnaðinum.
Kennarar í matvælaefnafræði og næringarfræði koma að fyrirlestrum til að tryggja að þekking á efnum í matvælum tengist við næringu. Kennslan er á formi fyrirlestra kennara auk umræðna og vinnu með námsefni á netinu með virkri þátttöku nemenda. Verklegar æfingar og nemendaverkefni: Lestur, samantekt og kynning greina úr erlendum vísindaritum um efni er tengist fyrirlestrum.

**MAT019G • Líftækni • (6e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að vekja nemendur til vitundar um þá möguleika sem felast í líftækni fyrir matvælaiðnaðinn. Til dæmis er unnt að beita líftækni til að auka nýtingu og verðmætasköpun úr viðbótarhráefnum sem falla til í matvælaiðnaði. Fjallað er um helstu framfarir í líftækni og erfðatækni, sem hafa leitt til hagnýtingar hefðbundinna og erfðabreyttra lífvera í matvæla-, markfæðis-, fóður- og lyfjaiðnaði. Gerð er grein fyrir nýtingu lífvera, viðbótarhráefna og lífefna í matvæli, lyf og snyrtivörur. Einnig er fjallað um hagnýtingu erfðabreyttra plantna, dýra og örvera til framleiðslu matvæla, markfæðis, lífvirkra efna, aukefna, fæðubótarefna, lyfjaefna og dýrafóðurs.
Kennslan er á formi fyrirlestra kennara með virkri þátttöku nemenda í umræðum og fyrirlestrum. Námskeiðið er m.a. byggt upp á kennsluefni frá kennurum, sem aðgengilegt er á netinu svo og nýjustu vísindagreinum í tímaritum um efnið. Einnig er stuðst við almennar kennslubækur í sameindaerfðafræði, erfðatækni, líftækni og fleiri greinum. Verklegar æfingar og verkefni: Lestur, samantekt og kynning nemenda á nýjustu greinum úr erlendum vísindaritum um efni er tengist fyrirlestrum.

**MAT020G • Öryggi matvæla • (6e) • Haust**
Fjallar um hættulegar örverur, efni og aðskotahluti sem geta verið í eða borist í matvæli. Þróun, útbreiðslu og tíðni matarsjúkdóma. Nýframkomnar eða þekktar auknar hættur í matvælum - ástæður og afleiðingar. Faraldsfræði við rannsóknir á matarsjúkdómum. Aðferðir og leiðir við framleiðslu, uppskeru, vinnslu og dreifingu sem koma í veg fyrir að örverur eða efni geri matvæli hættuleg til neyslu. Öryggis- og gæðatryggingastjórnun við framleiðslu, meðhöndlun og dreifingu matvæla. Áhættugreiningu. Greiningu áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða (HACCP). Þrif, sótthreinsun, persónulegt hreinlæti og örugga meðferð matvæla. Alþjóðleg, svæðis- og landsbundin lög og reglur til að tryggja matvælaöryggi. Lögbærar matvælaeftirlitsstofnanir og matvælaöryggi. Faggildingu rannsóknastofa. Rekjanleika og matvælaöryggi. Sýnatöku, vöktun, úttektir, viðmiðunarmörk og hámarksgildi - mat á mæliniðurstöðum sem tengjast matvælaöryggi. Verklegar æfingar taka til (1) ómagnbundinna og magnbundinna mæliaðferða, þ.á.m. hraðvirkra aðferða fyrir bæði sýkla og hættuleg efni, (2) æfinga með áhættumati fyrir ákveðnar hættur og matvælategundir, (3) uppsetningu HACCP kerfa og sannprófun þeirra, (4) faraldsfræðilega aðferða sem notaðar eru við rannsóknir á matarsjúkdómum.

**MAT021G • Mælitækni-efna- og eðliseiginleikar • (6e) • Haust**
Verklegar æfingar taka til grundvallaratriða við meðhöndlun, ræktun og greiningu örvera og helstu ræktunaraðferða við ræktun, talningu og greiningu örvera í matvælum.
Grundvöllur skynmats og helstu aðferðir á því sviði. Þættir sem hafa áhrif á skynmat, val í skymatshópa og stjórnun þeirra. Helstu skynmatspróf: Mismunapróf, myndræn próf og neytendapróf og kannanir. Notkun skynmats við vöruþróun og gæðaeftirlit.

**MAT022G • Aðfangastjórnun • (6e) • Haust**
Í námskeiðinu er farið í gegnum grundvallaratriði flutningafræði, vörustjórnunar og skipulagningar framleiðslu. Námskeiðið er í raun þríþætt

þar sem byrjað er á að fara í gegnum þá þætti sem snúa að innkaupum, aðdrætti til framleiðslu og stjórnun birgða. Þar næst er litið á skipulagningu framleiðslu og að lokum tekið á þeim þáttum sem snúa að flutningum og dreifingu. Stór þáttur í námskeiðinu eru verkefni sem unnið er að í hópum og snerta þau þrjú svið sem tekist er á ásamt atriðum sem snerta sviðin svo sem tækni í meðferð vöru og vörueininga, mismunandi flutningamátar, upplýsingatækni ásamt fleiru.

**MAT023G • Markfæði og fæðubótarefni • (6e) • Haust**
.

**MAT024G • Markaðsfræði matvæla • (6e) • Vor**
Markmið: Kynna nemendum fræðileg hugtök og kenningar varðandi markaðssetningu frá sjónarhóli ferðamálafræðinnar auk þess að veita innsýn í faglegt markaðsstarf. Viðfangsefni: Grundvallaratriði markaðsfræðinnar. Markaðssetning og markaðssetningarferillinn, áhrif umhverfis og aðstæðna, grundvallarstefnumótun, söluráðar og samval þeirra. Fyrirkomulag: Fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna, Tungumál: Kennt er á íslensku, en verkefnum og skriflegum prófsvörum má skila hvort sem er á íslensku og/eða ensku.

**MAT025G • Vöruþróun og hönnun • (6e) • Vor**
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum markvissar aðferðir sem notaðar eru við neytendadrifna vöruþróun. Hvernig má þróa og best þá vöru sem neitendur vilja með sem minnstum kostnaði á sem skemmstum tíma. Jafnframt er nemendum kynnt helstu tæknilegu atriði sem notuð eru við þróun unninna matvæla eins og notkun, sterkju, litarefna, sætuefna, fitulíkja.
Námskeiðslýsing:
Grundvallaratriði við vöruþróun matvæla. Fjallað verður um hugmyndaleit, hugmyndasíun, fjárhags- og markaðsáætlanir, þróun frumgerðar og þróun frumgerðar til fullunninnar vöru og markaðssetningu. Fjallað verður um notkun tilraunahögunar við síun og bestun afurða í vöruþróun. Auk þess verður fjallað neytendakannanir, notkun valinna auka- og hjálparefna og umbúða í vöruþróun. Farið verður í raunveruleg dæmi vöruþróunar hjá fyrirtækjum. Verklegt: Þróuð verður vara frá hugmynd til fullunninnar vöru.

**MAT025M • Matvælaverkfræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurjón Arason Dósent
Farið er yfir undirstöðuatriði matvælaverkfræðinnar. Massa- og orkubókhald. Stjórnun massavægis. Varmafræði. Varmaflutningur. Eðliseiginleikar efna sem tengjast matvælaiðnaði. Stöðug og óstöðug varmaleiðni. Farið er yfir hvernig vinnslueiningar, dvalartími og hitastig í vinnsluferlum hafa áhrif á gæði, efnis-, eðlis- og næringaeiginleika matvæla. Að gera nemendur hæfari að taka ákvarðanir um breytingar á vinnsluferlum og leggja mat á þær breytingar út frá arðsemisforsendu og stöðugreiningu. Í fyrirlestrum er farið yfir vinnslueiningar: Þurrkun. Rakafræði (psychrometry). Frostþurrkun. Kæling. Frysting. Þiðnun. Eiming. Gufun. Leysing. Útdráttur. Filtrun. Skilvindun. Fleyting. Smækkun. Niðursuða. Söltun. Reyking.
Helstu vinnslueiningar í matvæla- og fiskvinnslu með höfuðáherslu á vinnslu íslenskra matvæla. Lagt verður mat á vinnsluferla og reiknað út helstu atriði er varða vinnslueiningar og skipulagningu vinnsluferla. Vinnslurásir. Vinnsluflæðirit. Rekstrarfræði, gæðastjórnun, stjórnun og ákvarðanataka.

**MAT026G • Matvælaverkfræði 2 • (6e) • Vor**
Að nemendur geti metið vinnsluferla og reiknað út helstu atriði er varða vinnslueiningar og skipulagningu vinnsluferla. Að nemendur geti metið áhrif dvalartíma og hitastigs í vinnsluferlum á gæði og eiginleika matvæla. Að gera nemendur hæfari að taka ákvarðanir um breytingar á vinnsluferlum og leggja mat á þær breytingar út frá arðsemisforsendu og stöðugreiningu. Í fyrirlestrum er farið yfir vinnslueiningar: Þurrkun. Rakafræði (psychrometry). Frostþurrkun. Kæling. Frysting. Þiðnun. Eiming. Gufun. Leysing. Útdráttur. Filtrun. Skilvindun. Fleyting. Smækkun. Niðursuða (F, Z 3 og D-gildi). Söltun. Reyking. Vinnslurásir. Vinnsluflæðirit. Rekstrarfræði, gæðastjórnun, stjórnun, vöruþróun og ákvarðanataka. Verklegt: Verkefni, sem tekur 1 1/2 viku og er um vinnslu fæðutegunda.

**MAT027G • Matvælalöggjöf • (6e) • Vor**
.

**MAT028G • Verkleg líftækni og verkfræði • (6e) • Haust**
.

**MAT028M • Lífefnavinnsla og líftækni • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
Fjallað er um þau tækifæri sem felast í áframvinnslu viðbótar- og aukahráefna, sem falla til við matvælavinnslu og einangrun verðmætra lífefna, svo sem próteina, lípíða og lífvirkra efna úr þeim. Námskeiðið verður kennt í þremur einnar viku lotum. Fyrstu tvær loturnar verða byggðar á inngangi frá kennurum og kynningu nemenda á vísindagreinum, sem fjalla um lífefnavinnslu, einangrun og greiningu lífvirkra efna úr viðbótarhráefum frá matvælavinnslu. Síasta lotan byggist á verklegum nemendaverkefnum þar sem farið verður í gegnum flest skref lífefnavinnslu frá hráefnum til aðgreiningar og flokkunar. Prótein og lípíð verða kennigreind með ýmsum aðferðum. Nemendur munu m.a. kynnast aðferðum skiljunaraðferða (krómatografíu) og próteinmengjagreininga. Megin markmið námskeiðslins er að vekja athygli og áhuga nemenda á þeim möguleikum, sem felast í auknu verðmæti viðbótarhráefna sem falla til við matvælaframleiðslu. Kennsluefni er á formi fyrirlestra kennara og vísindagreinum úr tímaritum, hvorttveggja aðgengilegt á netinu. Auk þess er stuðst við erlendar kennslubækur um efnið.
Nauðsynleg undirstaða: Lífræn efnafræði 2 (EFN401G), Lífefnafræði 2 (LEF406G)

**MAT029G • Hönnun vinnsluferla og upplýsingatækni • (6e) • Haust**
.

**MAT029M • Nýsköpun og frumkvöðlar • (6e) • Vor**

Umsjónarkennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
**Málstofa í frumkvöðlafræði og nýsköpun í matvælaiðnaði**
Fyrirlestrar um frumkvöðlastarf og nýsköpun verða fluttir af stjórnendum fyrirtækja og frumkvöðlum ásamt kennurum og nemendum í framhaldsnámi. Fyrirlestrarnir verða m.a. byggðir á raunverulegum reynslusögum frumkvöðla. Einnig verður fjallað um grundvallaratriði í vöruþróun og aðferðir sem nota má til að besta vöru og vinnslu á sem hagkvæmastan hátt.

**MAT030G • Rekstrarstjórnun • (6e) • Haust**
Í samstarfi við viðskiptadeild (VIÐ404G)
Rekstrarstjórnun. Líkanagerð. Skipulag framleiðslu. Samkeppnisstaða. Framleiðni. Þróun afurða. Afkastageta. Verksmiðjustaðsetning. Val á rekstrarkerfi. Eiginleikar mismunandi framleiðslukerfa; samfellt flæði, verkstæði, seríuframleiðsla, blanda kerfi, framleiðslulína háð vél, framleiðslulína háð starfsmanni, þjónustuverkstæði, fjöldaþjónusta og þjónusta sérfræðinga. Verksmiðjuskipulagning. Skipulagning vinnustöðva. Vinnurannsóknir. Markmið námskeiðsins er að kenna nemendum að nota ýmis líkön til að bæta rekstur framleiðslufyrirtækja. Nemendur fá þjálfun í að nota líkönin og er lögð áhersla á notkun EXCEL. Nemendur leysa verkefni,sem eru kynnt og rædd í tímum.

**MAT031G • Verkefnastjórnun • (6e) • Haust**
Samstarf við verkfræðideild (IÐN503G)
námskeiðinu er lögð áhersla á að kenna helstu hugtök og grunnatriði í verkefnastjórnun og gefa nemendum góða yfirsýn yfir verkefnastjórnun sem heilsteypta fræðigrein. Athygli er einkum beint að áætlanagerð í verkefnum, þ.e. gerð heildstæðra verkefnisáætlana sem fela í sér m.a. tímaáætlanir og kostnaðaráætlanir. Meðal efnisatriða eru verkefni og verkefnastjórnun, skilgreining verkefna, umhverfi verkefna, markmiðasetning, skipulag, stjórnskipulag, upplýsingakerfi, tímaáætlanir, kostnaðaráætlanir, ræs og lúkning verkefna. Samhliða fyrirlestrum er nemendum tvisvar á misserinu skipt í vinnuhópa sem gera verkefnisáætlun. Námsmat er byggist á verkefnisáætlunum sem hver nemandi tekur tvisvar þátt í að gera í mismunandi hópum. Í lok misseris er skriflegt próf úr efni haustsins.

**MAT032G • Lokaverkefni til BS-prófs í matvæla og tæknifræði • (30e) • Vor**
Lokaverkefni

**MAT033G • Námskeið að eigin vali • (6e) • Haust**
Matvælafræðinámskeið að eigin vali

**MAT102M • Matvælaframleiðsla og matvælaiðnaður • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 3f + 5v**
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Kennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Kennari: Gústaf Helgi Hjálmarsson
Kennari: Halldór Sverrisson
Námskeiðið er um eðli, fjölbreytni, framleiðslu og öflun helstu hráefna til matvælavinnslu. Þá er einnig fjallað um hvernig þessi hráefni eru notuð við framleiðslu á matvælum á Íslandi. Námskeiðið skiptist í fjóra hluta: 1. Kornrækt, belgjurtir, garðávextir, kryddjurtir og drykkjarjurtir. 2. Fiskistofnar, fiskveiðar, villt spendýr og fuglar, meindýr. 3. Búfjárrækt til mjólkur- og kjötframleiðslu, þ.m.t. fiskeldi. 4. Íslenskur matvælaiðnaður, skipulagning og uppbygging. Verklegar æfingar, skoðunarferðir og ritgerðaverkefni.

**MAT301G • Matvælavinnsla 1 • (8e) • Haust • Stokkur: V6 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Kennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Kennari: Gústaf Helgi Hjálmarsson
Markmiðið með þessu námskeiði er að kynna nemendum helstu vinnslu- og geymsluaðferðir sem notaðar eru í verksmiðjuvinnslu matvæla. Eiginleika hráefna, öflun, móttöku og þætti sem hafa áhrif á gæði og hollustu.
Byrjað er á því að kynna helstu aðferðir í vinnslutækni; Kælingu, frystingu, hvataeyðingu, gerilsneyðingu, niðursuðu, þurrkun, þykkingu og gerjun. Síðan er fjallað um samsetningu, vinnslueiginleika og framleiðslu helstu fæðutegunda eftir fæðuflokkum. Ávextir, grænmeti, kjötafurðir, mjólk og mjólkurafurðir og fiskafurðir. Fjallað er um aðra fæðuflokka í matvælavinnslu 2 sem er í beinuframhaldi af þessu námskeiði.
Verklegar æfingar, skoðunarferðir í verksmiðjur og verkefni.

**MAT302M • Matvælaörverufræði • (8e) • Haust • Stokkur: V1 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Franklín Georgsson Lektor
Kennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Efni fyrirlestra er skipt í fjóra hluta:
(1) Inngangur. Þróun örverufræðinnar. Heilkjörnungar og samkjörnungar. Bygging og einkenni örvera - bakteríur, sveppir, veirur, sníkjudýr. Flokkun mikilvægra örvera í matvælum. Fjölgun og efnaskipti örvera. Bendiörverur í matvælum. Hefðbundnar og nýjar aðferðir við ræktun, einangrun og talningu örvera í matvælum. Helsti uppruni örvera í matvælum.
(2) Áhrif ytri og innri umhverfisþátta á örverur í matvælum - hitastig, vatnsvirkni, pH, loftsamsetning, geislun og aðrir þættir. Notkun rotvarnarefna og aðferða til að bæta geymsluþol matvæla. Gerjanir og önnur hagkvæm not örvera við matvælaframleiðslu.
(3) Matarsjúkdómar af völdum örvera. Helstu orsakir matarsjúkdóma. Matareitranir og matarsýkingar. Salmonella, Campylobacter, Listeria, Clostridium, Bacillus, Staphylokokkar og fleiri sýklar í matvælum.
(4) Örverufræði helstu matvælaflokka. Örverufræði sjávarafurða, kjötafurða, mjólkurafurða, neysluvatns, grænmetis og ávaxta. Mengun örvera í helstu matvælategundum, helstu tegundir örvera í mismunandi matvælum, áhrif vinnslu og meðhöndlunar á afkomu örvera og algengustu skemmdir af völdum örvera í matvælum. Verklegar æfingar taka til grundvallaratriða við meðhöndlun, ræktun og greiningu örvera og helstu ræktunaraðferða við ræktun, talningu og greiningu örvera í matvælum. Hver nemandi aflar efnis og skrifar ritgerð um nýlegt efni tengt matvælaörverufræði og flytur um það fyrirlestur.

**MAT401G • Matvæla- og næringarefnafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
Fjallað er um byggingu, eiginleika og virkni næringarefna og annarra efna í matvælum. Sjónum er beint að vatni og vatnsvirkni, efna- og eðlisfræðilegum eiginleikum orkugjafa, þ.e. kolvetna, fitu, og próteina. Ennfremur er farið í brúnun, þránun, hraðafræði ensíma og hvörf þeirra í matvælum, geymsluþol, aukefni, aðskotaefni og eiturefni. Þá er fjallað um áhrif mismunandi byggingar næringarefna á upptöku og aðgengileika (bioavailability) þeirra í líkamanum, víxlvirkni við önnur efni í matvælum, frásog frá meltingarvegi og niðurbrot. Einnig er komið inn á hvernig nýta megi þekkingu í matvæla- og næringarefnafræði við framleiðslu matvæla til að viðhalda gæðum, geymsluþoli og aðgengileika næringarefna. Gerð er grein fyrir helstu aðferðum, sem notaðar eru við rannsóknir á matvælum og lífvirkni næringarefna. Kennarar í matvælaefnafræði og næringarfræði koma að fyrirlestrum til að tryggja að þekking á efnum í matvælum tengist við næringu. Kennslan er á formi fyrirlestra kennara auk umræðna og vinnu með námsefni á netinu með virkri þátttöku nemenda.
Verklegar æfingar og nemendaverkefni: Lestur, samantekt og kynning greina úr erlendum vísindaritum um efni er tengist fyrirlestrum.

**MAT403G • Matvælavinnsla 2 • (6e) • Vor • Stokkur: H7 • 3f + 4v**
Umsjónarmaður: Guðjón Þorkelsson Dósent
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Kennari: Gústaf Helgi Hjálmarsson
Markmiðið með þessu námskeiði er að kynna nemendum helstu vinnslu- og geymsluaðferðir sem notaðar eru í verksmiðjuvinnslu matvæla. Eiginleika hráefna, öflun, móttöku og þætti sem hafa áhrif á gæði og hollustu.
Námskeiðið er í beinu framhaldi af Matvælavinnslu 1. Fjallað verður um eiginleika umbúða með áherslu á platsumbúðir. Síðan verður fjallað um samsetningu, vinnslueiginleika og framleiðslu eftirtalinna fæðuflokka; korn og kornafurðir, egg, sælgæti, drykkjarvörur, feitmeti og ýrulausnir. Að lokum verður fjallað um nýjungar í vinnslutækni matvæla.
Verklegar æfingar; skoðunarferðir í verksmiðjur og verkefni.

**MAT403M • Matvælaörverufræði-E • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Franklín Georgsson Lektor
Kennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Efni fyrirlestra er skipt í fjóra hluta: (1) Uppruni, flokkun og ræktun örvera í matvælum. Saga örverufræði matvæla. Hefðbundnar og nýjar aðferðir við ræktun, einangrun og talningu örvera í matvælum. Uppruni og helstu flokkar örvera, ásamt bendiörverum (2) Áhrif ytri og innri umhverfisþátta á örverur í matvælum. Áhrif hitastigs, rakastigs, sýrustigs og fleiri umhverfisþátta á afkomu örvera í matvælum. Notkun rotvarnarefna og aðferðir til að bæta geymsluþol matvæla. Gerjanir og önnur hagkvæm not örvera við matvælaframleiðslu. (3) Matarsjúkdómar af völdum örvera. Helstu orsakir matarsjúkdóma. Matareitranir og matarsýkingar. Salmonella, Campylobacter, Listeria, Clostridium, Bacillus, Staphylokokkar og fleiri sýklar í matvælum. Sýnataka, viðmiðunarreglur, mat og notkun GÁMES-kerfisins. (4) Örverufræði helstu matvælaflokka. Örverufræði sjávarafurða, kjötafurða, mjólkurafurða, neysluvatns, grænmetis og ávaxta. Mengun örvera í helstu matvælategundum, helstu tegundir örvera í mismunandi matvælum, áhrif vinnslu og meðhöndlunar á afkomu örvera og algengustu skemmdir af völdum örvera í matvælum. Verklegar æfingar ná til helstu aðferða við ræktun, talningu og greiningu örvera í matvælum. Hver nemandi aflar efnis og skrifar ritgerð um nýlegt efni tengt matvælaörverufræði og flytur um það fyrirlestur.
Nauðsynleg undirstaða: Örverufræði I (LÍF201G)

**MAT501G • Matvælaverkfræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 4v**
Umsjónarkennari: Sigurjón Arason Dósent
Fyrirlestrar: Undirstöðuatriði matvælaverkfræðinnar. Massa- og orkubókhald. Stjórnun massavægis. Varmafræði. Varmaflutningur. Stöðug og óstöðug varmaleiðni. Massaflutningur. Dæling. Rennsli og orkutap í pípum. Laga- og iðustreymi. Frjálst og þvingað streymi. Eðliseiginleikar efna sem tengjast matvælaiðnaði. Verklegt: Úðaþurrkun, frostþurrkun, valsaþurrkun, loftþurrkun, gufun, niðursuða, skiljun, himnusíun, frysting, þíðing, seigja efna, mölun/sigtun, varmaskiptir, reyking.

**MAT502G • Matvælaefnagreining • (8e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 5v**
Umsjónarmaður: Magnús Már Kristjánsson Dósent
Kennari: Heiða Pálmadóttir
Kennari: Sigríður Jónsdóttir Fræðimaður
Fyrirlestrar: Fjallað verður um aðferðir til efnagreininga á matvælum, kosti þeirra og takmarkanir. Lýst verður aðferðum til að mæla einstök efni og efnaflokka og tækni þar að lútandi. Verklegar æfingar: Þjálfun í efnagreiningu matvæla með áherslu á fjölbreytta og nýstárlega tækni, æfing í notkun viðurkenndra erlendra forskriftabóka. Rannsökuð verða matvæli úr öllum fæðuflokkum og magn aðalefna, aukefna og snefilefna ákvarðað.

**MAT503G • Sérverkefni í matvælafræði • (6e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í matvælafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum skorarinnar um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir stjórn kennara skorarinnar og lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af kennara og einum prófdómara.

**MAT504G • Sérverkefni í matvælafræði • (10e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í matvælafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum skorarinnar um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir stjórn kennara skorarinnar og lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af kennara og einum prófdómara.

**MAT601G • Sérverkefni í matvælafræði • (6e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í matvælafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum skorarinnar um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir stjórn kennara skorarinnar og lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af kennara og einum prófdómara.

**MAT601M • Matvælaverkfræði 2 • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Sigurjón Arason Dósent
Markmið: Að nemendur geti metið vinnsluferla og reiknað út helstu atriði er varða vinnslueiningar og skipulagningu vinnsluferla. Að nemendur geti metið áhrif dvalartíma og hitastigs í vinnsluferlum á gæði og eiginleika matvæla. Að gera nemendur hæfari að taka ákvarðanir um breytingar á vinnsluferlum og leggja mat á þær breytingar út frá arðsemisforsendu og stöðugreiningu. Í fyrirlestrum er farið yfir vinnslueiningar: Þurrkun. Rakafræði (psychrometry). Frostþurrkun. Kæling. Frysting. Þiðnun. Eiming. Gufun. Leysing. Útdráttur. Filtrun. Skilvindun. Fleyting. Smækkun. Niðursuða (F, Z 3 og D-gildi). Söltun. Reyking. Vinnslurásir. Vinnsluflæðirit. Rekstrarfræði, gæðastjórnun, stjórnun, vöruþróun og ákvarðanataka. Verklegt: Verkefni, sem tekur 1 1/2 viku og er um vinnslu fæðutegunda.

**MAT602G • Sérverkefni í matvælafræði • (6e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í matvælafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum skorarinnar um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir stjórn kennara skorarinnar og lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af kennara og einum prófdómara.

**MAT603G • Sérverkefni í matvælafræði • (10e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í matvælafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum skorarinnar um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir stjórn kennara skorarinnar og lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af kennara og einum prófdómara.

**MAT604G • Sérverkefni í matvælafræði • (10e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í matvælafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum skorarinnar um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir stjórn kennara skorarinnar og lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af kennara og einum prófdómara.

**MAT604M • Hagnýtt erfðatækni • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
Fjallað er um helstu framfarir í erfðatækni og líftækni, sem hafa leitt til hagnýtingar erfðabreyttra og hefðbundinna lífvera í matvæla-, markfæðis-, fóður- og lyfjaiðnaði. Gerð er grein fyrir fræðilegum forsendum fyrir gerð erfðabreyttra plantna, dýra og örvera til framleiðslu matvæla, markfæðis, lífvirkra efna, aukefna, fæðubótarefna, lyfjaefna og dýrafóðurs. Einnig er rætt um klónun dýra til matvælaframleiðslu og notkun erfðabreyttra dýra til framleiðslu lyfja og annarra lífvirkra efna (molecular pharming). Helstu afurðir erfðabreyttra lífvera á neytendamörkuðum eru til umfjöllunar. Þá er fjallað um hugsanleg jákvæð og/eða neikvæð áhrif af neyslu erfðabreyttra afurða og markfæðis á heilsu manna og dýra auk mögulegra áhrifa á umhverfið af ræktun erfðabreyttra lífvera. Kynnt eru lög og reglugerðir í gildi í nágrannalöndunum varðandi merkingar og markaðssetningu afurða erfðabreyttra lífvera og markfæðis. Kennslan er á formi fyrirlestra kennara með virkri þátttöku nemenda í umræðum og fyrirlestrum. Námskeiðið er m.a. byggt upp á kennsluefni frá kennurum, sem aðgengilegt er á netinu svo og nýjustu vísindagreinum í tímaritum um efnið. Einnig er stuðst við almennar kennslubækur í sameindaerfðafræði, erfðatækni, líftækni og fleiri greinum.
Verklegar æfingar og verkefni: Lestur, samantekt og kynning nemenda á nýjustu greinum úr erlendum vísindaritum um efni er tengist fyrirlestrum.

**MAT605G • Sérverkefni í næringarfræði • (10e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í matvælafræði, skv. reglum skorarinnar um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir stjórn kennara skorarinnar og lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af kennara og einum prófdómara.

**MAT606G • Vöruþróun • (8e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Kennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum markvissar aðferðir sem notaðar eru við neytendadrifna vöruþróun. Hvernig má þróa og best þá vöru sem neitendur vilja með sem minnstum kostnaði á sem skemmstum tíma. Jafnframt er nemendum kynnt helstu tæknilegu atriði sem notuð eru við þróun unninna matvæla eins og notkun, sterkju, litarefna, sætuefna, fitulíkja.
Námskeiðslýsing:
Grundvallaratriði við vöruþróun matvæla. Fjallað verður um hugmyndaleit, hugmyndasíun, fjárhags- og markaðsáætlanir, þróun frumgerðar og þróun frumgerðar til fullunninnar vöru og markaðssetningu. Fjallað verður um notkun tilraunahögunar við síun og bestun afurða í vöruþróun. Auk þess verður fjallað neytendakannanir, notkun valinna auka- og hjálparefna og umbúða í vöruþróun. Farið verður í raunveruleg dæmi vöruþróunar hjá fyrirtækjum. Verklegt: Þróuð verður vara frá hugmynd til fullunninnar vöru.

**MAT607M • Öryggi og eftirlit matvæla • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Franklín Georgsson Lektor
Fjallar um hættulegar örverur, efni og aðskotahluti sem geta verið í eða borist í matvæli. Þróun, útbreiðslu og tíðni matarsjúkdóma. Nýframkomnar eða þekktar auknar hættur í matvælum - ástæður og afleiðingar. Faraldsfræði við rannsóknir á matarsjúkdómum. Aðferðir og leiðir við framleiðslu, uppskeru, vinnslu og dreifingu sem koma í veg fyrir að örverur eða efni geri matvæli hættuleg til neyslu. Öryggis- og gæðatryggingastjórnun við framleiðslu, meðhöndlun og dreifingu matvæla. Áhættugreiningu. Greiningu áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða (HACCP). Þrif, sótthreinsun, persónulegt hreinlæti og örugga meðferð matvæla. Alþjóðleg, svæðis- og landsbundin lög og reglur til að tryggja matvælaöryggi. Lögbærar matvælaeftirlitsstofnanir og matvælaöryggi. Faggildingu rannsóknastofa. Rekjanleika og matvælaöryggi. Sýnatöku, vöktun, úttektir, viðmiðunarmörk og hámarksgildi - mat á mæliniðurstöðum sem tengjast matvælaöryggi.
Verklegar æfingar taka til (1) ómagnbundinna og magnbundinna mæliaðferða, þ.á.m. hraðvirkra aðferða fyrir bæði sýkla og hættuleg efni, (2) æfinga með áhættumati fyrir ákveðnar hættur og matvælategundir, (3) uppsetningu HACCP kerfa og sannprófun þeirra, (4) faraldsfræðilega aðferða sem notaðar eru við rannsóknir á matarsjúkdómum.

**MAT803M • Neytendarannsóknir og Skynmat • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 2f + 5v**

Kennari: Emilía Martinsdóttir
Kennari: Kolbrún Sveinsdóttir
Kennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Grundvöllur skynmats og helstu aðferðir á því sviði. Þættir sem hafa áhrif á skynmat, val í skymatshópa og stjórnun þeirra. Helstu skynmatspróf: Mismunapróf, myndræn próf og neytendapróf og kannanir. Notkun skynmats við vöruþróun og gæðaeftirlit. Kynning á innra eftirliti matvælafyrirtækja. Kynning á matvælalöggjöf Íslands og helstu viðskiptalanda okkar og reglur um umbúðamerkingar. Verklegt: Verklegar æfingar í skynmati.

**NÆR001M • Matur og menning • (10e) • Vor**
Kennari: Inga Þórsdóttir Prófessor
Kennari: Ingibjörg Gunnarsdóttir Dósent
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Matur er mannsins megin, uppspretta orkunnar og forsenda lífsins. En matur er líka sneisafullur af merkingu. Matarhættir veita innsýn í heimsmynd okkar, lífssýn og listfengi og matur mótar tilveru okkar, líkama, samfélag, hagkerfi, hugarfar og siðferði. Sjálfsmynd okkar og minningar eru nátengdar mat og matur er einhver mikilvægasti miðillinn fyrir samskipti okkar við annað fólk. Hátíðir og merkisdagar væru svipur hjá sjón ef við ekki elduðum, bærum fram og nutum saman veislumatar við þessi tækifæri. Með því að rannsaka hvað fólk borðar, hvernig, hvenær, með hverjum og hvers vegna fáum við dýrmæta innsýn í kyngervi og kynslóðir, stéttaskiptingu og menningarlegan margbreytileika, skynheim og fegurðarskyn, vináttu, fjölskyldubönd og ást.
Í námskeiðinu beinum við sjónum að sambandi matar og menningar bæði fyrr og nú og leggjum sérstaka áherslu á matarhefðir Íslendinga í sögu og samtíð. Þessi þekking er jafnframt hagnýt. Þrátt fyrir fyrirliggjandi upplýsingar um næringargildi og hollustu heldur fólk áfram að leggja sér til munns næringarsnauðan og óhollan mat og til þess að skilja hvernig á þessu stendur er nauðsynlegt að skoða mat í ljósi menningar. Ennfremur gegnir matur vaxandi hlutverki í ferðaþjónustu, myndlist og hönnun og hugað verður að öllum þessum þáttum í námskeiðinu.
Matur og menning eru þverfagleg viðfangsefni og því er þetta námskeið kennt í samstarfi námsbrauta í þjóðfræði og næringarfræði, en sækir auk þess innsýn og efnivið í matvælafræði, mannfræði, kynjafræði, sagnfræði, bókmenntafræði, ferðamálafræði, félagsfræði, iðnhönnun, lýðheilsufræði og uppeldisfræði.
Námsmat byggist á verkefnum sem unnin eru á misserinu, lokaprófi og á mætingu og þátttöku (fyrir staðnema).

**NÆR101G • Inngangur að næringarfræði • (8e) • Haust • 4f + 4v**
Umsjónarmaður: Guðrún Kristín Sigurgeirsdóttir
Umsjónarkennari: Alfons Ramel
Kennari: Inga Þórsdóttir Prófessor
Kennari: Ingibjörg Gunnarsdóttir Dósent
Kynntar eru helstu aðferðir næringarfræðinnar, aðferðir til að kanna mataræði og mismunandi gerðir rannsókna. Hlutverk næringarfræðinga og næringarráðjafa innanlands og erlendis kynnt. Opinberar ráðleggingar um fæðuval og skiptingu orkuefnanna eru ræddar. Næring í mismunandi heimshlutum, þróunarlöndum og vestrænum ríkum. Reglugerðir um merkingar matvæla. Kynning á stofnunum, fyrirtækjum sem nýta sér þekkingu næringarfræðinnar.
Verklegar æfingar: Nemendur vinna bæði sem einstaklingar og í hópum að raunverulegum verkefnum þar sem aðaláhersla er lögð á kenna nemendum að móta sér skoðanir á málefnum sem tengjast næringarfræði. Neyslukönnun og kynning á niðurstöðum. Leit í gagnasöfnum. Skriflegt próf og verkefnaskil.

**NÆR102G • Líffærafræði fyrir næringarfræðinema. • (8e) • Haust**
Kennari: Inga Þórsdóttir Prófessor
Kennari: Alfons Ramel
Kennari: Ingibjörg Gunnarsdóttir Dósent
Í námskeiðinu er farið yfir almenn grundvallaratriði líffæra- og fósturfræði og gerð mannslíkamans skýrð. Áhersla er lögð á líffærafræði innri líffæra sem tengjast meltingu, niðurbroti og efnaskiptum fæðu. Kynntar eru helstu aðferðir í vefjafræði, grundvallaruppbyggingu frumna, gerð þekjuvefja, bandvefja, fituvefja, brjósk- og beinvefja, vöðvavefja, taugavefja, æða og húðar.

**NÆR201G • Næringarfræði mannsins • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Gunnarsdóttir Dósent
Kennari: Inga Þórsdóttir Prófessor
Kennari: Alfons Ramel
Námskeiðslýsing:
Kennd eru undirstöðuatriði næringarfræðinnar og tengsl mataræðis, næringarefna og heilsu kynnt. Grunnhugtök næringarfræðinnar eins og lífsnauðsynlegt næringarefni, nýting næringarefnis, þörf og ráðlagður dagskammtur. Orka og næringarefni (kolvetni, lípíð, prótein, vatn, steinefni og vítamín) og áhrif þeirra á líkamsstarfsemi. Melting, frásog og flutningur. Alkóhól, aukefni og aðskotaefni, markfæði, bætiefni. Opinberar ráðleggingar um fæðuval og skiptingu orkuefnanna eru ræddar.
Verklegar æfingar: Orkujafnvægi.Samsetning líkamans. Stuttir fyrirlestrar, verkefnavinna og kynningar. Notkun gagnasafna til þekkingarleitar.
Æskileg undirstaða: Inngangur að næringarfræði (NÆR101G)
Skýrsluskil vegna vikulegra verklegra æfinga (20%), skriflegt lokapróf (80%).

**NÆR401G • Inngangur að sálfræði og neytendafræði • (8e) • Vor • 4f**
Fjallað verður um meginviðfangsefni sálfræðinnar. Sérstaklega verður hugað að viðfangsefnum eins og skynjun, hugarstarfi, þroska, námi og mótun atferlis, einstaklingamun, félagsskilningi, áhuga, heilsu og sálarmeinum, þar á meðal átröskunum. Einnig verður fjallað um ólíkar sálfræðiskýringar á athöfnum fólks og fræðilegur skilningur á sálarlífi borinn saman við hversdagsskilning og gervifræði. Fjallað verður um helstu áhrifaþætti fæðuvals. Einnig verður fjallað um hvernig unnt sé að nýta neytendarannsóknir, neytendasálfræði og skynmatsrannsóknir til þess að hafa áhrif á fæðuval.
3 tíma skriflegt lokapróf (100%)

**NÆR501M • Næringarmeðferð og sjúkdómafræði I • (8e) • Haust**
Nemendur kynnast helstu áherslum í næringarráðgjöf sjúkdóma ásamt því að læra að þekkja áhættuþætti og meingerðir eftirfarandi sjúkdóma: Hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki (að gerð I og II), krabbameins, offitu og átröskunar. Einnig verður fjallað um náttúrulyf og náttúruvörur og samspil lyfja og næringarefna. Námskeiðið er kennt í nánu samstarfi við næringarstofu LSH.
Verklegar æfingar: Klínískar æfingar með mismunandi næringarfræðilega samsettu fæði í samstarfi við næringarráðgjafa LSH. Mælingar á blóðsykri eftir máltíðir. Túlkun á niðurstöðum annarra blóðmælinga. Nemendafyrirlestrar.

**NÆR502M • Næring á mismunandi æviskeiðum • (6e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist djúpan skilning áherslum um fæðuval og næringu mismunandi aldurshópa: Næringu á meðgöngu, næringu ungbarna, barna, unglinga, fullorðinna og aldraðra. Helstu heilsufarkvillar á hverju tímabili fyrir sig verða ræddir, orskakir þeirra og hvernig unnt sé að minnka líkur á þeim.

**NÆR601M • Næringarfræði 2 • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Gunnarsdóttir Dósent
Kennari: Inga Þórsdóttir Prófessor
Kennari: Alfons Ramel
Námskeiðið skiptist í tvo meginþætti, annars vegar aðferðafræði og hins vegar næringarráðgjöf. Aðferðafræði: Farið er yfir helstu aðferðir sem notaðar eru í næringarfræðirannsóknum; aðferðir til að kanna mataræði, faraldsfræði næringar, næringarfræðilega tilraun, gagnavinnslu og tölfræði. Næringarráðgjöf: Mat á næringarfræðilegum þörfum miðað við lífeðlisfræðilega þætti og heilsufarsástand. Farið er yfir helstu áherslu í næringarráðgjöf sjúkdóma: Hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki (að gerð I og II), krabbameins, offitu og átröskunar, meltingafærasjúkdóma, PKU, ofnæmis og óþols. Einnig er fjallað stuttlega um náttúrulyf og náttúruvörur. Námskeiðið er kennt í nánu samstarfi við næringarstofu Landspítala.
Verklegar æfingar: Valdar vísindagreinar metnar með tilliti til aðferðafræði og túlkunar á niðurstöðum. Undirbúningur og uppsetning á næringarfræðilegum rannsóknum og þjálfun í undirbúningi styrkumsókna. Úrvinnsla og mat á niðurstöðum næringarfræðilegrar rannsóknar og samanburður á rannsóknaraðferðum. Klínískar æfingar með mismunandi næringarfræðilega samsettu fæði.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að næringarfræði (NÆR101G) eða Næringarfræði mannsins (NÆR201G)
Rannsóknaráætlun og styrkumsókn (15%), skýrslur vegna annarra verklegra æfinga (10%), þátttaka og virkni í tímum (5%), skriflegt lokapróf (70%).

**NÆR602M • Lýðheilsunæringarfræði • (8e) • Vor • 4f + 2v**
Umsjónarkennari: Inga Þórsdóttir Prófessor
Kennari: Alfons Ramel
Kennari: Ingibjörg Gunnarsdóttir Dósent
Í námskeiðinu verða kynntar rannsóknir og starfsemi á sviði lýheilsunæringarfræði á Íslandi og erlendis. Kynnt verða hugtök og aðferðir við stefnumótun, eftirlit og aðgerðir sem miða að manneldismálum. Nemendur munu öðlast færni í að túlka rannsóknir í næringarfræði og lýðheilsu og skilning á því hvernig unnt sé að nota rannsóknaniðurstöður til forvarna og aðgerða sem miða að bættri heilsu, bæði meðal Íslendinga og almennings annars staðar í heiminum. Líffræðilegur grunnur fyrir næringarþörf og ráðleggingar um næringu á ýmsum stigum lífsins verður kynntur. Farið verður yfir helstu atriði hvað varðar næringu á meðgöngu, næringu ungbarna, barna, unglinga, auk aldraðra. Helstu heilsufarkvillar á hverju tímabili fyrir sig verða ræddir, orskakir þeirra og hvernig unnt sé að koma í veg fyrir þá.
Verklegar æfingar: Þátttaka á raunverulegum verkefni á sviði Lýðheilsunæringarfræði í samstarfi við Lýðheilsustöð og Rannsóknastofu í næringarfræði.
Æskileg undirstaða: Inngangur að næringarfræði (NÆR101G) eða Næringarfræði mannsins (NÆR201G)
Nemendur vinna í hópum að raunverulegu verkefni á sviði lýðheilsunæringarfræði sem lýkur með kynningu og skýrslu (25%), heimsóknir í stofnanir og virkni í tímum (5%), skriflegt lokapróf (70%).

**NÆR801M • Næringarmeðferð og sjúkdómafræði II • (8e) • Vor**
Nemendur kynnast helstu áherslum í næringarráðgjöf sjúkdóma ásamt því að læra að þekkja áhættuþætti og meingerðir eftirfarandi sjúkdóma: Meltingafærasjúkdóma, PKU, ofnæmis og óþols svo og næringarráðgjöf sjúklinga í endurhæfingu, eftir bruna og ýmsar skurðaðgerðir. Markmiðið er einnig að nemendur læri að meta næringarástand, vökvajafnvægi og næringarþörf og þekki mismunandi næringarmeðferðir , svo sem slöngumötun, næringargjöf í æð og annað sérfæði.
Verklegar æfingar: Klínískar æfingar með mismunandi næringarfræðilega samsettu fæði í samstarfi við næringarráðgjafa LSH. Mat á næringarástandi, næringarþörf og næringarmeðferð mismunandi sjúklingahópa. (lífefnafræðilegum breytum tengdum næringarástandi). Nemendafyrirlestrar.

**MAT001F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í matvælafræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT002F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í matvælafræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT003F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í matvælafræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT004F • 4. árs rannsóknarverkefni í matvælafræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um framhaldsnám.

**MAT005F • 4. árs rannsóknarverkefni í matvælafræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um framhaldsnám.

**MAT006F • 4. árs rannsóknarverkefni í matvælafræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um framhaldsnám.

**MAT007F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í matvælafræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT008F • Námskeið til meistaraprófs í matvælafræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**MAT009F • Námskeið til meistaraprófs í matvælafræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**MAT010F • Námskeið til meistaraprófs í matvælafræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**MAT011F • Námskeið til meistaraprófs í matvælafræði • (12e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**MAT012F • Námskeið til meistaraprófs í matvælafræði • (12e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**MAT013F • Námskeið til meistaraprófs í matvælafræði • (12e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**MAT014F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í matvælafræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT015F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í matvælafræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um framhaldsnám.

**MAT016F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í næringarfræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT017F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í næringarfræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT018F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í næringarfræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur matvæla- og næringarfræðideildar um rannsóknarnám.

**MAT019F • Styrkumsóknir og greinaskrif • (6e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og öðlist þjálfun í að sækja um rannsóknastyrki. Einnig er markmið að nemendur öðlist færni í uppbyggingu og skrifum vísindagreina. Verkefni: Undirbúningur og gerð styrkumsóknar og umsóknar til vísindasiðanefndadar. Vísindagrein undirbúin.

**MAT024F • Framhaldsnámskeið í matvælaefnafræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
Eftirtaldin efnisatriði eru til umfjöllunar:
Efna- og eðlisfræðilegir eiginleikar orkugjafa í matvælum (kolvetna, fitu, og próteina). Áhrif vatns og vatnsvirkni á geymsluþol og eiginleika matvæla. Matvælaprótein, niðurbrot þeirra og efnahvörf niðurbrotsefna í matvælum. Hraðafræði ensíma, hvörf ensíma í matvælum, hagnýting ensíma í matvælaiðnaði og leiðir til að halda ensímefnahvörfum í matvælum í skefjum. Verndun lífvirkra efna í matvælum fyrir óæskilegum efnahvörfum og aðferðir við að innlima lífvirk efni í matvæli. Efnafræði kolvetna, myndbreyting (sterkju og gúmmíefna) og notkun þeira í unnin matvæli. Efnahvörf og eðlisefnafræðilegir eiginleikar fituefna (fitu/olíu) í matvælum og verndun þeirra gegn þránun. Efnafræði litarefna, rotvarnarefna og þráavarnarefna. Mælingar og notkun þessara aukefna í matvæli. Áhrif byggingar næringarefna á víxlvirkni þeirra við önnur efni í matvælum. Hagnýting þekkingar í matvæla- og næringarefnafræði við framleiðslu matvæla til að viðhalda gæðum, geymsluþoli og aðgengileika næringarefna. Helstu aðferðir, sem notaðar eru við rannsóknir á matvælum og mælingar á lífvirkni næringarefna.
Skipulag: Kennslan er á formi fyrirlestra kennara auk umræðna og vinnu með námsefni á netinu með virkri þátttöku nemenda. Verklegar æfingar og nemendaverkefni: Lestur, samantekt og kynning greina úr erlendum vísindaritum um efni er tengist fyrirlestrum.

**MAT025M • Matvælaverkfræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurjón Arason Dósent
Farið er yfir undirstöðuatriði matvælaverkfræðinnar. Massa- og orkubókhald. Stjórnun massavægis. Varmafræði. Varmaflutningur. Eðliseiginleikar efna sem tengjast matvælaiðnaði. Stöðug og óstöðug varmaleiðni. Farið er yfir hvernig vinnslueiningar, dvalartími og hitastig í vinnsluferlum hafa áhrif á gæði, efnis-, eðlis- og næringaeiginleika matvæla. Að gera nemendur hæfari að taka ákvarðanir um breytingar á vinnsluferlum og leggja mat á þær breytingar út frá arðsemisforsendu og stöðugreiningu. Í fyrirlestrum er farið yfir vinnslueiningar: Þurrkun. Rakafræði (psychrometry). Frostþurrkun. Kæling. Frysting. Þíðnun. Eiming. Gufun. Leysing. Útdráttur. Filtrun. Skilvindun. Fleyting. Smækkun. Niðursuða. Söltun. Reyking.
Helstu vinnslueiningar í matvæla- og fiskvinnslu með höfuðáherslu á vinnslu íslenskra matvæla. Lagt verður mat á vinnsluferla og reiknað út helstu atriði er varða vinnslueiningar og skipulagningu vinnsluferla. Vinnslurásir. Vinnsluflæðirit. Rekstrarfræði, gæðastjórnun, stjórnun og ákvarðanataka.

**MAT026F • Matvælavinnsla og Tækni • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Markmiðið með þessu námskeiði er að kynna nemendum helstu vinnslu- og geymsluaðferðir sem notaðar eru í verksmiðjuvinnslu matvæla. Eiginleika hráefna, öflun, móttöku og þætti sem hafa áhrif á gæði og hollustu. Byrjað er á því að kynna helstu aðferðir í vinnslutækni; Kælingu, frystingu, hvataeyðingu, gerilsneyðingu, niðursuðu, þurrkun, þykkingu og gerjun. Síðan er fjallað um samsetningu, vinnslueiginleika og framleiðslu helstu fæðutegunda eftir fæðuflokkum. Ávextir, grænmeti, kjötafurðir, mjólk og mjólkurafurðir og fiskafurðir. Fjallað er um aðra fæðuflokka í matvælavinnslu 2 sem er í beinuframhaldi af þessu námskeiði. Verklegar æfingar, skoðunarferðir í verksmiðjur og verkefni.

**MAT028F • Nýjar Aðferðir í Matvælarannsóknum • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
Fyrirlestrar: Fjallað verður um aðferðir til efnagreininga á matvælum, kosti þeirra og takmarkanir. Lýst verður aðferðum til að mæla einstök efni og efnaflokka og tækni þar að lútandi. Verklegar æfingar: Þjálfun í efnagreiningu matvæla með áherslu á fjölbreytta og nýstárlega tækni, æfing í notkun viðurkenndra erlendra forskriftabóka. Rannsökuð verða matvæli úr öllum fæðuflokkum og magn aðalefna, aukefna og snefilefna ákvarðað.

**MAT028M • Lífefnavinnsla og líftækni • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
Fjallað er um þau tækifæri sem felast í áframvinnslu viðbótar- og aukahráefna, sem falla til við matvælavinnslu og einangrun verðmætra lífefna, svo sem próteina, lípíða og lífvirkra efna úr þeim. Námskeiðið verður kennt í þremur einnar viku lotum. Fyrstu tvær loturnar verða byggðar á inngangi frá kennurum og kynningu nemenda á vísindagreinum, sem fjalla um lífefnavinnslu, einangrun og greiningu lífvirkra efna úr viðbótarhráefum frá matvælavinnslu. Síasta lotan byggist á verklegum nemendaverkefnum þar sem farið verður í gegnum flest skref lífefnavinnslu frá hráefnum til aðgreiningar og flokkunar. Prótein og lípíð verða kennigreind með ýmsum aðferðum. Nemendur munu m.a. kynnast aðferðum skiljunaraðferða (krómatografíu) og próteinmengjagreininga. Megin markmið námskeiðslins er að vekja athygli og áhuga

nemenda á þeim möguleikum, sem felast í auknu verðmæti viðbótarhráefna sem falla til við matvælaframleiðslu. Kennsluefni er á formi fyrirlestra kennara og vísindagreinum úr tímaritum, hvorttveggja aðgengilegt á netinu. Auk þess er stuðst við erlendar kennslubækur um efnið.
Nauðsynleg undirstaða: Lífræn efnafræði 2 (EFN401G), Lífefnafræði 2 (LEF406G)

**MAT029M • Nýsköpun og frumkvöðlar • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ágústa Guðmundsdóttir Prófessor
**Málstofa í frumkvöðlafræði og nýsköpun í matvælaiðnaði**
Fyrirlestrar um frumkvöðlastarf og nýsköpun verða fluttir af stjórnendum fyrirtækja og frumkvöðlum ásamt kennurum og nemendum í framhaldsnámi. Fyrirlestrarnir verða m.a. byggðir á raunverulegum reynslusögum frumkvöðla. Einnig verður fjallað um grundvallaratriði í vöruþróun og aðferðir sem nota má til að besta vöru og vinnslu á sem hagkvæmastan hátt.

**MAT102M • Matvælaframleiðsla og matvælaiðnaður • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 3f + 5v**
Umsjónarkennari: Kristberg Kristbergsson Prófessor
Kennari: Guðjón Þorkelsson Dósent
Kennari: Gústaf Helgi Hjálmarsson
Kennari: Halldór Sverrisson
Námskeiðið er um eðli, fjölbreytni, framleiðslu og öflun helstu hráefna til matvælavinnslu. Þá er einnig fjallað um hvernig þessi hráefni eru notuð við framleiðslu á matvælum á Íslandi. Námskeiðið skiptist í fjóra hluta: 1. Kornrækt, belgjurtir, garðávextir, kryddjurtir og drykkjarjurtir. 2. Fiskistofnar, fiskveiðar, villt spendýr og fuglar, meindýr. 3. Búfjárrækt til mjólkur- og kjötframleiðslu, þ.m.t. fiskeldi. 4. Íslenskur matvælaiðnaður, skipulagning og uppbygging. Verklegar æfingar, skoðunarferðir og ritgerðaverkefni.

**MAT302M • Matvælaörverufræði • (8e) • Haust • Stokkur: V1 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Franklín Georgsson Lektor
Kennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Efni fyrirlestra er skipt í fjóra hluta:
(1) Inngangur. Þróun örverufræðinnar. Heilkjörnungar og samkjörnungar. Bygging og einkenni örvera - bakteríur, sveppir, veirur, sníkjudýr. Flokkun mikilvægra örvera í matvælum. Fjölgun og efnaskipti örvera. Bendiörverur í matvælum. Hefðbundnar og nýjar aðferðir við ræktun, einangrun og talningu örvera í matvælum. Helsti uppruni örvera í matvælum.
Fjallað verður um nýlegar stefnur innan femínískra bókmenntakenninga og kynjafræði sem snúa að líkamanum bæði sem huglægu og hlutlægu fyrirbrigði. Lesin verða fræðirit og valdir textar eftir bæði karl- og kvenhöfunda og kenningum um orðræðu, málnotkun, táknfræði og líkamann beitt við textagreiningu og umfjöllun. Ekki er ætlast til forkunnáttu en reiknað er með að að námskeiði loknu séu nemendur færir um að vinna úr og beita slíkum fræðikenningum á bókmenntatexta. Krafist er virkra þáttöku í formi umræðna, lesturs og verkefnavinnu. Námsmat felst í þáttöku í tímum, stuttum verkefnum og lokaritgerð.

**ABF303G • Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**ABF304G • Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði • (20e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**ABF305G • Stefnur í bókmenntafræði • (10e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Dagný Kristjánsdóttir Prófessor
Kennari: Benedikt Hjartarson
Sögulegt yfirlit um þróun bókmenntafræði á 20. öld. Auk fyrirlestra er gert ráð fyrir umræðutímum þar sem nemendum er ætlað að beita mismunandi aðferðum við túlkun bókmenntatexta.

**ABF306G • Dramatúrgísk teoría • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Trausti Ólafsson
Á námskeiðinu verður gerð grein fyrir helstu kenningum um leikritun og leiklist í evrópsku og norður-amerísku leikhúsi allt frá forngrískri hefð til gjörningalistar samtímans. Leitast verður við að skilgreina samhengi og spennu milli tungumáls og gjörnings á leiksviði í sögulegu ljósi. Nokkur leikverk og brot úr öðrum verða lesin og greind með hliðsjón af áherslum í fræðilegri umfjöllun um leikritun og leiklist og fjallað verður um þrjár til fjórar leiksýningar sem valdar verða í samráði við nemendur. Að lokum verður rætt um gjörningalist í opinberu lífi í nútímasamfélagi, gerð grein fyrir kenningum Victors Turner um „félagslegt drama" og brugðið ljósi á hvernig skoða má atburði samtímans með hliðsjón af líkani hans.
Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar og umræður Námsmat: Skriflegt próf (50%). Ritgerð um efni að eigin vali nemenda (50%)

**ABF401G • Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi

námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**ABF402G • Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði • (10e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**ABF403G • Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði • (20e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**ABF404G • Ritgerð til BA-prófs í almennri bókmenntafræði • (20e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**ABF405G • Kínverskar bókmenntir • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Hjörleifur Sveinbjörnsson
Lesið er úrval texta frá 14. öld og fram á 18. öld. Hugað er að upphafi þessara bókmennta í frásögnum sagnamanna á markaðstorgum og tehúsum í þéttbýli kínversks miðaldasamfélags og hvernig þessi afþreying þróaðist yfir í fullburða sögur. Gerð verður grein fyrir þróun þessara sagna eftir því sem aldirnar líða og einkum staðnæmst við nútímalegustu og frægustu skáldsögu Kínverja: Drauminn um rauða herbergið sem Cao Xueqin samdi á 18. öld.

**ABF406G • 19. aldar bókmenntir og kvikmyndir • (10e) • Vor • 2f**
Aðstoðarkennari: Alda Björk Valdimarsdóttir
Kannaðar verða fjórar skáldsögur frá 19. öld (m.a. Jane Eyre eftir Charlotte Bronte og Emma eftir Jane Austen) og þær kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir þeim.
Námsmat tilkynnt við upphaf námskeiðs.

**AMV101G • Mál annarrar ættar I: • (10e) • Haust • 4f**
Nemendum er vísað á námskeiðið FIN102G Finnska fyrir byrjendur. Sjá námskeiðslýsingu hjá finnsku.

**AMV103G • Þróun málvísinda • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Magnús Snædal Rósbergsson Prófessor
Í fyrri hluta námskeiðsins er saga málvísinda og málspeki rakin í megindráttum frá fornöld um miðaldir til upphafs 19. aldar. M.a. fjallað um íslenska miðaldamálfræði. Í síðari hluta er fjallað um sögu málvísindanna á 19. og 20. öld. Áhersla er framar öðru lögð á þær kenningar og uppgötvanir sem afdrifaríkastar hafa orðið fyrir hugmyndir og aðferðafræði málvísinda.

**AMV201G • Indóevrópsk samanburðarmálfræði I • (10e) • Vor • 3f**
Aðstoðarkennari: Francois Frans Heenen
Kynntar eru aðferðir indóevrópskrar samanburðarmálfræði, skyldleikavensl indóevrópskra mála eru rakin, og meginatriði í þróun þeirra tekin til umfjöllunar með sérstakri hliðsjón af íslensku. Jafnframt er fjallað um grundvallaratriði formgerðar einnar indóevrópskrar forntungu og farið yfir einfalda texta.

**AMV303G • Ritgerð til BA-prófs í almennum málvísindum • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Ritgerð til BA-prófs Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**AMV304G • Ritgerð til BA-prófs í almennum málvísindum • (20e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja efni í samráði við fastan kennara. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum

þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**AMV305G • Tungumál og menning • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Magnús Snædal Rósbergsson Prófessor
Fjallað verður um mannlega málhæfni, tengsl málsins við ýmsa mannlega athafnasemi (menningu í víðum skilningi) en einnig hvort og þá hvernig málið mótar þá merkingar- og menningarheima sem maðurinn býr til.

**AMV307M • Tal- og málmein • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Magnús Snædal Rósbergsson Prófessor
Aðstoðarkennari: Bryndís Guðmundsdóttir
Aðstoðarkennari: Brynja Jónsdóttir
Fjallað verður um málstol og aðrar máltruflanir og tengsl þessa við málvísindi og ólíkar málfræðikenningar.
Miðannar- og lokapróf.

**AMV404G • Ritgerð til BA-prófs í almennum málvísindum • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Ritgerð til BA-prófs Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**AMV405G • Ritgerð til BA-prófs í almennum málvísindum • (10e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Ritgerð til BA-prófs Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**AMV406G • Ritgerð til BA-prófs í almennum málvísindum • (20e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja efni í samráði við fastan kennara. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**AMV407G • Ritgerð til BA-prófs í almennum málvísindum • (20e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja efni í samráði við fastan kennara. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**AMV410G • Merkingarfræði • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Magnús Snædal Rósbergsson Prófessor
Kynnt eru undirstöðuatriði og aðferðir í merkingarfræði og rædd vensl þeirrar greinar við aðrar greinar málvísinda, s.s. mikilvægi merkingarlegra viðmiðana í beygingafræði, orðmyndunarfræði og setningafræði. Fjallað er um tengsl milli merkingarfræði og málfræði frá heimspekilegu og sögulegu sjónarmiði.

**AMV501G • Einstaklingsverkefni • (10e) • Haust**
Nemandi velur sér viðfangsefni í samráði við fastan kennara, kynnir sér það og skilar skýrslu, ritgerð eða annars konar verkefnum eftir atvikum. Námskeið sem þetta er eingöngu fyrir þá sem taka almenn málvísindi til 90 eininga.

**AMV601G • Einstaklingsverkefni • (10e) • Vor**
Nemandi velur sér viðfangsefni í samráði við fastan kennara, kynnir sér það og skilar skýrslu, ritgerð eða annars konar verkefnum eftir atvikum. Námskeið sem þetta er eingöngu fyrir þá sem taka almenn málvísindi til 90 eininga.

**ÍSE001G • Sjálfsnám í íslensku I • (10e) • Haust**
Kennari: Kolbrún Friðriksdóttir Aðjunkt
Hér er í boði nemendastýrt íslenskunám fyrir byrjendur þar sem nemendur stjórna helstu þáttum námsins í samráði við kennara, svo sem markmiðum, aðferðum og efnisvali.
Allir nemendur fara í gegnum gagnvirka netkennsluefnið *Icelandic online I plús* og velja sér að auki efni í ákveðnum færniþætti sem þeir vilja leggja sérstaka áherslu á. Boðið er upp á námsleiðir í eftirfarandi færniþáttum: málfræði, hlustun og lestri - sem greinast í mismunandi stig eftir getu eða markmiðum nemenda (helsta efni tengt þessum hluta er á Uglu).
Ekki er um hefðbundnar kennslustundir að ræða en nemendur vinna sjálfstætt þar sem þeim hentar, heima eða í tölvuverum Háskólans. Þeir hitta kennara einslega í tveimur viðtölum á misserinu: 1) Í upphafi námskeiðsins þar sem efnisval er ákveðið, þeir fá viðeigandi námsáætlun og upplýsingar um aðgang að Icelandic Online I plús. 2) Um miðbik námskeiðsins þar sem nemendur gera kennara grein fyrir stöðu eigin

náms og ræddar eru námsleiðir, áframhaldandi markmið o.fl. Nemendur hafa og aðgang að kennara utan nefndra viðtalstíma.
Nemendur þreyta 100% próf í lok misseris úr hvorum hluta námskeiðsins, Icelandic online I plús 50%, og viðbótarefninu sem þeir völdu sjálfir (hlustun, lestur eða málfræði) 50%.

**ÍSE002G • Orðaforði I • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Sigríður D Þorvaldsdóttir Aðjunkt
**Markmið**
Að nemendur:

- læri og tileinki sér grunnorðaforða sem tengist daglegu lífi
- verði færir um að tala og skrifa um efni sem tengist daglegu lífi
- þekki hugtökin kyn, persónubeygingu, aukafallssagnir og sagnasamband
- tileinki sér setningagerðir með algengum sagnasamböndum
- tileinki sér setningagerðir með algengum aukafallssögnum
- tileinki sér beygingu nokkurra algengra sagna

**Inntak / viðfangsefni**
Megináhersla verður lögð á uppbyggingu orðaforða og færniþættina tvo: tal og ritun. Farið verður í fáein málnotkunar- eða málfræðiatriði, s.s. kyn, aukafallssagnir, merkingu nokkurra sagnasambanda og beygingu nokkurra sagna.
**Kennsluhættir / vinnulag**
Í þessu námskeiði verður daglegur orðaforði í íslensku byggður upp með kennsluaðferðinni *hermiheimur* (Global Simulation). Nemendur búa til hermiheim (bæ, hverfi eða blokk) þar sem ýmis konar starfsemi fer fram og skapar hver nemandi sér persónu, sem hann gefur nafn, útlit, persónueiginleika, heimilisfang, atvinnu, áhugamál, fjölskyldu og vini. Orðaforðinn verður æfður munnlega og skriflega með verkefnum í kennslustundum og heimavinnu. Málfræðiatriði verða tekin fyrir í samhengi við orðaforðann og umræðuefnin.
**Námsmat**
Í lok námskeið taka nemendur munnlegt og skriflegt próf, auk þess sem mæting, virkni í tímum og verkefni nemenda verða metin til einkunnar. Mætingaskylda 80%.

**ÍSE003G • Orðaforði I • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Sigríður D Þorvaldsdóttir Aðjunkt
**Markmið**
Að nemendur:

- læri og tileinki sér grunnorðaforða sem tengist daglegu lífi
- verði færir um að tala og skrifa um efni sem tengist daglegu lífi
- þekki hugtökin kyn, persónubeygingu, aukafallssagnir og sagnasamband
- tileinki sér setningagerðir með algengum sagnasamböndum
- tileinki sér setningagerðir með algengum aukafallssögnum
- tileinki sér beygingu nokkurra algengra sagna

**Inntak / viðfangsefni**
Megináhersla verður lögð á uppbyggingu orðaforða og færniþættina tvo: tal og ritun. Farið verður í fáein málnotkunar- eða málfræðiatriði, s.s. kyn, aukafallssagnir, merkingu nokkurra sagnasambanda og beygingu nokkurra sagna.
**Kennsluhættir / vinnulag**
Í þessu námskeiði verður daglegur orðaforði í íslensku byggður upp með kennsluaðferðinni *hermiheimur* (Global Simulation). Nemendur búa til hermiheim (bæ, hverfi eða blokk) þar sem ýmis konar starfsemi fer fram og skapar hver nemandi sér persónu, sem hann gefur nafn, útlit, persónueiginleika, heimilisfang, atvinnu, áhugamál, fjölskyldu og vini. Orðaforðinn verður æfður munnlega og skriflega með verkefnum í kennslustundum og heimavinnu. Málfræðiatriði verða tekin fyrir í samhengi við orðaforðann og umræðuefnin.
**Námsmat**
Í lok námskeið taka nemendur munnlegt og skriflegt próf, auk þess sem mæting, virkni í tímum og verkefni nemenda verða metin til einkunnar. Mætingaskylda 80%.
kemur síðar

**ÍSE004G • Framburður og tal • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: María Anna Garðarsdóttir Aðjunkt
**Markmið**
Að nemendur:

- öðlist hagnýta þekkingu og skilning á grundvallaratriðum íslenska hljóðkerfisins
- tileinki sér framburð íslenskra sérhljóða og samhljóða
- tileinki sér framburð sérhljóða og samhljóða í samfelldu tali
- tileinki sér áherslu í einstökum orðum og setningum
- tileinki sér tónfall í einföldum setningagerðum
- geti lesið upphátt texta með eðlilegum framburði
- tileinki sér einfaldar aðferðir í tjáskiptum
- læri einfalda frasa til að biðja um þjónustu eða aðstoð
- geti haldið uppi stuttum samræðum um kunnugleg efni

**Inntak / viðfangsefni**
Annars vegar verður farið í grundvallaratriði íslenska hljóðkerfisins. Sérstök áhersla verður lögð á framburð sérhljóða og samhljóða í samfelldu tali og hugað að áherslu og tónfalli. Hins vegar tileinka nemendur sér einfaldar aðferðir í tjáskiptum s.s. að hefja og ljúka samtali, biðja um þjónustu eða aðstoð og læra einfalda frasa sem þarf til að bjarga sér í daglegu lífi.
**Kennsluhættir / vinnulag**

Vinna í námskeiði krefst virkrar þátttöku. Vinnan felst í munnlegum æfingum, upplestri og para- eða hópvinnu í kennslustundum. Auk þess gefst nemendum svo tækifæri að þjálfa framburðinn enn frekar í málveri.

**Námsmat**

Í lok námskeið taka nemendur munnlegt próf, auk þess sem mæting, virkni í tímum og verkefni nemenda verða metin til einkunnar. Mætingaskylda 80%.

**ÍSE005G • Framburður og tal • (10e) • Vor • 4f**

Kennari: María Anna Garðarsdóttir Aðjunkt

**Markmið**

Að nemendur:

- öðlist hagnýta þekkingu og skilning á grundvallaratriðum íslenska hljóðkerfisins
- tileinki sér framburð íslenskra sérhljóða og samhljóða
- tileinki sér framburð sérhljóða og samhljóða í samfelldu tali
- tileinki sér áherslu í einstökum orðum og setningum
- tileinki sér tónfall í einföldum setningagerðum
- geti lesið upphátt texta með eðlilegum framburði
- tileinki sér einfaldar aðferðir í tjáskiptum
- læri einfalda frasa til að biðja um þjónustu eða aðstoð
- geti haldið uppi stuttum samræðum um kunnugleg efni

**Inntak / viðfangsefni**

Annars vegar verður farið í grundvallaratriði íslenska hljóðkerfisins. Sérstök áhersla verður lögð á framburð sérhljóða og samhljóða í samfelldu tali og hugað að áherslu og tónfalli. Hins vegar tileinka nemendur sér einfaldar aðferðir í tjáskiptum s.s. að hefja og ljúka samtali, biðja um þjónustu eða aðstoð og læra einfalda frasa sem þarf til að bjarga sér í daglegu lífi.

**Kennsluhættir / vinnulag**

Vinna í námskeiði krefst virkrar þátttöku. Vinnan felst í munnlegum æfingum, upplestri og para- eða hópvinnu í kennslustundum. Auk þess gefst nemendum svo tækifæri að þjálfa framburðinn enn frekar í málveri.

**Námsmat**

Í lok námskeið taka nemendur munnlegt próf, auk þess sem mæting, virkni í tímum og verkefni nemenda verða metin til einkunnar. Mætingaskylda 80%.

**ÍSE006G • Sjálfsnám í íslensku I • (10e) • Vor • 4f**

Kennari: Kolbrún Friðriksdóttir Aðjunkt

Hér er í boði nemendastýrt íslenskunám fyrir byrjendur þar sem nemendur stjórna helstu þáttum námsins í samráði við kennara, svo sem markmiðum, aðferðum og efnisvali.

Allir nemendur fara í gegnum gagnvirka netkennsluefnið *Icelandic online I plús* og velja sér að auki efni í ákveðnum færniþætti sem þeir vilja leggja sérstaka áherslu á. Boðið er upp á námsleiðir í eftirfarandi færniþáttum: málfræði, hlustun og lestri - sem greinast í mismunandi stig eftir getu eða markmiðum nemenda (helsta efni tengt þessum hluta er á Uglu).

Ekki er um hefðbundnar kennslustundir að ræða en nemendur vinna sjálfstætt þar sem þeim hentar, heima eða í tölvuverum Háskólans. Þeir hitta kennara einslega í tveimur viðtölum á misserinu: 1) Í upphafi námskeiðsins þar sem efnisval er ákveðið, þeir fá viðeigandi námsáætlun og upplýsingar um aðgang að Icelandic Online I plús. 2) Um miðbik námskeiðsins þar sem nemendur gera kennara grein fyrir stöðu eigin náms og ræddar eru námsleiðir, áframhaldandi markmið o.fl. Nemendur hafa og aðgang að kennara utan nefndra viðtalstíma.

Nemendur þreyta 100% próf í lok misseris úr hvorum hluta námskeiðsins, Icelandic online I plús 50%, og viðbótarefninu sem þeir völdu sjálfir (hlustun, lestur eða málfræði) 50%.

**ÍSE007G • Orðaforði II • (10e) • Vor • 4f**

Kennari: Kolbrún Friðriksdóttir Aðjunkt

Þetta námskeið er framhaldsnámskeið fyrir þá nemendur sem hafa lokið ÍSE003G Orðaforða I.

Megináhersla verður lögð á áframhaldandi uppbyggingu orðaforða í töluðu og rituðu máli.

Lesnir verða textar um efni sem varðar daglegt líf og ritun þjálfuð samhliða. Nemendur lesa jafnframt íslenska skáldsögu og vinna að lesskilnings- og orðaforðaverkefnum.

Efnt verður til umræðna um tiltekin efni sem tengjast daglegu lífi nemenda. Umræður fara fram í litlum hópum í kennslustofu og innan hópsins í heild.

Grunnatriði íslenskrar málfræði eru kynnt og þjálfuð áfram, s.s. kyn og beyging fallorða auk sagnbeygingar í nútíð og þátíð.

Nemendur þreyta skriflegt próf í lok misseris og skila jafnframt heimaprófum og ritæfingum til kennara á misserinu.

**ÍSE008G • Texti og ritun • (10e) • Vor • 4f**

Kennari: María Anna Garðarsdóttir Aðjunkt

**Markmið**

Að nemendur:

- verði færir um að lesa og skrifa nytjatexta sem nýtast í daglegu lífi
- þekki hugtökin fall, fallstjórn og persónubeygingu
- tileinki sér fallbeygingu algengra reglulegra fallorða
- tileinki sér persónubeygingu algengra og reglulegra sagnorða

**Inntak / viðfangsefni**

Megináhersla verður lögð á texta og færniþættina tvo: lestur og ritun. Lesnir verða einfaldir nytjatextar s.s smáauglýsingar, tilkynningar, póstkort, tækifæriskort, dagbækur, persónuleg viðtöl og fleira í þeim dúr. Nemendur semja síðan samsvarandi texta. Farið verður í fáein málfræðiatriði og málnotkunaratriði í tengslum við textana, s.s. fallbeygingu, sagnbeygingu og viðeigandi frasa í nytjatextum.

**Kennsluhættir / vinnulag**

Vinna í námskeiði krefst virkrar þátttöku í kennslustundum og heimavinnu nemenda. Vinnan felst í para- eða hópvinnu í kennslustundum undir stjórn kennara.
**Námsmat**
Í lok námskeið taka nemendur skriflegt próf, auk þess sem mæting, virkni í tímum og verkefni nemenda verða metin til einkunnar. Mætingaskylda 80%.

**ÍSE009G • Sjálfsnám í íslensku II • (10e) • Vor**
Kennari: Kolbrún Friðriksdóttir Aðjunkt
Sjálfsnám í íslensku II er nemendastýrt íslenskunám þar sem nemendur stjórna í samráði við kennara helstu þáttum námsins svo sem markmiðum, aðferðum og efnisvali. Námskeiðið er beint framhald af námskeiðinu ÍSE006G Sjálfsnámi í íslensku I.
Allir nemendur fara í gegnum gagnvirka netkennsluefnið *Icelandic online II plús* og velja sér að auki efni í ákveðnum færniþætti sem þeir vilja leggja sérstaka áherslu á. Boðið er upp á námsleiðir í eftirfarandi færniþáttum: málfræði, hlustun + framburði og lestri + ritun - sem greinast í mismunandi stig eftir getu eða markmiðum nemenda (helsta efni tengt þessum hluta er á Uglu).
Ekki er um hefðbundnar kennslustundir að ræða en nemendur vinna sjálfstætt þar sem þeim hentar, heima eða í tölvuverum Háskólans. Þeir hitta kennara einslega í tveimur viðtölum á misserinu: 1) Í upphafi námskeiðsins þar sem efnisval er ákveðið, þeir fá viðeigandi námsáætlun og upplýsingar um aðgang að Icelandic Online II plús. 2) Um miðbik námskeiðsins þar sem nemendur gera kennara grein fyrir stöðu eigin náms og ræddar eru námsleiðir, áframhaldandi markmið o.fl. Nemendur hafa og aðgang að kennara utan nefndra viðtalstíma.
Nemendur þreyta 100% próf í lok misseris úr hvorum hluta námskeiðsins, Icelandic online II plús 50%, og viðbótarefninu sem þeir völdu sjálfir (hlustun + framburði, lestri + ritun eða málfræði) 50%.

**ÍSE014G • Íslensk menning • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Soffía Auður Birgisdóttir Aðjunkt
Í námskeiðinu er gefið yfirlit yfir íslenska menningu frá landnámstíma og fjallað um hin hröðu umskipti sem orðið hafa í átt til nútímalifnaðarhátta á undanförnum áratugum. Íslensk samtímamenning og listir eru þó þeir þættir sem mest áhersla er lögð á og sérstök áhersla er á bókmenntir og lesa nemendur nokkrar íslenskar skáldsögur í námskeiðinu. Fjallað er um bókmenntir, tónlist, myndlist, kvikmyndir, húsagerð, umhverfismál og íslenska náttúru. Lesið er úrval íslenskra nútímabókmennta og rætt um helstu strauma og stefnur í íslenskri bókmenntasögu. Rætt er um íslenska leikhúshefð, kvikmyndagerð, tónlistarhefð og fleira. Listasöfn eru heimsótt. Námskeiðið Íslensk menning er opið öllum erlendum stúdentum við Háskóla Íslands og fer kennslan fram á ensku.
Ritgerð og skyndipróf.

**ÍSE101G • Stýrt sjálfsnám I • (4e) • Haust**
Kennari: María Anna Garðarsdóttir Aðjunkt
**Menntunarmarkmið**
Að nemendur
- skilji einfaldar umræður um málefni sem lúta að hversdagslífi
- öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu á kerfi íslenskra hljóða
- tileinki sér framburð íslenskra hljóða og átti sig á áherslu og tónfalli í einstökum orðum og einföldum setningum
**Viðfangsefni**
Farið verður í framburð einstakra málhljóða. Lögð verður sérstök áhersla á framburð í einstökum orðum og einföldum setningum og hugað að áherslu og tónfalli. Enn fremur verða nemendur þjálfaðir í skilningi á einföldu mæltu máli.
**Vinnulag**
Nemendur vinna sjálfstætt undir leiðsögn umsjónarkennara verkefni í málveri og tungumálamiðstöð.
**Námsmat**
Skriflegt próf í lok misseris, 100%, en skil á verkefnum eru skilyrði fyrir próftökurétti.
Skriflegt próf í lok misseris, 100%.

**ÍSE102G • Málfræði I • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Katrín Axelsdóttir Aðjunkt
Kennari: Þóra Björk Hjartardóttir Dósent
**Viðfangsefni**
Farið verður ítarlega í grundvallarþætti íslenskrar málfræði og megináhersla lögð á algengustu og reglulegustu beygingar fallorða og tíðbeygingu sagnorða. Í námskeiðinu verður sjónum eingöngu beint að málkerfinu og lítið sem ekkert farið í málnotkunarleg atriði nema þau sem tengjast beint þeim málkerfislegum atriðum sem farið er í.
**Vinnulag**
Kennsla fer fram í óbeinu fyrirlestrarformi þar sem farið verður nákvæmlega í tiltekin málkerfisleg atriði og þau útskýrð í samhengi við önnur atriði. Lögð verða fyrir stutt heimaverkefni vikulega sem tengjast efni tímanna hverju sinni. Þau gilda ekki til einkunnar en eru mikilvægur liður í tileinkun námsefnisins og því skiptir miklu að nemendur standi skil á þeim. Í upphafi verður kennt á ensku en íslenska notuð æ meir samhliða eftir því sem líður á kennslutímabilið.
Skriflegt próf.

**ÍSE103G • Íslenskt mál I • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Kolbrún Friðriksdóttir Aðjunkt
Markmið
Að nemendur:
læri og tileinki sér grunnorðaforða
geti lesið og skilið einfalda texta
geti skrifað einfalda texta um kunnugleg efni
geti skrifað um umhverfi sitt og reynslu
öðlist þekkingu á samsettum orðum í íslensku
geti nýtt sér þekkingu sína á grunnhugtökum í málfræði í tengslum viðmálnotkun
Inntak / viðfangsefni

Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér orðaforða með lestri og verkefnavinnu í tengslum við afmörkuð þemu. Auk þess fá nemendur þjálfun í ritun.
Kennsluhættir / vinnulag
Í þessu námskeiði eru einfaldir textar lesnir vandlega og orðaforði og málnotkun æfð með margskonar ritunaræfingum og verkefnavinnu. Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og undirbúnings nemenda.
Námsmat
Í lok námskeiðs taka nemendur skriflegt próf.

**ÍSE104G • Talþjálfun I • (6e) • Haust • 4æ**
Kennari: Kolbrún Friðriksdóttir Aðjunkt
Megináhersla er lögð á grunnatriði íslensks framburðar, munnlega tjáningu og skilning á töluðu máli. Í kennslustundum eru kynntar og þjálfaðar helstu framburðarreglur málsins auk þess sem nemendur hljóta þjálfun í talmáli. Lögð er áhersla á að kynna algenga samskiptafrasa og notkun daglegs máls. Þjálfun fer að mestu leyti fram í litlum samræðuhópum.
Nemendur undirbúa ákveðin efni heima sem tengjast daglegu lífi og starfi og ræða þau málefni í hópnum. Þeir fá jafnframt þjálfun í að halda fyrirlestur í kennslustund um tiltekið efni. Krafist er virkrar þátttöku í tímum og undirbúnings nemenda heima.
Nemendur þreyta munnlegt próf í lok misseris og halda fyrirlestur í kennslustund.

**ÍSE201G • Málfræði II • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Þóra Björk Hjartardóttir Dósent
Námskeiðið er framhald námskeiðsins *Málfræði I* þar sem farið var yfir ýmsa grundvallarþætti íslenskrar málfræði. Haldið áfram að auka enn frekar við þá þekkingu í byggingu málsins sem nemendur öfluðu sér þar. Þannig verða fleiri beygingarflokkar nafnorða kynntir og jafnframt verður mikil áhersla lögð á sagnir og notkun þeirra, einkum í samsettum myndum. Rætt verður um myndun og notkun stigbreyttra lýsingarorða auk þess sem áhersla verður lögð á fornöfn og notkun þeirra, jafnt eftir formi og merkingu.
Kennt verður í óbeinu fyrirlestrarformi þar sem farið verður yfir viðfangsefnið hverju sinni. Vikuleg heimaverkefni sem tengjast efni kennslustunda. Verkefnin gilda ekki til einkunnar en skipta máli við tileinkun námsefnisins og því mikilvægt að nemendur standi skil á þeim.. Kennt verður á íslensku.
Skriflegt próf.

**ÍSE202G • Talþjálfun II • (6e) • Vor • 3æ**
Kennari: Katrín Axelsdóttir Aðjunkt
**Menntunarmarkmið**
Að nemendur
- geti lýst umhverfi sínu, reynslu og viðhorfum
- skilji vel umræðu um ýmis málefni sem lúta að hversdagslífi
- átti sig á helstu atriðum í umræðum um flóknari málefni
- ráði við almennar samskiptaaðstæður daglegs lífs
- skilji og geti nýtt sér leiðbeiningar um hljóðfræðileg, beygingarleg og setningarfræðileg atriði

**Viðfangsefni**
Nemendur fá þjálfun í munnlegri tjáningu og skilningi á töluðu máli. Þeir lesa heima stuttar blaðagreinar um tiltekin efni og ræða efni þeirra og skiptast á skoðunum í tímum. Einnig halda þeir stuttar kynningar um valin efni.
**Vinnulag**
Kennsla fer fram í litlum hópum, sem síðan er oft er skipt í smærri hópa. Krafist er virkrar þátttöku í tímum og undirbúnings fyrir þá.
**Námsmat**
Munnlegt próf í lok misseris og auk þess er tekið tillit til virkni í tímum. 80% mætingarskylda.
Munnlegt próf í lok misseris.

**ÍSE203G • Stýrt sjálfsnám II • (4e) • Vor**
Kennari: Sigríður D Þorvaldsdóttir Aðjunkt
**Menntunarmarkmið**
Að nemendur
- skilji vel umræðu um ýmis málefni sem lúta að hversdagslífi
- átti sig á helstu atriðum í umræðum um flóknari málefni
- öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu á grundvallarþáttum íslensks hljóðkerfis
- tileinki sér eðlilegan framburð í samfelldu tali með réttum áherslum og tónfalli

**Viðfangsefni**
Farið verður í grundvallaratriði íslensks hljóðkerfis. Lögð verður sérstök áhersla á framburð í samfelldu tali og hugað að áherslu og tónfalli. Enn fremur verða nemendur þjálfaðir í skilningi á mæltu máli með því að hlusta á talað mál við ýmsar aðstæður.
**Vinnulag**
Nemendur vinna sjálfstætt undir leiðsögn umsjónarkennara verkefni í málveri og tungumálamiðstöð.
**Námsmat**
Skriflegt próf í lok misseris, 100%, en skil á verkefnum eru skilyrði fyrir próftökurétti.
Skriflegt próf í lok misseris, 100%.

**ÍSE204G • Íslenskt mál II • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Katrín Axelsdóttir Aðjunkt
**Viðfangsefni**
Megináhersla er lögð á lesskilning og ritun með aðstoð texta af margvíslegu tagi, s.s. blaðagreina og smásagna. Hugað er að áframhaldandi uppbyggingu orðaforða, m.a. með umfjöllun um orðmyndun og lestri texta.
**Vinnulag**
Í þessu námskeiði er valdir textar lesnir vandlega og sérstaklega hugað að orðaforða, byggingu orða og notkun orða í setningum. Auk þess lesa nemendur nokkrar valdar smásögur og ræða efni þeirra í hópum í kennslustundum og
þjálfa orðaforða smásagnanna enn frekar með margvíslegum ritunaræfingum.

Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og undirbúnings nemenda.
100% skriflegt próf í lok misseris.

**ÍSE301G • Beygingarfræði I • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Margrét Jónsdóttir Dósent
**Viðfangsefni**
Farið verður rækilega yfir beygingu nafnorða, þ.á m. eiginnafna, lýsingarorða, töluorða og atviksorða í íslensku nútímamáli og helstu hugtök þessu tengd. Hugað verður að fyrirbærum á borð við orðasafn, reglumálfræði, áhrifsbreytingar, fyrirsegjanleika og mörkun. Stærð beygingarflokka og virkni verður til umfjöllunar og skoðað verður hvernig tökuorð skipast í beygingarflokka.
**Vinnulag**
Tímar byggjast á fyrirlestrum. Í hverri viku verða lögð fyrir sérstök heimaverkefni sem ætlast er stúdentar skili kennara; farið verður yfir verkefnin í kennslustundum.
100% skriflegt próf.

**ÍSE302G • Málnotkun I • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Katrín Axelsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sigríður D Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Lögð verður áhersla á lestur og lesskilning, ritun og ýmis málfarsatriði. Nemendur kynnast lestrartækni, lesa smásögur og eina glæpasögu. Fjallað er um uppbyggingu ritsmíða, frágang heimildaskráa og nemendur skrifa ritgerð um glæpasöguna. Þá verður lögð áhersla á málfarsatriði sem oft vefjast fyrir útlendingum, mun ritmáls og talmáls og óformlegs og formlegs máls.
**Vinnulag**
Auk tímasóknar og undirbúnings fyrir tíma er ætlast til töluverðrar verkefnavinnu nemenda, bæði smærri verkefna og ritgerðar.
Verkefni (25%), ritgerð (15%) og skriflegt próf (60%).

**ÍSE304G • Samtímabókmenntir • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jón Karl Helgason Dósent
Inntak/viðfangsefni
Á liðnu ári voru 1130 titlar skráðir í bókatíðindi Félags íslenskra bókaútgefanda. Þar af voru um 50 ljóðabækur, um 100 frumsamdar íslenskar skáldsögur fyrir fullorðna, og um 100 frumsamdar bækur fyrir börn og unglinga. Þessar tölur virðast hækka ár frá ári, enda þótt rannsóknir sýni að bókalestur Íslendinga, ekki síst barna, hafi dregist töluvert saman á undanförnum áratugum. Í námskeiðinu verður fjallað um stöðu íslenskra samtímabókmennta, þjóðfélagsmynd þeirra og samræðu þeirra við bókmenntahefðina. Lesin verða styttri og lengri skáldverk sem komið hafa út á allra síðustu árum. Einnig verður lesið eitt nýlegt íslenskt leikrit og farið á sýningu á því ef tækifæri gefst.
Kennsluhættir/vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum kennara og virkri þátttöku nemenda í tímum. Nemendur munu vinna bæði einstaklings- og hópverkefni sem tengjast viðfangsefnum námskeiðsins.
Einstaklings- og hópvinnuverkefni nemenda verða metin til einkunnar en á móti henni kemur einkunn í lokaprófi í lok annar.

**ÍSE305G • Hljóð og hljóðkerfisfræði • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Þóra Björk Hjartardóttir Dósent
**Markmið**
Að loknu námskeiði eiga nemendur að
* þekkja helstu einkenni íslenskra málhljóða
* þekkja helstu hljóðferli í íslensku
* geta lýst framburði íslensks máls í stærstum dráttum og notað til þess fræðileg hugtök
* geta nýtt sér leiðbeiningar um framburð eins og þær birtast í orðabókum og handbókum.
**Inntak / viðfangsefni**
Fyrst verður fjallað verður ítarlega um myndun einstakra málhljóða. Því næst verður grein fyrir innbyrðis venslum málhljóða og tekin til umfjöllunar helstu hljóðferli sem þar eiga sér stað. Grundvallaratriði í hljóðritun verða kennd og þjálfuð.
**Kennsluhættir / vinnulag**
Kennt verður á óformlegu fyrirlestrarformi með hlustunar- og greiningardæmum eftir því sem við. Stutt heimaverkefni lögð fyrir jafnt og þétt yfir misserið. Þau gilda ekki til einkunnar eru mikilvægur þáttur í tileinkun námsefnisins.
Skriflegt próf

**ÍSE306G • Íslenskar bókmenntir fyrri alda • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jón Karl Helgason Dósent
Í námskeiðinu verður annars vegar fjallað um norræna goðafræði og mynd hennar í íslenskum miðaldabókmenntum og hins vegar um íslenskar fornbókmenntir í óbundnu máli með sérstakri áherslu á Íslendingasögur. Lesin verða á frummálinu valin eddukvæði, dróttkvæði og kaflar úr Snorra-Eddu, og auk þess þrjár Íslendingasögur.
Kennsluhættir/vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum kennara og virkri þátttöku nemenda í tímum. Nemendur munu vinna bæði einstaklings- og hópverkefni sem tengjast viðfangsefnum námskeiðsins.
Einstaklings- og hópvinnuverkefni nemenda verða metin til einkunnar en á móti henni kemur einkunn í lokaprófi í lok annar.

**ÍSE401G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Sigríður D Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Ritgerð til BA-prófs er skrifuð í samráði við kennara. Ritgerðin, sem á að sýna hæfni til sjálfstæðra vinnubragða og meðferð heimilda, skal vera um 30 bls. að lengd.

**ÍSE402G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta • (10e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Sigríður D Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Ritgerð til BA-prófs er skrifuð í samráði við kennara. Ritgerðin, sem á að sýna hæfni til sjálfstæðra vinnubragða og meðferð heimilda, skal

vera um 30 bls. að lengd.

**ÍSE403G • Beygingarfræði II • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Margrét Jónsdóttir Dósent
**Viðfangsefni**
Farið verður rækilega yfir beygingu fornafna og sagna í íslensku nútímamáli og helstu hugtök þessu tengd. Hugað verður að fyrirbærum á borð við orðasafn, reglumálfræði, áhrifsbreytingar, fyrirsegjanleika, mörkun, stærð og tíðni orða og beygingarflokka og breytingar á beygingum.
**Vinnulag**
Tímar byggjast á fyrirlestrum. Í hverri viku verða lögð fyrir sérstök heimaverkefni sem ætlast er stúdentar skili kennara; farið verður yfir verkefnin í kennslustundum.
100% skriflegt próf.

**ÍSE404G • Íslandssaga • (10e) • Vor • 4f**
**Inntak / viðfangsefni**
Námskeiðið fjallar um sögu Íslands. Stiklað er á stóru á helstu og mikilvægustu atriðum Íslandssögunnar, svo sem landnámi, kristnitöku, stofnun Alþingis, Sturlungaöld, siðaskipti, einveldishyllingu, einokunarverslun, sjálfstæðisbaráttu, heimastjórn, hernámi og köldu stríði svo að fáein atriði séu nefnd.
**Kennsluhættir / vinnulag**
Kennsla fer fram tvisvar í viku með fyrirlestrum.
**Lesefni**
Ljósritað efni frá kennara.
Lokapróf úr öllu efni námskeiðisins sem gildir 80% Tvær stuttar ritgerðir, ein um sögu Íslands fyrir 1900, önnur um sögu Íslands á 20. öld (20%)

**ÍSE405G • Málnotkun II • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: María Anna Garðarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sigríður D Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Inntak / viðfangsefni
Í þessu námskeiði verður aðaláhersla lögð á talað mál**,** þ.e. tjáningu, framburð og skilning á töluðu máli. Fylgst verður með umræðum/fréttum í fjölmiðlum og nemendur ræða efnið í litlum hópum með kennara.
Kennsluhættir / vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku nemenda. Í hverri viku fá nemendur sent verkefni með spurningum úr sjónvarpsfréttum og öðru efni úr fjölmiðlum. Nemendur ræða síðan um efnið í litlum hópum í tímum með kennara. Í seinni hluta námskeiðsins flytja nemendur kynningu á völdu efni og vinna heimaverkefni sem tengist framburði.
Í lok námskeiðs er munnlegt próf. Auk þess eru verkefni, skrifleg og munnleg, metin til einkunnar.

**ÍSE406G • Þjóðsögur • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Jón Karl Helgason Dósent
Forkröfur: Nemandi þarf að hafa lokið öllum námskeiðum á 1. ári í Íslensku fyrir erlenda stúdenta.
Inntak/viðfangsefni
Fjallað er um íslenska þjóðsagnahefð og gildi hennar í samtímanum. Lesið er úrval af þekktum íslenskum þjóðsögum og valin sýnishorn íslenskra nútímabókmennta en auk þess fræðileg skrif um viðfangsefnið. Athygli verður beint að hlutverki þjóðsagna og þjóðtrúar í samfélaginu, jafnt fyrr á öldum sem í samtímanum. Þá verður lögð áhersla lögð á það hvernig íslenskir listamenn, svo sem skáld, leikritahöfundar, myndlistarmenn og kvikmyndagerðarmenn, hafa unnið með þennan sagnaarf á síðari árum.
Kennsluhættir/vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum kennara, vettvangsheimsóknum á söfn og virkri þátttöku nemenda í tímum. Nemendur munu vinna bæði einstaklings- og hópverkefni sem tengjast viðfangsefnum námskeiðsins.
Einstaklings- og hópvinnuverkefni nemenda verða metin til einkunnar en á móti henni kemur einkunn í lokaprófi í lok annar.

**ÍSE407G • Inngangur að bókmenntafræði • (5e) • Vor • 2f**
síðar

**ÍSE501G • Íslenskar bókmenntir fyrri alda • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jón Karl Helgason Dósent
Forkröfur: Nemandi þarf að hafa lokið öllum námskeiðum á 1. ári í Íslensku fyrir erlenda stúdenta.
Inntak/viðfangsefni
Í námskeiðinu verður fjallað um sögu íslenskra bókmennta frá 1550 fram á tuttugustu öld. Fjallað verður um það hvernig bókmenntastefnur á borð við upplýsingu, rómantík, raunsæi, nýraunsæi, félagslegt raunsæi og módernismi berast til landsins og ljósi varpað á hlutverk tímarita á borð við *Fjölni*, *Verðandi* og *Rauða penna* í því sambandi. Lesin verða valin ljóð, skáldverk, ævisögur og ritgerðir frá tímabilinu en jafnframt lögð áhersla á að sýna með hvaða hætti eldri bókmenntir eru lifandi þáttur íslenskrar nútímamenningar.
Kennsluhættir/vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum kennara og virkri þátttöku nemenda í tímum. Nemendur munu vinna bæði einstaklings- og hópverkefni sem tengjast viðfangsefnum námskeiðsins.
Einstaklings- og hópvinnuverkefni nemenda verða metin til einkunnar en á móti henni kemur einkunn í lokaprófi í lok annar.

**ÍSE502G • Þýðingar • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jón G Friðjónsson Prófessor
Farið verður yfir helstu hugtök þýðingafræða og í því samhengi stuðst bók Peters Newmarks (1988): *A Textbook of Translation*. Einkum verður farið yfir 2. kafla (*The Analysis of a Text*), 3. kafla (*The Process of Translation*) og 5. kafla (*Translation Methods*). Einnig verður stuðst við fjölritað efni sem nemendur fá í upphafi námskeiðs.

Í samráði við kennara velja nemendur sér stuttan texta (um 10 bls.) á móðurmáli sínu sem þeir þýða á íslensku. Nemendur gera grein fyrir námskeiðsverkefnum sínum í kennslustund og koma þau ásamt greinargerðinni (fyrirlestri) í stað prófs.

**ÍSE503G • Setningafræði I • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Margrét Jónsdóttir Dósent
**Viðfangsefni**
Fjallað verður um ýmis grundvallaratriði, t.d. orðflokkagreiningu, setningaliði, flokkun sagna og málfræðihlutverk. Rætt verður um tengsl merkingarfræði og setningafræði. Af sérstökum viðfangsefnum má nefna notkun afturbeygingar svo og háttanokun og óbeina ræðu. Einnig verður rætt um þolmynd, myndun hennar og notkun.
**Vinnulag**
Kennt verður í fyrirlestrum. Í hverri viku verða lögð fyrir sérstök heimaverkefni sem ætlast er stúdentar skili kennara; farið verður yfir verkefnin í kennslustundum.
**Námsmat**
Tvö heimaverkefni sem hvort um sig gildir 40%. Annað verkefnið verður fyrir í kennsluhléi, hitt í námskeiðslok. 5% einkunnarinnar kemur úr vikulegum heimaverkefnum enda hafi nemandi skilað a.m.k. 7 verkefnum af 10. Fyrir framsögur í kennslustundum, þar sem allt að þrír nemendur vinna saman að verkefni, getur nemandi fengið allt að 15%.

**ÍSE504G • Málnotkun III • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: María Anna Garðarsdóttir Aðjunkt
Inntak / viðfangsefni
Í þessu námskeiði verður aðaláhersla lögð á að nemendur kynni sér og tileinki sér þann orðaforða sem notaður er í fjölmiðlum og geti rætt og skrifað texta af margvíslegu tagi um þau mál sem hæst ber hverju sinni. Þá er farið lítillega í frágang handrita.
Kennsluhættir / vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku nemenda. Nemendur undirbúa heima kynningar eða samræður í tengslum við efni úr fjölmiðlum og flytja og ræða í tímum. Nemendur vinna auk þess ýmiss skrifleg einstaklingverkefni um svipuð mál.
Námsmat
Í lok námskeiðs er málþing þar sem munnleg framsetning nemenda er metin. Auk þess eru smærri verkefni metin til einkunnar.
Munnlegt próf og vikuleg verkefni.

**ÍSE601G • Fjölmiðlamál • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Katrín Axelsdóttir Aðjunkt
**Viðfangsefni**
Fjallað verður um mál í fjölmiðlum, einkum dagblöðum en einnig talmiðlum. Lesnar verða ýmsar blaðagreinar og áhersla lögð á atriði sem gjarna vefjast fyrir útlendingum. Mismunandi málsnið, munur talmáls og ritmáls, vandamál við þýðingar, fyrirsagnir, algengar málvillur og ambögur verða m.a. til umfjöllunar og íslensk málstefna verður kynnt.
**Vinnulag**
Mikilvægt er að nemendur sæki tíma reglulega og vinni þau verkefni jafnóðum sem fyrir þá eru lögð, einnig verkefni sem ekki er skylda að skila. Þá er ætlast til þess að nemendur fylgist vel með fjölmiðlum á námskeiðstímanum og séu virkir í tímum, enda byggjast tímarnir að hluta til á umræðum.
Verkefni (30%) og skriflegt próf í lok námskeiðs (70%).

**ÍSE602G • Íslenskar bókmenntir síðari alda • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Jón Karl Helgason Dósent
Inntak/viðfangsefni
Allt fram að lokum nítjándu aldar bjó meirihluti Íslendinga á sveitaheimilum víðsvegar um land. Í upphafi tuttugustu aldar hófust hins vegar miklir fólksflutningar til sjávarplássa meðfram ströndum landsins, ekki síst til Reykjavíkur. Þegar leið á öldina hófust jafnframt miklir fólksflutningar frá sjávarplássunum til höfuðborgarsvæðisins og sér enn ekki fyrir endann á þeirri þróun. Í þessari málstofu verða til umfjöllunar íslenskar skáldsögur, smásögur og kvikmyndir sem snúast með einum eða öðrum hætti um þessa miklu þjóðfélagsbreytingu. Meðal annars verða lesin skáldverk eftir Halldór Laxness, Indriða G. Þorsteinsson, Svövu Jakobsdóttur, Einar Kárason og Jón Kalman Stefánsson og horft á kvikmyndir á borð við Börn náttúrunnar, Land og synir og Hafið.
Kennsluhættir/vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum kennara og virkri þátttöku nemenda í tímum. Nemendur munu vinna bæði einstaklings- og hópverkefni sem tengjast viðfangsefnum námskeiðsins.
Einstaklings- og hópvinnuverkefni nemenda verða metin til einkunnar en á móti henni kemur einkunn í lokaprófi í lok annar.

**ÍSE603G • Setningafræði II • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Margrét Jónsdóttir Dósent
**Viðfangsefni**
Megináhersla verður lögð notkun sagna í horfum. Í því skyni verður einkum hugað að merkingu sagnanna, m.a. út frá eðli frumlagsins; í því ljósi verða sagnirnar flokkaðar. Notkun horfa í íslensku verður borin saman við samsvarandi orðskipanir í erlendum málum eftir því sem ástæða þykir til.
**Vinnulag**
Kennt verður í fyrirlestrum. Í hverri viku verða lögð fyrir sérstök heimaverkefni sem ætlast er stúdentar skili kennara; farið verður yfir verkefnin í kennslustundum.
**Námsmat**
Tvö heimaverkefni sem hvort um sig gildir 40%. Annað verkefnið verður lagt fyrir í kennsluhléi, hitt í námskeiðslok. 5% einkunnarinnar kemur úr vikulegum heimaverkefnum enda hafi nemandi skilað a.m.k. 7 verkefnum af 10. Fyrir framsögur í kennslustundum, þar sem allt að þrír nemendur vinna saman að verkefni, getur nemandi fengið allt að 15%.

**ÍSK202M • Meðferð talaðs máls • (5e) • Haust • 2f**
Aðstoðarkennari: Margrét Pálsdóttir

Fjallað verður um hljóðmyndun, hljóðmótun, öndun, raddbeitingu, raddvernd, framburð og framsögn. Einnig verður fengist við upplestur, áherslur og hrynjandi, mun talaðs máls og ritaðs og mismunandi málsnið. Sérstök áhersla er lögð á að nemendur verði færir um að flytja fræðilega fyrirlestra á ráðstefnum, kunni að nota miðlana skjávarpa og úthendur á skilvirkan hátt og séu undirbúnir fyrir umræður í lok fyrirlestrar.
Námsmat Heimaverkefni (20%). Erindi flutt á nemendaráðstefnu í lok námskeiðs (20%). Munnlegt próf (20&)

**ÍSL001G • Rannsóknarverkefni á BA-stigi • (10e) • Haust**
Rannsóknarverkefni á BA-stigi í samráði við umsjónarmann náms.

**ÍSL002G • Rannsóknarverkefni á BA-stigi • (10e) • Vor**
Rannsóknarverkefni á BA-stigi í samráði við umsjónarmann náms.

**ÍSL101G • Textagerð • (10e) • Haust • 4f**
Nemendur verða þjálfaðir í samningu ýmiss konar nytjatexta; auglýsinga, fréttatilkynninga, kynningarbæklinga, leiðbeininga, handbóka, vefsíðna o.fl. Skoðað verður hvað einkennir slíka texta og hvernig þeir þjóna best tilgangi sínum. Hugað verður að málfari og framsetningu, svo og tengslum við miðil (mynd, net o.s.frv.).

**ÍSL102G • Íslenskt mál að fornu I • (10e) • Haust • 3f**
Kennari: Guðrún Þórhallsdóttir Dósent
Forkröfur: Miðað er við að nemendur taki námskeiðið á þriðja misseri í BA-námi í íslensku.
Markmið:
Að nemendur
- þekki fræðasviðin málsögu og samanburðarmálfræði og helstu tegundir málbreytinga
- hafi innsýn í hljóðkerfi frumnorrænu
- kunni skil á frumnorrænum hljóðbreytingum sem höfðu áhrif á hljóð- og beygingarkerfi íslensku
- hafi gott vald á hefðbundinni beygingarflokkun íslensks fornmáls og geti beygt orð að fornum hætti
- hafi yfirsýn yfir þróun beyginga á leið til nútímamáls
- þekki mismunandi aðferðir við útgáfu fornra texta
- geti fært íslenskan texta til fornískensks málstigs með samræmdri stafsetningu fornri
Inntak/viðfangsefni: Námskeiðið veitir haldgott yfirlit um íslenskt fornmál, einkum hljóðkerfi og beygingarkerfi. Starfsaðferðir í sögulegum málvísindum verða kynntar og verður fornmálskerfið skoðað í sögulegu ljósi. Litið verður aftur til frumnorrænu og fjallað um helstu hljóðbreytingar sem urðu á því tímabili. Fjallað verður um heimildir um fornmálið og aðferðir við útgáfu fornra texta og textasýnishorn skoðuð í stafréttri útgáfu og samræmdri. Loks verður fjallað rækilega um beygingarflokkun fornmáls.
Kennsluhættir/vinnulag: Kennsla felst að mestu leyti í fyrirlestrum. Auk þess verða skrifleg heimaverkefni lögð fyrir nánast vikulega og um þau fjallað í sérstökum æfingatímum.
Skriflegt próf verður haldið úr öllu námsefni misserisins (vægi 75%). Gefin verða stig fyrir heimaverkefni sem mynda 25% af heildareinkunn námskeiðsins. Nauðsynlegt er að ná lágmarkseinkunn (5,0) á prófinu.

**ÍSL103G • Hagnýt íslenska • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jóhannes Gísli Jónsson Aðjunkt
**Markmið**
Námskeiðið er tvískipt. Markmiðin sem tengjast fræðilegum ritgerðum eru þau að nemendur

- fái yfirlit yfir helstu orðabækur um íslenskt mál
- kynnist því hvernig hægt er að nota netið við rannsóknir á íslensku máli og bókmenntum
- læri þau lögmál sem gilda um byggingu ritgerða og efnisafmörkun
- læri um mál og stíl sem hæfir fræðilegum ritgerðum
- kynnist rannsóknaraðferðum í málvísindum og bókmenntum
- læri að nýta sér fræðilegar heimildir og meta þær
- tileinki sér reglur um heimildatilvitnanir og heimildaskrár
- tileinki sér reglur um frágang og uppsetningu fræðilegra ritgerða

Markmiðin sem tengjast íslenskri málnotkun eru þau að nemendur

- tileinki sér reglur um stafsetningu og greinarmerkjasetningu
- átti sig á aðaleinkennum íslenskrar málstefnu og forsendum hennar
- kynnist mismunandi málsniðum og helstu einkennum þeirra.
- kynnist helstu vandamálum sem upp koma við íslenskun ýmiss konar nytjatexta

**Viðfangsefni**
Námskeiðið skiptist í tvo meginþætti. Annað meginviðfangsefnið eru ýmis grundvallaratriði sem tengjast ritgerðasmíð á sviði íslenskrar málfræði eða bókmennta en hitt meginviðfangsefnið er íslensk málnotkun (sbr. markmiðslýsinguna að ofan).
Námsmat byggist á vikulegum heimaverkefnum, stóru miðannarverkefni og fræðilegri ritgerð.

**ÍSL202G • Íslenskt mál að fornu II • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Jón Axel Harðarson Prófessor
**Markmið:** Að nemendur
- kunni góð skil á hljóðkerfisfræði fornískensku
- þekki helstu hljóðbreytingar sem orðið hafa í íslensku frá 12. til miðrar 16. aldar
- hafi fengið góða innsýn í Fyrstu málfræðiritgerðina og átti sig á mikilvægi hennar fyrir íslenska málfræði og sögu málvísinda
- geti nýtt sér fornískenska texta sem málvísindalegar heimildir.

**Inntak/viðfangsefni:** Námskeiðið er beint framhald af Íslensku máli að fornu I. Fjallað verður rækilega um hljóðkerfi fornmáls og farið yfir helstu hljóðbreytingar sem orðið hafa frá 12. til miðrar 16. aldar. Fyrsta málfræðiritgerðin verður lesin og grein gerð fyrir mikilvægi hennar bæði fyrir íslenska og norræna málfræði og sögu málvísinda. Þá verður farið yfir sýnishorn texta í óbundnu og bundnu máli og rætt um dróttkvæði sem málvísindalegar heimildir.
**Kennsluhættir/vinnulag:** Kennsla felst að mestu leyti í fyrirlestrum. Auk þess verða fimm heimaverkefni lögð fyrir nemendur og um þau fjallað í sérstökum æfingatímum.
Skriflegt próf verður haldið úr öllu námsefni misserisins (vægi 75%). Heimaverkefni, sem stig verða gefin fyrir, mynda 25% af heildareinkunn námskeiðsins. Nauðsynlegt er að ná lágmarkseinkunn (5,0) á prófinu.

**ÍSL301G • Straumar og stefnur í bókmenntafræði • (10e) • Haust • 3f + 1u**
Kennari: Dagný Kristjánsdóttir Prófessor
Aðstoðarkennari: Benedikt Hjartarson
Sögulegt yfirlit yfir þróun bókmenntafræði á 20. öld. Auk fyrirlestra er gert ráð fyrir umræðutímum þar sem nemendum er ætlað að beita ólíkum nálgunarleiðum á bókmenntatexta.
Æskileg undirstaða: Bókmenntafræði (ÍSL416G)

**ÍSL304G • Eddukvæði og dróttkvæði • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Ármann Jakobsson Dósent
Í námskeiðinu verður fjallað um þau eddukvæði og dróttkvæði sem segja frá heiðnum goðum og hetjum fornaldar. Rætt verður um goðafræði og heimsmynd heiðninnar, germönsk hetjukvæði og um leyndardóma dróttkvæðs skáldskapar. Spurt verður um heimildagildi kvæðanna, varðveislu þeirra í munnlegri geymd og ritun þeirra á miðöldum.
Munnlegt próf í lok námskeiðs (50 %). Stutt ritgerð (40 %). Önnur verkefni nemenda (10 %).

**ÍSL305G • Skáldsögur á 20. öld • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Dagný Kristjánsdóttir Prófessor
Í þessu námskeiði lesum við nokkrar valdar skáldsögur með hliðsjón af sambandi bókmennta og sjónmenningar, orðum og myndum. Við byrjum á textum sem lýsa myndum og eru afar myndrænir, spyrjum um augað sem sér í textanum og hvernig horft er. Við skoðum tilraunir til að sveigja texta að ljósmynd eða málverki eða kvikmynd og við spyrjum hvort orðið og myndin hafi samið frið núna eða hið gagnstæða?
Námsmat verður í formi styttri verkefna og ritgerðar.

**ÍSL306G • Hljóðfræði • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Francois Frans Heenen
Fjallað er um gerð talfæra, hljóðmyndun og hljóðlýsingu. Þjálfun í hljóðritun. Kynntar helstu aðferðir hljóðkönnunar með hljóðeðlisfræðilegum aðferðum. Rannsóknir á hljóðskynjun. Afmörkun og tengsl hljóðfræði og hljóðkerfafræði.

**ÍSL307G • Erlend áhrif á íslenskt mál fyrr á öldum • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Veturliði G Óskarsson Prófessor
Í námskeiðinu verður fjallað um **erlend áhrif á íslensku frá elstu tíð og fram yfir siðaskipti**, með nokkrum samanburði við síðari tíma, einkum í ljósi málhreinsunarstefnu 19.-20. aldar. Verður sjónum m.a. beint að þætti miðlágþýsku, máls Hansakaupmanna, sem mótaði mjög nágrannamálin í Skandinavíu á 13.-16. öld, en einnig verður hugað að áhrifum ensku á 15. öld ("ensku öldinni"), fornensku, fornháþýsku og saxnesku á 11. og 12. öld og dönsku eftir 1500. Meginmarkmið námskeiðsins er að í lok þess hafi nemendur fengið gott yfirlit um þessi áhrif, hvaðan og hvernig þau bárust, hvers eðlis þau voru og hvort þau hafa lifað áfram.
Lesnar verða fræðigreinar og bókarkaflar sem fjalla um erlend áhrif á tungumál, jafnt nú sem fyrr á öldum. Enn fremur verða greindir textar af mismunandi tagi, frá mismunandi tímum, og hugað að því á hvern hátt erlend áhrif birtast í þeim.
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, umræðutíma og verkefnatíma.
Gert er ráð fyrir tveimur til þremur skriflegum eða munnlegum verkefnum og að námskeiðinu ljúki með skriflegu lokaprófi, 50-60%. Mæting og þátttaka í umræðum í tímum og/eða skil minni verkefna mun gilda 10%, ef hægt er.

**ÍSL405G • Aðferðir og vinnubrögð • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Jóhannes Gísli Jónsson Aðjunkt
**Markmið**
Að nemendur

- fái yfirlit yfir helstu orðabækur um íslenskt mál
- kynnist því hvernig hægt er að nota netið við rannsóknir á íslensku máli og bókmenntum
- læri þau lögmál sem gilda um byggingu ritgerða og efnisafmörkun
- læri um mál og stíl sem hæfir fræðilegum ritgerðum
- kynnist rannsóknaraðferðum í málvísindum og bókmenntum
- læri að nýta sér fræðilegar heimildir og meta þær
- tileinki sér reglur um heimildatilvitnanir og heimildaskrár
- tileinki sér reglur um frágang og uppsetningu fræðilegra ritgerða

**Viðfangsefni**
Meginviðfangsefni námskeiðsins eru ýmis grundvallaratriði sem tengjast ritgerðasmíð á sviði íslenskrar málfræði eða bókmennta (sbr. markmiðslýsinguna að ofan).
Námsmat byggist á heimaverkefnum (aðra hverja viku), stóru miðannarverkefni og lokaprófi.

**ÍSL406G • Inngangur að málfræði • (10e) • Haust**
Kennari: Sigríður Sigurjónsdóttir Dósent

Í námskeiðinu verða nemendum kynnt helstu viðfangsefni í málvísindum og undirstöðuatriði í íslenskri málfræði. Leitast verður við að efla skilning nemenda á eðli mannlegs máls og kynna þeim helstu grundvallarhugtök og aðferðir málvísinda. Fjallað verður um valin atriði innan höfuðgreina málvísindanna með hliðsjón af íslensku: beygingar, orðflokka, setningaliði, málhljóð, hljóðritun og íslenskar mállýskur. Helstu hliðargreinar málvísindanna verða einnig kynntar: félagsleg málvísindi, máltaka barna, mál og mannshugur og söguleg málvísindi. Að lokum verður gefið stutt yfirlit yfir þróun málvísinda og rætt um sögu málfræðirannsókna á Íslandi.
Kennsla í námskeiðinu fer fram í fyrirlestrum kennara og umræðum nemenda og kennara um námsefnið.
10. skrifleg heimaverkefni yfir misserið sem vega samtals 30% í námsmati. Skriflegt lokapróf sem vegur 70% í námsmati. Nemendur verða að fá einkunnina 5,0 eða hærra á lokaprófi til að ljúka námskeiðinu.

**ÍSL407G • Íslensk hljóðfræði og hljóðkerfisfræði • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Sigríður Sigurjónsdóttir Dósent
Farið verður í undirstöðuatriði íslenskrar hljóðmyndunar og hljóðritunar, svo og grundvallaratriði hljóðeðlisfræði og hljóðkerfisfræði. Lögð verður áhersla á að tengja íslenska hljóð- og hljóðkerfisfræði almennum fræðikenningum og þjálfa nemendur í notkun helstu hugtaka og greiningaraðferða. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að þekkja helstu einkenni íslenskra málhljóða, hljóðkerfis og hljóðreglna. Einnig eiga þeir að geta lesið einfaldar fræðilegar greinar um íslenska hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, en frekari þjálfun í þessum undirgreinum málfræðinnar fæst aðeins með því að sækja sérstök framhaldsnámskeið í þeim.
Kennsla fer fram í fyrirlestrum kennara og umræðum nemenda og kennara um námsefnið.
Nemendur fá 6 heimaverkefni á misserinu sem vega samtals 20% í námsmati. Námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi sem vegur 80% í námsmati. Athugið að nemendur verða að fá einkunnina 5,0 eða hærra á prófinu til að ljúka námskeiðinu.

**ÍSL408G • Íslensk beygingar- og orðmyndunarfræði • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Eiríkur Rögnvaldsson Prófessor
Markmið námskeiðsins eru að nemendur fái innsýn í fræðigreinina orðhlutafræði (morphology) og góða yfirsýn yfir bæði orðmyndun og beygingu í íslensku. Þeir eiga að þekkja helstu orðmyndunarferli (afleiðslu og samsetningu) og gerþekkja íslenskt beygingarkerfi. Þeir eiga að þekkja málfræðilegar formdeildir í íslensku (kyn, tölu, fall, tíð, persónu o.s.frv.) og geta gert grein fyrir stöðu þeirra og venslum. Þeir eiga að geta lýst íslenskri orðmyndun og beygingu með skírskotun til fræðilegra kenninga og líkana. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að vera færir um að fást við íslenska orðhlutafræði á sjálfstæðan og skipulegan hátt.
Á námskeiðinu verður fjallað um grundvöll orðhlutafræðinnar. Farið verður vandlega í grundvallarhugtök eins og **myndan** (morfem), **orð**, **rót**, **aðskeyti**, **stofn** o.s.frv. Gerð verður grein fyrir muninum á **lærðri** og **virkri** orðmyndun og farið yfir helstu orðmyndunarferli í íslensku og virkni þeirra. Málfræðilegar formdeildir verða skoðaðar vandlega og áhersla lögð á stöðu þeirra og samspil í kerfinu. Hugtökin **markað** og **ómarkað** verða kynnt og skoðað hvaða gildi þau hafa í beygingarlýsingunni. Farið verður ítarlega yfir beygingu nafnorða, lýsingarorða, fornafna og sagna og gerð grein fyrir beygingarflokkum og tilbrigðum. Sérstaklega verður skoðað hvaða flokkar eru opnir og hverjir lokaðir, hvað er almennt og hvað sjaldgæft, og hvernig lýsa megi beygingu á formlegan hátt.
Kennslan byggist á vikulegum fyrirlestrum kennara og verkefnavinnu nemenda. Í fyrirlestrunum verður farið yfir hugtök og aðferðir, auk þess sem tækifæri gefst til að svara fyrirspurnum nemenda um námsefnið. Í verkefnum sem lögð verða fyrir vikulega verða nemendur þjálfaðir í beitingu hugtaka og greiningu valinna viðfangsefna í íslenskri beygingu og orðmyndun. Farið verður yfir verkefnin og dreift úrlausnarblaði.
Námsmat felst annars vegar í vikulegum heimaverkefnum (30%) og hins vegar skriflegu lokaprófi (70%).

**ÍSL409G • Íslensk setningafræði og merkingarfræði • (5e) • Haust • 4f**
Kennari: Jóhannes Gísli Jónsson Aðjunkt
Í þessu námskeiði verður fjallað um grundvallaratriði í íslenskri setningafræði, meðal annars orðflokkagreiningu, setningaliði, liðgerðarreglur, flokkun sagna, færslur af ýmsu tagi og málfræðihlutverk. Einnig verður fjallað um merkingarfræði og tengsl hennar við setningafræði.

**ÍSL414G • Málnotkun • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Sigríður Sigurjónsdóttir Dósent
Tilgangur þessa námskeiðs er að þjálfa nemendur í málfræði og málnotkun með áherslu á þætti sem nýtast við ýmis störf s.s. kennslu, fjölmiðlastörf, útgáfustörf o.fl. Textar af ýmsu tagi verða skoðaðir og einkenni þeirra greind. Áhersla verður lögð á þjálfun í hvers kyns meðferð texta, ekki síst á gagnrýninn yfirlestur á eigin texta og annarra með tilliti til málsniðs, byggingar, málfars, stafsetningar og frágangs.

**ÍSL415G • Íslensk bókmenntasaga • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Ármann Jakobsson Dósent
Kennari: Sveinn Yngvi Egilsson Prófessor
Yfirlit yfir íslenska bókmenntasögu frá öndverðu til okkar daga. Lögð verður áhersla á að setja hræringar og nýjungar í íslenskar bókmenntum í samhengi við alþjóðlega strauma í bókmenntum álfunnar.
Próf í verkefnaviku 40% Próf í lok misseris 40% Fyrirlestrardagbók 10% Mæting og frammmistaða í tímum 10%

**ÍSL415M • Skrift og handrit • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Guðvarður Már Gunnlaugsson Rannsóknardósent
Fjallað verður um upphaf skriftar á Íslandi og þróun hennar fram á 19. öld og lögð áhersla á gildi handrita fyrir málsögurannsóknir. Einnig verður fjallað um bókagerð, áhöld til skriftar og varðveislu handrita. Hverjir áttu handritin? Hvað var skrifað og til hvers? Stúdentar lesa valin sýnishorn úr handritum frá 12. öld fram á 19. öld með það að markmiði að þeir verði læsir á helstu tegundir skriftar sem notaðar hafa verið á Íslandi og geri sér grein fyrir þróun skriftar og stafsetningar.

**ÍSL416G • Bókmenntafræði • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Jón Yngvi Jóhannsson
Kynnt eru ýmis undirstöðuhugtök í bókmenntafræði og greiningaraðferðir er þeim tengjast. Í upphafi er stiklað á helstu rannsóknarstefnum og hugað að tengslum veruleika og skáldskapar, tungumáli sem táknkerfi, textum og textatengslum. Því næst er vikið að ljóðum, sögum og leikritum, hugtök og aðferðir skýrð og nemendur þjálfaðir í að nota þau. Á skiptast fyrirlestratímar og verkefnatímar. Skilgreiningar, hugtakalistar og skýringar ýmissa greiningaraðferða eru aðgengilegar á vefsvæði námskeiðsins.

Ritgerðir og skriflegt próf.

**ÍSL420G • Erindi á Mímisþingi • (2e) • Haust**
Nemendur sem flytja erindi á Mímisþingi gefst kostur á að fá það metið til eininga.

**ÍSL420G • Erindi á Mímisþingi • (2e) • Vor**
Nemendur sem flytja erindi á Mímisþingi gefst kostur á að fá það metið til eininga.

**ÍSL422G • Miðaldabókmenntir: rannsóknaraðferðir, hugmyndafræði og bókmenntagreinar • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Ármann Jakobsson Dósent
Fjallað verður um mismunandi leiðir til þess að nálgast miðaldatexta, hvort sem er eftir hefðbundnum leiðum bókmenntafræði miðalda eða nútímabókmenntarannsókna. Þá verður lesið og rætt um viðhorf miðaldamanna til bókmenningar, sagnaskemmtunar og skáldskapar. Helstu greinar íslenskra miðaldabókmennta verða lesnar.
Nemendur munu setja saman 6000 orða ritgerð um eitt af 20 efnum sem kennari kynnir í upphafi námskeiðs. Í ritgerð skulu nemendur sýna tök á vísindalegri og sögulegri aðferðafræði, t.d. frágangi, heimildarýni, gagnrýnni hugsun og nákvæmni. Í lok námskeiðs mun fara fram munnlegt próf úr efni þess. Nemendur skulu ná lágmarkseinkunn (5,0) á báðum prófþáttum. Þá verður mæting og frammistaða í kennslustundum metin til einkunnar. Vægi einstakra efnisþátta verður sem hér segir: Munnlegt próf að vori 50 % Stutt ritgerð (lengdarviðmið 6000 orð) 40 % Annað 10%

**ÍSL425G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku • (10e) • Haust**
BA-ritgerðin er skrifuð í samráði við kennara. Hún á að sýna hæfni stúdentsins til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar úrvinnslu efnis og heimilda, svo og til notkunar fræðilegra hjálpargagna. Fyrirhugað er að halda sérstaka fræðslufundi um ritun B.A.-ritgerða og eru nemendur hvattir til að sækja þá. Fundir þessir verða auglýstir nánar á heimasíðu íslenskuskorar.

**ÍSL426G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku • (10e) • Vor**
BA-ritgerðin er skrifuð í samráði við kennara. Hún á að sýna hæfni stúdentsins til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar úrvinnslu efnis og heimilda, svo og til notkunar fræðilegra hjálpargagna. Fyrirhugað er að halda sérstaka fræðslufundi um ritun B.A.-ritgerða og eru nemendur hvattir til að sækja þá. Fundir þessir verða auglýstir nánar á heimasíðu íslenskuskorar.

**ÍSL427G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku • (10e) • Sumar**
BA-ritgerðin er skrifuð í samráði við kennara. Hún á að sýna hæfni stúdentsins til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar úrvinnslu efnis og heimilda, svo og til notkunar fræðilegra hjálpargagna. Fyrirhugað er að halda sérstaka fræðslufundi um ritun B.A.-ritgerða og eru nemendur hvattir til að sækja þá. Fundir þessir verða auglýstir nánar á heimasíðu íslenskuskorar.

**ÍSL428G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku • (20e) • Haust**
Eingöngu fyrir nemendur sem lesa íslensku sem aðalgrein til 90 eininga. Fyrirhugað er að halda sérstaka fræðslufundi um ritun B.A.-ritgerða og eru nemendur hvattir til að sækja þá. Fundir þessir verða auglýstir nánar á heimasíðu íslenskuskorar.

**ÍSL429G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku • (20e) • Vor**
Eingöngu fyrir nemendur sem lesa íslensku sem aðalgrein til 90 eininga. Fyrirhugað er að halda sérstaka fræðslufundi um ritun B.A.-ritgerða og eru nemendur hvattir til að sækja þá. Fundir þessir verða auglýstir nánar á heimasíðu íslenskuskorar.

**ÍSL430G • Ritgerð til BA-prófs í íslensku • (20e) • Sumar**
Eingöngu fyrir nemendur sem lesa íslensku sem aðalgrein til 90 eininga. Fyrirhugað er að halda sérstaka fræðslufundi um ritun B.A.-ritgerða og eru nemendur hvattir til að sækja þá. Fundir þessir verða auglýstir nánar á heimasíðu íslenskuskorar.

**ÍSL436G • Íslendingasögur og Sturlunga • (10e) • Vor • 4f**
kemur síðar

**ÍSL437G • Rómantíkin á Íslandi • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Sveinn Yngvi Egilsson Prófessor
Rómantíkin sem listastefna og áhrifaafl í bókmenntum 19. aldar og fram á okkar daga. Hugtakið rómantík verður tekið til skoðunar og valdir textar íslenskra skálda og rithöfunda lesnir í ljósi þess. Einkum verður hugað að rómantískri afstöðu til sögu, þjóðernis og náttúru. Fjallað verður um ýmsar bókmenntagreinar í því sambandi, t.a.m. ljóð, sendibréf, dagbækur, þýðingar, smásögur og skáldsögur.

**ÍSL438G • Fornïslenska og frændtungurnar • (10e) • Vor • 2f**
Kennari: Guðrún Þórhallsdóttir Dósent
Nútímamálin enska, þýska og íslenska eiga margt sameiginlegt og þessi skyldleiki verður enn ljósari og skiljanlegri ef skyggnst er aftur í tímann. Fjallað verður um hinar forngermönsku frændtungur íslenskunnar, svo sem fornensku, fornsaxnesku og fornháþýsku, auk norrænna mála. Farið verður yfir nokkur helstu einkenni í málfræði fornmálanna með samanburði við norrænu og íslensku og lesin stutt textasýni.
Nauðsynleg undirstaða: Íslenskt mál að fornu I (ÍSL102G)

**ÍSL440G • Setningafræði • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Jóhannes Gísli Jónsson Aðjunkt
**Markmið**
Að nemendur öðlist þekkingu á ýmsum mikilvægum hugtökum og fræðilegum hugmyndum í setningafræði og geti notað þessa þekkingu til að takast á við ný viðfangsefni á þessu sviði.

**Viðfangsefni**
Kynntar verða helstu aðferðir og hugtök setningafræðinnar. Af einstökum viðfangsefnum má nefna setningaliði, liðgerðakenninguna, hlutverksvarpanir, sagnfærslu, rökformgerð, fallmörkun, bindilögmál og hömlur á færslum. Umfjöllunin verður byggð á dæmum úr íslensku, ensku og ýmsum öðrum tungumálum.
**Vinnulag**
Kennsla í námskeiðinu er einkum í formi fyrirlestra en nemendur eru hvattir til virkrar þátttöku með spurningum og athugasemdum. Námsmatið byggist á heimaverkefnum, tímafyrirlestri, ritgerð og skriflegu lokaprófi.

**ÍSL441G • Íslenskt skáldamál frá dróttkvæðum til rímna • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Haukur Þorgeirsson
Í námskeiðinu verður fjallað um heiti, kenningar og blómað mál í íslenskum kveðskap. Rætt verður um samnorræna arfleifð og íslenskar nýjungar, fagurfræðileg og hugmyndafræðileg sjónarmið, áhrif Snorra-Eddu og Laufás-Eddu og mismunandi notkun skáldamálsins eftir skáldskapargreinum. Sérstaklega er skoðuð hin aldalanga barátta milli þeirra sem sóttust eftir að yrkja í fornum og íburðarmiklum stíl og hinna sem vildu einfalda skáldamálið og hreinsa það af arfleifð heiðninnar. Mikið verður lesið og skýrt af kveðskap. Markmiðið er að nemendur verði læsir á íslenskt skáldamál frá upphafi og fram á 19. öld.

**ÍSL442G • Textafræði • (10e) • Haust • 4f**
Breytingar á textum (einkum í íslenskum miðaldaritum) í eftirritum misjafnlega langt komnum frá frumriti, aðferðir við samanburð handrita, greining á skyldleika varðveittra handrita og tilraunir til að komast sem næst frumtexta. Markmið námskeiðsins er að veita stúdentum innsýn í gildi og takmarkanir vísindalegra textaútgáfna sem heimilda við málfræðilegar, bókmenntalegar og sagnfræðilegar rannsóknir, gera stúdenta færa um að nota textafræðilegar útgáfur og veita þeim nauðsynlegan undirbúning til að ganga frá þess konar útgáfum.

**ÍSL504M • Smælki • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Ásdís Egilsdóttir Dósent
Lesnar verða frásagnir frá miðöldum sem eiga það sameiginlegt að vera smáar í sniðum, jarteinir, dæmisögur, ævintýri og þætti. Fjallað verður um hugmyndaheim og tilgang frásagnanna og tengsl þeirra við evrópskan menningarheim. Þá verður hugað að varðveislu frásagnanna og hlutverki þeirra innan þeirra rita sem þær eru oft felldar að.

**ÍSL505M • Ferðir í bókmenntum • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Sveinn Yngvi Egilsson Prófessor
Málstofa um ferðir í bókmenntum síðari alda. Lesnar verða reisubækur, vegaljóð, barnabækur, skáldsögur og ferðalýsingar af ýmsu tagi frá 17. öld og fram á okkar daga. Fjallað verður um hugmyndir manna um lífið og skáldskapinn sem ferðalag og um ytri sem innri staðarlýsingar. Auk umsjónarmanns málstofunnar munu ýmsir fræðimenn og rithöfundar flytja fyrirlestra, m.a. Anna Heiða Pálsdóttir, Jón Karl Helgason, Óskar Árni Óskarsson, Steinunn Inga Óttarsdóttir og Sumarliði Ísleifsson.

**ÍSL506M • 17. öldin og Sjón • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Sveinn Yngvi Egilsson Prófessor
Heimsmynd 17. aldar manna var margþætt og ofin saman úr svo ólíkum þráðum að nútímamönnum getur reynst erfitt að sjá úr henni eina heild. Öldin er oft kennd við galdra og hindurvitni, trú á furður og djöfla, en hún var um leið mikill uppgangstími vísinda og blómaskeið háleitra trúarbókmennta. Margir helstu lista- og menntamenn aldarinnar endurspegla þessa margþættu heimsmynd, m.a. höfuðskáldin Hallgrímur Pétursson og Stefán Ólafsson, auk Jóns Guðmundssonar lærða. Sá síðastnefndi svífur yfir vötnum í skáldsögunni Rökkurbýsnum eftir Sjón sem verður notuð sem eins konar lykill að 17. öldinni í námskeiðinu. Hugað verður að hinni margþættu heimsmynd eins og hún birtist í bókmenntum og lærdómi, hvort sem það voru kvæði af Kristi eða heimslystarvísur, náttúrufræði eða þjóðtrú, frásagnir af Spánverjavígum eða Tyrkjaráni.

**ÍSL507M • Máltaka barna • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Sigríður Sigurjónsdóttir Dósent
Gefið verður yfirlit yfir málfræðilegar rannsóknir á máltöku barna. Byrjað verður á að kynna líffræðilegar forsendur máltöku (málstöðvar í heilanum, markaldur í máli, o.fl.). Rætt verður um kenningar um máltöku og saga barnamálsrannsókna rakin. Síðan verður fjallað um hvernig börn ná valdi á höfuðþáttum móðurmáls síns, þ.e. hljóð- og hljóðkerfisfræði, beygingar- og orðmyndunarfræði, setningafræði, merkingarfræði og þróun orðaforða. Að lokum verða frávik í málþroska rædd (stam, lesblinda og sértækar málþroskaraskanir) og fjallað um tvítyngi og máltöku annars og erlendra mála. Markmið námskeiðsins er að varpa ljósi á hvernig börn læra móðurmál sitt og á þau stig sem börn ganga í gegnum í málþroska sínum. Í þessum tilgangi verða lesnar íslenskar og erlendar greinar og vísað í nokkrar bækur til hliðsjónar. Eitt heimaverkefni sem felst í því að nemendur fylgjast með máltöku ungs barns (1-5 ára) tvisvar sinnum á misserinu (vegur 10% í námsmati). Ritgerð (u.þ.b. 10 bls.) um eitthvert atriði í máli barnsins (hljóð- eða hljóðkerfisfræði, beygingar- eða orðmyndunarfræði, setningafræði, o.s.frv.). Ætlast er til að nemendur geri grein fyrir athugun sinni á völdu atriði í máli barnsins og fjalli um það fræðilega með hliðsjón af lesefni námskeiðsins og fyrirlestrum kennara. (Vegur 40% í námsmati. Nánari leiðbeiningum um ritgerðina verður dreift í fyrstu kennsluviku.) Lokapróf (vegur 50% í námsmati).

**ÍSL601M • Glæpasagan • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Bergljót S Kristjánsdóttir Prófessor
Í námskeiðinu verða lesin verk ýmissa erlendra höfunda sem höfðu mikil áhrif á þróun glæpasögunnar á 19. og 20. öld (Poe, Conan Doyle, Christie, Chandler, Hammett, McBain). Íslenskar glæpasögur verða þó meginviðfangsefni námskeiðsins, þær verða settar í bókmenntasögulegt samhengi og ýmis fræði um glæpasöguna kynnt, allt frá skrifum Poes til samtímaskrifa bókmenntafræðinga og sálfræðinga sem fást við hugræn fræði. Fjallað verður um greinareinkenni glæpasögunnar, form hennar og inntak, og lesendur þeirra ekki síður en þær sjálfar, höfunda þeirra og samfélagið/menninguna sem þær spretta úr. Loks verður horft á kvikmyndaaðlaganir glæpasagna. BA-nemendur: flytja fyrirlestur í tíma (25%), fá verkefni að glíma við í verkefnaviku (5%) en námskeiði lýkur með munnlegu prófi (60%). Frammistaða í tímum er 10% af námsmati. MA-nemendur: skila sömu vinnu og BA nemar en fá aðeins 45% fyrir hana. Að auki svara þeir heimaprófi (45%)

**ÍSL603M • Málstofa: Gyrðir Elíasson • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Bergljót S Kristjánsdóttir Prófessor
Í málstofunni fjalla ýmsir fyrirlesarar, fræðimenn, skáld og rithöfundar um verk og feril Gyrðis Elíassonar. Reynt verður að víkja að sem flestum þáttum í höfundarverki hans og rætt t.d. um þýðingar hans ekki síður en ljóð og sögur. Verk hans verða sett í sögulegt samhengi, og þá rætt um textatengsl ekki síður en stefnur og strauma. Fyrirlesarar verða Ástráður Eysteinsson, Einar Kárason, Halldór Guðmundsson, Kriststján B. Jónasson, Linda Vilhjálmsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson, Valgerður Brynjólfsdóttir, Vigdís Grímsdóttir og margir fleiri.
BA-nemar: halda dagbók sem þeir skila í tvennu lagi. MA-nemar: halda dagbók og skrifa að auki ritgerð um valið/valin verk eftir Gyrði.

**ÍSL604M • Málstofa: Mál og kyn • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Guðrún Þórhallsdóttir Dósent
Fjallað verður um fyrirbærið málfræðilegt kyn, kynjakerfi íslensku og sögu þess. Rætt verður um hlutverk málfræðilegra kynja í íslensku, orðaforða um karla og konur og mun á máli karla og kvenna. Þá verða baráttu fyrir jafnrétti í tungumálinu gerð skil og aðstæður hérlendis bornar saman við aðstæður í öðrum löndum.
Gert er ráð fyrir þátttöku gesta innan og utan Háskólans sem fjalla um ýmsar hliðar þessara mála (málfræðingar, félagsvísindamenn o.fl.). Námskeiðið krefst góðrar mætingar og virkrar þátttöku nemenda. Nemendur fylgjast með fyrirlestrum, taka þátt í umræðum og skila skýrslum um viðfangsefni hverrar viku.
Allir nemendur skila skýrslum um viðfangsefni námskeiðsins tvisvar á misserinu. Einnig verður tekið tillit til þátttöku í umræðum. Meistaranemar vinna sérstakt verkefni að auki.

**KVI001G • Ritgerð til BA-prófs í kvikmyndafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**KVI002G • Ritgerð til BA-prófs í kvikmyndafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**KVI003G • Ritgerð til BA-prófs í kvikmyndafræði • (10e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við fasta kennara. Ritgerðin skal sýna hæfni nemandans til sjálfstæðra vinnubragða, til skipulegrar og traustrar úrvinnslu og meðferðar heimilda og til skýrrar og vandaðrar framsetningar. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**KVI101G • Kvikmyndafræði • (10e) • Haust**
Kennari: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Hér er um að ræða grunnnámskeið greinarinnar þar sem kynnt eru lykilhugtök og aðferðir í túlkun kvikmynda. Í framhaldi verður farið yfir sögu kvikmyndafræðanna á tuttugustu öld og lesnar ýmsar mikilvægustu fræðigreinar hvers tímabils. Í kvikmyndasýningunum verður reynt að draga fram þau sérkenni sem einkenna lesefni hverrar viku enda er námskeiðið að stórum hluta hugsað sem inngangur og æfing í kvikmyndalestri. Námsmat byggist á heimaverkefnum og tveimur prófum.
Lokapróf, miðsmisserispróf, greiningarverkefni og ritgerð.

**KVI104G • Kvikmyndahöfundar • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarmaður: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Kennari: Linda Y. Mokdad
Þetta námskeið er jafnt hugsað sem ítarleg úttekt á höfundarhugtakinu og umfangsmikil kynning á höfundarverki þriggja áhrifaríkra en ólíkra leikstjóra. Sjónum verður beint að rótum höfundarteoríunnar í franska kvikmyndatímaritinu *Cahiers du cinéma* á sjötta áratugnum og áhrifum hennar allar götur síðan. Lesnir verða fjölbreyttir fræðitextar og rýnt í lykilverk leikstjóranna með áherslu á jafnt form og þemu.
Námsmat er fólgið í lokaprófi (40%), ritgerð (40%) og þátttöku í tímum (20%).

**KVI105G • Evrópskar nýbylgjur • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Kennari: Benedikt Hjartarson
Kennari: Linda Y. Mokdad
Á sjötta og sjöunda áratug 20. aldarinnar bylti ný kynslóð leikstjóra kvikmyndalandslaginu í álfunni. Í þessu námskeiði verða sýnd m.a.

lykilverk frá Frakklandi, Englandi, Vestur-Þýskalandi og Tékkóslóvakíu, og þau túlkuð með aðstoð margvíslegs fræðiefnis.

**KVI201G • Kvikmyndasaga • (10e) • Vor • 3f**
Yfirlit yfir sögu kvikmyndalistarinnar frá upphafi hennar undir lok 19. aldar til okkar daga. Áhrifaríkustu stefnur hvers tíma verða skoðaðar og lykilmyndir sýndar. Nemendur kynnast sovéska myndfléttuskólanum (montage), franska impressjónismanum, þýska expressjónismanum, stúdíókerfinu bandaríska, ítalska nýraunsæinu, japanska mínímalismanum, frönsku nýbylgjunni, þýska nýbíóinu, suður-ameríska byltingabíóinu og Hong Kong-hasarmyndinni svo eitthvað sé nefnt, og reynt verður að bera þessar ólíku stefnur saman. Lögð verður áhersla á að skoða fagurfræðilega þróun kvikmyndarinnar sem og samtímaleg áhrif á útlit og inntak hennar. Námsmat byggist á tveimur prófum.
2 próf.

**KVI205G • Reykjavík í bókmenntum, kvikmyndum og dægurmenningu • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Heiða Jóhannsdóttir
Í námskeiðinu verður sjónum beint að því hvernig Reykjavík hefur birst í íslenskum bókmenntum, kvikmyndum og afþreyingarmenningu. Hugað verður að framsetningu og ímyndasköpun Reykjavíkur í margvíslegum textum, allt frá
verkum rithöfunda sem tókust á við snarpa innreið nútímans í íslenskt samfélag og umskiptin frá sveitasamfélagi til borgarsamfélags á fyrri hluta 20. aldar; til samtímatexta, jafnt bókmennta og myndmiðla, sem fjalla um Reykjavík út frá sjónarhóli hnattvæðingar og neyslumenningar.
Viðfangsefnið verður m.a. kannað út frá því hvernig ólíkar framsetningar á Reykjavík sækja til hefðbundinna andstæðutvennda borgar og sveitar og hvernig þessir flokkar umbreytast og ókyrrast þegar þeir eru færðir í íslenskt samhengi. Þá verða umræddir Reykjavíkurtextar lesnir með það í huga hvernig tekist er á við spurningar um þjóðarvitund og hefð; einkarými, opinbert rými og kynjuð rými; og ímynd Íslands í alþjóðlegu samhengi. Hugað verður að skipulagssögu borgarinnar og þeirri þróun íslensks samfélags og hugarfars sem lesa má í borgarlandslagið. Meðal texta sem rýnt verður í eru skáldverkin Atómstöðin, "Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns" og 79 af stöðinni; kvikmyndirnar 101 Reykjavík og Dís; heimildarmyndirnar Rokk í Reykjavík og Gargandi snilld, auk sjónvarpsþátta, tónlistarmyndbanda Bjarkar, auglýsinga og blaðagreina.

**LIS004G • Alþjóðleg listasaga fyrri tíma • (10e) • Haust • 3f**
Aðstoðarkennari: Eiríkur Þorláksson
Farið yfir helstu stíltímabil listasögu Vesturlanda frá miðöldum og til loka 19.aldar. Námskeiðið spannar tímabil trúarlegrar kirkjulistar miðalda (10., 13. og 14. öld), endurreisn (15. og 16. öld), barokk (17. öld), rókókó (18. öld), ný-klassík (lok 18. aldar), rómantík (19. öld), raunsæisstefnu (19. öld), impressjónisma og symbólisma. Fjallað verður um málaralist, höggmyndalist, byggingarlist, svartlist (grafík), vefnað, steinda glugga og ljósmyndir. Leitast verður við að skoða að hvaða leyti listin speglar samfélagið, hvernig myndmál speglar lífssýn og heimsmynd manna á ólíkum tímabilum. Fjallað er um breytilegt inntak tíma og rýmis á hverjum tíma, breytingar á táknrænni mynd líkama, um stöðu og samfélagshlutverk listamanna, hvernig valdhafar nota list, o.fl. Kennt í HÍ

**LIS101G • Aðferðafræði og saga listfræði • (6e) • Haust • 2f**
Kennari: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir
Aðferðafræðilegt inngangsnámskeið sem er hugsað sem grunnnámskeið fræðigreinarinnar og er byggt upp á tveimur meginþáttum: a) grundvöllur og þróun fræðigreinarinnar listfræði. Hvað er listfræði? Fjallað er um sögu fræðigreinarinnar, fræðilegar forsendur listasögu sem sjálfstæðrar fræðigreinar, aðferðafræði, rannsóknaraðferðir og helstu kenningar á 19. og 20. öld, m.a. formalíska, sævisögulega, sálgreiningu, íkónógrafíska, marxíska og femíníska listsöguskoðun. Sýnt er fram á hvernig breytingar á inntaki myndlistar kalla á nýjar rannsóknaraðferðir. b) myndgreining og myndlestur. Fjallað er um mismunandi greiningaraðferðir og kynningu á helstu myndgreiningarhugtökum. Fjallað er um sérstakt "tungumál" myndlistar og sjónrænnar menningar, hugtök á borð við myndmál, myndhugsun og myndbyggingu á ýmsum tímum og í ólíkum þjóðfélagsgerðum. Þá er lögð áhersla á að "lesa" merkingu myndefnis í sjónmennningu samtímans Við kennsluna verður stuðst við myndefni úr ólíkum áttum, allt frá hefðbundinni myndlist fyrri tíma til auglýsinga og myndasagna samtímans. Kennt í HÍ

**LIS102G • Íslensk myndlist 1870-1970 • (10e) • Haust • 3f**
Kennari: Auður Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Æsa Sigurjónsdóttir
Saga íslenskrar myndlistar frá 1870 til 1970. Fjallað er um upphaf íslenskrar nútímamyndlistar, einstaka myndlistarmenn og mótandi öfl í íslensku myndlistarlífi, áhrif erlendra listhugmynda og stefna, tilraunir til að skilgreina "þjóðlega" íslenska myndlist, stuðning og áhrif yfirvalda á myndlistarþróun, togstreitu milli málsvara þjóðlegrar listar og óþjóðlegrar listar, einnig milli "tilfinningatjáningar" annars vegar og "vitsmunalegrar" framsetningar hins vegar, innlenda listmenntun og megineinkenni myndlistarumfjöllunar eins og hún birtist á hverjum tíma í dagblöðum og tímaritum.Leitast verður við að meta sérkenni íslenskrar myndlistar í samhengi við erlenda listþróun, en einnig í ljósi íslenskrar samfélagsþróunar og sögu. Kennt í HÍ

**LIS103G • Alþjóðleg samtímamyndlist frá 1970 til samtímans • (6e) • Vor • 2f**
Fjallað verður um þróun alþjóðlegrar samtímamyndlistar frá árinu 1970 til okkar tíma. Leitast verður við að varpa ljósi á framvindu þessa tímabils, helstu stefnur, hreyfingar, einstaklinga og hugmyndir sem einkennt hafa tímabilið. Þá er lögð áhersla á að kynna þá nýju miðla og aðferðir sem fram komu á þessum tíma; umhverfislist hvers konar og innstallasjónir/innsetningar; gjörninga og uppákomur; op- og hreyfilist; skjá- og myndbandalist; hugmyndalist og ljósmyndlist. Einnig er reynt að bregða ljósi á bakgrunn listþróunar tímabilsins, stjórnmálalegan, efnahagslegan og samfélagslegan.
**Markmið** Að nemendur öðlist þekkingu á helstu stefnum, hreyfingum og listamönnum sem voru áberandi á tímabilinu. Ennfremur að nemendur öðlist bæði skilning á mikilvægi hinna nýju miðla sem fram koma og hinum samfélagslega og pólitíska bakgrunni sem skipar stóran sess síðustu 4 áratugi í samtímamyndlist.
Námsmat Ritgerð sem gildir 70 % og skriflegt próf sem gildir 30%. Ritgerð skal skilað í tíma, þriðjudaginn 29. janúar (útprentaðri). Skriflegt próf (heimapróf) verður haldið í síðasta tíma, fimmtudaginn 7. febrúar.

**LIS105G • Sjónmenning samtímans • (5e) • Vor • 2f**
Á námskeiðinu verður fjallað um sjónmenningu samtímans út frá forsendum sjónmenningarfræða. Lögð er áhersla á að skoða sjónrænt umhverfi og samfélagslegan bakgrunn lista, óháð spurningum um fagurfræði og listræn gæði, líkt og listfræðin fæst við. Fjallað verður um

mikilvægi sjónrænna þátta í fjölda- og afþreyingarmenningu og um hið almenna og dæmigerða í ólíkum miðlum, í kvikmyndum, myndlist, auglýsingum, sjónrænni umgjörð pop-tónlistar og borgarumhverfi. Kennt í LHÍ

**LIS106G • Alþjóðleg nútímalistasaga frá 1870 til 1970 • (10e) • Haust • 3f**
Kennari: Auður Ólafsdóttir Lektor
Farið verður í þróun myndlistar frá umbrotatímum módernismans á síðustu áratugum 19. aldar, í gegnum helstu framúrstefnuhreyfingar eða -isma 20.aldar fram til ársins 1970. Gerð verður grein fyrir helstu stefnum móderniskrar myndlistar, forsendum þeirra, sérkennum og mikilvægi fyrir síðari tíma. Fjallað verður um tengsl listar við pólitík, heimspeki og þjóðfélagsþróun og hugað að róttæku endurmati á fegurðarhugtakinu í listum á 20. öld. Hvernig skila breyttar hugmyndir um tíma og rými sér í listinni? Hvernig raska ofangreindar listastefnur venjubundinni skynjun manna á umhverfinu og raunveruleikanum. Hvað er "innri veruleiki"? Þarf myndlist að vera sýnileg? Hver er munur á myndmáli og tungumáli og annars konar táknmáli? Reynt verður að fella alþjóðlegar sýningar sem hingað koma að námskeiðinu og verða þær sóttar heim í tengslum við það. Kennt í LHÍ

**LIS107G • Skrif listamanna um listir og fagurfræði • (5e) • Haust • 2f**
Lesnir verða valdir textar úr skrifum myndlistarmanna frá ýmsum tímum sem gefa innsýn inn í hugarheim þeirra, listræn viðfangsefni og tíðaranda. Um er að ræða fagurfræðilega og heimspekilega texta, myndlistargagnrýni, sjálfsævisögulega kafla, dagbókarbrot og skáldskap, allt frá Leonardo da Vinci til Dieter Roth. Fjallað verður um listamennina og ritverk þeirra, rýnt í textana og þeir settir í listsögulegu samhengi og kannað hvernig hægt er að nota skrif listamanna sem heimildir í listfræði.
**Kennt í LHÍ**

**LIS201G • Íslensk samtímalist frá 1970 til samtímans • (6e) • Vor • 2f**
Kennari: Auður Ólafsdóttir Lektor
Helstu sérkenni og söguleg þróun íslenskrar myndlistar síðustu áratugi 20. aldar og á fyrsta áratug 21.aldar skoðuð í ljósi íslensks samfélags og samhengis við erlenda listþróun. Meðal viðfangsefna er arfleifð SÚM á áttunda áratugnum, stofnun Galleríss Suðurgötu 7 og Nýlistasafnsins, einkenni hins íslenska konsepts og annarra "nýlista", svo sem ljósmynda, innsetninga og gjörninga, stofnun Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík og uppgangur þrívíddarlistar, endurkoma olíumálverksins á níunda áratugnum, innreið nýrra rafrænna miðla svo sem myndbandalistar og í seinni tíð skörun myndlistar, kvikmyndamiðilsins og tónlistar. Hugað verður að afstöðu yngri kynslóðar myndlistarmanna til myndlistararfsins á hverjum tíma, m.a. til náttúruarfleifðar og að "þjóðlegri" birtingarmynd myndlistar. Þá er fjallað um einkenni orðræðu um myndlist, listmenntun, þátttöku í Feneyjabíennal, rekstur gallería og stofnun sýningarhópa í samtímanum. Kennt í HÍ

**LIS202G • Sýningagerð og sýningastjórn • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir
Fjallað verður stuttlega um sögu sýningargerðar og sýningastjórnunar. Litið á flesta þá þætti er lúta að sýningarstjórnun, sýningargerð og uppsetningu. Skoðaðar verða ýmsar gerðir listsýninga og fjallað um mismunandi vettvang þeirra. Námskeiðinu mun ljúka með sýningu sem þáttakendur í námskeiðinu undirbúa. Í námskeiðinu felast einnig safnaferðir auk þess sem fengnir verða gestafyrirlesarar veita innsýn í safnastarf og starfsemi listgallería. Eitt meginmarkið með námskeiðinu er að fá nemendur í listfræði við HÍ og myndlistarnema við Listaháskóla Íslands til að vinna saman að undirbúningi, hugmyndavinnu og uppsetningu sýningar í Kubbnum, sýningarsal Listaháskólans í Laugarnesi.
Hámark: 20 nemendur, 10 úr HÍ og 10 úr LHÍ. Takmarkaður fjöldi. Námskeiðið er einungis ætlað lengra komnum HÍ nemendum í listfræði sem lokið hafa a.m.k. 30 einingum í listfræði.

**LIS301G • BA-ritgerð í listfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við greinarformann listfræði. Ritgerðin skal sýna hæfni nemanda til sjálfstæðra vinnubragða, hvort heldur er í hugmyndavinnu eða framsetningu. Þá skal ritgerðin sýna hæfni í gagnrýninni hugsun og vandaða meðferð heimilda. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**LIS305G • List í almannarými • (5e) • Haust • 2f**
Farið verður yfir sögu og þróun listar í almannarými; sérstöðu hennar, tengsl hennar við valdhafa, umhverfi, náttúru, byggingarlist, og mannlega hegðun í borgarumhverfi. Fjallað verður um fjölbreytt birtingarform listar í almannarými og gerð grein fyrir hugmynda- og fagurfræðilegu inntaki verka sem og þerapísku samskiptahlutverki. Sýnd verða dæmi um það hvernig list í almannarými hefur m.a. verið notuð til að gera vald sýnilegt, hlúa að minningum, stjórna flæði innan borga, draga úr angist, stilla til friðar, og auka vellíðan. Tekin verða dæmi af verkum á Íslandi, í Evrópu og Bandaríkjunum. Kennt í LHÍ

**LIS306G • Tjáning og tilvist • (5e) • Haust • 2f**
Fjallað verður um expressjónisma í myndlist á 19. og 20. öld og tengsl við tilvistarstefnu í heimspeki eins og hún birtist í verkum heimspekinga á borð við Sören Kirkegaard og Friedich Nietzsche. Rætur expressjónisma liggja í Evrópu undir lok 19. aldar og tengjast m.a. efasemdum um framfaratrú iðanrsamfélagsins og menningarlegt forræði nýlenduveldanna í aðdraganda heimsstyrjaldarinnar fyrri. Skoðuð verða tengsl expressjónisma við ýmsa framúrstefnuhópa í myndlist og fjallað um listastefnuna sem kreppu grundvallargilda er varða trú og trúleysi, sannleika og lygi, ljótleika og fegurð í tengslum við kreppuástand á öllum tímum. Bent verður á hliðstæður í öðrum listgreinum og hugað að expressjónisma í íslensku samhengi.
**Kennt í LHÍ**

**LIS401G • BA-ritgerð í listfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Nemendur velja sér verkefni í samráði við greinarformann listfræði. Ritgerðin skal sýna hæfni nemanda til sjálfstæðra vinnubragða, hvort

heldur er í hugmyndavinnu eða framsetningu. Þá skal ritgerðin sýna hæfni í gagnrýninni hugsun og vandaða meðferð heimilda. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**LIS405G • Starfsemi listasafns • (5e) • Vor**
Stutt námskeið (1 vika) sem er hugsað fyrir nemendur sem hafa áhuga á að kynnast daglegu starfi á listasafni. Nemendur velja sér verkefni í samráði við deildarstjóra á Listasafni Íslands en verkefnin lúta að ýmsum þáttum starfsemi listasafns; svo sem skráningu listaverka, útgáfu- og kynningarmálum, gerð vefsíðna fyrir listasöfn, ritun kynningartexta um myndlistarverk fyrir grunn-og framhaldsskóla, viðtölum við listamenn og uppsetningu sýninga.**Takmarkaður nemendafjöldi.**

**LIS406G • Portrett: Ljósmynda- og listasagan sögð með portrettljósmyndum • (5e) • Vor • 2f**
Portrettmyndir hafa allt frá upphafi verið fyrirferðamiklar í ljósmyndasögunni auk þess sem sjálfsmyndir og heimildarportrett urðu mjög sýnileg í nútíma- og samtímalist með auknu vægi ljósmyndunar í myndlistinni.Þó auðvelt sé að skilgreina portrettljósmynd er hún afar margþætt og oftar en ekki hlaðin merkingu af samfélagslegum, pólitískum og persónulegum toga. Með því að rýna í sögu og þróun portrettsins í ljósmyndasögunni endurspeglast þannig hvort í senn, tíðarandi og liststefnur á 150 ára tímabili.Fjöldi listamanna kemur við sögu, allt frá miðri 19. öld til dagsins í dag; Nadar, August Sander og Nýja hlutlægnin, listamenn undir merkjum rússneska konstrúktívismans, dada og súrrealismans sem og verk helstu heimildaljósmyndara 20. aldar. Þá verður litið til fjölda sjálfsmynda myndlistarmanna, frá 8. áratugnum til dagsins í dag, og á þróun portrettsins hérlendis og sjálfsmyndir íslenskra myndlistarmanna undanfarna þrjá áratugi. Kennt í HÍ

**LIS407G • Gjörningar • (5e) • Vor • 2f**
Fjallað verður um það hvernig gjörningar, nátengdir framúrstefnum 20. aldar, urðu listform snemma á öldinni. Verk helstu gjörningalistamanna aldarinnar verða skoðuð í ljósi þeirra liststefna sem þeir voru hluti af . Skoðuð verða tengsl gjörninga við leikhús og aðrar listgreinar, einnig samband gjörninga og pólítísks andófs og rætt um gjörninga sem líkamlegt tjáningarform í femíniskri list. Áhersla verður lögð á að skoða verk íslenskra listamanna sem virkir hafa verið á þessu sviði.
**Kennt í HÍ**

**LIS408G • Abstraktlist á 20. og 21. öld • (5e) • Vor • 2f**
Abstraklist í hugmyndalegu, listfræðilegu og þjóðfélagslegu samhengi frá upphafi 20. aldar til samtímans, þar sem annars vegar er fjallað um sjálfsprottna og/eða náttúrutengda abstraktlist frá Kandinsky og Kupka til Twombly og Smithson, og enduróman þeirrar hugmyndafræði í verkum íslenskra listamanna frá Svavari Guðnasyni til Kristjáns Davíðssonar og yngri manna. Hins vegar um abstrakt hreinstefnu með félagslegu og/eða guðspekilegu ívafi, eins og hún birtist upprunalega í verkum Malevitsj og De Stijl og lifir góðu lífi í verkum erlendra nútímalistamanna á borð við James Turrell, Agnes Martin, Richard Serra o.fl., en einnig verkum Kristjáns Guðmundssonar, Þórs Vigfússonar og fleiri Íslendinga.
**Kennt í HÍ**

**LIS409G • Landslag og náttúra í myndlist • (5e) • Vor • 2f**
Leitast verður við að varpa ljósi á einkenni og gildi landslags- og náttúrutengdra myndlistarverka í sögu og samtíma, m.a. með hliðsjón af viðhorfi til náttúrunnar og tengslum landslagsmiðlunar við hugmyndafræði á hverjum tíma. Horft verður til þjóðfélagsgerðar, hugmyndasögu, nútíma- og tæknivæðingar - atriða sem varpa ljósi á tengsl fagurfræði og heimsmyndar, menningar og náttúru.
Áhersla verður á listfræðilega greiningu landslagsmyndlistar, allt frá ítölskum endurreisnarmálverkum, módernískum hræringum 19. og 20. aldar, til tæknilegrar fjölbreytni samtímans í formi gjörninga- og myndbandslistar, ljósmyndalistar, konsepts, jarð- eða landlistar.
**Kennt í HÍ**

**LIS410G • Nýmiðlalist-raf og stafrænar listir • (5e) • Vor • 2f**
Nýmiðlar er samheiti yfir miðla sem byggja á stafrænni tækni. Nýmiðlalist er hins vegar notað yfir fjölskrúðug verk listamanna sem hafa allt frá því á sjöunda áratug 20. aldar þróað ný listform með nýrri tækni og miðlum og tileinkað sér ákveðna afstöðu til miðlanna. Á námskeiðinu verður farið yfir sögu nýmiðla í tengslum við verk þessara listamanna og fjallað um áhrif stafrænnar tækni á listir í samtímanum. Nemendur munu öðlast skilning á grundvallareiginleikum stafrænnar tækni, merkingu hugtaksins gagnvirkni á tölvumáli og kynnast áhrifum netsins á listamenn okkar tíma. Tekin verða dæmi um verk eftir listamenn sem haft hafa mótandi áhrif á nýmiðlalistina, allt frá fyrstu vídeóverkum Nam June Paik til þekktra netlistahópa á borð við e-toy og 01.org. Verk eftir íslenska listamenn verða einnig tekin til umfjöllunar.
**Kennt í LHÍ**

**MFR101G • Þættir úr sögu menningarfræðinnar • (10e) • Haust • 3f**
Lesnir verða ýmsir megintextar menningarfræðinnar s.l. hálfa aðra öld, ýmist að hluta eða í heild. Fjallað verður um menningarrýni í ýmsum myndum og um kosti og galla þverfaglegra vinnubragða þegar fengist er við lykilhugtök á borð við "menningu", "list", "hversdag" og "skemmtun" í samhengi nútíma, borgarlífs og fjölmiðlunar. Eins verður spurt hvernig menningarfræði nýtist við greiningu einstakra texta, mynda og annarra fyrirbæra og gjörninga. Námsmat byggist á stuttum ritgerðum og skriflegu lokaprófi.
Stuttar ritgerðir og skriflegt lokapróf.

**MFR201G • Menningarfræði samtímans • (10e) • Vor • 4f**
Markmið: Að nemendur - þekki grunnaðferðir helstu hugmyndafræðistefna í menningarfræði - tileinki sér greinandi hugsunarhátt og aðferðafræði til að gera eigin athuganir á menningarfyrirbærum - hafi yfirlit yfir umfang, viðfangsefni og mikilvægi menningargreiningar Viðfangsefni: Kynntar verða helstu fræðistefnur í menningarfræði eins og hún er stunduð um þessar mundir. Sérstök áhersla verður lögð á viðleitni menningarfræðinga til þess að rannsaka "samtímann" hverju sinni og það markmið að hafa bein áhrif. Því verður sjónum sérstaklega beint að rannsóknum á afþreyingarmenningu, framleiðslu, viðtökum og tækninni sem beitt er við og mótar alla miðlun. Vinnulag Námsefnið verður kynnt í fyrirlestrum kennara og nemenda en vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku nemenda í formi lesturs, verkefnavinnu, ritgerðar og umræðna.

Æskileg undirstaða: Þættir úr sögu menningarfræðinnar (MFR101G)
tvö skilaverkefni (50%) og skriflegt lokapróf (50%)

**MFR202G • Dýr í máli og myndum • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Gunnar Theodór Eggertsson
Námskeiðið er rannsókn á birtingarmyndum dýra og dýrategunda eins og þær koma fram í samtímamenningu. Ætlunin er að velta upp ýmiss konar siðfræðilegum flækjum og þversögnum sem koma í ljós þegar raunveruleg staða dýra er borin saman við ráðandi hugmyndir samfélagsins.
Námskeiðið er hluti af vaxandi fræðum innan hugvísindanna sem hafa hlotið enska titilinn "animal studies" (eða "human-animal studies") og er nokkurs konar dýrafræði í menningarlegum skilningi. Hvernig birtist samband mannfólks við dýraríkið í list og menningu og hvaða lærdóm er hægt að draga af þeim birtingarmyndum? Unnið verður út frá þeirri grundvallarhugmynd að áþreifanleg og raunveruleg tengsl séu á milli þess hvernig við hugsum um dýr og hvernig farið er með dýr.
Stiklað verður á stóru í gegnum sögulegan bakgrunn dýrasiðfræði (e. animal ethics) frá hugsuðum fyrri alda og fram til baráttumanna samtímans. Megináhersla verður lögð á kvikmyndir og valin dæmi (m.a. úr hryllingsmyndum og barnaefni) verða tekin til greiningar út frá dýrafræðum. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á "skemmtiefni" þar sem raunverulegt ofbeldi á dýrum fer fram.

**MIS201M • Kyngervi og bókmenntir á miðöldum • (5e) • Vor • 2f**
síðar

**RIT001G • BA-ritgerð í ritlist • (10e) • Haust**
BA-ritgerð

**RIT002G • BA-ritgerð í ritlist • (20e) • Haust**
BA ritgerð

**RIT003G • BA-ritgerð í ritlist • (10e) • Vor**
BA-ritgerð

**RIT004G • BA-ritgerð í ritlist • (10e) • Sumar**
BA-ritgerð

**RIT005G • BA-ritgerð í ritlist • (20e) • Vor**
BA ritgerð

**RIT006G • BA-ritgerð í ritlist • (20e) • Sumar**
BA ritgerð

**RIT101G • Gangvirki ritlistarinnar • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Rúnar Helgi Vignisson
Þetta er inngangsnámskeið í ritlist. Rætt verður um sköpunarferlið, frágang texta og almennt vinnulag við ritstörf. Þá verður þátttakendum leiðbeint um umbrot, upplestur og samskipti við bókaforlög. Þátttakendur skila allmörgum stuttum textum og einum lengri texta. Námskeiðið er skyldunámskeið fyrir þá sem taka ritlist sem aðal- eða aukagrein.
Námsmat byggist á framlögðum verkefnum, þátttöku í tímum, frágangi, gæðum og framförum.

**RIT102G • Ljóð: Lestur og skrift • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Sigurður Pálsson
Annars vegar verða lesin valin ljóð og eiginleikar þeirra skoðaðir. Í þessum hluta námskeiðsins er stefnt að því að nemandinn verði betri ljóðalesandi. Hins vegar verða gerðar tilraunir með ljóðaskrif og textarnir ræddir í tímum. Áherslan verður fremur lögð á tilraunir og leik en bókmenntafræðileg hugtök og heiti. Lestur og textanautn verður leiðarljósið.

**RIT201G • Einn og hálfur: Að skrifa kvikmynd • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Huldar Breiðfjörð
Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að skoða uppbyggingu kvikmyndahandrita. Tímarnir eru blanda af "fræðum", skrifum, vinnustofum og greiningum á völdum stuttmyndum og kvikmyndum í fullri lengd. Einnig eru aðrir helstu þættir handrita teknir fyrir: plott, sub-plott, plott-punktar, samtöl, senur, o.s.frv. Í lokin ætti nemandinn að hafa ágæta yfirsýn yfir uppbyggingu kvikmyndahandrita og jafnframt að hafa lokið við að skrifa handrit í fullri lengd.

**TÁK001G • Hagnýt og fræðileg málnotkun fyrir nemendur með íslenskt táknmál að móðurmáli • (5e) • Haust • 2f**
Umsjónarkennari: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið
Að þjálfa nemendur í ritun (fræðilegra) texta. Tilgangur námskeiðsins er að nemandi öðlist annars vegar fræðilega og hins vegar hagnýta þekkingu á málnotkun ritaðrar íslensku. Námskeiðið er einungis ætlað heyrnarlausum (með íslenskt táknmál sem fyrsta mál og íslensku sem annað mál) og heyrnarskertum (með íslenskt táknmál sem annað mál) nemendum.
Viðfangsefni
Í námskeiðinu verður leitast við að gera heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum grein fyrir þeim mismun sem er á talmáli og ritmáli og mun á ólíkum textategundum. Munur í íslensku táknmáli og ritaðri íslensku verður líka skoðaður. Farið verður í helstu einkenni fræðilegrar málnotkunar með hliðsjón af málnotkun nemenda. Nemendur skulu öðlast færni í ritun fræðilegra texta og fást við greiningu á málsniði og orðanotkun.

<u>Vinnulag</u>
Nemendur vinna jafnt og þétt yfir misserið lítil og stór verkefni sem miða að þjálfun ritunar og uppbyggingu ritaðra texta. Einhver verkefni þarf að kynna munnlega. Lokaverkefni í lok misseris.
<u>Námsmat</u>
Tilkynnt í upphafi misseris

**TÁK101G • Ritgerðir • (5e) • Haust • 2f**
Aðstoðarkennari: Auður Aðalsteinsdóttir Doktorsnemi
Fjallað verður um ýmsar gerðir ritgerða innan hugvísinda. Nemendur hljóta þjálfun í hinum ýmsu þáttum ritgerðasmíðar: afmörkun viðfangsefnis, hugmyndaúrvinnslu, byggingu, röksemdafærslu, tilvísunum, heimildanotkun og frágangi.
Vikuleg skilaverkefni og eitt misserispróf.

**TÁK102G • Færninámskeið I • (10e) • Haust • 4f + 1æ**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Umsjónarmaður: Kristín Lena Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Markmið: Að kynna nemendum grundvallaratriði íslenska táknmálsins. Áhersla verður lögð á bæði tjáningu og skilning táknmáls.
Viðfangsefni: Megináhersla verður lögð á mál sem tengist daglegu lífi og þær meginreglur sem gilda um táknmálssamtalið. Í námskeiðinu er fjallað um skyldubundin látbrigði með táknum og próformasögnum og mikilvægi þeirra í táknmáli.
Vinnulag: Fyrirlestrar og æfingar í tímum sem nemendur taka virkan þátt í. Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.
Námsmat: Upptökuverkefni, munnlegt og skriflegt próf.
Mætingarskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar. Námsmat felst í skriflegu og munnlegu prófi og upptökuverkefnum.

**TÁK103G • Málfræði táknmáls Ia • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Kristín Lena Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Markmið: Að nemendur átti sig á grunneiningum og uppbyggingu táknmála almennt.
Viðfangsefni: Gefið verður yfirlit yfir meginþætti málfræði íslenska táknmálsins og þá málfræðiþætti sem táknmál eiga sameiginlega. Sérstök áhersla er lögð á hljóðkerfisfræði og setningafræði.
Vinnulag: Kennsla er í fyrirlestrarformi þar sem dæmi úr íslenska táknmálinu eru rædd en nemendur vinna lítil verkefni jafnt yfir misserið.
Námsmat: Skriflegt próf og verkefni.
Skriflegt próf og verkefni.

**TÁK104G • Menning og saga heyrnarlausra I • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Kristín Lena Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Markmið: Að nemendur kynnist sögu og menningarheimi heyrnarlausra bæði á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi.
Viðfangsefni: Fjallað verður um menningu og sögu heyrnarlausra og menntunar þeirra á Íslandi og erlendis. Litið verður á minnihlutahópa, ýmis konar kúgun og ólíka menningarheima og samfélög. Rannsakað verður hvort finna má samsvaranir við samfélag heyrnarlausra á ýmsum tímum.
Vinnulag: Kennslan er í fyrirlestrar- og umræðuformi og verður reynt að fá nokkra gestafyrirlesara úr samfélagi heyrnarlausra á Íslandi inn í tíma. Einnig eru stofnanir tengdar samfélagi heyrnarlausra heimsóttar. Nemendur vinna verkefni á misserinu, bæði einstaklingsverkefni og í hópum. Hópverkefni eru kynnt í tímum. Mætingarskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.
Námsmat er tilkynnt í upphafi misseris.
Tilkynnt í upphafi misseris.

**TÁK105G • Inngangur að málvísindum • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Jóhannes Gísli Jónsson Aðjunkt
Í þessu námskeiði verður fjallað um ýmis mikilvæg hugtök og hugmyndir í málvísindum, einkum að því er varðar hljóðkerfisfræði, orðhlutafræði, setningafræði, merkingarfræði og annars máls fræði.
Í þessu námskeiði verða heimaverkefni aðra hverja viku en námskeiðinu lýkur með lokaprófi þar sem engin hjálpargögn eru leyfð önnur en orðabækur.

**TÁK201G • Færninámskeið II • (10e) • Vor • 4f + 1æ**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur geti tjáð sig á einföldu máli og tekið þátt í samræðum á táknmáli. Áhersla verður lögð á bæði tjáningu og skilning táknmáls.
Viðfangsefni: Framhald af Færninámskeiði I sem er nauðsynlegur undanfari þessa námskeiðs. Mun þyngra táknmál og þjálfun í fjölbreytilegri notkun þess. Áfram verður lögð áhersla á látbrigði með táknum.
Vinnulag: Fyrirlestrar og æfingar í tímum sem nemendur taka virkan þátt í. Nemendur nota myndbandsupptökur til þess að ná auknu valdi á málinu. Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.
Námsmat: Upptökuverkefni, munnlegt og skriflegt próf.
Nauðsynleg undirstaða: Færninámskeið I (TÁK102G)
Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar. Námsmat felst í skriflegu og munnlegu próf og upptökuverkefnum.

**TÁK202G • Málfræði táknmáls Ib • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur átti sig bæði á formi og inntaki tákna og virkni táknmálsins.
Viðfangsefni: Framhald af námskeiðinu 05.10.02 Málfræði táknmáls Ia. Haldið verður áfram umfjöllun um málfræði íslenska táknmálsins og táknmála almennt. Sérstök áhersla er lögð á orðhlutafræði og merkingarfræði.
Vinnulag: Kennsla er í fyrirlestrarformi þar sem dæmi úr íslenska táknmálinu eru rædd en nemendur vinna lítil verkefni jafnt yfir misserið.
Námsmat: Skriflegt próf og verkefni.
Æskileg undirstaða: Málfræði táknmáls Ia (TÁK103G)

Skriflegt próf og verkefni.

**TÁK203G • Félagsleg staða táknmáls • (5e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur skoði íslenskt táknmál í samhengi við táknmálsamfélagið.
Viðfangsefni: Fyrst verður fjallað almennt um aðferðir og kenningar félagslegra málvísinda en síðan verður nánd táknmálsins og táknmálssamfélagsins við íslenska málsamfélagið skoðuð í ljósi þeirra. Litið verður á ýmis atriði félagslegra málvísinda innan táknmálsrannsókna, eins og tvítyngi, málsnið, viðhorf, snertimál, listrænt táknmál o.fl.
Vinnulag: Kennsla er í fyrirlestra- og umræðuformi.
Námsmat: Tilkynnt í upphafi misseris
Tilkynnt í upphafi misseris

**TÁK204G • Menningarheimar • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Gunnþórunn Guðmundsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Benedikt Hjartarson
Kennari: Auður Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Kennari: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Kennari: Magnús Snædal Rósbergsson Prófessor
Kennari: Gottskálk Þór Jensson Dósent
Þverfaglegt inngangsnámskeið þar sem efnt er til samræðu milli fræðasviða skorarinnar, þ.e. bókmenntafræði, kvikmyndafræði, kynjafræði, listfræði, málvísinda, menningarfræði, táknmálsfræði og þýðingafræði. Birtu verður brugðið á alþjóðlegar hræringar í hugvísindum á liðnum áratugum en jafnframt rýnt í tengsl fræða og heimsmyndar. Fjallað verður um táknfræði tungumálsins og m.a. spurt hvort það geti talist grundvöllur annarra táknkerfa. Spurst verður fyrir um tengsl og "sambúð" mismunandi tungumála og málheima. Er hægt að þýða á milli allra mál- og menningarheima? Hvað geta aðstæður heyrnarlausra sagt okkur um tengsl málheima? Hvað er fjölmenning? Hvernig tengjast talað mál, lesmál og sjónmenning í samfélaginu? Í hverju felst menningarlæsi? Hugað verður að bókmenntum, myndlist, kvikmyndum og öðru myndefni í þjóðlegu og alþjóðlegu samhengi og kannað hvernig þessi táknkerfi vinna með mörkin milli kynja, kynþátta, stétta, menningarhópa, þjóða og heimshluta. Lesið verður ýmiskonar fræðilegt efni og skáldverk, könnuð myndverk og kvikmyndir, en viðfangsefnin verða einnig sótt í fjölmiðla og það sem er á seyði í samtímanum. Námsmat felst í dagbók sem nemendur halda um alla þætti námskeiðsins og skriflegu lokaprófi.
Nokkur misserispróf og 50% lokapróf.

**TÁK301G • Ritgerð til BA-prófs í táknmálsfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Ritgerð til BA-prófs. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**TÁK302G • Færninámskeið III • (10e) • Haust • 4f + 1æ**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur skilji samræður á íslensku táknmáli og geti tjáð sig á því. Nemendur þjálfi notkun látbrigða með táknum og noti á réttan hátt.
Viðfangsefni: Framhald af Færninámskeiði II sem er nauðsynlegur undanfari. Áfram er lögð áhersla á tjáningu táknmálstexta en við bætist aukin áhersla á skilning og aukinn orðaforða. Nemendur fá mikla þjálfun í að lesa af táknmáli og vinna með táknmálstexta. Einnig er farið í sértækan orðaforða.
Vinnulag: Fyrirlestrar og æfingar í tímum sem nemendur taka virkan þátt í. Nemendur nota myndbandsupptökur til þess að ná auknu valdi á málinu. Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.
Námsmat: Upptökuverkefni, munnlegt og skriflegt próf.
Nauðsynleg undirstaða: Færninámskeið II (TÁK201G)
Námsmat: Verkefni, munnlegt og skriflegt próf. Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.

**TÁK303G • Málfræði táknmáls II • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur átti sig á málfræðilegum þátti látbrigða í íslenska táknmálinu. Einnig að nemendur öðlist færni í að viða að sér gögnum, vinna úr þeim og draga af þeim fræðilegan lærdóm.
Viðfangsefni: Framhald af Málfræði táknmáls Ia og Ib sem eru nauðsynlegur undanfari. Áhersla á greiningu táknmáls, umritun og úrvinnslu. Málfræðilegt hlutverk látbrigða verður rætt og nemendur fá þjálfun í að beita málfræðihugtökum á eigin gögn.
Vinnulag: Kennsla er í fyrirlestrarformi en einnig eru skoðuð dæmi úr íslenska táknmálinu á myndböndum. Nemendur vinna verkefni jafnt yfir misserið.
Námsmat: Felst í skriflegum verkefnum sem dreifast jafnt yfir misserið.
Nauðsynleg undirstaða: Málfræði táknmáls Ia (TÁK103G), Málfræði táknmáls Ib (TÁK202G)
Verkefni og styttri ritgerðir.

**TÁK304G • Þýðingar • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Námskeiðið skiptist í tvennt. Fyrri hluti þess fram að verkefnaviku felst í fyrirlestrum um þýðinga- og túlkunarfræði. Gert er ráð fyrir miðmisserisprófi í síðustu kennslustund á fyrri hluta misseris Síðari hluta námskeiðsins vinna nemendur saman í hópum sem tengjast þeirra sérsviði, t.d. nytjaþýðingum, túlkun, bókmenntaþýðingum. Hafist verður handa með vinnustofum þar sem nemendur koma saman til að undirbúa verkefnavinnu á síðari hluta misseris. Þessum hluta námsins lýkur með skriflegu eða stafrænt staðfestu verkefni.
Tilkynnt í upphafi misseris.

**TÁK305G • Menning og saga heyrnarlausra II • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að auka skilning og þekkingu nemenda á þeim menningarheimi sem heyrnarlausir búa í og söguna þar á bak við. Ætlast er til að nemendur byggi ofan á þá grunnþekkingu sem miðlað var í námskeiðinu 05.10.03 Menning og saga heyrnarlausra I sem er nauðsynlegur undanfari.
Viðfangsefni: Lögð verður áhersla á menningu og sögu heyrnarlausra á Íslandi. Hluti af kennslunni fer fram á táknmáli og verður fluttur af heyrnarlausum gestafyrirlesurum.
Vinnulag: Kennslan er að litlum hluta í fyrirlestrarformi en nemendur taka virkan þátt í tímum, flytja fyrirlestra og kynna verkefni sín. Grunnkunnátta í íslensku táknmáli er nauðsynleg þar sem nemendur taka viðtöl og greina texta á íslensku táknmáli.
Námsmat: Tilkynnt í upphafi misseris.
Tilkynnt í upphafi misseris.

**TÁK401G • Ritgerð til BA-prófs í táknmálsfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Ritgerð til BA-prófs. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**TÁK402G • Ritgerð til BA-prófs í táknmálsfræði • (10e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Ritgerð til BA-prófs. Nemendum er skylt að sækja tíma í Hagnýtum leiðbeiningum um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA- ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram á 3 fundum á vegum þeirra leiðbeinenda, sem eru fastráðnir kennarar í skorinni, og er alls 6 kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust og vormisseri.

**TÁK403G • Færninámskeið IV • (10e) • Vor • 4f + 1æ**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur skilji flóknari og jfölbreyttari táknmálstexta og tali málfræðilega rétt táknmál.
Viðfangsefni: Framhald af Færninámskeiði III sem er nauðsynlegur undanfari. Áfram verður lögð mikil áhersla á skilning og umræður um táknmálstexta. Nemendur vinna verkefni þar sem þau hitta heyrnarlausa einstaklinga og þjálfa sig í mismunandi málnotkun og málsniði. Áfram verður unnið með myndbönd og farið í sértækan orðaforða.
Vinnulag: Fyrirlestrar og æfingar í tímum sem nemendur taka virkan þátt í. Nemendur nota myndbandsupptökur til þess að ná auknu valdi á málinu. Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.
Námsmat: Upptökuverkefni, munnlegt og skriflegt próf.
Nauðsynleg undirstaða: Færninámskeið III (TÁK302G)
Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar. Námsmat: Verkefni, munnlegt og skriflegt próf.

**TÁK404G • Málfræði táknmáls III • (5e) • Vor • 2f**
Umsjónarkennari: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur skilji málfræði próformasagna. Einnig að nemendur öðlist færni í að viða að sér gögnum, vinna úr þeim og draga af þeim fræðilegan lærdóm.
Viðfangsefni: Í námskeiðinu verður áhersla lögð á málfræðilega greiningu próformasagna. Nemendur vinna sjálfstæð rannsóknarverkefni sem miða að því að greina íslenskar próformasagnir.
Vinnulag: Kennsla er í fyrirlestrarformi en einnig eru skoðuð dæmi úr íslenska táknmálinu á myndböndum. Nemendur vinna verkefni jafnt yfir misserið.
Námsmat: Felst í nokkrum skriflegum verkefnum á misserinu.
Æskileg undirstaða: Málfræði táknmáls II (TÁK303G)
Verkefni og ritgerð.

**TÁK405G • Samskiptafræði • (5e) • Vor • 2f**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur kynnist og skilji flóknari samskiptaleiðir þegar daufblindir eiga í hlut.
Viðfangsefni: Fjallað um almennar samskiptakenningar og hagnýt viðfangsefni er lúta að samskiptaleiðum með sérstakri áherslu á daufblindu og samskiptaleiðir daufblindra.
Vinnulag: Kennsla er að hluta til í fyrirlestrarformi en nemendur taka virkan þátt í umræðum og vinna verkefni í tímum.
Námsmat: Tilkynnt í upphafi misseris.
Tilkynnt í upphafi misseris.

**TÁK406G • Þýðingar II • (10e) • Vor • 3f**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur átti sig á muninum á uppbyggingu íslenska táknmálsins og íslensku og vandamálin sem upp koma við þýðingar þar á milli. Einnig að nemendur öðlist ákveðna þjálfun í að þýða á milli þessara mála og greina vandamálin þar að lútandi.
Viðfangsefni: Unnið er með þýðingar á milli íslensku og íslensks táknmáls. Áhersla er lögð á sjálfstæð þýðingarverkefni með sérstakri áherslu á mismunandi jafngildi, blæbrigði og málsnið. Í námskeiðinu verður einnig fjallað um muninn á ritmáli og talmáli og sérstök þýðingavandamál sem upp koma í því ljósi þegar táknmál er annars vegar.
Vinnulag: Kennsla er að hluta til í fyrirlestrarformi en nemendur vinna með þýðingar í tímum og taka þátt í umræðum. Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.
Námsmat: Tilkynnt í upphafi misseris.
Æskileg undirstaða: Þýðingar (TÁK304G)
Tilkynnt í upphafi misseris.

**TÁK501G • Túlkunarfræði • (5e) • Haust • 2f**
Umsjónarmaður: Kristín Lena Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Aðstoðarkennari: Sabine Leskopf
**Markmið:** Að nemendur öðlist grunnþekkingu í túlkunarfræðum og kynnist kenningum um túlkun og hlutverk túlksins.
**Viðfangsefni:** Farið verður í kenningar um ferli túlkunar og kenningar um hlutverk túlksins. Fjallað verður um menningarleg og málleg vandamál sem upp koma við túlkunaraðstæður og hlutverk túlksins í því að brúa bil milli tveggja menningarheima. Farið verður í mismunandi svið túlkunar, rætt um hagsmunaárekstra og ólíkar aðstæður í túlkun.
**Vinnulag:** Kennsla er að hluta til í fyrirlestrarformi en nemendur taka virkan þátt í umræðum og vinna bæði hóp- og einstaklingsverkefni á misserinu.
**Námsmat**: Tilkynnt síðar
**Lesefni:** Tilkynnt síðar
Tilkynnt í upphafi misseris.

**TÁK502G • Táknmálstúlkun I • (20e) • Haust • 2f + 8æ**
Umsjónarmaður: Kristín Lena Þorvaldsdóttir Aðjunkt
Aðstoðarkennari: Eyrún Helga Aradóttir
Aðstoðarkennari: Júlía Guðný Hreinsdóttir
**Markmið:** Að þjálfa nemendur í túlkun á milli íslensku og íslensks táknmáls. Áhersla verður lögð á lotutúlkun og að auka táknforða hjá nemendum.
**Viðfangsefni:** Áhersla verður lögð á mat og endurgjöf, frá sjálfsmati yfir í að taka við mati frá öðrum og meta aðra. Unnið er með atriði eins og greiningu á túlkun, samvinnu túlka, trúmennsku gagnvart fagi, sjálfum sér og samstarfsmanni. Verkleg þjálfun er hluti námskeiðsins.
**Vinnulag:** Námskeiðið byggist að stórum hluta á túlkunaræfingum í kennslustofu og síðan á vettvangi. Mikið er um einstaklingskennslu og þjálfun. Nokkrum sinnum á misserinu verða fræðilegir fyrirlestrar og verkefni og lesefni því tengt. Verkleg þjálfun á vettvangi er utan stundatöflu.
**Námsmat:** Byggir á eftirfarandi þáttum: Verkefnum sem dreifast yfir misserið (unnin í málveri), miðmisserisprófi, lokaprófi, verkefnum úr fræðilegum hluta. Hver nemandi skal að auki ljúka 20 tímum í túlkun á vettvangi. **Mætingarskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.**
**Lesefni:** Humphrey, Janice H. & Bob J. Alcorn. 2001. *So You Want To Be An Interpreter? An Introduction to Sign Language Interpreting.* H & H Publishers, Amarillo, Texas.

**TÁK601G • Siðfræði túlkunar • (5e) • Vor • 2f**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Kennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Viðfangsefni námskeiðs:
Í námskeiðinu er farið í skyldukenningu Kants og Nytjastefnuna og siðferðileg hugtök eins og sjálfræði, velferð, réttlæti og mannréttindi. Einnig er fjallað um fagmennsku og virðingu fyrir friðhelgi. Sérstök áhersla er lögð á að tengja þessi atriðið við túlkaaðstæður og greina þann hugmyndafræðilega grunn sem starf túlksins hvílir á.
Vinnulag;
Kennsla fer fram í fyrirlestrum. Ætlast er til að nemendur séu virkir í tímum og taki þátt í umræðum sem skapast um efni fyrirlestra.

**TÁK602G • Táknmálstúlkun II • (15e) • Vor • 8æ + 8v**
Umsjónarmaður: Rannveig Sverrisdóttir Lektor
Kennari: Eyrún Helga Aradóttir
Kennari: Júlía Guðný Hreinsdóttir
**Markmið:** Að þjálfa nemendur í túlkun á milli íslensku og íslensks táknmáls. Áhersla verður lögð á samtímistúlkun.
**Viðfangsefni:** Framhald af Táknmálstúlkun I. Fjallað verður um sérhæfðari svið innan túlkunar, t.d. daufblindratúlkun, leikhústúlkun, skólatúlkun, heilbrigðistúlkun, dómtúlkun o.fl. Einnig fá nemendur þjálfun í túlkun á vettvangi undir leiðsögn.
**Vinnulag:** Námskeiðið byggist að stórum hluta á túlkunaræfingum í kennslustofu og síðan á vettvangi. Mikið er um einstaklingskennslu og þjálfun. Nokkrum sinnum á misserinu verða fræðilegir fyrirlestrar og verkefni og lesefni því tengt. Verkleg þjálfun á vettvangi er utan stundatöflu.
**Námsmat:** Byggir á eftirfarandi þáttum: Vikulegum verkefnum í málveri, miðmisserisprófi, lokaprófi, verkefnum úr fræðilegum hluta. Hver nemandi skal að auki ljúka 40 tímum í túlkun á vettvangi og er umsögn leiðbeinenda hluti af einkunn. **Mætingarskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar.**
**Lesefni:** Tilkynnt í upphafi námskeiðs.
Nauðsynleg undirstaða: Táknmálstúlkun I (TÁK502G), Túlkunarfræði (TÁK501G)
Munnlegt próf og verkefni.

**ÞÝÐ001M • Þýðingafræði • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Gauti Kristmannsson Dósent
Inngangsnámskeið í fræðunum þar sem farið verður yfir helstu kenningar tuttugustu aldar á þessu sviði. Nemendur lesa lykiltexta úr fræðunum (sem sumir eru nú til í íslenskri þýðingu), flytja erindi um einn höfundinn og verk hans, þýða einn slíkan fræðitexta og einn bókmenntatexta að eigin vali.

**ÞÝÐ002M • Þýðingar og þýðingatækni • (5e) • Haust • 2f**
Þetta námskeið er helgað þeirri tækni sem þýðendur og aðrir geta notað til við störf sín. Þýðingaminni verða skoðuð og þjálfuð notkun þeirra og gerð samsíða textasafna. Notkun orðabóka, rafrænna og annarra, gagnabanka og internetsins og annarra hjálpargagna. Málstefna og íðorðafræði. Starfsvið þýðenda. Nýtt verður verður reynsla þeirra í hópnum sem hafa starfsreynslu fyrir. Nemendur halda fyrirlestur um tiltekið svið, vinna við orðtöku og kynna nýjustu tækni í vinnuhópi.

**ÞÝÐ003M • Þýðingasaga • (10e) • Vor • 3f**

Umsjónarkennari: Gauti Kristmannsson Dósent
Fjallað um sögu þýðinga, einkum á Vesturlöndum og svo á Íslandi. Farið verður yfir helstu hátinda þýðingasögunnar frá fornöld til nútíma. Litið verður á valda texta sem markað hafa þáttaskil í þýðingasögu eins og reyndar bókmennta- og mannkynssögunni (Cicero, Hóras, Hierónymus, Erasmus, Lúther, Oddur, Dolet o.fl.). Einkum verður litið til röksemda og verka þýðenda á sömu sviðum til samanburðar, t.d. biblíuþýðenda, ljóðaþýðenda o.s.frv. Nemendur taka fyrir einn fræðimann eða stefnu og halda erindi auk þess sem þýddur verður texti á því sviði. Einnig þýða nemendur bókmenntatexta frá því fyrir 1900. Námskeiðinu lýkur síðan með málstofu í þýðingarýni þar sem nemendur rýna í eina þýðingu að eigin vali.

**ÞÝÐ004M • Þýðingar, textar og orðræða • (5e) • Vor • 2f**
Umsjónarmaður: Gauti Kristmannsson Dósent
Markmiðið með þessu námskeiði er að nota aðferðir málvísinda og þýðingafræða til að rannsaka mállegan grunn samfélagsins, hvaðan hann kemur og hvað mótar þá orðræðu sem myndar hann og myndast af honum. Með aðferðum orðræðugreiningar verða frumtextar og þýðingar lagatexta, viðskiptatexta, fjölmiðlatexta o.fl. greindir og síðan litið til þess hvernig þær þýðingar sem þar fara fram skila sér inn í almennari orðræðu samfélagsins. Í tengslum við þetta verða tekin fyrir praktísk verkefni á sömu sviðum þar sem nemendur spreyta sig á þýðingum skjala, samninga, vottorða og annarra nytjatexta og verða niðurstöður ræddar í vinnuhópum.

**ABF019F • Rannsóknarverkefni A • (10e) • Vor**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknaverkefni velur hann verksvið í samráði við kennara. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði fimm á misseri. Einnig geta fleiri kennarar og nemendur tekið sig saman um að halda málstofu um tiltekin verkefni eftir því sem henta þykir. Séu verkefni umfangsmikil geta tveir nemendur eða fleiri unnið sameiginlega að úrlausn þeirra. Ekki má taka fleiri en 10e í rannsóknarverkefnum. Nemandi sem velur M.A.-ritgerð til 30e fær þó aðeins 5e metnar í rannsóknarverkefnum.

**ABF020F • Rannsóknarverkefni A • (10e) • Haust**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknaverkefni velur hann verksvið í samráði við kennara. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði fimm á misseri. Einnig geta fleiri kennarar og nemendur tekið sig saman um að halda málstofu um tiltekin verkefni eftir því sem henta þykir. Séu verkefni umfangsmikil geta tveir nemendur eða fleiri unnið sameiginlega að úrlausn þeirra. Ekki má taka fleiri en 10e í rannsóknarverkefnum. Nemandi sem velur M.A.-ritgerð til 30e fær þó aðeins 5e metnar í rannsóknarverkefnum.

**ABF021F • Rannsóknarverkefni A • (10e) • Sumar**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknaverkefni velur hann verksvið í samráði við kennara. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði fimm á misseri. Einnig geta fleiri kennarar og nemendur tekið sig saman um að halda málstofu um tiltekin verkefni eftir því sem henta þykir. Séu verkefni umfangsmikil geta tveir nemendur eða fleiri unnið sameiginlega að úrlausn þeirra. Ekki má taka fleiri en 10e í rannsóknarverkefnum. Nemandi sem velur M.A.-ritgerð til 30e fær þó aðeins 5e metnar í rannsóknarverkefnum.

**ABF022F • Rannsóknarverkefni B • (10e) • Vor**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknaverkefni velur hann verksvið í samráði við kennara. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði fimm á misseri. Einnig geta fleiri kennarar og nemendur tekið sig saman um að halda málstofu um tiltekin verkefni eftir því sem henta þykir. Séu verkefni umfangsmikil geta tveir nemendur eða fleiri unnið sameiginlega að úrlausn þeirra. Ekki má taka fleiri en 10e í rannsóknarverkefnum. Nemandi sem velur M.A.-ritgerð til 30e fær þó aðeins 5e metnar í rannsóknarverkefnum.

**ABF022M • Fyrirlestur á nemendaráðstefnu • (2e) • Vor**
Fyrirhugað er að halda ráðstefnu nemenda í almennri bókmenntafræði á vormisseri. Þar verða einkum flutt erindi byggð á B.A.-ritgerðum, M.A.-ritgerðum og Rannsóknaverkefnum á meistarastigi, þótt hægt sé að sækja um að halda erindi um önnur rannsóknaverk. Nemendur fá eina einingu fyrir erindi sem þeir flytja og skila kennara. Þetta er hugsað sem þjálfun í að ganga frá erindum og flytja þau á ráðstefnum.

**ABF023F • Rannsóknarverkefni B • (10e) • Sumar**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknaverkefni velur hann verksvið í samráði við kennara. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði fimm á misseri. Einnig geta fleiri kennarar og nemendur tekið sig saman um að halda málstofu um tiltekin verkefni eftir því sem henta þykir. Séu verkefni umfangsmikil geta tveir nemendur eða fleiri unnið sameiginlega að úrlausn þeirra. Ekki má taka fleiri en 10e í rannsóknarverkefnum. Nemandi sem velur M.A.-ritgerð til 30e fær þó aðeins 5e metnar í rannsóknarverkefnum.

**ABF024F • Rannsóknarverkefni B • (10e) • Haust**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknaverkefni velur hann verksvið í samráði við kennara. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði fimm á misseri. Einnig geta fleiri kennarar og nemendur tekið sig saman um að halda málstofu um tiltekin verkefni eftir því sem henta þykir. Séu verkefni umfangsmikil geta tveir nemendur eða fleiri unnið sameiginlega að úrlausn þeirra. Ekki má taka fleiri en 10e í rannsóknarverkefnum. Nemandi sem velur M.A.-ritgerð til 30e fær þó aðeins 5e metnar í rannsóknarverkefnum.

**ABF029F • Doktorsnám í bókmenntafræði • (30e) • Haust**
Doktorsnám í bókmenntafræði

**ABF030F • Doktorsnám í bókmenntafræði • (30e) • Vor**
Doktorsnám í bókmenntafræði

**ABF031F • Doktorsnám í bókmenntafræði • (30e) • Sumar**
Doktorsnám í bókmenntafræði

**ABF035F • Rannsóknarverkefni D • (10e) • Haust**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknaverkefni velur hann verksvið í samráði við kennara. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði fimm á misseri. Einnig geta fleiri kennarar og nemendur tekið sig saman um að halda málstofu um tiltekin verkefni eftir því sem henta þykir. Séu verkefni umfangsmikil geta tveir nemendur eða fleiri unnið sameiginlega að úrlausn þeirra. Ekki má taka fleiri en 10e í rannsóknarverkefnum. Nemandi sem velur M.A.-ritgerð til 30e fær þó aðeins 5e metnar í rannsóknarverkefnum.

**ABF104F • Ritgerð til MA-prófs í almennri bókmenntafræði • (30e) • Haust**
Ritgerð til MA-prófs

**ABF205F • Ritgerð til MA-prófs í almennri bókmenntafræði • (30e) • Vor**
Ritgerð til MA-prófs

**ABF206F • Ritgerð til MA-prófs í almennri bókmenntafræði • (30e) • Sumar**
Ritgerð til MA-prófs

**ABF701F • Menningarsögur • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Benedikt Hjartarson
Útgáfa rita á sviði menningarsögu hefur verið áberandi innan hugvísinda á síðustu áratugum. "Menningarsaga" er einskonar slagorð sem notað er yfir ný afbrigði söguritunar sem beint er gegn hefðbundinni söguskoðun. Í námskeiðinu verður leitað svara við þeirri spurningu hvað einkenni ritun menningarsögu og greini hana frá öðrum tegundum söguritunar. Fjallað verður um efnið í sögulegu samhengi og sjónum beint að því hvernig "menningarsaga" hefur falið í sér endurskoðun ríkjandi hefða í söguritun á ólíkum tímum. Lesnir verða textar frá ólíkum tímabilum, allt frá uppruna menningarsöguritunar á 18. öld til samtímans.

**ABF702F • Módernismi í kvikmyndagerð • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Björn Ægir Norðfjörð Aðjunkt
Upp úr miðri tuttugustu öldinni kom fram ný kynslóð leikstjóra sem tók að bylta kvikmyndamiðlinum jafnt fagurfræðilega sem hugmyndafræðilega. Þeir höfnuðu formúlum og steríótýpum hefðbundinna frásagnarmynda, og glímdu í staðinn við jafnt margbrotnari sem fátæklegri frásagnir og köfuðu dýpra í persónustúdíum eða afbyggðu hreinlega mun leikara og manneskju. Hvað þetta varðar einkenndust módernísku myndirnar af mikilli sjálfsmeðvitund um kvikmyndamiðilinn sem var sjálfur oft tekinn til markvissrar umfjöllunar. Um margt átti þessi bylting sér pólitískar rætur, þar sem uppgjörið við hefðbundu frásagnarmyndina var jafnframt uppgjör við ráðandi hugmyndafræði. Kvikmyndagerð Vestur-Evrópu verður í brennidepli, enda á módernisminn sér þar rætur, en einnig verða sýnd verk frá kommúnistaríkjum álfunnar sem og úr öðrum heimsálfum. Teknir verða fyrir leikstjórar sem Chantal Ackerman, Tomás Gutiérrez Alea, Michelangelo Antonioni, Ingmar Bergman, Luis Buñuel, Rainer Werner Fassbinder, Federico Fellini, Jean-Luc Godard, William Greaves, Miklós Jancsó, Alexander Kluge, Dusan Makavejev, Pier Paolo Pasolini, Alain Resnais, Hans Jürgen Syberberg, Andrei Tarkovsky og Hiroshi Teshigahara. Þá verða lesnir fjölbreyttir fræðitextar er greina ítarlega þær myndir sem teknar verða til sýninga, skoða og skilgreina sérstöðu módernisma í kvikmyndum, og glíma við fagurfræði og hugmyndafræði kvikmyndamiðilsins almennt.
Námsmat byggir á þátttöku í tímum (30%) og lokaritgerð (70%).

**ABF703F • Leikskáldið og leikstjórinn Bertolt Brecht • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Trausti Ólafsson
Á námskeiðinu verður fjallað um feril leikskáldsins og leikstjórans Bertolts Brecht. Helstu kenningar Brechts um leiklist verða kynntar og greindar í ljósi menningar- og stjórnmálastrauma í samtíma hans. Nokkur leikrita og ljóða Brechts verða lesin og greind og með því brugðið ljósi á ólíkar áherslur hans og aðferðir í ljóðagerð, samningu leiktexta og iðkun leiklistar á hinum ýmsu tímabilum ferils hans. Einnig verða ólíkum hugmyndum Brechts, Stanislavskijs og Grotowskis um list og túlkun leikarans gerð nokkur skil. Að lokum verður fjallað um Brechtleiksýningar hérlendis og leitast við að greina áhrif Brechts, leikritunar hans og leiklistarkenninga, á íslenskt leikhús.

**ABF801F • Birtingarmyndir kvenna • (10e) • Vor • 4f**
Í þessu námskeiði verður fjallað um femínískar bókmenntir og bókmenntakenningar. Lesnir verða jafnhliða bókmenntatextar og fræðilegar ritgerðir. Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðum. Kennari námskeiðsins mun birta nánari námskeiðslýsingu síðar.

**ABF802F • Mimesis • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Gauti Kristmannsson Dósent
Í þessu námskeiði er ætlunin að lesa vandlega eitt merkasta fræðirit bókmenntafræðanna, Mimesis. Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum eftir Erich Auerbach. Ritið spannar bókmenntasögu Vesturlanda frá upphafi með Hómer og Biblíunni allt til fyrri hluta 20 aldar og er ætlunin að skoða einnig suma þeirra texta sem Auerbach fjallar um í verki sínu og reyna að fara yfir greiningu hans. Einnig verða kenningar um eftirlíkingu frá fornöld til nútíma skoðaðar í sama ljósi.

**ABF803F • Hagnýtt rannsóknarnámskeið: Smásagnasafn • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Rúnar Helgi Vignisson
Fjallað verður um útgáfu smásagnasafna frá kennilegu og hagnýtu sjónarmiði. Nemendur munu vinna undir handleiðslu kennara að frágangi og útgáfu safnrits með íslenskum og erlendum smásögum í þýðingum sem ráðgert að komi út á almennum markaði. Unnið verður að vali, yfirlestri þýðinga, samningu inngangsefnis og skýringa en aðaláherslan verður á almennan frágang texta til prentunar. Auk þessa verður farið yfir aðalatriði höfundarréttar á þýðingum og frumsömdum textum, samningaferli við þýðendur og aðra rétthafa, s.s. útgefendur, og ýmislegt annað sem viðkemur útgáfu bókmenntatexta.
Námsmat byggist einkum á verkefnavinnu.

**AMV001F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Haust**
Einstaklingsverkefni í almennum málvísindum (M.A.).

**AMV002F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Vor**
Einstaklingsverkefni í almennum málvísindum (M.A.).

**AMV003F • Einstaklingsverkefni B • (10e) • Haust**
Einstaklingsverkefni í almennum málvísindum (MA).

**AMV004F • Einstaklingsverkefni B • (10e) • Vor**
Einstaklingsverkefni í almennum málvísindum (MA).

**AMV005F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Haust**
Lokaritgerð til MA-prófs í almennum málvísindum

**AMV006F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Vor**
Lokaritgerð til MA-prófs í almennum málvísindum

**AMV007F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Sumar**
Lokaritgerð til MA-prófs í almennum málvísindum

**AMV307M • Tal- og málmein • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Magnús Snædal Rósbergsson Prófessor
Aðstoðarkennari: Bryndís Guðmundsdóttir
Aðstoðarkennari: Brynja Jónsdóttir
Fjallað verður um málstol og aðrar máltruflanir og tengsl þessa við málvísindi og ólíkar málfræðikenningar.
Miðannar- og lokapróf.

**ÍSB001F • Doktorsnám í íslenskum bókmenntum • (30e) • Haust**
Doktorsnám í íslenskum bókmenntum

**ÍSB002F • Doktorsnám í íslenskum bókmenntum • (30e) • Vor**
Doktorsnám í íslenskum bókmenntum

**ÍSB003F • Doktorsnám í íslenskum bókmenntum • (30e) • Sumar**
Doktorsnám í íslenskum bókmenntum

**ÍSB006F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Haust**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknarverkefni velur hann verksvið í samráði við fastan kennara í íslenskum bókmenntum. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði um fimm á misseri. Ekki má taka meira en 5e í rannsóknarverkefni.

**ÍSB007F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Vor**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknarverkefni velur hann verksvið í samráði við fastan kennara í íslenskum bókmenntum. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði um fimm á misseri. Ekki má taka meira en 5e í rannsóknarverkefni.

**ÍSB008F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Sumar**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknarverkefni velur hann verksvið í samráði við fastan kennara í íslenskum bókmenntum. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði um fimm á misseri. Ekki má taka meira en 5e í rannsóknarverkefni.

**ÍSB015F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Vor**
Ritgerð til MA-prófs

**ÍSB016F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Haust**
Ritgerð til MA-prófs

**ÍSB101F • Goð, menn og meinvættir í norrænum heimildum • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Ármann Jakobsson Dósent
Hér verður fjallað um helstu heimildir um heiðinn sið og önnur trúarbrögð en kristni, þar á meðal Snorra-Eddu, eddukvæði, dróttkvæði, fornaldarsögur og Íslendingasögur. Sjónum verður beint að Ásum, álfum, jötnum, dýrum, plöntum og fengist verður við eðli goðsagna, helgisiði og hvers konar yfirnáttúru. Mikil áhersla verður á sjálfstæð vinnubrögð og verkefnavinnu
nemenda.

**ÍSB102F • Íslendingasögur • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Guðrún Nordal Prófessor

**ÍSB103F • Íslenskar skáldsögur 1850-1940 • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Þröstur Helgason

**ÍSB201F • Karlmenn í blíðu og stríðu • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Ásdís Egilsdóttir Dósent
Rannsóknir á karlmennsku eru ört vaxandi svið innan miðaldafræða og byggja á aðferðum sem þróast hafa innan kvenna- og kynjafræði. Lesnir verða ýmsir textar, úr fornum kveðskap og prósabókmenntum, sem sýna fjölbreytilegar birtingarmyndir karlmennsku á miðöldum. Textarnir verða greindir með hliðsjón af nýjum rannsóknum á karlmennsku á miðöldum.

**ÍSB202F • Vinnustofa í ljóðlist • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Bergljót S Kristjánsdóttir Prófessor
Aðstoðarkennari: Sigurður Pálsson
Undanfari: Hugræn málfræði og bókmenntafræði (eða önnur námskeið þar sem hugræn bókmenntafræði hefur verið kennd)
Hér er á ferðinni tilraunaverkefni; fræðilegt námskeið þar sem reynt verður að þróa áfram hugmyndir Juríjs Lotman og Sigurðar Pálssonar um rýmisandstæður með hliðsjón af rannsóknum í samtíma hugrænum fræðum. Sjónum verður einvörðungu beint að ljóðlist. Vinnustofan verður samfellt í hálfan mánuð í verkefnaviku og viku á undan eða eftir.
Viðfangsefni: Ljóð og rýmisandstæður
Málstofa um ferðir í bókmenntum síðari alda. Lesnar verða reisubækur, vegaljóð, barnabækur, skáldsögur og ferðalýsingar af ýmsu tagi frá 17. öld og fram á okkar daga. Fjallað verður um hugmyndir manna um lífið og skáldskapinn sem ferðalag og um ytri sem innri staðarlýsingar. Auk umsjónarmanns málstofunnar munu ýmsir fræðimenn og rithöfundar flytja fyrirlestra, m.a. Anna Heiða Pálsdóttir, Jón Karl Helgason, Óskar Árni Óskarsson, Steinunn Inga Óttarsdóttir og Sumarliði Ísleifsson.

**ÍSL506M • 17. öldin og Sjón • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Sveinn Yngvi Egilsson Prófessor
Heimsmynd 17. aldar manna var margþætt og ofin saman úr svo ólíkum þráðum að nútímamönnum getur reynst erfitt að sjá úr henni eina heild. Öldin er oft kennd við galdra og hindurvitni, trú á furður og djöfla, en hún var um leið mikill uppgangstími vísinda og blómaskeið háleitra trúarbókmennta. Margir helstu lista- og menntamenn aldarinnar endurspegla þessa margþættu heimsmynd, m.a. höfuðskáldin Hallgrímur Pétursson og Stefán Ólafsson, auk Jóns Guðmundssonar lærða. Sá síðastnefndi svífur yfir vötnum í skáldsögunni Rökkurbýsnum eftir Sjón sem verður notuð sem eins konar lykill að 17. öldinni í námskeiðinu. Hugað verður að hinni margþættu heimsmynd eins og hún birtist í bókmenntum og lærdómi, hvort sem það voru kvæði af Kristi eða heimslystarvísur, náttúrufræði eða þjóðtrú, frásagnir af Spánverjavígum eða Tyrkjaráni.

**ÍSL507M • Máltaka barna • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Sigríður Sigurjónsdóttir Dósent
Gefið verður yfirlit yfir málfræðilegar rannsóknir á máltöku barna. Byrjað verður á að kynna líffræðilegar forsendur máltöku (málstöðvar í heilanum, markaldur í máli, o.fl.). Rætt verður um kenningar um máltöku og saga barnamálsrannsókna rakin. Síðan verður fjallað um hvernig börn ná valdi á höfuðþáttum móðurmáls síns, þ.e. hljóð- og hljóðkerfisfræði, beygingar- og orðmyndunarfræði, setningafræði, merkingarfræði og þróun orðaforða. Að lokum verða frávik í málþroska rædd (stam, lesblinda og sértækar málþroskaraskanir) og fjallað um tvítyngi og máltöku annars og erlendra mála. Markmið námskeiðsins er að varpa ljósi á hvernig börn læra móðurmál sitt og á þau stig sem börn ganga í gegnum í málþroska sínum. Í þessum tilgangi verða lesnar íslenskar og erlendar greinar og vísað í nokkrar bækur til hliðsjónar. Eitt heimaverkefni sem felst í því að nemendur fylgjast með máltöku ungs barns (1-5 ára) tvisvar sinnum á misserinu (vegur 10% í námsmati). Ritgerð (u.þ.b. 10 bls.) um eitthvert atriði í máli barnsins (hljóð- eða hljóðkerfisfræði, beygingar- eða orðmyndunarfræði, setningafræði, o.s.frv.). Ætlast er til að nemendur geri grein fyrir athugun sinni á völdu atriði í máli barnsins og fjalli um það fræðilega með hliðsjón af lesefni námskeiðsins og fyrirlestrum kennara. (Vegur 40% í námsmati. Nánari leiðbeiningum um ritgerðina verður dreift í fyrstu kennsluviku.) Lokapróf (vegur 50% í námsmati).

**ÍSL601M • Glæpasagan • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Bergljót S Kristjánsdóttir Prófessor
Í námskeiðinu verða lesin verk ýmissa erlendra höfunda sem höfðu mikil áhrif á þróun glæpasögunnar á 19. og 20. öld (Poe, Conan Doyle, Christie, Chandler, Hammett, McBain). Íslenskar glæpasögur verða þó meginviðfangsefni námskeiðsins, þær verða settar í bókmenntasögulegt samhengi og ýmis fræði um glæpasöguna kynnt, allt frá skrifum Poes til samtímaskrifa bókmenntafræðinga og sálfræðinga sem fást við hugræn fræði. Fjallað verður um greinareinkenni glæpasögunnar, form hennar og inntak, og lesendur þeirra ekki síður en þær sjálfar, höfunda þeirra og samfélagið/menninguna sem þær spretta úr. Loks verður horft á kvikmyndaaðlaganir glæpasagna. BA-nemendur: flytja fyrirlestur í tíma (25%), fá verkefni að glíma við í verkefnaviku (5%) en námskeiði lýkur með munnlegu prófi (60%). Frammistaða í tímum er 10% af námsmati. MA-nemendur: skila sömu vinnu og BA nemar en fá aðeins 45% fyrir hana. Að auki svara þeir heimaprófi (45%)

**ÍSL603M • Málstofa: Gyrðir Elíasson • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Bergljót S Kristjánsdóttir Prófessor
Í málstofunni fjalla ýmsir fyrirlesarar, fræðimenn, skáld og rithöfundar um verk og feril Gyrðis Elíassonar. Reynt verður að víkja að sem flestum þáttum í höfundarverki hans og rætt t.d. um þýðingar hans ekki síður en ljóð og sögur. Verk hans verða sett í sögulegt samhengi, og þá rætt um textatengsl ekki síður en stefnur og strauma. Fyrirlesarar verða Ástráður Eysteinsson, Einar Kárason, Halldór Guðmundsson, Kristján B. Jónasson, Linda Vilhjálmsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson, Valgerður Brynjólfsdóttir, Vigdís Grímsdóttir og margir fleiri. BA-nemar: halda dagbók sem þeir skila í tvennu lagi. MA-nemar: halda dagbók og skrifa að auki ritgerð um valið/valin verk eftir Gyrði.

**ÍSL604M • Málstofa: Mál og kyn • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Guðrún Þórhallsdóttir Dósent
Fjallað verður um fyrirbærið málfræðilegt kyn, kynjakerfi íslensku og sögu þess. Rætt verður um hlutverk málfræðilegra kynja í íslensku, orðaforða um karla og konur og mun á máli karla og kvenna. Þá verða baráttu fyrir jafnrétti í tungumálinu gerð skil og aðstæður hérlendis bornar saman við aðstæður í öðrum löndum.
Gert er ráð fyrir þátttöku gesta innan og utan Háskólans sem fjalla um ýmsar hliðar þessara mála (málfræðingar, félagsvísindamenn o.fl.). Námskeiðið krefst góðrar mætingar og virkrar þátttöku nemenda. Nemendur fylgjast með fyrirlestrum, taka þátt í umræðum og skila skýrslum um viðfangsefni hverrar viku.
Allir nemendur skila skýrslum um viðfangsefni námskeiðsins tvisvar á misserinu. Einnig verður tekið tillit til þátttöku í umræðum. Meistaranemar vinna sérstakt verkefni að auki.

**ÍSL703F • Íslenskar skáldsögur 1850-1940 • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Þröstur Helgason
Í námskeiðinu verða lesnar vandlega 20-30 íslenskar skáldsögur frá tímabilinu 1850-1940. Þær verða skoðaðar í bókmenntasögulegu, hugmyndafræðilegu jafnt sem samfélagslegu ljósi. Meðal höfunda sem lesnir verða eru Jón Thoroddsen, Torfhildur Þ. Hólm, Jón Trausti,

Benedikt Gröndal, Sigurður Nordal, Gunnar Gunnarsson, Þórbergur Þórðarson, Þórunn Elfa Magnúsdóttir og Halldór Laxness.

**ÍSL704F • Forngermönsk mál • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Guðrún Þórhallsdóttir Dósent
Lesnir verða textar á forngermönskum málum, einkum vesturgermönsku málunum fornháþýsku, fornsaxnesku og fornensku (engilsaxnesku). Einnig kemur til greina að taka gotneskan texta fyrir, hafi nemendur ekki kynnst gotnesku áður. Í tímum verður fjallað um textana með málsögulegum skýringum.
Námskeiðið krefst virkrar þátttöku nemenda. Nemendur lesa texta jafnt og þétt sem farið verður yfir í tímum.
Æskileg undirstaða: Íslenskt mál að fornu I (ÍSL102G), Íslenskt mál að fornu II (ÍSL202G)

**ÍSM004F • Doktorsnám í íslenskri málfræði • (30e) • Haust**
Doktorsnám í íslenskri málfræði

**ÍSM005F • Doktorsnám í íslenskri málfræði • (30e) • Vor**
Doktorsnám í íslenskri málfræði

**ÍSM006F • Doktorsnám í íslenskri málfræði • (30e) • Sumar**
Doktorsnám í íslenskri málfræði

**ÍSM009F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Haust**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknarverkefni velur hann verksvið í samráði við fastan kennara í íslenskri málfræði. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði um fimm á misseri. Ekki má taka meira en 5e í rannsóknarverkefni.

**ÍSM010F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Vor**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknarverkefni velur hann verksvið í samráði við fastan kennara í íslenskri málfræði. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði um fimm á misseri. Ekki má taka meira en 5e í rannsóknarverkefni.

**ÍSM011F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Sumar**
Áður en nemandi skráir sig í rannsóknarverkefni velur hann verksvið í samráði við fastan kennara í íslenskri málfræði. Í upphafi námskeiðs leggur hann fram greina- og bókalista sem síðan er lagaður að þeim kröfum sem kennari gerir til verkefnisins. Nemandi og kennari hafa með sér reglulega fundi um verkefnið, að jafnaði um fimm á misseri. Ekki má taka meira en 5e í rannsóknarverkefni.

**ÍSM017F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Vor**
Ritgerð til MA-prófs

**ÍSM018F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Haust**
Ritgerð til MA-prófs

**ÍSM101F • Nýja þolmyndin og önnur tilbrigði • (5e) • Haust • 2f**
Umsjónarmaður: Sigríður Sigurjónsdóttir Dósent
Umsjónarmaður: Jóhannes Gísli Jónsson Aðjunkt
Í þessu námskeiði verður fjallað um ýmiss konar tilbrigði í íslenskri setningagerð. Megináherslan verður lögð á nýju þolmyndina en einnig verður fjallað um þágufallssýki, nýja dvalarhorfið, háttanotkun í aukasetningum, samræmi við nefnifallsandlög og fleira.

**ÍSM102F • Málfræðileg greining og röksemdafærsla • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Höskuldur Þráinsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að þjálfa nemendur í málfræðilegri röksemdafærslu og auka skilning þeirra á eðli og gildi málfræðikenninga. Gögn verða sótt í samtímalega og sögulega málfræði, setningafræði, hljóðkerfisfræði, orðhlutafræði og merkingarfræði. Leitast verður við að svara spurningum á borð við þessar: Hvernig er hægt að færa rök fyrir máli sínu í fræðilegum skrifum? Er hægt að sanna eitthvað í málfræði? Hvaða samband er á milli kenninga og staðreynda? Hvaða gagn er að málfræðilegum kenningum? Af hverju þykir málfræðingum oftast rétt að velja einfalda lýsingu fremur en flókna? Hvað geta málfræðingar lært af máltöku og máltapi og af hverju?

**ÍSM201F • Vesturnorræn hljóðkerfi og breytileiki • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Kristján Árnason Prófessor
Gerður verður sögulegur og samtímalegur samanburður á hljóðafari í vesturnorrænu, einkum færeysku og íslensku. Fjallað verður um líkindi og ólíkindi þessara málbrigða í ljósi sögulegrar þróunar og almennra kenninga í hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, en einnig verður hugað að málfélagslegum atriðum. Fjallað verður um mállýskubreytileika og tilbrigði í tali og hugað að kerfislegum þáttum og samspili þeirra við félagslegar og landfræðilegar aðstæður.

**ÍSM202F • Skyldleikatengsl germanskra mála • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Jón Axel Harðarson Prófessor
Samkvæmt hefðbundinni skoðun greindist frumgermanska í þrjár mállýskur, norðurgermönsku, vesturgermönsku og austurgermönsku, og eru þau germönsku mál sem töluð eru í dag komin af þeim tveimur fyrstnefndu; Norðurlandamálin eru afkomendur norðurgermönsku, öll önnur mál afkomendur vesturgermönsku. Um skyldleikatengsl germanskra mála hafa ýmsar aðrar kenningar verið settar fram og er áhugi fræðimanna á efninu enn mikill. Í námskeiðinu verða hinar ólíku kenningar teknar til umfjöllunar og þær metnar.

Námsmat: Námsmat er þríþætt: Erindi í tíma (10%), heimaverkefni (20%) og ritgerð (70%).

**ÍSM203F • Íslensk og norræn setningafræði • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Höskuldur Þráinsson Prófessor
Á námskeiðinu verður íslensk setningagerð skoðuð og valin atriði borin saman við hliðstæður í öðrum norrænum málum. Þótt megináherslan verði á íslenskt nútímamál og samtímalegan samanburð við norræn mál verður einnig hugað að breytingum í setningagerð þessara tungumála. Markmiðið er að nemendur fái yfirsýn yfir það sem er líkt og ólíkt í setningagerð norrænna mála og öðlist um leið skilning á því hvernig setningagerð getur breyst og hvað samtímaleg tilbrigði í setningagerð geta sagt okkur um málbreytingar og eðli þeirra. Stuðst verður við gögn úr nýlegum rannsóknum á tilbrigðum í setningagerð norrænna mála, einkum íslensku og færeysku, og nýlegar greinar og bækur um efnið.

**MIS104F • Textar - þýðingar og túlkun I • (5e) • Haust • 2f**
Nemendur munu kynna sér ýmsa íslenska miðaldatexta í elstu gerð (eddukvæði, guðfræðileg og goðfræðileg rit, samtímasögur, rímtöl, lagatexta, hómilíur ofl.). Gaumgæfð verða Íslendingabók, Landnámabók og Snorra-Edda. Varpað verður bókmenntalegu og sögulegu ljósi á textana. Þannig munu nemendur fá rækilegt yfirlit yfir ritmenningu íslenskra miðalda.

**MIS105F • Fornîslenska • (10e) • Haust • 4f**
Í þessu námskeiði verður gefið yfirlit yfir málfræði fornîslensku til að auðvelda lestur fornîslenskra texta. Megináhersla verður lögð á hljóð- og beygingarkerfi með umræðu um helstu atriði í hljóðþróun frá frumnorrænu til fornîslensku og beygingarflokkum fornîslensku.

**MIS106F • Íslendingasögur • (10e) • Haust • 4f**
Markmiðið með námskeiðinu er að nemendur fái sem besta yfirsýn um Íslendingasögur sem bókmenntagrein. Jafnframt verður farið í helstu kenningar um uppruna sagnanna og áhrif þeirra kenninga á rannsóknaspurningar fræðanna. Í tengslum við hverja sögu verður lögð sérstök áhersla á eina rannsóknaaðferð.

**MIS107F • Miðaldaveislur • (5e) • Haust • 2f** r

**MIS204F • Handritavinna • (10e) • Vor • 2f**
Inngangur að handritafræði sem byggist einkum á handritalestri og verklegum æfingum. Fjallað verður um íslenskan handritaarf; bókagerð og samsetningu handrita; skrift, bönd og styttingar; þróun stafsetningar; skrifaravillur og leiðréttingar; uppskrift texta og undirstöðuatriði við textaútgáfur.

**MIS205F • Textar - þýðingar og túlkun II • (5e) • Vor • 2f**
Nemendur munu kynna sér mikinn fjölda íslenskra miðaldatexta í elstu gerð (Íslendingasögur, konungasögur, riddarasögur, annála, króníkur, bréf, alfræðirit ofl.). Meðal texta sem verða lesnir eru Brennu-Njáls saga og Heimskringla. Varpað verður bókmenntalegu og sögulegu ljósi á textana og munu nemendur þannig fá rækilegt yfirlit yfir ritmenningu íslenskra miðalda.

**MIS206F • Legendary Sagas • (5e) • Vor • 2f**

**MIS301F • Ritgerð til MA-prófs (Medieval Icelandic Studies) • (30e) • Haust**
Ritgerð til MA-prófs í Medieval Icelandc Studies.

**MIS401F • Ritgerð til MA-prófs (Medieval Icelandic Studies) • (30e) • Vor**
Ritgerð til MA-prófs í Medieval Icelandc Studies.

**MIS402F • Ritgerð til MA-prófs (Medieval Icelandic Studies) • (30e) • Sumar**
Ritgerð til MA-prófs í Medieval Icelandc Studies.

**RÚT001F • Lokaverkefni til MA-prófs (hagnýt ritstjórn og útgáfa) • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Guðni Elísson Dósent
Verkefnið er ritstjórnar- eða útgáfuverkefni unnið í samvinnu við tiltekið fyrirtæki eða hjá því.

**RÚT002F • Lokaverkefni til MA-prófs (hagnýt ritstjórn og útgáfa) • (30e) • Haust**
Verkefnið er ritstjórnar- eða útgáfuverkefni unnið í samvinnu við tiltekið fyrirtæki eða hjá því.

**RÚT003F • Lokaverkefni til MA-prófs (hagnýt ritstjórn og útgáfa) • (30e) • Sumar**
Verkefnið er ritstjórnar- eða útgáfuverkefni unnið í samvinnu við tiltekið fyrirtæki eða hjá því.

**TUN001F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Haust**
Rannsóknarverkefni í tungutækni

**TUN002F • Rannsóknarverkefni • (10e) • Vor**
Rannsóknarverkefni í tungutækni

**TUN003F • Rannsóknarverkefni • (5e) • Haust**

Rannsóknarverkefni í tungutækni

**TUN004F • Rannsóknarverkefni • (5e) • Vor**
Rannsóknarverkefni í tungutækni

**TUN101F • Málleg gagnasöfn • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Eiríkur Rögnvaldsson Prófessor
Í námskeiðinu verður fjallað um uppbygginguna margs kyns mállegra gagnasafna og nýtingu þeirra í máltækni og málvísindum. Fjallað verður um orðasöfn, málheildir, orðanet, orðabækur o.fl. og gerð grein fyrir þeim reglum og aðferðum sem gilda um gerð slíkra safna. Einnig er því lýst hvaða upplýsingar er hægt að vinna úr slíkum söfnum, hvernig það er gert, og til hvers hægt er að nýta slíkar upplýsingar. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna nemendum íslensk gagnasöfn og þjálfa þá í notkun þeirra.

**TUN201F • Þáttun og þáttunaraðferðir • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Eiríkur Rögnvaldsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er annars vegar að kynna fyrir nemendum aðferðir við greiningu og leit í málheildum, einkum textum frá eldri málstigum. Nemendum verða m.a. kynnt notkun Python forritunarmálsins við textavinnslu. Hins vegar er markmiðið að þjálfa nemendur í að marka texta setningafræðilega og vinna í gerð þáttunarskema fyrir íslensku. Sá hluti námskeiðsins fer fram í tölvuveri. Námskeiðið verður kennt á ensku.

**TUN202F • Ritgerð til meistaraprófs í Tungutækni • (30e) • Vor**
Ritgerð til meistaraprófs í Tungutækni

**ÞÝÐ001F • Íðorðafræði • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Gauti Kristmannsson Dósent
Námskeiðið er hugsað fyrir stúdenta í þýðingarfræðum, íslensku og erlendum málum. Leitast verður við að fara yfir undirstöðuatriði íðorðafræðinnar og fjallað m.a. um tengsl íðorðafræði við aðrar greinar, hlut og hugtak, ýmsar grundvallarskilgreiningar, einkenni hugtaka, inntak og umtak hugtaka, íðorðasmíð, hugtakakerfi og hugtakasvið, vensl milli hugtaka og íðorða, einyrt og fleiryrt íðorð, íðorðafræði og orðabókarfræði, orðabækur, fagorðabækur og íðorðasöfn, stöðlun, umdæmistap (domænetab). Kennslan fer fram í fyrirlestrum, umræðum og með verkefnum, auk þess sem gestafyrirlesarar koma og segja frá raunverulegum verkefnum við íðorðastörf.

**ÞÝÐ001M • Þýðingafræði • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Gauti Kristmannsson Dósent
Inngangsnámskeið í fræðunum þar sem farið verður yfir helstu kenningar tuttugustu aldar á þessu sviði. Nemendur lesa lykiltexta úr fræðunum (sem sumir eru nú til í íslenskri þýðingu), flytja erindi um einn höfundinn og verk hans, þýða einn slíkan fræðitexta og einn bókmenntatexta að eigin vali.

**ÞÝÐ002M • Þýðingar og þýðingatækni • (5e) • Haust • 2f**
Þetta námskeið er helgað þeirri tækni sem þýðendur og aðrir geta notað til við störf sín. Þýðingaminni verða skoðuð og þjálfuð notkun þeirra og gerð samsíða textasafna. Notkun orðabóka, rafrænna og annarra, gagnabanka og internetsins og annarra hjálpargagna. Málstefna og íðorðafræði. Starfsvið þýðenda. Nýtt verður verður reynsla þeirra í hópnum sem hafa starfsreynslu fyrir. Nemendur halda fyrirlestur um tiltekið svið, vinna við orðtöku og kynna nýjustu tækni í vinnuhópi.

**ÞÝÐ003M • Þýðingasaga • (10e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Gauti Kristmannsson Dósent
Fjallað um sögu þýðinga, einkum á Vesturlöndum og svo á Íslandi. Farið verður yfir helstu hátinda þýðingasögunnar frá fornöld til nútíma. Litið verður á valda texta sem markað hafa þáttaskil í þýðingasögu eins og reyndar bókmennta- og mannkynssögunni (Cicero, Hóras, Hierónymus, Erasmus, Lúther, Oddur, Dolet o.fl.). Einkum verður litið til röksemda og verka þýðenda á sömu sviðum til samanburðar, t.d. biblíuþýðenda, ljóðaþýðenda o.s.frv. Nemendur taka fyrir einn fræðimann eða stefnu og halda erindi auk þess sem þýddur verður texti á því sviði. Einnig þýða nemendur bókmenntatexta frá því fyrir 1900. Námskeiðinu lýkur síðan með málstofu í þýðingarýni þar sem nemendur rýna í eina þýðingu að eigin vali.

**ÞÝÐ004M • Þýðingar, textar og orðræða • (5e) • Vor • 2f**
Umsjónarmaður: Gauti Kristmannsson Dósent
Markmiðið með þessu námskeiði er að nota aðferðir málvísinda og þýðingafræða til að rannsaka málllegan grunn samfélagsins, hvaðan hann kemur og hvað mótar þá orðræðu sem myndar hann og myndast af honum. Með aðferðum orðræðugreiningar verða frumtextar og þýðingar lagatexta, viðskiptatexta, fjölmiðlatexta o.fl. greindir og síðan litið til þess hvernig þær þýðingar sem þar fara fram skila sér inn í almennari orðræðu samfélagsins. Í tengslum við þetta verða tekin fyrir praktísk verkefni á sömu sviðum þar sem nemendur spreyta sig á þýðingum skjala, samninga, vottorða og annarra nytjatexta og verða niðurstöður ræddar í vinnuhópum.

**ÞÝÐ010F • Leikritaþýðingar • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Gauti Kristmannsson Dósent

**ÞÝÐ101F • Ritgerð til meistaraprófs í þýðingafræðum • (30e) • Haust**
Ritgerð til meistaraprófs í þýðingafræðum

**ÞÝÐ102F • Skjalaþýðingar og dómtúlkun • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Gauti Kristmannsson Dósent
Þetta er undirbúningsnámskeið fyrir próftaka í skjalaþýðingum og dómtúlkun. Farið verður yfir helstu svið skjalaþýðinga og dómtúlkunar,

unnin verkefni á þeim sviðum, nemendur látnir þreyta æfingapróf og þeim kynntar helstu stefnur og straumar í þýðingarfræðum.

**ÞÝÐ201F • Ritgerð til meistaraprófs í þýðingafræðum • (30e) • Vor**
Ritgerð til meistaraprófs í þýðingafræðum

**ÞÝÐ202F • Ritgerð til meistaraprófs í þýðingafræðum • (30e) • Sumar**
Ritgerð til meistaraprófs í þýðingafræðum

**ÞÝÐ501F • Einstaklingsverkefni í þýðingafræði • (10e) • Haust**
Einstaklingsverkefni í þýðingarfræði

**ÞÝÐ502F • Einstaklingsverkefni í þýðingafræði • (5e) • Haust**
Einstaklingsverkefni í þýðingarfræði

**ÞÝÐ601F • Einstaklingsverkefni í þýðingafræði • (10e) • Vor**
Einstaklingsverkefni í þýðingarfræði

**ÞÝÐ602F • Einstaklingsverkefni í þýðingafræði • (5e) • Vor**
Einstaklingsverkefni í þýðingarfræði

## Sagnfræði- og heimspekideild

**FOR101G • Aðferðafræði I • (10e) • Haust • 3f + 3æ**
Kennari: Gavin Murray Lucas Lektor
Í námskeiðinu verður farið yfir grundvallaratriði fornleifafræðilegrar aðferðafræði. Helstu efni sem fjallað verður um eru: Saga aðferðafræðinnar, löggjöf og siðfræði, undirbúningur rannsókna, rannsóknaráætlanir og heimildakönnun, fornleifaskráning, loftljósmyndun og fjarkönnun, aðferðir við uppgröft og úrvinnslu uppgraftargagna, gagnasöfn, forvarsla og miðlun. Námskeiðið er kennt með fyrirlestrum og umræðutímum en í upphafi misseris verður námskeiðið kennt á vettvangi. Önnur námskeið í fornleifafræði sem kennd eru á sama misseri munu taka mið af því.

**FOR102G • Vinnulag í fornleifafræði • (5e) • Haust • 2f**
Námskeiðið er kennt með heimspekilegum forspjallsvísindum.

**FOR103G • Inngangur að fornleifafræði I • (10e) • Haust • 3f**
Aðstoðarkennari: Kristján Mímisson
Yfirlitsnámskeið um viðfangsefni og aðferðir fornleifafræðinnar. Hvað er fornleifafræði? Saga fornleifafræðinnar, hugmyndafræðilegur grundvöllur og samband hennar við aðrar greinar fortíðarvísinda. Hvernig eru fornleifar notaðar til að varpa ljósi á samfélagsgerð, umhverfi, hagkerfi og viðskipti, trú og hugmyndafræði, þróun og breytileika?
1) Skriflegt próf (50%) ; 2) 5 einnar síðu verkefni (25%); 3) Verkefni úr The Archaeology workbook og framsaga um það (25%). Ætlast er til að 4-5 nemendur skili verkefni saman.Við námsmat er einnig tekið tillit til undirbúnings og þátttöku í tímum

**FOR104G • Fornnorræn list • (5e) • Haust • 2f**
Aðstoðarkennari: Þórhallur Þráinsson
Námskeiðið er kynning á stíl- og listasögu Norðurlanda frá og með þjóðflutningunum og fram á miðaldir. Einnig verður vikið að rúnum og fjallað um tengsl þeirra við táknmyndir á þessu tímaskeiði. Eitt af markmiðum námskeiðsins er að nemendur læri að þekkja hina sérstæðu norrænu dýraskreytilist seinni hluta járnaldar og myndi sér skoðun á því í hverra þágu hún var gerð og hvert samspil hennar var við aðra þætti
efnismenningarinnar. Áhersla verður einnig lögð á umfjöllun um hvernig dýraskreytið og síðar kirkjulist hefur verið sett í menningarsögulegt samhengi og hvaða kenningarlegu forsendur eru fyrir slíkri túlkun. Þegar kemur fram á víkingaöld og upphaf miðalda verður sérstaklega fjallað um íslenska gripi og þeir bornir saman við hliðstætt erlent efni. Kennsla fer fram með fyrirlestrum og greiningu myndefnis. Ein ferð verður farin í Þjóðminjasafn Íslands og eiga nemendur að flytja stutta kynningu á rannsóknarsögu grips eða gripaflokks að eigin vali.
Nemendur skrifa ritgerð um efni sem þeir velja af lista sem kennari hefur tekið saman. Annað efni kemur þó til álita hafi nemendur sérstakar óskir um
það. Tilgangur ritgerðar er að nemendur geti varpað fram rannsóknarspurningu um efnið og leitað svara við henni.
Mat á efnistökum, úrvinnslu og frágangi ritgerðar liggur til grundvallar einkunnar.

**FOR201G • Íslensk fornleifafræði • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Orri Vésteinsson Dósent
Yfirlitsnámskeið um íslenska fornleifafræði, sögu hennar, viðfangsefni og stöðu þekkingar. Námskeiðinu er skipt í sex hluta þar sem gerð er grein fyrir helstu straumum í íslenskri fornleifafræði: fornmenn og furðuminjar, rómantík, víkingar, íslensk menningarsaga, umhverfi, samfélag. Kynntar verða helstu rannsóknir sem gerðar hafa verið og fjallað um áhrif þeirra á söguskynjun Íslendinga og fræðilega umræðu. Að námskeiði loknu eiga nemendur að kunna skil á einkennum íslenskra fornleifa og geta lýst helstu tegundum gripa, hráefnum og byggingatækni.
Fimm krossapróf tekin í tímum (30 %), fimm heimaverkefni (30 %), Ritgerð (40 %)

**FOR202G • Aðferðafræði II • (10e) • Haust • 3f**
Kennari: Gavin Murray Lucas Lektor
Í námskeiðinu er farið nánar út í einstök atriði í aðferðafræði fornleifafræðinnar, m.a. með áherslu á aðferðir sem eru sérstakar fyrir íslenskar aðstæður. Meðal efna sem fjallað verður um eru: Ritheimildir og munnlegar heimildir um fornleifar, aðferðir við fornleifaskráningu, myndun minjastaða, túlkun lagskiptingar og notkun skipurita, uppgröftur legstaða, skráning standandi bygginga, tölfræðilegar aðferðir, gagnagrunnar, landfræðileg upplýsingakerfi og rúmfræðilegar aðferðir, skýrslugerð.

**FOR204G • Forsaga • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Vala Björg Garðarsdóttir
Yfirlit um steinöld, bronsöld og járnöld, um 1.500.000 til 500 f. Kr.nFjallað er um upphaf áhaldagerðar í samhengi við þróun mannsins ognútbreiðslu hans um jörðina. Farið er yfir kenningar um samfélagsgerð ognefnahagsgrundvöll samfélaga fornsteinaldar og miðsteinaldar. Fjallað ernítarlega um landbúnaðarbyltinguna og fyrstu flóknu samfélögin, ínEgyptalandi, Mesópótamíu, Indusdalnum, Kína og Mið-Ameríku. Útbreiðslanlandbúnaðar í Evrópu, stórsteinungasamfélög Norður- og Vestur-Evrópu,nupphaf málmsmíða í Austurlöndum nær, samfélagsgerð og samfélagsbreytingarná bronsöld og járnöld, einkum í Evrópu og á Norðurlöndum. nKennsla fer að hluta til fram á ensku.nAðalnámsbók: Champion, Gamble, Shennan & Whitle: Prehistoric Europe (3.nútgáfa), Academic Press 1997. nn

**FOR301G • Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði • (10e) • Haust**
Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði

**FOR303G • Gripafræði • (5e) • Haust • 2f**
Aðstoðarkennari: Guðrún Alda Gísladóttir
Námskeiðið fjallar annars vegar um almennan grundvöll gripafræðinnar, gerðfræði og efnisfræði, og hins vegar um helstu flokka gripa sem finnast á Íslandi, leirker, steináhöld og steinílát, skartgripi og vopn, tréílát, vefnað, gler, krítarpípur o.fl.
Æskileg undirstaða: Aðferðafræði I (FOR101G)

**FOR304G • Fornleifarannsókn á vettvangi I • (5e) • Haust**
Fornleifaskráning. Framhald grunnnámskeiðs. Í námskeiðinu er farið yfir sögu fornleifaskráningar á Íslandi, forsendur og helstu aðferðir við skráningu. Minjar verða skoðaðar og greindar á vettvangi, skráðar á kort og GPS punktar teknir. Megináhersla verður lögð á skráningarverkefni í nágrenni Reykjavíkur sem nemendur skila af sér.

**FOR306G • Beinafræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Rúnar Leifsson
Umsjónarkennari: Hildur Gestsdóttir
Námskeiðið er kynning á aðferðafræðilegum og kennilegum forsendum manna- og dýrabeinafræði. bein verða skoðuð með tilliti til innri gerðar, efnafræði, þróunarsögu og smásærra rannsókna. Ljósi verður varpað á þau ferli sem eiga sér stað frá dauða lífveru þar til bein hennar liggja á borði beinafræðings. farið verður yfir undirstöðuatriði beinafræðinnar, greining á kyni, lífaldri og líkamshæð, og helstu atriði sjúkdómafræði beina og fornmeinafræði, bæði stórsæjar rannsóknir og röngten- og tölvusneiðmyndarannsóknir. Jafnframt verður fjallað um meginatriði gagnasöfnunnar og greiningar. Notagildi beinafræði við rannsóknir á mismunandi samfélagsgerðum er skoðað. Þá verður fjallað um sögu þá sem gömul bein geta sagt okkur um mannlíf fyrri alda innan hins norræna menningarsvæðis, og þá sérstaklega á Íslandi.

**FOR307G • Fornleifafræði Norðurlanda • (5e) • Haust • 2f**
Aðstoðarkennari: Þórhallur Þráinsson
síðar

**FOR401G • Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði • (10e) • Vor**
Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði

**FOR402G • Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði • (10e) • Sumar**
Ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði

**FOR405G • Fornvistfræði • (5e) • Vor**
Aðstoðarkennari: Árni Einarsson
Námskeiðið skiptist í þrjá hluta: 1. Almennur inngangur að fornvistfræði, markmiðum hennar og notagildi. 2. Aðferðir fornvistfræðinnar þ.m.t. sýnatökutækni, aldursgreiningar, greining lífveruleifa, trjáhringatímatal og túlkunarmöguleikar. 3. Rannsóknarvettvangur fornvistfræðinnar (land, ferskvatn, sjór, andrúmsloft, bólstaðir og menningarlandslag). Fjallað er með dæmum um rannsóknarspurningar sem svarað er með fornvistfræðilegum aðferðum. Kennsla fer fram með fyrirlestrum og verklegum æfingum. Æfingar fara fram í kennslustofu, en farinn verður einn borleiðangur í nærliggjandi stöðuvatn.

**FOR406G • Fornleifarannsókn á vettvangi II • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Steinunn J Kristjánsdóttir Lektor
Fornleifauppgröftur. Framhald grunnnámskeiðs. Markmið námskeiðs er að auka færni og þekkingu nemenda á uppgraftaraðferðum, einstökum þáttum fornleifarannsókna og að vinna sjálfstætt. Á staðnum verður m.a. kennt á uppgraftarforritið Intrasis og uppmælingar með alstöð. Uppgraftarsvæði: Nes við Seltjörn.

**FOR407G • Vettvangsnámskeið • (10e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Steinunn J Kristjánsdóttir Lektor
Samkvæmt námskipunarreglum er nemendum sem taka fornleifafræði til 60 eininga skylt að ljúka 4 vikna vettvangsnámskeiði í fornleifafræði. Háskóli Íslands er í samstarfi við Hólaskóla um vettvangsnámskeið á Hólum og við Fornleifastofnun Íslands um vettvangsnámskeið í Vatnsfirði sem veita takmörkuðum fjölda nemenda aðgang, en auk þess geta nemendur sótt námskeið erlendis eða unnið úrvinnsluverkefni undir handleiðslu fastráðins kennara. Nemendur skulu hafa samráð við greinarformann um hvaða leið þeir fara til að uppfylla þessar kröfur.

**FOR408G • Kennileg fornleifafræði • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Gavin Murray Lucas Lektor
Markmiðið með námskeiðinu er að veita nemendum innsýn í kennilegan bakgrunn fornleifafræðinnar, einkum í Evrópu og Norður-Ameríku. Farið verður yfir sögu kenninga og skýrt frá áhrifum þeirra á þróun fræðigreina almennt. Merking kennilegrar fornleifafræði verður reifuð, samhliða því sem farið verður ítarlega yfir helstu kenningar, strauma og stefnur, og áhrif þeirra á fræðigreinina. Kennt verður með fyrirlestrum, auk þess sem nemendur verða látnir taka þátt í umræðum og vinna að hópverkefnum (4-5 nemendur saman) um kenningar fornleifafræðinnar og kynna niðurstöður þess með framsögu.
Æskileg undirstaða: Inngangur að fornleifafræði I (FOR103G), Aðferðafræði I (FOR101G)
1) Umræður (greinarýni og tímapróf) (10%). 2) Framsaga (20%). 3) Skriflegt próf (70%).

**FOR409G • Forvarsla • (5e) • Vor • 2f**

Umsjónarmaður: Steinunn J Kristjánsdóttir Lektor
Aðstoðarkennari: Kristín Huld Sigurðardóttir
Markmiðið með námskeiðinu er að gefa nemendum innsýn í vettvangsforvörslu, þ.e. hvernig meðhöndla á gripi við fornleifauppgröft, styrkja þá, lyfta, pakka, merkja, flytja á áfangastað og ganga frá þeim fyrir forvörslu. Þá verður jafnframt fjallað um varðveislu fornleifa í mismunandi jarðvegi og við mismunandi aðstæður. Námskeiðið er fólgið í fyrirlestrum, verkefnum og verklegri kennslu. Þá verða sýndar videomyndir um efnið.

**FOR410G • Kynjafornleifafræði • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Steinunn J Kristjánsdóttir Lektor
Yfirlitsnámskeið um kynjafornleifafræði (e. Archaeology of Gender) þar sem farið verður yfir sögu og þróun greinarinnar, tengingu hennar við femínisma og síðvirknihyggju, um leið og greint verður frá helstu áherslum og skilgreiningum innan hennar. Kyngerfishugtakið (e. gender) er sífellt að víkka og teygir sig því til rannsókna á konum, körlum, jafnt sem börnum eða á ákveðnum þjóðfélagshópum, aldri og lífshlaupi. Tekin verða dæmi frá fornleifarannsóknum sem byggja á kenningum og aðferðum kynjafornleifafræðinnar og kynntir verða þeir möguleikar sem hún getur boðið upp á hérlendis við fornleifarannsóknir.

**FOR603G • Vettvangsreynsla í fornleifafræði • (5e) • Sumar**
Til vettvangsreynslu er metin þátttaka í fornleifauppgrefti, úrvinnsla gagna frá þeim, s.s. vinnsla teikninga, hreinsun, skráning, ljósmyndun og
pökkun gripa og gagna eða fleytingar og frágangur sýna, skráning fornleifa á vettvangi eða af heimildum, auk starfa innan sögutengdrar ferðaþjónustu, s.s. hefðbundin störf á viðurkenndum söfnum, gæsla á sýningum safna eða fornra bygginga, auk leiðsagnar um opin fornleifasvæði. Nemendur skulu hafa samráð við lektora í fornleifafræði um starfið áður en vinna við það hefst. Að starfstíma loknum skal vinnuveitandi gefa nemanda vottorð um þátttöku þar sem fram koma í stuttu máli upplýsingar um verkefni starfsmanns.

**HSP006M • Starfstengd siðfræði • (10e) • Vor**
Kennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Námskeiðið byggir á gestafyrirlestrum og fjallar einkum um siðfræði starfsstétta og það hvernig siðferðileg vandamál mæta fólki í starfi. Á námskeiðinu er fjallað meðal annars um siðfræðilegan grunn fagstétta, gerð grein fyrir helstu kenningum um fagstéttir, samband fagmanns og skjólstæðings og hlutverk siðareglna og siðanefnda. Þá er rætt um þagnarskyldu og persónuvernd, og einkum um trúnaðarskyldu fagmanns við skjólstæðing, vernd þátttakenda í rannsóknum og persónuvernd á vinnustöðum. Í lokin er sjónum beint að einstökum starfsstéttum s.s. starfi lögmanna, kennara, stjórnmálamanna og vísindamanna. Sérstök áherslu er lögð á umræður um raunhæf siðfræðileg úrlausnarefni og er því mikið lagt uppúr umræðum í tímum.
Námsmat samanstendur af framsögu, verkefni og lokaritgerð.

**HSP101G • Vísindaheimspeki • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Erlendur Jónsson Prófessor
Helstu hugtök vísindaheimspeki nútímans verða kynnt, og hugað að ýmsum kenningum um eðli þeirra og þróun.

**HSP102G • Gagnrýnin hugsun • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum helstu hugtök og aðferðir gagnrýnnar hugsunar og þjálfa þá í gagnrýnni hugsun og rökræðu, bæði í heimspeki og í daglegu lífi, t.d. fjölmiðlum. Efni: Greining röksemdafærslna og rökskipurit. Helstu rökvillur og rökbrellur, hvernig má greina þær og forðast. Hagnýt verkefni.
Verkefni og lokapróf.

**HSP103G • Inngangur að heimspeki • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Fjallað verður um spurninguna: Hvað er heimspeki? og um tengsl heimspeki við vísindi, listir, trúarbrögð og stjórnmál. Lesnir verða textar eftir klassíska heimspekinga og samtímaheimspekinga í því augnamiði að skoða ólíkar aðferðir og vandamál heimspekinnar.
Lokapróf og skrifleg verkefni.

**HSP104G • Fornaldarheimspeki • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Svavar Hrafn Svavarsson Dósent
Aðstoðarkennari: Eiríkur Smári Sigurðarson
**Almennt**
Veitt verður yfirlit yfir heimspeki fornaldar, byggt á nákvæmum lestri frumtexta. Fjallað verður um frumherja grískrar heimspeki fram yfir daga Sókratesar, heimspeki Platons og Aristótelesar, sem og arftaka þeirra. Einkum er horft til frumspeki og þekkingarfræði fornaldar (sem felur í sér rökfræði og vísindaheimspeki), en síður til siðfræði og stjórnspeki.
Námskeiðið er 5 eininga inngangsnámskeið í I. hluta heimspekináms og er einkum ætlað nemendum sem hyggjast taka heimspeki til B.A.-prófs. Fyrir heimspekinema er námskeiðið skyldunámskeið hvort sem heimspeki er tekin sem auka- eða aðalgrein. Ætlast er til að það sé tekið á fyrsta námsári í heimspeki. Námskeiðið getur hins vegar verið valnámskeið fyrir nemendur í öðrum greinum. Námskeiðið er með heimasíðu í Uglu - Vefkerfi Háskóla Íslands.
**Markmið**
Meginmarkmið námskeiðsins er að

- veita yfirsýn yfir og skilning á þróun fornaldarheimspeki frá frumherjunum til Platons og Aristótelesar sem og inngang að helleniskri heimspeki (stóuspeki, epikúrisma, efahyggju), einkum m.t.t. frumspeki og þekkingarfræði
- kynna nemendum samhengi heimspekisögu og heimspekilegrar rökræðu

- þjálfa nemendur í að lesa og greina heimspekirit liðins tíma

**Námskröfur**
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að

- þekkja helstu tímabil og höfunda fornaldarheimspeki
- þekkja helstu strauma og stefnur fornaldarheimspeki
- þekkja helstu hugmyndir og rök einstakra fornaldarheimspekinga
- skilja mikilvægi heimspekisögu fyrir heimspekilega rökræðu

50% próf á miðju misseri, 50% próf í lok námskeiðs.

**HSP105G • Heimspekileg forspjallsvísindi • (5e) • Haust • 2f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Skúlason Prófessor
Kennari: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
**Markmið**
Meginmarkmiðið með heimspekilegum forspjallsvísindum er að vekja nemendur til gagnrýninnar umhugsunar um forsendur vísinda og fræða almennt og um það tiltekna fræðasvið sem þeir leggja stund á.
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur

- að hafa gert sér grein fyrir gildi gagnrýninnar hugsunar
- að þekkja muninn á vísindalegri aðferð og hversdagslegri skoðanamyndun
- að geta gert greinarmun á túlkun og skýringu á fræðasviði hugvísinda
- að hafa velt fyrir sér sérstöðu hugvísinda gagnvart öðrum vísindagreinum
- að hafa velt fyrir sér álitamálum í siðfræði vísinda, þar á meðal spurningum um gildi sannleikans, hlutleysi vísinda og tengsl vísinda og samfélags

**Viðfangsefni**
Fjallað er um hugvísindin og stöðu þeirra gagnvart öðrum vísindum og í samfélaginu; um gagnrýna hugsun og skoðanamyndun; um vísindalega aðferð og þar með um túlkun og skýringar í hugvísindum; og um ýmis álitamál í siðfræði vísinda, svo sem sannleikshugtakið og spurninguna um hlutleysi vísinda. Lesnir eru sígildir textar og samtímaefni sem lúta að þessum viðfangsefnum.
**Kennsluhættir**
Kennslan fer að jafnaði fram í fyrirlestrum og umræðum. Vefkerfið Ugla býr yfir ýmsum möguleikum sem notaðir verða til stuðnings kennslunni. Í fyrirlestrum verður leitast við að setja fram viðfangsefnið, skýra helstu þætti og varpa fram spurningum. Fyrirlestrar eða glærur með punktum úr fyrirlestrum verða settir á heimasvæði námskeiðsins í Uglunni. Til þess að hafa gagn af námskeiðinu þurfa nemendur að kynna sér meginlesefni fyrir hverja kennslustund, og helst að lesa a.m.k. eina grein úr hliðsjónarefni hvers meginlesefnis.
**Námsmat**
Skriflegt próf (100%) sem verður blanda af krossaspurningum úr lesefni og völdum ritgerðarspurningum úr umræðuefnum námskeiðsins.
Skriflegt próf (100%) sem verður blanda af krossaspurningum úr lesefni og völdum ritgerðarspurningum úr umræðuefnum námskeiðsins.

**HSP201G • Inngangur að rökfræði • (10e) • Vor • 4f + 4æ**
Kennari: Erlendur Jónsson Prófessor
Nemendum verða kynnt frumatriði nútímarökfræði. Helsta efni: Ýmis frumhugtök rökfræðinnar, rökform og gildi , rökeigindir og röktengsl, táknmál setningarökfræði, sanntöflur og sanntöfluaðferðir. Táknmál umsagnarökfræði og samsemdarrökfræði, lýsingakenningin. Sannanaaðferðir í setningarökfræði og umsagnarökfræði, samsemdarrökfræði, eiginleikar vensla.
40% skriflegt hlutapróf í æfingaviku, 40% skriflegt lokarpóf og 20% heimaverkefni

**HSP202G • Inngangur að siðfræði • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarmaður: Vilhjálmur Árnason
Veitt verður yfirlit yfir þrjár af höfuðkenningum siðfræðinnar, reist á lestri frumtexta: kenningu Aristótelesar í *Siðfræði* hans, Johns Stuarts Mill í *Nytjastefnunni* og Immanuels Kant í *Frumspeki siðlegrar breytni*.
Námskeiðið er 5 eininga inngangsnámskeið í II. hluta heimspekináms og er einkum ætlað nemendum sem hyggjast taka heimspeki til B.A.-prófs. Fyrir 90e og 60e heimspekinema, sem og nemendur í starfstengdri siðfræði, er námskeiðið skyldunámskeið en valnámskeið fyrir 30e heimspekinema. Ætlast er til að það sé tekið á öðru misseri fyrsta námsárs í heimspeki. Námskeiðið getur verið valnámskeið fyrir nemendur í ýmsum öðrum greinum.
Meginmarkmið námskeiðsins er að

- veita yfirsýn yfir og skilning á þremur helstu kenningum siðfræðinnar, grunnatriðum þeirra, samhengi og mikilvægi
- þjálfa nemendur í að lesa og greina og færa rök innan siðfræðinnar

Útkomur

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að

- þekkja helstu viðfangsefni og hugtök siðfræðinnar

- þekkja helstu kenningar siðfræðinnar
- geta greint og fært rök innan siðfræðinnar

50% skriflegt próf í miðju misseris, 50% skriflegt próf í lok misseris.

**HSP203G • Nýaldarheimspeki • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
**Viðfangsefni**

Námskeiðinu er ætlað að veita almennt yfirlit yfir strauma og stefnur í vestrænni heimspeki á 17. og 18. öld, kynna sérstaklega tiltekin viðfangsefni, kenningar og rökfærslur í þekkingarfræði og frumspeki þessa tímabils með nákvæmum lestri og samanburði valinna verka, einkum eftir Descartes, Hume og Kant, svo og að þjálfa nemendur í lestri, greiningu og túlkun heimspekirita.
**Kennsla**
Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum. Í fyrirlestrum verður leitast við að gefa heildaryfirsýn yfir viðfangsefnið, setja verkin í samhengi og greina mikilvægustu kafla ritanna. Í umræðutímum verður rætt nánar um tiltekin efnisatriði, bókarkafla, rökfærslur eða spurningar sem vakna við lesturinn.
**Markmið**
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að geta sýnt fram á að þeir

- þekki helstu strauma og stefnur í vestrænni heimspeki á 17. og 18. öld,
- skilji tiltekin viðfangsefni, kenningar og rökfærslur í þekkingarfræði og frumspeki þessa tímabils, einkum í völdum verkum Descartes, Hume og Kant,
- hafi öðlast þjálfun í lestri, greiningu og túlkun heimspekirita.

50% hlutapróf á miðju misseri og 50% hlutapróf í lok misseris.

**HSP205G • Inngangur að frumspeki • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Fjallað er um nokkur af helstu viðfangsefnum nútímafrumspeki. Meðal þeirra má telja persónusamsemd, frjálsan vilja, hluthyggju, hughyggju og nafnhyggju, hugsanlega heima og varanleika í tíma. Einnig er fjallað frumspeki félagslegra fyrirbæra og eru þá skoðuð atriði á borð við einstaklingshyggju, safnhyggju og tengsl einstaklingsins við samfélagið, tengsl tungumáls og hugsunar við samfélag og félagslega smíðahyggju.
Verkefni og lokapróf.

**HSP302G • Ritgerð til BA-prófs í heimspeki • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
BA-ritgerð í heimspeki er einkum ætlað að þjálfa nemendur í að rannsaka valið heimspekilegt viðfangsefni eða verk heimspekings og að setja niðurstöður sínar fram í rituðu máli með fræðilega viðurkenndum hætti. Nemandi skrifar ritgerðina í samráði við einn leiðbeinanda úr hópi fastra kennara í heimspeki. Nemendur sækja um leiðbeinanda á sérstöku rafrænu eyðublaði. Sjá nánari upplýsingar um BA-ritgerðir í heimspeki á vef Sagnfræði- og heimspekideildar.

**HSP304G • Inngangur að þekkingarfræði • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Erlendur Jónsson Prófessor
Fjallað er um þekkingu og réttlætingu hennar, tilraunir til að skilgreina þekkingarhugtakið, uppsprettur þekkingar, undirstöðuhyggju og samhengishyggju, sannleikskenningar, efahyggju, innhyggju og úthyggju. Umfjöllunin byggir á allítarlegri umræðu um samræðuna Þeaítetos eftir Platon, völdum lesköflum úr Ritgerð um mannlegan skilning eftir Locke, og kennslubók í þekkingarfræði nútímans.
30% ritgerð á miðju misseri, 20% framsaga, 50% próf í lok námskeiðs.

**HSP305G • Heimspeki 20. aldar • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Mikael Marlies Karlsson Prófessor
Kennari: Páll Skúlason Prófessor
Námskeiðið er tvíþætt. Annars vegar er fjallað um mál, vísun og merkingu út frá kenningum rökgreiningarheimspekinganna Freges, Russells, Wittgensteins og Quines. Hins vegar er fjallað um vitund, reynslu og sjálfsveru út frá kenningum meginlandsheimspekinganna Husserls, Heideggers, Merleau-Pontys, Deleuze og Derrida. Varpað er ljósi á hliðstæður og andstæður milli þáttanna tveggja. Megináhersla er lögð á lestur frumtexta.

Markmið:

Að loknu námskeiðinu er ætlast til að nemendur

- hafi þekkingu á nokkrum meginstefjum í rökgreiningarheimspeki og meginlandsheimspeki 20. aldar.

- séu færir um að greina hliðstæður og andstæður milli aðferða og kenninga í rökgreiningarheimspeki og meginlandsheimspeki 20. aldar.
skriflegt hlutapróf í miðju misseris 50%, heimapróf í lok misseris 50%

**HSP306G • Inngangur að stjórnmálaheimspeki • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Vilhjálmur Árnason
Viðfangsefni: Í fyrri hluta námskeiðsins eru fjallað um helstu kenningar úr sögu stjórnmálaheimspekinnar, svo sem stef úr verkum Aristótelesar, Hobbes, Lockes, Rousseaus, Hegels og Marx. Í seinni hluta námskeiðsins eru kynntar fáeinar meginhugmyndir í stjórnspeki samtímans. Sérstök áhersla er lögð á réttlætiskenningu Rawls og gagnrýni á hana.
Meginmarkmið námskeiðsins er að:
- veita yfirsýn yfir og skilning á helstu kenningum stjórnmálaheimspekinnar, grunnatriðum þeirra, sögulegu samhengi og samtíma mikilvægi
- þjálfa nemendur í að lesa og greina rök innan stjórnmálaheimspekinnar
- kynna nemendum aðferðir heimspekilegrar rökræðu um stjórnspekileg efni
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að þekkja:
- helstu viðfangsefni stjórnmálaheimspekinnar
- helstu kenningar stjórnmálaheimspekinnar
- helstu hugtök stjórnmálaheimspekinnar
að skilja:
- mikilvægi tiltekinna vandamála og ástæður þeirra

- tengsl á milli ólíkra stjórnspekikenninga
- mikilvægi sígildra viðfangsefni og uppruna þeirra

að geta:
- gert grein fyrir skoðunum þeirra heimspekinga sem lesnir eru
- stutt greinargerðina tilvísunum í frumtexta
- borið saman ólíkar hugmyndir heimspekinganna

Kennsluhættir:
Kennslan fer að jafnaði fram í fyrirlestrum og umræðum. Í fyrirlestrum verður leitast við að setja fram viðfangsefnið, skýra helstu þætti og varpa fram spurningum. Í seinni hluta námskeiðsins verður nemendum verður skipt í hópa sem flytja framsögur. Vefkerfið Ugla er notað til stuðnings kennslunni. Glærur með punktum úr fyrirlestrum verða settir á heimasvæði námskeiðsins í Uglunni. Til þess að hafa gagn af námskeiðinu þurfa nemendur að kynna sér meginlesefni fyrir hverja kennslustund.
Skriflegt próf, ritgerð, munnlegt próf og framsaga

**HSP308G • Verkefni í heimspeki • (5e) • Haust**
Verkefni (og hugsanlega fáeinar kennslustundir) sem bætast við vinnu þeirra 2,5e námskeiða í III. og V. hluta heimspekináms sem merkt eru með *'.

**HSP309G • Verkefni í heimspeki • (5e) • Haust**
Verkefni (og hugsanlega fáeinar kennslustundir) sem bætast við vinnu þeirra 2,5 e námskeiða í III. og V. hluta heimspekináms sem merkt eru með *'.

**HSP401G • Hugmyndasaga 19. og 20. aldar • (10e) • Vor • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Sigríður Þorgeirsdóttir Dósent
Fjallað verður um andóf nokkurra fremstu hugsuða á þessu tímabili gegn hefðbundnum hugmyndum um frelsið, mannlegt eðli, samfélag, siðferði, vísindi og trú.
Að loknu námskeiðinu er ætlast til að nemendur
- hafi þekkingu á helstu hugsuðum og hugmyndastraumum á Vesturlöndum á 19. og 20. öld og átökum þeirra
- geti greint áhrif umræddra hugsuða og strauma í heimsmynd samtímans
- hafi kynnt sér tiltekinn hugsuð eða hugmyndastraum sérstaklega og gert grein fyrir honum í framsöguerindi

Lokapróf Ritgerð Framsaga

**HSP402G • Trúarheimspeki • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Sigríður Þorgeirsdóttir Dósent
Í námskeiðinu verður gefið yfirlit yfir nokkrar helstu kenningar vestrænnar heimspeki um trú, en þær taka einkum mið af hinni gyðing-kristilegu hefð. Fjallað verður um tilraunir heimspekinga til að sanna tilvist guðs, kenningar um guðleysi, og viðleitni til að fjalla um guð, guðstrú og þróa trúarlega siðfræði eftir "dauða guðs".
Að loknu námskeiði er ætlast til að nemendur
- kunni skil á helstu sönnunum fyrir tilvist guðs og gagnrýni á þær
- hafi þekkingu á nokkrum helstu trúargagnrýnendum nútímans
- geti gert grein fyrir viðleitni nokkurra helstu trúarheimspekinga samtímans og fáeinna forvera þeirra á 19. öld til að fjalla um trú "eftir dauða guðs"

Próf í æfingaviku úr efni fyrra helmings námskeiðs (50%) og próf í lok misseris úr námsefni síðari helmings námskeiðs (50%).

**HSP403G • Ritgerð til BA-prófs í heimspeki • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
BA-ritgerð í heimspeki er einkum ætlað að þjálfa nemendur í að rannsaka valið heimspekilegt viðfangsefni eða verk heimspekings og að setja niðurstöður sínar fram í rituðu máli með fræðilega viðurkenndum hætti. Nemandi skrifar ritgerðina í samráði við einn leiðbeinanda úr hópi fastra kennara í heimspeki. Nemendur sækja um leiðbeinanda á sérstöku rafrænu eyðublaði. Sjá nánari upplýsingar um BA-ritgerðir í heimspeki á vef Sagnfræði- og heimspekideildar.

**HSP404G • Ritgerð til BA-prófs í heimspeki • (10e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
BA-ritgerð í heimspeki er einkum ætlað að þjálfa nemendur í að rannsaka valið heimspekilegt viðfangsefni eða verk heimspekings og að setja niðurstöður sínar fram í rituðu máli með fræðilega viðurkenndum hætti. Nemandi skrifar ritgerðina í samráði við einn leiðbeinanda úr hópi fastra kennara í heimspeki. Nemendur sækja um leiðbeinanda á sérstöku rafrænu eyðublaði. Sjá nánari upplýsingar um BA-ritgerðir í heimspeki á vef Sagnfræði- og heimspekideildar.

**HSP406G • Verkefni í heimspeki • (5e) • Vor**
Verkefni (og hugsanlega fáeinar kennslustundir) sem bætast við vinnu þeirra 2,5e námskeiða í III. og V. hluta heimspekináms sem merkt eru með *'.

**HSP408G • Verkefni í heimspeki • (5e) • Vor**
Verkefni (og hugsanlega fáeinar kennslustundir) sem bætast við vinnu þeirra 2,5 e námskeiða í III. og V. hluta heimspekináms sem merkt eru með *'.

**HSP411G • Málspeki • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Erlendur Jónsson Prófessor
Fjallað verður um valin efni innan málspeki, svo sem eiginnöfn, ákveðnar lýsingar, ábendingarorð, afturvísun, greinarmun setningafræði og merkingarfræði, greinarmun merkingarfræði og málnotkunarfræði, vísbendi, talathafnir, merkingu og íbyggni, merkingu og sannleika, þýðingabrigði og reglufylgni.

**HSP415M • Málstofa E: Einkalíf og opinber vettvangur • (5e) • Vor • 2f**
Aðstoðarkennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Greinarmunurinn milli einkalífs og opinbers lífs leikur lykilhlutverk í stjórnspekikenningum samtímans, enda eru m.a. mörk ríkisvalds og lagasetningar skilgreind í ljósi hans. Í málstofunni verður fjallað um þennan greinarmun eins og hann birtist í ólíkum kenningum, svo sem í frjálslyndri stjórnspeki, kenningu Hönnuh Arendt og gagnrýni femínista. Rætt verður um vandann út frá skyldum og ábyrgð fagmanna, samfélagslegri ábyrgð í viðskiptum og umburðarlyndi svo dæmi séu nefnd.

**HSP416M • Málstofa F: Hegel • (5e) • Vor • 2f**
Aðstoðarkennari: Björn Þorsteinsson Verkefnisstjóri
Í málstofunni verða vel valdir lykiltextar úr höfundarverki Hegels lesnir í þaula og skýrðir. Sérstaklega verður beint sjónum að köflum úr Fyrirbærafræði andans, Rökfræði og Alfræði Hegels. Áhersla verður lögð á tengsl Hegels við stefnur og strauma síðari tíma, einkum fyrirbærafræði og póststrúktúralisma. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna skynjun og þekkingu, veru og neind og einstakling og tegund.

**HSP417M • Verkefni í Málstofu E: Einkalíf og opinber vettvangur • (5e) • Vor**
Aðstoðarkennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Verkefni í tengslum við Málstofu E

**HSP418M • Verkefni í Málstofu F: Hegel • (5e) • Vor**
Aðstoðarkennari: Björn Þorsteinsson Verkefnisstjóri
Verkefni tengt Málstofu F

**HSP505M • Málstofa A: Heimspeki og kvikmyndir • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Málstofa A: Á fyrri hluta málstofunnar verður hugað að verufræðilegum spurningum um bíómyndir ( Hvað er bíómynd?, Hver er heimur bíómynda?) og einnig að því hvort byggja megi fagurfræðilega mælikvarða um bíómyndir á séreðli þeirra. Í síðari hlutanum verður rætt um heimspekilegar spurningar sem vakna í bíómyndum (svo sem um efa og efahyggju, tíma og endurtekningu, sýnd og reynd, og eðli hjónabandsins). Í því samhengi verður bíómyndir skoðaðar sem heimspeki.

**HSP506M • Verkefni í Málstofu A: Heimspeki og kvikmyndir • (5e) • Haust**
Kennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Verkefni tengt Málstofu A

**HSP507M • Málstofa B: Siðferðishvatir • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Mikael Marlies Karlsson Prófessor
Fjallað verður um þær hvatir sem liggja siðferðinu að baki, en um eðli þeirra hefur verið lengi deilt enda grundvallarspurning í siðfræði. Í þessari málstofu verður vandlega rýnt í þrjár sígildar kenningar um þetta efni: kenningar þeirra Aristótelesar, Davids Hume og Immanuels Kant. Lesnir verða valdir kaflar úr ritum þeirra og úr nútímaritum sem fjalla um efni þeirra. Þessi málstofa er kennd á ensku.

**HSP508M • Verkefni í Málstofu B: Siðferðishvatir • (5e) • Haust**
Kennari: Mikael Marlies Karlsson Prófessor
Verkefni tengt Málstofu B

**HSP701M • Málstofa gistikennara: • (5e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Gistikennaranámskeið
Á hverju misseri fær heimspekiskor gistikennara frá erlendum samstarfsskólum til að halda málstofu um efni á sérsviði sínu. Málstofurnar eru kenndar í samþjöppuðu formi, oftast á 4 vikum, þrjá daga vikunnar. Málstofurnar eru einkum ætlaðar framhaldsnemum en nemendum á 3. ári í heimspeki er einnig heimilt að sækja þær. Viðfangsefni og tími hverrar málstofu verða auglýst sérstaklega. Markmið Að loknu námskeiðinu á nemandinn að
a) hafa öðlast þekkingu á mikilvægu viðfangsefni sem er til umræðu innan heimspekinnar á alþjóðavettvangi.
b) hafa öðlast aukinn og dýpri skilning á viðfangsefninu og víðtækari yfirsýn en á fyrra námsstigi
c) hafa öðlast reynslu af því að taka þátt í rökræðum um heimspekileg álitamál og kunna að sýna viðhorfum annarra skilning og virðingu.
d) hafa öðlast reynslu af því að greina frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í áheyrn kennara og samnemenda.
Viðfangsefni: Í málstofunni eru tekin til umfjöllunar valin viðfangsefni í heimspeki sem eru til umræðu á alþjóðavettvangi og lesnir og ræddir frumtextar og skýringartextar.
Kennsluhættir: Málstofan er hugsuð sem akademískt samfélag þar sem nemendur taka virkan þátt í markvissri umræðu um viðfangsefnið. Hver nemandi flytur framsöguerindi samkvæmt áætlun sem gerð er í upphafi misseris og jafnframt kynna aðrir nemendur sér efnið og ræða það í málstofunni undir handleiðslu kennara.
Stutt skriflegt próf og þátttaka ásamt framsöguerindi í málstofunni.

**HSP702M • Málstofa gistikennara:  • (5e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Gistikennaranámskeið
Á hverju misseri fær heimspekiskor gistikennara frá erlendum samstarfsskólum til að halda málstofu um efni á sérsviði sínu. Málstofurnar eru kenndar í samþjöppuðu formi, oftast á 4 vikum, þrjá daga vikunnar. Málstofurnar eru einkum ætlaðar framhaldsnemum en nemendum á 3. ári í heimspeki er einnig heimilt að sækja þær. Viðfangsefni og tími hverrar málstofu verða auglýst sérstaklega. Markmið Að loknu námskeiðinu á nemandinn að
a) hafa öðlast þekkingu á mikilvægu viðfangsefni sem er til umræðu innan heimspekinnar á alþjóðavettvangi.
b) hafa öðlast aukinn og dýpri skilning á viðfangsefninu og víðtækari yfirsýn en á fyrra námsstigi
c) hafa öðlast reynslu af því að taka þátt í rökræðum um heimspekileg álitamál og kunna að sýna viðhorfum annarra skilning og virðingu.
d) hafa öðlast reynslu af því að greina frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í áheyrn kennara og samnemenda.
Viðfangsefni: Í málstofunni eru tekin til umfjöllunar valin viðfangsefni í heimspeki sem eru til umræðu á alþjóðavettvangi og lesnir og ræddir frumtextar og skýringartextar.
Kennsluhættir: Málstofan er hugsuð sem akademískt samfélag þar sem nemendur taka virkan þátt í markvissri umræðu um viðfangsefnið. Hver nemandi flytur framsöguerindi samkvæmt áætlun sem gerð er í upphafi misseris og jafnframt kynna aðrir nemendur sér efnið og ræða það í málstofunni undir handleiðslu kennara.
Stutt skriflegt próf, þátttaka og framsaga á málstofu.

**HSP704M • Heilbrigðis- og lífsiðfræði  • (10e) • Haust • 3f**
Kennari: Vilhjálmur Árnason
Fjallað verður um nokkur helstu álitamál á sviði lífsiðfræði á síðustu árum, einkum í tengslum við þróun á sviði erfðavísinda, og erfðarannsókna og hugsanleg áhrif þeirra á heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstefnu.

**HSP705M • Siðfræði náttúrunnar • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Sigríður Þorgeirsdóttir Dósent
Kennari: Páll Skúlason Prófessor
Námskeiðið fjallar um samband manns og náttúru frá heimspekilegu sjónarhorni. Fjallað er um helstu frumkvöðla náttúrusiðfræðinnar og áhrifamestu kenningar sem settar hafa verið fram. Gerð grein fyrir ólíkri náttúrusýn manna og mismunandi grunnafstöðum til náttúrunnar - þ.e. mannhverfri, visthverfri og lífhverfri afstöðu. Einnig fjallað um tengsl umhverfis- og þróunarmála og tengsl umhverfishyggju og lýðræðisþróunar. Rætt um álitaefni eins og: Getur siðfræðin nýst við lausn umhverfisvandamála?, Hvers konar verur hafa siðferðisstöðu?, Geta náttúrleg fyrirbæri búið yfir eigingildi?, Hafa dýr einhver réttindi?, Er einhver grundvallarmunur á (af)stöðu karla og kvenna gagnvart náttúrunni?, og Hvert er siðferðilegt inntak sjálfbærrar þróunar?

**HSP706M • Viðskiptasiðfræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Í námskeiðinu er veitt víðtækt yfirlit yfir helstu siðferðilegu álitaefni er snerta fyrirtæki og samskipti þeirra við stjórnvöld og samfélagið í heild. Á námskeiðinu verður annars vegar leitast við að kynna fyrir nemendum siðferðileg hugtök og fræðileg greiningartæki. Hins vegar verður lögð sérstök áhersla á úrlausn hagnýtra siðferðilegra álitamála sem koma upp í starfsemi fyrirtækja. Námskeiðið er meðal annars byggt á gestafyrirlesurum úr atvinnu- og þjóðlífi og nemendur munu vinna að úrlausn hagnýtra verkefna.

**HSP801M • Málstofa gistikennara: Marx þá og nú • (5e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Málstofa gistikennara

**HSP803M • Hagnýtt siðfræði • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Kennari: Vilhjálmur Árnason
Á námskeiðinu verður fjallað um tengsl fræðilegrar og hagnýttrar siðfræði. Athyglinni er beint að rökræðu um áleitin siðferðileg úrlausnarefni í nútímaþjóðfélagi og hvernig siðfræðin getur tekist á við þau. Umræðuefni námskeiðsins eru meðal annars tjáningarfrelsi, líknardráp, fóstureyðingar, réttindi dýra, skyldur við fátæk ríki og siðfræði stríðs og refsinga. Námskeiðið byggir á fyrirlestrum en hvatt er til umræðu um efnin eins og kostur er.
Tvær ritgerðir gilda samanlagt 55% og lokapróf gildir 45%.

**MIÐ202G • Inngangur að miðaldafræðum • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Umsjónarkennari: Helgi Þorláksson Prófessor
Fjallað verður um afmörkun og svið miðaldafræða, aðferðafræði og textafræði í miðaldarannsóknum, heimsmynd miðalda og hugarfar, lærdómsheim, trúar- og heimspekistefnur, andlegt og veraldlegt vald o.fl. Lesin sýnishorn eftir
ýmsa höfunda.

**SAG101G • Sagnfræðileg vinnubrögð • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Halldór Bjarnason Aðjunkt
Kennari: Ragnheiður Kristjánsdóttir Aðjunkt
Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).
Námsmat byggist á sex verkefnum sem er skilað yfir misserið auk skriflegs lokaprófs.

**SAG102G • Íslandssaga fyrir 1815 • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Helgi Þorláksson Prófessor
Kennari: Halldór Bjarnason Aðjunkt
Kennari: Anna Agnarsdóttir Prófessor
Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

**SAG103G • Heimssaga fyrir 1815 • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Sveinbjörn Rafnsson Prófessor
Kennari: Halldór Bjarnason Aðjunkt
Prófþættir eru þrír: a) Heimssaga til 1500, b) Heimssaga 1500-1815 og c) Stutt ritgerð um afmarkað efni á öðru hvoru tímabilinu, a) eða b). a) Heimssaga til 1500 Yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma. Stutt yfirlit yfir siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Sérstaklega verður fjallað um gríska sagnritun, upphaf keisaraveldis í Róm, og úr evrópskri miðaldasögu um landbúnað og lénsskipulag, deilur kirkju- og veraldarvalds og menntalíf og menningu. b) Heimssaga 1500-1815 Yfirlit yfir heimssöguna á nýöld. Landafundir og nýlendustefna stórvelda í Ameríku og Asíu. Siðaskiptin og trúardeilur. Islam. Vísindabyltingin og Upplýsingin. Fólksfjöldaþróun, fjölskyldan og stéttir. Stjórnarfar frá einveldi til byltinga lýðræðisins. Stórveldaþróun Evrópu og umheimsins. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. c) Stutt ritgerð Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófþátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

**SAG109G • Hugtök og miðlun sögu • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Guðmundur Jónsson Prófessor
Kennari: Valur Ingimundarson Prófessor
Kennari: Helgi Þorláksson Prófessor
Kennari: Ragnheiður Kristjánsdóttir Aðjunkt
Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálfa þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.
Nauðsynleg undirstaða: Sagnfræðileg vinnubrögð (SAG101G), Sagnaritun og söguspeki (SAG405G)

**SAG201G • Íslandssaga eftir 1815 • (10e) • Vor • 3f**
Kennari: Ragnheiður Kristjánsdóttir Aðjunkt
Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmálabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðaþróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.
Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

**SAG202G • Heimssaga eftir 1815 • (10e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Valur Ingimundarson Prófessor
Kennari: Ingi Sigurðsson Prófessor
Þetta inngangsnámskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verða eftirtalin svið tekin til meðferðar með tilliti til tímabilsins 1815-1939: stéttir og þjóðfélagshópar í Evrópu, vísindi og tækni og þættir úr sögu stjórnmálahugmynda. Fjallað verður um tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta með tilliti til tímabilsins 1815-1918. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelda eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

**SAG209G • Heimildaleit í skjalasöfnum • (5e) • Vor • 2f**
Kennari: Kristjana Kristinsdóttir Lektor
Hvernig finna má heimildir á skjalasöfnum. Litið verður á heimildaforða Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna, aðgengi að honum, möguleika og takmarkanir. Skrár yfir söfn verða skoðaðar auk aðfangabóka. Verkefni að eigin vali. Hentugt nemendum sem undirbúningur BA- eða MA-ritgerða og til annarra fræðiverka auk blaðamennsku.

**SAG210G • Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni • (5e) • Vor**
Kennari: Kristjana Kristinsdóttir Lektor
Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér:
Viðtöl við lykilstarfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum Þ.e.:
Skráning skjalasafna.
Rafræn skjalavarsla.

Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með skjalavörslu.
Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
Lestrarsalur, viðvera.
Viðgerðarstofa.
Óbyggðaverkefni.
Fyrirspurnafundir.
Útgáfumál/miðlun.
Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.
Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar.
Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugsviðið/málefnið.

**SAG301G • Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði • (10e) • Haust**
Kennari: Guðmundur Jónsson Prófessor
Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði. Nemendum er skylt að sækja tíma í námsþættinum Hagnýtar leiðbeiningar um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA-ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram í annarri viku og er alls fjórar kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust- og vormisseri.

**SAG302G • Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði • (20e) • Haust**
Kennari: Guðmundur Jónsson Prófessor
Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði. Nemendum er skylt að sækja tíma í námsþættinum Hagnýtar leiðbeiningar um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA-ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram í annarri viku og er alls fjórar kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust- og vormisseri.

**SAG303G • Frágangur, skráning og varðveisla skjalasafna • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Kristjana Kristinsdóttir Lektor
Farið verður yfir þá þætti sem huga þarf að við afhendingu skjalasafna á safn, skráningu skjalasafna jafnt opinberra sem einkaskjalasafna, frágang þeirra til geymslu, gerð geymsluskrár/leiðarvísis yfir safn, aðgengi að söfnum og afgreiðslur. Hentugt nemendum sem vilja kynna sér starfsemi inn á skjalavörslustofnun og/eða vilja taka að sér frágang og skráningu skjalasafna fyrir stofnanir eða aðra.

**SAG304G • Saga, vefur, net • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Már Jónsson Prófessor
Fjallað verður um þau tækifæri sem sagnfræðinemum og sagnfræðingum bjóðast til öflunar upplýsinga og heimilda á netinu, svo sem leitarvélar, bókasöfn, gagnagrunna, textabrunna og heimildaútgáfur. Jafnframt verða teknar fyrir fræðilegar vefslóðir um afmörkuð viðfangsefni úr fortíðinni. Rætt verður um forsendur vinnubragða, aðferðir við vinnslu og leiðir til að meta gæði góðra verkefna en gagnrýna ruslsíður og áróðursvefi. Nemendur tileinka sér undirstöðuatriði í HTML (Hypertext markup language) og vinna verkefni á eigin heimasíðu.

**SAG305G • Sumarið 1809 • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Anna Agnarsdóttir Prófessor
Rannsóknarnámskeið í heildarsögu (total history). Hvernig var að búa á Íslandi sumarið 1809, fyrir 200 árum? Leitast verður við að fá heildarsýn yfir lífskjör á Íslandi meðan að Napóleonsstyrjaldir geisuðu. Jafnframt verður saga Íslands þetta sumar sett í alþjóðlegt samhengi. Eftirfarandi verður skoðað: Stjórnarfar, atvinnulíf, fólksfjöldaþróun, stéttaskipting, menntun og menning, daglegt líf, o.s.frv. "Byltingin 1809" verður skoðuð frá mörgum sjónarhornum. Stuðst verður að mestu við frumheimildir og munu nemendur velja sér sérstakt rannsóknarefni m.a. til umræðu í tímum

**SAG401G • Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Guðmundur Jónsson Prófessor
Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði. Nemendum er skylt að sækja tíma í námsþættinum Hagnýtar leiðbeiningar um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA-ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram í annarri viku og er alls fjórar kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust- og vormisseri.

**SAG403G • Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði • (20e) • Vor**
Umsjónarmaður: Guðmundur Jónsson Prófessor
Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði. Nemendum er skylt að sækja tíma í námsþættinum Hagnýtar leiðbeiningar um ritun og frágang BA-ritgerðar. Námið er ætlað þeim sem hyggjast ljúka við BA-ritgerð (5 eða 10 einingar) á háskólaárinu. Kennsla fer fram í annarri viku og er alls fjórar kennslustundir. Ath. þessi námsþáttur er einungis í boði á haust- og vormisseri.

**SAG405G • Sagnaritun og söguspeki • (5e) • Haust • 3f**
Kennari: Guðmundur Jónsson Prófessor
Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.
Nauðsynleg undirstaða: Sagnfræðileg vinnubrögð (SAG101G)

**SAG406G • Lýðræði á 20. öld • (10e) • Vor**
Kennari: Ragnheiður Kristjánsdóttir Aðjunkt
Í námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræðilegar og sögulegar rætur fulltrúalýðræðis og þingræðis á Íslandi og þróun hvors tveggja á 20. öld. Skoðaðar verða hugmyndir um kosningarétt, þegnrétt og kvenréttindi og fjallað um áhrif lýðræðisþróunarinnar á Íslandi á flokkakerfið. Þá verður rætt um helstu þætti íslensku stjórnarskrárinnar, ágreining um túlkun hennar (t.a.m. hvað varðar forsetaembættið) og áætlanir um stjórnarskrárendurskoðun. Lögð verður áhersla á lestur frumheimilda og sagnfræðilega nálgun viðfangsefnisins, en jafnframt verður litið til rannsókna á sviði stjórnmálafræði, lögfræði og heimspeki.

**SAG407G • Velferð, trú og uppeldi á 18. og 19. öld. • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Halldór Bjarnason Aðjunkt
Markmiðið er að fjalla um þau lífsviðhorf og siðferðisgildi sem aldamótakynslóðin í upphafi 20. aldar fékk í arf. Farið verður yfir trúar- og uppeldisviðhorf á 18. og 19. öld, hugmyndir um einstaklingsfrelsi og -ábyrgð, menntun og mannamun. Helstu mótunaröflin verða skoðuð (heimili, skriftar- og lestrarkunnátta, handrit og prentað mál, skólar og félagastarfsemi) og hvernig þau tvinnuðust saman. Beitt verður kynjasjónarhorni og lesnar frumheimildir af ólíku tagi (t.d. um uppeldi og trú, fræðslu- og skólamál, þjóðfélagsmál, skáldskaparrit) auk rannsókna. Efnið verður sett í norrænt samhengi að nokkru leyti.

**SAG408G • Frakkland á 18. öld • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Anna Agnarsdóttir Prófessor
Hvernig var að vera uppi í Frakklandi á 18. öld? Námskeiðið fjallar um sögu Frakklands frá dauða Louis XIV (1715) fram til 1789. Stjórnarfar einveldisins, konungar og hirð, félagsleg uppbygging, utanríkisstefna, stríð og verslun, menning (aðallega heimspeki og bókmenntir), daglegt líf. Konur og börn. Aðdragandinn að frönsku stjórnarbyltingunni.

**SAG502G • Menntun kvenna og mótun kyngervis 1850-1920 • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Erla Hulda Halldórsdóttir Doktorsnemi
Í námskeiðinu verður fjallað um mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903, þá fyrst og fremst kyngervis kvenna þótt karlmennska og kyngervi karla komi einnig við sögu. Jafnframt verður rætt um helstu stefnur og strauma í rannsóknum á sviði kvenna- og kynjasögu.
Teknar verða fyrir og ræddar hugmyndir um samfélagslegt hlutverk kvenna við upphaf tímabilsins, hvernig þær breyttust og mótuðust í umræðu og átökum hugmyndafræði og veruleika, og hvernig þeim var hrint í framkvæmd. Sérstaklega verður fjallað um áhrif menntunar á mótun kyngervis, einkum þýðingu kvennaskólanna í því að brjóta upp ríkjandi hugmyndir
um samfélagslegt hlutverk en einnig hvernig menntun og hugmyndafræði skólanna styrkti hefðbundin kynhlutverk. Þannig er tekist á við tvær
meginspurningar: Annars vegar hvaða áhrif umræða um menntun kvenna og kvennaskólarnir sjálfir höfðu á hugmyndir um kyngervi og samfélagslegt hlutverk kvenna í samfélagi sem var að taka örum breytingum; hins vegar um það hvernig konur sjálfar brugðust við þessari umræðu og hvaða áhrif þær höfðu á hana.

**SAG503G • Uppruni Evrópu: Umbylting Evrópu á hámiðöldum • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Viðar Pálsson
Sagnfræðingar síðustu áratuga hafa í verulega auknum mæli tekið að líta á hámiðaldir (11.-13.öld) sem tíma gagngerra breytinga á evrópsku samfélagi í heild sinni, þannig að í raun sé hæpið í flestu tilliti að tala um miðaldir (500-1500) sem heildstætt tímabil, eins og áður þótti eðlilegt. Nú er jafnan litið á hámiðaldir sem undanfara Evrópu nútímans, þegar efnahagsleg, félagsleg, pólitísk og hugmyndasöguleg ásýnd álfunnar snerist í þann farveg sem leiddi til Evrópu síðari alda. Með þetta í huga verða eftirfarandi þemu tekin til umfjöllunar: 1) Efling Rómarkirkjunnar og andóf gegn henni; 2) Efling og upphaf villutrúarofsókna kirkjuvaldhafa og ríkisvaldhafa; 3) Umbreyting aristókratíu í aðal; 4) Vöxtur og viðgangur ríkisvalds samfara nýjum hugmyndum um vald, lög og réttlæti; 4) Að auki verður hugtakið miðaldir, og hugmyndafræði tímabilaskiptingar almennt, tekið til nánari skoðunar. Lesefni og forkröfur: Forþekking á atburðasögu hámiðalda er æskileg en ekki nauðsynleg; lesefni er nær allt á ensku, fáeinar frumheimildir en mest eftirheimildir.

**SAG603G • Íslam og kristni 600-1700 • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Már Jónsson Prófessor
Upphaf beggja trúarbragða og útbreiðsla. Fyrstu árekstrar á sjöundu og áttundu öld, með áherslu á Pýreneaskaga og botn Miðjarðarhafs. Krossferðir
á miðöldum og útþensla ottómana sem náðu Konstantínópel á sitt vald árið 1453. Brottrekstur síðustu múslimanna frá Spáni árin 1609-1614 og umsátur Tyrkja um Vínarborg árið 1683. Trúarlegar og hugmyndafræðilegar forsendur samskipta eins og þær birtast í ferðalögum og þýðingum, trúboði og
landvinningum, verslun og viðskiptum. Nemendur öðlast yfirsýn yfir viðfangsefnið og kynnast sérhæfðum rannsóknum á afmörkuðum sviðum.

**SAG604G • Erlend áhrif og íslensk menning 1600-1900 • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Halldór Bjarnason Aðjunkt
Að hvaða leyti er íslensk menning útlendrar ættar? Í námskeiðinu verður rætt um hugtök og skilgreiningar um þetta efni. Síðan verða skoðuð dæmi um erlendan uppruna ýmissa fyrirbæra á nokkrum sviðum íslenskrar sögu. Dæmi verða tekin af listum, skemmtunum og táknmyndum, skáldskap, menntun og lærdómsiðkunum. Jafnframt verður fjallað um þær leiðir sem útlendu áhrifin bárust eftir. Í lokin verður hugað að sjálfsmyndum Íslendinga gagnvart útlendum áhrifum. Jafnframt notkun rannsókna verður áhersla lögð á frumheimildalestur af ólíku tagi.

**SAG702M • Menningarsaga • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Ólafur Rastrick
Aðstoðarkennari: Davíð Ólafsson

Hvernig hafa sagnfræðingar skrifað um menningu og sögu hennar? Hvaða hugmyndir um menningarsögu eru í deiglunni og hvaða leiðir eru færar í samtímanum til að skrifa menningarsögu? Í námskeiðinu verður rýnt verk nokkurra þekkra og minna þekkra sagnfræðinga sem kenndir hafa verið við menningarsögu, spáð í aðferðir þeirra, nálgun og niðurstöður. Hluti námskeiðsins verður helgaðar ritsmiðju þar sem nemendur og kennarar vinna í sameiningu að greiningu afmarkaðra viðfangsefna þar sem viðhorfum og greiningartækjum menningarsögunnar er beitt. Markmiðið er að aðferðir og sjónarhorn séu í fyrirrúmi í þessari vinnu en nemendur fái tækifæri til að spreyta sig á að hagnýta þau við fræðilegar samræður og greiningu á sagnfræðilegum viðfangsefnum.
(1)Munnleg og/eða skrifleg greinargerð um tiltekið rit á sviði menningarsögu þar sem fjallað er um aðferðafræði þess og efnistök (30%); (2) Þekkingarpróf lagt fyrir um miðbik námskeiðs (20%); (3) Ritgerðarverkefni sem eru að hluta unnin í ritsmiðju námskeiðs þar sem nemendur beita tilteknu sjónarhorni eða kenningarramma á mjög afmarkað sögulegt menningarfyrirbrigði eða -afurð (50%).

**FOR009F • Doktorsnám í fornleifafræði • (30e) • Haust**
Doktorsnám í fornleifafræði

**FOR010F • Doktorsnám í fornleifafræði • (30e) • Vor**
Doktorsnám í fornleifafræði

**FOR011F • Doktorsnám í fornleifafræði • (30e) • Sumar**
Doktorsnám í fornleifafræði

**FOR101F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Haust**

**FOR102F • Viking Age Archaeology • (10e) • Haust • 3f**
Aðstoðarkennari: Rúnar Leifsson
Yfirlit um sögu víkingaaldar og sögu rannsókna á víkingaöld. Áhersla er lögð á fornleifaheimildir, byggingaleifar og gripi, og hvernig þær hafa verið notaðar til að varpa ljósi á þetta tímabil. Sérstök áhersla er lögð á lýsingu hagkerfa á víkingaöld, álitamál um þjóðerni og uppruna ríkisvalds.

**FOR103F • Einstaklingsverkefni B • (10e) • Haust**

**FOR104F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Haust**

**FOR106F • Rannsóknarmálstofa • (4e) • Haust**
Kennari: Gavin Murray Lucas Lektor
Rannsóknarmálstofan er ætluð doktorsnemum og MA nemum á öðru ári sem hafa hafið vinnu við rannsóknarverkefni sitt. Í málstofunni munu nemendur kynna rannsóknaráætlanir sínar, drög að ritgerðum og niðurstöður einstakra athugana, fá gagnrýni á og umræður um rannsóknarefni sín frá samnemendum og kennurum.

**FOR107F • The Settlement of the North Atlantic • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Steinunn J Kristjánsdóttir Lektor
síðar

**FOR108F • Historical landscapes • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarmaður: Steinunn J Kristjánsdóttir Lektor
síðar

**FOR201F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Vor**

**FOR203F • Einstaklingsverkefni B • (10e) • Vor**

**FOR205F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Vor**

**FOR210F • Málstofa í fornleifafræði I: Félagsmótun í kjölfar landnáms • (10e) • Vor • 2f**
Kennari: Orri Vésteinsson Dósent
Námskeiðið er um hvernig félagsleg tengsl verða til og mótast í kjölfar landnáms í nýju landi. Fjallað verður um kenningar um félagsleg tengsl innflytjenda, um flutning félagslegra stofnanna (fjölskyldna, heimila, ætta, félaga o.sfr.v.) milli landa og um áhrif upprunasamfélags/félaga á nýja samfélagið. Áhersla verður lögð á að skoða hið íslenska tilfelli í samanburði við önnur og í ljósi rannsókna á innflytjendum í samtímanum. Farið verður yfir þær heimildir og aðferðir sem fornleifafræðingar geta notað við rannsóknir á þessu efni, með áherslu á skipulag byggðar og mótun stofnana á borð við sóknir og hreppa.

**FOR211F • Málstofa í fornleifafræði II: • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Adolf Friðriksson
Aðstoðarkennari: Þóra Pétursdóttir
Síðnýlendustefna (e. postcolonialism) snýr að kenningum og umræðu um síbreytilega samblöndun menningarheima. Síðnýlendustefna fjallar ekki um samfundi tveggja eða fleiri menningarheima þar sem hver um sig hélt sérkennum sínum, líkt og nýlendustefnan (e. colonialism) gerði, heldur um nýsköpun við samblöndun þeirra. Samblöndunin getur átt sér stað félagslega, jafnt sem menningarlega eða pólitískt. Síðnýlendustefnan hafnar þess vegna klisjukenndri orðræðu nýlendustefnunnar um eðilslægni og stöðugleika menningar en leggur þess í stað áherslu á síðbreytileika hennar. Í námskeiðinu verður farið yfir áhrif síðnýlendustefnu á úrvinnslu og túlkanir sögulegra niðurstaðna, um leið tekin verða dæmi um notkun hennar við fornleifarannsóknir.

**FOR212F • Themes in Icelandic Archaeology • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Steinunn J Kristjánsdóttir Lektor
Á grundvelli almennrar kynningar á íslenskum fornleifaheimildum og fornleifafræðilegri umræðu á Íslandi verða tekin fyrir ný álitamál þar sem fornleifaheimildir og fornleifafræðileg aðferðafræði getur bætt við nýrri þekkingu og nýjum skilningi á fortíðinni.

**FOR301F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Haust**
Ritgerð til MA-prófs

**FOR401F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Vor**
Ritgerð til MA-prófs

**FOR402F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Sumar**
Ritgerð til MA-prófs

**HMM101F • Miðlunarleiðir • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Eggert Þór Bernharðsson Dósent
Aðstoðarkennari: Margrét Pálsdóttir
Aðstoðarkennari: Guðbrandur Benediktsson
Kynntar eru aðferðir við miðlun menningarefnis í hugvísindum og veitt yfirlit um mismunandi miðlunarleiðir. Fjallað er um mismunandi framsetningu menningarefnis og ólíkt inntak efnis eftir miðlunarleiðum og markhópum. Hugað er að því með völdum dæmum, sögulegum og samtímalegum, hvernig unnt er að vinna með kyrrmyndir, lifandi myndir, hljóð, texta, sviðsetningar, vettvangsferðir og munnlega frásögn til að koma menningarefni á framfæri. Fjallað er um samspil ólíkra miðla og mögulega samtvinnun efnis í margmiðlun.
Námsmat: Fimm 20% verkefni: tímaritsgrein fyrir almenning; flutningur erindis á nemendaráðstefnu; kynning efnis á veggspjaldi; greining á heimildamynd; greining á sögusýningu.
Námsmat: Fimm 20% verkefni: tímaritsgrein fyrir almenning; flutningur erindis á nemendaráðstefnu; kynning efnis á veggspjaldi; greining á heimildamynd; greining á sögusýningu.

**HMM103F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Haust**
Stúdent velur sér verkefni til úrlausnar sem veitir hagnýta þjálfun í miðlun menningarefnis á fræðasviði hans og annast umsjónarkennari námsbrautarinnar leiðsögn eða annar fastráðinn kennari í samráði við umsjónarkennara. Eftir því sem við verður komið er verkefnið unnið í samvinnu við stofnanir, félög eða fyrirtæki á viðkomandi sviðum.

**HMM105F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Haust**
Stúdent velur sér verkefni til úrlausnar sem veitir hagnýta þjálfun í miðlun menningarefnis á fræðasviði hans og annast umsjónarkennari námsbrautarinnar leiðsögn eða annar fastráðinn kennari í samráði við umsjónarkennara. Eftir því sem við verður komið er verkefnið unnið í samvinnu við stofnanir, félög eða fyrirtæki á viðkomandi sviðum.

**HMM106F • Miðlun og menning • (10e) • Haust • 3f**
Umsjónarkennari: Sigurður Gylfi Magnússon Stundakennari
Kennari: Valdimar Tryggvi Hafstein Lektor
Aðstoðarkennari: Benedikt Hjartarson
Fjallað er um menningarhugtakið og kenningar og skilgreiningar reifaðar. Rætt er sérstaklega um miðlunarmöguleika í hugvísindum og tengsl fræða og miðlunar. Áhersla er lögð á hugmyndir um minni, um sköpun og mótun sögulegra minninga og á ábyrgð og áherslur í opinberri miðlun þeirra. Sjónum er jafnframt beint að lagaramma, reglum og markaðsumhverfi menningar og takmörkunum og möguleikum "menningarframleiðslu" en einnig er rætt um "menningarlegt auðmagn". Auk þess er hugað að umfjöllun um menningarefni og ólíkri nálgun eftir miðlum. Viðfangsefnið verður bæði skoðað af samtímalegum og sögulegum sjónarhóli.
Heimapróf og verkefni

**HMM108F • Menningar- og verkefnastjórnun • (10e) • Haust • 3f**
Aðstoðarkennari: Ingibjörg Þórisdóttir Verkefnisstjóri
Aðstoðarkennari: Sif Gunnarsdóttir
Í námskeiðinu verður farið í helstu þætti verkefnastjórnunar og lögð áhersla á menningartengd verkefni. Námskeiðið verður tvíþætt, annars vegar fræðilegur hluti og hins vegar verklegur hluti þar sem nemendur fá tækifæri til að taka þátt í minniháttar menningarhátíðum.

Námsmat: skriflegt og verklegt verkefni.
Verkefni.

**HMM109F • Heimildakvikmyndir • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Emiliano Monaco
Farið verður yfir sögu heimildamyndagerðar og kenningar í greininni frá gagnrýnu samtímasjónarhorni. Myndir í fullri lengd sem og myndabrot verða sýnd, rædd og sett í samhengi við sögu og kenningar í heimildamyndagerð. Í námskeiðinu verður lögð megináhersla á einstaka vinnusmiðjur sem og 10-mín. kvikmyndaverk sem nemendur leysa af hendi. Gerðar eru kröfur til virkrar þátttöku nemenda í námskeiðinu.

**HMM111F • Miðlun menningararfs fyrir erlenda ferðamenn • (10e) • Haust • 4f**

Umsjónarkennari: Eggert Þór Bernharðsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að fjalla á fræðilegan hátt um áfangastaði ferðamanna, hvaða efni telst sem aðdráttarafl ferðamanna og ýmsa möguleika á sviði miðlunar menningararfs til þeirra. Þá verður leitast við að nálgast efnið á hagnýtan hátt og skoða hvar tækifæri liggja varðandi nýsköpun á sviði ferðamála hér á landi, ekki hvað síst í Reykjavík og nágrenni.
Jafnframt verður hugað því hvernig megi greina styrkleika og veikleika áfangastaða og efnis sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

**HMM201F • Menningarminjar, söfn og sýningar • (10e) • Vor • 3f**
Aðstoðarkennari: Gerður Eygló Róbertsdóttir
Aðstoðarkennari: Guðbrandur Benediktsson
Rætt er um ólíkar leiðir til að setja fram efni á sýningum. Skoðaðar eru ýmsar tegundir sýninga, rætt um ólíka hugmyndafræði á bak við þær og mismunandi vettvang þeirra. Jafnframt er hugað að helstu þáttum í starfsemi safna, leiðir þeirra til að miðla efni og aðferðafræðina sem byggt er á. Nemendur vinna sýningatengt verkefni.
Námskeiðið er haldið í samstarfi við Minjasafn Reykjavíkur.
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, hópvinnu og umræðum.

**HMM202F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Vor**
Stúdent velur sér verkefni til úrlausnar sem veitir hagnýta þjálfun í miðlun menningarefnis á fræðasviði hans og annast umsjónarkennari námsbrautarinnar leiðsögn eða annar fastráðinn kennari í samráði við umsjónarkennara. Eftir því sem við verður komið er verkefnið unnið í samvinnu við stofnanir, félög eða fyrirtæki á viðkomandi sviðum.

**HMM203F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Sumar**
Stúdent velur sér verkefni til úrlausnar sem veitir hagnýta þjálfun í miðlun menningarefnis á fræðasviði hans og annast umsjónarkennari námsbrautarinnar leiðsögn eða annar fastráðinn kennari í samráði við umsjónarkennara. Eftir því sem við verður komið er verkefnið unnið í samvinnu við stofnanir, félög eða fyrirtæki á viðkomandi sviðum.

**HMM206F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Vor**
Stúdent velur sér verkefni til úrlausnar sem veitir hagnýta þjálfun í miðlun menningarefnis á fræðasviði hans og annast umsjónarkennari námsbrautarinnar leiðsögn eða annar fastráðinn kennari í samráði við umsjónarkennara. Eftir því sem við verður komið er verkefnið unnið í samvinnu við stofnanir, félög eða fyrirtæki á viðkomandi sviðum.

**HMM207F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Sumar**
Stúdent velur sér verkefni til úrlausnar sem veitir hagnýta þjálfun í miðlun menningarefnis á fræðasviði hans og annast umsjónarkennari námsbrautarinnar leiðsögn eða annar fastráðinn kennari í samráði við umsjónarkennara. Eftir því sem við verður komið er verkefnið unnið í samvinnu við stofnanir, félög eða fyrirtæki á viðkomandi sviðum.

**HMM210F • Texti og tal • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Margrét Pálsdóttir
Meginviðfangsefni námskeiðsins er framsetning efnis í ræðu og riti. Er hægt að brúa bilið milli talmáls og ritmáls? Hvernig má nýta sér það besta úr hvoru tveggja til að koma efni á framfæri á skýran og skipulegan hátt? Fjallað verður um framsetningu, málfar og stíl í ólíkum miðlum og nemendur þjálfaðir í að semja texta og flytja erindi.

**HMM211F • Miðlun í verki. Frá hugmynd í framkvæmd • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Anna Hinriksdóttir Verkefnisstjóri
Ólíkar hugmyndir kalla á ólík efnistök og sama hugmynd getur fundið sér farveg í margvíslega miðla eftir eðli efnisins, markmiðum og markhópum. Hér verður skoðað hvernig unnið er með sömu hugmynd á mismunandi hátt eftir miðlum. Nemendur vinna með sama efni í ýmsum verkefnum og móta það eins og hentar hverjum miðli.

**HMM212F • Orð í belg (og biðu). Útgáfur handrita, prentverks og vefefnis. • (10e) • Vor • 4f**
Aðstoðarkennari: Sigurður Gylfi Magnússon Stundakennari
Námskeiðinu verður skipt upp í þrjá þætti. Í fyrsta hlutanum verður hugað að því hvernig fyrri tíðarmenn og konur unnu með handrit; hvernig bækur í handritum urðu til, hvernig þær voru fjölfaldaðar og hvaða hugsun lá að baki útgáfu þeirra. Í öðrum hluta verða skoðaðar útgáfur prentaðra bóka og farið í eintaka þætti útgáfuferilsins frá ýmsum hliðum. Í þriðja hluta verður rætt um vefefni og fjölbreyttar birtingarmyndir þess. Þessir þrír þættir verða skoðaðir út frá nokkrum sjónarhornum eins og stöðu höfundarins, samfélagsins sem framleiðir útgáfuverk og annarra áhrifaþátta. Námskeiðið verður blanda hugmyndafræðlegra pælinga og praktískra atriða.

**HMM213F • Sögutengd ferðaþjónusta • (10e) • Vor • 4f**
Umsjónarkennari: Eggert Þór Bernharðsson Dósent
Námskeiðið er haldið í samstarfi við Dalabyggð og kennt verður á Laugum í
Sælingsdal í verkefnaviku í febrúar á vormisseri.

Fjallað er almennt um sögutengda ferðaþjónustu og hvað hugmyndafræði býr aðbaki henni. Sérstaklega er rætt um hvernig sögunni er miðlað og hvaða aðferðir eru einkum notaðar til þess. Hugað er að því hvort munur sé á framsetningu sögunnar fyrir ferðamenn og annars konar miðlun sögunnar sem og hverjir séu helstu markhópar þeirra sem stunda sögutengda ferðaþjónustu. Jafnframt er rætt um hvernig sögutengd ferðaþjónusta er frábrugðin annars konar ferðaþjónustu og hvaða viðmiðum og gæðastöðlum sé fylgt í sögutengdri ferðaþjónustu. Fjallað er um þýðingu sögutengdrar ferðaþjónustu fyrir ímynd svæða og hvernig hún tengist hugmyndum um uppbyggingu áfangastaða og félagslegri sjálfbærni. Loks verður fjallað um þróun söguslóða. Unnið er með raundæmi úr Dalabyggð og verkefni

nemenda í námskeiðinu tengjast sögutengdri ferðaþjónustu þar.

**HMM301F • Lokaverkefni til MA-prófs • (30e) • Haust**
MA-verkefnið er unnið undir handleiðslu umsjónarkennara námsbrautarinnar eða annars fastráðins kennara og er umfang verkefnisins ákveðið í samráði við leiðbeinanda. Lokaverkefnið skal annars vegar vera fræðileg greining reist á kenningarlegum grunni og hins vegar sýna getu nemandans til að miðla viðamiklu menningarefni á sjálfstæðan og markvissan hátt. Fyrri hluti lokaverkefnis er fræðileg forsenda síðari hlutans sem getur verið menningarmiðlun af ýmsu tagi. Í fyrri hluta verkefnisins skrifar nemandinn fræðilegan inngang þar sem gerð er grein fyrir kenningarlegum grunni og þeirri aðferðafræði sem unnið er eftir sem og niðurstöðum sem leitast er við að varpa ljósi á í síðari hluta verkefnisins. Ætlast er til að fyrri hluti lokaverkefnis geti staðið einn og sér sem fræðilegt framlag til menningarmiðlunar.

**HMM401F • Lokaverkefni til MA-prófs • (30e) • Vor**
MA-verkefnið er unnið undir handleiðslu umsjónarkennara námsbrautarinnar eða annars fastráðins kennara og er umfang verkefnisins ákveðið í samráði við leiðbeinanda. Lokaverkefnið skal annars vegar vera fræðileg greining reist á kenningarlegum grunni og hins vegar sýna getu nemandans til að miðla viðamiklu menningarefni á sjálfstæðan og markvissan hátt. Fyrri hluti lokaverkefnis er fræðileg forsenda síðari hlutans sem getur verið menningarmiðlun af ýmsu tagi. Í fyrri hluta verkefnisins skrifar nemandinn fræðilegan inngang þar sem gerð er grein fyrir kenningarlegum grunni og þeirri aðferðafræði sem unnið er eftir sem og niðurstöðum sem leitast er við að varpa ljósi á í síðari hluta verkefnisins. Ætlast er til að fyrri hluti lokaverkefnis geti staðið einn og sér sem fræðilegt framlag til menningarmiðlunar.

**HSP003F • Ritgerð til MA-prófs í heimspeki • (30e) • Haust**
Sjá reglur sem gilda um MA-nám í heimspekiskor.

**HSP004F • Ritgerð til MA-prófs í heimspeki • (30e) • Vor**
Sjá reglur sem gilda um MA-nám í heimspekiskor.

**HSP005F • Ritgerð til MA-prófs í heimspeki • (30e) • Sumar**
Sjá reglur sem gilda um MA-nám í heimspekiskor.

**HSP006F • Ritgerð til M.Paed.-prófs • (30e) • Haust**
Sjá reglur um M.Paed.-nám við heimspekiskor.

**HSP006M • Starfstengd siðfræði • (10e) • Vor**
Kennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Námskeiðið byggir á gestafyrirlestrum og fjallar einkum um siðfræði starfsstétta og það hvernig siðferðileg vandamál mæta fólki í starfi. Á námskeiðinu er fjallað meðal annars um siðfræðilegan grunn fagstétta, gerð grein fyrir helstu kenningum um fagstéttir, samband fagmanns og skjólstæðings og hlutverk siðareglna og siðanefnda. Þá er rætt um þagnarskyldu og persónuvernd, og einkum um trúnaðarskyldu fagmanns við skjólstæðing, vernd þátttakenda í rannsóknum og persónuvernd á vinnustöðum. Í lokin er sjónum beint að einstökum starfsstéttum s.s. starfi lögmanna, kennara, stjórnmálamanna og vísindamanna. Sérstök áherslu er lögð á umræður um raunhæf siðfræðileg úrlausnarefni og er því mikið lagt uppúr umræðum í tímum.
Námsmat samanstendur af framsögu, verkefni og lokaritgerð.

**HSP007F • Ritgerð til M.Paed.-prófs • (30e) • Vor**
Sjá reglur um M.Paed.-nám við heimspekiskor.

**HSP008F • Ritgerð til M.Paed.-prófs • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um M.Paed.-nám við heimspekiskor.

**HSP013F • Siðfræði vísinda og rannsókna • (6e) • Vor • 4f**
Kennari: Mikael Marlies Karlsson Prófessor

Námskeiðið er ætlað framhaldsnemum eingöngu. Það verður kennt á íslensku á haustmisseri og á ensku á vormisseri. Tekið verður mið af þörfum nemenda af ólíkum fræðasviðum við útfærslu námskeiðsins.
Viðfangsefni: Fjallað verður meðal annars um eftirfarandi efni: Fagmennska og ábyrgð vísindamanna. Kröfur um fræðilega hlutlægni og hlutleysi vísinda. Jafnréttissjónarmið og ríkjandi viðmið í vísindastarfi. Vald og vísindi. Hagsmunaárekstrar í vísindastarfi. Vísindin og samfélagið. Siðfræði rannsókna.
Markmið: Í námskeiðinu fá nemendur innsýn í siðfræði vísinda og þjálfun í rökræðu um siðfræðileg álitamál sem tengjast fræðastarfi og vísindarannsóknum í nútímasamfélagi. Að loknu námskeiðinu á nemandinn að
- hafa öðlast þekkingu á siðfræði vísinda og siðareglum um rannsóknir
- hafa öðlast skilning á fagmennsku og ábyrgð vísindamanna
- hafa velt fyrir sér stöðu vísinda í samfélaginu og jafnréttissjónarmiðum tengdum þeim
- hafa öðlast reynslu af því að taka þátt í rökræðum um siðfræðileg álitamál og kunna að sýna viðhorfum annarra skilning og virðingu
- hafa öðlast reynslu af því að greina frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum um viðfangsefnið í áheyrn kennara og samnemenda.
Kennsluhættir: Kennsla er í formi fyrirlestra og umræðna. Námskeiðið er hugsað sem akademískt samfélag þar sem nemendur taka virkan þátt í markvissri umræðu um viðfangsefnin. Hver nemandi flytur framsöguerindi samkvæmt áætlun sem gerð er í upphafi misseris og

jafnframt kynna aðrir nemendur sér efnið og ræða það í málstofunni undir handleiðslu kennara.
Nemendur flytja ítarlegar framsögur og skila ritgerð.

**HSP017F • Rannsóknaverkefni í heimspeki • (5e) • Haust**
Verkefni sem unnið er undir handleiðslu eins kennara í heimspekiskor, eftir samkomulagi. Einnig er mögulegt að nemendur geti sótt stutt erlend námskeið t.d. á vegum NordForsk eða annarra rannsóknastofnana. Markmiðið verkefnisins er að styrkja þekkingu nemanda á sérsviði sínu í tengslum við meistara- eða doktorsritgerð.

**HSP018F • Rannsóknaverkefni í heimspeki • (5e) • Vor**
Kennari: Vilhjálmur Árnason
Verkefni sem unnið er undir handleiðslu eins kennara í heimspekiskor, eftir samkomulagi. Einnig er mögulegt að nemendur geti sótt stutt erlend námskeið t.d. á vegum NordForsk eða annarra rannsóknastofnana. Markmiðið verkefnisins er að styrkja þekkingu nemanda á sérsviði sínu í tengslum við meistara- eða doktorsritgerð.

**HSP019F • Rannsóknaverkefni í heimspeki • (5e) • Sumar**
Verkefni sem unnið er undir handleiðslu eins kennara í heimspekiskor, eftir samkomulagi. Einnig er mögulegt að nemendur geti sótt stutt erlend námskeið t.d. á vegum NordForsk eða annarra rannsóknastofnana. Markmiðið verkefnisins er að styrkja þekkingu nemanda á sérsviði sínu í tengslum við meistara- eða doktorsritgerð.

**HSP020F • Rannsóknarritgerð • (5e) • Haust**
Einkum ætlað erlendum skiptinemum sem vinna að lokaritgerð sinni eða sambærilegu verkefni undir umsjón kennara við heimspekiskor. Vægi námskeiðsins í einingum er þá ákveðið hverju sinni á fundi heimspekiskorar, í samráði við viðkomandi háskóla. Einnig ætlað nemendum sem heimilað hefur verið að skrifa 3e rannsóknarritgerð um valið efni án tengsla við málstofu.

**HSP021F • Rannsóknarritgerð • (5e) • Vor**
Einkum ætlað erlendum skiptinemum sem vinna að lokaritgerð sinni eða sambærilegu verkefni undir umsjón kennara við heimspekiskor. Vægi námskeiðsins í einingum er þá ákveðið hverju sinni á fundi heimspekiskorar, í samráði við viðkomandi háskóla. Einnig ætlað nemendum sem heimilað hefur verið að skrifa 3e rannsóknarritgerð um valið efni án tengsla við málstofu.

**HSP028F • Doktorsnám í heimspeki • (30e) • Haust**
Doktorsnám í heimspeki

**HSP029F • Doktorsnám í heimspeki • (30e) • Vor**
Doktorsnám í heimspeki

**HSP030F • Doktorsnám í heimspeki • (30e) • Sumar**
Doktorsnám í heimspeki

**HSP031F • Málstofa í heimspeki I • (5e) • Haust**
Kennari: Páll Skúlason Prófessor
**Viðfangsefni**
Í málstofunni eru tekin til umfjöllunar valin viðfangsefni eða vandamál í samtímaheimspeki sem eru til umræðu á alþjóðavettvangi og lesnir og ræddir frumtextar og skýringartextar.
**Markmið**
Að loknu námskeiðinu á nemandinn að

- hafa öðlast þekkingu á mikilvægum viðfangsefnum og vandamálum sem eru til umræðu innan heimspekinnar á alþjóðavettvangi.
- hafa öðlast aukinn og dýpri skilning á viðfangsefninu og víðtækari yfirsýn en á fyrra námsstigi
- hafa öðlast reynslu af því að taka þátt í rökræðum um heimspekileg álitamál og kunna að sýna viðhorfum annarra skilning og virðingu.
- hafa öðlast reynslu af því að greina frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í áheyrn kennara og samnemenda.

**Kennsluhættir**
Málstofan er hugsuð sem akademískt samfélag þar sem nemendur taka virkan þátt í markvissri umræðu um viðfangsefnið. Hver nemandi flytur framsöguerindi samkvæmt áætlun sem gerð er í upphafi misseris og jafnframt kynna aðrir nemendur sér efnið og ræða það í málstofunni undir handleiðslu kennara.
Þátttaka ásamt framsöguerindi í málstofunni sem skilað er í skriflegu formi í lok námskeiðsins

**HSP032F • Verkefni í málstofu í heimspeki I • (5e) • Haust**
Umsjónarmaður: Vilhjálmur Árnason
Kennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor

Málstofuverkefni tengt 05.36.01

**HSP033F • Verkefni í málstofu í heimspeki II • (5e) • Vor**
Rannsóknarverkefni tengt Málstofu I

**HSP034F • Málstofa í heimspeki II • (5e) • Vor**
Kennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Í málstofunni eru tekin til umfjöllunar valin viðfangsefni eða vandamál úr sögu heimspekinnar sem eru til umræðu á alþjóðavettvangi og lesnir og ræddir frumtextar og skýringartextar.
Markmið : Að loknu námskeiðinu á nemandinn að
a) hafa öðlast þekkingu á mikilvægum viðfangsefnum og vandamálum sem eru til umræðu innan heimspekinnar á alþjóðavettvangi.
b) hafa öðlast aukinn og dýpri skilning á viðfangsefninu og víðtækari yfirsýn en á fyrra námsstigi
c) hafa öðlast reynslu af því að taka þátt í rökræðum um heimspekileg álitamál og kunna að sýna viðhorfum annarra skilning og virðingu.
d) hafa öðlast reynslu af því að greina frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í áheyrn kennara og samnemenda.
Kennsluhættir: Málstofan er hugsuð sem akademískt samfélag þar sem nemendur taka virkan þátt í markvissri umræðu um viðfangsefnið. Hver nemandi flytur framsöguerindi samkvæmt áætlun sem gerð er í upphafi misseris og jafnframt kynna aðrir nemendur sér efnið og ræða það í málstofunni undir handleiðslu kennara.
Þátttaka ásamt framsöguerindum í málstofunni sem skilað er í skriflegu formi í lok námskeiðsins.

**HSP035F • Rannsóknarverkefni til MA-prófs í hagnýtri siðfræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í heilbrigðis- og lífsiðfræði

**HSP035F • Rannsóknarverkefni til MA-prófs í hagnýtri siðfræði • (30e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Sjá reglur um meistaranám í heilbrigðis- og lífsiðfræði

**HSP039F • Doktorsnám í heimspeki • (30e) • Haust**
Doktorsnám í heimspeki

**HSP301F • Rannsóknarverkefni til MA-prófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**HSP401F • Rannsóknarverkefni til MA-prófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**HSP402F • Rannsóknarverkefni til MA-prófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**HSP415M • Málstofa E: Einkalíf og opinber vettvangur • (5e) • Vor • 2f**
Aðstoðarkennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Greinarmunurinn milli einkalífs og opinbers lífs leikur lykilhlutverk í stjórnspekikenningum samtímans, enda eru m.a. mörk ríkisvalds og lagasetningar skilgreind í ljósi hans. Í málstofunni verður fjallað um þennan greinarmun eins og hann birtist í ólíkum kenningum, svo sem í frjálslyndri stjórnspeki, kenningu Hönnuh Arendt og gagnrýni femínista. Rætt verður um vandann út frá skyldum og ábyrgð fagmanna, samfélagslegri ábyrgð í viðskiptum og umburðarlyndi svo dæmi séu nefnd.

**HSP416M • Málstofa F: Hegel • (5e) • Vor • 2f**
Aðstoðarkennari: Björn Þorsteinsson Verkefnisstjóri
Í málstofunni verða vel valdir lykiltextar úr höfundarverki Hegels lesnir í þaula og skýrðir. Sérstaklega verður beint sjónum að köflum úr Fyrirbærafræði andans, Rökfræði og Alfræði Hegels. Áhersla verður lögð á tengsl Hegels við stefnur og strauma síðari tíma, einkum fyrirbærafræði og póststrúktúralisma. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna skynjun og þekkingu, veru og neind og einstakling og tegund.

**HSP417M • Verkefni í Málstofu E: Einkalíf og opinber vettvangur • (5e) • Vor**
Aðstoðarkennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Verkefni í tengslum við Málstofu E

**HSP418M • Verkefni í Málstofu F: Hegel • (5e) • Vor**
Aðstoðarkennari: Björn Þorsteinsson Verkefnisstjóri
Verkefni tengt Málstofu F

**HSP505M • Málstofa A: Heimspeki og kvikmyndir • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor

Málstofa A: Á fyrri hluta málstofunnar verður hugað að verufræðilegum spurningum um bíómyndir ( Hvað er bíómynd?, Hver er heimur bíómynda?) og einnig að því hvort byggja megi fagurfræðilega mælikvarða um bíómyndir á séreðli þeirra. Í síðari hlutanum verður rætt um heimspekilegar spurningar sem vakna í bíómyndum (svo sem um efa og efahyggju, tíma og endurtekningu, sýnd og reynd, og eðli hjónabandsins). Í því samhengi verður bíómyndir skoðaðar sem heimspeki.

**HSP506M • Verkefni í Málstofu A: Heimspeki og kvikmyndir • (5e) • Haust**
Kennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Verkefni tengt Málstofu A

**HSP507M • Málstofa B: Siðferðishvatir • (5e) • Haust • 2f**
Kennari: Mikael Marlies Karlsson Prófessor
Fjallað verður um þær hvatir sem liggja siðferðinu að baki, en um eðli þeirra hefur verið lengi deilt enda grundvallarspurning í siðfræði. Í þessari málstofu verður vandlega rýnt í þrjár sígildar kenningar um þetta efni: kenningar þeirra Aristótelesar, Davids Hume og Immanuels Kant. Lesnir verða valdir kaflar úr ritum þeirra og úr nútímaritum sem fjalla um efni þeirra. Þessi málstofa er kennd á ensku.

**HSP508M • Verkefni í Málstofu B: Siðferðishvatir • (5e) • Haust**
Kennari: Mikael Marlies Karlsson Prófessor
Verkefni tengt Málstofu B

**HSP701M • Málstofa gistikennara: • (5e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Gistikennaranámskeið
Á hverju misseri fær heimspekiskor gistikennara frá erlendum samstarfsskólum til að halda málstofu um efni á sérsviði sínu. Málstofurnar eru kenndar í samþjöppuðu formi, oftast á 4 vikum, þrjá daga vikunnar. Málstofurnar eru einkum ætlaðar framhaldsnemum en nemendum á 3. ári í heimspeki er einnig heimilt að sækja þær. Viðfangsefni og tími hverrar málstofu verða auglýst sérstaklega. Markmið Að loknu námskeiðinu á nemandinn að
a) hafa öðlast þekkingu á mikilvægu viðfangsefni sem er til umræðu innan heimspekinnar á alþjóðavettvangi.
b) hafa öðlast aukinn og dýpri skilning á viðfangsefninu og víðtækari yfirsýn en á fyrra námsstigi
c) hafa öðlast reynslu af því að taka þátt í rökræðum um heimspekileg álitamál og kunna að sýna viðhorfum annarra skilning og virðingu.
d) hafa öðlast reynslu af því að greina frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í áheyrn kennara og samnemenda.
Viðfangsefni: Í málstofunni eru tekin til umfjöllunar valin viðfangsefni í heimspeki sem eru til umræðu á alþjóðavettvangi og lesnir og ræddir frumtextar og skýringartextar.
Kennsluhættir: Málstofan er hugsuð sem akademískt samfélag þar sem nemendur taka virkan þátt í markvissri umræðu um viðfangsefnið. Hver nemandi flytur framsöguerindi samkvæmt áætlun sem gerð er í upphafi misseris og jafnframt kynna aðrir nemendur sér efnið og ræða það í málstofunni undir handleiðslu kennara.
Stutt skriflegt próf og þátttaka ásamt framsöguerindi í málstofunni.

**HSP702F • Kenningar í hugvísindum • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Gavin Murray Lucas Lektor
Umsjónarkennari: Már Jónsson Prófessor
Umsjónarkennari: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Kynntar, ræddar og gagnrýndar nokkrar helstu kenningar, þekkingarfræðilegar ekki síður en efnislegar, sem hafa sett mark sitt á fræðilega umræðu í hugvísindum undanfarna áratugi.

**HSP702M • Málstofa gistikennara: • (5e) • Haust**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Gistikennaranámskeið
Á hverju misseri fær heimspekiskor gistikennara frá erlendum samstarfsskólum til að halda málstofu um efni á sérsviði sínu. Málstofurnar eru kenndar í samþjöppuðu formi, oftast á 4 vikum, þrjá daga vikunnar. Málstofurnar eru einkum ætlaðar framhaldsnemum en nemendum á 3. ári í heimspeki er einnig heimilt að sækja þær. Viðfangsefni og tími hverrar málstofu verða auglýst sérstaklega. Markmið Að loknu námskeiðinu á nemandinn að
a) hafa öðlast þekkingu á mikilvægu viðfangsefni sem er til umræðu innan heimspekinnar á alþjóðavettvangi.
b) hafa öðlast aukinn og dýpri skilning á viðfangsefninu og víðtækari yfirsýn en á fyrra námsstigi
c) hafa öðlast reynslu af því að taka þátt í rökræðum um heimspekileg álitamál og kunna að sýna viðhorfum annarra skilning og virðingu.
d) hafa öðlast reynslu af því að greina frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í áheyrn kennara og samnemenda.
Viðfangsefni: Í málstofunni eru tekin til umfjöllunar valin viðfangsefni í heimspeki sem eru til umræðu á alþjóðavettvangi og lesnir og ræddir frumtextar og skýringartextar.
Kennsluhættir: Málstofan er hugsuð sem akademískt samfélag þar sem nemendur taka virkan þátt í markvissri umræðu um viðfangsefnið. Hver nemandi flytur framsöguerindi samkvæmt áætlun sem gerð er í upphafi misseris og jafnframt kynna aðrir nemendur sér efnið og ræða það í málstofunni undir handleiðslu kennara.
Stutt skriflegt próf, þátttaka og framsaga á málstofu.

**HSP703F • Nýjar alþjóðlegar rannsóknir • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Kynntar, ræddar og gagnrýndar nýjar alþjóðlegar rannsóknir á ýmsum sviðum heimspekinnar, bækur jafnt sem tímaritsgreinar.

**HSP704M • Heilbrigðis- og lífsiðfræði • (10e) • Haust • 3f**

Kennari: Vilhjálmur Árnason
Fjallað verður um nokkur helstu álitamál á sviði lífsiðfræði á síðustu árum, einkum í tengslum við þróun á sviði erfðavísinda, og erfðarannsókna og hugsanleg áhrif þeirra á heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstefnu.

**HSP705M • Siðfræði náttúrunnar • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Sigríður Þorgeirsdóttir Dósent
Kennari: Páll Skúlason Prófessor
Námskeiðið fjallar um samband manns og náttúru frá heimspekilegu sjónarhorni. Fjallað er um helstu frumkvöðla náttúrusiðfræðinnar og áhrifamestu kenningar sem settar hafa verið fram. Gerð grein fyrir ólíkri náttúrusýn manna og mismunandi grunnafstöðum til náttúrunnar - þ.e. mannhverfri, visthverfri og lífhverfri afstöðu. Einnig fjallað um tengsl umhverfis- og þróunarmála og tengsl umhverfishyggju og lýðræðisþróunar. Rætt um álitaefni eins og: Getur siðfræðin nýst við lausn umhverfisvandamála?, Hvers konar verur hafa siðferðisstöðu?, Geta náttúrleg fyrirbæri búið yfir eigingildi?, Hafa dýr einhver réttindi?, Er einhver grundvallarmunur á (af)stöðu karla og kvenna gagnvart náttúrunni?, og Hvert er siðferðilegt inntak sjálfbærrar þróunar?

**HSP706M • Viðskiptasiðfræði • (10e) • Haust • 4f**
Umsjónarkennari: Róbert Hilmar Níels Haraldsson Prófessor
Í námskeiðinu er veitt víðtækt yfirlit yfir helstu siðferðilegu álitaefni er snerta fyrirtæki og samskipti þeirra við stjórnvöld og samfélagið í heild. Á námskeiðinu verður annars vegar leitast við að kynna fyrir nemendum siðferðileg hugtök og fræðileg greiningartæki. Hins vegar verður lögð sérstök áhersla á úrlausn hagnýtra siðferðilegra álitamála sem koma upp í starfsemi fyrirtækja. Námskeiðið er meðal annars byggt á gestafyrirlesurum úr atvinnu- og þjóðlífi og nemendur munu vinna að úrlausn hagnýtra verkefna.

**HSP801M • Málstofa gistikennara: Marx þá og nú • (5e) • Vor**
Umsjónarmaður: Gunnar Ágúst Harðarson Dósent
Málstofa gistikennara

**HSP803M • Hagnýtt siðfræði • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Salvör Nordal Forstöðumaður
Kennari: Vilhjálmur Árnason
Á námskeiðinu verður fjallað um tengsl fræðilegrar og hagnýttrar siðfræði. Athyglinni er beint að rökræðu um áleitin siðferðileg úrlausnarefni í nútímaþjóðfélagi og hvernig siðfræðin getur tekist á við þau. Umræðuefni námskeiðsins eru meðal annars tjáningarfrelsi, líknardráp, fóstureyðingar, réttindi dýra, skyldur við fátæk ríki og siðfræði stríðs og refsinga. Námskeiðið byggir á fyrirlestrum en hvatt er til umræðu um efnin eins og kostur er.
Tvær ritgerðir gilda samanlagt 55% og lokapróf gildir 45%.

**HSP901F • Siðfræði náttúrunnar • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigríður Þorgeirsdóttir Dósent
Námskeiðið fjallar um samband manns og náttúru frá heimspekilegu sjónarhorni. Fjallað er um helstu frumkvöðla náttúrusiðfræðinnar og áhrifamestu kenningar sem settar hafa verið fram. Gerð grein fyrir ólíkri náttúrusýn manna og mismunandi grunnafstöðum til náttúrunnar - þ.e. mannhverfri, visthverfri og lífhverfri afstöðu. Einnig fjallað um tengsl umhverfis- og þróunarmála og tengsl umhverfishyggju og lýðræðisþróunar. Rætt um álitaefni eins og: Getur siðfræðin nýst við lausn umhverfisvandamála?, Hvers konar verur hafa siðferðisstöðu?, Geta náttúrleg fyrirbæri búið yfir eigingildi?, Hafa dýr einhver réttindi?, Er einhver grundvallarmunur á (af)stöðu karla og kvenna gagnvart náttúrunni?, og Hvert er siðferðilegt inntak sjálfbærrar þróunar?

**SAG001F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Haust**
Ekki er boðið upp á 15e ritgerðir í meistaranámi í sagnfræði, en þetta námskeiðsnúmer er eingöngu notað til skráningar fyrir ritgerðavinnu á einu misseri.

**SAG002F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Vor**
Ekki er boðið upp á 15e ritgerðir í meistaranámi í sagnfræði, en þetta námskeiðsnúmer er eingöngu notað til skráningar fyrir ritgerðavinnu á einu misseri.

**SAG003F • Ritgerð til MA-prófs • (30e) • Sumar**
Ekki er boðið upp á 15e ritgerðir í meistaranámi í sagnfræði, en þetta námskeiðsnúmer er eingöngu notað til skráningar fyrir ritgerðavinnu á einu misseri.

**SAG004F • Doktorsnám í sagnfræði • (30e) • Haust**
Doktorsnám í sagnfræði

**SAG005F • M.Paed.-verkefni í sagnfræði • (30e) • Haust**
Fræðileg ritgerð eða sjálfstæð rannsókn á einhverjum þætti í kennslu greinarinnar í grunn- og framhaldsskólum, námskrárgerð eða námsefnisgerð fyrir grunn- og framhaldsskóla.

**SAG006F • M.Paed.-verkefni í sagnfræði • (30e) • Vor**
Fræðileg ritgerð eða sjálfstæð rannsókn á einhverjum þætti í kennslu greinarinnar í grunn- og framhaldsskólum, námskrárgerð eða

námsefnisgerð fyrir grunn- og framhaldsskóla.

**SAG008F • Doktorsnám í sagnfræði • (30e) • Vor**
Doktorsnám í sagnfræði

**SAG009F • Doktorsnám í sagnfræði • (30e) • Sumar**
Doktorsnám í sagnfræði

**SAG014F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Haust**
Ekki má taka meira en 10e í einstaklingsverkefnum. Heimilt er að taka tvö 5e verkefni. Í samráði við kennara á M.A.-stigi velur nemandi sér verkefni til úrlausnar. Umsjónarkennara er heimilt að fela öðrum kennara í greininni að hafa verkstjórn með verkefninu. Sem dæmi um verkefni má nefna samningu kennsluefnis, samningu yfirlitsrits í sagnfræði, gerð fræðilegrar bókaskrár í sagnfræði, útgáfustarfsemi og verkefni, sem veita nemendum þjálfun fyrir störf á skjalasöfnum.

**SAG015F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Vor**
Ekki má taka meira en 10e í einstaklingsverkefnum. Heimilt er að taka tvö 5e verkefni. Í samráði við kennara á M.A.-stigi velur nemandi sér verkefni til úrlausnar. Umsjónarkennara er heimilt að fela öðrum kennara í greininni að hafa verkstjórn með verkefninu. Sem dæmi um verkefni má nefna samningu kennsluefnis, samningu yfirlitsrits í sagnfræði, gerð fræðilegrar bókaskrár í sagnfræði, útgáfustarfsemi og verkefni, sem veita nemendum þjálfun fyrir störf á skjalasöfnum.

**SAG016F • Einstaklingsverkefni A • (10e) • Sumar**
Ekki má taka meira en 10e í einstaklingsverkefnum. Heimilt er að taka tvö 5e verkefni. Í samráði við kennara á M.A.-stigi velur nemandi sér verkefni til úrlausnar. Umsjónarkennara er heimilt að fela öðrum kennara í greininni að hafa verkstjórn með verkefninu. Sem dæmi um verkefni má nefna samningu kennsluefnis, samningu yfirlitsrits í sagnfræði, gerð fræðilegrar bókaskrár í sagnfræði, útgáfustarfsemi og verkefni, sem veita nemendum þjálfun fyrir störf á skjalasöfnum.

**SAG021F • Kenningar í hugvísindum • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Már Jónsson Prófessor
síðar

**SAG023F • Einstaklingsverkefni B • (10e) • Haust**
Einstaklingsverkefni.

**SAG023F • Einstaklingsverkefni B • (10e) • Vor**
Einstaklingsverkefni.

**SAG602F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Haust**
Ekki má taka meira en 10e í einstaklingsverkefnum. Heimilt er að taka tvö 5e verkefni. Í samráði við kennara á M.A.-stigi velur nemandi sér verkefni til úrlausnar. Umsjónarkennara er heimilt að fela öðrum kennara í greininni að hafa verkstjórn með verkefninu. Sem dæmi um verkefni má nefna samningu kennsluefnis, samningu yfirlitsrits í sagnfræði, gerð fræðilegrar bókaskrár í sagnfræði, útgáfustarfsemi og verkefni, sem veita nemendum þjálfun fyrir störf á skjalasöfnum.

**SAG603F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Vor**
Ekki má taka meira en 10e í einstaklingsverkefnum. Heimilt er að taka tvö 5e verkefni. Í samráði við kennara á M.A.-stigi velur nemandi sér verkefni til úrlausnar. Umsjónarkennara er heimilt að fela öðrum kennara í greininni að hafa verkstjórn með verkefninu. Sem dæmi um verkefni má nefna samningu kennsluefnis, samningu yfirlitsrits í sagnfræði, gerð fræðilegrar bókaskrár í sagnfræði, útgáfustarfsemi og verkefni, sem veita nemendum þjálfun fyrir störf á skjalasöfnum.

**SAG604F • Einstaklingsverkefni C • (20e) • Sumar**
Ekki má taka meira en 10e í einstaklingsverkefnum. Heimilt er að taka tvö 5e verkefni. Í samráði við kennara á M.A.-stigi velur nemandi sér verkefni til úrlausnar. Umsjónarkennara er heimilt að fela öðrum kennara í greininni að hafa verkstjórn með verkefninu. Sem dæmi um verkefni má nefna samningu kennsluefnis, samningu yfirlitsrits í sagnfræði, gerð fræðilegrar bókaskrár í sagnfræði, útgáfustarfsemi og verkefni, sem veita nemendum þjálfun fyrir störf á skjalasöfnum.

**SAG701F • Fátækt fólk • (10e) • Haust • 4f**
Kennari: Ragnheiður Kristjánsdóttir Aðjunkt

**SAG702M • Menningarsaga • (10e) • Haust • 4f**
Aðstoðarkennari: Ólafur Rastrick
Aðstoðarkennari: Davíð Ólafsson
Hvernig hafa sagnfræðingar skrifað um menningu og sögu hennar? Hvaða hugmyndir um menningarsögu eru í deiglunni og hvaða leiðir eru færar í samtímanum til að skrifa menningarsögu? Í námskeiðinu verður rýnt verk nokkurra þekkra og minna þekkra sagnfræðinga sem kenndir hafa verið við menningarsögu, spáð í aðferðir þeirra, nálgun og niðurstöður. Hluti námskeiðsins verður helgaðar ritsmiðju þar

sem nemendur og kennarar vinna í sameiningu að greiningu afmarkaðra viðfangsefna þar sem viðhorfum og greiningartækjum menningarsögunnar er beitt. Markmiðið er að aðferðir og sjónarhorn séu í fyrirrúmi í þessari vinnu en nemendur fái tækifæri til að spreyta sig á að hagnýta þau við fræðilegar samræður og greiningu á sagnfræðilegum viðfangsefnum.
(1)Munnleg og/eða skrifleg greinargerð um tiltekið rit á sviði menningarsögu þar sem fjallað er um aðferðafræði þess og efnistök (30%); (2) Þekkingarpróf lagt fyrir um miðbik námskeiðs (20%); (3) Ritgerðarverkefni sem eru að hluta unnin í ritsmiðju námskeiðs þar sem nemendur beita tilteknu sjónarhorni eða kenningarramma á mjög afmarkað sögulegt menningarfyrirbrigði eða -afurð (50%).

**SAG801F • Þættir úr hugmyndasögu • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Ingi Sigurðsson Prófessor
Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verðanteknar til athugunar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur, þ. á m. upplýsingin,nrómantíska stefnan, þjóðernishyggja og frjálslyndisstefna. Eðli þeirranverður greint og áhrif þeirra skoðuð. Áhrifum þeirra meðal Íslendinganverða gerð sérstök skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.n

**SAG802F • Sagnaritun og lög á miðöldum • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Sveinbjörn Rafnsson Prófessor

**SAG803F • Stjórnmálahugsuðir og samfélagsrýni: Vald, hugmyndafræði og pólitískt umboð • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Valur Ingimundarson Prófessor

**SAG804F • Konungar Íslands • (10e) • Vor • 4f**
Kennari: Anna Agnarsdóttir Prófessor
Sögufélag hefur ákveðið að gefa út ritið Konungar Íslands frá Gamla sáttmála og fram að lýðveldisstofnunni. Markmiðið er að veita nemendum þjálfun við að skrifa fyrir almenning. Nemendur munu velja sér konunga og skrifi um þá kafla í umræddri bók. Uppbyggingin verður: stutt æviágrip, afrek eða sinnuleysi konunga (og drottningarinnar) varðandi málefni Íslands og í þriðja lagi verður leitast við að setja konungana í sögulegt evrópskt samhengi. Þetta verður því bæði rit sem spannar Íslandssögu og Evrópusögu og er ætlað upplýstum almenningi.

# Menntavísindasvið

## Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

**ÍÞH004G • Handknattleikur • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Örn Ólafsson Lektor
Markmið
Að nemandinn öðlist skilning á Handknattleik þ.e. leikskipulagi, þjálfun barna og unglinga og öllum helstu leikreglum. I námskeiðinu verða helstu áhersluatriði við þjálfun barna og unglinga í handknattleik tekin fyrir. Hlutverk þjálfara, kennsluaðferðir, samskipti og hvaða þjálfræðilegar áherslur eigi að vera í barna og unglingaþjálfun.
Að nemandinn hafi aukið færni og þekkingu í þjálfun og kennslu handknattleiks barna og unglinga og geti sett sér og öðrum markmið varðandi þjálfun, starfsáætlanir og kennsluáætlanir. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemanda.
Að nemendi geti nýtt sér fræðilega og verklega þekkingu til greina og meta ólík viðfangsefni innann handknattleiksþjálfunar og geti réttlæt ákvarðanir varðandi þjálfun barna og unglinga á fræðilegan og faglegan hátt. Hafi þekkingu og hæfni til að útskýra helstu kenniningar og hugtök í kennslufræði og þjálfræði sem tengjast handknattleik. .
Að nemandi taki virkan þátt í námskeiði og hópavinnu, sýni faginu áhuga og sé fær um að miðla þekkingu og hugmyndum til annara í námskeiði.
Að nemandi sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumleika og víðsýni sem nýtist við þjálfun barna og unglinga í handknattleik.
Inntak / viðfangsefni
Farið er í þjálfun helstu grunnatriða í varnar og sóknarleiks handknattleiks. Greint verður frá helstu grunnhutökum í leikfræði handknattleiks. Áhersla er lögð á barna og unglingaþjálfun. Námskeiðið er að stærstum hluta verklegt og nemendur lögð er áhersla á að nemendur séu virkir og taki þátt í kennslu og öðlist færni í í að miðla kunnáttu á námskeiðinu.
Verkefni, kynningar, samvinnuverkefni, skýrsla.

**ÍÞH005G • Free running og trampólínstökk • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Olga Bjarnadóttir
Markmið
Að nemandi

- Kynnist nýrri leið í hreyfingu sem felur í sér að nota umhverfið og líkama sinn til að ferðast á milli staða.
- Tileinki sér þekkingu og notkun lífaflsfræði í tengslum við trampólínstökk.
- Taki þátt í verklegum trampólínæfingum sem ná m.a. til tækni- og þrekþjálfunar sem og þjálfunar líkams-meðvitundar og spennu.
- Bæti við hæfni sína í tækni á trampólínstökkum og sérhæfðum fimleikaæfingum sem notaðar eru í Free running.
- Þjálfist í að brjóta niður æfingar samkvæmt hluta- og heildaraðferð.
- Þjálfist í að sjá tæknileg mistök í æfingum og geta leiðrétt þau.
- Bæti við hæfni sína í að nota hreyfinga- og lífaflsfræði til skilnings á framkvæmd æfinga.

Inntak:
Námskeiðið er byggt uppá verklegum æfingum og verklegri þátttöku nemenda. Í gegnum verklegar æfingar og fræðilega kennslu er stefnt að því að nemandi öðlist dýpri skilning á tæknilegri framkvæmd trampólínstökka og kynnist fjölbreytileka hreyfingar sem free running býður uppá. Einnig er stefnt að því að þekking nemandans nái til þeirra atriða sem henta unglingum og lengra komnum í greininni.
Hagnýt hæfni námskeiðsins snýr m.a. að því að geta leiðbeint og tekið faglegar ákvarðanir í trampólínkennslu. Að geta leiðbeint og boðið nemendum uppá fjölbreytta og nútímalega útfærslu fimleikastökka og æfinga í formi free running. Geta unnið sjálfstætt við skipulag þjálfunar þessara viðfangsefna. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að setja fram og lýsa tækni einstakra æfinga. Einnig að nemandinn geti útskýrt framkvæmd æfinga með aðstoð hreyfinga- og lífaflsfræðanna. Nemandinn á að geta fundið æfingar við hæfi mismunandi getustiga og aldurs. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýnir áhuga á að bæta sig í líkamlegri færni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Viðfangsefni:
Farið verður í flóknari stökk á trampólíni þar sem líkaminn snýst bæði um langás og þverás. Trampólínstökk brotin niður og kennt hvernig best er að bera sig að í flóknari æfingum. Farið vel í tæknilega framkvæmd, villur og leiðréttingar. Farið yfir öryggi í trampólínstökki, s.s. eins og móttöku.
Free running er tjáningarform einstaklings í hreyfingu þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín í umverfinu. Til þesa eru notaðar fjölbreytilegar æfingar eins og hlaup, hopp, stökk, snúningar, klifur og akróbatísk stökk. Akrobatísk stökk geta verið rúllur, veltur, heljarstökk, flikk og fleiri tengd stökk eða hopp. Free running er skilgreint sem "viðfangsefni eða list að hreyfa sig í gegnum umhverfið, hvernig sem maður vill, hreyfa sig á sinn hátt og fara sínar eigin leiðir".
Vinnulag:
Nær eingöngu verklegir tímar þar sem krafist er mikillar þátttöku í hreyfingu. Verkefnavinna þar sem unnið er með myndbandsupptökuvélar í verklegum tímum sem og önnur verkefnavinna.
Námsefni:
Ljósritað efni frá kennara.
Hópverkefni sem unnið er að einhverju leyti í tímum en jafnframt utan þeirra.

**ÍÞH006G • Knattspyrna I • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Kennari: Örn Ólafsson Lektor
Markmið
Að nemandi

- taki þátt í verklegum æfingum í knattspyrnu sem ná m.a. til tækni-, þrek- og leikfræðiþjálfunar

- nái tökum á grundvallaratriðum í knattspyrnutækni
- læri undirstöðuatriði liðssamvinnu og geti útfært þessi atriði í leikrænum æfingum, leikæfingum
- skilji hvað felst í leikfræði í knattspyrnu og sé fær um að brjóta leikfræðina niður í smærri einingar
- þekki helstu atriði sem snúa að þjálffræði í knattspyrnu
- læri að skipuleggja og þjálfa börn og unglinga og setja upp markvissan tímaseðil

Inntak
Námskeiðið er byggt upp á verklegum æfingum samkvæmt kröfum KSÍ og verklegri þátttöku nemenda. Í gegnum verklegar æfingar og fræðilega kennslu er stefnt að því að nemandi öðlist almennan skilning á hugtökum í knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun og geti nýtt sér þekkingu sína við að miðla öðrum með þjálfun í greininni. Stefnt er að því að þekking nemandans nái til þeirra atriða sem henta byrjendum í knattspyrnu, börnum og unglingum.
Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni knattspyrnuþjálfunar. Einnig að nemandi geti unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum í þjálfun barna og unglinga, s.s. að setja sér markmið, gera þjálfunaráætlun og fylgja henni eftir. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að setja fram og lýsa undirstöðuatriðum knattspyrnunnar, hvort heldur að um sé að ræða tækni, þrekþætti eða leikfræði, á skilmerkilegan máta. Nemandi á að geta lagt sjálfstætt mat á þær leikaðferðir sem henta byrjendum eða börnum og unglingum. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýni áhuga á íþróttinni, jákvæðni í þátttöku og sjálfstæði í vinnubrögðum til að auka færni sína frekar í knattspyrnu.
Viðfangsefni
Knattspyrnutækni, leikfræði, undirstöðuatriði liðssamvinnu, þjálfunarfræði, kennslufræði, knattspyrnulög, þjálfun/æfingakennsla, skipulag þjálfunar.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í formi verklegra kennslustunda, fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu.
Námefni
- Kennslu- og æfingaskrá fyrir barna- og unglingaþjálfun í knattspyrnu eftir Janus Guðlaugsson, KSÍ gefur út.
- Knattspyrnulög, KSÍ gefur út
Skriflegt próf 50%
Verkefni og verklegt próf 50%

**ÍÞH007G • Knattspyrna II • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Örn Ólafsson Lektor
Umsjónarkennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Markmið
Að nemandi

- taki þátt í verklegum æfingum í knattspyrnu sem ná m.a. til tækni-, þrek- og leikfræðiþjálfunar
- bæti við hæfni sína í knattspyrnutækni og ýmsum sérhæfðum æfingum
- þjálfist í að útfæra æfingar sem ná til leikfræði einstaklings, hops og liðs
- þjálfist í að vinna með sérhæfðar þrekæfingar fyrir knattspyrnuiðkendur sem sérstaklega ná til þols, styrks og hraða knattspyrnumanna
- geri sér grein fyrir mikilvægi þjálfarans sem leiðtoga og fyrirmyndar
- þjálfist í að vinna mánaðar- og vikuáætlanir í knattspyrnu og geti fylgt þeim eftir með markvissri æfingaáætlun einstakra þjálfunarstunda

Inntak
Námskeiðið er byggt upp á verklegum æfingum samkvæmt kröfum KSÍ og verklegri þátttöku nemenda. Í gegnum verklegar æfingar og fræðilega kennslu er stefnt að því að nemandi öðlist dýpri skilning á ýmsum hugtökum í knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun og geti nýtt sér þekkingu sína við þjálfun í greininni. Stefnt er að því að þekking nemandans nái til þeirra atriða sem henta unglingum í knattspyrnu.
Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni knattspyrnuþjálfunar. Einnig að nemandi geti unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum í þjálfun unglinga, s.s. að setja sér markmið, gera þjálfunaráætlun og fylgja henni eftir. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að setja fram og lýsa leikfræði knattspyrnunnar og þreki á skilmerkilegan máta. Nemandi á að geta lagt sjálfstætt mat á leikaðferðir sem henta unglingum og lengra komnum. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýnir áhuga á að bæta sig í greininni og sjálfstæði vinnubrögðum.
Viðfangsefni
Sérhæf knattspyrnutækni, leikfræði, leikfræði einstaklings, leikfræði hóps, leikfræði liðs, þjálfunarfræði, þjálfun með púlsklukkur, kennslufræði, þjálfun/æfingakennsla, skipulag þjálfunar.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í formi verklegra kennslustunda, fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu.
Námefni
- Kennslu- og æfingaskrá fyrir barna og unglingaþjálfun í knattspyrnu eftir Janus Guðlaugsson, KSÍ gefur út.
- Ýmis gögn frá kennurum.
Verkefni og símat

**ÍÞH009G • Útivist - ferðamennska á vatni • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Menntunarmarkmið
Að nemandinn:

- Öðlist þekkingu á ferðamennsku á vatni og hvað þurfi að hafa í huga við skipulagningu slíkra ferðalaga.
- Verði fær í grunnaðferðum við stjórnun á kanó hvort sem er með félaga eða einn í bát.
- Öðlist þekkingu og hæfni til að bregðast rétt við ef bát hvolfir.
- Verði fær í að koma í orð og miðla til annarra hvernig stýra eigi kanó á árangursríkan hátt.

Undirmarkmið
Að nemandinn:

- hafi öðlast skilning á því hvaða áhrif mismunandi áratök hafa á bátinn.
- geti skipulagt og farið í ferð með hóp t.d. grunnskólanemendur. Að nemandinn geti á ábyrgan hátt tekið ákvörðun um leiðarval við mismunandi aðstæður. Að nemandinn verði fær um að útbúa útbúnaðarlista fyrir ferðalög á vatni.
- geti á rökstuddan og einfaldan hátt gert grein fyrir því hvaða áhrif mismunandi róðrartök hafa á bátinn. Að nemandinn geti greint og leiðrétt ranga róðrartækni.
- sýni vilja til að auka færni sína í ferðamennsku á vatni og taki fagnandi við leiðsögn og leiðsegi öðrum þegar það á við.
- hafi tileinkað sér víðsýni og geti yfirfært þekkingu sína á önnur form útivistar.

Inntak / viðfangsefni: Farið verður ítarlega í grunnróðratækni fyrir kanó, hvernig standa eigi að björgun úr vatni, hvaða klæðnaður er heppilegur fyrir ferðalög á vatni og að hverju þurfi að huga áður en lagt er af stað.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, styttri ferðir og ein helgarferð. Mætingaskylda er í námskeiðið.
Nemendur útbúa kennslu-/ kynningarefni um einhvern þátt ferðamennsku á vatni. Verkleg færni og virkni í ferðum mun einnig verða metin.

**ÍÞH012G • Golf og skólagolf • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafþór Birgir Guðmundsson Lektor
Kennari: Jón Hafsteinn Karlsson
Kennari: Anna Sigríður Erlingsdóttir
Markmið
Markmið námskeiðsins er að nemandinn hafi almennan skilning á golfhugtökum og grunnatriðum í golfíþróttinni. Að nemandinn hafi tileinkað sér almenna þekkingu og skilning á golfíþróttinni hér á Íslandi og geti nýtt þekkingu sína, getu og skilning á golfíþróttinni , grunnreglum hennar og búi yfir hæfni til að þess að miðla þekkingunni til nemenda sinna. Þekking nemandans skal ná til þeirra atriða sem henta byrjendum mest í golfíþróttinni t.d. börnum og unglingum í skólaíþróttum.
Hagnýt hæfni:Að nemandinn geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni golfíþróttarinnar. Að nemandinn geti unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum í skólagolfi. Að nemandi geti sett sér markmið, gert starfsáætlun og fylgt henni.
Fræðileg hæfni:Að nemandinn hafi hæfni til að setja fram og lýsa grunnatriðum golfíþróttarinnar á góðan og skiljanlegan hátt, og hafi öðlast skilning á og innsæi í golfleikinn. Nemandur eiga að geta lagt sjálfstætt mat á þær leikaðferðir sem hentar byrjendum best.
Hæfni í samskiptum:
Að nemandinn sýni mikinn áhuga , námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta aukið færni sína frekar í golfíþróttinni.
Námshæfni
Að nemandinn geti tekið virkan þátt í samstarfi á sínu sviði, miðlað hugmyndum sínum og kunnáttu, kunni að beita þeirri grunntækni sem nauðsynleg er og nýtist sem best við kennslu. Hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun og verki sem nýtist í kennslu í skólagolfi.
Inntak / viðfangsefni
Tekið verður fyrir grunnatriði golfsveiflunnar og púttstrokan bæði í leik og í alvöru.
Námsefnið Skólagolf kennt bæði utan- og innandyra. Algengustu golfreglur verða teknar fyrir ásamt því hvernig hentar byrjenda að hefja golfferil sinn. Golfaðstaða á Íslandi kynnt.
Börn og golf. Hvernig heppilegast sé að kynna golfíþróttina fyrir börnum og unglingum og hvað skal varast.
Nokkrar leikaðferðir í golfi prófaðar. Ásamt ýmsum greinum um golf sem kæmi sér vel fyrir nemendurna.
Vinnulag
Námskeiðið byggist á að kenna grunnsveiflu í golfi ásamt púttstroku. Notuð verða áhöldin #7 og #P járn ásamt pútter. Kennt er með stöðvaþjálfun þar sem nemendur fá tækifæri til þess að æfa grunnsveifluna á marga vegu í mismunandi æfingum með tennis- og innigolfboltum. Kennd verða lengdarhögg þar sem hefðbundnir golfboltar verða notaðir. Kennslustundunum verða skipt niður í inni og útitíma einnig fá nemendur að spreyta sig í æfingakennslu úti og inni. Kynning verður í Sporthúsinu og Básum og aðstaðan skoðuð og prófuð. Einnig veður farið á golfvelli og spilaðar nokkrar holur.
Greiða þarf námskeiðsgjöld á þessu námskeiði.
Námsmat
Mætingaskilda 90% af tímum og 100% skilaskylda á tímaseðlum og verkefnum.
Lesefni:
Skólagolf kennslu efni fyrir íþróttakennara í golfi
Berskjölduð á fyrsta teig. Smárit fyrir nýliða í golfi
Myndskreytt golfreglubók. Handhæg og skýr þar sem algengustu golfreglurnar eru skráðar.
Ýmsar greinar um golf sem kemur byrendum að góðum notum

**ÍÞH016G • Þjálfun aldraðra og mælingar • (5e) • Vor**
Markmið:

Að nemandi

- fræðist um almenna þrekþjálfun aldraðra og helstu þjálfunaraðferðir
- geri sér grein fyrir þeim kröfum sem aldraðir þurfa á að halda í sinni þjálfun
- geri sér grein fyrir mikilvægi hreyfifærni og þreks aldraðra og að hægt sé að halda við eða bæta hreyfifærni og þrek með markvissum æfingum
- þjálfist í að greina stöðu aldraðra með mælingum á hreyfifærni, helstu þrekþáttum og heilsutengdum lífsgæðum
- læri helstu aðferðir við mælingar, úrvinnslu gagna og að setja þær skipulaga fram

Inntak
Námskeiðið er byggt upp á fræðilegum og verklegum æfingum. Í gegnum verklegar æfingar og fræðilega kennslu er stefnt að því að nemandi öðlist enn dýpri skilning á ýmsum sérhæfðum þáttum í þjálfun eldri aldurshópa og geti nýtt sér þekkingu við þjálfun aldraðra. Stefnt er að því að þekking nemandans nái til þeirra atriða sem henta eldri heilbrigðum einstaklingum og einstaklingum á stjúkrastofnunum.

Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni þjálfunar aldraðra. Einnig að nemandi geti unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum í þjálfun aldraðra, s.s. að setja sér markmið, gera sérhæfða og einstaklingsbundna þjálfunaráætlun og fylgja henni eftir. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að setja fram og lýsa sérhæfðri þjálfun eldri aldurshópa og sérhæfðum þrekþáttum og hreyfifærni á skilmerkilegan hátt. Nemandi á að geta lagt sjálfstætt mat á þrekþætti og æfingar til að efla almenna hreyfifærni sem henta öldruðum og tengja það við alhliða uppbygginu á heilsuhugtakinu. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýnir hæfileika í stjórnun, sjálfstæð vinnubrögð og geti unnið með öðrum.
Viðfangsefni
Öldrun og sjúkdómar, færniskerðing, þjálfunaraðferðir fyrir aldraða, rannsóknir á öldruðum, hreyfifærni, holdafar, holdafarsmælingar, heilsutengd lífsgæði, aðferðir, mælitæki, þrekþættir, þol, styrkur, samhæfing.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í formi fyrirlestra, verklegra kennslustunda, umræðna og verkefnavinnu.
Námefni

- Physical Dimensions of Aging eftir Spirduso, W. W., Francis, K. L. Og MacRae, P. G. (2. útgáfa), Human Kinetics, 2005
- Gögn frá kennara

Skriflegt próf 50%
Verkefni og verklegt próf 50%

**ÍÞH022G • Danskennarinn • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kári Jónsson Lektor
Markmið
Að nemandinn
- öðlist færni og kunnáttu í að leiðbeina um ýmsar kennsluaðferðir og tækni við danskennslu
- öðlist færni í að leiðbeina um grunnspor í flestöllum dönsum fyrir börn á grunnskólaaldri
- geti leiðbeint slökum og áhugalausum nemendum til betri árangurs
- virki dansáhuga ungs fólks með jákvæðu viðhorfi
- geti greint tónlist við hæfi hvers dans
- setji sig inn og geti kennt og dansað herra- og dömuspor
- geti greint og valið dansa og æfingar við hæfi hvers aldurs barna
- geti skipulagt og kennt danstíma í grunnskólum
- geta búa til dans

Inntak
Námskeiðið er byggt upp á verklegum æfingum/danstímum. Í gegnum verklegar æfingar og kennslu er stefnt að því að nemandi öðlist enn dýpri skilning á danskennslu og hlutverki danskennarans. Farið verður betur í tækniatriði og kennd verða fleiri tilbrigði við þá dansa sem nemendur þekkja nú þegar. Áhersla er lögð á dansfærni og kennslufræðilegan skilning, uppbyggingu og framkvæmd danskennslu. Lagt er áhersla á sköpun og eðlileg samskipti kynjanna.
Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni danskennslu eftir aldri. Einnig að nemandi geti sett sér markmíð, gert kennsluáætlun og fylgt henni, unnið sjálfstætt og skipulega að skipulagningu danskennslu. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að sýna, setja fram og lýsa dansspsorum við hæfi hvers og eins dans. Nemandi á að geta lagt sjálfstætt mat á kennsluáætlun og geta metið hvaða dansar og spor passa við hvern aldur og hvern dans. Nemandi á að hafa öðlast skilning og innsæi í hlutverk danskennarans. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýni hæfileika í stjórnun, sjálfstæð vinnubrögð og geti unnið með öðrum.
Viðfangsefni
- Samkvæmisdansar s.s. Cha cha cha, Samba, Jive og Enskur vals.
- Gömlu dansarnir s.s. Skottís, Vínarkrus, Polki og Ræl
- Mambó, Salsa og Rock
- Tiskudansar s.s. dans ársins, country dansa, Free-style o.fl.

Vinnulag:
Kennsla fer fram í formi verklegra kennslustunda og danskennslu á vettvangi

Æskileg undirstaða: Hreyfing og íþróttir barna 2-6 ára (ÍÞH101G) eða Hreyfing og íþróttir barna II (ÍÞH207G)
Verklegt og munnlegt próf.

**ÍÞH023G • Danskennarinn II • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Íris Anna Steinarrsdóttir
Kennari: Kári Jónsson Lektor
Markmið
Að nemandinn
- öðlist dansfærni til þess að geta leiðbeint í grunnsporum
- öðlist færni og kunnáttu í að leiðbeina um ýmsar kennsluaðferðir og tækni við danskennslu
- öðlist færni í að leiðbeina um grunnspor í flestöllum dönsum fyrir börn á grunnskólaaldri
- geti leiðbeint slökum og áhugalausum nemendum til betri árangurs
- virki dansáhuga ungs fólks með jákvæðu viðhorfi
- geti greint tónlist við hæfi hvers dans
- setji sig inn og geti kennt og dansað herra- og dömuspor
- geti greint og valið dansa og æfingar við hæfi hvers aldurs barna
- geti skipulagt og kennt danstíma í grunnskólum
- geta búa til dans

Inntak
Námskeiðið er byggt upp á verklegum æfingum/danstímum. Í gegnum verklegar æfingar og kennslu er stefnt að því að nemandi öðlist enn dýpri skilning á danskennslu og hlutverki danskennarans. Farið verður betur í tækniatriði og kennd verða fleiri tilbrigði við þá dansa sem nemendur þekkja nú þegar. Áhersla er lögð á dansfærni og kennslufræðilegan skilning, uppbyggingu og framkvæmd danskennslu. Lagt er áhersla á sköpun og eðlileg samskipti kynjanna.

Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni danskennslu eftir aldri. Einnig að nemandi geti sett sér markmíð, gert kennsluáætlun og fylgt henni, unnið sjálfstætt og skipulega að skipulagningu danskennslu. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að sýna, setja fram og lýsa dansssporum við hæfi hvers og eins dans. Nemandi á að geta lagt sjálfstætt mat á kennsluáætlun og geta metið hvaða dansar og spor passa við hvern aldur og hvern dans. Nemandi á að hafa öðlast skilning og innsæi í hlutverk danskennarans. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýni hæfileika í stjórnun, sjálfstæð vinnubrögð og geti unnið með öðrum.
Viðfangsefni
- Samkvæmisdansar s.s. Cha cha cha (framhald), Samba, Jive, Rumba, Enskur vals ( framhald), Quick-step og Tangó
- Mambó, Salsa og Rock
- Tiskudansar s.s. dans ársins, country dansa, Free-style o.fl.

Vinnulag:
Kennsla fer fram í formi verklegra kennslustunda og danskennslu á vettvangi
Æskileg undirstaða: Hreyfing og íþróttir barna 2-6 ára (ÍÞH101G) eða Hreyfing og íþróttir barna II (ÍÞH207G)
Verklegt og munnlegt próf.

**ÍÞH029G • Glíma og júdó • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að kynna glímu- og júdóíþróttina fyrir nemandanum og að hann verði fær um að nota glímu og júdó í skólaíþróttum.
Undirmarkmið
- Að nemandinn geti með góðu móti leiðbeint og sýnt hvernig gera á ákveðin júdó- og glímubrögð og hvernig best er að verjast þeim.
- Að nemandinn þekki helstu reglur sem gilda í glímu og júdó og geti miðlað þeim.
- Að nemandinn tileinki sér þann orðaforða sem dómari notar í keppni í júdó og glímu.

Viðfangsefni: Farið verður í tækni sóknarbragða og varnar í glímu, kast- og gólfbragða í júdó þ.m.t. hengingar og lása. Nemendur fá að glíma hver við annan og dæma hjá öðrum. Bændaglíma í glímu og sveitakeppni í júdó verða kynnt.
Vinnulag: Námskeiðið er verklegt að mestu leiti.
Verklegt próf og mat á virkni. ATH: Mætingaskylda er í verklega þætti námskeiðsins.

**ÍÞH030G • Útiskóli og hreyfing • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er:
- Að gera nemendur færa um að skipuleggja útikennslu, bæði stakan dag og markvisst yfir lengri tíma
- Að nemendur læri að meta nærumhverfið og þá möguleika sem það gefur til útikennsla
- Að nemendur læri hversu áhrifarík útikennsla getur verið til að auka hreyfingu í skólastarfi
- Að nemendur fái innsýn í hvernig gott er að byggja upp útikennslustofu

Viðfangsefni: Skoðaðar verða aðferðir til að byggja upp leiktæki/þrautabrautir og skýli úr náttúrulegum efnivið. Skoðaðar verða mismunandi tegundir varðelds og farið yfir kosti og galla hverrar tegundar og hvaða möguleika eldurinn býður í skólastarfi. Farið verður yfir hvernig auka má hreyfingu í skólastarfi sé það fært út þó svo að meginánhersla sé á bóklegar greinar. Nemendur skipuleggja útiskóladag og fylgja skipulaginu eftir með verklegri kennslu þar sem nemendur kenna samnemendum annars vegar og grunnskólanemum hins vegar.
Vinnulag: Fyrirlestrar og verkleg kennsla úti
Skriflegt verkefni og skriflegt próf. ATH: Mætingaskylda er í verklega þætti námskeiðsins.

**ÍÞH031G • Vetrarfjallamennska • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að gera nemandann færan til að ferðast í brattlendi í vetraraðstæðum. Eftir námskeiðið á nemandinn að vera fær um að leiða hóp í léttari ferðum.
Undirmarkmið
- Að nemandinn geti metið aðstæður m.t.t. hættumerkja, sérstaklega snjóflóðahættu, og valið leið eftir því.
- Að nemandinn geti bjargað sjálfum sér og öðrum upp úr jökulsprungu.
- Að nemandinn öðlist þekkingu á því hvernig hagkvæmast er að ganga á mannbroddum og hvernig ísöxi er beitt.
- Að nemandinn þekki hvernig jöklar hreyfast og hvernig sprungur myndast.
- Að nemandinn tileinki sér þau hugtök sem notuð eru manna á milli í vetrarfjallamennsku.

Viðfangsefni: Farið verður í ferðatækni í brattlendi við vetraraðstæður, öryggismál s.s. ís- og snjótryggingar, snjóflóðabúnað (ýli, leitarstöng og skóflu) og ísaxarbremsu. Hvernig hentugt er að byggja snjóhús til næturdvalar. Hverju þarf að huga að þegar ferðast er í forsvari fyrir hóp
Vinnulag: fyrirlestrar og útivistarferðir.
Til að geta tekið þátt í námskeiðinu þurfa nemendur að verða sér úti um (kaupa/leigja/fá lánað) ákveðinn búnað sjálfir (útbúnaðarlista verður dreift í upphafi námskeiðs).
Skriflegt verkefni og mat á verklegri kunnáttu. ATH: Mætingaskylda er í verklega þætti námskeiðsins.

**ÍÞH032G • Vetraríþróttir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Örn Ólafsson Lektor
Markmið:
Markmið námskeiðsins er að búa nemendum undir kennslu í vetraríþróttum, auk þess að gefa þeim innsýn í þá miklu möguleika sem vetraríþróttaferðir geta gefið í almennu skólastarfi. Einnig að nemendur öðlist grunnfærni í ólíkum íþróttagreinum vetraríþrótta auk þess að hvetja þá til aukinnar ástundunar á þessum vinsælu almennings og keppnisíþróttagreinum.
Viðfangsefni:
Á námskeiðinu verður eftirfarandi tekið fyrir: hokkýskautar, svigskíði, gönguskíði og snjóbretti. Kynning á vetraríþróttum fatlaðra.
Vinnulag:

Kennsla er að stærstum hluta verkleg og fer hún fram að hluta til á Akureyri þ.e. í Hlíðarfjalli og Skautahöll Akureyrar og krefst þess að nemendur vinni sjálfstætt og séu virkir þátttakendur í öllum tímum.
Nemendur þurfa að greiða fyrir ferðir frá Laugarvatni til kennslustaðar (Akureyrar) auk kostnaðar við gistingu og uppihald.
Staðið/ekki staðið Mætingaskylda er 100% í alla verklega tíma auk þess verða nemendur að skila æfingatímum (3 klst á dag) fyrir utan hefðbundna kennslu. Skil á hópverkefni með lágmarkseinkunn 7.0

**ÍÞH033G • Klínísk heilsuþjálfun • (5e) • Haust**
-

**ÍÞH034G • Íþróttasálfræði • (5e) • Vor**
-

**ÍÞH035G • Markaðsfræði og stjórnun • (5e) • Haust**
-

**ÍÞH036G • Sérkennsla og þjálfun fatlaðra • (10e) • Vor**
-

**ÍÞH037G • Starfsvettvangurinn í heilsurækt • (5e) • Vor**
-

**ÍÞH038G • Íþróttir, fjölmiðlar og kvikmyndir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
Kennari: Samúel Örn Erlingsson
Kennari: Júlían Meldon D'Arcy Prófessor
Markmið
Að námskeiði loknu skulu nemendur:
- þekkja vel til umfjöllunar fjölmiðla um íþróttir, jafnt prentmiðla sem heyrnar- og sjónmiðla
- þekkja vel til málfars og málnotkunar í íþróttum
- kunna skil á meginatriðum starfs íþróttafréttamanna fjölmiðlanna
- geta skrifað einfaldar íþróttafréttir, jafnt þýddar sem byggðar á minnlendri upplýsingaöflun
- geta fylgst með íþróttaviðburði og gefið greinagóða lýsingu á honum jafnóðum (bein útsending)
- þekkja vel til íþrótta í kvikmyndum, jafnt íslenskum sem erlendum
- geta fjallað um og dæmt íþróttakvikmyndir út frá fræðilegum þáttum þar sem nýtt eru hugtök m.a. íþróttafræða, félagsvísinda og sálfræði
Inntak / viðfangsefni
Nemendur kynna sér íþróttaumfjöllun íslenskra fjölmiðla undir leiðsögn kennara og gestafyrirlesara frá fjölmiðlunum. Fjallað verður um sérkenni og form einstakra fjölmiðla, íþróttaumfjöllun þeirra metin út frá ýmsum þáttum, svo sem áreiðanleika, málfari, vægi einstakra íþróttagreina, kynbundnum mun o.fl. Nemendur fá tækifæri til að prófa sig í starfi íþróttafréttamanna.
Nemendur kynna sér undir leiðsögn kennara íþróttir í kvikmyndum, einkum bandarískum kvikmyndum, en einnig íslenskum. Skoðaþðar verða nokkra kvikmyndir sem dæmi og þær metnar út frá umfjöllun þeirra, boðskap, íþróttaumfjöllun þeirra og hlutverks íþrótta í þeim
Vinnulag
Kennt verður með fyrirlestrum og vinnutímum, auk eigin upplýsingaöflunar og verkefna nemenda. Nemendur fá tækifæri til að skrifa einfaldar íþróttafréttir, jafnt þýddar sem byggðar á minnlendri upplýsingaöflun. Þeir fá einnig tækifæri til að fylgjast með íþróttaviðburði og gefa greinagóða lýsingu á honum jafnóðum (bein útsending). Nemendur fá loks tækifæri til að fjalla um og dæma íþróttakvikmyndir út frá fræðilegum þáttum þar sem nýtt eru hugtök m.a. íþróttafræða, félagsvísinda og sálfræði
Prófað verður skriflega og/eða munnlega í fræðilegum þáttum viðfangsefnis námskeiðsins. Auk þess verða verkefni nemenda metin til einkunna.

**ÍÞH039G • Frjálsíþróttir - vallargreinar • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnhildur Hinriksdóttir Aðjunkt
Markmið: Að nemendur:
- Kynnist og auki dýpt sína á tækniatriðum stökk- og kastgreina í frjálsíþróttum.
- Þekki keppnisreglur stökk- og kastgreina í frjálsíþróttum
- Verði búnir undir þjálfun stökk- og kastgreina í frjálsíþróttum.

Viðfangsefni: Stökk- og kastgreinar frjálsíþrótta. Farið verður í tækniþjálfun og undirbúningsæfingar fyrir hástökk, langstökk, þrístökk, stangarstökk, kúluvarp, spjótkast, kringlukast og sleggjukast. Tæknigreining og vinnukröfugreining stökkvara og kastara verður skoðuð og leiðir til að bæta tækni og getu stökkvara og kastara.
Vinnulag: Kennsla verður í formi verklegra tíma, umræðutíma og verkefna.
60% Verkefni (tæknigreiningar, þjálfunaráætlun), 40% Munnlegt/verklegt lokapróf

**ÍÞH040G • Blak • (4e) • Haust**
-

**ÍÞH041G • Frjálsíþróttir - hlaupagreinar • (4e) • Haust**
-

**ÍÞH101G • Hreyfing og íþróttir barna 2-6 ára • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ingi Þór Einarsson
Kennari: Hafþór Birgir Guðmundsson Lektor
Kennari: Örn Ólafsson Lektor
Kennari: Olga Bjarnadóttir
Námskeiðið tekur mið af þroskaþáttum barna frá tveggja ára til átta ára aldurs og miðar að því að finna hreyfingu og íþróttir við hæfi. Fjallað er um mikilvægi hreyfiþjálfunar, mismunandi þroskaleiki, val leikja og sköpun nýrra leikja eftir því hver markmið þeirra eru útfrá þroskaþáttum og líkamlegri færni og afkastagetu. Íþróttaskólar barna eru skoðaðir, þjálfunaraðferðir auk samþættingar hreyfiþjálfunar og annarrar kennslu í leikskólum.
Aðferðir s.s. hringþjálfun og stöðvaþjálfun er notuð við hreyfibrautir sem reyna á sem flesta þroskaþætti. Æfingar með eigin líkama s.s. jafnvægi, vagg, veltur, skrið, hlaup, hopp, höngur, klifur, dans og hreyfitjáning við tónlist. Virkjaðar eru grófhreyfingar og fínhreyfingar, ímyndunarafl, minni og sköpun í gegnum hlutverkaleiki, söguleiki, talnaleiki ofl.
Vatnsaðlögun og sundkennsla byrjenda er tekin fyrir.
Útivist og ratleikir barna, útiskóli og tenging hreyfináms við annað nám 2ja-8 ára í skólanum er skoðað.
Mikið er um verklega tíma þar sem nokkuð reynir á líkamlega afkastagetu og færni sem ekki er hægt að komast hjá að taka þátt í.
Nemendur eiga að geta skipulagt hreyfistundir og leikfimitíma með börnum frá tveggja ára til 8 ára aldurs út frá þörfum einstaklingsins og eftir kröfum námskrár í leik- og grunnskólum.
Skriflegt lokapróf ásamt skilaverkefnum sem flest eru verkleg.

**ÍÞH104G • Inngangur að háskólanámi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Kennari: Kristjana Mjöll Sigurðardóttir Náms-og starfsráðgjafi
Kennari: Margrét Guðmundsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Birgir Björnsson
Kennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Kennari: Anna Sigurðardóttir Námsráðgjafi
**Menntunarmarkmið** (learning outcomes)
Að nemendur

- kynnist vinnubrögðum og viðhorfum sem gilda í háskólanámi,
- temji sér akademíska og gagnrýna hugsun
- nái tökum á fræðilegri og faglegri framsetningu eigin þekkingar og rannsókna
- mótist í jákvæðu viðhorfi til háskólanáms, fræðiiðkunar og rannsókna

- **Undirmarkmið**
- Að nemendur
- efli ritfærni sína með áherslu á rannsóknarritgerðir og rannsóknarskýrslur
- verði vel meðvitaðir um markviss efnistök, málnotkun og málfar
- tileinki sér helstu grundvallarreglur í textameðferð og heimildanotkun
- bæti námstækni sína og öðlist leikni í notkun bókasafna, bókasafnsforrita og við upplýsingaleit á netinu
- þjálfist í gagnrýnu mati og umgengni við heimildir, notkun þeirra og markvissri skráningu
- öðlist þekkingu á þeim möguleikum sem upplýsingatækni og tölvunotkun veita í skólastarfi
- séu færir um að geta tengt upplýsingatækni við ríkjandi stefnur í kennslufræðum
- þjálfist í helstu rannsóknaraðferðum og fái æfingu í að rýna í rannsóknir

Ritgerðir, heimaverkefni og próf.

**ÍÞH106G • Skólaíþróttir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Örn Ólafsson Lektor
Kennari: Óskar Þórðarson Aðjunkt
Menntunarmarkmið:
Að nemendur;

- Geti tekið mið af námskrá grunnskóla og metið hvaða hreyfing er við hæfi mismunandi aldurshópa
- Viti (þekki) hvers konar hreyfing er æskileg til að örva þroska og hreyfifærni barna í yngri bekkjum grunnskóla (8-12 ára)
- Geti flokkað og mótað leiki eftir mismunandi markmiðum, aldurshóp og áherslum í kennslu
- Öðlist nokkra færni í grunnþáttum flestra íþróttagreina hjá þessum aldurshópi
- Geti skipulagt, framkvæmt og stjórnað grunnskólamóti í "Fjör í frjálsum"
- Skipulagt og kennt mismunandi boltafærni
- Kunni dansa sem henta þessu skólastigi
- Geti rennt sér á alpaskíðum og/eða snjóbretti og skautum.
- Kynnist vettvangi íþróttakennarans í grunnskólum landsins

Inntak / Viðfangsefni:
Boltaaðlögun
Nemendur kynnist því hvernig hægt er að nota hina ýmsu bolta við kennslu án þess að vera með áherslur á eina ákveðna boltagrein
Skrifleg verkefni, verklegt- og skriflegt próf. Mætingarskylda er i námskeiðið

**ÍÞH107G • Líffæra- og lífeðlisfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ingi Þór Einarsson
Umsjónarkennari: Gunnhildur Hinriksdóttir Aðjunkt

Markmið:

Að nemandi:

- Kunni skil á líffærafræðilegri uppbyggingu og starfsemi líkamans s.s. vöðva, beina, liðbanda, liðpoka, hjarta- og æða, lungna, nýrna og meltingarfæra
- Kunni skil á mannslíkamanum í hreyfingu
- Skilji uppbygginu og starfsemi venjulegrar frumu, flutning í gegnum frumuhimnu og hvernig frumur koma boðum til hver annarrar
- Kunni skil á líffærafræðilegri uppbyggingu og lífeðlisfræðilegri starfsemi líkamans og hinna ýmsu líkamskerfa s.s. taugakerfis, innkirtlakerfis, hjarta- og æðakerfis, lungna- og öndunarkerfis, vöðva, nýrna, ónæmiskerfis
- Kunni skil á líffærafræðilegri uppbyggingu og starfsemi ýmissa skynkerfa líkamans s.s. augu og sjón, heyrn og jafnvægi
- Geri sér grein fyrir lögmálum sýru- og basajafnvægis og vökva- og jónajafnvægi líkamans og þeim þáttum sem hafa áhrif á það jafnvægi

Viðfangsefni:

- Fruman, uppbygging hennar, innihald og starfsemi. Hvernig frumur hafa samskipti við hver aðra (hormón, taugaboðefni og önnur mólekúl) og hvernig þeim er stjórnað. Uppbygging frumuhimnunnar og flutningur efna í gegnum hana.
- Taugakerfið og uppbygging þess. Viljastýrða taugakerfið, sjálfvirka taugakerfið, drifkerfið og sefkerfið. Fjallað verður um taugafrumuna og myndun taugaboða. Farið verður inn á skynjun og hreyfistjórnun og samspil skynjunar og hreyfingar.
- Vöðvar, mismunandi tegundir þeirra og uppbygging. Staðsetning vöðva s.s. upptök, festu og starf einstaka vöðva og vöðvahópa, starfsemi og stjórnun vöðva í hreyfingu. Uppbygging og starfsemi vöðvafruma.
- Uppbygging beinagrindinar, mismunandi tegundir liðamóta, einstök bein, liðfletir, bönd og gerð þessara líffæra, hlutverk, staðsetning og festustaðir.
- Skilningur og yfirlit yfir uppbyggingu mannslíkaminn í hreyfingu.
- Hormónakerfið, mismunandi gerðir hormóna og hlutverk þeirra, stjórn hormónaseytingar.
- Hjarta- og æðakerfið, uppbygging hjartans og mismunandi æða. Samsetning blóðs og hlutverk þess. Farið verður í mismunandi hringrásir æðakerfisins og sogæðakerfið. Komið verður inn á blóðþrýsting og lítils háttar farið í stjórnun æða og blóðþrýstings.
- Öndun- og lungnakerfið, uppbygging lungnanna og mismunandi rýmdir þess. Stjórnun lungna og öndunar. Lungnaflæði og þeir þættir sem hafa áhrif á loftskipti blóðs og lungna.
- Nýrun, uppbygging og starfsemi þeirra. Frásog, uppsog og endursog jóna og vatns og stjórnun þessara ferla. Undirstöðulögmál sýru-basa jafnvægis og stjórnun sýrustigs líkamans.
- Ónæmiskerfið, frumur og hlutverk þeirra í bakteríu- og vírussýkingum
- Uppbygging og hlutverk meltingarkerfisins
- Efnaskipti og framleiðsla ATP

Vinnulag:

Kennsla í námskeiðinu fer að mestu leiti fram í fyrirlestrum og dæma/verkefnatímum

Munnlegt og skriflegt próf, verkefni

**ÍÞH202G • Sund, skyndihjálp og björgun • (10e) • Vor**

Umsjónarkennari: Hafþór Birgir Guðmundsson Lektor

Helstu markmið námskeiðsins eru að nemendur:

- Læri og skilji lögmál vatnsins kosti og galla.
- Að nemendur skilji aflfræði sundsins
- Þekki tækni sundaðferðanna og geti miðlað þeim til annarra
- Öðlist færni í sundaðferðunum þannig að þeir geti sýnt öðrum.
- Geti kennt og sagt öðrum til og leiðrétt algengar villur barna af bakka og í laug
- Geti útbúið æfingar við hæfi forskóla- og grunnskólabarna.
- Geti gert tímaseðla og kennsluáætlun í sundkennslu miðað við námsskrá.
- Geti brugðist við og bjargað fólki úr vatni.
- Kunni og geti notað alla almenna skyndihjálp.
- Geti unnið sjálfstætt við eigin þjálfun í vatni.

Lýsing:

Námskeiðið er mikið verklegt en byggir á fræðilegum grunni sem kynntur er í fyrirlestrum.

Nemendur læra kennslufræði sunds og fá æfingu í að kenna öðrum sund og þurfa að sýna hæfni sjálf í tækni sundsins.

Nemendur þurfa að vera virkir í hreyfingu og sköpun.

Tekið er á þroskaþáttum barna og unglinga.

Námskeiðið þjálfar nemendur í að bjarga úr vatni og einnig að bregðast við öðrum slysum og sjúkdómum sem geta komið upp í kennarastarfinu.Nemendur hafa möguleika á að öðlast leiðbeinendaréttindi frá Rauða Krossi Íslands fái þeir 7,5 eða hærra í björgunar og skyndihjálpar hluta áfangans.

Vinnulag:

Fyrirlestrar, verklegar æfingar, umræður, hópvinna, leiðsögn, verkefnavinna.

Námsefni: Skólasund-kennarahandbók

Skyndihjálp og endurlífgun

Vettvangstenging: við grunn- og framhaldsskóla

Þekking, færni, skipulagning, beiting Nemendur þurfa að standast verklegt próf í sundi þ.e. sundtækni og þolsund á tíma, verkleg próf í skyndihjálp og björgun og skriflegt próf úr öllum áfanganum.

**ÍÞH208G • Vöxtur og þroski barna og unglinga • (10e) • Vor**

Umsjónarkennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor

Kennari: Ingi Þór Einarsson

Kennari: Jónína Sæmundsdóttir Lektor

Kennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Í námskeiðinu er farið yfir líffræðileg þroskaferli barnsins frá fæðingu fram til unglingsára. Farið er yfir andlega, líkamlega og félagslega þroskaþætti og ferli þeirra. Ítarlega er farið yfir áhrif neikvæðs lífsstíls á velferð barna og unglinga og mikilvægi hreyfingar fyrir þroska. Helstu viðfangsefni og kenningar þróunarsálarfræðinnar eru tekin fyrir. Helstu áhrifaþættir í vitrænni þróun, þ. á. m. samskipti við jafnaldra og uppalendur. Á námskeiðinu er þannig farið yfir áhrif uppeldis, erfða, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska barna og unglinga.
Skriflegt próf ásamt verklegum kynningum á verkefnum.

**ÍÞH209G • Tómstundir og frítíminn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Kennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Kennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Kennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Kennari: Björn Vilhjálmsson
Menntunarmarkmið
Að nemandi:

- öðlist almennan skilning á gildi, þýðingu og hlutverki tómstunda í nútímasamfélagi,
- fái heildaryfirsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í tómstundum barna, ungmenna og aldraðra,
- öðlist skilning á því menningar- og uppeldishlutverki sem tómstundarstarf gegnir með áherslu á börn og ungmenni
- geti nýtt sér hópþróun í hópastarfi, - geti gert áætlanir um starf sem vinnur gegn einelti og hvernig hægt er að nota útilíf í þeim tilgangi,
- þekki gildi útivistar og jaðaríþrótta og nýti þá þekkingu í starfi,
- fái innsýn í gildi félags- og tómstundastarfs fyrir börn og unglinga, - öðlist þekkingu á hlutverki þeirra sem vinna með börnum og unglingum, - þekki framkvæmd starfs félagsmiðstöðva, - viti hvernig stjórnun íþrótta- og æskulýðsmála er háttað í sveitarfélögum,
- efli færni og þekkingu á að skipuleggja og framkvæma útivist, ferðir og tómstundaviðburði fyrir fólk, sérstaklega börn og unglinga

Undirmarkmið
Að nemandi:

- öðlist þekkingu og færni í samskiptum og samvinnu við störf að skóla-, félags-, heilbrigðis- og menningarmálum
- öðlist færni í að stjórna, skipuleggja, framkvæma og meta tómstundarstarf
- öðlist hæfni í stjórnun unglingahópa og starfsmanna, - þekki grundvallarhugtök í stjórnunarfræðum, - kynnist og geti beitt mismunandi stjórnunaraðferðum við misjafnar aðstæður og með mismunandi hópum.
- þekki til helstu kenninga og rannsókna á sviði afbrotafræði, - kunni skil á kenningum um eðli afbrota og viðbragða samfélagsins gegn þeim, - öðlist þekkingu á helstu afbrotum sem framin eru gegn börnum og unglingum og sem þau fremja og hvernig vinna má gegn þeim, - verði færari að greina unglinga í áhættuhópa
- verði fær um að greina helstu áhættuþætti í lífi unglinga, - þekki þau úrræði sem bjóðast íslenskum unglingum í vanda, - þekki helstu aðferðir sem notaðar eru í vinnu með þessum hópi
- þekki til stjórnunar og framkvæmdar íþrótta-, tómstunda-og félagsstarfs í grunnskólum, einnig stjórnunar og framkvæmdar starfs í íþrótta- og æskulýðsfélögum
- þekki mun á mismunandi áhuga og þörfum kynjanna í tómstundastarfi, - geti framkvæmt minni viðburði á vettvangi frítímans
- öðlist færni og þekkingu í að skipuleggja og framkvæma ferðir með fólki, sérstaklega börnum og unglingum. - stuðli að því að nemendur þekki gildi útivistar og nýti hana í starfi.

Vinnulag:
Lestur, sjálfstæð verkefni á vettvangi, fyrirlestrar, umræðu- og verkefnatímar, samvinnunám, leiðsagnartímar og kynningar/málstofur.
Próf og verkefni

**ÍÞH302G • Kennslufræði íþrótta • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ann-Helen Odberg Lektor
Kennari: Örn Ólafsson Lektor
Kennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
Markmið:
Að nemandi:

- hafi almennan skilning á helstu hugtökum í kennslufræði íþrótta,
- hafi tileinkað sér víðtæka þekkingu og skilning á einu eða fleiri grundvallaratriðum í kennslu íþrótta auk alhliða hreyfináms
- öðlist þjálfun í að undirbúa fjölbreytta tímaseðla í kennslu og geti beitt þeim hjá tilteknum aldurshópum
- öðlist skilning og færni í að setja fram markmið með hliðsjón af skólanámskrá, alhliða heilsuuppbyggingu og þörfum grunnskólanna á hverjum tíma
- þekki helstu kennsluaðferðir og geti skipulagt undirstöðu atriði kennarastarfsins.
- öðlist skilning á kröfum um inntak hreyfingu í grunnskólum og hjá börnum almennt.
- séu meðvitaðir um beitingu raddar og raddvernd, framkomu og tjáskipti

Inntak/viðfangsefni
Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti greint og tekið réttmætar ákvarðarnir á faglegum grunni í kennslu. Einnig að nemandi geti unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum í kennslu s.s. að setja sér markmið, gera sérhæfða og einstaklingsbundna kennsluáætlun tengda vettvangi. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að setja fram og lýsa undirstöðuatriðum kennslufræðinnar og helstu kenningar um nám og námsaðferðir og tengsl þeirra við almennt skólastarf. Aðferðir við gerð kennsluáætlana og markmiðssetning.

Yfirlit um helstu kennsluaðferðir, kosti þeirra og galla. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýnir hæfileika í stjórnun, sjálfstæð vinnubrögð og geti unnið með öðrum.
Vinnulag:
Lestur, sjálfstæð verkefni, fyrirlestrar, umræðu- og verkefnatímar, samvinnunám, leiðsagnartímar og kynningar/málstofur.

**ÍÞH305G • Körfuknattleikur I • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Óskar Þórðarson Aðjunkt
**Námskeiðslýsing:**
Námskeiðið er ætlað fyrir nemendur sem vilja læra meira um íþróttagreinina körfuknattleik. Nemendur eiga að hafa a.m.k. grunnþekkingu á íþróttinni, leiknum og framkvæmd hans, og vitneskju um körfuknattleiksþjálfun hjá byrjendum og í yngri flokkum (til dæmis í gegnum námskeiðin "Hreyfing og íþróttir barna II" og "Hreyfing og íþróttir unglinga"). Námskeiðið er fyrirhugað fyrir þá nemendur sem hafa áhuga að læra um körfuknattleiksþjálfun hjá eldri flokkum.
**Markmið:**
Að nemandi:

- kynnist körfuknattleik betur og læri meðal annars hugmyndafræðina á bak við íþróttina
- kynnist æfingum sem henta fyrir eldri iðkendur
- læri að byggja upp æfingar fyrir eldri iðkendur
- læri grunnleikfræði, þ.e. sóknar- og varnarkerfi
- kafi dýpra í einhvern einn þátt sem viðkemur körfuknattleik

**Viðfangsefni:**
Viðfangsefni eru m.a.:

- Hugmyndafræðin á bak við körfuknattleik
- Leikfræði
- Æfingar og uppbygging þeirra
- Mismunandi áhersluatriði í þjálfuninni eftir aldri og getu

**Vinnulag:**
Kennslan er bæði verkleg (íþróttasal) og bókleg (fræðileg), ásamt verkefnavinnu nemenda (einstaklings sem og hópavinna). Að lokum er vettvangstenging í námskeiðinu.
1. Tímaseðill og kennsla á honum (15%) - einkunn 2. Vettvangsverkefni (35%) - einkunn 3. Körfuknattleiksverkefni (40%) - einkunn 4. Mæting og virkni (10%) - einkunn

**ÍÞH306G • Heilsufræði og heilsuefling • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigurbjörn Árni Arngrímsson Dósent
Kennari: Gunnhildur Hinriksdóttir Aðjunkt
Markmið að nemendur:

- Kynnist grundvallaratriðum í faraldsfræði hreyfingar.
- Dýpki skilning á samspili lífshátta og heilbrigðis, forvarna og meðferð sjúkdóma.
- Kynnist rannsóknum á tengslum lífshátta og sjúkdóma.
- Þekki leiðir til heilsueflingar, t.d. á vinnustöðum, í skólum og í samfélaginu.
- Tileinki sér hugtök og aðferðir fræðanna svo þeir geti fylgst með því sem vísindin leggja til á hverjum tíma.

Inntak / viðfangsefni:
Farið verður í grundvallaratriði og hugtök sem notuð eru í faraldsfræði hreyfingar. Áhrif hreyfingar á heilsufar almennt, lífslíkur og sjúkdóma, s.s. hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, offitu, beinþynningu, krabbamein ásamt áhrifum hreyfingar á ónæmiskerfið og andlega heilsu verður skoðað. Nemendur kynnist þeirri lífeðlisfræðilegu virkni sem liggur að baki áhrifa hreyfingar á sjúkdómsþróun. Samspil fleiri lífshátta og áhrif á heilbrigði jafnt í forvörnum sem meðferð sjúkdóma verður skoðað og kynntar leiðir sem skila árangri til heilsueflingar í samfélaginu. Tekin verða dæmi um slíkt úr faraldsfræði og íhlutandi rannsóknum.
Vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum og verkefnum. Ætlast er til virkar þátttöku nemenda í umræðum og verkefnavinnu.
Nauðsynleg undirstaða: Líffæra- og lífeðlisfræði þjálfunar (ÍÞH206G)
Próf 70% Verkefni 10% Kynning á heilsueflingu 20%

**ÍÞH307G • Ferðatækni og rötun • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Markmið: Markmið námskeiðsins er að gera nemendur færa til að ferðast um óbyggðir Íslands með áttavita og kort sér til leiðsagnar. Að nemandinn verði fær um að leiða hóp í útivistarferð og geti metið ástand hópsins m.t.t. gönguhraða, hvíldarstoppa o.s.frv. Að nemandi geti skipulagt ferð frá upphafi til enda fyrir tiltekinn hóp.
Undirmarkmið
- Að nemandinn geti með nokkurri nákvæmni staðsett sig á korti með því að nota áttavita annars vegar og GPS tæki hins vegar.
- Að nemandinn viti hvernig segulsvið jarðar virkar og hvers vegna reikna þarf með misvísun á ferðalögum um Ísland og hvernig það er gert.
- Að nemandinn geti haft eðlileg samskipti við fólk sem tilheyrir hóp sem hann leiðir til þess að hann geti unnið traust hópsins.

Viðfangsefni: Farið verður í notkun korta og áttavita til rötunar. Hlutverk fararstjóra/kennara í útivistarferðum verður skoðað. Farið verður í skipulag ferða, leiðarval og veðurteikn.
Vinnulag: Fyrirlestrar og útivistarferðir m.a. eigin ferð, skipulögð af nemendum.
Nemandi heldur stúdentamöppu þar sem fram kemur fróðleikur og reynsla úr námskeiðinu. Virkni verður einnig metin. ATH: Mætingaskylda er í verklega þætti námskeiðsins.

**ÍÞH309G • Þjálfarinn og starfið • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Óskar Þórðarson Aðjunkt
Námsskeiðslýsing:
Námskeiðið byggir á fyrri þekkingu sem aflað hefur verið í náminu, svo sem vöxtur og þroski barna og unglinga, líffæra- og lífeðlisfræði og þjálfunarlífeðlisfræði. Í námskeiðinu munu nemendur fá aukna þekking á viðfangsefni námskeiðsins, ásamt því að auka færni sína í að skipuleggja þjálfun. Nemendur munu síðan nota þekkingu sínu og færni við að skipuleggja ársáætlun fyrir ákveðinn iðkenda eða æfingahóp. Í námskeiðinu er vettvangsnám sem tengist þjálfarastarfinu.
Markmið: Að nemandi;
* öðlist aukna þekkingu á undirstöðuatriðum þjálfunar
* geti nýtt þekkingu og reynslu sína á sviði þjálffræði til að taka faglegar ákvarðanir í þjálfun og þjálfunaraðferðum
* tileinki sér víðtæka þekkingu og skilning á þjálfunarformunum og aðferðunum innan þeirra á sviði íþrótta-, líkams- og heilsuræktar og geti beitt þeim
* öðlist þekkingu á því hvernig á að skipuleggja þjálfun til lengri og skemmri tíma og geti nýtt sér þessa þekkingu í sinni vinnu
* átti sig á mikilvægi þess að skipuleggja þjálfunina og læri að skipuleggja þjálfun á sem hagkvæmastan hátt
* kynnist hvernig hægt er að nota tölvutæknina við skipulagningu þjálfunar og að halda utan um þjálfunina (kynnt verður Sideline forritið)
* vinni verkefni sem hann getur notað sem verkfæri í framtíðinni
* kynnist þjálfun á vettvangi
1. Vinnukröfugreiningarverkefni (5%) - einkunn 2. Sidelineverkefni (10%) - einkunn 3. Verkleg kennsla (5%) - staðist / ekki staðist 4. Ársáætlun (40%) - einkunn 5. Mat á vettvangsnámi (40%) - einkunn

**ÍÞH310G • Hreyfing og íþróttir barna II • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Örn Ólafsson Lektor
Kennari: Óskar Þórðarson Aðjunkt
**Menntunarmarkmið:**
Að nemendur;

- Geti tekið mið af námskrá grunnskóla og metið hvaða hreyfing er við hæfi mismunandi aldurshópa
- Viti (þekki) hvers konar hreyfing er æskileg til að örva þroska og hreyfifærni barna í yngri bekkjum grunnskóla (8-12 ára)
- Geti flokkað og mótað leiki eftir mismunandi markmiðum, aldurshóp og áherslum í kennslu
- Öðlist nokkra færni í grunnþáttum flestra íþróttagreina hjá þessum aldurshópi
- Geti skipulagt, framkvæmt og stjórnað grunnskólamóti í "Fjör í frjálsum"
- Skipulagt og kennt mismunandi boltafærni
- Kunni dansa sem henta þessu skólastigi
- Geti rennt sér á alpaskíðum og/eða snjóbretti og skautum.
- Kynnist vettvangi íþróttakennarans í grunnskólum landsins

**Inntak / Viðfangsefni:**
Boltaaðlögun
Nemendur kynnist því hvernig hægt er að nota hina ýmsu bolta við kennslu án þess að vera með áherslur á eina ákveðna boltagrein
Æskileg undirstaða: Hreyfing og íþróttir barna 2-6 ára (ÍÞH101G)
Skrifleg verkefni, verklegt- og skriflegt próf. Mætingarskylda er i námskeiðið

**ÍÞH311G • Skipulagning þjálfunar • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Óskar Þórðarson Aðjunkt
Námsskeiðslýsing:
Námskeiðið byggir á fyrri þekkingu sem aflað hefur verið í náminu, svo sem vöxtur og þroski barna og unglinga, líffæra- og lífeðlisfræði og þjálfunarlífeðlisfræði. Í námskeiðinu munu nemendur fá aukna þekking á viðfangsefni námskeiðsins, ásamt því að auka færni sína í að skipuleggja þjálfun. Nemendur munu síðan nota þekkingu sínu og færni við að skipuleggja ársáætlun fyrir ákveðinn iðkenda eða æfingahóp. Í námskeiðinu er vettvangsnám sem tengist þjálfarastarfinu.
Markmið: Að nemandi;
* öðlist aukna þekkingu á undirstöðuatriðum þjálfunar
* geti nýtt þekkingu og reynslu sína á sviði þjálffræði til að taka faglegar ákvarðanir í þjálfun og þjálfunaraðferðum
* tileinki sér víðtæka þekkingu og skilning á þjálfunarformunum og aðferðunum innan þeirra á sviði íþrótta-, líkams- og heilsuræktar og geti beitt þeim
* öðlist þekkingu á því hvernig á að skipuleggja þjálfun til lengri og skemmri tíma og geti nýtt sér þessa þekkingu í sinni vinnu
* átti sig á mikilvægi þess að skipuleggja þjálfunina og læri að skipuleggja þjálfun á sem hagkvæmastan hátt
* kynnist hvernig hægt er að nota tölvutæknina við skipulagningu þjálfunar og að halda utan um þjálfunina (kynnt verður Sideline forritið)
* vinni verkefni sem hann getur notað sem verkfæri í framtíðinni
* kynnist þjálfun á vettvangi
Nauðsynleg undirstaða: Þjálffræði (ÍÞH304G)
1. Vinnukröfugreiningarverkefni (5%) - einkunn 2. Sidelineverkefni (10%) - einkunn 3. Verkleg kennsla (5%) - staðist / ekki staðist 4. Ársáætlun (40%) - einkunn 5. Mat á vettvangsnámi (40%) - einkunn

**ÍÞH402G • Kennarinn og skólastarfið • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ann-Helen Odberg Lektor
Kennari: Örn Ólafsson Lektor
Kennari: Smári Stefánsson Aðjunkt

Kennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
**Að nemandi:**
geti unnið með undirstöðu þekkingu kennslufræðina frá fyrri áfanga.

- geti nýtt þekkingu og reynslu sína á sviði kennslufræði til að beita faglegum ákvörðunum í kennslu og kennsluaðferðum sem leiðbeinandi eða kennari.
- öðlist skilning á gildi mismunandi kennsluaðferða s.s. útikennslu og leikjum og geti beitt þeim
- þekki og geti beitt mismunandi aðferðum til að auka líkamlega virkni í skólstarfinu
- þjálfist í skipulagi kennslu til lengri og skemmri tíma
- efli skilning á eðli og megineinkennum kennarastarfsins og þeim aðferðum sem kennarar nota við undirbúning, framkvæmd og mat á hreyfingu og kennslu
- auki þekkingu og skilning sinn á hinum ýmsu fötlunum og sérþörfum barna.
- þekki og geti beit aðferðum til að stuðla að góðum anda í bekk
- skilji mikilvægi þess að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda og þekki dæmi um mismunandi kennsluaðferðir sem hafa það að markmiði
- geti útbúið einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sérþarfir svo að þessir nemendur fái notið sín sem best ýmist í hópi eða sem einstaklingar.

Æskileg undirstaða: Kennslufræði íþrótta (ÍÞH302G)
Próf og verkefni tengt vettvangstengdu vali nemanda

**ÍÞH403G • Aðferðafræði rannsókna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Kennari: Kári Jónsson Lektor
Kennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor
Kennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Kennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
Inntak / viðfangsefni

Nemendur kynna sér eftirtalin svið í náminu

· Rannsóknarhugtakið, grundvallarviðhorf að baki vísindum og um vísindaleg viðmið.

· Rannsóknaraðferðir, fjallað um rannsóknarferli, heimildaöflun og um siðfræðileg atriði.

· Aðferðir til að setja fram niðurstöður fræðilegra rannsókna, svo sem greinaskrif, veggspjöld, og hugarkort

· Í eigindlegum hluta námskeiðsins verður lögð áhersla á að nemendur átti sig á hver séu megineinkenni þessarar rannsóknarhefðar, skilji rannsóknarferlið og kynnist vel helstu aðferðum sem beitt er í slíkum rannsóknum. Aðferðir heimildabundinna rannsókna verða skoðaðar sérstaklega
Æskileg undirstaða: Inngangur að háskólanámi (ÍÞH104G)
Skrifleg próf verður úr negindlegu lesefni námskeiðsins, fyrirlestrum og viðfangsefnum verkefna. Prófið gildir 20% af lokaeinkunn og er krafist lágmarkseinkunnar 5,0. Verkefni gilda 80% af lokaeinkunn og er krafist lágmarksmeðaleinkunnarinnar 5 úr þeim. Verkefni úr megindlegri aðferðafræði og SPSS gilda 30%. Verkefni úr eigindlegri aðferðafræði gildir 50%.

**ÍÞH405G • Þjálfunarlífeðlisfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurbjörn Árni Arngrímsson Dósent
**Markmið:**
Að auka þekkingu nemenda á grundvallarlögmálum lífeðlisfræði mannsins og mat á kerfum líkamans m.t.t. getu í íþróttum. Sérstök áhersla verður lög á að tengja lífeðlisfræðina íþróttaiðkun og þeim breytingum sem verða á líkamsstarfseminni við þjálfun. Að auka skilning nemenda á viðbrögðum líkamans við æfingum með verklegri vinnu. Að nemendur kunni skil á meginatriðum eftirfarandi viðfangsefna:

- Uppbyggingu og starfsemi vöðva-, tauga-, efnaskipta-, hormóna-, hjarta-, æða- og önudarkerfisins
- Aðlögun ofantaldra kerfa að þjálfun
- Almennum lögmálum þjálfunar
- Stjórnun líkamshita og vatnsbúskaparins
- Viðbrögðum og aðlögunarhæfni líkamans í mikilli lofthæð
- Líkamssamsetningu
- Öldrun og áhrif þjálfunar á öldrun
- Kynjamun

**Viðfangsefni:**
Uppbygging fruma með áherslu á vöðva- og taugafrumur. Flutningur taugaboða og vöðvasamdráttur. Efnaskiptaferli og myndun ATP (orku) við mismunandi álag. Seyti hormóna í hvíld og á æfingum, og stjórnun og áhrif slíks seytis. Uppbygging og starfsemi súrefnisflutningskerfisins (hjarta- æða- og öndunarkerfin). Stjórnun hjartsláttar og öndunar. Samsetning blóðs og stjórnun blóðflæðis við mismunandi álag. Aðlaganir vöðva-, tauga-, efnaskipta-, hormóna-, hjarta-, æða- og öndunarkerfis að þjálfun og þættir sem hafa áhrif á slíka aðlögun. Einnig fjallað um hvernig slíkar aðlaganir bæta íþróttagetu fólks t.d. þolgetu. Almenn lögmál þjálfunar og uppbygging hennar. Ofþjálfun og áhrif hennar. Stjórnun líkamshita og hvernig líkaminn aðlagast miklum hita eða kulda. Æfingar/þjálfun og vera í mikilli lofthæð, og hvernig líkaminn bregst við slíku umhverfi og æfingum í því (t.d. æfingum í háfjallalofti). Samsetning líkamans og hvernig er hægt að mæla líkamssamsetningu. Áhrif hennar á getu í íþróttum og hvernig er hægt að ná kjörþyngd. Breytingar á líkamanum

við öldurn s.s. í styrk, þoli, og líkamssamsetningu. Áhrif umhverfisins á aldraða t.d. viðbrögð aldraðs líkama við hita. Kynjamunur í viðbrögum líkamans við æfingum og þjálfun og í stærð og líkamssamsetningu. Kynjamunur á getu í íþróttum. Ólétta og þjálfun. Ýmis próf til að meta íþróttagetu.
Nauðsynleg undirstaða: Líffæra- og lífeðlisfræði þjálfunar (ÍÞH206G)
Skriflegt próf, verkefni og skýrslur. Mætingaskylda er í verklega tíma.

**ÍÞH406G • Heilsurækt og frítíminn • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gunnhildur Hinriksdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Kennari: Ingi Þór Einarsson
Markmið að nemandi
· öðlist skilning á tilgangi líkams- og heilsuræktar fyrir almenning
· öðlist skilning á tilgangi líkams- og heilsuræktar fyrir aldraða og fatlaða
· öðlist skilning á heilsuræktarnámskrá og kröfum um inntak þjálfunar og næringar á heilsuræktarstöðvum og sambærilegum stofnunum
· öðlist þekkingu og færni í að setja fram markmið með hliðsjón af heilsuræktarnámskrá, íþróttagreinum, alhliða heilsuuppbyggingu og þörfum samfélagsins á hverjum tíma
· geti skipulagt þjálfara- og heilsuræktarstarfið með tilliti til helstu kennslu- og þjálfunaraðferða
· geti lagt mat á skipulag þjálfunar fyrir einstakling og hópa í samræmi við markmið og aðstæður
· öðlist þekkingu og færni í öflun upplýsinga sem nýta má sem undirstöðu í mati á uppbyggingu þjálfunar
· öðlist færni í notkun einfaldra mælitækja, svo sem ýmissa prófa og annarra tækja sem nýta má til að kanna stöðu iðkenda miðað við þau markmið sem sett eru hverju sinni.
· Stundi vettvangsnám innan heilsuræktarstofnunar og vinni verkefni sem lúta að framangreindum markmiðum.
Inntak
Námskeiðið er byggt upp á fræðilegri kennslu, verklegum æfingum, einstaklings- og hópvinnu og málstofum. Stefnt er að því að nemandi öðlist skilning á uppbyggingu heilsuræktar í samfélaginu og stöðu almennrar og sérhæfðar heilsuræktar í samfélaginu þannig að hann geti nýtt sér þekkingu sína við þjálfun og stjórnun hjá hinum frjálsa markaði í líkams- og heilsurækt eða opinberum stofnunum sem sjá um sambærilega þjónustu, almenning, öldruðum eða fötluðum. Stefnt er að því að þekking nemandans nái til þeirra atriða sem snúa að flestum þeim þáttum sem starf á vettvangi líkams- og heilsuræktar býður upp á.
Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni í stjórnun og rekstri á heilsuræktarstöð eða á sviði þjálfunar í líkams- og heilsurækt. Einnig að nemandi geti unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum sem tengjast næringu, þjálfun og stjórnun, s.s. að setja raunhæf markmið, gera sérhæfða og einstaklingsbundna næringar- og þjálfunaráætlun og fylgja henni eftir. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að setja fram og lýsa uppbyggingu á sviði líkams- og heilsuræktarþjálfunar. Nemandi á að geta lagt sjálfstætt mat á stöðu heilsuræktarstöðva, metið kosti og galla og lagt til endurbætur með markvissri framkvæmdaáætlun. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýnir stjórnunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð, geti unnið með öðrum og stýrt fámennum sem fjölmennum hópum.
Viðfangsefni
Íþróttanámskrá heilsuræktarstöðva, markmiðasetning, þjálfunaraðferðir, þrekþættir, þol, styrkur, samhæfing, þjálfun aldraðra, þjálfun fatlaðra, skipulag þjálfunar og þjálfunaráætlanir.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, verklegar æfingar,
Lokapróf, þjálfunarverkefni, Verkefni tengt vettvangstengdu vali nemanda

**ÍÞH407G • Hreyfing og íþróttir barna og unglinga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Óskar Þórðarson Aðjunkt
Kennari: Anna Lilja Sigurðardóttir
Kennari: Örn Ólafsson Lektor
Kennari: Gunnhildur Hinriksdóttir Aðjunkt
Kennari: Olga Bjarnadóttir
Námskeiðið er mikið verklegt en byggir á fræðilegum grunni sem kynntur er í fyrirlestrum. Nemendur þurfa að vera virkir í hreyfingu og sköpun. Fjallað er um þroska unglinga. Keppnisíþróttir og jaðaríþróttir eru skoðaðar út frá aldri og námskrám: Spaðaíþróttir - borðtennis, badminton, tennis og veggtennis.
Boltaíþróttir - handknl, knattsp, körfukn, blak. Frjálsíþróttir - spretthl, þolhl, langst, hást, kúluvarp. Fimleikar - áhaldaleikfimi og stökk s.s. á trampbretti og fjaðurgólfi. Skautar, skíði, bretti, ..... ofl.
Dans og hreyfitjáning við tónlist. Hjólabretti, hjólaskautar Eigin þjálfun nemenda heyrir undir þetta námskeið, sem felst í almennri heilsurækt nemandans sjálfs, mælingum, greiningu, áætlanagerð og framkvæmd ásamt ritun æfingadagbókar. Forritið Sideline er notað til að halda utanum þennan þátt námsins. Vinnulag: Fyrirlestrar, verklegar æfingar, umræður, hópvinna, leiðsögn, verkefnavinna.
Námsefni Sköpun og miðlun: val æfinga, samsetning æfinga, framsetning æfinga fyrir unglinga Vettvangstenging: grunn- og framhaldsskólar

**ÍÞH408G • Starfsvettvangur í skólum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Örn Ólafsson Lektor
-

**ÍÞH501G • Tómstundir og frítíminn • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Kennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Kennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Kennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Kennari: Björn Vilhjálmsson
Menntunarmarkmið

Að nemandi:

- öðlist almennan skilning á gildi, þýðingu og hlutverki tómstunda í nútímasamfélagi,
- fái heildaryfirsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í tómstundum barna, ungmenna og aldraðra,
- öðlist skilning á því menningar- og uppeldishlutverki sem tómstundarstarf gegnir með áherslu á börn og ungmenni
- geti nýtt sér hópþróun í hópastarfi, - geti gert áætlanir um starf sem vinnur gegn einelti og hvernig hægt er að nota útilíf í þeim tilgangi,
- þekki gildi útivistar og jaðaríþrótta og nýti þá þekkingu í starfi,
- fái innsýn í gildi félags- og tómstundastarfs fyrir börn og unglinga, - öðlist þekkingu á hlutverki þeirra sem vinna með börnum og unglingum, - þekki framkvæmd starfs félagsmiðstöðva, - viti hvernig stjórnun íþrótta- og æskulýðsmála er háttað í sveitarfélögum,
- efli færni og þekkingu á að skipuleggja og framkvæma útivist, ferðir og tómstundaviðburði fyrir fólk, sérstaklega börn og unglinga

Undirmarkmið
Að nemandi:

- öðlist þekkingu og færni í samskiptum og samvinnu við störf að skóla-, félags-, heilbrigðis- og menningarmálum
- öðlist færni í að stjórna, skipuleggja, framkvæma og meta tómstundarstarf
- öðlist hæfni í stjórnun unglingahópa og starfsmanna, - þekki grundvallarhugtök í stjórnunarfræðum, - kynnist og geti beitt mismunandi stjórnunaraðferðum við misjafnar aðstæður og með mismunandi hópum.
- þekki til helstu kenninga og rannsókna á sviði afbrotafræði, - kunni skil á kenningum um eðli afbrota og viðbragða samfélagsins gegn þeim, - öðlist þekkingu á helstu afbrotum sem framin eru gegn börnum og unglingum og sem þau fremja og hvernig vinna má gegn þeim, - verði færari að greina unglinga í áhættuhópa
- verði fær um að greina helstu áhættuþætti í lífi unglinga, - þekki þau úrræði sem bjóðast íslenskum unglingum í vanda, - þekki helstu aðferðir sem notaðar eru í vinnu með þessum hópi
- þekki til stjórnunar og framkvæmdar íþrótta-, tómstunda-og félagsstarfs í grunnskólum, einnig stjórnunar og framkvæmdar starfs í íþrótta- og æskulýðsfélögum
- þekki mun á mismunandi áhuga og þörfum kynjanna í tómstundastarfi, - geti framkvæmt minni viðburði á vettvangi frítímans
- öðlist færni og þekkingu í að skipuleggja og framkvæma ferðir með fólki, sérstaklega börnum og unglingum. - stuðli að því að nemendur þekki gildi útivistar og nýti hana í starfi.

Vinnulag:
Lestur, sjálfstæð verkefni á vettvangi, fyrirlestrar, umræðu- og verkefnatímar, samvinnunám, leiðsagnartímar og kynningar/málstofur.
Próf og verkefni

**ÍÞH503G • Næring, heilsa og lífshættir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Ólöf Guðný Geirsdóttir
Markmið að nemendur:

- Auki þekkingu sína á grundvallaratriðum næringarfræðinnar, s.s. hlutverki og gildi næringarefna, meltingu, frásogi og upptöku.
- Átti sig á gildi næringar fyrir almennt heilsufar, holdafar og árangur í íþróttum og samverkandi áhrif annarra lífshátta við næringu á heilsufar.
- Kunni skil á hlut næringar í orkubúskap líkamans, holdafari, vannæringu og átröskun.
- Þekki íslenskar ráðleggingar, ráðlagða dagskammta og gildi fyrir efri mörk neyslu.
- Kynnist þróun á mataræði Íslendinga og öðrum lífsháttum Íslendinga sem geta haft áhrif á heilsu og daglegt líf.
- Þekki helstu stofnanir er vinna að hollustuháttum á Íslandi og viti hvar má finna ábyggilegar upplýsingar og fræðsluefni (bæði íslenskt og erlent) sem gagnast í kennslu, almenningsfræðslu og forvarnastarfi.
- Kynnist aðferðum við að kanna mataræði ásamt næringarútreikningum.
- Tileinki sér hugtök og aðferðir fræðanna svo þeir geti fylgst með því sem vísindin leggja til að hverjum tíma.

Inntak / viðfangsefni
Farið verður í grundvallaratriði og hugtök næringarfræðinnar, sérstök áhersla er lögð á orkuefnin, en einnig er fjallað um vítamín, steinefni og önnur næringarefni. Helstu stofnanir og það fræðsluefni fyrir almenning sem til er á Íslandi. Mataræði Íslendinga, praktísk ráð til úrbóta og einföld hollustumatreiðsla. Næringarfræðin jafnframt tengd næringarþörf ólíkra þjóðfélagshópa og eigið mataræði skoðað. Á hverju byggjast rannsóknir í næringarfræði, hvernig má safna og vinna úr upplýsingum og hvernig ber að túlka þær í samhengi við aðra lífshætti og heilsufar.
Vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum, þar á meðal athugun á eigin mataræði. Þannig má auka skilning á viðfangsefninu og tengja það daglegu lífi og neysluháttum. Ætlast er til virkar þátttöku nemenda í umræðum og verkefnavinnu.
Lesefni
Understanding Nutrition, eftir Whitney og Rolfes
Ítarefni
Próf 60% Verklegar æfingar 40% Mætingarskylda í verklegan hluta.

**ÍÞH506G • Heilsurækt og frítíminn • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnhildur Hinriksdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Kennari: Ingi Þór Einarsson

Markmið að nemandi
· öðlist skilning á tilgangi líkams- og heilsuræktar fyrir almenning
· öðlist skilning á tilgangi líkams- og heilsuræktar fyrir aldraða og fatlaða
· öðlist skilning á heilsuræktarnámskrá og kröfum um inntak þjálfunar og næringar á heilsuræktarstöðvum og sambærilegum stofnunum
· öðlist þekkingu og færni í að setja fram markmið með hliðsjón af heilsuræktarnámskrá, íþróttagreinum, alhliða heilsuuppbyggingu og þörfum samfélagsins á hverjum tíma
· geti skipulagt þjálfara- og heilsuræktarstarfið með tilliti til helstu kennslu- og þjálfunaraðferða
· geti lagt mat á skipulag þjálfunar fyrir einstakling og hópa í samræmi við markmið og aðstæður
· öðlist þekkingu og færni í öflun upplýsinga sem nýta má sem undirstöðu í mati á uppbyggingu þjálfunar
· öðlist færni í notkun einfaldra mælitækja, svo sem ýmissa prófa og annarra tækja sem nýta má til að kanna stöðu iðkenda miðað við þau markmið sem sett eru hverju sinni.
· Stundi vettvangsnám innan heilsuræktarstofnunar og vinni verkefni sem lúta að framangreindum markmiðum.
Inntak
Námskeiðið er byggt upp á fræðilegri kennslu, verklegum æfingum, einstaklings- og hópvinnu og málstofum. Stefnt er að því að nemandi öðlist skilning á uppbyggingu heilsuræktar í samfélaginu og stöðu almennrar og sérhæfðar heilsuræktar í samfélaginu þannig að hann geti nýtt sér þekkingu sína við þjálfun og stjórnun hjá hinum frjálsa markaði í líkams- og heilsurækt eða opinberum stofnunum sem sjá um sambærilega þjónustu, almenning, öldruðum eða fötluðum. Stefnt er að því að þekking nemandans nái til þeirra atriða sem snúa að flestum þeim þáttum sem starf á vettvangi líkams- og heilsuræktar býður upp á.
Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni í stjórnun og rekstri á heilsuræktarstöð eða á sviði þjálfunar í líkams- og heilsurækt. Einnig að nemandi geti unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum sem tengjast næringu, þjálfun og stjórnun, s.s. að setja raunhæf markmið, gera sérhæfða og einstaklingsbundna næringar- og þjálfunaráætlun og fylgja henni eftir. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að setja fram og lýsa uppbyggingu á sviði líkams- og heilsuræktarþjálfunar. Nemandi á að geta lagt sjálfstætt mat á stöðu heilsuræktarstöðva, metið kosti og galla og lagt til endurbætur með markvissri framkvæmdaáætlun. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýnir stjórnunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð, geti unnið með öðrum og stýrt fámennum sem fjölmennum hópum.
Viðfangsefni
Íþróttanámskrá heilsuræktarstöðva, markmiðasetning, þjálfunaraðferðir, þrekþættir, þol, styrkur, samhæfing, þjálfun aldraðra, þjálfun fatlaðra, skipulag þjálfunar og þjálfunaráætlanir.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, verklegar æfingar,
Lokapróf, þjálfunarverkefni, Verkefni tengt vettvangstengdu vali nemanda

**ÍÞH507G • Aðferðafræði rannsókna • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Janus Friðrik Guðlaugsson Aðjunkt
Umsjónarkennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
Kennari: Kári Jónsson Lektor
Kennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor
Kennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Inntak / viðfangsefni
Nemendur kynna sér eftirtalin svið í náminu
· Rannsóknarhugtakið, grundvallarviðhorf að baki vísindum og um vísindaleg viðmið.
· Rannsóknaraðferðir, fjallað um rannsóknarferli, heimildaöflun og um siðfræðileg atriði.
· Aðferðir til að setja fram niðurstöður fræðilegra rannsókna, svo sem greinaskrif, veggspjöld, og hugarkort
· Í eigindlegum hluta námskeiðsins verður lögð áhersla á að nemendur átti sig á hver séu megineinkenni þessarar rannsóknarhefðar, skilji rannsóknarferlið og kynnist vel helstu aðferðum sem beitt er í slíkum rannsóknum. Aðferðir heimildabundinna rannsókna verða skoðaðar sérstaklega
Æskileg undirstaða: Inngangur að háskólanámi (ÍÞH104G)
Skrifleg próf verður úr negindlegu lesefni námskeiðsins, fyrirlestrum og viðfangsefnum verkefna. Prófið gildir 20% af lokaeinkunn og er krafist lágmarkseinkunnar 5,0. Verkefni gilda 80% af lokaeinkunn og er krafist lágmarksmeðaleinkunnarinnar 5 úr þeim. Verkefni úr megindlegri aðferðafræði og SPSS gilda 30%. Verkefni úr eigindlegri aðferðafræði gildir 50%.

**ÍÞH508G • Lokaverkefni: Fyrri hluti • (2e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kári Jónsson Lektor
*Markmið*
Í lokaverkefnum til B.S./B.Ed.-prófs skulu nemendur sýna að þeir hafi:

- sett sér raunhæf markmið og afmarkað viðfangsefnið
- rökstutt gildi verkefnisins
- valið vinnuaðferðir/rannsóknaraðferðir við hæfi, hafi góð tök á þeim og geri skýra grein fyrir þeim
- aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi
- beitt aðferðum, hugtökum og kenningum tiltekins fræðasviðs/fræðasviða
- sýnt sjálfstæð, vönduð vinnubrögð
- sett verkefnið fram á vandaðan, skýran og skapandi hátt og á góðu íslensku máli

*Inntak / viðfangsefni*
Undir lok grunnnámsins vinna nemendur verkefni að eigin vali sem er eins konar smiðshögg á nám þeirra. Lokaverkefnið skal tengjast sérhæfingu þeirra og hafi gildi á sviði íþróttafræða eða stoðgreina þeirra, svo sem íþróttakennslu, þjálfunar íþrótta eða á sviði heilsu og almennrar hreyfingar. Það getur verið fræðileg ritgerð sem byggist á rannsókn og/eða heimildavinnu en það má einnig vera annars konar verkefni/skýrslur sem tengdar eru heilsu eða íþróttastarfi svo sem náms- og fræðsluefni, úttekt, upplýsingaöflun eða þróunarverkefni. Slíkum verkum þarf þó alltaf að fylgja greinargerð samkvæmt nánari leiðbeiningum. Gert er ráð fyrir að nemendur rifji upp og dýpki þekkingu sína á heimildaöflun, framsetningu fræðitexta og á aðferðafræði rannsókna í tengslum við verkefnið.

*Vinnulag*
Nemendur fá undir stjórn kennara staðgóða upprifjun á meginatriðum sem varða heimildaöflun, framsetningu fræðitexta og á aðferðafræði rannsókna. Farið er með þeim yfir helstu verkþætti og vinnuferli en þeir vinna að öðru leyti sjálfstætt að lokaverkefni sínu með ráðgjöf frá leiðsögukennara sem valinn er í samráði við umsjónarmann úr hópi kennara við Íþróttafræðasetur KHÍ nema samið sé um annað. Lokaverkefni vinna nemendur einir eða tveir saman. Nánari leiðbeiningar um tilhögun,vinnulag og frágang við lokaverkefni er að finna á vef lokaverkefna í grunnnámi. Þar ber nemendum einnig að skrá upplýsingar um verkefni sín.

**ÍÞH602G • Félagsfræði, saga og heimspeki íþrótta • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hafþór Birgir Guðmundsson Lektor
Markmið Markmið
Að loknum þessum áfanga ætti nemandi að:

- hafi fengið innsýn í heim íþrótta frá félagsfræðilegu sjónarhorni. Tenglum íþrótta og samfélags og áhrifum samfélagsins á íþróttir.
- hafi öðlast þekkingu á helstu atriðum íþróttasögunnar hérlendis og erlendis.
- hafa öðlast þekkingu á helstu þáttum sögu Ólympíuleikanna,
- kunna skil á helstu þróun íþrótta á Íslandi
- hafa innsýn í mikilvægi íþrótta í samfélaginu.
- öðlist færni í að hugsa, ræða og skrifa um íþróttir sem viðvarandi og eðlislægt margbrotið rannsóknarefni.
- hafa kynnt sér reglur um lyfjamisnotkun og siðfræðilegar afleiðingar þeirra

Inntak
Námskeiðið er byggt upp á fræðilegum fyrirlestrum, verkefnum og umræðutímum Með umræðutímum og fræðilegri kennslu er stefnt að því að nemandi skilji mikilvægi og hlutverk íþrótta í samfélaginu og þátttöku barna og unglinga í íþróttum, auk mikilvægis afreksfólks í íþróttum fyrir samfélagið. Unnið verður með heimspeki íþróttaog hvernig hún tengist íþróttum og samfélaginu.
Hagnýt hæfni námskeiðs snýr m.a. að því að nemandi geti nýtt sér í starfi og kynnt fyrir öðrum mikilvægi íþrótta í félagsfræðilegu samhengi.Áhersla verður lögð á þætti sem tengjast þátttöku í íþróttum, s.s. aldur, kynferði, tegund íþrótta ofl. Fræðileg hæfni snýr að hæfni nemanda til að skilja félags- og heimspekilegar kenningar og hvernig áhrif þær hafa í samfélagi íþrótta. Hæfni í samskiptum snýr að því að nemandinn sýni stjórnunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og geti unnið með öðrum.
Viðfangsefni
Hlutverk og mikilvægi íþrótta verður aðalviðfangsefni námskeiðsins. Saga íþrótta í heiminum verður einnig nokkuð stór þáttur í kennslunni. Heimspekilegar hugleiðingar um uppbyggingu íþrótta, tengingu við samfélagið, stjórnmál, peninga og margt fleira.

Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og einstaklings- og hópmiðuð verkefnavinna.
Námefni
- Kennslugögn á sviði íþróttafélagsfræði, s.s. Handbook of sport studies og Sport - a critical sociology.
- Saga íþrótta
- Ýmis gögn frá kennurum.
Skriflegt próf og verkefni. Ritgerð um faglegt efni styttri verkefni

**ÍÞH603G • Lokaverkefni: Seinni hluti • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kári Jónsson Lektor
*Markmið*
Í lokaverkefnum til B.S./B.Ed.-prófs skulu nemendur sýna að þeir hafi:

- sett sér raunhæf markmið og afmarkað viðfangsefnið
- rökstutt gildi verkefnisins
- valið vinnuaðferðir/rannsóknaraðferðir við hæfi, hafi góð tök á þeim og geri skýra grein fyrir þeim
- aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi
- beitt aðferðum, hugtökum og kenningum tiltekins fræðasviðs/fræðasviða
- sýnt sjálfstæð, vönduð vinnubrögð
- sett verkefnið fram á vandaðan, skýran og skapandi hátt og á góðu íslensku máli

*Inntak / viðfangsefni*
Undir lok grunnnámsins vinna nemendur verkefni að eigin vali sem er eins konar smiðshögg á nám þeirra. Lokaverkefnið skal tengjast sérhæfingu þeirra og hafi gildi á sviði íþróttafræða eða stoðgreina þeirra, svo sem íþróttakennslu, þjálfunar íþrótta eða á sviði heilsu og almennrar hreyfingar. Það getur verið fræðileg ritgerð sem byggist á rannsókn og/eða heimildavinnu en það má einnig vera annars konar verkefni/skýrslur sem tengdar eru heilsu eða íþróttastarfi svo sem náms- og fræðsluefni, úttekt, upplýsingaöflun eða þróunarverkefni. Slíkum verkum þarf þó alltaf að fylgja greinargerð samkvæmt nánari leiðbeiningum. Gert er ráð fyrir að nemendur rifji upp og dýpki þekkingu sína á heimildaöflun, framsetningu fræðitexta og á aðferðafræði rannsókna í tengslum við verkefnið.
*Vinnulag*
Nemendur fá undir stjórn kennara staðgóða upprifjun á meginatriðum sem varða heimildaöflun, framsetningu fræðitexta og á aðferðafræði rannsókna. Farið er með þeim yfir helstu verkþætti og vinnuferli en þeir vinna að öðru leyti sjálfstætt að lokaverkefni sínu með ráðgjöf frá leiðsögukennara sem valinn er í samráði við umsjónarmann úr hópi kennara við Íþróttafræðasetur KHÍ nema samið sé um annað. Lokaverkefni vinna nemendur einir eða tveir saman.
Ritgerð. Leiðsögukennari metur lokaverkefni og gefur einkunn og umsögn samkvæmt viðmiðatöflu KHÍ um námsmat. Umsjónarkennari samræmir og hefur eftirlit með námsmati.

**ÍÞH604G • Hreyfingafræði og endurhæfing • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingi Þór Einarsson
**Að nemandi:**

- þekki grundvallaratriði, hugtök og lögmál hreyfingarfræði og samspil líkamshreyfinga og krafta.
- kynnist lögmálum hreyfinga í tengslum við hreyfingu, íþróttir, tækni og líkambeitingu
- kynnist göngugreiningu
- geta rökstutt og greint á milli hvað sé góð tækni eða hreyfing
- geti þekkt og skilið stoð- og vöðvakerfi í hvíld og á hreyfingu
- geti rökstutt mikilvægi líkamsburðar tengt lyftum og tengi það við almenna líkamlega heilsu einstaklings
- geti greint og miðlað rökum fyrir mismunandi erfiðleikastig við styrktar- og liðleikaæfingar í tækjum og með lóðum, frjálsar æfingar og teygjur
- geti reiknað og gert ráð fyrir liðþrýstingi í liðamótum undir álagi
- öðlist færni í að skipuleggja og rökstyðja val á æfingaprógrammi fyrir mismunandi hópa að eigin vali
- Læri grunntækni við tapingar
- Læri að meta og meðhöndla ýmsa meiðslakvilla
- Kynnist leiðum til að fyrirbyggja algengustu íþróttameiðslin

**Inntak/viðfangsefni:**

- Kraftur, hröðun, viðnám, vægi, mótstaða, hnykkur, stemma, miðhreyfing og vogararmar,
- Áhrif krafta á vogararma eftir stefnu, þunga og lengd kraftarmsins, formúlur ásamt útreikningum,
- Vöðvastarf og hreyfingar í tækni, íþróttum og göngu.
- Hreyfing liðamóta og greining á vöðvastarfi
- Erfiðleikastig við styrktar- og liðleikaæfingar í tækjum og með lóðum, frjálsar æfingar og teygjur.
- Liðþrýstingur við lyfur og hreyfingu.
- Fyrirbygging íþróttameiðsla, meta og höndla meiðsl og tapingar

Próf og verkefni tengd vettvangi

**ÍÞH605G • Lokaverkefni til B.S.-prófs • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
*Markmið*
Í lokaverkefnum til B.S./B.Ed.-prófs skulu nemendur sýna að þeir hafi:

- sett sér raunhæf markmið og afmarkað viðfangsefnið
- rökstutt gildi verkefnisins
- valið vinnuaðferðir/rannsóknaraðferðir við hæfi, hafi góð tök á þeim og geri skýra grein fyrir þeim
- aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi
- beitt aðferðum, hugtökum og kenningum tiltekins fræðasviðs/fræðasviða
- sýnt sjálfstæð, vönduð vinnubrögð
- sett verkefnið fram á vandaðan, skýran og skapandi hátt og á góðu íslensku máli

*Inntak / viðfangsefni*
Undir lok grunnnámsins vinna nemendur verkefni að eigin vali sem er eins konar smiðshögg á nám þeirra. Lokaverkefnið skal tengjast sérhæfingu þeirra og hafi gildi á sviði íþróttafræða eða stoðgreina þeirra, svo sem íþróttakennslu, þjálfunar íþrótta eða á sviði heilsu og almennrar hreyfingar. Það getur verið fræðileg ritgerð sem byggist á rannsókn og/eða heimildavinnu en það má einnig vera annars konar verkefni/skýrslur sem tengdar eru heilsu eða íþróttastarfi svo sem náms- og fræðsluefni, úttekt, upplýsingaöflun eða þróunarverkefni. Slíkum verkum þarf þó alltaf að fylgja greinargerð samkvæmt nánari leiðbeiningum. Gert er ráð fyrir að nemendur rifji upp og dýpki þekkingu sína á heimildaöflun, framsetningu fræðitexta og á aðferðafræði rannsókna í tengslum við verkefnið.
*Vinnulag*
Nemendur fá undir stjórn kennara staðgóða upprifjun á meginatriðum sem varða heimildaöflun, framsetningu fræðitexta og á aðferðafræði rannsókna. Farið er með þeim yfir helstu verkþætti og vinnuferli en þeir vinna að öðru leyti sjálfstætt að lokaverkefni sínu með ráðgjöf frá leiðsögukennara sem valinn er í samráði við umsjónarmann úr hópi kennara við Íþróttafræðasetur KHÍ nema samið sé um annað. Lokaverkefni vinna nemendur einir eða tveir saman.
Ritgerð. Leiðsögukennari metur lokaverkefni og gefur einkunn og umsögn samkvæmt viðmiðatöflu KHÍ um námsmat. Umsjónarkennari samræmir og hefur eftirlit með námsmati.

**TÓF004G • Val í tómstundafræðum • (8e) • Haust**

**TÓF005G • Val í tómstundafræðum • (8e) • Vor**

**TÓF101G • Inngangur að tómstundafræðum • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Kennari: Jakob Frímann Þorsteinsson Aðjunkt
Markmið: Að nemendur hafi að loknu námskeiði öðlast yfirgripsmikla þekkingu á tómstundafræði, bæði í sögulegu ljósi en ekki síst

tómstundafræði samtímans. Áhersla er á að nemendur hafi öðlast skilning á viðfangsefnum og aðferðum tómstundafræðinnar og þeim fræðilegu forsendum sem liggja til grundvallar, áttað sig á mikilvægi tómstundastarfs í nútíma samfélagi og geti tengt niðurstöður rannsókna á tómstundastarfi við starf á vettvangi. Einnig að nemendur hafi kynnst því tómstundastarfi sem í boði er á Íslandi, þekki sögu tómstundastarfs og þróun í takt við breytingar á samfélaginu.
Inntak / viðfangsefni: Kynnt verður ytri umgjörð tómstundastarfs á Íslandi, þar á meðal helstu lög, með áherslu á æskulýðslög, íþróttalög, lög um barnavernd, lög um félagsþjónustu auk sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og þá er áhersla á að nemendur kynnist stjórnun sveitarfélaga í tómstundamálum. Einnig verður fjallað um þróun og stöðu tómstundamála á Íslandi. Farið verður sérstaklega í hlutverk leiðbeinenda. Auk þess verður farið ítarlega í gildi tómstunda og verða rannsóknir skoðaðar í þeim tilgangi. Að lokum verður farið yfir sögu og þróun tómstundastarfs á alþjóðavettvangi, sem og á Íslandi. Nemendum gefst kostur á að tengja hugmyndir sínar, reynslu og þekkingu við starf á vettvangi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópavinna og vettvangsheimsóknir
Vettvangsheimsókn ásamt málstofu þar sem nemendur gera grein fyrir heimsókn sinni, greinargerð um tómstundastarf í ákveðnu sveitarfélagi, svörun spurninga og umræður á WebCT, heimapróf.

**TÓF201G • Tómstundir og börn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Markmið: Að nemendur

- Kynnist því starfi sem fram fer í frítíma með börnum á aldrinum 6 - 12 ára
- Fái betri skilning á þroska, félagsfærni og vandamálum tengd þessum aldurshópi
- Geti skipulagt og stjórnað starfi með börnum á aldrinum 6 - 12 ára
- Efli eigin færni og styrk í að vinna með börnum á vettvangi frítímans
- Þrói hugmyndir sínar um tómstundastarf fyrir börn með því að gera verkefni á vettvangi
- Átti sig á mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í öllu starfi með börnum

Inntak / viðfangsefni

- Fjallað verður um tvo aldurshópa, annars vegar 6 - 9 ára og síðan 10 - 12 ára
- Fjallað verður um hvað einkennir þessa tvo aldurshópa, hvaða breytingar hafa átt sér stað á högum barna á Íslandi sem og annarsstaðar
- Skoðaðar verða íslenskar og erlendar rannsóknir á stöðu barna 6 - 12 ára

Vinnulag

- Nemendur þurfa að fara í vettvangsheimsóknir og kynna sér starf með börnum
- Nemendur þurfa að hanna tómstundarnámskeið/starf í frítíma fyrir þessa aldurshópa
- Nemendur skili inn skýrslum og stuttum ritgerðum
- Nemendur skili inn skýrslu af vettvangsheimsókn í aldurshópnum 6 - 9 ára
- Nemendur skili inn greinagerð um hvernig er unnt að bæta starf með börnum 6 - 9 ára, unnið uppúr vettvangsheimsóknum
- Nemendur skili inn skýrslu um könnun á frítíma barna 10 - 12 ára
- Nemendur hanni námskeið fyrir börn 10 - 12 ára

**TÓF203G • Lífsleikni • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ásdís Olsen Aðjunkt
**Almennt**
Á námskeiðinu er fjallað um félags- og tilfinningaþroska og áhrif slíkra persónulegra þátta á líðan, samskipti, geðheilbrigði, árangur og velgengni í lífi og starfi. Einnig verður unnið markvisst með hagnýtar aðferðir sem stuðla að sjálfsþekkingu og sjálfseflingu.
**Inntak/viðfangsefni:**
Fræðilegur grunnur og aðferðir eru einkum sóttar til hagnýtrar sálfræði og verður áhersla lögð á að styrkja nemendur persónulega og veita þeim tækifæri til að greina og endurskoða grunnviðhorf sín, hugsanir, tilfinningar og hegðun. Í þeirri vinnu er einkum stuðst við aðferðir úr smiðju hugrænnar atferlisfræði (Cognitve Behavioral Technique), en einnig er unnið markvisst með "Mindfulness" (núvitund eða árvekni), sem er hagnýt leið til aukinnar meðvitundar um sjálfan sig og núið. Á námskeiðinu fá nemendur einnig tækifæri til að þjálfa sig í að forma og vinna markvisst með persónulega þætti á vettvandi.
**Vinnulag:** Fyrirlestrar, umræður, dagbókaskráning, hópvinna og verkefni.
Nemendur vinna þrjú verkefni:

1. Sjálfsskoðunarverkefni: Nemendur fara í markvissa sjálfsskoðun í 5 vikur með aðferðum hagnýtrar atferlisfræð.
2. Hópverkefni: Nemendur vinna eitt hópverkefni fyrir vettvang, á sviði félags- og tilfinningaþroska
3. Fræðileg innlögn: Nemendur gera fræðilega umfjöllun um valið efni og miðla til annarra nemenda á námskeiðinu.

Námsmat: Heildrænt mat vegur mest í námsmatinu, með áhersla á virkni og sérstöðu hvers einstaklings í þekkingaröflun og þroskaviðleitni sinni. Unnið verður með dagbækur, matslista, sjálfsmat og félagamat.

**TÓF301G • Útivist og útinám • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jakob Frímann Þorsteinsson Aðjunkt
Kennari: Kristín Einarsdóttir
Kennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Kennari: Björn Vilhjálmsson
**Markmið:**

- að efla hæfni og þekkingu nemenda í að skipuleggja og framkvæma útivist fyrir fólk, sérstaklega börn og unglinga
- að stuðla að því að nemendur þekki gildi úti- og ævintýranáms og nýti aðferðir þess í starfi
- að auka þekkingu nemenda á helstu kenningum og rannsóknum sem tengjast úti- og ævintýranámi
- að kynna hvernig nota má úti og ævintýranám í tengslum við hópþróun, félags- og persónuþroska
- að kynna og þjálfa ýmis hagnýta atriði er varða almenna útivist

**Inntak:** Fjallað verður um hugmyndafræði og gildi útivistar. úti- og ævintýranáms í starfi með fólki með áherslu á hagnýtar kenningar, rannsóknir og reynslu af vettvangi. Áhersla er lögð á hvernig nota má náttúruna í starfi með börnum, unglingum og fullorðnum til þess að efla sjálfstraust og sjálfsmynd, byggja upp liðsheild og fást við vandamál. Einkum er litið á vettvang frítímans sem þann starfsvettvang sem unnið er með, en einnig er fjallað um útinám á öllum skólastigum. Fjallað verður um ýmis hagnýt atriði varðandi útivist m.a. um útbúnað, klæðnað, rötun og leiðarval og nemendur hvattir til að öðlast grunnþekkingu á almennri útivist, ferðatækni og umhverfis- og öryggismálum.
**Farið verður í eina tveggja nátta ferð og tvær dagsferðir** þar sem nemendur glíma við raunveruleg verkefni á vettvangi.
**Vinnulag:** Kennslan er í lotum og byggir á fyrirlestrum, verklegri kennslu, útivistarferðum, verkefnavinnu og umræðum. Rík áhersla er lögð á fjölbreyttar útivistarferðir þar sem nemendur takast á við raunveruleg verkefni. Umræður eru í tímum og á neti, en einnig er rætt um upplifanir hópsins og einstaklinganna í ferðunum og rýnt í þann lærdóm sem af þeim má draga. Unnin eru verkefni milli lota þar sem nemendur þurfa m.a. að fara með hóp í ferð. Þar reynir á ferlið frá hugmynd (sköpun), undirbúning, framkvæmd og mat.
*Reikna má með allnokkrum kostnaði vegna ferða á námskeiðinu.*
- Þátttaka í og ígrundun og sjálfsmat eftir sameiginlegar ferðir - Ítarleg áætlun um útinámsverkefni með hóp - Vönduð kynningu og ígrundun á útinámsverkefni - Kennslubréfi og virkni í umræðum á vef

**TÓF401G • Vettvangsnám I • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Forkröfur: Nemendur þurfa að hafa lokið námskeiðunum Inngangur að tómstundafræðum, tómstundir og börn, útivist og hópþróun og vera skráðir í námskeiðið tómstundir og unglingar. Forkröfur: Nemendur þurfa að hafa lokið námskeiðunum Inngangur að tómstundafræðum, tómstundir og börn, útivist og hópþróun og vera skráðir í námskeiðið tómstundir og unglingar.
Námskeiðslýsing:.Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs.
Markmið: Í lok vettvangsnáms hafi nemendur öðlast færni við að tengja saman faglega og hagnýta þekkingu og sýnt fram á hana í leiðarbók. Ennfremur hafi nemendur fengið góða innsýn í starfsskyldur tómstundafræðinga og tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þeirra.
Viðfangsefni og vinnulag: Í þessu vettvangsnámi er sjónum beint að tveimur meigin þáttum; annars vegar þátttöku nemenda af störfum tómstundafræðinga. Nemendur dvelja á vettvangsstað í um það bil sex vikur samkvæmt nánari skilgreiningu á stundaskrá. Nemendur taka virkan þátt í vinnu tómstundafræðinga á vettvangsstað í samræmi við kennsluáætlun leiðbeinenda, sem miðar að því að kynna þá þjónustu sem veitt er á vettvangsstað sem og starfshætti. Auk þess felur kennsluáætlun í sér tækifæri til heimsókna á aðra þjónustustaði. Nemendur haldi leiðarbók um vettvangsnámið í samræmi við þær kröfur sem birtast í kennsluáætlun leiðbeinenda.
Lokið/ólokið - byggt á umsögn og mati leiðbeinenda um frammistöðu á vettvangsstað og mati á leiðarbók.

**TÓF402G • Tómstundir og unglingar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Markmið: Að nemendur Markmið: Að nemendur

- Kynnist því tómstundastarfi sem sérstaklega er boðið upp á fyrir unglinga á Íslandi
- Efli eigin færni og styrk í að vinna með unglingum á vettvangi frítímans
- Öðlist innsýn í þann heim sem unglingar búa við í dag, má þar nefna hnattvæðingu, fjölmiðla, unglingamenningu og samvistir fjölskyldunnar
- Kryfji rannsóknir á gildi tómstunda fyrir unglinga
- Öðlist færni í að greina og bregðast við ofbeldi gegn unglingum, ásamt því að þekkja skyldur og ábyrgð leiðbeinenda
- Öðlist innsýn í hverskonar frávikshegðun unglinga og hvernig helst megi koma í veg fyrir hana
- Þrói hugmyndir sínar um tómstundastarf fyrir unglinga með því að gera verkefni á vettvangi
- Átti sig á mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í öllu starfi með unglingum
- Geti skipulagt og stjórnað tómstundastarfi fyrir unglinga

Inntak / viðfangsefni: Fjallað verður um starf félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, skáta og um trúarlegt starf fyrir unglinga, ásamt félagsstarfi í grunnskólum. Áhersla verður lögð á starfshlutverk tómstundafræðinga við fræðslu, ráðgjöf og forvarnarstarf. Farið verður í skoðun á samfélaginu út frá unglingunum sjálfum og nemendur kryfja gildi tómstunda fyrir unglinga til mergjar. Fjallað verður um helstu einkenni og vandamál sem börn og unglingar eiga við að etja, meðal annars verður fjallað um kenningar, áhættuþætti, eðli og umfang ofbeldis og vanrækslu og mismunandi birtingarform þess. Jafnframt verður fjallað um ofbeldi í fjölskyldum og áhrif þess á unglinga. Ennfremur verður fjallað um löggjöf, úrræði og forvarnarstarf, vinnuaðferðir, viðhorf og viðbrögð fagfólks í slíkum málum. Að lokum verður fjallað um hlutverk og ábyrgð leiðbeinenda og mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í starfi með unglingum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, einstaklingsvinna, hópavinna og vettvangsheimsóknir. Nemendur fara í vettvangsheimsóknir og kynna sér starf með unglingum. Nemendur hanna starf í frítíma fyrir unglinga.
Lesefni
Verndum þau eftir Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur, Delivering good youth work eftir Gina Ingram og Jean Harris, Youth livestyles in a changing world eftir Steven Miles, ásamt ljósrituðu efni og skýrslum á netinu.
Viðtal við unglinga, hópverkefni um valið efni, verklegar æfingar og próf.

**TÓF403G • Viðburða- og verkefnastjórnun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Markmið: Að nemendur verði hæfari í að skipuleggja, undirbúa, framkvæma og meta stóra og litla viðburði á vettvangi frítímans. Að nemendur kynnist verkefnastjórnun og mikilvægi hennar í nútíma samfélagi, ekki síst í tómstundastarfi. Markmið: Að nemendur verði hæfari í að skipuleggja, undirbúa, framkvæma og meta stóra og litla viðburði á vettvangi frítímans. Að nemendur kynnist verkefnastjórnun og mikilvægi hennar í nútíma samfélagi, ekki síst í tómstundastarfi.
Inntak / viðfangsefni: Meginánhersla er lögð á að nemendur undirbúi, framkvæmi og meti einn stóran viðburð á vettvangi frítímans, ásamt því að undirbúa móttöku nýnema við Kennaraháskóla Íslands.

Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, verkefni og undirbúningur og framkvæmd viðburða. Að móttökuverkefninu vinna allir nemendur saman. Að viðburðinum vinna einn til þrír nemendur saman að hverju verkefni. Nemendur skipuleggja og móta verkefnin í samvinnu við umsjónarmann. Skal í því sambandi tekið mið af aðalmarkmiðum námsins.
Lesefni: Successful event management eftir Anton Shone og Bryn Parry.
Undirbúningur, skipulag, framkvæmd, mat og kynning á tveimur viðburðum, ásamt einu fjölmiðlaverkefni.

**TÓF501G • Stjórnun og rekstur • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ragnheiður E Stefánsdóttir
Markmið
Að nemendur - öðlist hæfni í stjórnun unglingahópa og starfsmanna og geti séð um fjármál og rekstur í tómstundastarfi. Þekki grundvallarhugtök í stjórnunarfræðum, kynnist og geti beitt mismunandi stjórnunaraðferðum við misjafnar aðstæður og með mismunandi hópum. Öðlist þekkingu á helstu grunnatriðum rekstrar, m.a. fjármálastjórnun, fjárhagsáætlanagerð og öðlist þekkingu í stjórnsýslufræðum. Leitast er við að gefa nemendum fræðilega yfirsýn yfir fræðin en megin áhersla er lögð á hagnýta þekkingu á þessu sviði.
Viðfangsefni: Fjallað er um hugtök eins og forysta og stjórnun, leiðtogi og stjórnandi, mismunandi stjórnunarstíla, völd og áhrif, stofnanir og stefnumótun, þátttökustjórnun og hvatningu. Þá verður farið yfir fjármál og rekstur í tómstundastarfi og nemendur þjálfaðir í ýmsum atriðum er því tengjast. Í því samhengi verður fjallað um samhengi tekna og kostnaðar og kynning á grunnatriðum rekstraráætlana. Í því sambandi verður fjallað sérstaklega um áætlanagerð sem stjórntæki, uppbyggingu fjárhagsáætlunar og eftirlit með áætlunum.
Vinnulag
Í námskeiðinu verða fyrirlestar, vettvangsathugun, hópavinna, umræður og verkefni. Nemendur munu kynna ákveðið viðfangefni í tíma og einnig munu þeir fá þjálfun í beitingu aðferða með því að gera raunhæfa fjárhagsáætlun. Að lokum verða umræður á WebCT.
Lesefni
Yukl Gary (2006 6th. Ed), Leadership in Organizations. New Jersey: Prentice hall.
Ljósritaðar greinar í hefti sem kennari dreifir.
Fyrsta verkefnið er vettvangsathugun sem gildir 10%. Annað verkefnið er úrdráttur úr námsbók sem gildir 10%. Þriðja verkefnið er kynning á viðfangsefni, gildir 15%. Fjórða verkefnið er ritgerð sem gildir 15%. Fimmta verkefnið er gerð fjárhagsáætlunar eftir raundæmi. Það gildir 20%. Að lokum er það heimapróf sem gildir 20% og þátttaka í tímum og WebCT sem gildir 10%.

**TÓF502G • Tómstundir og aldraðir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Umsjónarkennari: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Markmið: Að nemendur

- Kynnist því tómstundastarfi sem sérstaklega er boðið upp á fyrir aldraða á Íslandi
- Efli eigin færni og styrk í að vinna með öldruðum á vettvangi frítímans
- Geti skipulagt og stjórnað tómstundastarfi fyrir aldraða
- Kynnist aðstæðum aldraðra á Íslandi í dag
- Kryfji rannsóknir á gildi tómstunda fyrir aldraða
- Þekki til helstu kenninga um öldrun
- Þekki lög og reglugerðir og uppbyggingu þjónustu fyrir þennan aldurshóp.
- Þrói hugmyndir sínar um tómstundastarf fyrir aldraða með því að gera verkefni á vettvangi

Inntak / viðfangsefni: Fjallað verður um kenningar, stefnumörkun, hugmyndafræði, lífsskeiðaþróun og breytingarferli fullorðinsára frá mismunandi sjónarhornum. Farið verður í löggjöf og uppbyggingu þjónustu við aldraða. Gerð verður grein fyrir öldrunarfræðilegum rannsóknum og fjallað um þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa og áhrif þeirra á þjónustu við aldraða. Áhersla er á tómstundir, virkni, forvarnarstarf og þátttöku aldraðra í stjórnun og skipulagningu þjónustunnar.
Vinnulag: Fyrirlestrar, verkefni, umræður, vettvangsheimsóknir og þátttaka í skipulagningu og stýringu félagsstarfs.
Viðtöl, skipulagning viðburða, málstofa og próf.

**TÓF601G • Lokaverkefni til B.A. - prófs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Á síðasta námsári vinna nemendur starfstengt lokaverkefni í ljósi þess sviðs sem þeir völdu að dýpka sig í. Lokaverkefni tengist því námskeiðunum tómstundafræði: dýpkun á sviði og vettvangsnám: dýpkun á sviði. Í því skyni taka nemendur að sér rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir væntanlegan starfsvettvang eða fjölbreytileg verkefni að eigin vali. Á síðasta námsári vinna nemendur starfstengt lokaverkefni í ljósi þess sviðs sem þeir völdu að dýpka sig í. Lokaverkefni tengist því námskeiðunum tómstundafræði: dýpkun á sviði og vettvangsnám: dýpkun á sviði. Í því skyni taka nemendur að sér rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir væntanlegan starfsvettvang eða fjölbreytileg verkefni að eigin vali.
Nemendum stendur einnig til boða að taka þátt í yfirstandandi rannsóknum á vettvangi. Á lokamisseri námsins, þ.e. sérhæfingarmisseri, er ætlaður tími til vinnu við lokaverkefni. Markmið verkefnis miðast við að nemandi dýpki fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni tengdu völdu sviði og tengi það við framtíðarstarfsvettvang. Form lokaverkefna getur verið með ýmsum hætti.
Í verkefnum sínum skulu nemendur sýna að þeir - geti sett sér raunhæf markmið, - geti afmarkað verkefnið og valið vinnuaðferðir með tilliti til markmiðs, - geti rökstutt aðferðir til að afla upplýsinga og beitt gagnrýnu mati á heimildir og kenningar, - kunni að beita rökum í framsetningu, - hafi vald á skýrri framsetningu efnis og faglegum frágangi, - hafi gott vald á íslensku máli.

**TÓF602G • Tómstunda- og félagsmálafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Forkröfur: Að nemendur hafi lokið þeim námskeiðum sem teljast til tómstundafræðinnar, samtals 35 einingar og séu skráðir í námskeiðin vettvangsnám: dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs.

Námskeiðslýsing: Námskeiðið er samofið námskeiðinu vettvangsnám: dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs.
Markmið: Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:

- Sýnt fram á þekkingu og færni í ljósi þeirrar dýpkunar sem nemendur völdu.
- Öðlast þekkingu og færni til þess að hrinda heildaráætlun í framkvæmd.
- Orðið betur meðvitaðir um helstu forsendur árangursríkrar samvinnu í ljósi starfsskyldna tómstundafræðinga.
- Öðlast fræðilega þekkingu á tilgangi mats og öðlast leikni við að meta árangur á heildrænan sem einstaklingsmiðaðan hátt.
- Öðlast fræðilega þekkingu á einkennum þróunar- og umbótastarfs sem og leikni við að vinna slík verkefni.
- Öðlast fræðilega þekkingu á eðli og aðferðum starfsþróunar.
- Tileinkað sér þær forsendur er felast í undirbúningi og framkvæmd markvissrar fræðslu, leiðsagnar og miðlunar.

Viðfangsefni
Nemendur velja sér svið sem þeir hafa áhuga á að dýpka sig á. Má þar nefna tómstundir og börn, unglingar eða aldraðir, tómstundir fyrir fatlaða, útivist og hópþróun og listir og sköpun. Nemendur gera heildaráætlun á því sviði sem þeir velja sér og velja einnig starfsstað í vettvangsnámi út frá því. Innihald heildaráætlunar er athugað með hliðsjón af skilgreindum viðmiðum. Fjallað verður um framkvæmda- og matsþátt þessa vinnuferils m.t.t. undirbúnings og skipulags. Litið verður sérstaklega á leiðir við að meta gæði og árangur starfseminnar. Jafnframt verður leiðsagnar- og ráðgjafarþætti starfsins sérstakur gaumur gefinn með áherslu á helstu samstarfshópa. Áhersla verður lögð á að dýpka þekkingu nemenda á fræðilegum forsendum þróunarstarfs. Í því samhengi læra nemendur að skipuleggja og útfæra þróunaverkefni. Fjallað verður um eðli og mikilvægi markvissrar fræðslu og fjölbreytilegrar miðlunar. Ennfremur fá nemendur tækifæri til þess að þróa eigið starf.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópvinna, þátttaka í málþingum og einstaklingsleiðsögn. Viðfangsefni námskeiðsins eru útfærð að hluta til á vettvangi í tengslum við val nemenda. Jafnframt fá nemendur þjálfun á námskeiðinu til þess að ræða viðfangsefni sín í lokaverkefni til B.A. gráðu á fræðilegan og gagnrýnin hátt á til þess gerðum rannsóknarmálstofum. Námskeiðinu lýkur með opinberri ráðstefnu þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín og ræða helstu niðurstöður. Nemendur taka virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.
Verkefni tengd vali nemenda í ljósi viðfangsefna námskeiðsins. Verkefnin krefjast þess af nemanum að hann beiti þeirri þekkingu og leikni sem hann býr nú yfir miðað við stöðu sína í náminu, fræðilega sem starfstengda. Jafnframt heldur neminn leiðarbók og lestrardagbók. Einnig er þátttaka í málstofum sem og miðlun lokaverkefnis á árlegri ráðstefnu nemenda hluti af námsmati.

**TÓF603G • Vettvangsnám II • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Forkröfur: Að nemendur hafi lokið þeim námskeiðum sem teljast til tómstundafræðinnar, samtals 35 einingar og séu skráðir í námskeiðin tómstundafræði, dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs.
Markmið:
Að nemendur:

- fái tækifæri til að æfa færni og móta viðhorf í ljósi þeirrar grunn- og hagnýtu þekkingar sem þeir hafa nú fengið og þróa eigin starfskenningu og fagvitund í kjölfar þeirrar reynslu
- fái dýpri skilning og sýn á ábyrgð og skyldur tómstundafræðinga í starfi nú og í náinni framtíð
- fái tækifæri til virkrar þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi tómstundafræðinga með sérstaka áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar þjónustu, svo og fræðslu og leiðsagnarhlutverk fagstéttarinnar
- fái aðstöðu til þess að skipuleggja og útfæra valin viðfangsefni í námskeiðinu tómstundafræði: dýpkun á sviði.
haldi leiðarbók samkvæmt verkefnalýsingu þar sem upplifun af inntaki og útfærslu ofangreindra markmiða birtist í formi greinargerða.

Viðfangsefni og vinnulag:
Á þessu misseri fá nemendur tækifæri til sérhæfingar innan starfssviðs tómstundafræðinga. Nemendur velja sér starfsstað til að starfa við í vettvangsnámi og jafnframt velja nemendur lokaverkefni á sama sviði. Lögð er áhersla á virka þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi tómstundafræðinga með sérstakri áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar starfsemi og þjónustu. Einnig er áhersla lögð á fræðslu og leiðsagnarhlutverk tómstundafræðinga. Leiðbeinendur leggja fram einstaklingsbundna kennsluáætlun fyrir nemann í samráði við umsjónarmann þar sem þeir skilgreina markmið, efnistök, aðferðir og kröfur. Nemar fá tækifæri til að hafa áhrif á áherslur áætlunarinnar í samræmi við áhuga, reynslu og þarfir. Í því skyni eru nemar beðnir um í samliggjandi námskeiði að greina þá þætti starfsins sem þeir bera hvað mestan hvíðboga við að axla og hvattir til að miðla þeim upplýsingum á fyrsta samráðsfundi með sínum leiðbeinenda. Nemendur vinna leiðarbók í formi greinagerða samkvæmt kennsluáætlun og verkefnalýsingu leiðbeinenda. Áhersla leiðarbókar er á úrvinnslu þeirra þátta námsins er lúta að ábyrgð og skyldum tómstundafræðinga í starfi, svo og hugmyndafræði starfsins. Þá skipuleggur og útfærir neminn valin viðfangsefni í námskeiðinu tómstundafræði: dýpkun á sviði. Jafnframt sækir hann reglulegar málstofur og leiðsagnartíma með umsjónarmanni og kennurum námsins þar að lútandi.

**TÓS101G • Inngangur að tómstundafræðum • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur hafi að loknu námskeiði öðlast yfirgripsmikla þekkingu á tómstundafræði, bæði í sögulegu ljósi en ekki síst tómstundafræði samtímans. Áhersla er á að nemendur hafi öðlast skilning á viðfangsefnum og aðferðum tómstundafræðinnar og þeim fræðilegu forsendum sem liggja til grundvallar, áttað sig á mikilvægi tómstundastarfs í nútíma samfélagi og geti tengt niðurstöður rannsókna á tómstundastarfi við starf á vettvangi. Einnig að nemendur hafi kynnst því tómstundastarfi sem í boði er á Íslandi, þekki sögu tómstundastarfs og þróun í takt við breytingar á samfélaginu.
Inntak / viðfangsefni: Kynnt verður ytri umgjörð tómstundastarfs á Íslandi, þar á meðal helstu lög, með áherslu á æskulýðslög, íþróttalög, lög um barnavernd, lög um félagsþjónustu auk sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og þá er áhersla á að nemendur kynnist stjórnun sveitarfélaga í tómstundamálum. Einnig verður fjallað um þróun og stöðu tómstundamála á Íslandi. Farið verður sérstaklega í hlutverk leiðbeinenda. Auk þess verður farið ítarlega í gildi tómstunda og verða rannsóknir skoðaðar í þeim tilgangi. Að lokum verður farið yfir sögu og þróun tómstundastarfs á alþjóðavettvangi, sem og á Íslandi. Nemendum gefst kostur á að tengja hugmyndir sínar, reynslu og þekkingu við starf á vettvangi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópavinna og vettvangsheimsóknir
Vettvangsheimsókn ásamt málstofu þar sem nemendur gera grein fyrir heimsókn sinni, greinargerð um tómstundastarf í ákveðnu

sveitarfélagi, svörun spurninga og umræður á WebCT, heimapróf.

**TÓS201G • Lífsleikni • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ásdís Olsen Aðjunkt
Almennt:
Á námskeiðinu er fjallað um félags- og tilfinningaþroska og áhrif slíkra persónulegra þátta á líðan, samskipti, geðheilbrigði, árangur og velgengni í lífi og starfi. Einnig verður unnið markvisst með hagnýtar aðferðir sem stuðla að sjálfsþekkingu og sjálfseflingu.
Inntak/viðfangsefni:
Fræðilegur grunnur og aðferðir eru einkum sóttar til hagnýtrar sálfræði og verður áhersla lögð á að styrkja nemendur persónulega og veita þeim tækifæri til að greina og endurskoða grunnviðhorf sín, hugsanir, tilfinningar og hegðun. Í þeirri vinnu er einkum stuðst við aðferðir úr smiðju hugrænnar atferlisfræði (Cognitve Behavioral Technique), en einnig er unnið markvisst með "Mindfulness" (núvitund eða árvekni), sem er hagnýt leið til aukinnar meðvitundar um sjálfan sig og núið. Á námskeiðinu fá nemendur einnig tækifæri til að þjálfa sig í að forma og vinna markvisst með persónulega þætti á vettvandi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, dagbókaskráning, hópvinna og verkefni.
Nemendur vinna þrjú verkefni:
1. Sjálfsskoðunarverkefni: Nemendur fara í markvissa sjálfsskoðun í 5 vikur með aðferðum hagnýtrar atferlisfræð.
2. Hópverkefni: Nemendur vinna eitt hópverkefni fyrir vettvang, á sviði félags- og tilfinningaþroska
3. Fræðileg innlögn: Nemendur gera fræðilega umfjöllun um valið efni og miðla til annarra nemenda á námskeiðinu.
Námsmat: Heildrænt mat vegur mest í námsmatinu, með áhersla á virkni og sérstöðu hvers einstaklings í þekkingaröflun og þroskaviðleitni sinni. Unnið verður með dagbækur, matslista, sjálfsmat og félagamat.

**TÓS202G • Tómstundir og börn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur

- Kynnist því starfi sem fram fer í frítíma með börnum á aldrinum 6 - 12 ára
- Fái betri skilning á þroska, félagsfærni og vandamálum tengd þessum aldurshópi
- Geti skipulagt og stjórnað starfi með börnum á aldrinum 6 - 12 ára
- Efli eigin færni og styrk í að vinna með börnum á vettvangi frítímans
- Þrói hugmyndir sínar um tómstundastarf fyrir börn með því að gera verkefni á vettvangi
- Átti sig á mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í öllu starfi með börnum

Inntak / viðfangsefni

- Fjallað verður um tvo aldurshópa, annars vegar 6 - 9 ára og síðan 10 - 12 ára
- Fjallað verður um hvað einkennir þessa tvo aldurshópa, hvaða breytingar hafa átt sér stað á högum barna á Íslandi sem og annarsstaðar
- Skoðaðar verða íslenskar og erlendar rannsóknir á stöðu barna 6 - 12 ára

Vinnulag

- Nemendur þurfa að fara í vettvangsheimsóknir og kynna sér starf með börnum
- Nemendur þurfa að hanna tómstundarnámskeið/starf í frítíma fyrir þessa aldurshópa
- Nemendur skili inn skýrslum og stuttum ritgerðum
- Nemendur skili inn skýrslu af vettvangsheimsókn í aldurshópnum 6 - 9 ára
- Nemendur skili inn greinagerð um hvernig er unnt að bæta starf með börnum 6 - 9 ára, unnið uppúr vettvangsheimsóknum
- Nemendur skili inn skýrslu um könnun á frítíma barna 10 - 12 ára
- Nemendur hanni námskeið fyrir börn 10 - 12 ára

**TÓS203G • Aðferðir í tómstundafræði • (8e) • Vor • 3f**
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að veita þekkingu á vinnulagi og verktækni (aðferðafræði) tómstundaleiðbeinenda. Áhersla er lögð á að kynna fræðilegan grundvöll aðferðanna og verklegar æfingar þar sem þeim er beitt. Sérstök áhersla er lögð á stjórnun, hlutverk leiðbeinenda og vinnulag með ólíka hópa. Þarfir ólíkra hópa verða ræddar og hvernig má bregðast við þeim í starfi. Kynnt verða frumatriði í viðtalstækni, framsetningu og kynningu efnis, ræðumennsku, hópstarfi og samfélagsvinnu.
Nauðsynleg undirstaða: Tómstundafræði (FÉL104G)
Verkefni og heimapróf.

**TÓS301G • Útivist og útinám • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jakob Frímann Þorsteinsson Aðjunkt
**Markmið:**

- að efla hæfni og þekkingu nemenda í að skipuleggja og framkvæma útivist fyrir fólk, sérstaklega börn og unglinga
- að stuðla að því að nemendur þekki gildi úti- og ævintýranáms og nýti aðferðir þess í starfi
- að auka þekkingu nemenda á helstu kenningum og rannsóknum sem tengjast úti- og ævintýranámi
- að kynna hvernig nota má úti og ævintýranám í tengslum við hópþróun, félags- og persónuþroska
- að kynna og þjálfa ýmis hagnýta atriði er varða almenna útivist

**Inntak:** Fjallað verður um hugmyndafræði og gildi útivistar. úti- og ævintýranáms í starfi með fólki með áherslu á hagnýtar kenningar, rannsóknir og reynslu af vettvangi. Áhersla er lögð á hvernig nota má náttúruna í starfi með börnum, unglingum og fullorðnum til þess að efla sjálfstraust og sjálfsmynd, byggja upp liðsheild og fást við vandamál. Einkum er litið á vettvang frítímans sem þann starfsvettvang sem unnið er með, en einnig er fjallað um útinám á öllum skólastigum. Fjallað verður um ýmis hagnýt atriði varðandi útivist m.a. um útbúnað, klæðnað, rötun og leiðarval og nemendur hvattir til að öðlast grunnþekkingu á almennri útivist, ferðatækni og umhverfis- og

öryggismálum.
**Farið verður í eina tveggja nátta ferð og tvær dagsferðir** þar sem nemendur glíma við raunveruleg verkefni á vettvangi.
**Vinnulag:** Kennslan er í lotum og byggir á fyrirlestrum, verklegri kennslu, útivistarferðum, verkefnavinnu og umræðum. Rík áhersla er lög á fjölbreyttar útivistarferðir þar sem nemendur takast á við raunveruleg verkefni. Umræður eru í tímum og á neti, en einnig er rætt um upplifanir hópsins og einstaklinganna í ferðunum og rýnt í þann lærdóm sem af þeim má draga. Unnin eru verkefni milli lota þar sem nemendur þurfa m.a. að fara með hóp í ferð. Þar reynir á ferlið frá hugmynd (sköpun), undirbúning, framkvæmd og mat.
*Reikna má með að allnokkrum kostnaði vegna ferða á námskeiðinu.*
- Þátttaka í og ígrundun og sjálfsmat eftir sameiginlegar ferðir - Ítarleg áætlun um útinámsverkefni með hóp - Vönduð kynningu og ígrundun á útinámsverkefni - Kennslubréfi og virkni í umræðum á vef

**TÓS401G • Tómstundir og unglingar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur

- Kynnist því tómstundastarfi sem sérstaklega er boðið upp á fyrir unglinga á Íslandi
- Efli eigin færni og styrk í að vinna með unglingum á vettvangi frítímans
- Öðlist innsýn í þann heim sem unglingar búa við í dag, má þar nefna hnattvæðingu, fjölmiðla, unglingamenningu og samvistir fjölskyldunnar
- Kryfji rannsóknir á gildi tómstunda fyrir unglinga
- Öðlist færni í að greina og bregðast við ofbeldi gegn unglingum, ásamt því að þekkja skyldur og ábyrgð leiðbeinenda
- Öðlist innsýn í hverskonar frávikshegðun unglinga og hvernig helst megi koma í veg fyrir hana
- Þrói hugmyndir sínar um tómstundastarf fyrir unglinga með því að gera verkefni á vettvangi
- Átti sig á mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í öllu starfi með unglingum
- Geti skipulagt og stjórnað tómstundastarfi fyrir unglinga

Inntak / viðfangsefni: Fjallað verður um starf félagsmiðstöðva, íþróttafélaga, skáta og um trúarlegt starf fyrir unglinga, ásamt félagsstarfi í grunnskólum. Áhersla verður lögð á starfshlutverk tómstundafræðinga við fræðslu, ráðgjöf og forvarnarstarf. Farið verður í skoðun á samfélaginu út frá unglingunum sjálfum og nemendur kryfja gildi tómstunda fyrir unglinga til mergjar. Fjallað verður um helstu einkenni og vandamál sem börn og unglingar eiga við að etja, meðal annars verður fjallað um kenningar, áhættuþætti, eðli og umfang ofbeldis og vanrækslu og mismunandi birtingarform þess. Jafnframt verður fjallað um ofbeldi í fjölskyldum og áhrif þess á unglinga. Ennfremur verður fjallað um löggjöf, úrræði og forvarnarstarf, vinnuaðferðir, viðhorf og viðbrögð fagfólks í slíkum málum. Að lokum verður fjallað um hlutverk og ábyrgð leiðbeinenda og mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða í starfi með unglingum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, einstaklingsvinna, hópavinna og vettvangsheimsóknir. Nemendur fara í vettvangsheimsóknir og kynna sér starf með unglingum. Nemendur hanna starf í frítíma fyrir unglinga.
Lesefni
Verndum þau eftir Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur, Delivering good youth work eftir Gina Ingram og Jean Harris, Youth livestyles in a changing world eftir Steven Miles, ásamt ljósrituðu efni og skýrslum á netinu.
Viðtal við unglinga, hópverkefni um valið efni, verklegar æfingar og próf.

**TÓS402G • Vettvangsnám I • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Forkröfur: Nemendur þurfa að hafa lokið námskeiðunum Inngangur að tómstundafræðum, tómstundir og börn, útivist og hópþróun og vera skráðir í námskeiðið tómstundir og unglingar. Forkröfur: Nemendur þurfa að hafa lokið námskeiðunum Inngangur að tómstundafræðum, tómstundir og börn, útivist og hópþróun og vera skráðir í námskeiðið tómstundir og unglingar.
Námskeiðslýsing: Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs.
Markmið: Í lok vettvangsnáms hafi nemendur öðlast færni við að tengja saman faglega og hagnýta þekkingu og sýnt fram á hana í leiðarbók. Ennfremur hafi nemendur fengið góða innsýn í starfsskyldur tómstundafræðinga og tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þeirra.
Viðfangsefni og vinnulag: Í þessu vettvangsnámi er sjónum beint að tveimur meigin þáttum; annars vegar þátttöku nemenda af störfum tómstundafræðinga. Nemendur dvelja á vettvangsstað í um það bil sex vikur samkvæmt nánari skilgreiningu á stundaskrá. Nemendur taka virkan þátt í vinnu tómstundafræðinga á vettvangsstað í samræmi við kennsluáætlun leiðbeinenda, sem miðar að því að kynna þá þjónustu sem veitt er á vettvangsstað sem og starfshætti. Auk þess felur kennsluáætlun í sér tækifæri til heimsókna á aðra þjónustustaði. Nemendur haldi leiðarbók um vettvangsnámið í samræmi við þær kröfur sem birtast í kennsluáætlun leiðbeinenda.
Lokið/ólokið - byggt á umsögn og mati leiðbeinenda um frammistöðu á vettvangsstað og mati á leiðarbók.

**TÓS403G • Viðburða- og verkefnastjórnun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur verði hæfari í að skipuleggja, undirbúa, framkvæma og meta stóra og litla viðburði á vettvangi frítímans. Að nemendur kynnist verkefnastjórnun og mikilvægi hennar í nútíma samfélagi, ekki síst í tómstundastarfi. Markmið: Að nemendur verði hæfari í að skipuleggja, undirbúa, framkvæma og meta stóra og litla viðburði á vettvangi frítímans. Að nemendur kynnist verkefnastjórnun og mikilvægi hennar í nútíma samfélagi, ekki síst í tómstundastarfi.
Inntak / viðfangsefni: Megináhersla er lögð á að nemendur undirbúi, framkvæmi og meti einn stóran viðburð á vettvangi frítímans, ásamt því að undirbúa móttöku nýnema við Kennaraháskóla Íslands.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, verkefni og undirbúningur og framkvæmd viðburða. Að móttökuverkefninu vinna allir nemendur saman. Að viðburðinum vinna einn til þrír nemendur saman að hverju verkefni. Nemendur skipuleggja og móta verkefnin í samvinnu við umsjónarmann. Skal í því sambandi tekið mið af aðalmarkmiðum námsins.
Lesefni: Successful event management eftir Anton Shone og Bryn Parry.
Undirbúningur, skipulag, framkvæmd, mat og kynning á tveimur viðburðum, ásamt einu fjölmiðlaverkefni.

**TÓS501G • Stjórnun og rekstur • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Ragnheiður E Stefánsdóttir
MarkmiðMarkmið
Að nemendur - öðlist hæfni í stjórnun unglingahópa og starfsmanna og geti séð um fjármál og rekstur í tómstundastarfi. Þekki grundvallarhugtök í stjórnunarfræðum, kynnist og geti beitt mismunandi stjórnunaraðferðum við misjafnar aðstæður og með mismunandi hópum. Öðlist þekkingu á helstu grunnatriðum rekstrar, m.a. fjármálastjórnun, fjárhagsáætlanagerð og öðlist þekkingu í stjórnsýslufræðum. Leitast er við að gefa nemendum fræðilega yfirsýn yfir fræðin en megin áhersla er lögð á hagnýta þekkingu á þessu sviði.
Viðfangsefni: Fjallað er um hugtök eins og forysta og stjórnun, leiðtogi og stjórnandi, mismunandi stjórnunarstíla, völd og áhrif, stofnanir og stefnumótun, þátttökustjórnun og hvatningu. Þá verður farið yfir fjármál og rekstur í tómstundastarfi og nemendur þjálfaðir í ýmsum atriðum er því tengjast. Í því samhengi verður fjallað um samhengi tekna og kostnaðar og kynning á grunnatriðum rekstraráætlana. Í því sambandi verður fjallað sérstaklega um áætlanagerð sem stjórntæki, uppbyggingu fjárhagsáætlunar og eftirlit með áætlunum.
Vinnulag
Í námskeiðinu verða fyrirlestar, vettvangsathugun, hópavinna, umræður og verkefni. Nemendur munu kynna ákveðið viðfangefni í tíma og einnig munu þeir fá þjálfun í beitingu aðferða með því að gera raunhæfa fjárhagsáætlun. Að lokum verða umræður á WebCT.
Lesefni
Yukl Gary (2006 6th. Ed), Leadership in Organizations. New Jersey: Prentice hall.
Ljósritaðar greinar í hefti sem kennari dreifir.
Fyrsta verkefnið er vettvangsathugun sem gildir 10%. Annað verkefnið er úrdráttur úr námsbók sem gildir 10%. Þriðja verkefnið er kynning á viðfangsefni, gildir 15%. Fjórða verkefnið er ritgerð sem gildir 15%. Fimmta verkefnið er gerð fjárhagsáætlunar eftir raundæmi. Það gildir 20%. Að lokum er það heimapróf sem gildir 20% og þátttaka í tímum og WebCT sem gildir 10%.

**TÓS502G • Tómstundir og aldraðir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Markmið: Að nemendur

- Kynnist því tómstundastarfi sem sérstaklega er boðið upp á fyrir aldraða á Íslandi
- Efli eigin færni og styrk í að vinna með öldruðum á vettvangi frítímans
- Geti skipulagt og stjórnað tómstundastarfi fyrir aldraða
- Kynnist aðstæðum aldraðra á Íslandi í dag
- Kryfji rannsóknir á gildi tómstunda fyrir aldraða
- Þekki til helstu kenninga um öldrun
- Þekki lög og reglugerðir og uppbyggingu þjónustu fyrir þennan aldurshóp.
- Þrói hugmyndir sínar um tómstundastarf fyrir aldraða með því að gera verkefni á vettvangi

Inntak / viðfangsefni: Fjallað verður um kenningar, stefnumörkun, hugmyndafræði, lífsskeiðaþróun og breytingarferli fullorðinsára frá mismunandi sjónarhornum. Farið verður í löggjöf og uppbyggingu þjónustu við aldraða. Gerð verður grein fyrir öldrunarfræðilegum rannsóknum og fjallað um þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa og áhrif þeirra á þjónustu við aldraða. Áhersla er á tómstundir, virkni, forvarnarstarf og þátttöku aldraðra í stjórnun og skipulagningu þjónustunnar.
Vinnulag: Fyrirlestrar, verkefni, umræður, vettvangsheimsóknir og þátttaka í skipulagningu og stýringu félagsstarfs.
Viðtöl, skipulagning viðburða, málstofa og próf.

**TÓS601G • Tómstunda- og félagsmálafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Forkröfur: Að nemendur hafi lokið þeim námskeiðum sem teljast til tómstundafræðinnar, samtals 35 einingar og séu skráðir í námskeiðin vettvangsnám: dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs. Forkröfur: Að nemendur hafi lokið þeim námskeiðum sem teljast til tómstundafræðinnar, samtals 35 einingar og séu skráðir í námskeiðin vettvangsnám: dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs.
Námskeiðslýsing: Námskeiðið er samofið námskeiðinu vettvangsnám: dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs.
Markmið: Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:

- Sýnt fram á þekkingu og færni í ljósi þeirrar dýpkunar sem nemendur völdu.
- Öðlast þekkingu og færni til þess að hrinda heildaráætlun í framkvæmd.
- Orðið betur meðvitaðir um helstu forsendur árangursríkrar samvinnu í ljósi starfsskyldna tómstundafræðinga.
- Öðlast fræðilega þekkingu á tilgangi mats og öðlast leikni við að meta árangur á heildrænan sem einstaklingsmiðaðan hátt.
- Öðlast fræðilega þekkingu á einkennum þróunar- og umbótastarfs sem og leikni við að vinna slík verkefni.
- Öðlast fræðilega þekkingu á eðli og aðferðum starfsþróunar.
- Tileinkað sér þær forsendur er felast í undirbúningi og framkvæmd markvissrar fræðslu, leiðsagnar og miðlunar.

Viðfangsefni
Nemendur velja sér svið sem þeir hafa áhuga á að dýpka sig á. Má þar nefna tómstundir og börn, unglingar eða aldraðir, tómstundir fyrir fatlaða, útivist og hópþróun og listir og sköpun. Nemendur gera heildaráætlun á því sviði sem þeir velja sér og velja einnig starfsstað í vettvangsnámi út frá því. Innihald heildaráætlunar er athugað með hliðsjón af skilgreindum viðmiðum. Fjallað verður um framkvæmda- og matsþátt þessa vinnuferils m.t.t. undirbúnings og skipulags. Litið verður sérstaklega á leiðir við að meta gæði og árangur starfseminnar. Jafnframt verður leiðsagnar- og ráðgjafarþætti starfsins sérstakur gaumur gefinn með áherslu á helstu samstarfshópa. Áhersla verður lögð á að dýpka þekkingu nemenda á fræðilegum forsendum þróunarstarfs. Í því samhengi læra nemendur að skipuleggja og útfæra þróunaverkefni. Fjallað verður um eðli og mikilvægi markvissrar fræðslu og fjölbreytilegrar miðlunar. Ennfremur fá nemendur tækifæri til þess að þróa eigið starf.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópvinna, þátttaka í málþingum og einstaklingsleiðsögn. Viðfangsefni námskeiðsins eru útfærð að hluta til á vettvangi í tengslum við val nemenda. Jafnframt fá nemendur þjálfun á námskeiðinu til þess að ræða viðfangsefni sín í lokaverkefni til B.A. gráðu á fræðilegan og gagnrýnin hátt á til þess gerðum rannsóknarmálstofum. Námskeiðinu lýkur með opinberri ráðstefnu þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín og ræða helstu niðurstöður. Nemendur taka virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.
Verkefni tengd vali nemenda í ljósi viðfangsefna námskeiðsins. Verkefnin krefjast þess af nemanum að hann beiti þeirri þekkingu og leikni sem hann býr nú yfir miðað við stöðu sína í náminu, fræðilega sem starfstengda. Jafnframt heldur neminn leiðarbók og

lestrardagbók. Einnig er þátttaka í málstofum sem og miðlun lokaverkefnis á árlegri ráðstefnu nemenda hluti af námsmati.

**TÓS602G • Lokaverkefni til B.A. - prófs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Á síðasta námsári vinna nemendur starfstengt lokaverkefni í ljósi þess sviðs sem þeir völdu að dýpka sig í. Lokaverkefni tengist því námskeiðunum tómstundafræði: dýpkun á sviði og vettvangsnám: dýpkun á sviði. Í því skyni taka nemendur að sér rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir væntanlegan starfsvettvang eða fjölbreytileg verkefni að eigin vali. Á síðasta námsári vinna nemendur starfstengt lokaverkefni í ljósi þess sviðs sem þeir völdu að dýpka sig í. Lokaverkefni tengist því námskeiðunum tómstundafræði: dýpkun á sviði og vettvangsnám: dýpkun á sviði. Í því skyni taka nemendur að sér rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir væntanlegan starfsvettvang eða fjölbreytileg verkefni að eigin vali.

Nemendum stendur einnig til boða að taka þátt í yfirstandandi rannsóknum á vettvangi. Á lokamisseri námsins, þ.e. sérhæfingarmisseri, er ætlaður tími til vinnu við lokaverkefni. Markmið verkefnis miðast við að nemandi dýpki fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni tengdu völdu sviði og tengi það við framtíðarstarfsvettvang. Form lokaverkefna getur verið með ýmsum hætti.
Í verkefnum sínum skulu nemendur sýna að þeir - geti sett sér raunhæf markmið, - geti afmarkað verkefnið og valið vinnuaðferðir með tilliti til markmiðs, - geti rökstutt aðferðir til að afla upplýsinga og beitt gagnrýnu mati á heimildir og kenningar, - kunni að beita rökum í framsetningu, - hafi vald á skýrri framsetningu efnis og faglegum frágangi, - hafi gott vald á íslensku máli.

**TÓS603G • Vettvangsnám II • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Forkröfur: Að nemendur hafi lokið þeim námskeiðum sem teljast til tómstundafræðinnar, samtals 35 einingar og séu skráðir í námskeiðin tómstundafræði, dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs.Forkröfur: Að nemendur hafi lokið þeim námskeiðum sem teljast til tómstundafræðinnar, samtals 35 einingar og séu skráðir í námskeiðin tómstundafræði, dýpkun á sviði og lokaverkefni til B.A. prófs.
Markmið:
Að nemendur:

- fái tækifæri til að æfa færni og móta viðhorf í ljósi þeirrar grunn- og hagnýtu þekkingar sem þeir hafa nú fengið og þróa eigin starfskenningu og fagvitund í kjölfar þeirrar reynslu
- fái dýpri skilning og sýn á ábyrgð og skyldur tómstundafræðinga í starfi nú og í náinni framtíð
- fái tækifæri til virkrar þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi tómstundafræðinga með sérstaka áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar þjónustu, svo og fræðslu og leiðsagnarhlutverk fagstéttarinnar
- fái aðstöðu til þess að skipuleggja og útfæra valin viðfangsefni í námskeiðinu tómstundafræði: dýpkun á sviði.
  haldi leiðarbók samkvæmt verkefnalýsingu þar sem upplifun af inntaki og útfærslu ofangreindra markmiða birtist í formi greinargerða.

Viðfangsefni og vinnulag:
Á þessu misseri fá nemendur tækifæri til sérhæfingar innan starfssviðs tómstundafræðinga. Nemendur velja sér starfsstað til að starfa við í vettvangsnámi og jafnframt velja nemendur lokaverkefni á sama sviði. Lögð er áhersla á virka þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi tómstundafræðinga með sérstakri áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar starfsemi og þjónustu. Einnig er áhersla lögð á fræðslu og leiðsagnarhlutverk tómstundafræðinga. Leiðbeinendur leggja fram einstaklingsbundna kennsluáætlun fyrir nemann í samráði við umsjónarmann þar sem þeir skilgreina markmið, efnistök, aðferðir og kröfur. Nemar fá tækifæri til að hafa áhrif á áherslur áætlunarinnar í samræmi við áhuga, reynslu og þarfir. Í því skyni eru nemar beðnir um í samliggjandi námskeiði að greina þá þætti starfsins sem þeir bera hvað mestan hvíðboga við að axla og hvattir til að miðla þeim upplýsingum á fyrsta samráðsfundi með sínum leiðbeinenda. Nemendur vinna leiðarbók í formi greinagerða samkvæmt kennsluáætlun og verkefnalýsingu leiðbeinenda. Áhersla leiðarbókar er á úrvinnslu þeirra þátta námsins er lúta að ábyrgð og skyldum tómstundafræðinga í starfi, svo og hugmyndafræði starfsins. Þá skipuleggur og útfærir neminn valin viðfangsefni í námskeiðinu tómstundafræði: dýpkun á sviði. Jafnframt sækir hann reglulegar málstofur og leiðsagnartíma með umsjónarmanni og kennurum námsins þar að lútandi.

**ÞRF001G • Sálfræði fullorðinsára og öldrunar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingibjörg H Harðardóttir Lektor
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska fullorðins og efri ára.
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa skilning á og geta gert grein fyrir helstu áhrifavöldum þroska og samverkandi áhrifum þeirra
- Hafa grunnskilning á orsökum og eðli einstaklingsmunar, samfellu í þroska og sveigjanleika þroskaferlisins.
- Þekkja einkenni æviskeiðanna fullorðinsár, miður aldur og efri ár, ásamt helstu breytingum sem eiga sér stað á hverju þeirra.
- Gera sér grein fyrir þeim hlutverkum sem fólk mætir á ólíkum æviskeiðum og geti notað þekkingu sína til að efla sjálfa sig og aðra einstaklinga.
- Hafa þekkingu á fræðasviði ölrunar, þeim líkamlegu og sálfélagslegu breytingum sem eiga sér stað á æviskeiðinu og á málefnum aldraðra og þjónustu við þá.
- Geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð í umfjöllun sinni um viðfangsefni þroskasálfræðinnar.
- Hafa skilning á mikilvægi árangursríkra samskipta í starfi, eigin samskiptastíl og leiðum til að efla hann.

Viðfangsefni
Veigamestu kenningum um þroska verða gerð skil. Fjallað verður um andlegt atgervi, hvað einkennir þroskaða einstaklinga og kynntar kenningar um persónuleikaþroska á þessum æviskeiðum. Fjallað verður um ást, hjónaband og barneignir í fjölbreyttu samfélagi og hvernig hlutverk innan fjölskyldunnar taka breytingum. Einnig verður fjallað um þátt starfs og atvinnu í sjálfsmynd einstaklinga og mikilvægi þess að nýta þann möguleika til að efla eigin þroska. Þroskaþjálfar eiga samskipti við afar fjölbreyttan hóp og því lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi árangursríkra samskipta í starfi og í einkalífi og þjálfi upp leiðir til að efla samskipti.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu og verkefnatímum þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Þar fá

þeir tækifæri til að dýpka skilning sinn á þeim aldurshópi sem þeir kjósa að sérhæfa sig í og setja námsefnið í faglegt samhengi.
Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum og ræða. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs og er ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og miðlun.
Próf og verkefni

**ÞRF101G • Val í þroskaþjálfafræðum • (10e) • Haust**

**ÞRF104G • Þroskasálfræði: allt æviskeiðið • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Margrét Ólafsdóttir Aðjunkt
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska einstaklinga allt æviskeiðið.
Inntak / viðfangsefni
Veigamestu kenningum um þroska verða gerð skil, m.a. kenningum um vitrænan þroska, tilfinningaþroska og þróun tilfinningatengsla, kenningum um félagsþroska, þróun sjálfsmyndar og siðferðisvitundar, námskenningum og vistfræðilegum kenningum. Þar sem þroskaþjálfar og tómstunda og félagsmálafræðingar starfa við mjög fjölbreyttar aðstæður mun verða lögð áhersla á umfjöllun um áhrif uppeldis, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska. Þá verður einkennum hvers æviskeiðs gerð skil og fjallað um helstu breytingar sem eiga sér stað á hverju æviskeiði og sú umfjöllun tengd starfsvettvangi námsbrautarinnar.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu og verkefnatímum þar sem nemendur fá þjálfun í að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt.
Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum og ræða. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs og er ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og miðlun.
Próf og verkefni.

**ÞRF106G • Aðferðafræði rannsókna í félagsvísindum • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Kristín Björnsdóttir
Umsjónarkennari: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir Lektor
Kennari: Kristján Ketill Stefánsson Doktorsnemi
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái innsýn í aðferðafræði rannsókna í félagsvísindum. Í lok námskeiðs verði nemendur færir um:

- Að greina á milli mismunandi rannsóknarhefða og aðferða í félagsvísindum og kunni skil á grunnhugtökum og grundvallaratriðum í rannsóknum.
- Að lesa rannsóknir og nýta sér niðurstöður þeirra á gagnrýnin hátt.
- Að framkvæma könnun eða rannsókn á væntanlegum starfsvettvangi.

Viðfangsefni: Í námskeiðinu verður fjallað um grundvallarhugtök í þekkingarfræði og vísindaheimspeki. Þá verður lögð áhersla á síðfræði rannsókna og ýmis siðfræðileg atriði sem sérstaklega tengjast rannsóknum og aðferðafræðilegum álitamálum með viðkvæmum hópum. Fjallað verður um helstu rannsóknaraðferðir og rannsóknarferlið kynnt. Nemendur rýna í rannsóknir á sínu fræðsviði í því skyni að auka hæfni þeirra til að nýta sér niðurstöður rannsókna og tileinka sér gagnrýnið hugarfar. Í megindlega hluta námskeiðsins er fjallað um meginatriði lýsandi tölfræði og nokkur hugtök úr ályktunartölfræði. Nemendur fá meðal annars heimadæmi í tölfræði. Þá verður sjónum beint að rannsóknum á fræðasviði þroskaþjálfa og tómstundafræðinga og þeim aðferðafræðilegu álitamálum í rannsóknum sem upp kunna að koma. Í eigindlega hluta námskeiðsins verður fjallað um upphaf og þróun þessarar rannsóknarhefðar og helstu aðferðir innan hennar. Sérstök áhersla verður á tengingu við rannsóknir á sviði fötlunarfræða og tómstundafræða. Þar á meðal verða kynntar aðferðir þátttöku- og samvinnurannsókna en þær hafa á undaförnum árum verið að þróast í rannsóknum með viðkvæmum hópum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verklegir tímar. Jafnframt frá nemendur heimaverkefni og dæmi í tölfræði. Þá gera nemendur viðtalskönnun á vettvangi.
Verkefni (40%) sem felst í eftirtöldum þáttum: rannsóknaráætlun, viðtöl eða vettvangsathugun, úrvinnsla og kynning á niðurstöðum. Önnur verkefni (10%) Próf (40%).

**ÞRF108G • Tjáning - miðlun - samskipti • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Þórunn Blöndal
MarkmiðMarkmið
Þekking:
Að nemendur

- þekki til fræða sem auka skilning á eðli samskipta af ýmsu tagi, lögmálum sem gilda um þau og aðferðum til að gera þau árangursrík og markviss
- þekki einkenni samtala og notagildi þeirra í starfi þroskaþjálfa og tómstundafræðinga
- þekki vinnulag við skrif rannsóknarritgerða og jafnframt aðra kosti við framsetningu og miðlun efnis
- kunni skil á grunnatriðum við ritun erinda eða ræðna og flutning þeirra
- þekki til leikrænnar tjáningar sem aðferðar við að efla tjáningarhæfni, sköpun og samskipti.

Færni
Að nemendur

- geti valið tjáningar- og samvinnuform sem þjónar best samskiptum hverju sinni, t.d. blaðagrein eða samtal
- geti beitt aðferðum við gerð og miðlun efnis, t.d. í ræðu, riti eða á vef, sem vekja áhuga þeirra sem hlusta eða lesa og auðvelda þeim skilning
- geti beitt þekkingu á mismunandi málsniðum og textategundum við eigin skrif
- geti greint eigin samskipti og annarra í því skyni að bæta þau og efla
- geti samið æfingar í leikrænni tjáningu og stjórnað þeim með hliðsjón af þeim þáttum sem þjálfa á hverju sinni

- geti undirbúið rannsóknarritgerð, unnið úr heimildum og gert grein fyrir niðurstöðum í samræmi við þær reglur sem gilda um slíka ritsmíð.

Viðfangsefni
Nemendur lesa valda kafla úr bókum um efnið og hagnýta sér efni þeirra, ásamt fyrirlestrum og leiðsögn kennara, til að æfa sig í þeirri sköpun, tjáningu og rannsókn sem nefnd hefur verið.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt með það fyrir augum að tengja saman fræði og framkvæmd á þann veg að nemendur vinni þau verk sem námskeiðið snýst um, ræði saman um reynslu sína af verkefnum og æfingum og læri af henni. Í þessu felst meðal annars rit- og ræðuþjálfun ásamt leikrænni tjáningu.
Nemendur halda verkefnum sínum til haga í rafrænni leiðarbók (portfolio) og þar skrifa þeir einnig um reynslu sína af því að vinna þau. Leiðarbókinni er ætlað að sýna með hvaða hætti nemanda hefur tekist að nýta sér námskeiðið til náms og ígrundunar. Jafnt nemendur sem kennarar leggja mat á námið eins og það birtist í leiðarbókum og því sem fram fer í tímum. Jafnframt er metin frammistaða á miðlun í töluðu máli, meðal annars kjarnaatriðum úr lesefni námskeiðsins. Þá er mat lagt á ígrundun og greiningu nemenda á hluta viðfangsefnanna sem fram fer allt námskeiðstímabilið.

**ÞRF109G • Inngangur að fötlunarfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur:
Geta gert grein fyrir helstu kenningum og hugmyndum um fötlun.
Hafa grunnþekkingu á fötlunarfræði sem fræðigrein og tengslum hennar við þroskaþjálfastarfið.
Hafa grunnþekkingu á kenningum um eðlilegt líf og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks.
Hafa öðlast þekkingu á stöðu fatlaðra í samfélaginu fyrr og nú og sem og þá þróun sem orðið hefur í málaflokkum fatlaðra.
Þekkja helstu tímamóta rannsóknir á þessu sviði sem og nýjustu rannsóknir.
Hafa grunnþekkingu til þess að tengja hugmyndir og kenningar við líf og aðstæður fatlaðs fólks í samfélaginu.
Viðfangsefni: Í námskeiðinu er fjallað um rætur, upphaf og þróun fötlunarfræða sem fræðigreinar, helstu sjónarhorn innan hennar og tengsl við þroskaþjálfastarfið. Einnig verður fjallað um þá hugmyndafræði sem kennd er við eðlilegt líf og fulla þátttöku. Lögð er áhersla á að tengja fræðilega umfjöllun við starfsvettvang þroskaþjálfa. Þá verður fjallað um sögulega þróun í málaflokkum fatlaðs fólks og stöðu þess í samfélaginu fyrr og nú út frá þeim lausnum sem þjónustukerfi, lög og reglur tilgreina. Sérstök áhersla verður á líf, sögu, aðstæður og reynslu fatlaðs fólks. Þá verða kynntar nýjar íslenskar rannsóknir innan fötlunarfræða og nýjar áherslur í þjónustu við fólk með þroskahömlun í búsetu-, atvinnu-, menntunar- og fjölskyldumálum.
Vinnulag: Fyrirlestrar og umræður. Áhersla er lögð á að nemendur taki þátt í umræðum um eigin viðhorf og skoðanir á ólíkum kenningum og sjónarhornum á fötlun. Jafnframt að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð í skrifum og við heimildaleit. Þá kynna nemendur verkefni sín í málstofu.
Lesefni:
Brynhildur Flóvens (2004). Réttarstaða fatlaðra. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Margrét Margeirsdóttir (2001). Fötlun og Samfélag. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Rannveig Traustadóttir (ritstj) (2003). Fötlunarfræði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Rannveig Traustadóttir (ritstj.) (2003). Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
French and Swain (2008). Understanding disability.
Ýmsar erlendar fræðigreinar.
Nemendur vinna verkefn annars vegar um líf og aðstæður fatlaðs fólks og hins vegar um helstu kenningar og sjónarhorn innan fötlunarfræða. Þá lýkur námskeiðinu með heimaprófi.

**ÞRF202G • Félagsfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Kennari: Guðrún Valsdóttir Aðjúnkt
Viðfangsefni:
1. Inngangur að félagsfræði menntunar
Áhersla verður lögð á helstu sjónarhorn félagsfræðinnar á samfélagslegar forsendur uppeldis og skólastarfs, það er grundvallarsýn á tengsl einstaklings og samfélags, sem og kenningar um félagsmótun og siðrænt uppeldi. Kynntar verða bæði sígildar félagsfræðikenningar og nútímakenningar Pierre Bourdieu, Ulrich Beck og Anthony Giddens.
2. Félagsfræði velferðarþjónustu
Áhersla verður lögð á félagsfræðilegan skilning á tilurð félagslegra vandamála, hvernig saman fléttast mismunandi lífsaðstæður mismunandi hópa og samfélagslegar skilgreiningar á því hvað eru vandamál. Kynntar verða rannsóknir á mismunandi velferðarkerfum, sem til eru í heiminum í dag.
3. Félagsfræði unglingamenningar
Kynnt verður hvernig hugmyndir og kenningar um unglingamenningu urðu til um miðbik síðustu aldar og hvernig þær hafa þróast síðan. Kynnt verða hugtök eins og jafningjamenning, menningarkimar, sköpun í unglingamenningu og frávik, en áhersla á rannsóknir á þróun unglingamenningar á Íslandi og í nágrannalöndum á síðustu árum.
4. Félagsfræði fjölskyldunnar
Fjallað verður um breytt og breytilegt hlutverk fjölskyldna við mismunandi samfélagsþróun og aðstæður, þar á meðal breytt kynjahlutverk og breytt tengsl kynslóða. Áhersla verður lögð á aðstæður fjölskyldna þar sem einstakir eða allir fjölskyldumeðlimir standa höllum fæti í samfélaginu og hvernig stuðningsaðilar koma þá við sögu.
5. Fjölmenning og skóli án aðgreiningar
Fjallað verður um félagsfræðikenningar um samþættingu (integration) og samlögun (assimilation), sem og "exclusion"/"inclusion". Tilraunir til að vinna bug á sundrung og sundurgreiningu samfélagsins, allt frá samheldnihugmyndum Durkheims til samtímahugmynda um fjölmenningu og skóla án aðgreiningar, verða skoðaðar í félagsfræðilegu ljósi.
Vinnulag
Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum.
Verkefni verða unnin í einstökum námsþáttum, og auk þess er skriflegt próf í lok námskeiðs

**ÞRF204G • Sálfræði bernsku og unglingsára • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Margrét Ólafsdóttir Aðjunkt
Kennari: Þjóðbjörg Guðjónsdóttir Lektor
Kennari: Jóhanna Einarsdóttir Lektor
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska barna frá fæðingu og fram á unglingsár og þekki einnig þroska á fósturstigi.
Fjallað verður um helstu þroskasvið barna og unglinga; vitþroska, hreyfiþroska og skynjun, málþroska og máltjáningu, félagsþroska, tilfinningaþroska og þróun tilfinningatengsla. Fjallað verður áhrif uppeldis, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska barna og erfða og líkamlegra þátta á ofangreind þroskasvið.
Áhersla verður lögð á gildi sálfræðinnar í uppeldis- og skólastarfi, í umönnun barna og unglinga og á öðrum starfsvettvangi þroskaþjálfa.
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum og verkefnatímum þar sem nemendur fá þjálfun í að ræða námsefnið á gagnrýnin hátt. Þar fá þeir ennfremur tækifæri til að dýpka skilning sinn og auka þekkingu sína á einkennum barna á mismunandi þroskaskeiðum. Nemendur fá aðstoð við að setja námsefnið í faglegt samhengi þroskaþjálfunar.
Í fyrirlestrum er leitast við að gefa nemendum heildarsýn á þroska barna og unglinga. Verkefnavinna miðast að því að nemendur yfirfæri kenningar yfir á starfsvettvang sinn og er einnig ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og æfa nemendur í að miðla hugsunum sinnum og skoðunum.
Heimapróf I, vægi 15%; Heimapróf II, vægi 15%; Ritgerð, vægi 15%; Lokapróf 55%

**ÞRF206G • Sálfræði fullorðinsára og öldrunar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingibjörg H Harðardóttir Lektor
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska fullorðins og efri ára.
Veigamestu kenningum um þroska verða gerð skil. Fjallað verður um andlegt atgervi, hvað einkennir þroskaða einstaklinga og kynntar kenningar um persónuleikaþroska á þessum æviskeiðum. Fjallað verður um ást, hjónaband og barneignir í fjölbreyttu samfélagi og hvernig hlutverk innan fjölskyldunnar taka breytingum. Einnig verður fjallað um þátt starfs og atvinnu í sjálfsmynd einstaklinga og mikilvægi þess að nýta þann möguleika til að efla eigin þroska. Þroskaþjálfar eiga samskipti við afar fjölbreyttan hóp og því lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi árangursríkra samskipta í starfi og í einkalífi og þjálfi upp leiðir til að efla samskipti.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu og verkefnatímum þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Þar fá þeir tækifæri til að dýpka skilning sinn á þeim aldurshópi sem þeir kjósa að sérhæfa sig í og setja námsefnið í faglegt samhengi.
Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum og ræða. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs og er ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og miðlun.
Próf og verkefni

**ÞRF207G • Inngangur að þroskaþjálfafræðum: Starfsvettvangurinn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Þuríður Broddadóttir Aðjunkt
Markmið:Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Bera kennsl á helstu lög og reglugerðir sem tengjast málefnum fatlaðra.
- Hafa öðlast þekkingu á réttindum fatlaðs fólks.
- Þekkja helstu viðfangsefni þroskaþjálfa, starfsvettvanginn, starfshlutverk fagstéttarinnar og fá innsýn í almennar starfsskyldur þeirra.
- Hafa öðlast innsýn og skilning á líf fólks með þroskahömlun og hvernig fólkið upplifir sjálft líf sitt og aðstæður.
- Hafa öðlast innsýn í hvernig er að búa á stofnun eða sambýli.

Viðfangsefni: Í námskeiðinu verður farið í helstu lög, reglugerðir og starfsramma sem tengjast störfum þroskaþjálfa. Nemendur fá kynningu á helstu þjónustukerfum í málaflokkum fatlaðs fólks. Þeir munu jafnframt kynnast störfum þroskaþjálfa og fara í þeim tilgangi í heimsóknir á vettvang. Þá munu nemendur kynnast lífi fullorðins fólks með þroskahömlun sem býr á stofnun eða sambýli. Leitast er við að kynna rannsóknir innan fötlunarfræðinnar.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna. Hluti vinnunnar í námskeiðinu felst í skipulögðum heimsóknum á stofnun eða sambýli, vettvangsathugunum og viðtölum við fólk með þroskahömlun.
Námsmat byggir á verkefnavinnu. Í verkefnavinnunni er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg og sjálfstæð vinnubrögð og afli sér gagna á rafrænan hátt (rannsóknir og fræðigreinar).

**ÞRF301G • Fatlanir, taugasjúkdómar og geðraskanir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Solveig Sigurðardóttir Aðjunkt
Kennari: Ingólfur Einarsson
Kennari: Margrét Valdimarsdóttir
Markmið
Í lok námskeiðs skulu nemendur:
Hafa öðlast þekkingu á eðlilegum þroska barna og helstu þáttum sem geta tafið það ferli og leitt til fatlana.
Hafa öðlast fræðilega þekkingu á taugakerfi mannsins, starfsemi þess sem og sjúkdóma sem rekja má til truflunar á því, bæði tauga- og geðsjúkdóma.
Þekkja tengsl og skörun taugasjúkdóma, geðraskana og fatlana.
Viðfangsefni: Bygging og starfsemi taugakerfisins, allt frá fósturþroska og til fullorðinsára. Fjallað verður ítarlega um orsakir og einkenni fatlana m.a. þroskahömlunar, einhverfu og skyldra fatlana, hreyfihömlunar m.a. heilalömunar, sjónskerðingar og heyrnarskerðingar. Farið yfir grundvallaratriði erfðafræðinnar og nokkrir litninga- og genagallar kynntir. Vandamál fyrirbura verða rædd svo og sértækir erfiðleikar sem börn glíma við á sviði málþroska og námsgetu. Augum verður einnig beint að taugasjúkdómum s.s. flogaveiki, og höfuðáverkum. Hegðunar- og tilfinningavandi barna og unglinga verður til umfjöllunar, einkum ofvirkni og athyglisbrestur, aðrar hegðunarraskanir auk kvíða- og depurðarraskana. Sérstaklega verður fjallað um þessi einkenni meðal barna og unglinga með þroskahömlun en einnig fjallað almennt um þau og þá sérstaklega út frá sjónarhorni og starfsvettvangi þroskaþjálfans.

Vinnulag: Fyrirlestrar og verkefnavinna.

**ÞRF302G • Siðfræði og fagmennska • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Kennari: Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir
Inntak/viðfangsefni:
Í fyrri hluta námskeiðs er farið í skyldukenningu Kants og Nytjastefnuna og siðferðileg hugtök eins og sjálfræði, velferð, réttlæti og mannréttindi. Einnig er fjallað um fagmennsku, virðingu fyrir friðhelgi og megin áherslur í vísindasiðfræði. í Síðari hluta námskeiðs velja nemendur sér viðfangsefni tengt starfssviði sínu til að rannsaka sérstaklega d: fósturrannsóknir, þroskaheftir foreldrar, ofbeldi á stofnunum, jafnrétti til náms.
Vinnulag:
Kennslan byggist á fyrirlestrum frá kennara og nemendum, umræðum og verkefnavinnu. Í byrjun flytur kennari fyrirlestra um fræðilegt efni sem líta má á sem nauðsynlegan grunn til að takast á við þau álitamál sem sérstaklega snúa að starfi þroskaþjálfans. Sérstök á hersla er lögð á umfjöllun um fagmennsku. Í síðari hluta námskeiðs velja nemendur sér ákveðið siðferðilegt vandamál sem snertir starf þroskaþjálfans og rannsaka það sérstaklega. Stýra þá nemendur kennslu með aðstoð kennara. Flytja þeir erindi og stjórna umræðum um það svið sem þeir hafa valið að rannsaka sérstaklega.
Mætingarskylda er í staðlotur.
Namsmat er tvíþætt: Stjórn umræðna á neti og skrifleg skil á verkefni(50%). Skriflegt próf (50%) Nauðsynlegt að ná að lágmerki 5.0 í hvorum hluta námsmats.

**ÞRF402G • Vettvangsnám - einstaklingsmiðuð þjónusta • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóna Guðbjörg Ingólfsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Kristín Lilliendahl Aðjunkt
Námskeiðslýsing: Námskeiðið er samofið námskeiðinu Þroskaþjálfafræði og vinnubrögð I (5e). Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs.
Markmið: Í lok vettvangsnáms hafi nemendur öðlast færni við að tengja saman faglega og hagnýta þekkingu og sýnt fram á hana í leiðarbók. Ennfremur hafi nemendur fengið góða innsýn í starfsskyldur þroskaþjálfa og tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þeirra. Auk þess hafi nemendur fengið víðari sýn á þjónustu við fatlaða með vettvangsheimsóknum og skipulegri fræðslu af hálfu leiðbeinenda.
Viðfangsefni og vinnulag: Í þessu vettvangsnámi er sjónum beint að tveimur megin þáttum; annars vegar þátttöku nemenda af störfum þroskaþjálfa og hins vegar gerð og framkvæmd einstaklingsáætlunar sem er verkefni námskeiðsins Þroskaþjálfafræði og vinnubrögð I. Nemendur dvelja á vettvangsstað í um það bil sex vikur samkvæmt nánari skilgreiningu á stundaskrá. Nemendur taka virkan þátt í vinnu þroskaþjálfa á vettvangsstað í samræmi við kennsluáætlun leiðbeinenda, sem miðar að því að kynna þá þjónustu sem veitt er á vettvangsstað sem og starfshætti. Auk þess felur kennsluáætlun í sér tækifæri til heimsókna á aðra þjónustustaði.
Nemendur haldi leiðarbók um vettvangsnámið í samræmi við þær kröfur sem birtast í kennsluáætlun leiðbeinenda.
Lokið/ólokið - byggt á umsögn og mati leiðbeinenda um frammistöðu á vettvangsstað og mati á leiðarbók.

**ÞRF403G • Þroskaþjálfafræði I: Einstaklingsmiðuð þjónusta • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóna Guðbjörg Ingólfsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Kristín Lilliendahl Aðjunkt
Námskeiðið er samofið námskeiðinu Vettvangsnám - einstaklingsmiðuð þjónusta (10e). Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs.
Markmið: Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa tileinkað sér viðhorf, þekkingu og notkun fræðilegra hugtaka sem tengjast gerð einstaklingsmiðra áætlana og þekki viðurkennd vinnulíkön sem notuð eru við skipulagningu einstaklingsmiðaðrar þjónustu.
- Hafa öðlast færni til að geta undirbúið og leitt framkvæmd einstaklingsmiðaðrar þjónustu fyrir fatlaða í leikskólum, grunnskólum og annarri dagþjónustu í samræmi við opinbera stefnu, fagleg sjónarmið þroskaþjálfa og þau gildi sem fötlunarfræðin byggir á svo sem valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétti.
- Geta unnið þjónustumat og einstaklingsmiðaða áætlun í samvinnu við þjónustunotendur, forráðamenn og fagfólk og verið leiðandi í slíku samstarfi.
- Geta hrint áætlun í framkvæmd, metið árangur vinnu sinnar og eigin vinnubrögð.

Inntak / viðfangsefni:
Kenndar eru aðferðir við gerð einstaklingsmiðaðra þjónustuáætlana á grundvelli ríkjandi hugmynda og stefnu í málefnum fatlaðra. Fjallað er um ólíkar leiðir við að meta þroska og færni, upplýsingaöflun, úrvinnslu gagna, markmiðssetningar, leiðir að markmiðum, skráningar á framvindu og árangursmat. Siðferðileg álitamál varðandi markmiðssetningar og aðrar ákvarðanir tengdar gerð og framkvæmd áætlunar eru einnig til skoðunar. Þá eru kenndar aðferðir við að meta eigin vinnubrögð á öllum stigum ferlisins. Sérstök áhersla er á samvinnu við fatlaða þjónustunotendur við gerð einstaklingsmiðaðra áætlana, foreldra/forráðamenn og aðra aðstandendur og hlutverk og vinnubrögð fagteyma.
Vinnulag: Fjarnám: Fyrirlestrar, verkefnavinna og vettvangsheimsóknir í staðnámslotum miðlun efnis, verkefnavinna og samvinna á netinu.
Próf og verkefni.

**ÞRF404G • Heilsa og umönnun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Þuríður Broddadóttir Aðjunkt
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa öðlast þekkingu á uppbyggingu velferðar- og heilbrigðiskerfisins og hvert beri að sækja viðeigandi þjónustu.
- Hafa öðlast innsýn í hlutverk þroksþjálfa í daglegu starfi tengt heilsu og umönnun.
- Hafa öðlast þekkingu á algengum heilsufarsvandamálum hjá fötluðu fólki.

- Verða meðvitaðir um mikilvægi heilsuverndar, heilsueflingar og forvarna.
- Tengja umfjöllun um heilbrigði og heilsueflingu við hugmyndir fötlunarfræðinnar.
- Þekkja til algengustu hjálpartækja.

Viðfangsefni:. Í námskeiðinu verður heilbrigðis- og velferðarkerfið kynnt. Fjallað verður um heilbrigði og heilsufar fólks með þrosahömlun og að hvaða þáttum þarf sérstaklega að huga. Fjallað verður um þá hugmyndafræði sem umönnunarhlutverk þroskaþjálfa grundvallast á og hlutverk þeirra skoðað út frá sjálfræði og velferð einstaklingsins. Fjallað verður um undirstöðuatriði almenna umönnunar, heilsuvernd, heilsueflingu, forvarnir og mikilvægi þess að fólk sé meðvitað um eigið heilsufar og fái fræðslu um heilbrigðan lífsstíl. Einnig verður fjallað um sjúkdóma sem geta verið afleiðingar fötlunar eða tengdir ákveðnum fötlunum. Lögð er áhersla á að nemendur skoði efni námskeiðsins í ljósi fötlunarfræðinnar og út frá lífsgæðum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna.
Námsmat byggir á verkefnavinnu. Í verkefna-vinnunni er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg og sjálfstæð vinnubrögð og afli gagna á rafrænan hátt (rannsóknir og greinar).

**ÞRF406G • Tjáskipti í starfi með fötluðum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóna Guðbjörg Ingólfsdóttir Aðjunkt
Kennari: Anna Soffía Óskarsdóttir
Kennari: Sigrún Grendal Magnúsdóttir
Markmið:
Að nemendur öðlist þekkingu á þeim helstu tjáskiptaleiðum sem notaðar eru með fötluðu fólki og fræðunum sem að baki þeim liggja.
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Þekkja mismundandi tjáskiptaleiðir sem miða að bættri tjáskiptafærni þeirra sem búa við skerðingu s.s. tákn með tali ogýmsar myndrænar tjáskiptaaðferðir og kerfi.
- Hafa kynnst ýmsum öðrum aðferðum sem reynst hafa vel til eflingar félags- og samskiptafærni fatlaðs fólks.
- Þekkja mismunandi kennslulíkön sem þróuð hafa verið með hliðsjón af mismunandi aðferðum fyrir mismunandi notendahópa og þann fræðagrunn sem þau byggja á.
- Þekkja bæði einfaldan og tæknilegan tjáskiptahjálparbúnað sem nýtist bæði í leik og starfi.

Inntak / viðfangsefni:
Nemendur fá kennslu í að nota tákn með tali, ýmis myndakerfi s.s. PCS myndir og Blisstáknmálið. Einnig verður TEACCH hugmyndafræðin, PECS tjáskiptaaðferðin og Karlstadslíkanið kynnt. Gerð verður grein fyrir hvernig aðlaga má umhverfið til að auka sjálfstæði í samskiptum og félagslegri þátttöku. Viðeigandi tölvuforrit verða kynnt ásamt einföldum hjálparbúnaði.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum og verkefnatímum. Leitast verður við að gefa nemendum tækifæri til að sjá þær aðferðir sem eru til umfjöllunar notaðar annað hvort á myndbandsupptökum eða með vettvangsheimsóknum.
Námsmat byggist á verkefnavinnslu á námskeiðstímanum. Ná þarf lágmarkseinkunn í öllum verkefnunum.

**ÞRF501G • Þroskaþjálfafræði II: fagmennska, heildræn þjónusta og vinnubrögð • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:
Tileinkað sér viðhorf, þekkingu og færni sem þörf er á við skipulag, framkvæmd og mat á heildrænni þjónustu fyrir fatlaða.
Dýpkað þekkingu sína á almennum kenningum um fagmennsku og fagvitund og orðið meðvitaðri um fagleg sjónarmið og undirliggjandi fræðasvið eigin starfskenningar og starfsviðmiða.
Öðlast innsýn í íslenska velferðarkerfið, þær hugmyndir sem liggja því til grundvallar, þróun þess og stöðu, samhliða skilningi á þróun mannréttinda í ljósi starfshlutverks þroskaþjálfa.
Sýnt fram á þekkingu og skilning á þeim viðmiðum, opinberum sem sértækum sem leggja þarf til grundvallar allri nútímaþjónustu við fatlaða, sérstaklega þau viðmið sem þroskaþjálfar þurfa að hafa að leiðarljósi við skipulag og framkvæmd þjónustu sem og í réttindagæsluhlutverki sínu.
Öðlast þekkingu á þeim fræðilegu þáttum er felast í ferli skipulagðra vinnubragða með tilliti til heildaráætlanagerðar.
Sýnt fram á þekkingu og færni í stefnumótun, markmiðssetningu og skilgreiningu á inntaki og leiðum við heildaráætlanagerð á vettvangi þroskaþjálfunar.
Sýnt fram á þekkingu og skilning á útfærslu heildaráætlunar í formi einstaklingsmiðaðrar þjónustu.
Öðlast þekkingu og leikni við að skipuleggja og undirbúa eigin námsáætlun fyrir valið kjörsvið með áherslu á fræðilega dýpkun og fagleg vinnubrögð.
Viðfangsefni: Fjallað um faglegt hlutverk þroskaþjálfa við þróun, skipulagningu og útfærslu heildrænnar og fjölþættrar þjónustu sem tekur mið af opinberum kröfum um gæði og faglegu sjónarmiði fagstéttarinnar og svarar einstaklingsbundnum þörfum hins fatlaða. Í þessu samhengi verður lögð áhersla á að gefa nemendum heildstæða sýn á velferðarkerfið og meginþætti þess, síbreytileika og þróun samfélagsgerða, og heildræna sýn á lagaumhverfi í anda nútímahugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Fjallað verður um baráttuhreyfingar fatlaðs fólks og þróun mannréttinda. Sérstök áhersla verður lögð á löggjöf á sviði félagsþjónustu, málefna fatlaðra og barnaverndar í ljósi starfsskyldna þroskaþjálfa. Fjallað verður um stjórnsýslu þessara þátta velferðarkerfisins, m.a. með hliðsjón af stjórnsýslulögum annars vegar og meginreglna í faglegum vinnubrögðum hins vegar. Þannig verður t.d. fjallað um tilkynningaskyldu fagstétta í barnaverndarmálum, um málsmeðferð og stuðningsúrræði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga auk einstakra flokka barnaverndarmála svo sem vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðun barns osfrv. Innlend sem alþjóðleg stefnumörkun verður skoðuð. Rætt um gildi heildaráætlanagerðar og gerð þróunarverkefna við skipulag og útfærslu á þjónustu. Eðli þjónustunnar er skilgreint og hverjum þætti, svo sem búsetu, atvinnu, skóla/leikskóla, tómstundum og annarri dagþjónustu gerð sérstök skil með tilliti til heildaráætlunargerðar. Jafnframt verður lögð áhersla á ráðgjafar-, fræðslu- og réttindagæsluhlutv
Nemendur vinna 5 verkefni í ljósi markmiða námskeiðsins og leggja þannig grunn að kjörsviðstengdu vali. Jafnframt vinna þeir starfstengda leiðarbók í formi fræðilegra greinagerða og hugleiðinga.

**ÞRF502G • Stjórnun og forysta í velferðarþjónustu • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þór Garðar Þórarinsson Stundakennari

Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur
Hafa öðlast þekkingu og reynslu á helstu forsendum árangursríkrar samvinnu þegar veita skal forystu.
Hafa öðlast þekkingu og færni í nokkrum meginaðferðum við stjórnun og forystu í starfi þar sem velferðarþjónusta er veitt.
Hafa öðlast þekkingu og skilning á helstu þáttum þekkingarstjórnunar sem lúta að stjórnun mannauðs.
Viðfangsefni:
Fjallað verður um nokkur grundvallaratriði sem skapa og viðhalda uppbyggilegu og framsæknu gildismati hjá einstaklingum, hópum og stofnunum. Þátttakendur vega og meta sitt eigið gildismat jafnframt því sem þeir vega og meta gildismat hópsins sem þeir starfa í. Fjallað verður um helstu kenningar í nútímastjórnun, þ.m.t. verkefnastjórnun, árekstrastjórnun, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, stefnumótun, einstaklingsþjálfun og stuðningur, upplýsingamiðlun- tækni, teymisvinnu ásamt aðferðum lærdómsfyrirtækisins. Einnig verður fjallað um inntak og framkvæmd EFQM sjálfsmats fyrir stofnanir og fyrirtæki. Reynt verður að setja þessar kenningar inn í raunverulegt samhengi á starfsvettvangi og reynt að meta styrkleika og veikleika þeirra við framkvæmd. Jafnframt verður farið ítarlega í helstu þætti mannauðsstjórnununar og þau verkfæri skoðuð sem hún gefur kost á við að gera góðan vinnustað betri.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í formi fyrirlestra, hópavinnu og í umræðutímum. Gert er ráð fyrir mikilli virkni nemenda í formi stöðugrar endurspeglunar og ígrundaðrar hugsunar(reflective thinking).

**ÞRF503G • Fjölskyldan og samvinna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ingibjörg H Harðardóttir Lektor
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist faglega þekkingu og færni í samskiptum við fjölskyldur og samstarfsaðila.
Fjallað verður um fjölskylduna í sögulegu samhengi, hvernig hún ýmist hefur verið upphafin eða gagnrýnd. Breytileg hlutverk fjölskyldunnar og meðlima hennar í gegnum tíðina og í mismundandi menningarheimum eru skoðuð og fjallað er um skörun hlutverka fjölskyldna og ýmissa stofnana samfélagsins. Þroskaþjálfar eru oft í framvarðasveit þessara stofnana og er sérstaklega fjallað um hvernig styrkja megi fjölskyldur til að takast á við verkefni sín. Skoðuð verða hlutverk stuðningsaðila við fjölskyldur og hvað einkennir góðan stuðning. Rýnt verður í samskipti, unnið með viðtalstækni og viðtöl sem vinnutæki.
Vinnulag
Kennslan fer fram í fyrirlestrum, umræðu- og verkefnatímum þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Þar fá þeir möguleika á að dýpka skilning sinn á þeim ferlum sem eiga sér stað í samskiptum manna, hvort sem er innan eigin fjölskyldu eða í öðrum samskiptum. Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum og ræða. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs og er ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og miðlun.
Verkefni.

**ÞRF505G • Menning og miðlun í samfélagi fyrir alla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Umsjónarkennari: Þórður Helgason Aðjunkt
Námskeiðinu er ætlað að efla fagstétt þroskaþjálfa og styrkja markhóp þeirra. Í þeirri viðleitni verður lögð stund á markvissa beitingu talaðs máls og lestur og meðferð texta sem stuðlað gætu að jafnrétti í samfélaginu með auknum aðgangi fatlaðs fólks að menningu og menntun.
Fengist verður við texta af ýmsu tagi, t.d. blaðatexta og dagbókarskrif, og leitast við að 'þýða' texta á auðskiljanlegt og auðlesið mál. Þannig verður stuðlað að því að fatlaðir geti tjáð eigin skoðanir.
Þátttakendur í námskeiðinu fá þjálfun í að velja ólíka texta til umfjöllunar og miðlunar með það huga að stuðla að auknum mannréttindum fatlaðs fólks.
Áhersla verður lögð á viðeigandi textaval og textameðferð. Munnlegur flutningur og frásagnir vega hér þungt en einnig hagnýt þjálfun í meðferð ritaðs máls af ýmsu tagi. Þannig munu þátttakendur kynnast heppilegum bókmennta- og blaðatextum og fá leiðsögn í því hvernig æskilegt sé að kynna þá.
Í sem stystu máli má segja að námskeiðið veiti hagnýta fræðslu í því sem snýr að miðlun texta í þeim tilgangi að efla sjálfstæði fatlaðs fólks.

**ÞRF506G • Leiðsögn og stuðningur við fólk með þroskahömlun í lífi og starfi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Lilliendahl Aðjunkt
Markmið:
Að loknu námskeiði munu nemendur hafa:
- Aukinn skilning og þekkingu á stöðu fólks með þroskahömlun í íslensku samfélagi með áherslu á mennta-og atvinnumál.
- Þekkingu á stefnum og ríkjandi hugmyndafræði á fjölbreytilegum vettvangi í málefnum fólks með þroskahömlun.
- Haldgóða innsýn í stefnu, markmið, hugmyndafræði og leiðir í starfstengdu diplómanámi ætlað fólki með þroskahömlun við Þroskaþjálfa-og tómstundadeild á Menntavísindasviði.
- Þekkingu á eðli mentorstarfsins, þeirri ábyrgð og þeim skyldum sem og siðferðilegum kröfum sem því fylgja.
- Hæfni til að mæta námsþörfum einstakra nemenda í starfstengda diplómanáminu innan almennra námskeiða, vinna gegn félagslegum og skipulagslegum hindrunum sem kunna að mæta þeim í námi sem og að styðja þá til fullgildrar þátttöku í skólasamfélaginu.
- Öðlast þekkingu á helstu gildum, viðhorfum og vinnubrögðum sem tengjast námi án aðgreiningar á vettvangi fullorðinsfræðslu og fá þannig tækifæri til að íhuga eigin viðhorf til margbreytileika í skóla og samfélagi, meðal annars með hliðsjón af námskrá og hugmyndafræði diplómanámsins, menntaþróun í málefnum fatlaðs fólks og mannréttinda almennt.
Viðfangsefni:
Kennsla, stuðningur og félagsleg samskipti við nemendur með þroskahömlun sem stunda starfstengt diplómanám við Þroskaþjálfa-og tómstundadeild á Menntavísindasviði HÍ.
Fjallað verður um nýjar áherslur og nýbreytni í menntamálum þroskahamlaðra, sérstök áhersla lögð á þá hugmyndafræði sem starfstengda diplómunámið byggir á og inntak þess skoðað. Aðferðir við stuðning og kennslu fullorðinna þroskahamlaðra í námi án aðgreiningar kenndar sem og leiðir við að vinna einstaklingsmiðaðar áætlanir með áherslu á stuðning, úrræði, námsaðferðir og námstækni.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, kynningar, fræðslu-og samráðsfundir ásamt vinnu á vettvangi.

Nemendur vinna þrjú einstaklingsverkefni í ljósi markmiða námskeiðs undir leiðsögn umsjónarmanna.

**ÞRF507G • Lokaverkefni til B.A. - prófs • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Lokaverkefni á þroskaþjálfabraut. Á síðasta námsári vinna nemendur starfstengt lokaverkefni í ljósi valins kjörsviðs.
Markmið verkefnis miðast við að nemandi dýpki fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni tengdu völdu kjörsviði og tengi það við framtíðarstarfsvettvang.
Í því skyni taka nemendur að sér rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir væntanlegan starfsvettvang eða fjölbreytileg verkefni að eigin vali.
Nemendum stendur einnig til boða að taka þátt í yfirstandandi rannsóknum á vettvangi.
Á lokamisseri námsins, þ.e. kjörsviðsmisseri, er ætlaður tími til vinnu við lokaverkefni.
Form lokaverkefna getur verið með ýmsum hætti.

**ÞRF601G • Vettvangsnám: heildræn þjónusta • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Björg Sigurðardóttir Fulltrúi
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Námskeiðið er samofið námskeiðum kjörsviðsmisseris. Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs.
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:
Fengið tækifæri til að æfa færni og móta viðhorf í ljósi þeirrar grunn- og hagnýtu þekkingar sem þeir hafa nú fengið og þróa eigin starfskenningu og fagvitund í kjölfar þeirrar reynslu.
Fengið dýpri skilning og sýn á ábyrgð og skyldur þroskaþjálfa í starfi nú og í náinni framtíð.
Fengið tækifæri til virkrar þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi þroskaþjálfa á völdu kjörsviði með sérstakri áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar þjónustu, svo og fræðslu og leiðsagnarhlutverk fagstéttarinnar.
Haldið leiðarbók samkvæmt verkefnalýsingu þar sem upplifun af inntaki og útfærslu ofangreindra markmiða birtist í formi greinargerða.
Viðfangsefni og vinnulag:
Á þessu misseri fá nemar tækifæri til sérhæfingar innan starfssviðs þroskaþjálfa (þjónustuúrræði/markhópur). Jafnframt er lögð áhersla á virka þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi þroskaþjálfa með sérstakri áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar þjónustu. Einnig er áhersla lögð á fræðslu og leiðsagnarhlutverk þroskaþjálfa. Leiðbeinendur leggja fram einstaklingsbundna kennsluáætlun fyrir nemann í samráði við umsjónarmann þar sem þeir skilgreina markmið, efnistök, aðferðir og kröfur. Nemar fá tækifæri til að hafa áhrif á áherslur áætlunarinnar í samræmi við áhuga, reynslu og þarfir. Í því skyni eru nemar beðnir um í samliggjandi námskeiði að greina þá þætti starfsins sem þeir bera hvað mestan hvíðboga við að axla og hvattir til að miðla þeim upplýsingum á fyrsta samráðsfundi með sínum leiðbeinenda. Nemendur vinna leiðarbók í formi greinagerða samkvæmt kennsluáætlun og verkefnalýsingu leiðbeinenda. Áhersla leiðarbókar er á úrvinnslu þeirra þátta námsins er lúta að ábyrgð og skyldum þroskaþjálfa í starfi á völdu kjörsviði, svo og hugmyndafræði starfsins.

**ÞRF602G • Þroskaþjálfafræði III: forysta, þróunarstarf og mat • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Markmið: Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:
Sýnt fram á þekkingu og færni við að velja innihald heildaráætlunar í ljósi valins kjörsviðs.
Öðlast þekkingu og færni til þess að hrinda heildaráætlun í framkvæmd í formi einstaklingsmiðaðrar þjónustu.
Orðið betur meðvitaðir um helstu forsendur árangursríkrar samvinnu í ljósi starfsskyldna þroskaþjálfa.
Öðlast fræðilega þekkingu á tilgangi mats og öðlast leikni við að meta árangur á heildrænan sem einstaklingsmiðaðan hátt.
Öðlast fræðilega þekkingu á einkennum þróunar- og umbótastarfs sem og leikni við að vinna slík verkefni.
Öðlast fræðilega þekkingu á eðli og aðferðum starfsþróunar.
Tileinkað sér þær forsendur er felast í undirbúningi og framkvæmd markvissrar fræðslu, leiðsagnar og miðlunar.
Viðfangsefni
Gerð og uppsetning heildaráætlana í ljósi valins kjörsviðs. Innihald heildaráætlunar er athugað með hliðsjón af skilgreindum viðmiðum. Fjallað verður um framkvæmda- og matsþátt þessa vinnuferils m.t.t. undirbúnings og skipulags einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Litið verður sérstaklega á leiðir við að meta gæði og árangur heildrænnar sem einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Jafnframt verður leiðsagnar- og ráðgjafarþætti starfsins sérstakur gaumur gefinn með áherslu á helstu samstarfshópa. Áhersla verður lögð á að dýpka þekkingu nemnda á fræðilegum forsendum þróunarstarfs. Í því samhengi læra nemendur að skipuleggja og útfæra þróunaverkefni í ljósi valins kjörsviðs. Fjallað verður um eðli og mikilvægi markvissrar fræðslu og fjölbreytilegrar miðlunar. Farið verður yfir helstu þætti starfsmannahalds, starfsþróunar og gerð kennslu- og símenntunaráætlana. Ennfremur fá nemendur innsýn í helstu þætti í kennslufræði fullorðinna og leiðir til þess að þróa eigið starf.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópvinna, þátttaka í málþingum og einstaklingsleiðsögn. Viðfangsefni námskeiðsins eru útfærð að hluta til á vettvangi í tengslum við valið kjörsvið. Jafnframt fá nemendur þjálfun á námskeiðinu til þess að ræða viðfangsefni sín í lokaverkefni til B.A. gráðu á fræðilegan og gagnrýnin hátt á til þess gerðum rannsóknarmálstofum. Námskeiðinu lýkur með opinberri ráðstefnu þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín og ræða helstu niðurstöður í ljósi stöðu mála á völdu kjörsviði. Nemendur taka virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.
Námsmat: Kjörsviðstengd verkefni í ljósi viðfangsefna námskeiðsins. Verkefnin krefjast þess af nemanum að hann beiti þeirri þekkingu og leikni sem hann býr nú yfir miðað við stöðu sína í náminu, fræðilega sem starfstengda. Jafnframt heldur neminn leiðarbók. Einnig er þátttaka í málstofum sem og miðlun lokaverkefnis á árlegri ráðstefnu nemenda hluti af námsmati.

**ÞRF603G • Lokaverkefni til B.A. - prófs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Lokaverkefni á þroskaþjálfabraut. Á síðasta námsári vinna nemendur starfstengt lokaverkefni í ljósi valins kjörsviðs.
Markmið verkefnis miðast við að nemandi dýpki fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni tengdu völdu kjörsviði og tengi það við framtíðarstarfsvettvang.
Í því skyni taka nemendur að sér rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir væntanlegan starfsvettvang eða fjölbreytileg verkefni að eigin vali.
Nemendum stendur einnig til boða að taka þátt í yfirstandandi rannsóknum á vettvangi.

Á lokamisseri námsins, þ.e. kjörsviðsmisseri, er ætlaður tími til vinnu við lokaverkefni.
Form lokaverkefna getur verið með ýmsum hætti.

**ÞRS101G • Val í þroskaþjálfafræðum • (10e) • Haust**

**ÞRS105G • Þroskasálfræði: allt æviskeiðið • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Margrét Ólafsdóttir Aðjunkt
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska einstaklinga allt æviskeiðið.
Inntak / viðfangsefni
Veigamestu kenningum um þroska verða gerð skil, m.a. kenningum um vitrænan þroska, tilfinningaþroska og þróun tilfinningatengsla, kenningum um félagsþroska, þróun sjálfsmyndar og siðferðisvitundar, námskenningum og vistfræðilegum kenningum. Þar sem þroskaþjálfar og tómstunda og félagsmálafræðingar starfa við mjög fjölbreyttar aðstæður mun verða lögð áhersla á umfjöllun um áhrif uppeldis, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska. Þá verður einkennum hvers æviskeiðs gerð skil og fjallað um helstu breytingar sem eiga sér stað á hverju æviskeiði og sú umfjöllun tengd starfsvettvangi námsbrautarinnar.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu og verkefnatímum þar sem nemendur fá þjálfun í að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum og ræða. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs og er ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og miðlun.
Próf og verkefni.

**ÞRS107G • Starfsnám I • (5e) • Haust**
Í námskeiðinu verður lögð megináhersla á að nemendur fái kynningu á ólíkum starfsvettvangi. Í lok námskeiðsins er gert ráð fyrir að nemendur velji sér starfsvettvang sem þeir hafa áhuga á að sérhæfa sig til starfa á. Val þeirra verður haft til hliðsjónar þegar þeim verður útvegaður vettvangsstaður fyrir Starfsnám II.
Þá verður lögð áhersla á samstarf umsjónarkennara og leiðbeinenda á vettvangi við skipulagningu og undirbúning vettvangsnáms.
Markmið:
Að nemendur
• Kynnist ólíkum starfsvettvangi.
• Geri sér grein fyrir á hvaða starfsvettvangi þeir hafa áhuga á að sérhæfa sig.
• Kynnist hagsmunagæslu fatlaðs fólks.
• Þekki hvað felst í réttindum og skyldum á vinnustað.
• Geri sér grein fyrir gildi samskipta á vinnustað.
Viðfangsefni: Nemendur fá kynningu á stafi leikskóla, félagsmiðstöðva og þjónustustofnana fyrir fatlaða. Einnig fá nemendur kynningu á hagsmunagæslu fatlaðs fólks. Fjallað verður um réttindi og skyldur á vinnustað. Þá verður fjallað um viðeigandi framkomu og samskiptareglur á vinnustað. Í umræðutímum verður lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að miðla upplifun sinni af heimsóknunum.
Vinnulag: Í upphafi námskeiðsins verða fyrirlestrar, hópavinna og umræður í tímum. Nemendur fara síðan í heimsóknir á þrjár ólíkar stofnanir (leikskóla, félagsmiðstöðvar og þjónustustofnanir fyrir fatlaða) og fylgjast með starfinu. Sömuleiðis er möguleiki á að kynna sér sérstaklega hagsmunagæslu fatlaðs fólks.
Lesefni: Efni sem kennarar og leiðbeinendur á vettvangi taka saman.
Námsmat verður einstaklingsbundið, unnið út frá markmiðum sem nemendur setja sér ásamt kennara og leiðbeinanda á vettvangsstað. Nemendur vinna verkefni í tengslum kynningarnar og vettvangsheimsóknirnar og safna þeim saman í leiðarbók.

**ÞRS109G • Aðferðafræði rannsókna í félagsvísindum • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Björnsdóttir
Umsjónarkennari: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir Lektor
Kennari: Kristján Ketill Stefánsson Doktorsnemi
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái innsýn í aðferðafræði rannsókna í félagsvísindum. Í lok námskeiðs verði nemendur færir um:
- Að greina á milli mismunandi rannsóknarhefða og aðferða í félagsvísindum og kunni skil á grunnhugtökum og grundvallaratriðum í rannsóknum.
- Að lesa rannsóknir og nýta sér niðurstöður þeirra á gagnrýnin hátt.
- Að framkvæma könnun eða rannsókn á væntanlegum starfsvettvangi.

Viðfangsefni: Í námskeiðinu verður fjallað um grundvallarhugtök í þekkingarfræði og vísindaheimspeki. Þá verður lögð áhersla á síðfræði rannsókna og ýmis siðfræðileg atriði sem sérstaklega tengjast rannsóknum og aðferðafræðilegum álitamálum með viðkvæmum hópum. Fjallað verður um helstu rannsóknaraðferðir og rannsóknarferlið kynnt. Nemendur rýna í rannsóknir á sínu fræðsviði í því skyni að auka hæfni þeirra til að nýta sér niðurstöður rannsókna og tileinka sér gagnrýnið hugarfar. Í megindlega hluta námskeiðsins er fjallað um meginatriði lýsandi tölfræði og nokkur hugtök úr ályktunartölfræði. Nemendur fá meðal annars heimadæmi í tölfræði. Þá verður sjónum beint að rannsóknum á fræðasviði þroskaþjálfa og tómstundafræðinga og þeim aðferðafræðilegu álitamálum í rannsóknum sem upp kunna að koma. Í eigindlega hluta námskeiðsins verður fjallað um upphaf og þróun þessarar rannsóknarhefðar og helstu aðferðir innan hennar. Sérstök áhersla verður á tengingu við rannsóknir á sviði fötlunarfræða og tómstundafræða. Þar á meðal verða kynntar aðferðir þátttöku- og samvinnurannsókna en þær hafa á undaförnum árum verið að þróast í rannsóknum með viðkvæmum hópum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verklegir tímar. Jafnframt frá nemendur heimaverkefni og dæmi í tölfræði. Þá gera nemendur viðtalskönnun á vettvangi.
Verkefni (50%) sem felst í eftirtöldum þáttum: rannsóknaráætlun, viðtöl eða vettvangsathugun, úrvinnsla og kynning á niðurstöðum. Önnur verkefni (10%). Próf (40%).

**ÞRS111G • Tjáning - miðlun - samskipti • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt

Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Þórunn Blöndal
MarkmiðMarkmið
Þekking:
Að nemendur

- þekki til fræða sem auka skilning á eðli samskipta af ýmsu tagi, lögmálum sem gilda um þau og aðferðum til að gera þau árangursrík og markviss
- þekki einkenni samtala og notagildi þeirra í starfi þroskaþjálfa og tómstundafræðinga
- þekki vinnulag við skrif rannsóknarritgerða og jafnframt aðra kosti við framsetningu og miðlun efnis
- kunni skil á grunnatriðum við ritun erinda eða ræðna og flutning þeirra
- þekki til leikrænnar tjáningar sem aðferðar við að efla tjáningarhæfni, sköpun og samskipti.

Færni
Að nemendur

- geti valið tjáningar- og samvinnuform sem þjónar best samskiptum hverju sinni, t.d. blaðagrein eða samtal
- geti beitt aðferðum við gerð og miðlun efnis, t.d. í ræðu, riti eða á vef, sem vekja áhuga þeirra sem hlusta eða lesa og auðvelda þeim skilning
- geti beitt þekkingu á mismunandi málsniðum og textategundum við eigin skrif
- geti greint eigin samskipti og annarra í því skyni að bæta þau og efla
- geti samið æfingar í leikrænni tjáningu og stjórnað þeim með hliðsjón af þeim þáttum sem þjálfa á hverju sinni
- geti undirbúið rannsóknarritgerð, unnið úr heimildum og gert grein fyrir niðurstöðum í samræmi við þær reglur sem gilda um slíka ritsmíð.

Viðfangsefni
Nemendur lesa valda kafla úr bókum um efnið og hagnýta sér efni þeirra, ásamt fyrirlestrum og leiðsögn kennara, til að æfa sig í þeirri sköpun, tjáningu og rannsókn sem nefnd hefur verið.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt með það fyrir augum að tengja saman fræði og framkvæmd á þann veg að nemendur vinni þau verk sem námskeiðið snýst um, ræði saman um reynslu sína af verkefnum og æfingum og læri af henni. Í þessu felst meðal annars rit- og ræðuþjálfun ásamt leikrænni tjáningu.
Nemendur halda verkefnum sínum til haga í rafrænni leiðarbók (portfolio) og þar skrifa þeir einnig um reynslu sína af því að vinna þau. Leiðarbókinni er ætlað að sýna með hvaða hætti nemanda hefur tekist að nýta sér námskeiðið til náms og ígrundunar. Jafnt nemendur sem kennarar leggja mat á námið eins og það birtist í leiðarbókum og því sem fram fer í tímum. Jafnframt er metin frammistaða á miðlun í töluðu máli, meðal annars um kjarnaatriði úr lesefni námskeiðsins. Þá er mat lagt á ígrundun og greiningu nemenda á hluta viðfangsefnanna sem fram fer allt námskeiðstímabilið.

**ÞRS113G • Tjáning - miðlun - samskipti • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Þórunn Blöndal
Markmið
Þekking:
Að nemendur

- þekki til fræða sem auka skilning á eðli samskipta af ýmsu tagi, lögmálum sem gilda um þau og aðferðum til að gera þau árangursrík og markviss
- þekki einkenni samtala og notagildi þeirra í starfi þroskaþjálfa og tómstundafræðinga
- þekki vinnulag við skrif rannsóknarritgerða og jafnframt aðra kosti við framsetningu og miðlun efnis
- kunni skil á grunnatriðum við ritun erinda eða ræðna og flutning þeirra
- þekki til leikrænnar tjáningar sem aðferðar við að efla tjáningarhæfni, sköpun og samskipti.

Færni
Að nemendur

- geti valið tjáningar- og samvinnuform sem þjónar best samskiptum hverju sinni, t.d. blaðagrein eða samtal
- geti beitt aðferðum við gerð og miðlun efnis, t.d. í ræðu, riti eða á vef, sem vekja áhuga þeirra sem hlusta eða lesa og auðvelda þeim skilning
- geti beitt þekkingu á mismunandi málsniðum og textategundum við eigin skrif
- geti greint eigin samskipti og annarra í því skyni að bæta þau og efla
- geti samið æfingar í leikrænni tjáningu og stjórnað þeim með hliðsjón af þeim þáttum sem þjálfa á hverju sinni
- geti undirbúið rannsóknarritgerð, unnið úr heimildum og gert grein fyrir niðurstöðum í samræmi við þær reglur sem gilda um slíka ritsmíð.

Viðfangsefni
Nemendur lesa valda kafla úr bókum um efnið og hagnýta sér efni þeirra, ásamt fyrirlestrum og leiðsögn kennara, til að æfa sig í þeirri sköpun, tjáningu og rannsókn sem nefnd hefur verið.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt með það fyrir augum að tengja saman fræði og framkvæmd á þann veg að nemendur vinni þau verk sem námskeiðið snýst um, ræði saman um reynslu sína af verkefnum og æfingum og læri af henni. Í þessu felst meðal annars rit- og ræðuþjálfun ásamt leikrænni tjáningu.
Nemendur halda verkefnum sínum til haga í rafrænni leiðarbók (portfolio) og þar skrifa þeir einnig um reynslu sína af því að vinna þau. Leiðarbókinni er ætlað að sýna með hvaða hætti nemanda hefur tekist að nýta sér námskeiðið til náms og ígrundunar. Jafnt nemendur sem kennarar leggja mat á námið eins og það birtist í leiðarbókum og því sem fram fer í tímum. Jafnframt er metin frammistaða á miðlun í töluðu máli, meðal annars kjarnaatriðum úr lesefni námskeiðsins. Þá er mat lagt á ígrundun og greiningu nemenda á hluta

viðfangsefnanna sem fram fer allt námskeiðstímabilið.

**ÞRS114G • Inngangur að fötlunarfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Björnsdóttir
Markmið: Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur:
Geta gert grein fyrir helstu kenningum og hugmyndum um fötlun.
Hafa grunnþekkingu á fötlunarfræði sem fræðigrein og tengslum hennar við þroskaþjálfastarfið.
Hafa grunnþekkingu á kenningum um eðlilegt líf og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks.
Hafa öðlast þekkingu á stöðu fatlaðra í samfélaginu fyrr og nú og sem og þá þróun sem orðið hefur í málaflokkum fatlaðra.
Þekkja helstu tímamóta rannsóknir á þessu sviði sem og nýjustu rannsóknir.
Hafa grunnþekkingu til þess að tengja hugmyndir og kenningar við líf og aðstæður fatlaðs fólks í samfélaginu.
Viðfangsefni: Í námskeiðinu er fjallað um rætur, upphaf og þróun fötlunarfræða sem fræðigreinar, helstu sjónarhorn innan hennar og tengsl við þroskaþjálfastarfið. Einnig verður fjallað um þá hugmyndafræði sem kennd er við eðlilegt líf og fulla þátttöku. Lögð er áhersla á að tengja fræðilega umfjöllun við starfsvettvang þroskaþjálfa. Þá verður fjallað um sögulega þróun í málaflokkum fatlaðs fólks og stöðu þess í samfélaginu fyrr og nú út frá þeim lausnum sem þjónustukerfi, lög og reglur tilgreina. Sérstök áhersla verður á líf, sögu, aðstæður og reynslu fatlaðs fólks. Þá verða kynntar nýjar íslenskar rannsóknir innan fötlunarfræða og nýjar áherslur í þjónustu við fólk með þroskahömlun í búsetu-, atvinnu-, menntunar- og fjölskyldumálum.
Vinnulag: Fyrirlestrar og umræður. Áhersla er lögð á að nemendur taki þátt í umræðum um eigin viðhorf og skoðanir á ólíkum kenningum og sjónarhornum á fötlun. Jafnframt að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð í skrifum og við heimildaleit. Þá kynna nemendur verkefni sín í málstofu.
Lesefni:
Brynhildur Flóvens (2004). Réttarstaða fatlaðra. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Margrét Margeirsdóttir (2001). Fötlun og Samfélag. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Rannveig Traustadóttir (ritstj) (2003). Fötlunarfræði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Rannveig Traustadóttir (ritstj.) (2006). Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Ýmsar erlendar fræðigreinar.
Nemendur vinna verkefn annars vegar um líf og aðstæður fatlaðs fólks og hins vegar um helstu kenningar og sjónarhorn innan fötlunarfræða. Þá lýkur námskeiðinu með heimaprófi.

**ÞRS202G • Starfsnám II - 5e • (5e) • Vor**
-

**ÞRS203G • Félagsfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Kennari: Guðrún Valsdóttir Aðjúnkt
Viðfangsefni:
1. Inngangur að félagsfræði menntunar
Áhersla verður lögð á helstu sjónarhorn félagsfræðinnar á samfélagslegar forsendur uppeldis og skólastarfs, það er grundvallarsýn á tengsl einstaklings og samfélags, sem og kenningar um félagsmótun og siðrænt uppeldi. Kynntar verða bæði sígildar félagsfræðikenningar og nútímakenningar Pierre Bourdieu, Ulrich Beck og Anthony Giddens.
2. Félagsfræði velferðarþjónustu
Áhersla verður lögð á félagsfræðilegan skilning á tilurð félagslegra vandamála, hvernig saman fléttast mismunandi lífsaðstæður mismunandi hópa og samfélagslegar skilgreiningar á því hvað eru vandamál. Kynntar verða rannsóknir á mismunandi velferðarkerfum, sem til eru í heiminum í dag.
3. Félagsfræði unglingamenningar
Kynnt verður hvernig hugmyndir og kenningar um unglingamenningu urðu til um miðbik síðustu aldar og hvernig þær hafa þróast síðan. Kynnt verða hugtök eins og jafningjamenning, menningarkimar, sköpun í unglingamenningu og frávik, en áhersla á rannsóknir á þróun unglingamenningar á Íslandi og í nágrannalöndum á síðustu árum.
4. Félagsfræði fjölskyldunnar
Fjallað verður um breytt og breytilegt hlutverk fjölskyldna við mismunandi samfélagsþróun og aðstæður, þar á meðal breytt kynjahlutverk og breytt tengsl kynslóða. Áhersla verður lögð á aðstæður fjölskyldna þar sem einstakir eða allir fjölskyldumeðlimir standa höllum fæti í samfélaginu og hvernig stuðningsaðilar koma þá við sögu.
5. Fjölmenning og skóli án aðgreiningar
Fjallað verður um félagsfræðikenningar um samþættingu (integration) og samlögun (assimilation), sem og "exclusion"/"inclusion". Tilraunir til að vinna bug á sundrung og sundurgreiningu samfélagsins, allt frá samheldnihugmyndum Durkheims til samtímahugmynda um fjölmenningu og skóla án aðgreiningar, verða skoðaðar í félagsfræðilegu ljósi.
Vinnulag
Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum.
Verkefni verða unnin í einstökum námsþáttum, og auk þess er skriflegt próf í lok námskeiðs

**ÞRS207G • Sálfræði bernsku og unglingsára • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Margrét Ólafsdóttir Aðjunkt
Kennari: Þjóðbjörg Guðjónsdóttir Lektor
Kennari: Jóhanna Einarsdóttir Lektor
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska barna frá fæðingu og fram á unglingsár og þekki einnig þroska á fósturstigi.
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa skilning á og geta gert grein fyrir helstu áhrifavöldum í þroska barna og unglinga og samverkandi áhrifum þeirra.
- Hafa grunnskilning á orsökum og eðli einstaklingsmunar og sveigjanleika þroskaferlisins.
- Þekkja almennan þroska barna og unglinga og þekkja lítillega helstu frávik í þroska.
- Hafa staðgóða þekkingu á helstu þroskasviðum barna og unglinga; vitþroska, hreyfiþroska og skynjun, málþroska og máltjáningu, félagsþroska, tilfinningaþroska og þróun tilfinningatengsla og þróun sjálfsmyndar, siðferðisvitundar og kynímyndar.
- Geta beitt kenningum um þroska barna og unglinga á starfsvettvangi.
- Geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð í umfjöllun sinni um viðfangsefni þroskasálfræðinnar.

Viðfangsefni
Farið verður dýpra í veigamestu kenningar um þroska barna og unglinga en gert var í inngangskúrsi. Fjallað verður um áhrif erfða og líkamlegra þátta og áhrif uppeldis, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska barna á ofangreindum sviðum. Áhersla verður lögð á gildi sálfræðinnar í uppeldis- og skólastarfi, í umönnun barna og unglinga og á öðrum starfsvettvangi þroskaþjálfa.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum og verkefnatímum þar sem nemendur fá þjálfun í að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Þar fá þeir ennfremur tækifæri til að dýpka skilning sinn og auka þekkingu sína á einkennum barna á mismunandi þroskaskeiðum. Nemendur fá aðstoð við að setja námsefnið í faglegt samhengi þroskaþjálfunar.
Í fyrirlestrum er leitast við að gefa nemendum heildarsýn á þroska barna og unglinga. Verkefnavinna miðast að því að nemendur yfirfæri kenningar yfir á starfsvettvang sinn og er einnig ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og æfa nemendur í að miðla hugsunum sinnum og skoðunum.
Próf og verkefni

**ÞRS208G • Sálfræði fullorðinsára og öldrunar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingibjörg H Harðardóttir Lektor
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska fullorðins-og efri ára.
Veigamestu kenningum um þroska verða gerð skil. Fjallað verður um andlegt atgervi, hvað einkennir þroskaða einstaklinga og kynntar kenningar um persónuleikaþroska á þessum æviskeiðum. Fjallað verður um ást, hjónaband og barneignir í fjölbreyttu samfélagi og hvernig hlutverk innan fjölskyldunnar taka breytingum. Einnig verður fjallað um þátt starfs og atvinnu í sjálfsmynd einstaklinga og mikilvægi þess að nýta þann möguleika til að efla eigin þroska. Þroskaþjálfar eiga samskipti við afar fjölbreyttan hóp og því lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi árangursríkra samskipta í starfi og í einkalífi og þjálfi upp leiðir til að efla samskipti.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu og verkefnatímum þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Þar fá þeir tækifæri til að dýpka skilning sinn á þeim aldurshópi sem þeir kjósa að sérhæfa sig í og setja námsefnið í faglegt samhengi.
Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum og ræða. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs og er ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og miðlun.
Próf og verkefni

**ÞRS209G • Inngangur að þroskaþjálfafræðum: Starfsvettvangurinn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Þuríður Broddadóttir Aðjunkt
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Bera kennsl á helstu lög og reglugerðir sem tengjast málefnum fatlaðra.
- Hafa öðlast þekkingu á réttindum fatlaðs fólks.
- Þekkja helstu viðfangsefni þroskaþjálfa, starfsvettvanginn, starfshlutverk fagstéttarinnar og fá innsýn í almennar starfsskyldur þeirra.
- Hafa öðlast innsýn og skilning á líf fólks með þroskahömlun og hvernig fólkið upplifir sjálft líf sitt og aðstæður.
- Hafa öðlast innsýn í hvernig er að búa á stofnun eða sambýli.

Viðfangsefni: Í námskeiðinu verður farið í helstu lög, reglugerðir og starfsramma sem tengjast störfum þroskaþjálfa. Nemendur fá kynningu á helstu þjónustukerfum í málaflokkum fatlaðs fólks. Þeir munu jafnframt kynnast störfum þroskaþjálfa og fara í þeim tilgangi í heimsóknir á vettvang. Þá munu nemendur kynnast lífi fullorðins fólks með þroskahömlun sem býr á stofnun eða sambýli. Leitast er við að kynna rannsóknir innan fötlunarfræðinnar.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna. Hluti vinnunnar í námskeiðinu felst í skipulögðum heimsóknum á stofnun eða sambýli, vettvangsathugunum og viðtölum við fólk með þroskahömlun.
Námsmat er byggt á verkefnavinnu.Í verkefnavinnunni er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg og sjálfstæð vinnubrögð og afli sér gagna á rafrænan hátt (rannsóknir og fræðigreinar).

**ÞRS210G • Starfsnám II - 10e • (10e) • Vor**
-

**ÞRS302G • Siðfræði og fagmennska  • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Inntak/viðfangsefni:
Í fyrri hluta námskeiðs er farið í skyldukenningu Kants og Nytjastefnuna og siðferðileg hugtök eins og sjálfræði, velferð, réttlæti og mannréttindi. Einnig er fjallað um fagmennsku, virðingu fyrir friðhelgi og megin áherslur í vísindasiðfræði. í Síðari hluta námskeiðs velja nemendur sér viðfangsefni tengt starfssviði sínu til að rannsaka sérstaklega d: fósturrannsóknir, þroskaheftir foreldrar, ofbeldi á stofnunum, jafnrétti til náms.
Vinnulag:
Kennslan byggist á fyrirlestrum frá kennara og nemendum, umræðum og verkefnavinnu. Í byrjun flytur kennari fyrirlestra um fræðilegt

efni sem líta má á sem nauðsynlegan grunn til að takast á við þau álitamál sem sérstaklega snúa að starfi þroskaþjálfans. Sérstök á hersla er lögð á umfjöllun um fagmennsku. Í síðari hluta námskeiðs velja nemendur sér ákveðið siðferðilegt vandamál sem snertir starf þroskaþjálfans og rannsaka það sérstaklega. Stýra þá nemendur kennslu með aðstoð kennara. Flytja þeir erindi og stjórna umræðum um það svið sem þeir hafa valið að rannsaka sérstaklega.
Mætingarskylda er í seinni hluta námskeiðsins.
Skriflegt próf (50%) ásamt fyrirlestri, stjórn umræðna og skrifleg skil á verkefni(50%).

**ÞRS303G • Fatlanir, taugasjúkdómar og geðraskanir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Solveig Sigurðardóttir Aðjunkt
Kennari: Ingólfur Einarsson
Kennari: Margrét Valdimarsdóttir
Markmið Markmið
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa öðlast þekkingu á eðlilegum þroska barna og helstu þáttum sem geta tafið það ferli og leitt til fatlana.
- Hafa öðlast fræðilega þekkingu á taugakerfi mannsins, starfsemi þess sem og sjúkdóma sem rekja má til truflunar á því, bæði tauga- og geðsjúkdóma.
- Þekkja tengsl og skörun taugasjúkdóma, geðraskana og fatlana.

Viðfangsefni: Bygging og starfsemi taugakerfisins, allt frá fósturþroska og til fullorðinsára. Fjallað verður ítarlega um orsakir og einkenni fatlana m.a. þroskahömlunar, einhverfu og skyldra fatlana, hreyfihömlunar m.a. heilalömunar, sjónskerðingar og heyrnarskerðingar. Farið yfir grundvallaratriði erfðafræðinnar og nokkrir litninga- og genagallar kynntir. Vandamál fyrirbura verða rædd svo og sértækir erfiðleikar sem börn glíma við á sviði málþroska og námsgetu. Augum verður einnig beint að taugasjúkdómum s.s. flogaveiki, heilablóðfalli og höfuðáverkum. Hegðunar- og tilfinningavandi barna og unglinga verður til umfjöllunar, einkum ofvirkni og athyglisbrestur, aðrar hegðunarraskanir auk kvíða- og depurðarraskana. Sérstaklega verður fjallað um þessi einkenni meðal barna og unglinga með þroskahömlun en einnig fjallað almennt um þau og þá sérstaklega út frá sjónarhorni og starfsvettvangi þroskaþjálfans.
Vinnulag: Fyrirlestrar og verkefnavinna.
Bækur: Mark L. Batshaw: Children with disabilities. Paul H. Brookes útgáfu-fyrirtæki, 6. útgáfa 2007.
Philip Barker: Basic Child Psychiatry, Blackwell útgáfu-fyrirtæki, 7. útgáfa 2004.
Fjölrit um taugakerfið og taugasjúkdóma tekið saman af Sigurði Thorlacius, lækni.
Glósur og ítarefni á heimasíðu námskeiðsins í Uglu og WebCt.

**ÞRS304G • Val þvert á brautir - Starfstengt diplómanám • (5e) • Haust**
-

**ÞRS305G • Starfsnám III • (5e) • Haust**
-

**ÞRS306G • Siðfræði og fagmennska • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Inntak/viðfangsefni:
Í fyrri hluta námskeiðs er farið í skyldukenningu Kants og Nytjastefnuna og siðferðileg hugtök eins og sjálfræði, velferð, réttlæti og mannréttindi. Einnig er fjallað um fagmennsku, virðingu fyrir friðhelgi og megin áherslur í vísindasiðfræði. í Síðari hluta námskeiðs velja nemendur sér viðfangsefni tengt starfssviði sínu til að rannsaka sérstaklega d: fósturrannsóknir, þroskaheftir foreldrar, ofbeldi á stofnunum, jafnrétti til náms.
Vinnulag:
Kennslan byggist á fyrirlestrum frá kennara og nemendum, umræðum og verkefnavinnu. Í byrjun flytur kennari fyrirlestra um fræðilegt efni sem líta má á sem nauðsynlegan grunn til að takast á við þau álitamál sem sérstaklega snúa að starfi þroskaþjálfans. Sérstök á hersla er lögð á umfjöllun um fagmennsku. Í síðari hluta námskeiðs velja nemendur sér ákveðið siðferðilegt vandamál sem snertir starf þroskaþjálfans og rannsaka það sérstaklega. Stýra þá nemendur kennslu með aðstoð kennara. Flytja þeir erindi og stjórna umræðum um það svið sem þeir hafa valið að rannsaka sérstaklega.
Lesefni:
1 Rachels, J. 1997. Stefnur og straumar í siðfræði. Siðfræðistofnun. Háskólaútgáfan,
Reykjavík.
2 Vilhjálmur Árnason.1993. Siðfræði lífs og dauða. Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu. Rannsóknarstofnun í siðfræði. Háskóli Íslands, Reykjavík.
3. Ástríður Stefánsdóttir og Vilhjálmur Árnason. 2004. Sjálfræði og aldraðir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.(SoA)
3. Siðfræði, ljósrit, þoskaþjálfabraut. Safn greina um siðfræði tengt þroskaþjálfastarfinu og nokkrir bókarkaflar, Bóksala KHÍ
Mætingarskylda er í seinni hluta námskeiðsins.
Skriflegt próf ásamt fyrirlestri, stjórn umræðna og skrifleg skil á verkefni.

**ÞRS401G • Vettvangsnám - einstaklingsmiðuð þjónusta • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Björg Sigurðardóttir Fulltrúi
Umsjónarkennari: Jóna Guðbjörg Ingólfsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Kristín Lilliendahl Aðjunkt
Námskeiðslýsing: Vettvangsnámið er samofið námskeiðinu Þroskaþjálfafræði I: Einstklingsmiðuð þjónusta (10e). Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs. Vettvangstímabilið er á síðari hluta misserisins. Nemendur taka þátt í störfum þroskaþjálfa og fá faglega leiðsögn og fræðslu. Jafnframt eru unnin verkefni á vettvangsstað sem tengjast námskeiðinu Þroskaþjálfafræði I: Einstaklingsmiðuð þjónusta
Markmið: Í lok vettvangsnáms hafi nemendur öðlast færni við að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu og sýnt fram á hana m.a. í leiðarbók og við gerð einstaklingsáætlunar. Ennfremur hafi nemendur fengið góða innsýn í starfsskyldur þroskaþjálfa og fengið víðari sýn

á þjónustu við fatlaða með vettvangsheimsóknum og skipulegri fræðslu af hálfu leiðbeinenda.
Viðfangsefni og vinnulag: Sjónum er beint að tveimur megin þáttum; annars vegar þátttöku nemenda í störfum þroskaþjálfa og hins vegar gerð og framkvæmd einstaklingsáætlunar sem er verkefni námskeiðsins Þroskaþjálfafræði I: Einstaklingsmiðuð þjónusta, en leyst á vettvangstímanum á vettvangsstað.
Nemendur dvelja á vettvangsstað í um það bil sex vikur samkvæmt nánari skilgreiningu á stundaskrá. Í vettvangsnáminu taka nemendur virkan þátt í vinnu þroskaþjálfa á vettvangsstað í samræmi við kennsluáætlun leiðbeinanda. Miðað er að því að kynna ítarlega innra starf viðkomandi stofnunar, þá þjónustu sem hún veitir ásamt þeirri hugmyndafræði og lagalegum ramma sem hún starfar eftir. Auk þess skapar leiðbeinandinn tækifæri til heimsókna á aðra þjónustustaði.
Nemendur halda leiðarbók um vettvangsnámið í samræmi við þær kröfur sem birtast í kennsluáætlun leiðbeinenda ásamt því að gera einstaklingsáætlun sem er verkefni námskeiðsins Þroskájálfafræði I: Einstaklingsmiðuð þjónusta.
Lokið/ólokið - byggt á umsögn og mati leiðbeinenda um frammistöðu á vettvangsstað og mati á leiðarbók.

**ÞRS402G • Þroskaþjálfafræði I: Einstaklingsmiðuð þjónusta • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóna Guðbjörg Ingólfsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Kristín Lilliendahl Aðjunkt
Námskeiðslýsing: Námskeiðið er samofið námskeiðinu Vettvangsnám - einstaklingsmiðuð þjónusta (5e). Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs. Námskeiðslýsing: Námskeiðið er samofið námskeiðinu Vettvangsnám - einstaklingsmiðuð þjónusta (5e). Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs.
Markmið: Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa tileinkað sér viðhorf, þekkingu og notkun fræðilegra hugtaka sem tengjast gerð einstaklingsmiðra áætlana og þekki viðurkennd vinnulíkön sem notuð eru við skipulagningu einstaklingsmiðaðrar þjónustu.
- Hafa öðlast færni til að geta undirbúið og leitt framkvæmd einstaklingsmiðaðrar þjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni í leikskólum, grunnskólum og annarri dagþjónustu í samræmi við opinbera stefnu, fagleg sjónarmið þroskaþjálfa og þau gildi sem fötlunarfræðin byggir á svo sem valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétti.
- Geta unnið þjónustumat og einstaklingsmiðaða áætlun í smvinnu við þjónustunotendur, forráðamenn og fagfólk og verið leiðandi í slíku samstarfi.
- Geta hrint áætlun í framkvæmd, metið árangur vinnu sinnar og eigin vinnubrögð.
- Geta beitt viðtalstækni, upplýsingatækni og gagnalæsi til upplýsingaöflunar, úrvinnslu upplýsinga, túlkun og framsetningu varðandi einstaklingsmiðaða þjónustu.

Inntak / viðfangsefni:
Ríkjandi hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og opinber stefna í menntamálum og þjónustu við fatlaða er lögð til grundvallar við undirbúning einstaklingsáætlanagerðar.
Fjallað er um ólíkar leiðir við athugun og mat, gerð grein fyrir eðli og gerð prófana á þroska og færni, kennd vinnubrögð við notkun viðtala við upplýsingaöflun, gagnagreiningu og úrvinnslu gagna m.t.t. markmiðssetninga. Þá er sérstök áhersla á samvinnu við fötluð börn og ungmenni, foreldra/forráðamenn þeirra og annað fagfólk.
Fjallað er um val á markmiðum, framsetningu og rökstuðning og skoðaðar aðferðir við að setja markmið með tilliti til ólíkra viðfangsefna. Siðferðilegar hliðar markmiðssetninga eru einnig til umfjöllunar og samstarf við foreldra og forráðamenn undirstrikað þar um.
Undirbúningur kennslu og þjálfunar svo sem skipulagning umhverfis, gagnagerð og val á viðeigandi aðferðum er kenndur ásamt fjölbreyttum aðferðum við skráningar og mat.
Að lokum er fjallað um hvernig hægt er að meta eigin vinnubrögð, þróun þeirra og árangur á markvissan hátt.
Vinnulag: Staðnám: Fyrirlestrar, verkefnavinna, vettvangsheimsóknir og formleg kynning á verkefnum.
Fjarnám: Fyrirlestrar, verkefnavinna og vettvangsheimsóknir í staðnámslotum miðlun efnis, verkefnavinna og samvinna á netinu.
Próf og verkefni.

**ÞRS403G • Heilsa og umönnun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Þuríður Broddadóttir Aðjunkt
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa öðlast þekkingu á uppbyggingu velferðar- og heilbrigðiskerfisins og hvert beri að sækja viðeigandi þjónustu.
- Hafa öðlast innsýn í hlutverk þroksþjálfa í daglegu starfi tengt heilsu og umönnun.
- Hafa öðlast þekkingu á algengum heilsufarsvandamálum hjá fötluðu fólki.
- Verða meðvitaðir um mikilvægi heilsuverndar, heilsueflingar og forvarna.
- Tengja umfjöllun um heilbrigði og heilsueflingu við hugmyndir fötlunarfræðinnar.
- Þekkja til algengustu hjálpartækja.

Viðfangsefni:. Í námskeiðinu verður heilbrigðis- og velferðarkerfið kynnt. Fjallað verður um heilbrigði og heilsufar fólks með þrosahömlun og að hvaða þáttum þarf sérstaklega að huga. Fjallað verður um þá hugmyndafræði sem umönnunarhlutverk þroskaþjálfa grundvallast á og hlutverk þeirra skoðað út frá sjálfræði og velferð einstaklingsins. Fjallað verður um undirstöðuatriði almenna umönnunar, heilsuvernd, heilsueflingu, forvarnir og mikilvægi þess að fólk sé meðvitað um eigið heilsufar og fái fræðslu um heilbrigðan lífsstíl . Einnig verður fjallað um sjúkdóma sem geta verið afleiðingar fötlunar eða tengdir ákveðnum fötlunum. Lögð er áhersla á að nemendur skoði efni námskeiðsins í ljósi fötlunarfræðinnar og út frá lífsgæðum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna.
Námsmat er byggt á verkefnavinnu. Í verkefna-vinnunni er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg og sjálfstæð vinnubrögð og afli gagna á rafrænan hátt (rannsóknir og greinar).

**ÞRS404G • Val þvert á brautir - Starfstengt diplómanám • (5e) • Vor**
-

**ÞRS405G • Starfsnám IV - 5e • (5e) • Vor**
-

**ÞRS406G • Tjáskipti í starfi með fötluðum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóna Guðbjörg Ingólfsdóttir Aðjunkt
Kennari: Anna Soffía Óskarsdóttir
Kennari: Sigrún Grendal Magnúsdóttir
Markmið:
Að nemendur fái innsýn í helstu íhlutunarleiðir og aðlögun náttúrulegs umhverfis að þörfum fatlaðra barna.
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

Þekkja mismundandi tjáskiptaleiðir sem miða að bættri tjáskiptafærni þeirra sem búa við skerðingu s.s. tákn með tali og markvissa notkun myndrænna benditákna.

Hafa kynnst ýmsum öðrum aðferðum sem reynst hafa vel til eflingar félagsfærni og sjálfstæðis fatlaðra barna.

Þekkja mismunandi kennslulíkön sem þróuð hafa verið með hliðsjón af mismunandi aðferðum fyrir mismunandi notendahópa og þann fræðagrunn sem þau byggja á.

Þekkja bæði einfaldan og tæknilegan hjálparbúnað sem nýtist bæði í leik og starfi.

Inntak / viðfangsefni:
Nemendur fá kennslu í að nota tákn með tali, ýmis myndakerfi s.s. PCS myndir og Blisstáknmálið. Einnig verður TEACCH hugmyndafræðin, PECS tjáskiptaaðferðin og Karlstadslíkanið kynnt. Farið verður í grunnatriði snemmtækrar atferlisíhlutunar. Gerð verður grein fyrir mikilvægi góðs aðgengis í umhverfinu og hvernig megi aðlaga umhverfið til að auka sjálfstæði og almenna þátttöku fatlaðra barna. Jafnframt verða viðeigandi tölvuforrit kynnt ásamt einföldum tæknibúnaði.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum og verkefnatímum. Leitast verður við að gefa nemendum tækifæri til að sjá þær aðferðir sem eru til umfjöllunar notaðar annað hvort á myndbandsupptökum eða með vettvangsheimsóknum.
Verkefni og próf

**ÞRS409G • Starfsnám IV - 10e • (10e) • Vor**
-

**ÞRS501G • Þroskaþjálfafræði II: fagmennska, heildræn þjónusta og vinnubrögð • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:
Tileinkað sér viðhorf, þekkingu og færni sem þörf er á við skipulag, framkvæmd og mat á heildrænni þjónustu fyrir fatlaða.
Dýpkað þekkingu sína á almennum kenningum um fagmennsku og fagvitund og orðið meðvitaðri um fagleg sjónarmið og undirliggjandi fræðasvið eigin starfskenningar og starfsviðmiða.
Öðlast innsýn í íslenska velferðarkerfið, þær hugmyndir sem liggja því til grundvallar, þróun þess og stöðu, samhliða skilningi á þróun mannréttinda í ljósi starfshlutverks þroskaþjálfa.
Sýnt fram á þekkingu og skilning á þeim viðmiðum, opinberum sem sértækum sem leggja þarf til grundvallar allri nútímaþjónustu við fatlaða, sérstaklega þau viðmið sem þroskaþjálfar þurfa að hafa að leiðarljósi við skipulag og framkvæmd þjónustu sem og í réttindagæsluhlutverki sínu.
Öðlast þekkingu á þeim fræðilegu þáttum er felast í ferli skipulagðra vinnubragða með tilliti til heildaráætlanagerðar.
Sýnt fram á þekkingu og færni í stefnumótun, markmiðssetningu og skilgreiningu á inntaki og leiðum við heildaráætlanagerð á vettvangi þroskaþjálfunar.
Sýnt fram á þekkingu og skilning á útfærslu heildaráætlunar í formi einstaklingsmiðaðrar þjónustu.
Öðlast þekkingu og leikni við að skipuleggja og undirbúa eigin námsáætlun fyrir valið kjörsvið með áherslu á fræðilega dýpkun og fagleg vinnubrögð.
Viðfangsefni: Fjallað um faglegt hlutverk þroskaþjálfa við þróun, skipulagningu og útfærslu heildrænnar og fjölþættrar þjónustu sem tekur mið af opinberum kröfum um gæði og faglegu sjónarmiði fagstéttarinnar og svarar einstaklingsbundnum þörfum hins fatlaða. Í þessu samhengi verður lögð áhersla á að gefa nemendum heildstæða sýn á velferðarkerfið og meginþætti þess, síbreytileika og þróun samfélagsgerða, og heildræna sýn á lagaumhverfi í anda nútímahugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Fjallað verður um baráttuhreyfingar fatlaðs fólks og þróun mannréttinda. Sérstök áhersla verður lögð á löggjöf á sviði félagsþjónustu, málefna fatlaðra og barnaverndar í ljósi starfsskyldna þroskaþjálfa. Fjallað verður um stjórnsýslu þessara þátta velferðarkerfisins, m.a. með hliðsjón af stjórnsýslulögum annars vegar og meginreglna í faglegum vinnubrögðum hins vegar. Þannig verður t.d. fjallað um tilkynningaskyldu fagstétta í barnaverndarmálum, um málsmeðferð og stuðningsúrræði á vettvangi ríkis og sveitarfélaga auk einstakra flokka barnaverndarmála svo sem vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðun barns osfrv. Innlend sem alþjóðleg stefnumörkun verður skoðuð. Rætt um gildi heildaráætlanagerðar og gerð þróunarverkefna við skipulag og útfærslu á þjónustu. Eðli þjónustunnar er skilgreint og hverjum þætti, svo sem búsetu, atvinnu, skóla/leikskóla, tómstundum og annarri dagþjónustu gerð sérstök skil með tilliti til heildaráætlunargerðar. Jafnframt verður lögð áhersla á ráðgjafar-, fræðslu- og réttindagæsluhlutv
Nemendur vinna 5 verkefni í ljósi markmiða námskeiðsins og leggja þannig grunn að kjörsviðstengdu vali. Jafnframt vinna þeir starfstengda leiðarbók í formi fræðilegra greinagerða og hugleiðinga.

**ÞRS502G • Stjórnun og forysta í velferðarþjónustu • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þór Garðar Þórarinsson Stundakennari
Markmið:
Í lok námskeiðs skulu nemendur
Hafa öðlast þekkingu og reynslu á helstu forsendum árangursríkrar samvinnu þegar veita skal forystu.
Hafa öðlast þekkingu og færni í nokkrum meginaðferðum við stjórnun og forystu í starfi þar sem velferðarþjónusta er veitt.
Hafa öðlast þekkingu og skilning á helstu þáttum þekkingarstjórnunar sem lúta að stjórnun mannauðs.
Viðfangsefni:

Fjallað verður um nokkur grundvallaratriði sem skapa og viðhalda uppbyggilegu og framsæknu gildismati hjá einstaklingum, hópum og stofnunum. Þátttakendur vega og meta sitt eigið gildismat jafnframt því sem þeir vega og meta gildismat hópsins sem þeir starfa í. Fjallað verður um helstu kenningar í nútímastjórnun, þ.m.t. verkefnastjórnun, árekstrastjórnun, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, stefnumótun, einstaklingsþjálfun og stuðningur, upplýsingamiðlun- tækni, teymisvinnu ásamt aðferðum lærdómsfyrirtækisins. Einnig verður fjallað um inntak og framkvæmd EFQM sjálfsmats fyrir stofnanir og fyrirtæki. Reynt verður að setja þessar kenningar inn í raunverulegt samhengi á starfsvettvangi og reynt að meta styrkleika og veikleika þeirra við framkvæmd. Jafnframt verður farið ítarlega í helstu þætti mannauðsstjórnununar og þau verkfæri skoðuð sem hún gefur kost á við að gera góðan vinnustað betri.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í formi fyrirlestra, hópavinnu og í umræðutímum. Gert er ráð fyrir mikilli virkni nemenda í formi stöðugrar endurspeglunar og ígrundaðrar hugsunar(reflective thinking).

**ÞRS503G • Fjölskyldan og samvinna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ingibjörg H Harðardóttir Lektor
Markmið
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist faglega þekkingu og færni í samskiptum við fjölskyldur og samstarfsaðila.
Fjallað verður um fjölskylduna í sögulegu samhengi, hvernig hún ýmist hefur verið upphafin eða gagnrýnd. Breytileg hlutverk fjölskyldunnar og meðlima hennar í gegnum tíðina og í mismundandi menningarheimum eru skoðuð og fjallað er um skörun hlutverka fjölskyldna og ýmissa stofnana samfélagsins. Þroskaþjálfar eru oft í framvarðasveit þessara stofnana og er sérstaklega fjallað um hvernig styrkja megi fjölskyldur til að takast á við verkefni sín. Skoðuð verða hlutverk stuðningsaðila við fjölskyldur og hvað einkennir góðan stuðning. Rýnt verður í samskipti, unnið með viðtalstækni og viðtöl sem vinnutæki.
Vinnulag
Kennslan fer fram í fyrirlestrum, umræðu- og verkefnatímum þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Þar fá þeir möguleika á að dýpka skilning sinn á þeim ferlum sem eiga sér stað í samskiptum manna, hvort sem er innan eigin fjölskyldu eða í öðrum samskiptum. Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum og ræða. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs og er ætlað að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og miðlun.
Verkefni.

**ÞRS508G • Menning og miðlun í samfélagi fyrir alla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Umsjónarkennari: Þórður Helgason Aðjunkt
Námskeiðinu er ætlað að efla fagstétt þroskaþjálfa og styrkja markhóp þeirra. Í þeirri viðleitni verður lögð stund á markvissa beitingu talaðs máls og lestur og meðferð texta sem stuðlað gætu að jafnrétti í samfélaginu með auknum aðgangi fatlaðs fólks að menningu og menntun.
Fengist verður við texta af ýmsu tagi, t.d. blaðatexta og dagbókarskrif, og leitast við að 'þýða' texta á auðskiljanlegt og auðlesið mál. Þannig verður stuðlað að því að fatlaðir geti tjáð eigin skoðanir.
Þátttakendur í námskeiðinu fá þjálfun í að velja ólíka texta til umfjöllunar og miðlunar með það huga að stuðla að auknum mannréttindum fatlaðs fólks.
Áhersla verður lögð á viðeigandi textaval og textameðferð. Munnlegur flutningur og frásagnir vega hér þungt en einnig hagnýt þjálfun í meðferð ritaðs máls af ýmsu tagi. Þannig munu þátttakendur kynnast heppilegum bókmennta- og blaðatextum og fá leiðsögn í því hvernig æskilegt sé að kynna þá.
Í sem stystu máli má segja að námskeiðið veiti hagnýta fræðslu í því sem snýr að miðlun texta í þeim tilgangi að efla sjálfstæði fatlaðs fólks.

**ÞRS509G • Leiðsögn og stuðningur við fólk með þroskahömlun í lífi og starfi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Markmið:
Að loknu námskeiði munu nemendur hafa:
- Aukinn skilning og þekkingu á stöðu fólks með þroskahömlun í íslensku samfélagi með áherslu á mennta-og atvinnumál.
- Þekkingu á stefnum og ríkjandi hugmyndafræði á fjölbreytilegum vettvangi í málefnum fólks með þroskahömlun.
- Haldgóða innsýn í stefnu, markmið, hugmyndafræði og leiðir í starfstengdu diplómanámi ætlað fólki með þroskahömlun við Þroskaþjálfa-og tómstundadeild á Menntavísindasviði.
- Þekkingu á eðli mentorstarfsins, þeirri ábyrgð og þeim skyldum sem og siðferðilegum kröfum sem því fylgja.
- Hæfni til að mæta námsþörfum einstakra nemenda í starfstengda diplómanáminu innan almennra námskeiða, vinna gegn félagslegum og skipulagslegum hindrunum sem kunna að mæta þeim í námi sem og að styðja þá til fullgildrar þátttöku í skólasamfélaginu.
- Öðlast þekkingu á helstu gildum, viðhorfum og vinnubrögðum sem tengjast námi án aðgreiningar á vettvangi fullorðinsfræðslu og fá þannig tækifæri til að íhuga eigin viðhorf til margbreytileika í skóla og samfélagi, meðal annars með hliðsjón af námskrá og hugmyndafræði diplómanámsins, menntaþróun í málefnum fatlaðs fólks og mannréttinda almennt.
Viðfangsefni:
Kennsla, stuðningur og félagsleg samskipti við nemendur með þroskahömlun sem stunda starfstengt diplómanám við Þroskaþjálfa-og tómstundadeild á Menntavísindasviði HÍ.
Fjallað verður um nýjar áherslur og nýbreytni í menntamálum þroskahamlaðra, sérstök áhersla lögð á þá hugmyndafræði sem starfstengda diplómunámið byggir á og inntak þess skoðað. Aðferðir við stuðning og kennslu fullorðinna þroskahamlaðra í námi án aðgreiningar kenndar sem og leiðir við að vinna einstaklingsmiðaðar áætlanir með áherslu á stuðning, úrræði, námsaðferðir og námstækni.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, kynningar, fræðslu-og samráðsfundir ásamt vinnu á vettvangi.
Nemendur vinna þrjú einstaklingsverkefni í ljósi markmiða námskeiðs undir leiðsögn umsjónarmanna.

**ÞRS601G • Vettvangsnám: heildræn þjónusta • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Námskeiðið er samofið námskeiðum kjörsviðsmisseris. Um er að ræða heildstætt nám fræða og vettvangs.
Markmið:

Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:
Fengið tækifæri til að æfa færni og móta viðhorf í ljósi þeirrar grunn- og hagnýtu þekkingar sem þeir hafa nú fengið og þróa eigin starfskenningu og fagvitund í kjölfar þeirrar reynslu.
Fengið dýpri skilning og sýn á ábyrgð og skyldur þroskaþjálfa í starfi nú og í náinni framtíð.
Fengið tækifæri til virkrar þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi þroskaþjálfa á völdu kjörsviði með sérstakri áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar þjónustu, svo og fræðslu og leiðsagnarhlutverk fagstéttarinnar.
Haldið leiðarbók samkvæmt verkefnalýsingu þar sem upplifun af inntaki og útfærslu ofangreindra markmiða birtist í formi greinargerða.
Viðfangsefni og vinnulag:
Á þessu misseri fá nemar tækifæri til sérhæfingar innan starfssviðs þroskaþjálfa (þjónustuúrræði/markhópur). Jafnframt er lögð áhersla á virka þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi þroskaþjálfa með sérstakri áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun heildrænnar þjónustu. Einnig er áhersla lögð á fræðslu og leiðsagnarhlutverk þroskaþjálfa. Leiðbeinendur leggja fram einstaklingsbundna kennsluáætlun fyrir nemann í samráði við umsjónarmann þar sem þeir skilgreina markmið, efnistök, aðferðir og kröfur. Nemar fá tækifæri til að hafa áhrif á áherslur áætlunarinnar í samræmi við áhuga, reynslu og þarfir. Í því skyni eru nemar beðnir um í samliggjandi námskeiði að greina þá þætti starfsins sem þeir bera hvað mestan hvíðboga við að axla og hvattir til að miðla þeim upplýsingum á fyrsta samráðsfundi með sínum leiðbeinenda. Nemendur vinna leiðarbók í formi greinagerða samkvæmt kennsluáætlun og verkefnalýsingu leiðbeinenda. Áhersla leiðarbókar er á úrvinnslu þeirra þátta námsins er lúta að ábyrgð og skyldum þroskaþjálfa í starfi á völdu kjörsviði, svo og hugmyndafræði starfsins.

**ÞRS602G • Þroskaþjálfafræði III: forysta, þróunarstarf og mat • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Markmið: Í lok námskeiðs skulu nemendur hafa:
Sýnt fram á þekkingu og færni við að velja innihald heildaráætlunar í ljósi valins kjörsviðs.
Öðlast þekkingu og færni til þess að hrinda heildaráætlun í framkvæmd í formi einstaklingsmiðaðrar þjónustu.
Orðið betur meðvitaðir um helstu forsendur árangursríkrar samvinnu í ljósi starfsskyldna þroskaþjálfa.
Öðlast fræðilega þekkingu á tilgangi mats og öðlast leikni við að meta árangur á heildrænan sem einstaklingsmiðaðan hátt.
Öðlast fræðilega þekkingu á einkennum þróunar- og umbótastarfs sem og leikni við að vinna slík verkefni.
Öðlast fræðilega þekkingu á eðli og aðferðum starfsþróunar.
Tileinkað sér þær forsendur er felast í undirbúningi og framkvæmd markvissrar fræðslu, leiðsagnar og miðlunar.
Viðfangsefni
Gerð og uppsetning heildaráætlana í ljósi valins kjörsviðs. Innihald heildaráætlunar er athugað með hliðsjón af skilgreindum viðmiðum. Fjallað verður um framkvæmda- og matsþátt þessa vinnuferils m.t.t. undirbúnings og skipulags einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Litið verður sérstaklega á leiðir við að meta gæði og árangur heildrænnar sem einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Jafnframt verður leiðsagnar- og ráðgjafarþætti starfsins sérstakur gaumur gefinn með áherslu á helstu samstarfshópa. Áhersla verður lögð á að dýpka þekkingu nemnda á fræðilegum forsendum þróunarstarfs. Í því samhengi læra nemendur að skipuleggja og útfæra þróunaverkefni í ljósi valins kjörsviðs. Fjallað verður um eðli og mikilvægi markvissrar fræðslu og fjölbreytilegrar miðlunar. Farið verður yfir helstu þætti starfsmannahalds, starfsþróunar og gerð kennslu- og símenntunaráætlana. Ennfremur fá nemendur innsýn í helstu þætti í kennslufræði fullorðinna og leiðir til þess að þróa eigið starf.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópvinna, þátttaka í málþingum og einstaklingsleiðsögn. Viðfangsefni námskeiðsins eru útfærð að hluta til á vettvangi í tengslum við valið kjörsvið. Jafnframt fá nemendur þjálfun á námskeiðinu til þess að ræða viðfangsefni sín í lokaverkefni til B.A. gráðu á fræðilegan og gagnrýnin hátt á til þess gerðum rannsóknarmálstofum. Námskeiðinu lýkur með opinberri ráðstefnu þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín og ræða helstu niðurstöður í ljósi stöðu mála á völdu kjörsviði. Nemendur taka virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.
Námsmat: Kjörsviðstengd verkefni í ljósi viðfangsefna námskeiðsins. Verkefnin krefjast þess af nemanum að hann beiti þeirri þekkingu og leikni sem hann býr nú yfir miðað við stöðu sína í náminu, fræðilega sem starfstengda. Jafnframt heldur neminn leiðarbók. Einnig er þátttaka í málstofum sem og miðlun lokaverkefnis á árlegri ráðstefnu nemenda hluti af námsmati.

**ÞRS604G • Lokaverkefni til B.A. - prófs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Lokaverkefni á þroskaþjálfabraut. Á síðasta námsári vinna nemendur starfstengt lokaverkefni í ljósi valins kjörsviðs.
Markmið verkefnis miðast við að nemandi dýpki fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni tengdu völdu kjörsviði og tengi það við framtíðarstarfsvettvang.
Í því skyni taka nemendur að sér rannsóknar- og þróunarverkefni fyrir væntanlegan starfsvettvang eða fjölbreytileg verkefni að eigin vali. Nemendum stendur einnig til boða að taka þátt í yfirstandandi rannsóknum á vettvangi.
Á lokamisseri námsins, þ.e. kjörsviðsmisseri, er ætlaður tími til vinnu við lokaverkefni.
Form lokaverkefna getur verið með ýmsum hætti.

**ÍÞH004F • Líkamssamsetning: matsaðferðir og stjórnun hennar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurbjörn Árni Arngrímsson Dósent
Markmið:

- Að kynna grundvallaratriði mismunandi líkamssamsetningalíkana og mismunandi matsaðferða á líkamssamsetningu til að nemandinn geti ákvarðað hvernig best sé að mæla líkamssamsetningu við mismunandi aðstæður
- Að sýna fram á hvernig lífstíls-, erfða- eða aldurstengdar breytingar á líkamssamsetningu geta endað í sjúkdómum með áherslu á gangvirkið (mechanism) að baki.
- Að skoða áhrif hreyfingar/æfinga og mataræðisbreytinga á breytingar í líkamssamsetningu
- Að reyna að skilgreina hreyfingarráðleggingarnar/hreyfinguna sem er nauðsynleg til að hindra líkassamsetningartengda sjúkdóma.

Viðfangsefni:
Líkamssamsetning er mjög mikilvæg og áhugaverð frá sjónarhorni lýðheilsunnar. Þetta námskeið mun leitast við að dýpka skilning á líkamssamsetningu alveg frá kenningum og tæknilegum atriðum líkamssamsetningamælinga til tengingarinnar á milli líkamssamsetningar og sjúkdóma (s.s. offitu, beinþynningu). Að auki munu áhrif hreyfingar, æfinga, og mataræðisbreytinga á líkamssamsetninguna verða könnuð. Verklegur þáttur námskeiðsins mun leitast við að leyfa nemendum að prófa og læra mismunandi aðferðir við að meta líkamssamsetninguna, bæði vettvangsaðferðir og rannsóknarstofuaðferðir. Einnig munu nemendakynningar dýkpa þekkingu nemenda á ákveðnum þáttum tengdum líkamssamsetningu og veita þeim þjálfun í að koma fram og flytja fyrirlestur byggðan á niðurstöðum úr vísindarannsóknum.
Nemendur þreyta próf að loknu námskeiði. Nemendur skila skýrslum úr verklegum æfingum. Nemendur búa til og flyta fyrirlestur.

**ÍÞH005F • Öldrun og hreyfing • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor
Markmið

- Auka þekkingu og skilning nemenda á áhrif öldrunar á heilsu aldraðra.
- Að skilja viðbrögð og breytingar sem verða við öldrun og hvernig hreyfing hefur áhrif á kerfi líkamans.
- Að átta sig á tengslum hreyfingar aldraðara við líkamsástand og heilsufar.

Viðfangsefni:
Í námskeiðinu er farið ítarlega yfir flestar líffræðilegar sem og lífeðlisfræðilegar breytingar sem verða við öldrun. Skoðuð verða breytingar á helstu kerfum líkamans, s.s. líkamsamsetningu, beinum, vöðvum, hjarta og lungum og hvernig þessar breytingar valda breytingum á styrk, þoli og loftfirrtri getu. Fjallað verður um hreyfingu aldraðara og mikilvægi hreyfingar fyrir líkamsástand og heilsufar. Sérstök áhersla verður lögð á að gera grein fyrir tengslum hreyfingar við þrek, holdafar og ýmsa aðra lífstílsþætti hjá öldruðum.
Verkefni, málstofur og próf

**ÍÞH006F • Lesnámskeið: Fyrirtækjavist/vettvangsnám • (4e) • Haust**
Athugið: Ekki er hægt að velja þetta námskeið nema í samráði við leiðsagnarkennara og námsbrautarstjóra.
Markmið: Að kynnast starfsemi stofnunar/fyrirtækis sem sinnir heilsueflingu, forvörnum eða meðferð í tengslum við íþróttir- og/eða heilsu.
Viðfangsefni og vinnulag: Nemandi sé virkur þátttakandi í því starfi sem hann kynnir sér undir handleiðslu starfsmanns. Vettvangsstarfið á að standa yfir í minnst tvær vikur, alls 60 klukkustundir. Hlutverk nemenda er að aðstoða við valin störf og taka þátt í hugmyndavinnu og mótun starfsins eftir því sem við verður komið. Jafnframt á nemandi að halda stutt erindi í tengslum við efnið, annað hvort fyrir skjólstæðinga eða starfsfólk.
Lesefni: Kennslubækur og vísindagreinar.
Námsmat: Að loknum vettvangstíma þarf að skrifa stutt fræðilegt mat/skýrslu þar sem stuðst ef við heimildir. Í skýrslunni skal nemandi jafnframt gera grein fyrir starfi sínu á vettvangstímanum.

**ÍÞH022F • Íþróttir og næring • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Alfons Ramel
Inntak/viðfangsefni
Megináhersla er lögð á orkuefnin, hlutverk þeirra og þarfir við mismunandi þjálfun. Einnig verður fjallað um vökvaþörf, vítamín, stein- og snefilefni, andoxunarefni og fæðubótarefni í tengslum við þjálfun. Farið verður yfir nýjustu rannsóknir um efnið og takmarkanir og framfarir á stöðu þekkingar á sviðinu skoðaðar. Námskeiðinu er jafnframt ætlað að þjálfa færni nemenda í matseðlagerð og ráðgjöf um mataræði í tengslum við þjálfun.
Markmið að nemendur:
Auki þekkingu sína á hlutverki næringar í þjálfun og áhrifum hennar á árangur í íþróttum.
Fari dýpra í samverkandi áhrif næringar og hreyfingar á heilsufar og hreysti.
Kynnist helstu rannsóknum á sviðinu og geti greint takmarkanir þeirra og framþróun.
Fái hagnýta þekkingu og þjálfun í að nýta þekkinguna við dagleg störf í tengslum við þjálfun.
Tileinki sér hugtök og aðferðir fræðanna svo þeir geti fylgst með því sem vísindin leggja til að hverjum tíma.
Vinnulag
Námskeiðið byggist á fyrirlestrum og verklegum æfingum og/eða málstofum. Ætlast er til virkar þátttöku nemenda í umræðum og verkefnavinnu. Gert er kröfur um grunnþekkingu í næringarfræði til að hægt sé að velja áfangann. Námsmat er byggt á verkefnum/málstofum og heimaprófi. Mætingaskylda í verklegar æfingar/málstofur.
Æskileg undirstaða: Næring, heilsa og lífshættir (ÍÞH503G)

**ÍÞH102F • Þjálfunarlífeðlisfræði • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor
Umsjónarkennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Markmið: Að auka Markmið: Að auka

- Skilning nemenda á því hvernig eiginleikar mismunandi vöðvafruma og vöðvavinna tengjast orkukerfunum og þar með árangri í mismunandi íþróttum
- Þekkingu nemenda á orsökum vöðvaþreytu og þreytuviðbrögðum sem og orsökum, afleiðingum og fyrirbyggingu ofþjálfunar
- Þekkingu nemenda á tengslum og áhrifum þreytu og ofþjálfunar á íþróttaárangur
- Þekkingu nemenda á styrktarþjálfun, uppbyggingu hennar og aðferðum
- Skilning nemenda á líkamsamsetningarmælingum (fitumælingum), hvernig svoleiðis mælingar nýtast íþróttafræðingum og hvernig líkamssamsetning tengist íþróttagetu
- Þekkingu nemenda á áhrifum valdra fæðubótarefna/orkuefna á íþróttagetu

Viðfangsefni: Námskeiðið er hugsað sem framhaldsnámskeið þjálfunar/áreynslulífeðlisfræði þar sem kafað er dýpra í viðfangsefnin. Fjallað verður um orkukerfin og innbyrðis samvinnu og tengsl þeirra. Farið verður yfir mismunandi tegundir vöðvafruma og hvernig vöðvafrumurnar og vinna þeirra tengist orkukerfunum. Sérstök áhersla verður lögð á loftfirrtu orkukerfin og aðlaganir líkamans að þjálfun þeirra. Fjallað verður um orsakir þreytu og ofþjálfunar, hvernig megi fyrirbyggja slíkt og hvernig skuli bregðast við slíku. Farið verður yfir grundvöll og þjálffræði styrktarþjálfunar. Fjallað verður um líkamssamsetningarmælingar (fitumælingar) forsendur þeirra, aðferðir og gagnsemi. Áhrif kreatínsinntöku á líkamann verða skoðuð sem og kolvetnainntaka, bæði fyrir og á æfingum. Farið verður í ýmsar mælingar sem tengjast getu vöðvanna og íþróttagetu sem og líkamssamsetningarmælingar.
Nemendur þreyta heimapróf að loknu námskeiði. Nemendur kynna vísindagreinar í málstofum.

**ÍÞH106F • Vöxtur, hreyfing og lífeðlisfræði barna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigurbjörn Árni Arngrímsson Dósent
Markmið

- Auka þekkingu og skilning nemenda á þróun, uppbyggingu og starfsemi líkamans í tengslum við vöxt og þroska barna og unglinga.
- Að skilja viðbrögð og aðlögun barna og unglinga að þjálfun og hvernig þjálfun hefur áhrif á kerfi líkamans
- Að átta sig á tengslum hreyfingar barna og unglinga við líkamsástand og heilsufar

Viðfangsefni:
Í námskeiðinu er farið yfir líffræðilegan sem og lífeðlisfræðilegan vöxt og þroska frá fæðingu til og með unglingsára. Skoðuð verða breytingar á helstu kerfum líkamans, s.s. líkamsamsetningu, beinum, vöðvum, hjarta og lungum og hvernig þessar breytingar valda breytingum á styrk, þoli og loftfirrtri getu. Einnig verða skoðuð viðbrögð og aðlögun hjá börnum unglingum að þjálfun. Fjallað verður um hreyfingu barna og unglinga og mikilvægi hreyfingar fyrir líkamsástand og heilsufar. Sérstök áhersla verður lögð á að gera grein fyrir tengslum hreyfingar við þrek, holdafar og ýmsa aðra lífstílsþætti hjá börnum og unglingum.
Verkefni, málstofur og próf

**ÍÞH106F • Vöxtur, þroski og hreyfing barna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurbjörn Árni Arngrímsson Dósent
Markmið

- Auka þekkingu og skilning nemenda á þróun, uppbyggingu og starfsemi líkamans í tengslum við vöxt og þroska barna og unglinga.
- Að skilja viðbrögð og aðlögun barna og unglinga að þjálfun og hvernig þjálfun hefur áhrif á kerfi líkamans
- Að átta sig á tengslum hreyfingar barna og unglinga við líkamsástand og heilsufar

Viðfangsefni:
Í námskeiðinu er farið yfir líffræðilegan sem og lífeðlisfræðilegan vöxt og þroska frá fæðingu til og með unglingsára. Skoðuð verða breytingar á helstu kerfum líkamans, s.s. líkamsamsetningu, beinum, vöðvum, hjarta og lungum og hvernig þessar breytingar valda breytingum á styrk, þoli og loftfirrtri getu. Einnig verða skoðuð viðbrögð og aðlögun hjá börnum unglingum að þjálfun. Fjallað verður um hreyfingu barna og unglinga og mikilvægi hreyfingar fyrir líkamsástand og heilsufar og áhrif kynhormóna á líkamssamsetningu, breytingar á hugarfari og líkamlega svörun við þjálfun. Sérstök áhersla verður lögð á að gera grein fyrir tengslum hreyfingar við þrek, holdafar og ýmsa aðra lífstílsþætti hjá börnum og unglingum.
Verkefni,ritgerðir, málstofur og próf

**ÍÞH107F • Málstofa í íþrótta- og heilsufræði • (1e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Athugið: Málstofan er í boði á hverri önn og er almennt gert ráð fyrir að nemendur skrái sig alls fjórar annir (skylda í Ms-námi í íþrótta- og heilsufræði). Samtals fæst því 4 einingar fyrir þátttökuna, ein fyrir hverja önn. Skilyrði fyrir einingunni er mæting í málstofuna, sem er einn heill dagur á önn. Nemendur kynni sitt rannsóknarverkefni í einni málstofu en taki virkan þátt í umræðu hinar þrjár. Málstofan er opin öllum.
Markmið og vinnulag: Málstofan er vettvangur fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi til að kynna og ræða um verkefni sín og fá álit og hugmyndir annarra nemenda og kennara. Með þessu gefst tækifæriu til þjálfunar í akademískri virkni og umræðu. Ætlast er til að nemendur kynni sér lítillega efni samnemenda áður en málstofurnar eru haldnar (dagskrá send út viku fyrr) til að auka vægi umræðunnar.
Málstofan á að veita nemendum þjálfun í: 1. Að flytja yfirlitsfyrirlestur um viðfangsefni eigin rannsókna. 2. Að standa fyrir svörum í tengslum við eigin rannsóknir og fræðilegan bakgrunn þeirra. 3. Að kynna sér efni á stuttum tíma nógu vel til að geta tekið virkan þátt í fræðilegum umræðum.

**ÍÞH202F • Faraldsfræði hreyfingar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor

Kennari: Sigurbjörn Árni Arngrímsson Dósent
Kennari: Kristján Þór Magnússon Doktorsnemi
Markmið: Að nemendur Markmið: Að nemendur

- dýpki þekkingu sína á samspili lífsháttta og heilbrigðis og skoði rannsóknir á því sviði
- öðlist aukna þekkingu á ýmsum lífsstílssjúkdómum og á áhrifum hreyfingar og þjálfunar á þessa sjúkdóma, bæði sem fyrirbyggjandi og sem meðferðarúrræði

Viðfangsefni: Þróun heilbrigðisvandamála á liðinni öld og framtíðarhorfur. Kynning á rannsóknaraðferðum heilsu- og faraldursfræði. Kúrsinn tekur á heilsutengdum þáttum, æfinga, hreyfingar og líkamshreysti. Farið er ofan í saumana á því hvernig hreyfing og líffræðilegt gangvirki eykur heilbrigði og minnkar áhættu á ýmsum lífsstílssjúkdómum. Rannsóknir og athuganir á samspili lífshátta og sjúkdóma s.s. hjartasjúkdóma, heilablóðfalla, háþrýstings, hárrar blóðfitu, offitu, sykursýki II, beinþynningu, krabbameina, þunglyndis og kvíða verða skoðaðar. Fjallað verður um áhrif hreyfingar á ónæmiskerfið sem og áhættu hreyfingar. Heilsuefling og iðkunarelja í nútíma samfélagi verða teknar sérstaklega fyrir þá m.t.t. hegðunarlegra og umhverfislegra ákvarðanavalda hreyfingar. Kynning á ýmsum aðferðum til að mæla hreyfingu.
Námsmat er fjölbreytt. Kynning vísindagreina, fyrirlestrar fyrir almenning og skriflegt heimapróf.

**ÍÞH203F • Málstofa í íþrótta- og heilsufræði • (1e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Athugið: Málstofan er í boði á hverri önn og er almennt gert ráð fyrir að nemendur skrái sig alls fjórar annir (skylda í Ms-námi í íþrótta- og heilsufræði). Samtals fást því 4 einingar fyrir þátttökuna, ein fyrir hverja önn. Skilyrði fyrir einingunni er mæting í málstofuna, sem er einn heill dagur á önn. Nemendur kynni sitt rannsóknarverkefni í einni málstofu en taki virkan þátt í umræðu hinar þrjár. Málstofan er opin öllum.
Markmið og vinnulag: Málstofan er vettvangur fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi til að kynna og ræða um verkefni sín og fá álit og hugmyndir annarra nemenda og kennara. Með þessu gefst tækifæriu til þjálfunar í akademískri virkni og umræðu. Ætlast er til að nemendur kynni sér lítillega efni samnemenda áður en málstofurnar eru haldnar (dagskrá send út viku fyrr) til að auka vægi umræðunnar.
Málstofan á að veita nemendum þjálfun í: 1. Að flytja yfirlitsfyrirlestur um viðfangsefni eigin rannsókna. 2. Að standa fyrir svörum í tengslum við eigin rannsóknir og fræðilegan bakgrunn þeirra. 3. Að kynna sér efni á stuttum tíma nógu vel til að geta tekið virkan þátt í fræðilegum umræðum.

**ÍÞH305F • Lokaverkefni í íþrótta- og heilsufræði til M.Ed.-gráðu • (20e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÍÞH305F • Lokaverkefni í íþrótta- og heilsufræði til M.Ed.-gráðu • (20e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.

Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÍÞH306F • Lokaverkefni í íþrótta- og heilsufræði til M.Ed.-gráðu • (30e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÍÞH306F • Lokaverkefni í íþrótta- og heilsufræði til M.Ed.-gráðu • (30e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÍÞH307F • Málstofa í íþrótta- og heilsufræði • (1e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Athugið: Málstofan er í boði á hverri önn og er almennt gert ráð fyrir að nemendur skrái sig alls fjórar annir (skylda í Ms-námi í íþrótta- og heilsufræði). Samtals fást því 4 einingar fyrir þátttökuna, ein fyrir hverja önn. Skilyrði fyrir einingunni er mæting í málstofuna, sem er einn heill dagur á önn. Nemendur kynni sitt rannsóknarverkefni í einni málstofu en taki virkan þátt í umræðu hinar þrjár. Málstofan er opin öllum.
Markmið og vinnulag: Málstofan er vettvangur fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi til að kynna og ræða um verkefni sín og fá álit og hugmyndir annarra nemenda og kennara. Með þessu gefst tækifæriu til þjálfunar í akademískri virkni og umræðu. Ætlast er til að nemendur kynni sér lítillega efni samnemenda áður en málstofurnar eru haldnar (dagskrá send út viku fyrr) til að auka vægi umræðunnar.
Málstofan á að veita nemendum þjálfun í: 1. Að flytja yfirlitsfyrirlestur um viðfangsefni eigin rannsókna. 2. Að standa fyrir svörum í tengslum við eigin rannsóknir og fræðilegan bakgrunn þeirra. 3. Að kynna sér efni á stuttum tíma nógu vel til að geta tekið virkan þátt í fræðilegum umræðum.

**ÍÞH405F • Lokaverkefni MS íþrótta- og heilsufræði • (60e) • Haust**
Umsjónarkennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor
-

**ÍÞH405F • Lokaverkefni MS íþrótta- og heilsufræði • (60e) • Vor**
Umsjónarkennari: Erlingur Sigurður Jóhannsson Prófessor
-

**ÍÞH409F • Málstofa í íþrótta- og heilsufræði • (1e) • Vor**

Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Athugið: Málstofan er í boði á hverri önn og er almennt gert ráð fyrir að nemendur skrái sig alls fjórar annir (skylda í Ms-námi í íþrótta- og heilsufræði). Samtals fást því 4 einingar fyrir þátttökuna, ein fyrir hverja önn. Skilyrði fyrir einingunni er mæting í málstofuna, sem er einn heill dagur á önn. Nemendur kynni sitt rannsóknarverkefni í einni málstofu en taki virkan þátt í umræðu hinar þrjár. Málstofan er opin öllum.
Markmið og vinnulag: Málstofan er vettvangur fyrir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi til að kynna og ræða um verkefni sín og fá álit og hugmyndir annarra nemenda og kennara. Með þessu gefst tækifæriu til þjálfunar í akademískri virkni og umræðu. Ætlast er til að nemendur kynni sér lítillega efni samnemenda áður en málstofurnar eru haldnar (dagskrá send út viku fyrr) til að auka vægi umræðunnar.
Málstofan á að veita nemendum þjálfun í: 1. Að flytja yfirlitsfyrirlestur um viðfangsefni eigin rannsókna. 2. Að standa fyrir svörum í tengslum við eigin rannsóknir og fræðilegan bakgrunn þeirra. 3. Að kynna sér efni á stuttum tíma nógu vel til að geta tekið virkan þátt í fræðilegum umræðum.

**TÓF002F • Vettvangsnám • (10e) • Vor**
-

**TÓF103F • Tómstundafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Markmið:
Að nemendur hafi að loknu námskeiði aflað sér víðtækrar þekkingar á tómstundafræðum, m.a. með því að hafa:

- Kynnst tómstundafræði samtímans með skírskotun í íslenskan veruleika
- Öðlast sögulegt yfirlit yfir tómstundafræði, hérlendis sem og erlendis
- Öðlast skilning á viðfangsefnum og aðferðum tómstundafræðinnar og þeim fræðilegu forsendum sem liggja til grundvallar
- Áttað sig á mikivægi tómstundastarfs í nútíma samfélagi og tengi þetta mikilvægi, með skírskotun í rannsóknir, við starf á vettvangi
- Kynnst því tómstundastarfi sem í boði er á Íslandi
- Þróað hugmyndir sínar um tómstundastarf með hliðsjón af rannsóknum og eigin reynslu

Inntak / viðfangsefni: Farið verður yfir sögu tómstundafræðanna hérlendis og erlendis, sem og að tómstundafræði samtímans verður krufin. Nemendur kynnast því tómstundastarfi sem er í boði á Íslandi og kynnt verður hin ytri umgjörð, þar á meðal helstu lög og reglugerðir. Auk þess verður farið ítarlega í gildi tómstunda og verða rannsóknir skoðaðar í þeim tilgangi. Nemendum gefst kostur á að tengja hugmyndir sínar, reynslu og þekkingu við starf á vettvangi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópavinna, verkefnavinna og vettvangskönnun. Í lok námskeiðs er málstofa meistaranema, þar sem nemendur kynna fræðilegt verkefni sem þeir hafa unnið. Um sama efni skrifa nemendur blaðagrein.
Kennslubréf, svörun spurninga og þátttaka í umræðum á WebCT, gildir 10%. Vettvangskönnun, skýrsla og kynning, gildir 20%. Fræðileg rannsóknarritgerð, blaðagrein og kynning á málstofu, gildir 20%. Heimapróf, gildir 50%. próf.

**TÓF201F • Rannsóknir á tómstundastarfi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Markmið:
Að þátttakendur hafi að námskeiði loknu:

- Öðlast þekkingu á helstu rannsóknarefnum í tómstundastarfi og geti fjallað um þau með gagnrýnum hætti.
- Áttað sig á mikilvægi rannsókna fyrir þróun tómstundastarfs og framtíð þessa unga fræðasviðs.
- Þekkingu til að tengja rannsóknarniðurstöður við tómstundastarf á vettvangi.
- Eflt áhuga sinn og færni á tómstundarannsóknum.
- Þróað hugmyndir sínar um tómstundastarf með hliðsjón af rannsóknum og eigin reynslu.

Inntak / viðfangsefni: Farið í innlendar og erlendar rannsóknir á tómstundastarfi. Athyglinni verður m.a. beint að því umhverfi sem börn og unglingar búa við í dag, væntingum þeirra til tómstundastarfs, áhugahvöt, gildi tómstundastarfs, brottfalls úr tómstundastarfi og þjóðfélagsstöðu foreldra. Nemendur velja sér rannsóknir sem þeir kynna sér og miðla til annarra nemenda.
Vinnulag: Lestur bóka og greina, málstofur, hópverkefni og sjálfstæð vinna.
Skýrslur um aðallesefni námskeiðsins og þátttaka í málstofu Annars vegar skýrslur um aðallesefni námskeiðsins og þátttaka í málstofu, sem er einstaklingsverkefni og gildir 50% og hins vegar aðalverkefni, einstaklings- eða hópverkefni, gildir 50%.

**TÓF301F • Heilsuefling, lýðheilsa, forvarnir og áhættuhegðun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Árni Guðmundsson Aðjunkt
Markmið að nemendur:
Kynnist hlutverkum heilsueflingar og forvarna, bæði almennt í tómstundastarfi og í starfi með fötluðum
Öðlist þekkingu á íslenska heilbrigðiskerfinu, stofnunum og fyrirtækjum sem sinna málefnum lýðheilsu
Þrói hugmyndir sínar um íhlutanir í heilsueflingar- og lýðheilsuskyni með hliðsjón af rannsóknum, kenningum og eigin reynslu.
Öðlist þekkingu á helstu rannsóknum á sviði heilsueflingar, lýðheilsu og forvarna og tengi rannsóknarriðurstöður við starf á vettvangi
Öðlist færni í að gera áætlanir og að framkvæma verkefni sem ætlað er að efla heilsu og forvarnir í tómstundastarfi, skólum, á vinnustöðum og í starfi með fötluðum. Geti einnig metið árangur þeirra til skemmri og lengri tíma.
Öðlist þekkingu á helstu vandamálum sem börn og unglingar eiga við að etja
Efli færni sína við að greina og vinna með börn og unglinga í vanda
Þekki það kerfi á Íslandi sem við kemur barnavernd
Kynnist helstu rannsóknarefnum á áhættuþáttum, frávikshegðun og leiðum til úrbóta og tengi rannsóknarniðurstöður við tómstundastarf á vettvangi

Inntak / viðfangsefni: Farið verður yfir sögu og þróun lýðheilsunnar hérlendis og erlendis, nemendum kynnt viðfangsefni lýðheilsu sem og að heilsuefling og forvarnaraðgerðir samtímans verða krufnar. Nemendur kynnast því sem verið er að gera í þessum málaflokki á Íslandi og gefst tækifæri á að prófa eigin hugmyndir á vettvangi. Farið verður sérstaklega í hlutverk forvarna, heilsueflingar og lýðheilsu í samfélaginu og verða nemendur hvattir til að skoða sín eigin viðhorf og hegðun.
Fjallað verður um helstu vandamál sem börn og unglingar eiga við að etja, þar á meðal um kenningar og rannsóknir á eðli og umfangi ofbeldis, þunglyndis, sjálfsvíga, átraskana, vímuefnanotkunar og annarra áhættuþátta. Ennfremur verður fjallað um löggjöf, úrræði, forvarnarstarf, vinnuaðferðir og viðbröð fagfólks. Athyglinni verður m.a. beint að því umhverfi sem börn og unglingar búa við í dag, stöðu þeirra í fjölskyldunni, nánasta umhverfi, hvers konar þjónustu þau fá og hver réttarstaða þeirra er
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, hópavinna, einstaklingsvinna og vettvangsverkefni.
Einstaklingsverkefni, hópaverkefni, vettvangsverkefni og málstofa.

**TÓF302F • Útivist, leikir og nám • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jakob Frímann Þorsteinsson Aðjunkt
**Markmið**: Meginmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur leiti svara við spurningunni: Hvert getur hlutverk útivistar og ævintýranáms verið í uppeldis-, tómstunda- og skólastarfi?
**Inntak**: Þátttakendur kynnast stefnum, rannsóknum og kenningum um útinám, útikennslu, útivist, leiki og önnur skyld viðfangsefni. Horft verður vítt á viðfangsefnið með fyrirlestrum, kynningum og heimsóknum en einnig kafað djúpt í ákveðið efni. Skoðuð verða tengsl milli fræða- og starfssviða sem vinna með náttúru, umhverfi og samfélag t.d. ferðaþjónusta, umhverfisfræði og félagsfræði.
**Vinnulag**: Kennslan er í lotum og byggir á fyrirlestrum, verkefnavinnu, verklegri kennslu, útivistarferðum og umræðum. Áhersla er lög á útivistarferðir þar sem nemendur takast á við verkefni í náttúru og samfélagi. Umræður eru í tímum og á neti, en einnig er rætt um upplifanir hópsins og einstaklinganna í ferðunum og rýnt í þann lærdóm sem af þeim má draga. Nemendur halda ferðadagbók um útivist sína og ferðalög á námskeiðstíma. Reikna má með að þó nokkrum kostnaði vegna ferða á námskeiðinu.
Rýnt í fræðibók: Hver nemandi velur eina bók um viðfangsefnið, les hana og gerir útdrátt sem hann kynnir fyrir hinum. Útdrættirnir settir á WebCT. Fræðileg ritgerð um valið efni. Virkni og þátttaka í vettvangs- og útivistarferðum - ferðadagbók Þátttaka í umræðum og verkefnavinnu.

**TÓF303F • Lokaverkefni í tómstunda- og félagsmálafræði til M.Ed.-gráðu • (20e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**TÓF404F • Lokaverkefni í tómstunda- og félagsmálafræði til M.Ed.-gráðu • (20e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÞRF201F • Stefnur og straumar í velferðarkerfinu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þór Garðar Þórarinsson Stundakennari
Í lok námsleiðsins eiga nemendur að:
Hafa yfirsýn yfir uppbyggingu íslenska velferðarkerfisins og getað skoðað hana í ljósi velferðarþjónustu á hinum Norðurlöndunum.
Þekkja þau úrlausnarefni sem velferðarþjónusta Norðurlandanna og þar með Íslands kunna að standa frammi fyrir á næstu árum og áratugum.
Hafa greinargóða innsýn inn í stefnumótun félagsmálaráðuneytisins í þjónustu við börn og fullorðna sem og að þekkja helstu stoðþætti stefnunnar.
Þekkja helstu áherslur í skipulagi og framkvæmd núverandi þjónustu.
Viðfangsefni
Leitast er við að kynna helstu þætti hins íslenska velferðarkerfis. Íslenska velferðarkerfið skoðað í ljósi annarra velferðarkerfa á Norðurlöndunum. Hvað er það sem þessi kerfi eiga sameiginlegt og hvað er það sem skilur að? Farið yfir helstu áherslur Norðurlandanna í ljósi þeirra áskoranna sem þær standa frammi fyrir á velferðarsviðinu á næstu áratugum.
Kynntar eru helstu stefnulínur í almennri- og sértækri félagsþjónustu við fatlaða á Íslandi. Sérstaklega verður kynnt stefnumótun félagsmálaráðuneytisins í málefnum fatlaðra. Einnig verður fjallað um stoðgreinar stefnunnar sem eru þjónustugrunnur, þjónustumat, gæðahandbók og árangursmælingar í þjónustunni. Þá verður fjallað um skipulag þjónustunnar við fatlaða eins og hún er í dag og þau tækifæri og ógnanir sem hún kann að standa frammi fyrir á næstu árum og áratugum. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgengi fyrir alla verður kynnt. Kynntar verða helstu stjórnunaraðferðir sem beitt eru við opinbera stjórnsýslu á Íslandi, þar með árangurstjórnun, stjórnun með markmiðum og þekkingarstjórnun þar sem sérstök áhersla verður á mannauðsstjórnun með hlutverk millistjórnenda í huga.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna.
Próf og verkefni

**ÞRF203F • Forysta í opinberri stjórnsýslu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ragnheiður E Stefánsdóttir
Í lok námsleiðsins eiga nemendur að: Í lok námsleiðsins eiga nemendur að:
Hafa skilning á forystuhlutverki stjórnenda í opinberri stjórnsýslu.
Þekkja helstu kenningar og hugtök um stjórnun og forystu.
Þekkja helstu stjórnunaraðferðir sem beitt er við opinbera stjórnsýslu á Íslandi.
Hafa þekkingu til þess að nýta þann mannauð sem skipulagsheildin hefur yfir að ráða og sjá hvernig best er að skipuleggja og stjórna slíku starfi
Geta beitt þekkingu sinni um forystu og stjórnun á raunveruleg viðfangsefni á eigin starfsvettvangi.
Viðfangsefni: Kynntar verða helstu stjórnunaraðferðir sem beitt eru við opinbera stjórnsýslu á Íslandi, þar með árangurstjórnun, stjórnun með markmiðum og þekkingarstjórnun þar sem sérstök áhersla verður á mannauðsstjórnun með hlutverk millistjórnenda í huga. Fjallað verður um leiðtogann og stjórnandann og kenningar um skipulagsheildir og stefnumótun. Þá verður farið í mannauðsstjórnun. Í því samhengi verður mannauðsferlið skoðað, þ.e. starfsmannaval og ráðningar, þjálfun starfsmanna, hvatningu og starfslok. Þá verður fjallað um erfið starfsmannamál, s.s. agaviðtöl, áminningar og uppsagnir. Þá verður fjallað um vinnurétt. Í því samhengi verður m.a. fjallað um kjarasamninga, vinnutíma, orlof og veikindarétt. Að lokum verður farið í gegnum stjórnsýslulögin og upplýsingalögin.
Vinnulag
Fyrirlestrar, hópvinna, umræður og verkefni.
Lesefni
Ritgerð, verkefni og próf.

**ÞRF204F • Siðfræði í starfi með fötluðum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ástríður Stefánsdóttir Dósent
Viðfangsefni:
Fjallað er um klassískar kenningar um virðingu og almannaheill og tekin fyrir gagnrýni á þær. Einnig er fjallað um mikilvægi mennskunnar og umræðan tengd við eigin reynslu úr starfi og stöðu fatlaðra. Farið verður yfir hefðbundnar hugmyndir um siðfræði rannsókna og þann sögulega jarðveg sem þær spretta úr. Í framhaldi af fræðilegum fyrirlestrum og umræðum rannsaka nemendur ákveðna siðferðilega þætti úr eigin starfi og byggja þar á því efni sem farið hefur verið í. Verður þetta grunnur að fyrirlestri og grein sem nemendur flytja og skila.
Mætingarskylda er í staðlotur.
Námskeiði endar á opinni ráðstefnu þar sem nemendur flytja erindi gjarnan tengt reynslu af eigin starfsvettvangi og því efni sem farið hefur verið í. Erindi er skilað inn skriflega á formi ritgerðar (greinar) í lok námskeiðs. Námsmatið byggist á flutningi erindis á ráðstefnu og mati á skriflegu verkefni.

**ÞRF205F • Valdefling og rannsóknir með fötluðu fólki • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðrún Valgerður Stefánsdóttir Lektor
Lýsing
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist þróun rannsókna, rannsóknahefða og rannsóknaraðferða í fötlunarfræðum Sérstök áhersla verður á að nemendur kynnist samvinnurannsóknum (inclusive research) og geti framkvæmt slíka rannsókn á vettvangi. Jafnframt að þeir geti tengt hugtakið valdeflingu við rannsóknarvinnu á þessu sviði.
Viðfangsefni: Fjallað verður um þróun fötlunarfræða; rannsóknaraðferða og mismunandi fræðilegra sjónarhorna á þessu fræðasviði. Fjallað verður sérstaklega um rannsóknaraðferðir sem fela í sér náið samstarf milli rannsakanda og þátttakanda í rannsókn. Í því skyni verður fjallað um freslandi fötlunarrannsóknir (emancipatory research) og samvinnurannsóknir (inclusive research). Einnig verður fjallað um hugtakið valdeflingu (empowerment) og valdatengsl í rannsóknum. Þá verða kynntar nýjar rannsóknir á þessu sviði sem hafa verið unnar í nánu samstarfi milli fatlaðs fólks og fræðimanna. Einnig verður sérstök áhersla á að kynna fyrir nemendum framkvæmd slíkra rannsókna. Aðferðir og leiðir í rannsóknum sem beinast að viðkvæmum hópum verða í brennidepli sem og siðfræðilegir þættir sem tengjast slíkum aðferðum. Mikilvægur þáttur námskeiðsins felst í sjálfstæðri rannsóknarvinnu á vettvangi.
Vinnulag: Fyrirlestrar kennara og nemenda, umræður og rannsóknarvinna á vettvangi
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)

Rannsóknarskýrsla.

**ÞRF304F • Lokaverkefni í þroskaþjálfafræði til M.Ed.-gráðu • (30e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÞRF305F • Lokaverkefni í þroskaþjálfafræði til M.Ed.-gráðu • (20e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÞRF403F • Þróunarstarf, leiðsögn og mat • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Vilborg Jóhannsdóttir Lektor
Markmið: Markmið:
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:
Hafa öðlast fræðilega þekkingu á einkennum umbóta- og þróunarstarfs.
Hafa öðlast leikni við að skipuleggja og leiða fræðilegt breytingar- og þróunastarf á eigin starfsvettvangi.
Hafa öðlast fræðilega þekkingu á einkennum mats og árangursmælinga í ljósi eigin starfsvettvangs.
Öðlast fræðilega þekkingu á eðli og aðferðum starfsþróunar.
Tileinkað sér þær forsendur er felast í undirbúningi og framkvæmd markvissrar fræðslu, leiðsagnar og miðlunar.
Geta nýtt þekkingu sína til að efla persónulega hæfni sína sem leiðtoga.
Viðfangsefni
Kenningar og hugtök um breytingar- og þróunarstarf sem og árangursmælingar í starfi ásamt umfjöllun um nýleg þróunar- og rannsóknarverkefni eru helstu viðfangsefni þessa námskeiðs. Áhersla verður lögð á fræðilega þekkingu og verklag við að þróa þjónustu. Fjölþætt hlutverk þroskaþjálfa og tómstunda- og félagsmálafræðinga á þessu sviði er sérstaklega til skoðunar með áherslu á helstu verksvið og starfsábyrgð millistjórnenda. Í því samhengi er kastljósinu varpað að fjölbreytilegum matsaðferðum við að meta gæði þjónustu með áherslu á sjálfsmat stofnana sem og tengslum þess við breytingar- og þróunarstarf. Sérstakur gaumur verður gefinn að fræðslu- og leiðsagnarhlutverki þroskaþjálfa og tómstunda- og félagsmálafræðinga. Jafnframt verður fjallað um ákvarðanir sem þroskaþjálfar og tómstundafræðingar þurfa að taka í starfi sem millistjórnendur og er það gert í ljósi kenninga um fagmennsku í starfi og leiðtogahlutverkið.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðna og vinnu á vettvangi. Áhersla verður lögð á sjálfstæða vinnu nemenda við að kynna sér efni og deila þekkingu sinni með öðrum á til þess gerðri málstofu.
Hópverkefni og starfstengd einstaklingsverkefni metin til einkunna.

**ÞRF405F • Lokaverkefni í þroskaþjálfafræði til M.Ed.-gráðu • (30e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**ÞRF406F • Lokaverkefni í þroskaþjálfafræði til M.Ed.-gráðu • (20e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

# Kennaradeild

### GLF003G • Þrautagleði • (5e) • Vor

Umsjónarkennari: Friðrik Aðalsteinn Diego Lektor
Markmið
Markmið námskeiðsins er í fyrsta lagi að nemendur rækti með sér þá ánægju sem felst í því að glíma við þrautir. Í öðru lagi að nemendur þjálfi hæfileika sína til þrautalausna. Í þriðja lagi að nemendur þjálfist í að setja fram lausnir sínar, sér í lagi m.t.t. vandaðs rökstuðnings. Nemendur kynnast og fást við þrautir af ýmsum gerðum og styrkja tök sín á þeim viðfangsefnum. Þeir kynnast vel þekktum almennum atriðum sem hafa má að leiðarljósi við þrautalausnir og sannreyni sjálfir hve vel slíkar ábendingar reynast í glímunni við þrautir.
Inntak / viðfangsefni
Fengist er við stærðfræðilegar þrautir af ýmsu tagi, rökfræðiþrautir, rúmfræðiþrautir og talnaþrautir, en jafnframt þrautir úr öðrum áttum. Nemendur kynnast t.d. jöfnum höndum einföldum þrautum og erfiðum þrautum, fljótleystum þrautum og tímafrekum þrautum, vikið er að nokkrum vel þekktum óleystum þrautum sem og nokkrum óleysanlegum þrautum. Í námskeiðinu er mun fremur lögð áhersla á hugvitssemi og þolgæði í lausnaleit en formlega stærðfræðikunnáttu. Fjallað er um fáein almenn atriði sem talin eru koma að gagni við þrautalausnir og um mikilvægi þrautalausna sem sjónarhorn á stærðfræðikennslu. Jafnan er lögð áhersla á vandaða framsetningu lausna, skýran og markvissan rökstuðning.
Vinnulag
Fyrirlestrar, dæmatímar, umræðutímar og heimaverkefni. Gert er ráð fyrir munnlegum skilum nemenda á heimaverkefnum og almennum umræðum um þau verkefni. Lögð verða fyrir allmörg verkefni (þrautir) svo að sem flestir finni hæfileg og ánægjuleg stærðfræðileg viðfangsefni.
Námsmat er að helmingi fólgið í reglulegri verkefnavinnu. Verkefnum er bæði skilað skriflega og munnlega. Annar helmingur námsmats er próf í lok námskeiðs.

### GLF005G • Kennsla barna með íslensku sem annað mál • (5e) • Vor

Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Kennari: Hanna Óladóttir Aðjunkt
Markmið
Að loknu námskeiðinu geri nemendur sér grein fyrir:
- hvað felst í því að læra tungumál sem annað mál,
- hver munurinn er á móðurmáli og öðru máli,
- hvernig íslenskukennsla tengist annarri kennslu,
- hverjar eru helstu kennsluaðferðir á þessu sviði,
- hvernig hægt er að skipuleggja kennslu nemenda sem hafa íslensku sem annað mál,
- hvernig þeir geti aflað sér frekari þekkingar á sviðinu.

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um helstu hugtök sem tengjast íslensku sem öðru máli, máltöku og tvítyngi. Farið verður í ýmsar hugmyndir um kennslu og kennsluaðferðir. Lögð verður áhersla á mikil tengsl við leikskóla og grunnskóla og hvernig kennslu barna með annað móðurmál en íslensku er háttað þar. Kynntar verða helstu rannsóknir á sviðinu þar sem það á við.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, greinargerðir nemenda um eigin athuganir á vettvangi.
Próf og verkefni.

### GLF008G • Bragur og listin að yrkja • (5e) • Haust

Umsjónarkennari: Ragnar Ingi Aðalsteinsson Aðjunkt
Markmið
Að nemendur kynnist sem flestum íslenskum og erlendum bragarháttum og fái þjálfun í að yrkja sjálfir undir þeim, að nemendur kynnist muninum á hefðbundnu formi og frjálsu og æfist einnig í notkun frjáls forms. Farið verður rækilega í helstu aðferðir til að kenna bragfræði og skapandi ritun í grunnskólum.
Inntak / viðfangsefni
Nemendur vinna með fjölda innlendra og erlendra bragarhátta sem kennari sýnir og skýrir m.t.t. sögu þeirra, einkenna og notkunar. Sérstök áhersla er lögð á íslenska hætti að fornu og nýju og reglur íslenskrar bragfræði. Kennarar halda fyrirlestra um kennslu í bragfræði í grunnskólum. Nemendur skila 10-15 ljóðum hver sem metin eru af kennurum.
Vinnulag
Í staðnámi: Tímar eru vikulega, 2 í senn. Heimaverkefni eru unnin í samráði við kennara og farið yfir í tímum. Auk þess kynna kennarar valin efni sem farið er yfir í tímum.
Í fjarnámi : Vikulega er sent út efni sem er í samræmi við það sem tekið er fyrir hverju sinni í staðnámi. Þetta er gert til þess að staðnám og fjarnám fylgist að svo sem kostur er.
Verkefnum skilað af og til yfir önnina (sbr. það sem segir hér að ofan um ljóðagerð) og í námskeiðslok skila nemendur lokaritgerð um valið efni

### GLF010G • Megináherslur í stærðfræðinámi barna • (5e) • Haust

Umsjónarkennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Markmið:
Að kennaranemar
- Geri sér grein fyrir meginþáttum og áherslum í stærðfræðinámi barna upp að 12 ára aldri.
- Þekki fjölbreyttar leiðir við stærðfræðikennslu.
- Þekki dæmi um rannsóknir á stærðfræðinámi barna.
- Greini stærðfræði í umhverfinu og átti sig á hvernig stærðfræði er notuð í öðrum námsgreinum.
- Efli stærðfræðilega hæfni sína.

Inntak - viðfangsefni
Kennaranemar kynnast megininntaki og áherslum í stærðfræðinámi barna. Námskrá í stærðfræði verður skoðuð og hugmyndir um hvað felist í stærðfræðilegri hæfni. Kennaranemar skoða hvernig stærðfræði er birtist í umhverfinu og er notuð í samfélaginu ásamt því að velta fyrir sér tengslum hennar við aðrar greinar. Kennaranemar fá viðfangsefni sem hjálpa þeim að gera sér grein fyrir eigin skilning og tækifæri til að dýpka þekkingu sína á stærðfræði. Þeir kynnast nokkrum rannsóknum á stærðfræðinámi barna og hvernig nýta má niðurstöður þeirra við stærðfræðikennslu. Fjallað verður um mikilvægi þess að kennarar byggi upp heildstætt kennsluferli í stærðfræði þar sem beitt er fjölbreyttum leiðum og þær prófaðar með börnum.
Kennsluhættir/vinnulag
Áhersla verður lögð á að kennaranemar prófi sjálfir fjölbreytt viðfangsefni og ræði um nálgun sína og lausnir. Þeir skipuleggja stærðfræðikennslu og prófa að vinna að stærðfræðilegum viðfangsefnum með börnum. Haldnir verða fyrirlestrar en vinna á námskeiðinu felst í þátttöku kennaranema í fjölbreyttum verkefnum.
Mat á verkefnum, bæði munnlegum og skriflegum.

### GLF015G • Stuðningur við jákvæða hegðun • (5e) • Vor

Umsjónarkennari: Anna Lind G Pétursdóttir Lektor
Markmið
Með virkri þátttöku í námskeiðinu og verkefnavinnu munu kennaranemar:
- kunna skil á áhrifaríkum aðferðum til að stuðla að jákvæðri hegðun nemenda og skapa hvetjandi námsumhverfi
- kunna skil á aðferðum til að takast á við erfiða hegðun nemenda
- kynnast aðferðum til að meta þætti sem hafa áhrif á erfiða hegðun og setja saman heildstæð, einstaklingsmiðuð úrræði til að mæta þörfum nemenda með hegðunarerfiðleika
- kunna skil á aðferðum til að eiga góða samvinnu við foreldra
- þekkja til rannsókna að baki ofangreindum aðferðum

Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um leiðir til að laða fram og styrkja viðeigandi hegðun nemenda. Gefið verður yfirlit yfir raunprófaðar aðferðir til að fyrirbyggja og draga úr erfiðri hegðun samhliða því að festa jákvæða hegðun og líðan í sessi. Kynntar verða leiðir til að stuðla að jákvæðum skólabrag, vinnubrögð til að skapa jákvætt námsumhverfi í bekknum og einstaklingsmiðuð úrræði til að mæta þörfum nemenda með hegðunarerfiðleika. Einnig verður fjallað um hvernig megi ýta undir góða samvinnu við foreldra. Áhersla verður á hagnýtar, árangursríkar aðferðir sem nýtast kennurum í starfi frá fyrsta degi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, myndbönd, lestur og verkefnavinna.
Verkefni og próf.

### GLF016G • Tölvuleikir, sýndarheimar og félagsnet • (5e) • Haust

Umsjónarkennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Markmið

- að nemendur hafi kynnt sér og prófað að taka þátt í leikjasamfélögum, félagsnetum og sýndarheimum á Netinu og þekki til rannsókna á slíkum samfélögum
- að nemendur hafi skoðað hvernig leikjasamfélög geti verið námssamfélög og hafi tekið þátt í að prófa og/eða búa til námssamfélag í einhverju slíku umhverfi
- að nemendur hafi skoðað útbreiðslu og notkun slíkra samfélaga er, rýnt í hvernig ungmenni taka þátt í slíkum samfélögum og skoðað hvaða áhrif slík samfélög hafa á samskipti og félagslíf.

Inntak / viðfangsefni
Nemendur taka þátt og skoða leikreglur og samskipti í völdum samfélögum s.s. World of Warcraft, Eve Online, Second Life, Home (Playstation), Facebook, Myspace. Nemendur safna gögnum um notkun á Íslandi m.a. með spurningalistum og/eða viðtölum. Nemendur taka þátt í tilraun um að búa til námssamfélag/námsferli í einhverju slíku kerfi t.d. Second Life eða Facebook.
Vinnulag
Námskeiðið verður fjarnámskeið/netnámskeið og þurfa nemendur að hafa gott aðgengi að Interneti og námsumhverfið verður í einhverju af þeim félagskerfum sem fjallað verður um í námskeiðinu. Auk fjarnáms sem nemandinn skipuleggur sjálfur þá er gert ráð fyrir ákveðnum netfundum/viðburðum þar sem nemendur eru samtímis í netsamfélögum/netleikjum.
Nemandinn heldur utan um námsferill sinn með leiðarbók og semur skilagrein/sýnimöppu (eportfolio) til námsmats og kynnir viðfangsefni sín á netfundi í lok námskeiðsins.

### GLF018G • Umhverfismennt fyrir grunnskóla • (5e) • Vor

Umsjónarkennari: Eggert Lárusson Lektor
Markmið að kennaranemar:
öðlist breiða þekkingu á umhverfismálum,
kynnist áhugasviðum barna hvað varðar umhverfismál
öðlist þekkingu á þeim umhverfismálum sem efst eru á baugi í samfélaginu
þjálfist í að útbúa verkefni fyrir grunnskólanemendur í umhverfismálum
Inntak/viðfangsefni
Fjallað verður um hvernig umhverfismál eru skilgreind alþjóðasamþykktum og bókunum, í lögum og námskrám og hvernig börn afmarka málaflokkinn. Hvaða aðilar taka flestar ákvarðanir um umhverfismál? Mengun skilgreind. Umhverfi skóla, umhverfismál í skólahverfinu og í sveitarfélaginu. Hvernig er háttað breytingum á landnotkun í hverfinu? hvar bjuggu landnámsmennirnir í sveitarfélaginu og hvernig komust þeir af? Dýr og plöntur í útrýmingarhættu. Líf "náttúrufólks" í öðrum heimsálfum kynnt. Hvaðan fáum við vatnið, matinn, rafmagnið, húsgögnin, fötin? Hvert fer sorpið? Hvað er endurvinnsla? Hvað er sjálfbær þróun og hvers vegna er hún svo mikilvæg í umhverfismálum? Umferðarmál. Hvaða áhrif hefur mannvirkjagerð á umhverfið, eru þau áhrif afturkræf. Er hægt að sjá fyrir öll áhrif mannvirkjagerðar á umhverfið?
Vinnulag
Krafist er virkar þátttöku nemenda í kennslustundum. Fluttir verða stuttir inngangsfyrirlestrar en að mestu leyti felst vinnan í verkefnum sem geta verið skrifleg og munnleg og falist meðal annars í lestri, kynningum og umræðum.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat,

þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar og mat á verkmöppu.

**GLF019G • Þroskafrávik barna • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jónína Sæmundsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á nokkrum algengum þroskafrávikum ungra barna og leiti leiða og aðferða sem gefast vel í uppeldisstarfi með þessum barnahópum.
Viðfangsefni: Fjallað verður um börn sem vegna frávika þarfnast sérstakrar íhlutunar í leik- og grunnskólum. Meðal annars verður fjallað um ADHD, raskanir á einhverfurófinu og seinkaðan greindarþroska. Fjallað verður um kennsluaðferðir og vinnubrögð með ofangreindum hópum í leik- og grunnskólum (yngstu bekkjunum). Nemendur þurfa í lok misseris að mæta í málstofu þar sem þeir flytja verkefni sín.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og málstofur.

**GLF020G • Markmið, námsferli og námsmat • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Markmið
Nemendur:
– ræði og fjalli um ferlið frá setningu markmiða að námsmati og átti sig þar með á tengslum milli markmiða, námsafraksturs (learning outcomes) og matsatriða
– þekki ólíkar stefnur á sviði námskrárfræða og átti sig á áhrifum þeirra á skipulag náms og námsmat
– öðlist skilning á grundvallarhugtökum á sviði námskrárfræða og námsmats
– hafi innsýn í námsmatsaðferðir, námsþætti og ýmis álitamál tengd námsmati.
Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um námskrárstefnur, námsmarkmið og flokkun þeirra og mikilvægi þeirra sem grunns við þróun námsmats. Nemendur lesa og ræða um samhengið milli markmiðssetningar, námsumhverfis/námsgagna, náms- og kennsluaðferða og námsmats. Eftirfarandi lykilspurningum veitt sérstök athygli: Tilgangur námsmats, hvað er metið, hvernig er metið (þar með hver, hvenær, hvar), hvernig eru niðurstöður settar fram og hvað er gert með þær.
Vinnulag
Stuttir fyrirlestrar, úrvinnsla, umræða, verkefni leyst og kynnt, meðal annars með tengingu við störf á vettvangi skólastarfs.
Tvö skilaverkefni, annað einstaklingsverkefni (25%) og hitt hópverkefni (25%). Lokapróf (50%) sem samanstendur af verkefnum úr prófabanka sem nemendur hafa tekið þátt í að hanna.

**GLF022G • Kvikmyndun í skólastarfi • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Magnús Sigurður Guðmundsson Aðjunkt
Markmið
- nái tökum á kvikmyndatækninni
- geti notað kvikmyndagerð, hreyfimyndagerð í eigin kennslu og skólastarfi
- geti nýtt sér þennan miðil til námsefnisgerðar
- geti kennt grunnskólanemendum kvikmyndagerð, hreyfimyndagerð, kvikmyndatækni og fræði.
Viðfangsefni
- Stafræna kvikmyndamyndavélin.
- Kvikmyndagerð,fræði og saga.
- Hreyfimyndagerð, fræði og saga
- Stafrænar kvikmyndir, tökur, klipping og frágangur.
Vinnulag
Nemendur framleiða eina stuttmynd, eina hreyfimynd ásamt því að gera æfingarverkefni, fyrir færni í tökum, klippingu og hljóðsetningu
Nemandi sýnir fram á með greinargerð eða öðrum hætti að hann hafi skýrar hugmyndir um það hvernig vinna megi að námsefnisgerð og miðlun í formi kvikmynda, hreyfimynda eða kvikmyndagerðar almennt í kennslu og skólastarfi á grunnskólastigi.
Í öllum verkefnunum er lögð áhersla á listrænt gildi og / eða fræðslugildi verkefnanna. 1. (40%) Stafræn stuttmynd. Lengd,hámark 5 mín. 2. (40%) Hreyfimynd. Lengd, hámark 5 mín 3. (20%) Æfingar í kvikmyndun og klippingu

**GLF023G • Listir og fjölmenning • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Kennari: Ásthildur Jónsdóttir
Markmið: Að nemendur
- hafi tileinkað sér hugmyndafræði sem liggur að baki fjölmenningarnámskrár.
- hafi tileinkað sér fordómaleysi og umburðalyndi gagnvart ólíkum menningarheimum.
- öðlist leikni í að skoði hvað sé líkt eða ólíkt og hvað sé sameiginlegt með ólíkum menningarhópum og hvað þeir geti lært af menningu sem þeir ekki þekkja.
- geti beitt gagnrýnni og skapandi hugsun í fjölmenningartengdum verkefnum í starfi með börnum.
- skynji og skilji mikilvægi samþættingar listar og fjölmenningar við aðrar faggreinar skólans
- hafi öðlast skilning á mikilvægi einstaklingsmiðaðs náms í fjömenningarlegu samfélagi nútímans og geti unnið sjálfstætt og skipulega að öllum viðfangsefnum.
Inntak / viðfangsefni:
Í þessum áfanga er kynnt heimspekilagt, sögulegt og félagslegt samhengi fjölmenningar á Íslandi með áherslu á tengsl á milli nútímalistar og uppeldisfræði. Unnið verður með hugmyndir samtímans um kynningu á sjálfinu í samtímalist, sérstaklega í tengslum við þær væntingar sem einstaklingurinn upplifir með staðalmyndum samfélagsins. Verkefnin þróast frá sjálfskoðun að víðari rannsóknum á fjölmenningu sem stuðlar að því að nemendur öðlast aukinn skilning og innsýn í fjölmenningu og mikilvægi þess að taka mið af ólíkum forsendum nemenda, fjölbreytileika og menningarbakgrunni í nútíma samfélagi.
Námskeiðið er bæði verklegt og bóklegt. Í verklega hlutanum er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu, skilning og færni til að vinna með skapandi viðfangsefni tengd fjölmenningu á öllum skólastigum með áherslu á listir og handverk. Í bóklega hlutanum er sérstaklega

skoðað íslenskt efni auk hugmynda erlendra fræðimanna s.s. Paulo Freire, Bell Hooks og Henry Giroux.
Unnið verður með ólíkar hefðir út frá reynslu og áhuga nemenda með áherslu á fjölbreytileika og fjölmenningu í tengslum við valda þætti grunnskólans.
Vinnulag:. Fyrirlestrar, gagnrýnin umræða, vettvangsheimsóknir og verkefnavinna, verkleg og bókleg.
Verkefni metin til einkunnar, bæði skrifleg- og verkleg. Sjá markmið og áherslur námskeiðs

**GLF024G • Lýðheilsa og heilsuefling • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Sandra Jónasdóttir
Kennari: Ólöf Guðný Geirsdóttir
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist völdum þáttum er snúa að lýðheilsu með áherslu á heilsueflingu. Heilsuefling beinist að því að hafa áhrif á lífsstíl fólks og gera því kleift að lifa heilsusamlegu lífi við heilnæmar aðstæður. Það skiptir umhverfið sem við lifum í ekki síst máli en einstaklingurinn þar sem félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður hafa áhrif á lífshættina. Námskeiðinu er ætlað að beina sjónum að nemendunum sjálfum og lífsstíl þeirra samhliða því sem farið er í fræðilegan bakgrunn heilsueflingar og gildis forvarna tengdum heilsu og heilsuuppeldi. Námskeiðið er byggt upp með fyrirlestrum og verklegum æfingum. Viðfangsefni námskeiðins eru m.a. útivist og hreyfing (fræðsla og verklegur þáttur), næringarfræði, mataruppeldi, fæðuval og næringarþörf á mismunandi aldursskeiðum, matarmenning, einföld og holl matreiðsla (m.a. verklegur þáttur í eldhúsi), holdafar, andleg heilsa og geðrækt ásamt umhverfisvernd.
Námskeiðið er kennt með sveigjanlegu sniði fyrir bæði stað- og fjarnema. Fyrirlestrar/kennsla fer fram seinni part dags einu sinni í viku. Skyldumæting er í fyrstu innlotu (kynningartíma) og sérstaklega er hvatt til mætingar í tvo verklega tíma í tengslum við verkefnavinnu, þótt einnig sé boðið upp á að leysa verkefnin á eigin spýtur.
Námskeiðið er próflaust og einkunn metin út frá þremur verkefnum sem dreifast yfir önnina.
Þrjú verkefni eru metin til einkunna ásamt virkri umræðu á Blakki.

**GLF025G • Barnabókmenntir • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Birgisdóttir Aðjúnkt
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir Lektor
Markmið:
Að nemendur öðlist skilning og fræðilega þekkingu á barnabókmenntum og hæfni til að beita fræðilegum hugtökum í greiningu og mati á barnabókum. Að nemendur verði á grundvelli þekkingar sinnar færir um að velja barnabækur til að vinna með í skólastarfi. Að nemendur öðlist þekkingu á barnabókmenntum sem mikilvægum hluta barnamenningar og menningararfs í nánum tengslum við aðar listgreinar. Að nemendur öðlist þekkingu á tengslum barnabókmennta við málþroska og málörvun, lestur og ritun og hæfni til að glæða lestraráhuga barna. Að nemendur öðlist þekkingu á því hvernig tengja má barnabókmenntir við aðrar námsgreinar, námssvið og viðfangsefni í skólastarfi. Að nemendur öðlist þekkingu og færni til að vinna með og miðla barnabókmenntum á fjölbreyttan og skapandi hátt í skólastarfi. Við lok námskeiðs skulu nemendur vera færir um að hagnýta sér faglega og fræðilega þekkingu sína á skapandi hátt í starfi á vettvangi.
Viðfangsefni:

- Barnabókmenntir sem bókmenntagrein
    - að tala um bókmenntir - hugtakaskilningur
    - í fjölmenningarlegu samhengi og
    - mikilvægur hluti barnamenningar og
    - sameiginlegrar menningarvitundar og
    - sem grundvöllur upplifunar, orðlistar, sköpunar, tjáningar og miðlunar
- Gildi barnabókmennta í uppeldi og menntun barna
- Menningarlegt og listrænt mat á fjölbreyttum barnabókum
- Barnabækur í skólastarfi - Yndislestur - tengist sköpun og miðlun - lestri og læsi - ritun og tjáningu
- Lestur á heimilum - bókasöfn - foreldrafræðsla
- Bókmenntir - lífsleikni og siðfræði

Vinnulag:
Fyrilestrar, hópvinna, málstofa.
Einstaklings- og hópverkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að miðla faglegri og fræðilegri þekkingu sinni á viðfangsefnum námskeiðsins á fjölbreyttan og skapandi hátt.

**GLF027G • Áföll í nemendahópnum • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Kennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að nemandi:

- þekki helstu aðferðir og kenningar sem nýttar eru í áfallavinnu og geti aðlagað þær að einstökum aðstæðum og beitt þeim á hagnýtan hátt.
- geti með hliðsjón af fræðilegum forsendum greint vanda í sorgaraðstæðum og brugðist við á faglegan og mannlegan hátt.
- hafi aukin skilning á sorgarhugtakinu og því sorgarferli sem einstaklingur gengur í gengum í tengslum við missi.
- þekki helstu hugtök sem tengjast áföllum, eins og missi, sorg, dauða og söknuð.
- sé fær um að setja fram, fjalla um og ræða spurningar og málefni er tengjast áföllum á faglegan og málefnalegan hátt.
- hafi aukin skilning á áföllum og afleiðinum þeirra og gildi samkenndar og mikilvægi hæfileikans til að setja sig í spor annarra.
- sé fær um að styðja einstaklinga og hópa í áfallaaðstæðum og nýta þær aðstæður til að hjálpa nemendum til að takast á við missi og vinna úr sínum erfiðleikum.
- geti undirbúið og skipulagt kennslu/fræðslu með börnum og unglingum og tekið mið af þroska, aðstæðum og fjölbreytileika nemendahópsins við þá vinnu.

Viðfangsefni:
Fjallað verður um hvernig best sé að bregðast við þegar ýmiss áföll koma upp í nemendahópnum s.s. sjúkdómar, slys eða dauðsföll. Kynntar

verða kenningar og aðferðir til að auka skilning á áfallahugtakinu og hvernig hægt sé að bregðast við í áfallaaðstæðum. Rætt veður um hvernig nýta meigi sorgarferlið til að greina aðstæður og til að auka skilning á viðbrögðum barna og unglinga. Mikilvæg hugtök verða tekin til umfjöllunar og rætt verður um gildi samkenndar og mikilvægi þess að geta sett sig í spor annarra. Farið verður í ýmsar kennslufræðilegar leiðir til að skipuleggja aðstæður s.s. fræðslu þar sem fengist er við sorg og missi. Áfallaáætlanir verða einnig teknar til umfjöllunar og mikilvægi þess að vera undirbúin til að takast á við áföll.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður, málstofur og verkefnavinna.
Nemendur vinna þrjú verkefni, eitt minna og tvö viðameiri. Nemendur kynna síðan fyrir samnemendum sínu niðurstöður úr öðru viðameira verkefninu.

**GLF028G • Gagnrýnin hugsun • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnlaugur Sigurðsson Lektor
Markmið: Að nemendur þekki meginforsendur gagnrýninnar hugsunar, aðferðir hennar og tilgang og geti beitt þeirri þekkingu sinni til að átta sig betur á raunverulegu inntaki einkum hálf- eða óvísindalegrar orðræðu um efni á borð við menntun og uppeldi og geti sjálfir lagt betur málefnalega til hennar. Markmið: Að nemendur þekki meginforsendur gagnrýninnar hugsunar, aðferðir hennar og tilgang og geti beitt þeirri þekkingu sinni til að átta sig betur á raunverulegu inntaki einkum hálf- eða óvísindalegrar orðræðu um efni á borð við menntun og uppeldi og geti sjálfir lagt betur málefnalega til hennar.
Viðfangsefni: Að greina hvers kyns orðræðu um m.a. uppeldi og menntun á grundvelli þekkingarfræði (þeirra vísinda sem þróast hafa við gagnrýna athugun manna á vísindalegri orðræðu).
Vinnulag: 1. Fyrirlestrar, lestur, skipuleg samræða, stuttar skriflegar æfingar í gagnrýninni umfjöllun um valin efni og stuttar rökfimiæfingar í ræðu og riti. 2. Verkefni. Nemendur velja sér til athugunar yfirstandandi eða umliðna opinbera umræðu, t.d. ritdeilu, og gera um hana skriflegt verkefni, einsamlir eða tveir til þrír saman og taka til gagnrýninnar greiningar undir leiðsögn kennara. Námskeiðið fer fram jöfnum höndum á Netinu og í kennslustundum. Þannig geta nemendur tekið þetta námskeið alfarið í fjarnámi eða mætt í þær staðbundnu kennslustundir sem verða í boði. Allir nemendur í námskeiðinu þurfa þó að hafa aðgang að nettengdri tölvu.
Lesefni: Damer, T. E. (2005). Attacking faulty reasoning: A practical guide to fallacy-free arguments (5. útgáfa). Wadsworth; Critical Thinking on the Web. A directory of quality online resourses, http://www.austhink.com/critical/.
Verkefnið um opinbera umræðu vegur 80% í heildarmati. Önnur frammistaða í námskeiðinu, í samræðu og æfingum, 20%.

**GLF029G • Skapandi hugsun • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefán Jökulsson Lektor
Þekkingarmarkmið
Nemendur

- átti sig á einkennum skapandi hugsunar og mikilvægi hennar í námi, starfi og einkalífi
- læri um aðferðir sem ýta undir skapandi starf og sköpunargleði í skólastarfi
- kynnist ráðum sem geta leyst sköpunarkraft þeirra og hæfileika úr læðingi

Færnimarkmið

- geti lýst framvindu skapandi hugsunar og þeim einstakingsbundnu og samfélagslegu þáttum sem hafa áhrif á skapandann og sköpunarverk hans
- kunni að hagnýta sér kenningar um skapandi hugsun til að útfæra skólaverkefni með hliðsjón af hæfileikum og áhuga þeirra sem vinna það
- hafi öðlast færni í að beita skapandi hugsun, sjálfum sér og öðrum til framdráttar

Viðfangsefni/vinnulag
Áhersla er lögð á umræðu um það sem nemendur og kennari leggja til mála. Hver nemandi skrifar ritgerð um það af umræðu- og álitaefnum námskeiðsins sem höfðar mest til hans. Að auki velur hann milli þess a) að búa til sköpunar/ listaverk af einhverju tagi, eða b) skrifa ritdóm um sköpunar/ listaverk, eða c) lýsa útfærslu sinni á skólverkefni sem reynir á samstarf nemenda, sköpun og frumkvæði.
Ritgerð 40% Valverkefni 40% Virkni á námskeiðinu 20%

**GLF030G • Að bregðast við lestrarerfiðleikum/dyslexíu • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Kennari: Helga Sigurmundsdóttir Aðjunkt
Markmið: Stefnt er að því að nemendur öðlist haldgóða, fræðilega þekkingu og innsýn í helstu kenningar og rannsóknir á lestri og lestrarörðugleikum og skilgreiningar á þeim. Markmið: Stefnt er að því að nemendur öðlist haldgóða, fræðilega þekkingu og innsýn í helstu kenningar og rannsóknir á lestri og lestrarörðugleikum og skilgreiningar á þeim.
Lögð verður áhersla á að nemendur þekki:

- tengsl lesturs og máls,
- mismunandi birtingarform lestrarörðugleika með tilliti til einkenna,
- kenningar um þróun lesturs og ritunar og hvað fer úrskeiðis í þróuninni hjá nemendum með umskráningar- og eða lesskilningserfiðleika,
- rannsóknir og kenningar á sértækum lestrar- og lesskilningsörðugleikum, orsakir og einkenni,
- gildi snemmtækrar íhlutunar, álitamál og útfærslur,
- lestrarkennslu og áhrifaríkar kennsluaðferðir fyrir nemendur sem eiga erfitt með að ná tökum á lestri og lesskilningi.

Stefnt er að því að nemendur öðlist færni í að:

- bera kennsl á áhættuhópa og veita snemmtæka íhlutun,
- meta styrkleika og veikleika nemenda í lestri, lesskilningi, stafsetningu og ritun með mismunandi matsgögnum og velja kennsluaðferðir við hæfi.

- meta/greina áhættuþætti í lestri og velja viðeigandi lestexta og þjálfunarverkefni.
- samþætta lestur og ritun í lestrarkennslu með tilliti til þjálfunaráhrifa.
- meta námsþarfir út frá heildstæðri sýn á vandamál nemandans í skólastarfinu.
- vinna með foreldrum, kennurum og öðrum sem koma að námi nemandans.

Viðfangsefni: Á þessu námskeiði munu nemendur kynnast rannsóknum, kenningum og vinnuaðferðum í lestrarkennslu sem hjálpa kennurum að koma til móts við nemendur sem eiga erfitt með að læra að lesa. Markmiðið er að nemendur öðlist kenningarlega innsýn og færni í að bera kennsl á erfiðleika nemenda í lestri (lesblindu/dyslexíu) og lesskilningi, kynnist mismunandi kennsluaðferðum og læri að setja sig inn í aðstæður nemenda og foreldra þeirra.
Vinnulag: Fyrirlestrar, þjálfunarverkefni, verkefnagerð og einstaklingsleiðsögn.
Hópverkefni (20%) Einstaklingsverkefni (40%) Kennsluverkefni (40%)

**GLF032G • Þrívíddarhönnun með Pródesktop • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Markmið:

- Að þjálfa nemendur í notkun Pródesktops;
- Að kenna almennan feril hönnunar;
- Að leiða nemendur í gegnum möguleika á að hagnýta innihald námskeiðsins í kennslu.

Lýsing: Menntamálaráðuneytið hefur gert landssamning við Pródesktop hugbúnaðarfyrirtækið um notkun samnefnds hugbúnaðar í íslenskum skólum. Stuðst verður við hugbúnaðinn á námskeiðinu og íslenska kennsluvef tengt honum. Nemendur fá forritið frítt í hendurnar þegar þeir hafa lokið námskeiðinu sem fullgildir Prodesktop kennarar.
Námskeiðið er hugsað fyrir nemendur sem vilja læra þrívíddarhönnun og kynna sér möguleika hennar fyrir grunnskólann. Innihaldið hentar sem áhersla í almennu námi, list- og verkgreinum eða tölvu- og upplýsingatækni. Kennd eru grunnatriði við notkun forritsins og lögð áhersla á gerð verkefna sem nemendur geta nýtt sér í kennslu. Pródesktop gefur kennurum og nemendum tækifæri til þess að útfæra hugmyndir sínar í þríviðu tölvutæku formi á auðveldan hátt. Auðvelt er að teikna upp hluti, s.s. leikföng, samsett húsgögn og renniform t.d. skálar, lampa o.fl. Kennsluefni hefur verið þróað í löndum sem hafa nýtt hugbúnaðinn svo sem í Bretlandi og Bandarríkjunum. Þykir forritið notendavænt fyrir nemendur sem geta sett upp forritið á eigin tölvu og eflt færni sína með heimavinnu.
Inntak / viðfangsefni
Kennd eru grunnatriði við notkun forritsins og lögð áhersla á gerð nokkurra verkefna sem nemendur geta nýtt sér í kennslu, til að komast af stað. Nemendur verða skráðir á gagnagrunn framleiðanda forritsins og fá þá ókeypis eintak af forritinu til afnota fyrir sjálfan sig og skólann.

- Nemendur læra að nota Pródesktop og teikna kennslumiðuð verkefni
- Nemendur læra um almenna hönnun. Þeir fara í gegnum hönnunarferil þar sem þeir þurfa að hanna hluti eins og leikföng og teikna í Pródesktop
- Kynnt verður tölvutæk framleiðsla er gerir nemendum kleift að sjá hugverk sín í efnislegu formi mótað af tölvustýrðum vélbúnaði (CNC eða prótótýpuprentara)
- Nemendur læra að setja upp þrívíða hluti á vefsíðum eða skoða þá í sýndarveruleika
- Nemendur læra að setja upp vinnuteikningar og málsetja þær með forritinu

Fjallað verður um kennslufræðilegar áherslur og þekkingarþætti er tengjast grunnskólaumhverfinu.

- Hvernig er hægt að nýta forritið almennt í kennslu
- Innsetning í skólanámskrá
- Prodesktop sem val í grunnskólanum
- Hverng hægt að að nýta forritið fyrir list og verkgreinar
- Hvernig er hægt að nýta Prodesktop við útfærslu hugmynda í nýsköpun
- Búnaður, skipulag stofu og uppbygging á verkstæði
- Uppsetning forritsins
- Verkefnasöfn á vefnum
- Skipulag kennslu
- Staðsetning í skólanámskrá og verkefni fyrir mismunandi aldur.

Vinnulag
Fyrirlestrar, verkstæðisvinna í tölvustofu og vettvangsferð í skóla eða fyrirtæki.
Nemendur skila heimaverkefnum og ræða sameiginlega um möguleika forritsins fyrir kennslu í grunnskóla.
Lesefni: Fjölfaldaður bæklingur um hönnun, frír hugbúnaður og vefsíða fyrir námskeiðið með gr
Nemendur skila heimaverkefnum er varða a) hönnun; b) notkun Prodesktops; c) kennslufræði þrívíðrar hönnunar.

**GLF033G • Heimurinn af vörum barna • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gunnlaugur Sigurðsson Lektor
Markmið: Að nemendur geti betur greint, skilið og notið þeirrar heimsmyndar sem birtist í frásögn barna. Markmið: Að nemendur geti betur greint, skilið og notið þeirrar heimsmyndar sem birtist í frásögn barna.
Viðfangsefni: Heimsmynd íslenskra barna undir túlkunarfræðilegu sjónarmiði eins og hún birtist fyrst og fremst í tali þeirra og frásögn. Þannig munum við athuga til dæmis flökkusögur barna; fólk í frásögn barna, svo sem "skrýtið fólk", nágranna, löggur og fullorðið fólk; landvinninga barna, þ.e. tengsl barna við grennd sína og mótun hennar í hugarheimi þeirra; öflin í lífi barna, s.s. holdgervinga góðs og ills, töfra, kraftaverka, krafts og visku; hugmyndir barna og túlkun á eilífðarmálunum, þ.e. hugmyndir og túlkun þeirra á lífi og dauða, upphafi og endi, o.s.frv.
Vinnulag: Með fyrirlestrum, lestri og samræðum kynnum við okkur kenningasmíð og rannsóknir um efnið. Fyrst með yfirliti yfir mögulega nálgun við efnið eftir mismunandi fræðigreinum og síðan nánar þá túlkunarfræðilegu nálgun sem við munum beita. Í samstarfi við foreldra og kennara söfnum við sögum barna og sögum af börnum með það að markmiði að greina í þeim þá sköpun og túlkun heimsins sem þær vitna um. Við greinum þessar sögur og við vinnum úr þeim "klippur" (samsetta og/eða blandaða, þemabundna framsetningu efnis).
Lesefni: Monteiro, M. T. de Lima o.fl. (1993). The child's view of the world: The origin of moon, sun and stars. Erindi á 12. Biennial

Meeting of the International Society for the Study of Behavioural Development (Recife, Brazil, 19.-23. júlí); Bohart, Arthur C. (1984); Sumida, Anna Y. (2000). Reading a child's writing as a social text.
Language Arts. Urbana, 77(4), 309-314.
Greinargerð um tiltekið fræðilegt atriði í textum námskeiðsins, 20%. Greinargerð um þrjú atriði í frásögn barna (samanborið listann hér á undan), 20%. "Klippa" úr yrðingum barna, 60%.

**GLF034G • Leikir sem kennsluaðferð • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingvar Sigurgeirsson Prófessor
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Á námskeiðinu fjallað um gildi góðra leikja í skólastarfi og tómstundum. Hér má nefna kynningar- og hópstyrkingarleiki, einfalda og flókna námsleiki, hópleiki, gamla íslenska leiki, rökleiki, gátur, þrautir, spurningaleiki, námsspil, hreyfileiki, leikræna tjáningu, spunaleiki, umhverfisleiki, orðaleiki og tölvuleiki - svo fátt eitt sé nefnt. Áhersla er lögð á að tengja efnið rannsóknum á þýðingu leiks og leikja fyrir þroska barna og að kynna heimildir um leiki og athygli þar sérstaklega beint að Netinu sem upplýsingagátt. Þátttakendur spreyta sig á að prófa margvíslega leiki og leggja kennlsufræðilegt mat á þá. Þá verður unnið í hópum við að safna góðum leikjum sem hægt er að nota í skólastarfi eða öðru uppeldisstarfi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, kynningar, málstofur (bæði staðbundnar og á Neti), verkstæði, leiðarbækur, námsmöppur og hópverkefni.
Byggt á námsmöppu (portfolio, verkmappa, sýnismappa, ferilmappa) sem þátttakendur vinna jafnóðum meðan á námskeiðinu stendur og leggja fram í lok þess. Í námsmöppunni eru þau gögn sem þátttakendur hafa viðað að sér, verkefni og úrlausnir þeirra (nokkurs konar persónuleg handbók um leiki sem kennsluaðferð). Þá er í námsmöppunni dagbók sem sýnir yfirlit um glímuna við viðfangsefni námskeiðsins. Heimilt er að skila námsmöppunni í rafrænu formi (Digital Portfolio) og er æskilegt er að nemendur í fjarnámi hafi þann hátt á.

**GLF039G • Lífsleikni - sjálfsskoðun og sjálfsskilningur • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ásdís Olsen Aðjunkt
Markmið:

- að nemendur öðlist aukna færni til að vinna með félagsleg- og tilfinningaleg viðfangsefni úti á vettvangi
- að veita nemendum tækifæri til sjálfsskoðunar og sjálfsskilnings
- að nemendur öðlist aukið sjálfsöryggi og bætta líðan í lífi og starfi

Viðfangsefni:
Áhersla verður á sjálfsskoðun með markvissum aðferðum og fá nemendur tækifæri til að prófa sig í ólíkum aðstæðum og kanna hugsun sína, tilfinningar og viðbrögð. Nemendur fá tækifæri til að skoða sig á nýju plani, kanna grunnviðhorf sín, skoða og endurskoða afstöðu sína og gildi. Unnið verður með árvekni (Mindfulness) sem miðar að aukinni meðvitund og vellíðan í núinu og upplifun af daglegum athöfnum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, verkefni og dagbókaskráning.
Þátttaka, framlag, sjálfsmat, greinargerð og annað vinnuframlag

**GLF042G • Agi, samskipti og stjórnun í bekkjarkennslu • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sólveig Karvelsdóttir Lektor
Kennari: Anna Lind G Pétursdóttir Lektor
Námskeiðið er kennt sameiginlega fyrir nemendur í stað og fjarnámi. Kennt verður með sveigjanlegu sniði og verða kennslustundir fyrir staðnema vikulega eða sjaldnar.
Meginmarkmið námskeiðsins er að búa kennaranema undir stjórnun í kennslustarfi með áherslu á samskipti við nemendur, góðan bekkjaranda, á leiðir til draga úr hegðunarvanda og ná sem bestum árangri nemenda.
Undirmarkmið eru að nemendur

- kunni skil á helstu kenningum um aga og agavandamála í skólastarfi
- þekki innlendar og erlendar rannsóknir á bekkjarstjórnun, aga og samstarfi kennara og nemenda
- geti beitt viðurkenndum aðferðum við fyrstu greiningu á erfiðri hegðun nemenda
- hafi þekkingu á áætlunum og aðferðum sem vinna gegn einelti í skóla
- kunni fyrirbyggjandi aðferðir til að draga úr agavandamálum í bekkjarkennslu
- geti greint og metið mikilvæga þætti í samstarfi kennara og nemenda
- geti nýtt kunnáttu sína og færni til að efla og bæta samskiptin við nemendur

Inntak/viðfangsefni
Kynntar verða ýmsar kenningar um bekkjarstjórnun og bekkjarkennslu ásamt íslenskum og erlendum rannsókum og greinum um aga og agavandamál. Nemendur fá inn innsýn í helstu agastjórnunarmódel. Áhersla verður á fyrirbyggjandi þætti. Fjallað verður um hegðunarvanda í skóla, hugsanlegar orsakir og viðbrögð. Einnig verður fjallað um vanda ofvirkra nemenda, um forvarnir gegn einelti og um mikilvægi foreldrasamstarfs. Kynntar verða árangursríkar stjórnunaraðferðir og leiðir sem kennarar geta farið til að styrkja sig og bæta á sviði bekkjarstjórnunar og samskipta við nemendur. Áhersla verður á hagnýti námskeiðsins fyrir verðandi kennara og tengsl við vettvang.
Vinnulag
Vinnulag verður í formi fyrirlestra, hópumræðna, málstofa og verkefna. Nemendur lesa fjölbreytt efni, leita upplýsinga og fræðigreina af neti og koma með innlegg úr völdum köflum/greinum. Áhersla er á umræður og tengsl við eigin reynslu nemenda og við vettvang. Nemendur kynna sér áherslur einstakra skóla og kennara varðandi bekkjarstjórnun og agamál. Krafa er gerð um virka þátttöku nemenda, m.a. í málstofu.
Vettvangsathugun og kynning á niðurstöðum 30%; virk þátttaka í umræðum 20%; svör við spurningum úr lesefni ásamt stuttri ritgerð 50%.

**GLF043G • Barnið þitt er nemandi minn - um samstarf við foreldra • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sólveig Karvelsdóttir Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að búa kennaranema undir samstarf við foreldra. Áhersla verður á fræðslu um mikilvægi samstarfsins með velferð og árangur nemenda í huga.
Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að

- - Þekkja þróun samstarfs heimila og skóla

- - kunna skil á ólíkum fjölskyldugerðum og fjölmenningu í íslensku samfélagi
- - þekkja innlendar og erlendar rannsóknir á samstarfi heimila og skóla
- - geta greint og metið mikilvæga þætti í samstarfi við foreldra
- - kunna skil á helstu hindrunum í samstarfi við foreldra
- - þekkja skyldur sínar varðandi velferð nemenda
- - geta gert áætlanir til að efla samstarf heimila og skóla
- - þekkja grunnþætti formlegra viðtala og hafa þjálfast í að beita þeim

Inntak/viðfangsefni
Á námskeiðinu verður lögð áhersla á mikilvægi góðs samstarfs kennara og foreldra og á áhrif þess á árangur, hegðun og viðhorf nemenda til skóla og náms. Rætt verður um væntingar foreldra til skóla og kennara, um hlutverk kennara og foreldra, hvar þau skarast og hvar skilur á milli. Áhrif félagslegrar stöðu foreldra á samskipti við kennara og skóla verður til umfjöllunar ásamt stöðu foreldra af erlendum uppruna. Nemendur verða vaktir til vitundar um erfiðar heimilisaðstæður barna, ofbeldi og vanrækslu og um ábyrgð kennara gagnvart velferð barna. Fjallað verður um samskiptafærni og leiðir sem geta stuðlað að árangursríkum samskiptum. Kennaranemar fá kennslu og þjálfun í undirstöðuþáttum skipulagðra viðtala með áherslu á foreldra- og nemendaviðtöl, undirbúning viðtala og lausn ágreiningsmála.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðna, verklegra æfinga og samstarfsverkefna sem nemendur kynna í málstofu. Verkefnin tengjast bæði fræðasviði og starfsvettvangi, m.a.verða tekin viðtöl við foreldra og starfandi kennara.
Samstarfsverkefni, kynning ásamt skriflegum niðurstöðum 30%; viðtalsverkefni 50%; virk þátttaka í umræðum 20%.

**GLF045G • Lesið í skóginn og tálgað í tré • (5e) • Haust**
Umsjónarmaður: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Kennari: Ólafur Oddsson
Markmið
Að nemendur kynnist hvernig hægt er að nýta skóginn í kennslu og læri helstu vinnubrögð við gerð hluta úr íslensku efni.
Inntak / viðfangsefni
Megináherslan er lögð á verklega þáttinn þar sem nemendur vinna með blautt og þurrt efni úr íslenskum skógum. Kennd verða helstu vinnubrögð í tálgun, bæði með hníf og exi. Einnig verða kennd grundvallaratriði í viðar- og vistfræði og kannað hvernig hægt er að nýta sér form og eiginleika íslenskra viðartegunda. Farið verður í vettvangsferð í skóg í nágrenninu og hugað að efnisöflun og útikennslu í skógi. Kynnt verður skólaverkefnið Lesið í skóginn, samþætt kennsluverkefni um íslenska skóga og nýtingu þeirra
Vinnulag
Verkleg þjálfun og fyrirlestrar.
Lesefni:
Ólafur Oddsson: Lesið í skóginn, tálgað í tré, Garðyrkjuskóli ríkisins 2003; Stefán Bergmann, Gísli Þorsteinsson, Bjarni Þór Kristjánsson, Guðmundur Magnússon og Ólafur Oddsson: Skógurinn og nýting hans, Námsgagnastofnun 2001.
Smíðisgripir og stutt skrifleg verkefni metin til einkunnar.

**GLF046G • Útinám og útikennsla • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Auður Pálsdóttir Aðjunkt
Kennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið er að kennaranemar:
- þekki möguleika á útikennslu við íslenskar aðstæður,
- skilji hvernig ná má fjölmörgum námsmarkmiðum námsgreina eða námssviða í útikennslu
- skilji fræðilegan grunn útináms,
- geti skipulagt útikennslu og beitt viðeigandi kennsluaðferðum.
- hafi prófað að byggja útikennslu inn í skóla- eða tómstundastarf.
- þekki námsgögn og aðrar heimildir sem nýst geta við undirbúning útikennslu

Viðfangsefni:
Hvað er útinám; Rætt um kenningar, tilgang, hugtök og skilgreiningar, skipulag og tímaramma.
Vinnuaðferðir; Forsendur og hugmyndir að breyttum vinnuaðferðum og hvað þarf til að byrja eða efla útikennslu. Rætt um útinám í leikskóla- og grunnskólastarfi, hlutverk kennarans, samskipti í útinámi og námsmat. Áhersla verður á þátt upplifunar í útikennslu.
Skoða svæði og aðstæður: Fjallað um notkun loftmynda og korta, nýtingu upplýsingatækni, gerð umhverfisstíga, mótun útikennslustofu og útikennslusvæði og beitingu umhverfistúlkunar. Rætt um öryggismál og fyrirhyggju við skipulag útináms. Umhverfi skóla og heimbyggðar greint með útikennslu og útinám í huga og skoðuð tengsl markmiða sjálfbærrar þróunar og skólastarfs.
Kennsla; Kynntar verða rannsóknir á útikennslu og tekin dæmi um starf íslenskra og erlendra skóla. Einnig verður rætt um vettvangsferðir í stofnanir, söfn og atvinnufyrirtæki.
Vinnulag
Áhersla verður á hagnýt verkefni, útivinnu og upplifun. Kennt verður með stuttum fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og áhersla er lögð á notkun upplýsingatækni. Vettvangsferðir verða nokkrum sinnum á önninni.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat, þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.
Verkefni verða metin til einkunna.

**GLF047G • Bekkjarkennarinn - Umsjónarkennarinn • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Lilja M Jónsdóttir Lektor
Markmið
Kennaranemi
* hafi dýpkað skilning sinn á hlutverki og eðli umsjónarkennarastarfsins
* hafi kynnist aðferðum sem nýta má til að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda í blönduðum námshópi
* hafi kynnist aðferðum sem nýta má til að skapa góðan bekkjaranda, ásamt aðferðum í bekkjarstjórnun

* þekki dæmi um mismunandi aðferðir sem hafa það að markmiði að bregðast við einelti og áföllum í nemendahópi
* geti undirbúið fyrsta mánuðinn í eigin kennslu og fyrsta foreldrafundinn
* hafi fengið þjálfun í viðtalstækni
Viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um verksvið og hlutverk umsjónarkennarans eins og það er skilgreint í lögum og reglugerðum. Kynntar verða hugmyndir, sem byggja m.a. á reynslu af vettvangi og rannsóknum á sviðinu, um hvernig skipuleggja má skólastarfið þannig að koma megi til móts við ólíkar þarfir, áhuga og einstaklingsmun nemenda. Þá verða kynntar hugmyndir um hvernig skapa má góðan bekkjaranda, hvaða aðferðir kennarinn getur stuðst við í bekkjarstjórnun, hvernig bregðast má við einelti og áföllum í nemendahópnum, um fjölbreytta möguleika í foreldrasamstarfi og viðtalstækni.
Vinnulag
Fyrirlestrar, kynningar, umræður (bæði staðbundnar og á Blakki), samvinnuverkefni, æfingar, námsmappa, leiðarbækur og verkefnavinna, þar sem þátttakendur skipuleggja m.a. fyrstu vikurnar í kennslu að hausti og fyrsta foreldrafundinn.
Námskeiðið er kennt í mislöngum lotum síðdegis og um helgar eftir samkomulagi við þátttakendur og einnig með fjarkennslusniði.
Mætingarskylda er í staðbundnar lotur.
Byggir á þátttöku (í tímum og í umræðum á Blakki) 20%, námsmöppu (portfolio) 50%, fyrir ýmis verkefni, æfingar, ígrundun og sjálfsmat og 30% verkefni þar sem kennaranemar skipuleggja fyrsta mánuðinn í kennslu að hausti.

**GLF048G • Hljóðfæragerð og tónsköpun í skólastarfi • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Svala Jónsdóttir Aðjunkt
Markmið:
Að nemendur

- þekki margvíslega möguleika á gerð einfaldra hljóðfæra í starfi með börnum,
- þrói skilning sinn á möguleikum við hljóðfæragerð gegnum tilraunir og athuganir með mismunandi efnivið.
- öðlist færni til að nota einföld hljóðfæri á skapandi hátt í almennu skólastarfi.

Viðfangsefni:
Fjallað verður um hvernig skapa má einföld hljóðfæri í starfi með börnum. Nemendur kynnast einföldum hljóðfærum mismunandi menningarheima. Nemendur gera eigin tilraunir með ýmiskonar efnivið, rannsaka möguleika hans og finna eigin lausnir við gerð hljóðfæra. Nemendur nota hljóðfæri sín við tónlistariðkun.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, verkleg vinna og uppfærsla sýningar.
Námskeiðið er ætlað bæði stað- og fjarnemum og kennt með sveigjanlegu sniði. Boðið er upp á þetta námskeið annað hvert ár og fer kennsla fram seinni part dags þær vikur sem kennt er.
Verkleg vinna nemenda, skriflegt verkefni Mætingarskylda í staðlotur fjarnema og í ákveðnar kennslustundir staðnema.

**GLF050G • Þjóðsögur - goðsögur - ævintýri • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Skyggnst verður inn í heim goðsagna úr norrænni heiðni, hlutverk þeirra og merkingu,jafnfamt því sem litið verður til goðsagna frá öðrum menningarsvæðum. Í framhaldi af því verða lesin bæði íslensk og erlend ævintýri og hugað að lögmálum frásagnar. Rýnt verður í mikilvæg tákn og algeng minni. Reifaðar verða sálfræðilegar og femínískar hugmyndir sem ævintýrunum tengjast. Þá verður sjónum beint að þjóðsögum, einkum íslenskum, og kannað hvernig í þeim birtist hugarheimur þjóðar og félagslegar aðstæður alþýðufólks á fyrri tímum. Kannað verður hvernig goðsögur, þjóðsögur og ævintýri birtast í verkum seinni tíma höfunda, ekki síst í barnabókum nútímans. Það efni sem hér er til umræðu er afar heppilegt til notkunar á öllum aldursstigum grunnskóla. Í námskeiðinu verður lögð á það nokkur áhersla að styrkja frásagnarhefðina.
Fjögur stutt verkefni. Ekki verður um lokapróf að ræða.

**GLF051G • Lífsleikni - Jafnrétti • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ásdís Olsen Aðjunkt
Almennt
Meginmarkmið námskeiðsins er að efla meðvitund nemenda um kynjabreytuna í samfélaginu og í eigin afstöðu og hegðun, og búa nemendur undir að taka þátt í vinnu sem stuðlar að jafnrétti.
Inntak / viðfangsefni
Hagnýtt námskeið um kynjavíddina í lífi okkar og starfi. Fjallað er um breytuna kyn í ýmsu samhengi, sem má verða til að vekja nemendur til meðvitundar um kynjaskekkjurnar í samfélaginu og þá félagsmótun sem á sér ómeðvitað stað. Markvisst verður farið í að skoða, greina og skilja áhrif kynferðis á líf okkar, stöðu, hegðun og viðhorf. Áhersla verður lögð á að efla víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðalyndi nemenda,
Fræðilegur grunnur er byggir á kynjafræði, en aðferðafræðin er sótt til lífsleikninnar, þar sem nemendur vinna með sín hugðarefni og nálgast viðfangsefnin á eigin forsendum. Áherslan er á efla meðvitund nemenda um viðmið þeirra og gildi auk þess að veita þeim tækifæri til að endurskoða grunnviðhorf sín.
Vinnulag
Unnið verður með hugarheim nemenda og hugðarefni og mikið lagt uppúr því að skoða greina, rannsaka, meta og ígrunda. Áhersla verður á umræður og verður markvisst unnið með ljósmæðraaðferðina (Sókratíska samræðuhefð). Einnig verða fræðilegar innlagnir, æfingar, vettvangsrannsóknir og kynningar. Nemendur gera einnig tilraunir á vettvangi þar sem þeir ögra sjáflum sér og gildandi viðhorfum. Nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni og verður lögð áhersla á að tengja efni námskeiðs við veruleika og umhverfi nemenda.
Heildrænt eða rauntengt mat sem gefur nemendum kost á að ástunda sjálfsíhugun og endurskoðun. Unnið verður með dagbækur (leiðabækur), matslista, sjálfsmat og félagamat. Nemendur gera lokaverkefni þar sem inntakið er hugmynd og/eða útfærsla á því hvernig hægt er að spyrna gegn kynjamismunin. Námsmat verður grundvallað á þátttöku, vinnuframlagi, sjálfsmati, greinargerð og gæðum verkefna.

**GLF052G • Undur lífsins • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Markmið
Nemendur eiga að:

- öðlast þekkingu á hversu fjölbreytt lífríki jarðar er og að allar lífverur séu öðrum háðar í vistkerfum
- skilja ferli náttúruvals og kynnast mismunandi aðlögunum dýra og plantna
- átta sig á mikilvægi þess að nemendur fái tækifæri til að kynnast náttúrunni og að þeir fái áhuga á að vernda lífríki jarðar
- öðlast færni í að túlka náttúruna fyrir nemendur sína

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um fjölbreytileika lífvera og gildi hans fyrir líf á jörðinni í ljósi vistfræði og náttúruverndar. Þróunarsaga lífs skoðuð og tekin dæmi um stórkostlegar og furðulegar aðlaganir lífvera sem koma fram í útliti, líkamsgerð og hegðun þeirra. Helstu einkenni lífríkis Íslands. Umfjöllun tengd gildi útikennslu fyrir börn og unglinga þar sem markmið er að nemendur verði læsir á náttúruna, læri að meta alls konar lífverur, stórar sem smáar,og átti sig á að allar eigi sér sinn sess í náttúrunni. Efni námskeiðsins tengist því beint umhverfismennt og umhverfissiðfræði.
Vinnulag
Námskeiðið verður byggt upp á fyrirlestrum, umræðum, hreyfimyndum, efni af netinu, vettvangsferðum, rannsóknarvinnu, auk verklegrar vinnu inni við. Nemendur búa saman til kennsluefni og kynna það og prufa það á samnemendum.
Nemendur ígrunda eigin þekkingu á þessu sviði og gera rannsókn á hugtakaskilningi og/eða umhverfisvitund meðal unglinga. Nemendur búa til verkefni fyrir útikennslu fyrir börn eða fullorðna með það að markmiði að opna augu þeirra fyrir tilvist og gildi smárra sem stórra lífvera í náttúru Íslands.

**GLF053G • Yngstu börnin í leikskólanum - þátttaka, samskipti og sköpun • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrönn Pálmadóttir Lektor
Umsjónarkennari: Guðrún Bjarnadóttir Aðjunkt
Markmið að nemandinn:

- hafi skilning á mikilvægi samskipta barns fyrir þroska og nám þess,
- þekki hvernig yngstu börnin tileinka sér félagslega athafnafærni og mál,
- hafi skilning á upplifun, tjáningarmáta, þátttöku og jafningjamenningu yngstu barnanna,
- hafi innsýn í hvernig framkoma og samskipti hafa áhrif á líðan barna og sjálfsskynjun,
- hafi þekkingu á námssviðum leikskólans í starfi með ungum börnum,
- hafi skilning á mikilvægi foreldrasamvinnu og þátttöku foreldra,
- hafi þekkingu og skilning á hlutverki sínu sem leikskólakennari og þátttakandi í uppeldi ungra barna,
- þekki áhrif samfélagsaðstæðna á smábarnafjölskyldur,
- hafi færni í að skipuleggja leikskólastarf með ungum börnum sem er í samræmi við fræðilega þekkingu, lög og námskrá.

Viðfangsefni:
Fjallað verður um þroska og nám eins til þriggja ára barna í leikskólum. Lögð verður áhersla á rétt, þátttöku, þarfir og upplifun barna á þessu aldursskeiði. Samskipti eru í brennidepli og tengsl, hlýja, nánd, viðurkenning og hvatning eru þar lykilatriði. Samvera ungra barna og færni til að skapa félagsleg tengsl og jafningjamenningu verður skoðuð. Rýnt verður í hvernig skipulag, efniviður og viðhorf skapa forsendur fyrir því hvernig börnin eru studd í að þróa samskipti sín og leik. Jafnframt verður hugað að því hvernig námssvið leikskólans skarast og eru samofin grundvallarþáttum starfsins, leik og daglegri umönnun. Fjallað verður um foreldrasamstarf og áhrif samfélagsaðstæðna á smábarnafjölskyldur.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna. Tengsl við vettvang eru í formi verkefna, athugana, skráninga og umræðna.
Námsmatið byggist bæði á einstakling- og hópverkefnum. Skilaskylda er á öllum verkefnum. Einstaklingsverkefni gilda 40% og hópverkefni gilda 60%.

**GLF054G • Samvirkt nám • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur kynnist samvirku námi og geti undirbúið og skipulagt kennslu byggða á því. Á námskeiðinu er haft í huga að nemendahópar eru fjölbreyttir og fjallað um hvernig kennarar geta komið til móts við náms- og félagsþarfir nemenda.
Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að
- hafa öðlast þekkingu og skilning á grunnatriðum samvirks náms
- hafa öðlast þekkingu á mismunandi aðferðum samvirks náms
- hafa öðlist hæfni til að skipuleggja nám og kennslu þar sem byggt er á samvirku námi
- geta nýtt sér hugmyndir samvirks náms til að koma til móts við einstaklingsþarfir fjölbreyttra nemendahópa
- hafa tileinkað sér þau vinnubrögð sem samvirkt nám byggir á og geta unnið verkefni í samvinnu við aðra þátttakendur

Viðfangsefni
Kynnt verður sú grundvallar hugsun sem liggur að baki samvirku námi, saga þess og þróun. Fjallað verður um mismunandi aðferðir samvirks náms, hópvinnu, hlutverk og einstaklingsábyrgð. Lögð verður áhersla á að skoða hvernig hægt er að skipuleggja námsumhverfi sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum nemenda og sem ýtir undir samvinnu ólíkra nemenda.
Vinnulag
Fyrirlestrar, verkefnavinna, samvinna þátttakenda og kynning á verkmöppu. Sérstök áhersla verður lögð á samvirkt nám.
Þátttakendur útbúa verkefnamöppu (50%) og skrifa greinargerð sem er faglegur rökstuðningur við val verkefna í möppuna (50%).

**GLF055G • Nám án aðgreiningar • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndir og þróun náms án aðgreiningar. Gerð einstaklingsnámskrár verður kynnt og skoðað hvernig hægt er að skipuleggja námsumhverfi og nám og kennslu sem tekur tillit til fjölbreyttra nemenda hópa og ólíkra þarfa þeirra.
Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa öðlast
- þekkingu og skilning á hugmyndum um skóla án aðgreiningar
- hæfni til að skipuleggja nám og kennslu þar sem tekið er tillit til námshæfileika hvers nemanda
- færni til að gera einstaklingsáætlanir og námskrár
- hæfni til að aðlaga kennsluaðferðir, námsefni, námsmat og umhverfi að ólíkum þörfum nemenda

Inntak / viðfangsefni

Á námskeiðinu er lögð áhersla á að skoða þær hugmyndir sem liggja að baki náms án aðgreiningar. Fjallað verður um skipulag og framkvæmd kennslu þar sem haft er í huga hverjum er kennt (nemendur), hvar (námsumhverfið), hvað (námsefnið) og hvernig (kennsluaðferðir). Kynnt eru vinnubrögð við að aðlaga kennsluaðferðir, námsefni, námsmat og námsumhverfi að náms- og félagsþörfum nemendahópa og einstakra nemenda.
Vinnulag
Byggt verður á fyrirlestrum, verkefnavinnu, einstaklings- og samvinnu.
Þátttakendur útbúa verkefnamöppu (50%) og skrifa greinargerð sem er faglegur rökstuðningur við val verkefna í möppuna (50%).

**GLF056G • Næring, heilsa og lífshættir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Ólöf Guðný Geirsdóttir
Markmið að nemendur:

- Auki þekkingu sína á grundvallaratriðum næringarfræðinnar, s.s. hlutverki og gildi næringarefna, meltingu, frásogi og upptöku.
- Átti sig á gildi næringar fyrir almennt heilsufar, holdafar og árangur í íþróttum og samverkandi áhrif annarra lífshátta við næringu á heilsufar.
- Kunni skil á hlut næringar í orkubúskap líkamans, holdafari, vannæringu og átröskun.
- Þekki íslenskar ráðleggingar, ráðlagða dagskammta og gildi fyrir efri mörk neyslu.
- Kynnist þróun á mataræði Íslendinga og öðrum lífsháttum Íslendinga sem geta haft áhrif á heilsu og daglegt líf.
- Þekki helstu stofnanir er vinna að hollustuháttum á Íslandi og viti hvar má finna ábyggilegar upplýsingar og fræðsluefni (bæði íslenskt og erlent) sem gagnast í kennslu, almenningsfræðslu og forvarnastarfi.
- Kynnist aðferðum við að kanna mataræði ásamt næringarútreikningum.
- Tileinki sér hugtök og aðferðir fræðanna svo þeir geti fylgst með því sem vísindin leggja til að hverjum tíma.

Inntak / viðfangsefni
Farið verður í grundvallaratriði og hugtök næringarfræðinnar, sérstök áhersla er lögð á orkuefnin, en einnig er fjallað um vítamín, steinefni og önnur næringarefni. Helstu stofnanir og það fræðsluefni fyrir almenning sem til er á Íslandi. Næringarfræðin jafnframt tengd næringarþörf ólíkra þjóðfélagshópa, stöðunni á Íslandi og eigið mataræði skoðað. Á hverju byggjast rannsóknir í næringarfræði, hvernig má safna og vinna úr upplýsingum og hvernig ber að túlka þær í samhengi við aðra lífshætti og heilsufar.
Vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Þar á meðal athugun á eigin mataræði, og gerð heppilegra verkefna og fræðsluefnis fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri. Þannig má auka skilning á viðfangsefninu og tengja það daglegu lífi og starfi. Ætlast er til virkar þátttöku nemenda í umræðum og verkefnavinnu.
Námskeiðið er kennt með sveigjanlegu sniði fyrir bæði stað- og fjarnema.
Lesefni
Understanding Nutrition, eftir Whitney og Rolfes
Próf 60% Verklegar æfingar 40% Mætingarskylda í verklegan hluta.

**GLS026G • Framsögn og leikræn tjáning • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sólveig Hauksdóttir Aðjunkt
Markmið:

- Að nemendur séu færir um að takast á við óendanlegan fjölbreytileika íslenskrar tungu.
- Að nemendur geti tekist á við merkingu og blæbrigði málsins og tjáð það margslungna litróf tilfinninga er liggur að baki orðanna.
- Að nemendur séu færir um að takast á við bókmenntaverk af ýmsum toga og geti túlkað þau á skapandi hátt í samræmi við eigin upplifun, mótað úr þeim heilleg sköpunarverk þar sem tvinnað er saman hugsun, tjáningu, hljóði, litir, ljós og hreyfing.

Markmið námskeiðsins byggir á þeirri bjargföstu sannfæringu að sérhver nemandi búi yfir sköpunarkrafti og hugmyndaauði sem mikilvægt sé að þeir fái að virkja. Að nemendur fái tækifæri til að kynnast leikaranum í sjálfum sér , fái tækifæri til að kynnast eigin rödd og læri að beita henni á blæbrigðaríkan hátt. Að nemendur skilji að listræn upplifun hefur jákvæð og þroskandi áhrif á sérhvern mann.
Og síðast en ekki síst er þýðing námskeiðsins fólgin í þeirri sannfæringu að reynslunni ríkari munu nemendur kenna af meiri innsæi og list.
Inntak og meginviðfangsefni: Hið talaða orð, ljóð, leikrit, sögur, kvæði, þulur, framsögn, tjáning, túlkun, hugmyndir, rými, hreyfing, dans, hljóð, ljós, litir.
Kennslufyrirkomulag: Fyrirlestrar, umræður, verkleg þjálfun, leikspuni, leikhúsferðir. Námsmat: Verkefni.

**GLS087G • Hvað er gríma? Grímugerð • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Vigdís Þórðardóttir Lektor
Viðfangsefni:
Nemendur velja sér viðfangsefni eftir umræður en það getur verið sótt í margvíslegar kveikjur.
Fjölbreytilegar aðferðir til grímugerðar verða kenndar, mótun í léttan pappír og pappírsmassa, mótað á afsteypu af eigin andliti og fleiri aðferðir sem nemendur geta valið um.
Lögð er áhersla á aðferðir sem henta vel öllum aldurshópum frá leikskóla upp í framhaldsskóla.
Skoðuð verður samþætting við aðrar greinarnar á forsendum myndmenntar.
Vinnulag:
Kennsla er að mestu verkleg. Safnað er hugmyndum í ferilmöppu. Námskeiðinu lýkur með sýningu.
Efni: endurnýtanlegur pappír, dagblaðapappír, silkipappír, veggfóðurslím, gifs, lím, þekjulitir, lakk, glimmer og fleiri efni sem henta til grimugerðar.
Verkefni eru metin til einkunnar.

**GSF003G • Myndmótun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Vigdís Þórðardóttir Lektor
>Markmið.
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn hafa:

- þekkingu á fjölbreytilegu þrívíðu efni, eiginleikum og meðferð.
- færni í að laga verkefni að starfi með leik- og grunnskólabörnum.
- dýpkað sig í sjálfstæðri vinnu og útfærslu eigin hugmynda.
- þjálfast í að fylgja viðfangsefni eftir frá hugmynd til fullkláraðs verks.
- færni í að vinna með rými og standa að sýningu.
- innsýn í listasöguna og kynnst útfærslum listamanna í þrívítt efni.

Inntak/viðfangsefni
Námskeiðið er framhald þrívíðrar mótunar og hugsað sem dýpkun í vinnu með form. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, að nemendur þjálfist í verklegri færni sem og fagurfræðilegri.
Nemendur safna efni í ferlimöppu og skrifa stutta greinargerð um mótun í leik- og grunnskólastarfi.
Viðfangsefni getur lokið með sýningu.
Vinnulag
Kennslan er að mestu verkleg, auk fyrirlestra.
Efni sem unnið er með
Margskonar sjálfvalið efni sem hentar til mótunar,ásamt leir og pappír.
Lesefni:
Efni frá kennara, bókalisti, netið.
Fullunnin verk nemenda, ferilmappa og ástundun eru metin til einkunnar.

**GSF013G • Danskt mál og menning 1 • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu á og innsýn í danskt þjóðlíf og menningu. Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu á og innsýn í danskt þjóðlíf og menningu.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- þekki hugmyndir og kenningar um þróun dansks nútímasamfélags og skilji hvað einkennir daglegt líf í Danmörku og hefur áhrif á það
- þekki og sé fær um að beita ólíkum aðferðum til að greina texta
- geti lesið og metið mismunandi texta með gagnrýnum augum
- kunni skil á kenningum og rannsóknum um upprunu danskrar tungu og þróun þess í nútímanum
- geti miðlað þekkingu sinni í rituðu og töluðu máli.

Inntak / viðfangsefni
Námskeiðið fjallar um fjölmargar hliðar á dönsku samfélagi og danskri menningu eins og það birtist í fjölmiðlum, bókmenntum, kvikmyndum, dægurmenningu og í daglegu lífi fólks. Umfjöllunin miðar við að kennaranemar verði færir um að miðla danskri menningu í kennslu. Fjallað verður um danska málsögu og þróun málsins fram til nútímans. Einnig er lögð áherslu á alhliða málþjálfun í tengslum við viðfangsefnið og reglur sem lúta að viðeigandi málnotkun.
Vinnulag
Kennsla fer fram í formi inngangsfyrirlestra en að mestu leyti er um að ræða verkefnavinnu, bæði skriflega og munnlega, lestur, upplýsingaleit, miðlun upplýsinga, kynningar og umræður. Þátttaka í málveri.
Dæmi um lesefni
Jørn Lund (2004): Den sproglige tilstandsrapport., Lindhart og Ringhof.
Frans Gregersen, Tore Kristiansen, Erik Møller og Inge Lise Pedersen (2003): Dansk sproglære, Dansklærerforeningen.
Karen Risager (2005) "Kulturstudierne og den sproglige mangfoldighed." in: Henning Bech og Anne Scott Sørensen (red.), Kultur på kryds og tværs. Aarhus: Forlaget Klim, ss. 172-90.
Bent Preisler (1999): Danskerne og det engelske sprog. København: Roskilde Universitetsforlag.
Karen Risager (1998) "Kulturforståelse og kulturiagttagelse", in: Antologi om brobygning, Fællesmål, Det danske undervisningsministerium.
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar. Sjálfsmat er hluti af því ferli á móti kennaramati. Einnig verður námsmat byggt á ferilsmöppu og stærra skriflegt lokaverkefni.

**GSF103G • Þroska- og námssálarfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gyða Jóhannsdóttir Dósent
Kennari: Jónína Sæmundsdóttir Lektor
Kennari: Baldur Kristjánsson Dósent
Aðstoðarkennari: Þorvaldur Pálmason Verkefnisstjóri
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska barna frá fæðingu og fram á unglingsár. Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska barna frá fæðingu og fram á unglingsár.
Í lok námskeiðs skulu nemendur:

- Hafa öðlast yfirsýn yfir þroska barna og unglinga og helstu kenningar þroskasálfræðinnar sem varpa ljósi á það ferli.
- Þekki og skilji helstu hugtök um þroska og nám og geti beitt þeim í faglegri umræðu.
- Hafa skilning á og geta gert grein fyrir helstu áhrifavöldum þroska og náms og samverkandi áhrifum þeirra.
- Geta lýst og metið á gagnrýninn hátt helstu rannsóknarniðurstöður sem tengjast viðfangsefnum þroskasálfræðinnar.
- Geta notað fræðileg rök og rannsóknarniðurstöður við val á starfsaðferðum og mat á álitamálum sem tengjast uppeldis- og skólastarfi.
- Geta sýnt sjálfstæð vinnubrögð í umfjöllun sinni um viðfangsefni þroskasálfræðinnar.

Inntak/viðfangsefni
Fjallað verður um þær breytingar sem verða á þroska barna á mismunandi sviðum og aldursskeiðum og helstu kenningar sem notaðar hafa verið til að varpa ljósi á þessar breytingar. Fjallað verður um vitsmunaþroska, tilfinningaþroska og þróun tilfinningalegra tengsla, félagsþroska, þróun sjálfsmyndar og siðferðisvitundar. Námskenningum og vistfræðilegum kenningum (ecological approach) verður einnig gerð skil. Rætt verður um orsakir og eðli einstaklingsmunar, samfellu í þroska og sveigjanleika þroskaferlisins. Tengsl náms og þroska, áhugahvöt og áhrif uppeldis, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska barna verða einnig til umfjöllunar. Áhersla verður lögð á gildi

þroskasálfræðinnar í uppeldis- og skólastarfi.
Vinnulag (í fjarnámi): Í staðbundnum lotum í ágúst og október verða fyrirlestrar, umræðutímar og samráðsfundir nemenda og kennara. Í fjarnámi verða Ugla og í Blackboard fjarkennslukerfið notað til samskipta og verkefnaskila. Hljóðglærufyrirlestrar verða aðgengilegir nemendum og munu þeir ræða námsefnið í umræðuhópum í Blackboard þar sem þeir geta dýpkað skilning sinn á þeim aldurshópi sem þeir hyggjast sérhæfa sig í og sett námsefnið í faglegt samhengi.
Námsmat skiptist í þrennt: Skriflegt verkefni þar sem nemendur þurfa að sýna fram á fræðilega þekkingu og tengja hana við vettvang og geta valið viðfangsefni sem tengist því námsstigi sem þeir hyggjast sérhæfa sig í. Þetta verkefni stuðlar að því að nemendur geti sett fræðilegan grunn í faglegt samhengi, að nemendur geti unnið sjálfstætt, beitt vísindalegum og gagnrýnum aðferðum við gagnaöflun og komið þekkingu sinni og niðurstöðum á framfæri á skýran hátt. Verkefnið mun gilda 30% af lokaeinkunn. Skriflegt próf verður lagt fyrir í lok annar til að meta þekkingu nemenda á helstu kenningum og aðferðum þroskasálfræðinnar og helstu áhrifavöldum á þroska barna og unglinga. Prófið mun gilda 60% af lokaeinkunn. Þátttaka í umræðum (10% af lokaeinkunn).

**GSF104G • Nám og kennsla: Inngangur • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Lilja M Jónsdóttir Lektor
Kennari: Anna Lind G Pétursdóttir Lektor
Kennari: Torfi Hjartarson Lektor
Kennari: Ingvar Sigurgeirsson Prófessor
Kennari: Jóhanna Karlsdóttir Lektor
Kennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Kennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Kennari: Gunnar Börkur Jónasson
Kennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
Kennari: Sigríður Pétursdóttir Verkefnisstjóri
Inngangsnámskeið í kennslufræði, ætlað öllum kennaraefnum öðrum en þeim sem stefna að því að kenna í leikskólum. Í framhaldi af þessu námskeiði sérhæfa kennaraefni sig í kennslu byrjenda í grunnskólum, kennslu á miðstigi, unglingastigi, kennslu í framhaldsskólum eða í fullorðinsfræðslu. Meginmarkmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í helstu kenningar og rannsóknir um nám, kennslu og kennarastarfið. Áhersla er lögð á tengsl við starfsvettvang og að að nemendur tengi viðfangsefni námskeiðsins eigin reynslu og viðhorfum og leggi grunn að eigin starfskenningu.
Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu er fjallað um nám frá mörgum sjónarhornum og kenningum. Þar má nefna hugsmíðahyggju og fjölbreyttar nálganir í hennar anda og hugmyndir sem tengjast atferlisstefnu, heilarannsóknum og fjölgreindakenningum. Fjallað er um forsendur náms, áhrif umhverfis á nám, óformlegt nám og formlegt, námsumhverfi og tæknimiðla. Í umfjöllun um kennslufræði er áhersla lögð á að tengja nám og kennslu við rannsóknir og námskenningar og á lykilatriði sem nýtast í kennslu allra aldurshópa, svo sem í tengslum við undirbúning kennslu, markmið, ólíkar kennslu- og námsmatsaðferðir, námsumhverfi, samskipti og samstarf. Þá er fjallað um þátt upplýsingatækni og miðlunar í skólastarfi. Leitast er við að tengja þessi viðfangsefni verkefnum á vettvangi, hugmyndum um fagmennsku og þróun eigin starfskenningar.
Fjallað er um starfsumhverfi kennara með hliðsjón af aðstæðum hér á landi. Fengist er við skólalöggjöf, námskrár og ýmis álitamál sem tengjast skólastarfi.
Námsmat er byggt á leiðarbók og námsmöppu (að hluta til í stafrænu formi), virkri þátttöku á námskeiðinu og skriflegu prófi við lok námskeiðs. Virk þátttaka gildir 20% af námsmati.

**GSF105G • Talað mál og ritað • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Ingibjörg B Frímannsdóttir Lektor
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Kennari: Baldur Hafstað Prófessor
Kennari: Helga Birgisdóttir Aðjúnkt
Kennari: Anna Sigríður Þráinsdóttir Lektor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
Kennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
Kennari: Hanna Óladóttir Aðjunkt
Kennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Markmið
Í lok námskeiðs er gert ráð fyrir að nemendur
-hafi öðlist færni í að tjá hugsun sína skipulega á góðu máli, töluðu og rituðu
- hafi öðlist skilning á því með hve fjölbreyttum hætti kennarar fást við mál í starfi sínu
- hafi áttað sig á mikilvægi þess að kennarar séu góðir málnotendur
- geti greint og rætt skipulag og framsetningu texta og talaðs máls með hugtökum úr hljóðfræði, stílfræði og málfræði
- þekki helstu hugmyndir um málvöndun og málstefnu og geti tengt þær skólastarfi og menntastefnu
- þekki hljóðkerfi íslenskunnar og átti sig á hvernig sú þekking nýtist starfandi kennurum
- þekki helstu einkenni vandaðs og óvandaðs framburðar
- geti gert grein fyrir mismun framburðar og stafsetningar
- geti skrifað rannsóknarritgerð með markvissri byggingu, efnistökum og heimildarýni.
- geti skráð og vísað í heimildir samkvæmt viðurkenndum reglum.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, hópvinna, leiðsögn, verkefnavinna og verkleg þjálfun.
Í þessu námskeiði er einkum lögð áhersla á eftirfarandi fjóra þætti: framburð, framsögn, ritun og málfar. Fengist er við talað mál og texta af ýmsu tagi og hugað að nokkrum grundvallaratriðum sem snerta ritun fræðilegra texta og annarra ritsmíða. Í umræðu um mál og texta verður beitt hugtökum úr málfræði, hljóðfræði og stílfræði og stuðst við fræðirit um efnið.
Nemendur skrifa stutta rannsóknarritgerð þar sem m.a. er lögð áhersla á nákvæm vinnubrögð við meðferð og skráningu heimilda. Auk þess vinna þeir stutt verkefni, munnleg og skrifleg, tengd framburði og hljóðritun, málsniði, málfari og stíl. Áhersla er lögð á að nemendur vandi mál sitt í ræðu og riti. Mikið reynir á virkni nemenda í umræðu og samstarfi.
Rannsóknarritgerð, stutt ritunarverkefni, leiðarbók, æfingar og próf.

### GSF201G • Íslenska I: Mál og bókmenntir • (10e) • Vor
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Þráinsdóttir Lektor
Kennari: Helga Birgisdóttir Aðjúnkt
Kennari: Ragnar Ingi Aðalsteinsson Aðjunkt
**Markmið**
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent eflist í að beita íslensku máli á markvissan hátt sem kennari og fyrirmynd nemenda, auk þess sem hann tryggi lágmarksþekkingu sína á námsgreininni íslensku í grunnskóla.
Undirmarkmið eru að stúdent, við námskeiðslok:
- hafi kynnt sér ýmis álitamál sem varða íslenskt mál og bókmenntir og myndað sér skoðun á þeim,
- hafi áttað sig á hlutverki tungunnar í samfélaginu og í þroska einstaklingsins,
- þekki grundvallarhugtök og kenningar sem notuð eru í umræðu um íslenskukennslu,
- þekki og skilji helstu bókmennta- og málfræðihugtök sem notuð eru í kennslu móðurmáls og geti beitt þeim af öryggi,
- hafi áttað sig á markmiðum, gildi og tilgangi íslenskukennslu í grunnskólum og tengslum hennar við aðrar námsgreinar.

**Inntak / viðfangsefni**
- Lesnir verða fjölbreyttir bókmenntatextar.
- Unnið verður með undirstöðuhugtök í bókmenntum, málfræði og bragfræði. Byggt verður á þekkingu og skilningi á hugtökum og beiting þeirra þjálfuð.
- Fjallað verður um stafsetningu, grundvöll hennar og gildi og nemar meta eigin stöðu með tilliti til kennarastarfsins.
- Fjallað verður um hljóðkerfi tungumálsins og hvernig það tengist töluðu máli, stafsetningu, lestri og ritun.
- Í öllum viðfangsefnum er tekið mið af kennslu nemenda með mismunandi getu.
- Í námskeiðinu er bein tenging við vettvang með viðeigandi verkefnavinnu.

**Vinnulag**
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi og leggi til frjóar hugmyndir. Enn fremur skulu stúdentar fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og efni á vef.
60% verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. 40% skriflegt próf þar sem áhersla er lögð á þekkingu, skilning og gagnrýna afstöðu.

### GSF203G • Inngangur að samfélagsgreinum • (10e) • Vor
Umsjónarkennari: Þorsteinn Helgason Dósent
Kennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Að loknu þessu námskeiði eiga kennaranemar að - geta greint frá og rökrætt hugmyndir um tilgang og markmið með kennslu samfélagsgreina, þar með talið trúarbragðafræða, í grunnskólum - þekkja forsendur og hlutverk greinanna samkvæmt aðalnámskrá - hafa innsýn í mismunandi hugtök, kenningar og nálgun í greinaflokknum - geta lýst sérkennum einstakra greina innan þessa námsgreinaflokks - búa yfir leikni í upplýsingalæsi á sviði samfélagsgreina - þekkja og hafa metið tiltæk námsgögn í greinaflokknum Viðfangsefni Fjallað verður um tengsl samfélagsgreina í grunnskólum, þar með talið trúarbragðafræða, við fræðigreinar sem að baki búa. Kannaðar verða innlendar og erlendar námskrár og lagt mat á þær. Grennslast verður fyrir um hvaða námsgögn eru notuð í grunnskólum á þessu sviði og notkun þeirra könnuð. Upplýsingalæsi í samfélagsgreinum verður þjálfað.
Vinnulag Fyrirlestrar, umræður, verkefni, upplýsingaleit og -mat, æfingar, lestur. Nemendur taka hluta námskeiðsins á vettvangi.
Metin eru nokkur tiltölulega jafngild verkefni.

### GSF206G • Upplýsingatækni og skólastarf • (10e) • Vor
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið
Í lok námskeiðs hafi nemendur þekkingu og skilning á
- notkun upplýsingatækni á því skólastigi sem sérhæfing þeirra tekur til
- hvernig nemendur sem sérhæfing tekur til nota upplýsingatækni heima og í frístundum
- hvaða verkfæri eru notuð til náms og kennslu og möguleikum sem í þeim felast
- nokkrum íslenskum og erlendum rannsóknum á sviðinu ásamt fræðilegum grunni um möguleika upplýsingatækni til að efla nám og kennslu
- hvernig skólinn getur tekið mið af reynslu og þekkingu nemenda við skipulagningu náms og kennslu með upplýsingatækni
- hvaða þættir í skólanum sem stofnun skipta máli til að upplýsingatækni skili árangri í námi

Færnimarkmið
Í lok námskeiðs hafi nemendur hæfni til að
- taka þátt í þróunarstarfi um notkun upplýsingatækni til að efla nám og kennslu
- taka þátt í gagnrýnni umræðu um upplýsingatækni í skólanámi byggða á þekkingu á vettvangi og fræðikenningum
- nýta upplýsingatækni í leikskóla, almennri bekkjarkennslu og/eða faggreinakennslu
- gera athuganir á notkun upplýsingatækni meðal barna, unglinga eða fullorðinna í skóla og utan skóla
- lesa fræðilegar greinar og fylgjast þannig með þróun rannsókna á sviði upplýsingatækni til náms og kennslu

Inntak / viðfangsefni
Athygli beinist að þremur meginþáttum og samspili þeirra, þ.e. nemandanum, skólanum sem stofnun og upplýsingatækni sem verkfæri við nám og kennslu. Viðfangsefni nemenda verður að afla sér þekkingar jöfnum höndum á starfsvettvangi og með lestri fræðilegra greina sem byggja á rannsóknum á sviði upplýsingatækni til náms og kennslu.
Vinnulag
Við söfnun gagna á vettvangi verður lögð áhersla á að nemendur noti viðurkennda aðferðafræði sem og í greiningu þeirra gagna, túlkun og framsetningu. Áhersla verður lögð á að tengja niðurstöður af vettvangi við fræðilega umræðu. Ný þekking verður lögð fram á neti þar sem hún er aðgengileg fyrir námshópinn og grundvöllur gagnrýninnar umræðu. Hópurinn leggur mat á hvaða framlög eiga erindi við skólasamfélagið á Íslandi og lögð verður áhersla á að birta þau á Netinu.
Nemendur venjast við að nota viðmið til að meta gæði verkefna og taka þátt í umræðu sem hluta af jafningjamati.

### GSF209G • Tölur og reikniaðgerðir • (10e) • Vor
Umsjónarkennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Halla Jónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Kristín Bjarnadóttir Dósent

Kennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Kennari: Friðrik Aðalsteinn Diego Lektor
Viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um grunnhugtök í talnafræði s.s. deilanleika, frumtölur og frumþáttun. Skoðuð verður uppbygging sætiskerfa og talnaritun. Fengist verður við aðgerðahugtakið og eiginleika og tengsl reikniaðgerða, sér í lagi í mengi ræðra talna. Fjallað verður um rannsóknir á þróun talna- og aðgerðaskilnings hjá börnum. Nemendur kynnast ólíkum leiðum við reikning og hvernig námsgögn geta stutt við reikningsnám. Hugtakið hlutfall fær sérstaka umfjöllun bæði þannig að kennaranemar styrki eigin skilning og kynnist hvernig hlutfallaskilningur myndast. Fjallað verður um rannsóknir á kennslu um tölur og reikniaðgerðir á miðstigi og leiðir við kennslu.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og vinnutímum þar sem glímt verður við stærðfræðileg viðfangsefni, umræður fara fram, nemendur kynnast notkun námsgagna og fjölbreyttum leiðum við stærðfræðinám. Nemendur lesa sér til um rannsóknir, fylgjast með stærðfræðikennslu, skipuleggja kennslu afmarkaðra viðfangsefna og reyna sig á vettvangi.
Námsmat byggist á verkefnum og prófum. Skilaskylda er á verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt.

**GSF210G • Danska sem erlent mál • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu og skilning á þeim straumum og stefnum sem nú eru efstar á baugi á sviði tungumála- og dönskukennslu Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu og skilning á þeim straumum og stefnum sem nú eru efstar á baugi á sviði tungumála- og dönskukennslu
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- skilji eðli mismunandi kennsluaðferða í dönsku
- þekki og kunni skil á helstu hugtökum sem tengjast kennslufræði erlendra tungumála
- þekki og geti nýtt sér lög og reglugerðir, svo sem aðalnámskrá, við samningu skóla- og bekkjarnámskrár
- geti nýtt sér þá þekkingu til að greina námsefni og meta markmið og leiðir í dönskukennslu
- þjálfist í að ígrunda eigin afstöðu og hugmyndir um dönskukennslu

Inntak / viðfangsefni
Um er að ræða inngangsnámskeið þar sem fjallað er um þróun dönskukennslu undanfarinna áratuga. Á námskeiðinu verður einnig fjallað um hugtök, kenningar og aðferðir sem tengjast fagmennsku dönskukennarans. Fjallað verður um rannsóknir á tungumálanámi og dönskukennslu og fjallað sérstaklega um einstaklings- og nemendamiðaða tungumálakennslu. Námskrár í dönsku verða yfirfarnar og greindar og námsefni skoðað og metið. Nemar fá tækifæri til að skoða og meta kennslu á myndböndum og þjálfast í að ígrunda kennslu og eigin reynslu af tungumálanámi.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni og samstarf í hópum. Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna í málstofu. Þátttaka í málveri. Áheyrn í bekk á miðstigi er hluti námskeiðsins (1 eða 2 eining).
Dæmi um lesefni
Lars Holm og Helle Pia Laursen (2003): Andetsprogsdidaktik, Dansklærerforeningen, København.
Peter Lykke-Olesen og Peter Schmidt (1994): Den lille sproglære(r), Dansklærerforeningen, København.
Ulrika Tornberg (2001): Sprogdidaktik, Alinea, København
Vinnumappa með verkefnum (portfolio), ígrundun og sjálfsmati verður lögð til grundvallar fyrir námsmat.

**GSF211G • Að kenna um hita, loft, vatn og veður • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Haukur Arason Lektor
Kennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Kennari: Jón Hafsteinn Guðmundsson
Kennari: Eggert Lárusson Lektor
Inntak / viðfangsefni:
Náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins eru: Frumefni, efnasambönd, efnablöndur, efnabreytingar, frumeindakenningar, leysni, þrýstingur, varmi, hitastig, varmaflutningur, áhrif varma á efni, hringrás vatns, loftslag og veðurfar, veðurfarslegt samspil hafs, lofts og lands, lofthjúpur jarðar, athuganir og mælingar, einfaldar veðurmælingar, veðurathuganir og skráning, veðurkort.
Í þessu námskeiði verða þátttakendur búnir undir að kenna í grunnskóla um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins. Mikil áhersla verður lögð á að tengja viðfangsefnin við hugmyndir og reynslu þátttakenda og verður umfjöllun um loft og vatn rauður þráður í námskeiðinu. Fjallað verður um rannsóknir á hugmyndum barna um viðfangsefnin og mögulegar leiðir til að tengja með kennslu þessi viðfangsefni reynsluheimi og hugmyndum grunnskólabarna. Fjallað verður um kennslu náttúrufræðilegra viðfangsefna námskeiðsins, skoðaðar kennslubækur og verklegar athuganir. Kynntar verða rannsóknir og hugmyndir um mikilvægi reynslu nemenda og forhugmynda í náttúrfræðinámi.
Vinnulag
Þátttakendur taka þátt í umræðum þar sem þeir kanna hugmyndir sínar um viðfangsefnin. Ígrundaðir verða textar um viðfangsefnin og kennslu þeirra og gerðar verklegar æfingar sem auka skilning á viðfangsefnunum. Nemendur ræða við börn og unglinga til að kanna hugmyndir þeirra. Meginviðfangsefni verða kynnt í fyrirlestrum en nemendum síðan gefið rými til að afla frekari upplýsinga og þróa hugsun sína í gegnum umræður, verkefni og kynningar.
Virkni nema í námskeiðinu verður metin. Jafnframt vinna nemendur ýmis verkefni og taka próf.

**GSF212G • Matur menning heilsa • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Nemendur
- öðlist skilning á mikilvægi hollrar vel samansettrar fæðu fyrir heilbrigði einstaklinga og þjóða.
- læri að matreiða samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni.
- læri undirstöðuþætti matreiðslunnar og algengustu matreiðsluaðferðir.
- læri að matreiða ýmsa íslenska rétti sem að hafa verið einkennandi fyrir íslenska matarmenningu fram á okkar daga.
- læri um þróun íslenskrar matarmenningar.

- læri að matreiða þjóðrétti frá ýmsum löndum.
- læri að verða vistvænir í heimilishaldi.
- læri undirstöðuþætti hreinlætisfræða og skilji mikilvægi hreinlætis fyrir einstaklinga, við meðferð matvæla og út frá heilbrigðis- fagurfræðilegu -og fjárhagslegu sjónarmiði.
- lögð verður áhersla á vandaða framreiðslu rétta og smekklegar borðskreytingar.

Viðfangsefni:
Nemendur læri grundvallar matreiðsluaðferðir og hvernig þær tengjast hollustu matarins. Lögð verður áhersla á ýmsa rétti sem telja má lýsandi fyrir íslenska matargerð á 20. öldinni og voru mest á borðum forfeðranna. Áhersla lögð á að færa menningararfinn yfir. Kennt verður í formi fyrirlestra og verkefna hvernig fæðuöflun og matarmenning helst í hendur við landfræðilegar aðstæður og þróun atvinnulífs- og samfélags. Horft verður til annarra landa og sömu þættir skoðaðir í nokkrum þjóðlöndum og bornir saman við þróunina hér á landi. Matreiddir þjóðréttir frá þeim löndum. Tekinn verður fyrir undirbúningur hátíða og íslenskar hefðir því samfara. Matreiddir réttir og bakstur sem tengist hátíðum ársins gamalt/ og nýtt. Sýnikennsla í gerð borðskreytinga og vandaðra borðdekkninga.
Undirstöðuþættir almennrar heinlætisfræða fléttað inn í allt námið og nemendum ætlað að öðlist skilning á mikilvægi hreinlætis út frá persónulegu sjónarmiði og sjónarmiðum samfélagsins sem tengjast heilbrigði, fagurfræði og fjárhag.
Mætingarskylda er í staðlotur.
Frammistaða í kennslustundum og verkefni nemenda metin til einkunnar. Aukaverkefni eru lögð fyrir fjarnema.

**GSF213G • Hönnun og smíði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Námskeiðið er inngangsnámskeið fyrir nemendur sem velja kjörsviðið hönnun og smíði og hentar einnig öðrum sem vilja kynna sér áherslur greinarinnar.
Markmið
Nemar hljóti þekkingu á og þjálfun í smíði hluta sem þeir hanna og teikna sjálfir.
Inntak / viðfangsefni
Áhersla er lögð á nytjahluti úr tré. Fjallað verður um nýtingu á íslenskum skógi og sjálfbæra þróun í hönnun. Unnið er m.a. með þætti sem tengjast gömlu handverki. Verkfæra- og viðarfræði er felld inn í þá verkþætti sem fengist er við hverju sinni. Sérstök áhersla er lögð á notkun véla og verkfæra ásamt öryggi og heilsuvernd. Fjallað verður um hönnun nytjahluta í daglegu umhverfi sem byggja á tæknilegri virkni og undirstöðuatriði í formhönnun. Einnig kynnast nemendur öðrum smíðaefnum. Verkleg þjálfun er undirstaða námsins.
Vinnulag
Vinnulag í staðnámi: Verkleg þjálfun er undirstaða námsins en að öðru leyti fer kennsla fram í fyrirlestrum og umræðu- og leiðsögutímum. 80% sóknarskylda. Vinnulag í fjarnámi: Verkefni eru send í tölvupósti og sett upp á vefsíðu hönnunar og smíða. Nemendur skila eins miklu af verkefnum sínum í gegnum tölvusamskipti og unnt er. Sérstök áhersla verður lögð á öryggisþætti er tengjast vinnu kennara og barna í hönnun og smíði og fræðslu um skyndihjálparþætti.
Verkefni metin til einkunnar.

**GSF215G • Inngangur að enskukennslu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Markmið: Markmið:
Að kennaranemar
- kunni skil á helstu hugmyndum og kenningum um tungumálanám og tungumálakennslu
- skilji eðli mismunandi kennsluaðferða
- átti sig á mismunandi námsaðferðum (learner strategies) einstaklinga
- þekki helstu hugtök sem tengjast kennslufræði erlendra mála
- kunni skil á markmiðum Aðalnámskrár og geti tengt þau námsefni, ítarefni og kennslu
- kunni skil á námsefni og ítarefni og geti lagt mat á það
- kunni skil á Evrópsku tungumálamöppunni og hugmyndum sem hún byggist á
- viti hvar þeir geti leitað fanga til að efla fagmennsku sína og þróast í starfi.

Viðfangsefni
Farið verður yfir þróun tungumálakennslu undanfarinna áratuga og sjónum einkum beint að þekkingu og skilningi á þeim straumum og stefnum sem nú eru efst á baugi. Fjallað verður um hugtök, kenningar, aðferðir og þá þætti sem stuðla að fagmennsku tungumálakennarans og nemendur öðlast reynslu í að ígrunda eigin afstöðu og hugmyndir. Kynntar verða rannsóknir á tungumálanámi og kennslu og fjallað sérstaklega um nemendamiðaða kennslu. Námskrá í ensku verður yfirfarin og greind og námsefni skoðað og metið. Kennaranemar fá tækifæri til að skoða og meta kennslu á myndböndum og þjálfast í að ígrunda eigin hugmyndir um kennslu og eigin reynslu af tungumálanámi. Kynnt verða tímarit, handbækur, ítarefni og rafræn gögn þar sem unnt er að leita fanga í faglegum efnum. Áheyrn í bekk á miðstigi er hluti námskeiðsins (1 eða 2 eining).
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og mikið verður lagt upp úr lestri nemenda og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, verkefnum sem lýkur með kynningu, dæmikennslu og málstofum. Þá verða fluttir inngangsfyrirlestrar um afmörkuð efni. Vinnumappa með verkefnum, ígrundun og sjálfsmati verður lögð til grundvallar ásamt mati á annarri vinnu.

**GSF216G • Sjónlistir og vettvangsnám • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóhanna Vigdís Þórðardóttir Lektor
Kennari: Kristín Ísleifsdóttir Aðjunkt
Kennari: Jón Reykdal Lektor
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- Hafa á valdi sínu nokkur grunnatriði tví- og þrívíðrar myndgerðar
- Hafa innsýn í litafræði og geta unnið markvisst með litablöndur
- Kunna skil á fjölbreyttum teikniaðferðum
- Kunna skil á einföldum aðferðum við mótun í pappír
- Hafa öðlast þekkingu á efni, áhöldum og tækni sem henta myndmennt í skólastarfi
- Þekkja helstu hugtök sem notuð eru í tví- og þrívíðri myndgerð
- Geti bjargað sér í grunnatriðum ljósmyndatöku út frá viðfangsefnum námskeiðs
- Hafa kynnt sér áherslur og kennsluaðferðir í myndmenntakennslu heimaskólans

-Þekkja helstu þætti úr námskrá heimaskólans varðandi fyrirkomulag kennslu í myndmennt
Inntak/viðfangsefni
Námskeiðið tekur á grunnþáttum tvívíðrar myndgerðar, byrjað er á teikningu ýmisskonar.
Unnið er með liti, einfaldar þrykkaðferðir og mótun í pappír. Valið viðfangsefni úr náttúrunni verður burðarás sem gengur í gegnum námskeiði og fær mismunandi birtingarmynd eftir eiginleikum hverrar aðferðar. Áhersla lögð á skissuvinnu. Á námskeiðinu velja nemendur sér rannsóknarverkefni í einhverri aðferð sem þeir leggja sérstaka áherslu á. Þetta verkefni skal hafa skírskotun í grunnskólastarf. Nemendur beina sjónum að listgreinakennslu innan heimaskólans með megin áherslu á myndmennt.
Námskeiðið er verklegt, tengt vettvangsferðum, heimsóknum á sýningar og söfn. Fyrirlestrar og sýnikennsla. Ferilmappa og uppsetning sýningar í lok námskeiðs.
Í þessu vettvangsnámi eiga nemendur að beina sjónum að kennslu í myndmennt. Nemendur nýta tímann í áheyrn og taka þátt í kennslu þegar þeir eru tilbúnir og það hentar aðstæðum. Það skal gert í samráði við æfingakennara. Lögð er áhersla á að nemendur taki virkan þátt í skólastarfinu meðan á vettvangsnámi stendur. Nemendur halda leiðarbók/dagbók og skrifa stutta greinargerð. Eftir vettvangsnám halda nemendur kynningu í kennslustund. Umræður verða í lokin.
Námsmat Lokið / ólokið. Nemendur skila greinagerð og kynna samantekt úr henni fyrir nemendum og kennurum.

**GSF217G • Aðferðafræði og menntarannsóknir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Lektor
Kennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Forkröfur: Námskeið í meðferð og ritun fræðitexta
Markmið námskeiðsins eru að nemendur:

- Öðlist innsýn í aðferðafræði rannsókna á sviði uppeldis- og menntunarfræða og þekki helstu viðfangsefni slíkra rannsókna
- Hafi skilning á grundvallarhugtökum þekkingarfræði og vísindaheimspeki
- Þekki helstu rannsóknaraðferðir
- Séu færir um að rýna í rannsóknir og nýta sér niðurstöður þeirra
- Hafi tileinkað sér rannsakandi hugarfar og gagnrýna hugsun
- Geti unnið af nákvæmni og fræðilegri ögun.

**Inntak / viðfangsefni**
Fjallað er um markmið og tilgang menntarannsókna, vísindaleg viðmið og um grundvallarviðhorf að baki slíkum vísindum. Hugað er að grunnhugtökum í þekkingarfræði og vísindaheimspeki. Kynntar eru nokkrar rannsóknaraðferðir, fjallað um rannsóknarferli, heimildaöflun og um siðfræðileg atriði.
Nemendur lesa rannsóknir og um rannsóknir, gera æfingar í því skyni að skerpa skilning sinn á því hvernig menntarannsóknir eru stundaðar og efla hæfni sína til þess að notfæra sér rannsóknir í fræðilegu og starfstengdu samhengi. Megineinkenni eigindlegra og megindlegra rannsóknarhefða eru kynnt, fjallað er um ólíkar rannsóknaraðferðir og rannsóknasnið sem beitt er í slíkum rannsóknum og þær ályktanir sem má draga af þeim. Farið er í meginatriði lýsandi tölfræði og nokkur hugtök úr ályktunartölfræði. Miðað er að því að nemendur nái valdi á tölvuforriti (Excel) til útreikninga.
**Vinnulag**
Nemendur sækja fyrirlestra, taka þátt í verkefnatímum og umræðum og vinna skilgreind verkefni þar sem lögð er áhersla á fræðilega hugsun, beitingu þeirra aðferða sem fjallað er um og framsetningu niðurstaðna.

Verkefni og próf. Í verkefnum verður m.a. metin hæfni nemenda til að beita þeim aðferðum sem fjallað er um í námskeiðinu og hæfni þeirra til að lesa úr niðurstöðum rannsókna. Í prófi verður m.a. metinn skilningur nemenda á viðfangsefnum námskeiðsins.

**GSF218G • Upplýsingatækni og miðlun • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jón Jónasson Lektor
Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Markmið
Í lok námskeiðs er gert ráð fyrir að nemendur
- hafi tileinkað sér framsækin vinnubrögð við miðlun og notkun upplýsingatækni.
- geti lýst áhrifum nýrrar tækni á skólastarf og bent á tækifæri sem hún veitir.
- þekki helstu þætti táknvísi (miðlalæsis).
- þekki grunnhugtök í boðskiptum og samskiptum.
- búi yfir færni í efnisleit á Netinu og mati á stafrænu efni.
- geti beitt stafrænum verkfærum í námi og starfi til samvinnu, skráningar, hugmyndavinnu, greiningar og miðlunar á texta, myndum og hljóði.

Innntak / viðfangsefni
Námskeiðið er í senn undirbúningur fyrir háskólanám og starf að loknu námi. Fengist verður við ritun, myndgerð og framsetningu efnis af ýmsu tagi. Mikið verður lagt upp úr vönduðum vinnubrögðum við efnisgerð og miðlun. Nemendur fá kennslu í efnisleit á Netinu og mati á áreiðanleika upplýsinga. Fjallað verður um höfundarrétt og ábyrga netnotkun. Nemendur huga að náms- og kennsluháttum og skipulagi skólastarfs með tilliti til upplýsingatækni og miðlunar. Fjallað verður um miðlalæsi eða táknvísi, boðskipti og samskiptafræði. Áhersla verður lögð á tölvusamskipti um efni námskeiðsins með það fyrir augum að nemendur fái þjálfun í námstækni, umræðum og samstarfi á Netinu. Ætlast er til að nemendur haldi skipulega utan um eigin gögn og byggi upp stafrænar ferilmöppur. Í öllum verkefnum nemenda er gerð krafa um faglega framsetningu á efni og vandað málfar.
Vinnulag: Fyrirlestrar, verkleg kennsla, hópvinna, umræður og verkefni.
Lesefni: Ýmsir textar um upplýsingatækni í skólastarfi, samskipti og miðlun.
Námsmat: Verkefni og próf.

**GSF219G • Heimspeki og hugmyndasaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Kennari: Kristján Kristjánsson Prófessor
Kennari: Sigurður Björnsson Lektor

Kennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Kennari: Gunnlaugur Sigurðsson Lektor
Kennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur verði færir um að taka málefnalega afstöðu til hugmynda og aðferða í kennslu og uppeldi í fortíð og nútíð, og geti tekið þátt í gagnrýninni umræðu um skólamál og gert grein fyrir eigin hugmyndum um menntun og uppeldi.
Að námskeiði loknu

- þekki nemendur til þess hvernig hugmyndir um uppeldi og menntun í vestrænum menningarheimi hafa þróast: Kunni skil á helstu heimspekingum og uppeldisfrömuðum frá fornöld til nútíma,
- geti nemendur sett kenningar þeirra í hugmyndasögulegt samhengi og sýnt fram á hvernig hugmyndakerfi tengjast og hvað skilur þau að,
- þekki nemendur og geti vísað til sögu og þróunar hugtaka sem gegna lykilhlutverki í daglegri umræðu um mál tengd kennarastarfinu, svo sem hugtakanna 'menntun', 'gagnrýnin hugsun', 'lýðræði', 'frelsi' og 'vald',
- geti nemendur greint fræðilegan vanda í hvunndagslegum aðstæðum í skólastarfi,
- geti nemendur sett sig inn í íslenska skólamálaumræðu og tengt hana við þá umræðu sem á sér stað í öðrum löndum og á vettvangi alþjóðlegra stofanan og samtaka,
- geti nemendur greint og metið mikilvæg atriði í texta og beitt fræðilegum vinnubrögðum rituðu og mæltu máli,
- verði nemendur færir um að bera sína eigin heimsmynd og reynslu saman við hugmyndakerfi um uppeldis- og menntamál sem ríkt hafa á mismunandi tímum.

Viðfangsefni:
Á námskeiðinu verður fjallað um uppeldis- og menntunarhugmyndir allt frá tímum Forn-Grikkja og fram á okkar daga. Áhersluatriði í kennslunni eru eftirfarandi:
1. Maðurinn: Skynsemi, skilningur og siðvit
Fjallað verður um mannskilning á ólíkum tímum. Hvernig hugmyndir hugsuða um eðli mannsins höfðu áhrif á hugmyndir hvers tíma um uppeldi og menntun.
2. Markmið menntunar
Fjallað verður um markmið menntunar og forsendur þessara markmiða á hverjum tíma s.s að tileinka sér dygð, að uppfylla hlutverk sitt í samfélaginu, verða meira maður, að axla ábyrgð í samfélagi, að verða virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi, að tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna hugsun.
3. Frelsi og lýðræði
Fjallað verður um áhrif hugmynda um frelsi og sjálfræði mannsins í lýðræðissamfélagi á hugmyndir um menntun. Sérstaklega verður hugað að áhrifamikilli hugmyndafræði í samtímanum sem lýtur að menntun til lýðræðis, borgaralegri menntun, skóla án aðgreiningar og jafnréttis til náms.
Meðal viðfangsefna námskeiðsins verða þekkingar-, stjórn-, og siðspeki Platons, hugmyndir Rousseau um frelsi og sjálfræði, hugmyndum Kants um skynsemi og upplýsingu og hugmyndir Wollstonecraft um jafnrétti. Einnig verður frelsishugtakið skoðað í ljósi kenninga E. Key, A.S. Neill og P. Freire. Fjallað verður ítarlega um kenningar John Dewey um menntun, gagnrýna hugsun og lýðræði.
Tvær stuttar ritgerðir af fimm (um 450 orð hver): 35% Kynning á Blackboard og stjórn rökræðu í fjarkennsluumhverfi: 30% Lokapróf: 35%

**GSF220G • Félagsfræði og skólasaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólöf Garðarsdóttir Dósent
Kennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Kennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Inntak/viðfangsefni
Eftirfarandi viðfangsefni verða fléttuð saman, þannig að saga og kenningar víxlist og varpi ljósi hvort á annað, með áherslu á mismunandi sjónarhorn á tengsl einstaklings og samfélags:
1. Félagsfræði menntunar. Helstu kenningar greinarinnar verðar skoðaðar í ljósi viðfangsefna á borð við siðferðilegt uppeldi, félagslega mismunun og einstaklingsvæðingu og með almenna áherslu á mismunandi skilning á tengslum einstaklings og samfélags og hvernig þau tengsl hafa breyst á síðustu áratugum. Einkum verða til umfjöllunar kenningasmiðirnir Emile Durkheim, G.H. Mead, John Dewey, Pierre Bourdieu, Ulrich Beck, Anthony Giddens og Thomas Ziehe.
2, Saga uppeldis og menntunar
Megindrættir í samfélagsgerð og menningararfleifð sveitaþjóðfélags fyrri alda og þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa til dagsins í dag. Í þessu sambandi verður rætt um uppeldishlutverk kirkju, trúarbragða og heimila, um rætur almenningsskólans í menningarhefðum fortíðar og um breytt hlutverk hans og breytt samspil skóla, heimilis og annarra samfélagsþátta. Áhersla verður lögð á sérkenni menntunarþróunar á Íslandi með hliðsjón af almennri þróun í grannlöndum.
3. Fjölbreytileiki í uppeldi og menntun
Fjallað verður um félagsfræðikenningar um samþættingu (integration) og samlögun (assimilation), sem og útilokun (exclusion) og hlutdeild (inclusion). Tilraunir til að vinna bug á sundrung og sundurgreiningu samfélagsins, allt frá samheldnihugmyndum Durkheims til samtímahugmynda um fjölmenningu og skóla án aðgreiningar, verða skoðaðar í félagsfræðilegu ljósi.
4. Barnæska og unglingsár
Félagsfræðileg sjónarhorn á barnæsku og unglingsár beina sjónum að því, hvernig þessi æviskeið eru mótuð af samfélaginu og hvernig sú mótun breytist með samfélagsþróun. Skoðaðar verða samfélagslegar skilgreiningar á því, hvað er barn og hvað er unglingur, og kynntar rannsóknir á því, hvernig börn og unglingar skilja sjálf líf sitt og hvernig þau móta líf sitt.
Vinnulag
Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum. Námsefni er bókin Félagsfræði menntunar eftir Gest Guðmundsson og Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007 í ritstjórn Lofts Guttormssonar. Auk þessa eru til umfjöllunar frumtextar og greinar sem kynna rannsóknir og greiningar á sviði námskeiðsins.
Verkefni verður unnið í hverjum námsþætti, og auk þess er skriflegt próf í lok námskeiðs.

**GSF222G • Útsaumur og hugmyndavinna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur

- geti beitt þekkingu sinni og leikni í einfaldri munsturgerð sem tekur mið af þörfum grunnskólans.
- hafi tileinkað sé helstu undirstöðuþætti útsaums og nái þeirri hæfni að geta nýtt útsaumstæknina í fjölbreyttri myndsköpun útfrá eigin hugmyndavinnu.
- hafi tileinkað sér notkun viðeigandi faghugtaka og geri nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri nálgun í starfi með börnum.
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í allri vinnu
- skynji og skilji mikilvægi samþættingar og tengingar við aðrar faggreinar grunnskólans
- hafi öðlast skilning á mikilvægi einstaklingsmiðaðs náms í fjömenningarlegu samfélagi nútímans og geti unnið sjálfstætt og skipulega að öllum viðfangsefnum.

Inntak / viðfangsefni:
- Unnið verður með fjölbreyttar leiðir innan munsturgerðar sem byggja á frjórri og skapandi hugsun og taka mið af þörfum grunnskólans.
- Kynntir verða helstu grunnþættir útsaums með áherslu á verklega þjálfun og beitingu áhalda og tækja. Unnið verður með frjálsar útfærslur innan útsaumstækninnar sem byggja á tilrauna- og þróunarvinnu útfrá áunninni þekkingu í útsaumi, munsturgerð og hugmyndavinnu, ígrundun í verkefnavinnu og myndbyggingu verka.
- Lögð er áhersla á hugmyndavinnu nemenda og gagnrýna skapandi hugsun í allri vinnu.
- Verkefnaval tekur mið af áhuga og vali nemenda í tengslum við áunna þekkingu og reynslu útfrá einstaklingsmiðuðu námi og fjölmenningu.
- Lögð er áhersla á samspil þekkingar og iðkunnar, þjálfunar í hugmynda- og þróunarvinnu og vönduðum, faglegum vinnubrögðum.
- Verkefnin eru byggð upp sem ákveðið þróunarferli og fá nemendur tíma og aðlögun við að byggja upp nýja þekkingu og færni á fyrri kunnáttu.
- Frágangur og framsetning verkefna ásamt gagnrýnni umræðu er samofið öllum viðfangsefnum námskeiðsins.

Vinnulag: Fyrirlestrar, verkleg vinna, framsetning verkefna og gagnrýnin umræða.
Verkefni metin til einkunnar samkvæmt markmiðum námskeiðs.

**GSF301G • Bókmenntafræði og kennsla • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Kristján Jóhann Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Þórður Helgason Aðjunkt
Markmið Markmið
Að nemandi nái valdi á helstu aðferðum við að lesa og greina bókmenntir
Undirmarkmið eru að stúdent við námskeiðslok:
- þekki og sé fær um að beita ólíkum aðferðum til að greina texta,
- geti metið gildi hverrar aðferðar til bókmenntagreiningar með tilliti til eigin kennslu,
- hafi öðlast hæfni til að meta hvaða aðferð til greiningar henti best ólíkum textagerðum,
- hafi með fjölbreyttum viðfangsefnum öðlast sjálfstraust til að miðla þekkingu sinni í skólum.

Inntak / viðfangsefni
- Kynntir verða ólíkir og fjölbreytilegir textar frá ýmsum skeiðum.
- Hugað verður vandlega að ævintýrum og þjóðsögum, ekki síst í ljósi þess að á því sviði hafa verið þróaðar sérstakar aðferðir til rannsókna.
- Greiningaraðferðir og textaval miðast m.a. við ólíkar kennsluaðferðir í grunnskólum.
- Kappkostað verður að tengja lesefni við siðferði, mannþekkingu, samskipti, samfélag og málefni líðandi stundar.
- Vettvangsnám er ofið inn í kennslu.

Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert að vinna verkefni í vettvangsnámi og leggja til frjóar hugmyndir sem verða prófaðar í vettvangsnámi. Enn fremur verður nemendum gert að fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og vefefni.
Verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. Skyndipróf úr tilteknum þáttum.

**GSF302G • Íslenska II: Íslenskukennsla • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir Lektor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent efli þekkingu sína á námsgreininni íslensku í grunnskóla og kennslufræði hennar, auk þess sem hann eflist enn frekar í að beita íslensku máli sem kennari og fyrirmynd nemenda.
Undirmarkmið eru að stúdent, við námskeiðslok:
- geti nýtt sér í starfi helstu kenningar í móðurmálskennslu,
- geti nýtt sér helstu hugtök í bókmenntum og málfræði við kennslu og skipulag hennar,
- sé fær um að skapa samfellu í íslenskunámi grunnskólanema,
- þekki og geti nýtt sér lög og reglugerðir, svo sem aðalnámskrá, við samningu skóla- og bekkjarnámskrár,
- sé fær um að beita kennslufræðilegri þekkingu í skólastarfi, sérstaklega kennslufræði móðurmáls,
- geti fjallað um og metið námsefni og námsmat í grunnskóla.

Inntak / viðfangsefni
- Fjallað verður um hvernig vinna má með hugtök í bókmenntum og málfræði, með það að markmiði að efla skilning grunnskólanema á þeim.
- Fjallað verður um móðurmálskennslu almennt, kenningar og aðferðir, og þá örðugleika sem nemendur glíma við á ýmsum aldri. Sérstaklega verður fjallað um stafsetningarkennslu.
- Lesnir verða valdir fræðitextar um mál og bókmenntir og kynntar kenningar um móðurmálskennslu.
- Lesnir verða fjölbreyttir textar, þar á meðal barnabókmenntir, dagblaðatextar og fræðitextar, og fjallað um hvernig nýta megi þá í íslenskukennslu.
- Fjallað verður um kennsluaðferðir í móðurmáli, námsefni, námsmat, samþætt nám og heildstætt nám.
- Í öllum viðfangsefnum er tekið mið af kennslu nemenda með mismunandi getu.
- Tveggja eininga vettvangsnám er hluti af námskeiðinu.

Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert að leysa verkefni í vettvangsnámi og leggja til frjóar hugmyndir. Enn fremur skulu stúdentar fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og efni á vef.

Nauðsynleg undirstaða: Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSS201G) eða Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSF201G)
60% verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. 40% skriflegt próf þar sem áhersla er lögð á þekkingu, skilning og gagnrýna afstöðu.

**GSF303G • Silfursmíði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Námskeiðið byggir á hönnun og smíði skart- og nytjahluta úr góðmálmum, sérstaklega silfri. Áhersla er á listrænar útfærslur og formhönnun.
Námskeiðið byggir á hönnun og smíði skart- og nytjahluta úr góðmálmum, sérstaklega silfri. Áhersla er á listrænar útfærslur og formhönnun.
Markmið
a. Nemar hljóti þekkingu og þjálfun í smíði hluta úr góðmálmum sem þeir hanna og teikna sjálfir.
b. Að nemendur þjálfist í að útfæra hugmyndir og hanna í samvinnu við kennara.
c. Nemar þjálfist í grunnvinnubrögðum silfursmíðarinnar.
d. Að nemendur geti kennt, skipulagt og sett upp aðstæður fyrir kennslu í grunnskóla.
Inntak / viðfangsefni
a. Nemar hanna og smíða einfalda skart- og nytjahluti úr góðmálmum.
b. Á námskeiðinu verður kennd fatningasmíði eða að smíða utan um eðalsteina.
c. Kennt að móta nokkra hluti úr plasti með mismunandi tækni.
d. Stefnt er að því að þeir nái tökum á grunnverkþáttum silfursmíðinnar svo sem sögun, þjölun, hömrun, kúbun, póleringu, tin- og silfurkveikingum og litun málma.
e. Efnisfræði málma er gerð sérstök skil.
f. Dæmi um verkefni gætu verið nælur, hálsmen, hringar, eyrnalokkar, beltissylgjur. nytjahlutir svo sem skeið eða skál úr silfri, formaður hringur með fatningu, uppslegið armband og skúlptúr.
Vinnulag
a. Vinnulag í staðnámi: Verkleg þjálfun er undirstaða námsins en að öðru leyti fer kennsla fram í fyrirlestrum, umræðu- og leiðsögutímum. 80% sóknarskylda.
b. Vinnulag í fjarnámi: Verkefni eru send í tölvupósti og sett upp á vefsíðu hönnunar og smíða.
c. Nemendur skila eins miklu af verkefnum sínum í gegnum tölvusamskipti og unnt er.
Verkefni metin til einkunnar.

**GSF305G • Sagnfræði og sögunám • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Helgason Dósent
Kennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Að loknu þessu námskeiði eiga kennaranemar að

- hafa þjálfun í nokkrum þáttum í aðferðafræði sagnfræðinnar svo sem heimildarýni, miðlun og túlkun
- vera handgegnir hugtökum og orðræðu sem tíðkast í sagnfræði og sögukennslufræðum
- þekkja og geta greint það sem varðar sögu í aðalnámskrá
- geta lesið fræðilegt efni um sagnfræði og sögukennslu á íslensku og erlendu máli sér til gagns
- kunna að hagnýta sér, ígrunda, greina og bera saman sagnfræðilegt efni í mismunandi miðlum
- hafa öðlast inntaksþekkingu á völdum þáttum í sögu Íslands og umheimsins
- hafa færni í að hagnýta sér og greina inntak, framsetningu og sjónarhorn í námsgögnum í sögu, bæði rituðu efni og myndefni
- þekkja og kunna að greina mismunandi rannsóknaraðferðir í sagnfræði
- hafa beitt aðferðum munnlegrar sögu/einsögu við ákveðið viðfangsefni og miðlað því með aðferðum upplýsingatækni (á vef)
- hafa innsýn í möguleika munnlegrar sögu í grunnskólakennslu

Viðfangsefni
Stefnur og straumar, aðferðir og framsetningarmáti sagnfræðinnar. Spurt er spurninga svo sem: Hvað er saga og sagnfræði? Hvernig verða heimildir sögunnar til og hvernig á að lesa úr þeim? Hver eru tengsl hins nálæga og fjarlæga í sögunni? Hvernig er sögunni miðlað og hvernig er hægt að nýta og greina mismunandi framsetningarform? Fengist er við dæmi um rannsóknir og framsetningu og nemendur vinna vefverkefni um sögulegt efni.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, lestur, myndskoðun. Unnin eru fjölbreytt verkefni, stór og smá, m.a. í munnlegri sögu. Meirihluti lesefnis er aðgengilegur á neti, sumt á opnum svæðum og annað á Blakki sem notaður er bæði í stað- og fjarnámi.
Metin eru verkefni af ýmsu tagi, ennfremur umræður á neti. Verkefnaskil dreifast yfir námskeiðstímabilið.

**GSF306G • Þjóðfélag - samfélag • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Markmið
Að nemandinn

- kunni skil á grundvallaruppbyggingu samfélagsins samkvæmt félagsfræðilegum rannsóknum og kenningum
- kunni skil á megindráttum í lögformlegri stofnanagerð íslenska samfélagsins.
- þekki megindrætti í alþjóðavæðingu, með áherslu á aðild Íslands að alþjóðasamfélaginu í efnahagslegu, pólitísku og menningarlegu tilliti
- þekki nokkrar meginkenningar félagsvísindanna um alþjóðavæðingu og geti beitt þeim til að ræða málefni íslensks samfélags í ljósi alþjóðlegrar þróunar
- þekki helstu hugtök og kenningar félagsvísinda um æviskeið, einkum hvað varðar mótun sjálfsmyndar og unglingamenningar á unglingsárum

Viðfangsefni
Fjallað verður, út frá nokkrum ólíkum nálgunum, um samhengi milli efnahagslífs, stjórnmála, opinberrar stjórnsýslu, félagasamtaka, fjölskyldu og annarra "stofnana" í félagsfræðilegum skilningi, sem og unglingamenningu og aðra óformlega hópamyndun. Farið verður yfir stofnanagerð samfélagsins og nokkur nýleg dæmi um þróunina, til dæmis varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hlutverk

stéttarfélaga í kjaramyndun og stjórnsýslu, sem og möguleika almennings til að hafa áhrif á ákvarðanir. Kynntar verða nokkrar félagsvísindakenningar um alþjóðavæðingu og leitað svara við þeirri spurningu hvort þjóðríki á borð við hið íslenska séu að missa gildi sitt eða að fá breytt hlutverk.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður og nemendur vinna nokkur verkefni, ýmist einir eða í hóp og kynna niðurstöður til samnemenda.
Þetta námskeið er að öllu jöfnu kennt annað hvert ár.
Námsmat verður byggt á verkefnavinnu og kynningu verkefna gagnvart samnemendum og kennurum.

**GSF307G • Trúarbragðafræði og trúarbragðakennsla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Markmið Markmið
Að nemandinn:

- hafi þekkingu á helstu aðferðum, kenningum og hugtökum í trúarbragðfræði og trúaruppeldisfræði og geti beitt þeim við úrlausn fræðilegra og hagnýtra viðfangsefna
- hafi þekkingu á meginþáttum helstu trúarbragða heims og geti greint það sem er líkt og ólíkt með þeim
- hafi skilning á hefðum, siðum og táknum ólíkra trúarbragða
- geti greint og lagt mat á ólíkar heimildir um trúarbrögð og lífsviðhorf
- geti greint og skilið tilvistarspurningar og leit fólks eftir merkingu eins og hún birtist í trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- hafi skilning á gildi trúarbragða og lífsviðhorfa fyrir einstaklinga og samfélög
- hafi kynnt sér kenningar um þróun guðsmyndar og trúarlegan þroska barna og unglinga og áhrif trúarbragða á mótun sjálfsmyndar
- sé fær um að setja fram, fjalla um og ræða spurningar og málefni er varða trú og lífsskoðun á málefnalegan hátt og af víðsýni
- geti undirbúið kennslu um trúarbrögð í grunnskóla í fjölmenningarsamfélagi með blönduðum hópi nemenda.

Viðfangsefni
Fjallað verður um trúarþörf og trúarreynslu mannsins, tilvistarspuringar og leit eftir tilgangi og merkingu. Kynnt verða helstu greiningarhugtök, kenningar og rannsóknir á sviði trúarbragðafræða og trúaruppeldisfræða. Rætt verður um gildi trúarbragða fyrir einstaklinga og samfélög og athugaðar rannsóknir á trúarlegum þroska barna og unglinga og áhrifum trúarbragða á mótun sjálfsmyndar og lífsskilnings. Þá verða helstu trúarbrögð heims skoðuð, þ.e. gyðingdómur, kristni, islam, hindúasiður og búddhadómur auk nokkurra annarra trúarbragða, svo sem bahá'ítrúar, kínverskra og japanskra trúarbragða o.fl. Jafnframt verður fjallað um guðlaus lífsviðhorf. Einnig verður vikið að stöðu trúarbragða og nýtrúarhreyfinga í nútímanum og rætt um fjölhyggju, umburðarlyndi og fordóma í tengslum við trúarbragðakennslu í fjölmenningarsamfélagi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, vettvangsathuganir, upplýsingaleit og verkefnavinna.
Nemendur vinna verkefni um trúarbrögð og trúarbragðakennslu og miðla niðurstöðum til samnemenda. Prófað verður í námsefni.

**GSF308G • Landið og landakortin • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eggert Lárusson Lektor
Markmið
Að nemandinn:

- hafi öðlast færni í fjarkönnun með því að vinna með og túlka kort og loftljósmyndir af landfræðilegum fyrirbærum
- geti unnið með ljósmyndir af landslagi og tengsl þess við landmótun
- geti greint og borið saman landfræðileg einkenni Íslands og tengsl þeirra
- verði fær um að greina samspil lands og hafs umhverfis Ísland
- skilji helstu þætti veðurs og veðurfars sem hafa áhrif á búsetu á landinu
- þekki hvernig nota má landakort og landfræðilegt myndefni í kennslu
- þekki námsgögn og aðrar heimildir sem nýst geta við undirbúning kennslu í landfræði
- þekki rannsóknir á sviði landfræði og landfræðikennslu.

Viðfangsefni
Gerð og lestur margskonar landakorta og loftmynda, hnattlíkön, mælikvarðar, kortatákn, kortvarpanir, lofmyndir, GPS og áttavitar, notkun þrívíddarsjár, gerð einfaldra þrívíddarljósmynda og vinna með þær. Bauganet jarðar í tengslum við staðsetningu og tímabelti.
Gerðir og uppruni helstu drátta í landslagi á Íslandi eins og fjalla, fjarða, jökla, láglendis og stranda. Uppbygging Íslands, veðrun og rof. Lofthjúpur jarðar, geislun og orkuskipti, hitafar, loftþrýstingur og vindar, raki og úrkoma, loftmassar, skil og lægðir, veðurspár og veður á Íslandi. Sjávarföll, hafstraumar og fiskimið, hringrás vatns í tengslum við vinda og úrkomu.
Kynnt verði fagtímarit á sviði landfræðikennslu og rannsóknir er snúa að því hvernig nemendum finnst skemmtilegast að læra landfræði.
Vinnulag
Áhersla verður á hagnýt verkefni sem nýtast vel til undirbúnings kennslu í grunnskóla. Kennt verður með fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og rík áhersla verður á notkun upplýsingatækni.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat, þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.

**GSF309G • Nemandi á Netinu • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið Þekkingar- og skilningsmarkmið
Nemendur þekki
- til rannsókna og tilrauna um Netið í námi og geti tengt nýja samskiptatækni kenningum um nám og kennslu
- helstu verkfæri við nám og námssamfélög á Netinu
- og geti lýst mismunandi gerðum netsamfélaga (námssamfélög,áhugasamfélög, leikjasamfélög)

- lög og reglur um birtingu og meðferð efnis á Neti, höfundarréttarlög og opnar lausnir
- og skilji samspil efnis á Netinu (rss, tagging o.fl.) og þekki helstu upplýsingabanka með stafrænu margmiðlunarefni
- og skilji hvaða hindranir eru á aðgengi ákveðinna hópa að upplýsingasamfélaginu

Færnimarkmið
Nemendur geti
- byggt námsferli á Netinu og tekið þátt í ýmis konar námssamfélögum á Netinu
- útbúið ýmis konar náms- og kennsluverkefni fyrir Netið
- tekið þátt í samvinnuverkefnum á Netinu (wiki o.fl.)
- bent á leiðir til að yfirstíga ýmsar hindranir á aðgengi einstaklinga og hópa að upplýsingatækni og netmiðlun

Inntak / viðfangsefni
Inntak námskeiðsins er nám á Netinu og þekkingarleit og þekkingarsköpun nemenda í samvinnu við aðra í samtengdum og síkvikum stafrænum heimi. Á námskeiðinu verða skoðuð, prófuð og metin ýmis konar verkfæri, gagnalindir og netþjónustur sem nýtast við netnám og námssamfélög á Neti.
Vinnulag
Námskeiðið er nemendamiðað og verkefnamiðað. Verkefni nemenda eru bæði einstaklingsverkefni og verkefni unnin í samvinnu við aðra með því að nota ýmis konar netverkfæri til samvinnuskrifa. Námumhverfið er að miklu leyti á Netinu og að hluta með fjarkennslusniði en einnig er gert ráð fyrir fyrirlestrum og verkstæðistímum.
Lesefni Greinar og vefefni um nám og námssamfélög á Netinu, netmiðla og netlausnir, samvinnuskrif, opinn hugbúnað, námsumhverfi sem hverfist um nemendann, sérþarfir nemenda eða félagshópa með tilliti til upplýsingatækni og samskipta og fleira.
Námsmat verður með fjölbreyttum hætti, að hluta til með netprófum/heimaprófum, skilamöppu á vef og þátttöku í hópverkefnum á vef.

**GSF310G • Tjáning og táknvísi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefán Jökulsson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið
Nemendur

- öðlist skilning á tjáningu og samskiptum (communication) og þekki til helstu kenninga á því sviði
- læri um táknvísi (miðlalæsi) og þær hugmyndir um nám og kennslu sem tengjast henni
- kynnist aðferðum við hugmyndavinnu, útfærslu og framsetningu efnis og kostum efnissköpunar sem aðferðar við nám
- læri undirstöðuatriði í stafrænni hljóðvinnslu
- fái innsýn í menningarheima ungmenna, samskipti þeirra og listsköpun

Færnimarkmið
Nemendur geti

- útskýrt hvað gerist þegar fólk skapar merkingu, t.d. þegar það talar saman, skrifar ritgerð eða horfir á sjónvarp
- gert grein fyrir hlutverki fjölmiðla í samfélaginu og tengslum þeirra við lýðræði og menningu
- metið fjölmiðlaefni með hliðsjón af lykilspurningum táknvísinnar og greint með hvaða hætti fjölmiðlafólk túlkar veruleikann
- tekið upp hljóð og notað fjölrása hljóðvinnsluforrit, t.d. til að búa til útvarpsþátt eða hljóðsetja myndbönd eða vefefni
- lýst því hvernig stafræn tækni tengist lífi og hugðarefnum ungs fólks

Inntak/viðfangsefni
Inntak námskeiðsins varðar þann hlut miðlunar- og samskiptafræða sem tengist uppeldi og menntun. Fjallað er um þátt táknvísi í skólastarfi en í henni felst hæfni til að meta ýmiss konar upplýsingar og fjölmiðlaefni á gagnrýninn hátt og geta til að búa til efni og miðla því með margvíslegum aðferðum. Kynnt er það verklag í skólastarfi sem byggt er á táknvísi, þ.e.a.s. að nemendur noti mismunandi tjáningarform við nám sitt - myndir jafnt sem hljóð- og læri í leiðinni sitthvað um kosti þeirra og galla. Jafnframt er hugað að kostum þess að börn og unglingar beiti stafrænni tækni til að búa til efni af ýmsu tagi. Vettvangsnám tengist efnisgerð nemenda í skólum, t.d. skólaútvarpi og stuttmyndagerð, fjölmiðlum og fyrirtækjum sem framleiða stafrænt efni.
Vinnulag
Verkefni eru bæði skrifleg og verkleg og áhersla lög á að fræðin nýtist við vinnslu verkefna. Þátttakendur kynnast vinnulagi við efnisgerð og búa til efni af ýmsu tagi, t.d. fréttaefni, ljósmyndasögur eða auglýsingar. Verkefni er ýmist einstaklingsverkefni eða samvinnuverkefni og reynir mikið á samræðu og samskipti í nemendahópnum.

**GSF313G • Rúmfræði og algebra • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Bjarnadóttir Dósent
Kennari: Kristín Halla Jónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Friðrik Aðalsteinn Diego Lektor
Viðfangsefni
Lögð verður áhersla á þróun stærðfræðilegra vinnubragða. Fjallað verður um almenn hugtök rúmfræði, svo sem punkt, línu, flöt, horn, samsíða línur og hornréttar. Ennfremur um flatarmyndir, þrívíð form, rúmfræðilegar færslur, hlutföll, aljöfnuð og einslögun og atriði úr hnitarúmfræði. Kynntir verða valdir þættir úr sögu rúmfræðinnar. Fjallað verður um mælihugtakið og sérstök áhersla lögð á mælingar rúmfræðilegra eiginleika, svo sem lengdar, flatarmáls og rúmmáls.
Skoðaður verður regluleiki í talnamynstrum og rúmfræðilegum mynstrum og hvernig má setja hann fram með bókstöfum og á táknmáli stærðfræðinnar. Fjallað verður um hugtök úr algebru, svo sem stæður, breytur, jöfnur og föll, reikniaðgerðir og önnur hugtök þeim tengd, og það hvernig beita má algebru við að leysa margvísleg viðfangsefni, t.d. með því að umrita yfir á táknmál algebrunnar og/eða setja fram stærðfræðileg líkön.
Fengist verður við þrautalausnir og stærðfræðileg líkön. Fjallað verður um hvernig takast má á við líkanagerð með nemendum og hvernig stærðfræði er notuð á ýmsan hátt í samfélaginu.
Nemendur kynnast rannsóknum á hvernig skilningur barna á rúmfræði og algebru þróast. Fjallað verður um rannsóknir á kennslu þessara þátta og hugað að hlutverki kennarans við að byggja upp námsumhverfi og ákjósanlegar aðstæður til árangurríks stærðfræðináms þar sem nemendur öðlast fjölbreytta stærðfræðilega hæfni. Sérstaklega verður skoðað hvernig nýta má Netið, kennsluforrit og aðra tæknimiðla.

Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og vinnutímum þar sem glímt verður við stærðfræðileg viðfangsefni, umræður fara fram og nemendur kynnast notkun námsgagna og fjölbreyttri nálgun
Námsmat byggist á verkefnum sem nemendur vinna og eigin athugunum þeirra þar sem þeir prófa m.a. leiðir við kennslu. Próf verður haldið í lok námskeiðs.

**GSF314G • Dönsk málnotkun og máltaka nemenda 1 • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist skilning á eðli og uppbygging danska málkerfisins og kunni skil á hvernig nemendur í grunnskóla tileinka sér dönsku sem erlent tungumál. Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist skilning á eðli og uppbygging danska málkerfisins og kunni skil á hvernig nemendur í grunnskóla tileinka sér dönsku sem erlent tungumál.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- kunni skil á myndunarfræði í dönsku
- skilji forsendur orðflokka og setninga
- þekki til og kunni skil á rannsókna um myndunarfræði
- hafi náð vald á málfræðihugtökum og geti beitt þeim í kennslu
- hafi öðlast þekkingu á kenningum og rannsóknum á því hvernig nemendur tileinka sér erlent tungumál
- skilji og þekki til helstu kenninga um hvernig danskt mál er kennt í skólastofunni.
- hafi náð góðum tökum á að skrifa texta í mismunandi tilgangi
- geti notað þekkingu sínu til að leggja mat á rituðu máli nemenda

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um danska málkerfið, málfræðihugtök, málsnið og einkenni ritað máls. Einnig verður fjallað um hvernig nemendur tileinka sér erlent tungumál (acquisition). Kennaranemum eru kynntar rannsóknir um hvernig danska málkerfið er kennt sem erlent og annað mál. Athugað verður hvaða villur Íslendingum hættir til að gera í dönsku ritmáli. Athugunar gerðar á ritunarverkefnum grunn- og framhaldskólanemenda.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni, bæði skriflega og munnlega. Verkefni skilað inn eða kynnt í málstofu. Þátttaka í málveri.
Dæmi um lesefni
Michael Dal (2006): Kompetence i grammatik og undervisning, Reykjavik
Auður Hauksdóttir (2001). Lærerens strategier - elevernes dansk. Kbh., Nordisk Ministerråd Nordisk Råd.
Anne Jensen (1999). "Hvordan lærer man fremmedsprog? Teorier og strategier." Copenhagen Working Papers in LSP no. 2: 27-45.
Karen Lund. (1997). "Giv grammatikken indhold." Sprogforum vol. 3, no. 7: pp. 6 - 11.
Mannfred Pienemann (1989). "Is Language Teachable? Psycolinguistic Experiments and Hypotheses." Applied Linguistics vol. 10, no. 1: pp. 52-79.
Ulrika Tornberg (2001): Sprogdidaktik, Alinea, København
Skrifleg verkefni (60%)metið til móts við lokapróf (40 %).

**GSF318G • Formsköpun textíla I • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Fríður Ólafsdóttir Dósent
**Formsköpun textíla I**
**Markmið:** að nemandi

- \- hafi þekkingu á helstu textílvefjarefnum
- \- hafi skilning á samspili frumforma og lita og nýti hann við formsköpun með textíla
- \- hafi tileinkað sér þekkingu og skilning á fjölbreyttum vinnuaðferðum með textíla og beiti þeim við formgerð og sköpun með textíla
- \- vinni skipulega og faglega að viðfangsefnum sínum við textílvinnu og efli með sér hæfni til að gagnrýna og rökstyðja eigin upplifun, nálgun og túlkun
- \- hafi öðlast skilning á og tileinkað sér fagleg hugtök og kenningar í textíl-, lita- og formfræði og beiti þeim jafnt við einstaklingsbundna vinnu sem og rannsóknir og störf á vettvangi
- \- sé fær um að túlka og kynna mikilvægi samfells vinnuferils í listrænu handverki allt frá hugmynd til niðurstöðu og þá upplifun sem er samfara því ferli
- \- hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun og beitingu ímyndurnarafls og upplifað sköpunar- og vinnugleði sem nýtist í frekara námi í textílmennt og starfi í grunnskóla

**Viðfangsefni**

- \- safnað sýnishornum af helstu textílvefjarefnum og unnin lítil vinnubók
- \- unnið að formsköpun og listrænni túlkun með textíla þar sem einkum er tekið mið af prjóni, hekli, saumavél og fleiri möguleikum textíla
- \- í hugmynda-, þróunar- og rannsóknarvinnu með textíla, form og liti er lögð áhersla á ferilvinnu sem byggir á beitingu áhalda og tækja, þjálfun handbragðs með mismunandi textílaðferðum og faglegri notkun hugtaka
- \- unnin tilraunaverkefni þar sem tekið er mið af miðstigi grunnskóla og tvinnað saman hagnýtum textílaðferðum, listrænni túlkun og miðlun með nýjustu tækni og hugbúnaði

**Vinnulag**
Fyrirlestrar, verkefnavinna, einstaklingsbundin leiðsögn og verkleg þjálfun. Áhersla á vandað, faglegt vinnulag með skírskotun í tíðaranda og heim grunnskólanemenda
Nauðsynleg undirstaða: Sjónlistir og vettvangsnám (GSF216G) eða Sjónlistir og vettvangsnám (GSS219G)
Verkefni metin til einkunnar með hliðsjón af markmiðum námskeiðs og samkvæmt námsmatsreglum HÍ.

**GSF320G • Náttúra Íslands • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Kennari: Eggert Lárusson Lektor
Kennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið er að nemandi:

1. Skilji að umhverfi Íslands er samspil manns og náttúru.
2. Viti hvað hefur mótað náttúru Íslands, hvað ógnar henni og hvað er gert til varnar.
3. Geti útskýrt megindrætti landslags og hvaða roföfl hafa verið að verki á hverjum stað.
4. Verði fær um að skipuleggja einfalda náttúruskoðun og útikennslu.
5. Verði fær um að lesa ýmsar gerði korta um náttúru Íslands.
6. Viti hvaða þættir hafa haft mest áhrif á myndun og mótun jarðvegs og landslags á Íslandi.
7. Skilji grunnatriðin í þróunarkenningu Darwins.
8. Þekki einkenni gróðurs og dýralífs á Íslandi, læri að þekkja helstu plöntur og dýr (fugla, spendýr, smádýr) og skoði lífverur út frá aðlögun þeirra að umhverfi sínu
9. Geti safnað, greint og skoðað þau dýr sem einkenna dýrasamfélög á landi . í fjörum /eða í fersku vatni og læri um sérstöðu íslensku húsdýranna.

Inntak / viðfangsefni:
Jarðsaga Íslands, innri öfl, veðrun og rof, helstu berggerðir, tegundir landslags, einkenni og myndun jarðvegs, jarðvegseyðing, einkenni veðurfars og sjórinn við landið.
Þróunarkenning Darwins (náttúruval, aðlögun). Sérstaða íslensku húsdýranna með áherslu á aðlögun þeirra að íslensku umhverfi. Grunnatriði vistfræði Íslands: helstu gróðursamfélög, vistfræði þurrlendis, smádýralíf, fugla- og spendýralíf . Stefnur í landgræðslu og skógrækt.
Kortalestur og einföld kortagerð. Undirbúningur og skipulag útikennslu og vettvangsferða. Aðferðir við söfnun smádýra og greiningar.
Vinnulag : Námskeiðið er að mestu kennt á Blakki en í staðlotum verða nemendur mest í verklegri vinnu, aðallega úti við. Í fyrstu staðlotu eða strax eftir hana verður farið í 2-3ja daga ferð þar sem nemendur fá þjálfun í náttúruskoðun. Nemendur gera athuganir í náttúrunni og vinna úr gögnum. Þeir skoða og safna lífverum til nánari athugana í vinnustofu. Þeir skrifa um upplifanir sínar, skilning og um niðurstöður athugana. Fyrirlestrar og annað efni verður sett á vef og umræður verða um ákveðin efni sem nemendur kynna sér.
Námsmat: (1) Próf -40 % (verklegt og bóklegt ) (2) Gerð umhverfis/ náttúrustígs - 30%, (3) verkefni um hugtakaskilning (þróunar- og vistfræði)- 20%, (4) umræðuverkefni á Blakki - 10%

**GSF321G • Lífeðlisfræði mannsins og atferli dýra og manna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Kennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið: Að nemendur:

- öðlist heildarsýn á manninn sem lífveru og mannslíkamann sem viðfangsefni náms og kennslu,
- skilji starfsemi líffæra, líffærakerfa og samstarf þeirra og öðlist öryggi í notkun hugtaka á þessu sviði í kennslu,
- þrói skilning á starfsemi heilans sem stjórntækis, til þjálfunar og náms og mótunar atferlis,
- skilji fræðilegan grunn heilbrigðisuppeldis skóla, áhrif lífshátta og umhverfis á heilbrigði manna og þátt þessa í forvörnum
- verði færir um að afla sér þekkingar um mannslíkamann og nám um hann,
- að nemendur öðlist innsýn í dýraatferlisfræði og átti sig á þeim möguleikum sem greinin býður upp á í kennslu,
- að nemendur átti sig á hvernig hegðun dýra og manna mótast bæði af erfðum og umhverfi og hvernig náttúruval hefur mótað hegðun,
- að nemendur læri um námshæfileika dýra, kúltúr meðal dýra, gáfnafar og persónuleika og ræði í ljósi dýraverndunar,
- að nemendur öðlist þjálfun í að mæla hegðun dýra, t.d. hesta og annarra húsdýra og fugla,
- að nemendur kynnist hvernig hegðun mannsins er túlkuð í ljósi félagslíffræði
- að nemendur kynnist námsefni á þessu sviði og kynni sér námskrá grunnskólans.

Inntak / viðfangsefni. Bygging og starfsemi mannslíkamans, frumur, vefir, líffæri og líffærakerfi, samvægi og stjórnun, varnir líkamans, æxlun og fósturþroski, orka og næring, viðbrögð líkamans við álagi, fíkn og forvarnir, skilningur grunnskólanema á hugtökum um mannslíkamann.
Kennsla; Kynntar verða hugmyndir að kennslu ofantaldra viðfangsefna sem og rannsóknir sem þeim tengjast.
Vinnulag :
Áhersla verður á hagnýt verkefni sem nýtast vel til undirbúnings kennslu í grunnskóla. Kennt verður með fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og rík áhersla verður á notkun upplýsingatækni. Vettvangsferðir verða nokkrum sinnum á önninni.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat, þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.
Verkefni og próf í samráði við nemendur.

**GSF424G • Grunnskólamiðuð matreiðsla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Á þessu námskeiði er gert ráð fyrir tengslum við vettvang og matreiðslan byggist í aðalatriðum á því að kynna námsefni í heimilisfræði fyrir nemendum og búa þá undir vettvangsnám. Samhliða því verður haldið áfram að kynna holla nútímalega rétti og alþjóðlega matargerðarlist. Rannsóknir á neysluháttum nemenda kynntar. Á þessu námskeiði er gert ráð fyrir tengslum við vettvang og matreiðslan byggist í aðalatriðum á því að kynna námsefni í heimilisfræði fyrir nemendum og búa þá undir vettvangsnám. Samhliða því verður haldið áfram að kynna holla nútímalega rétti og alþjóðlega matargerðarlist. Rannsóknir á neysluháttum nemenda kynntar.
Markmið og viðfangsefni:
Stefnt er að því að nemendur öðlist skilning

- og leikni í hollri matreiðslu samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni og kunni að skipuleggja neyslu annarra samkvæmt þeim.
- læri fjölbreytta matreiðslu.
- læri að fylgjast með nýjum stefnum og straumum í íslenskri matargerð.
- læri að fylgjast með stefnum og straumum erlendis frá og þekki algenga alþjóðlega rétti sem sjá má á matseðlum víðsvegar um heiminn.
- læri að vanda framreiðslu matarins og vanda borðdekkningu.
- læri að halda sýnikennslur, vinna og tala samhliða fyrir framan aðra.
- læri að meta gæði og notagildi heimilisáhalda, heimilistækja og borðbúnaðar.
- fái þjálfun í gerð kennsluáætlana fyrir eldra stig grunnskólans og gerð kennsluverkefna.

Kynnt verður námsefni grunnskóla í heimilisfræði og nemendur búnir undir vinnu á vettvangi. Matreiðsla fyrir börn á yngri og eldri stigum þar sem áhersla verður lögð á grunnþætti matreiðslu og holla daglega næring barna- og ungmenna og hvað þau þurfa að kunna? Jafnframt verður haldið áfram að kynna holla rétti bæði innlenda og erlenda.
Matreiðsla fyrir ýmsa aldurshópa, gerð kennsluefnis og kennsluæfingar.
Vinnulag: Verklegar æfingar , kennsluæfingar, einstaklingsverkefni og hópverkefni
Undirbúningur og uppgjör vettvangsnáms.
Nauðsynleg undirstaða: Matur menning heilsa (GSF212G) eða Matur menning heilsa (GSS217G)
Frammistaða í kennslustundum, kennsluæfingar og verkefni nemenda metin til einkunnar. Aukaverkefni lögð fyrir fjarnema.

**GSF425G • Örverufræði og matvælafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Nemendur

- öðlist undirstöðuþekkingu í örverufræði með sérlegu tilliti til mikilvægi hennar í sambandi við öryggi, geymslu og meðhöndlun matvæla.
- geti miðlað öðrum þekkingu á þessu sviði þannig að þeir geti á öllum venjulegum framleiðslustigum matvæla sagt til hvernig beri að haga sér hvað hreinlæti og meðhöndlun snertir og hvers vegna.
- þekki matvöruflokkana og viti um uppruna þeirra (sögulegan og landfræðilegan) byggingu, eiginleika, framleiðslu og efnainnihald matvörutegunda.
- kynnist hjálparefnum sem notuð eru við matvælavinnslu.
- kynnist rannsóknarstofnunum , upplýsingastöðvum, eftirlitsaðilum og leiðum til að afla sér upplýsinga á sviði matvælafræði.
- kynnist íslenskri matvælalögjöf.
- kynnist íslenskum matvælaiðnaði (sögu og umfangi).
- kynnist af eigin raun eiginleikum þeirra efna sem notuð eru við matvælavinnslu.
- kynnist tilraunamatreiðslu og skynmati.

Viðfangsefni örverufræði: Flokkun örvera og skipan í lífríkinu. Helstu einkenni og mikilvægi baktería, sveppa og veira. Áhrif umhverfisþátta á örverur. Örverufræði helstu matvæla. Helstu tegundir matarsýkinga og matareitrana. Verklegar æfingar til að dýpka skilning nemenda.
Vinnulag: Fyrirlestrar og verklegar æfingar.
Viðfangsefni matvælafræði: Matvælafræði stefnir að því að nem. þekki matvöruflokkana og viti um uppruna þeirra (sögulegan, landfræðilegan), byggingu, eiginleika framleiðslu og efnainnihald vörutegunda. Kynnist hjálparefnum í matvælaiðnaði og íslenskri matvælalöggjöf. Nemendur taki þátt í tilraunamatreiðslu, skynmati og hvernig breyta má hráefni án þess að bragðgæði skerðist.
Vinnulag í staðnámi: Fyrirlestrar, verklegar æfingar, vettvangsferðir og verkefni.
Vinnulag í fjarnámi: Verklegar æfingar í staðbundinni lotu. Nemendur framkvæma verklegar æfingar heima , skrifa um þær skýrslur og

vinna verkefni.
Skriflegt próf í lok annar og verkefni metin til einkunna.

**GSF426G • Enskt mál og menning II • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Markmið
Að kennaranemar

- öðlist þekkingu á menningu og þjóðlífi í Norður-Ameríku og skilning á því hvað einkennir daglegt líf og hefur áhrif á það
- öðlist færni í að lesa með gagnrýnum huga bókmenntaverk og fjölmiðlaefni um Norður-Amerískt þjóðlíf
- kunni skil á helsta mun málnotkunar í Bretlandi og Norður-Ameríku
- geti miðlað þekkingu sinni í töluðu og rituðu máli

Viðfangsefni
Þetta námskeið fjallar um margbreytilegar hliðar á Norður-Amerísku þjóðlífi eins og það birtist í bókmenntum, fjölmiðlum, dægurmenningu og daglegu lífi fólks og miðar að því að kennaranemar verði færir um að miðla þeirri menningu í kennslu. Lögð verður áhersla á alhliða málþjálfun í tengslum við viðfangsefnin. Annars vegar er áframhaldandi þjálfun í ritun og verður einkum hugað að ritgerðasmíð. Hins vegar er fjallað um ýmsa þætti í töluðu máli, m.a. mun á málnotkun í Bretlandi og Norður-Ameríku.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Það verða stuttir inngangsfyrirlestrar en að mestu leyti er um að ræða verkefnavinnu, ritgerðir og munnlegar kynningar, lestur, upplýsingaleit, miðlun upplýsinga, kynningar og umræður.
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar. Sjálfsmat er hluti af því ferli á móti kennaramati. Einnig verður námsmat byggt á verkmöppu.

**GSF428G • Leirmótun og listasaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Kvaran Prófessor
Kennari: Kristín Ísleifsdóttir Aðjunkt
Markmið
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- hafa innsýn í fjölbreyttar aðferðir og þrívíðrar myndgerðar í leir
- kunna á efni, áhöld og undirstöðuatriði í tækni
- þekkja ferilinn frá hugmynd til fullunnins hlutar/verks
- vera fær um að laga hugmyndir, vinnuaðferðir og efni að starfi með börnum
- hafa innsýn í hvernig samþætta má þrívíða myndgerð öðrum námsgreinum
- hafa þekkingu á margbreytileika og möguleikum efnisins í skólastarfi
- hafa innsýn í fræðasvið listfræðinnar/listasögunnar
- þekkja tímabil og stíleinkenni listasögunnar frá list Grikkja til okkar tíma og geta tengt listasöguna við myndmenntakennslu
- þekkja til listasafna og hafa hæfni til að nýta sér þau sem fræðslu- og upplýsingastofnanir.

Inntak/viðfangsefni:
Þáttur leirmótunar er um þriðjungur námskeiðsins. Nemendur spreyta sig á nokkrum skylduverkefnum, síðan velja þeir sér eigin viðfangsefni í samráði við kennara og vinna þau frá hugmynd til fullunnins verks. Fræðsluefni um leirtegundir, glerunga og brennslur fá nemendur frá kennara og vinna verkefni í tengslum við það. Leir sem efni til sköpunar er skoðað út frá list, hönnun og handverki. Meðferð leirs, mótun, glerjun og brennslur eru áhersluþættir sem fléttast inn í allt námskeiðið. Nemendur safna efni um verkefnin og vinnuferilinn í ferilmöppu .
Grunnnámskeið um listasögu og sjónmenntir Vesturlanda. Fjallað verður umhelstu verk og tímabil listasögunnar frá tímum Grikkja og fram til loka 20. aldar. Fjallað verður um ýmis svið og hugtök í þessu samhengi eins og listfræði, listhugtakið, túlkun og upplifun listaverka, stílhugtakið,ljósmyndina, listmenntun, listasöfn, listaverkaverslun, meistaraverk, módernisma og póst-módernisma.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, sýnikennsla, umræður, námsefni á Uglu verkleg vinna og vinna við ferilmöppu. Kennslan fer fram í fyrirlestrum og verkefnum nemenda og listasöfn og sýningar verða heimsótt.
Í leirmótun er umsögn og einkunn um skrifleg og verkleg verkefni og ferilmöppu. Verkefni í listasögu á námstímanum og skrifleg próf í lok námskeiðsins.

**GSF429G • Læsi og lestrarkennsla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Rannveig Auður Jóhannsdóttir Lektor
Kennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Að kennaranemar þekki:

- grundvallarhugmyndir um tengsl máls, málörvunar og læsis
- helstu kenningar um þróun lestrar, lesskilnings og ritunar og geti mátað þær við ólík lestrarlíkön
- hugmyndafræði og rannsóknir á helstu lestrarkennsluaðferðum og átti sig á möguleikum þeirra og takmörkunum með tilliti til lestækni og lesskilnings
- grunnhugmyndafræði lesskilnings og hvernig má þjálfa hann frá upphafi lestrarnám
- meginhugtök er varða læsi og lestrarerfiðleika (lestur, lesskilning og ritun) og geti beitt þeim í viðeigandi samhengi
- helstu kenningar og skilgreiningar á lestrarerfiðleikum (dyslexíu/lesskilningi), megineinkenni og orsakir

Að kennaranemar geti:

- skipulagt heildstæða, einstaklingsmiðaða kennslu í lestri og ritun á grundvelli fræðikenninga
- skipulagt kennslu og kennsluaðstæður sem örva orðaforða og lesskilning
- borið kennsl á helstu einkenni lestrarörðugleika og beitt fyrirbyggjandi kennsluaðferðum og snemmtækri íhlutun til að draga úr eða fyrirbyggja lestrarerfiðleika
- beitt viðeigandi aðferðum við að meta og túlka árangur í lestrarnámi / lestrarkennslu

Viðfangsefni:
Meginviðfangsefni námskeiðsins er að fást við hvernig skipuleggja má lestrarkennslu þar sem mál, lestur, lesskilningur og ritun tengjast með tilliti til einstaklingsmunar. Hugað verður að einkennum lestrarörðugleika og hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum hægt er að beita til að hindra þróun þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á það að kennaranemi nái tökum á fræðilegum forsendum læsis og geti beitt þeim í lestrarkennslu. Horft verður til hlutverks uppalenda barna við undirbúning og stuðning í lestrarnámi.
Leiðir í lestrarkennslu og áhrif námsumhverfis verður athugað. Viðfangsefni námskeiðsins verða skoðuð út frá rannsóknum, hlutbundinni vinnu á vettvangi, umræðum og dæmum úr lífi og umhverfi nemenda. Kennaranemar kynnast leiðum til að fylgjast með því sem er að gerast á fræðasviði um læsi og í lestrarkennslu og hvernig kennt er á vettvangi til að þeir geti markvisst sótt sér hugmyndir og hvatningu til að auka þekkingu sína og skilning á viðfangsefninu.
Vinnulag:
Haldnir verða fyrirlestrar og nemendur taka þátt í umræðum og verklegri vinnu. Kennaranemar lesa sér til um kenningar, rannsóknir og kennslufræði lestrar og ígrunda eigin viðhorf og annarra varðandi lestrarkennslu. Þeir athuga valda þætti í læsi á vettvangi ásamt því að skipuleggja afmörkuð viðfangsefni í lestrarkennslu.
Þrjú verkefni sem samanlagt eru 70% af heildarmati námskeiðsins. Verkefni 1 er einstaklingsverkefni(30%)og tekur til fræðilegra þátta í þróun læsis og læsiskennslu (lestur-lesskilningur-ritun). Verkefni 2 er hópverkefni (20%) fjallar um mat á lestri og lestrarerfiðleikum. Verkefni 3 er hópverkefni(20%)þar sem nemendur hjálpast að við að safna gögnum (verkfærum)um læsiskennslu í persónulega safnmöppu og leggja mat á gildi þeirra út frá rannsóknum og kenningum. Próf 30% Próf 50%

**GSF430G • Kennsla á vettvangi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Sólveig Jakobsdóttir Dósent
Kennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Kennari: Þuríður Jóhannsdóttir Lektor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið:
Nemendur þekki

- margbreytileg dæmi um nálgun í námi og kennslu á sviði upplýsingatækni og miðlunar
- nokkuð til innviða skólastarfs í nokkrum ólíkum skólum, einkum með tilliti til upplýsingatækni og miðlunar
- af eigin raun hvernig er að skipuleggja og annast nám og kennslu á vettvangi
- leiðir til að skoða, fjalla um og meta eigin kennslu, einir og í félagi við aðra

Færnimarkmið
Nemendur geti

- annast kennslu á sviði upplýsingatækni og miðlunar, gjarnan í samvinnu við önnur greinasvið og metið árangur á faglegum grunni með endurskoðun og úrbætur í huga

Inntak/viðfangsefni
Námskeiðið lýtur að vinnu nemenda í vettvangsnámi, skipulagi tilraunakennslu á vettvangi, athugunum nemenda, jafningja- og sjálfsmati, mati kennara og virkum tengslum við viðtökukennara. Lögð er áhersla á að kennarar á kjörsviðinu, nemendur og viðtökukennarar myndi öflugt námsamfélag um vettvangsnámið með lifandi tengslum þvert á viðfangsefni og viðtökuskóla.
Lesefni: Greinar, heimildamyndir og annað efni um skipulag kennslu, kennslufræði, mat á kennslu og námi, gjarnan með áherslu á upplýsingatækni og miðlun. Leitast er við að benda á lýsandi dæmi um fjölbreytilegar kennsluaðferðir og mismunandi skipulag skólastarfs með tilliti til upplýsingatækni og miðlunar.
Nemendur, viðtökukennarar og kennarar á kjörsviði fjalla um vettvangsnámið, kennslu og námsvinnu kennaranema í heimsóknum, umræðum og greinargerðum.

**GSF432G • Að kenna um bylgjur, ljós, hljóð og rafmagn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Haukur Arason Lektor
Markmið að þátttakendur:

- Öðlist þann skilning á bylgjum, ljósi, hljóði og rafmagni sem þarf til þess að geta kennt um þessi fyrirbæri í grunnskóla.
- Þekki rannsóknir á hugmyndum barna og unglinga um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins og geti nýtt sér þessar rannsóknir í kennslu.
- Þekki kennslubækur, verklegar æfingar og kennsluhugmyndir sem geta nýst í grunnskólakennslu um viðfangsefnin.
- Öðlist færni í að ræða um viðfangsefnin við börn og unglinga.
- Þekki samfélagslegt gildi þekkingar á viðfangsefnunum fyrir einstaklinga og samfélagið og þekki leiðir til að vekja áhuga barna og unglinga á viðfangsefnunum.
- Þekki markmið Aðalnámskrár í náttúrufræðum fyrir grunnskóla sem snerta viðfangsefnin og öðlist innsýn í vinnubrögð og aðferðir grunnskólakennslu um þessi viðfangsefni.

Inntak / viðfangsefni:
Náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins eru: Sveiflur, bylgjur á streng, öldur á vatni, almennir bylgjueiginleikar, hljóð, myndun þess, útbreiðsla og víxlverkun við efni, ljós, myndun þess, útbreiðsla og víxlverkun við efni, sjóntæki, rafmagn, rafhleðslur, rafkrafta, stöðurafmagn, rafstrauma, segulmagn, framleiðslu og nýtingu rafmagns.
Í þessu námskeiði verða þátttakendur búnir undir að kenna í grunnskóla um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins. Mikil áhersla verður lögð á að tengja viðfangsefnin við hugmyndir og reynslu þátttakenda. Fjallað verður um rannsóknir á hugmyndum barna um viðfangsefnin og mögulegar leiðir til að tengja með kennslu þessi viðfangsefni við reynsluheim og hugmyndir grunnskólabarna. Fjallað verður um kennslu náttúrufræðilegra viðfangsefna námskeiðsins, skoðaðar kennslubækur og verklegar athuganir.
Vinnulag
Þátttakendur taka þátt í umræðum þar sem þeir kanna hugmyndir sínar um viðfangsefnin. Ígrundaðir verða textar um viðfangsefnin og kennslu þeirra og gerðar verklegar æfingar sem auka skilning á viðfangsefnunum. Meginviðfangsefni verða kynnt í umræðum en nemendum síðan gefið rými til að afla frekari upplýsinga og þróa hugsun sína í gegnum frekari umræður, verkefni og kynningar.
Virkni nema í námskeiðinu verður metin. Jafnframt vinna nemendur ýmis verkefni og taka próf.

**GSF436G • Kennslufræði og vettvangsnám list- og verkgreina I • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Ísleifsdóttir Aðjunkt
Kennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Markmið:
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- þekkja helstu kenningar og kennsluaðferðir í list- og verkgreinum
- geta beitt ólíkum kennsluaðferðum sem byggja á skapandi vinnu á yngri barna- og miðstigi grunnskólans
- hafi öðlast færni í að skipuleggja og meta kennslu út frá markmiðum námskrár, sérkennum nemendahópsins og aðstæðum á hverjum stað
- geta framkvæmt og útfært eigin kennsluverkefni

Viðfangsefni:
Nemendur kynnast fræðilegum og hagnýtum þáttum sem tengjast list- og verkgreinakennslu, s.s. skipulag kennslu og gerð kennsluáætlana. Fjallað verður um list- og verkgreinakennslu í tengslum við helstu kenningarsmiði í kennslufræði s.s. Eisner, Dewey og Garndner. Nemendur prófa verkefni sín á vettvangi grunnskólans undir handleiðslu kjörsviðs- og viðtökukennara. Námskeiðið er skyldunámskeið í list- og verkgreinum. Í námskeiðinu er sameiginlegur kjarni og síðan er nemendum skipt í hópa eftir kjörsviðum.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, kynningar, umræður, verkefni, skólaheimsóknir og vettvangsnám. Hugleiðingar og ígrundun nemenda um lesefni, fyrirlestra, umræður og reynslu í vettvangsnámi er haldið saman í leiðarbók. Í lok námskeiðs skila nemendur ferilmöppu um námsframvindu og með kennsluverkefnum í vettvangsnámi.
Umsögn viðtökukennara um starf kennaranema, lokið/ólokið og einkunn fyrir verkefni og ferilmöppu.

**GSF437G • Hönnun og þróun í smíði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Markmið
Nemar hljóti þekkingu á og þjálfun í smíði hluta sem þeir hanna og teikna sjálfir. Aukin áhersla er á notkun trésmíðavéla.Nemendur vinna á skapandi hátt með þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér í fyrri námskeiðum kjörsviðsins.
Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu er lögð áhersla á gerð hluta úr ýmsum efnum en megináherslan er á smíði hluta úr tré. Nemendur gera verkefni sem þeir byggja á eigin hönnun og áhersla er lögð á að nemendur kynnist mismunandi aðferðum við samsetningar. Unnið er m.a. með þætti sem tengjast gömlu handverki, svo sem trafaöskjugerð, einfaldan útskurð og trérennismíði . Verkleg þjálfun er undirstaða námsins. Lögð er áhersla á samnýtingu annarra smíðaefna eftir því sem hægt er.
Verkefni metin til einkunnar.

**GSF438G • Enskukennsla fyrir unga byrjendur • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Samúel Currey Lefever Lektor
Markmið
Að kennaranemar
- hafi þekkingu og skilning á aðferðum í enskukennslu sem eru líklegar til árangurs með byrjendum á yngri stigi og miðstigi grunnskólans
- hafi skilning á kenningum sem liggja til grundvallar þeim aðferðum
- séu færir um að skipuleggja fjölbreytta kennslu sem er byggð á faglega rökstuddum ákvörðunum
- geti lagt mat á námsárangur með því að beita margvíslegum matsaðferðum
- geti vegið og metið markmið til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda

Viðfangsefni
Fjallað verður um markmið, leiðir og aðferðir, einkum þær sem tengjast hlustun, töluðu máli, leikjum, söngvum og leikrænni tjáningu. Einnig verður fjallað um lestur, orðaforða, ritun og námsmat að því marki sem hæfir ungum byrjendum. Lögð verður áhersla á að viðfangsefni barna í tungumálanámi þurfi að vera í samræmi við þroska þeirra. Námskrá og námsefni verður skoðað og nemar fá þjálfun í skipulagningu kennslustunda og þemavinnu. Hugað verður að leiðum til að samþætta enskukennslu öðrum námsgreinum. Hluti þessa námskeiðs fer fram á vettvangi yngri bekkja grunnskólans. Í vettvangsnáminu fá kennaranemar þjálfun í gerð kennsluáætlana og þjálfun í að leggja fyrir verkefni af ýmsum toga sem taka mið af þörfum byrjenda. Þeir kynna sér námsefni og ítarefni, bæði í rituðu máli og á vef. Ígrundun er snar þáttur í náminu og liður í að þróa starfskenningu þeirra.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og mikið verður lagt upp úr lestri og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, kynningum, dæmikennslu og málstofum. Kennaranemar verja hluta námskeiðsins í vettvangsnámi í yngri og miðstigs bekkjum grunnskólans. Gert er ráð fyrir að 4 einingar verði vettvangstengdar.
Verkefni og námsmappa með kennsluáætlunum, verkefnum úr vettvangsnámi og ígrundunum verða metin til einkunnar.

**GSF502G • Náttúra, samfélag og listir í grunnskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Karlsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Gunnhildur Óskarsdóttir Dósent
Markmið: Að kennaranemar
- hafi náð valdi á ákveðnum þáttum fræðigreinanna (náttúrvísindi og samfélagsgreinar) bæði hvað varðar inntak og vinnubrögð.
- kunni skil á áherslum í námskrá fyrir náttúruvísindi og samfélagsgreinar í yngstu bekkjum grunnskólans (6 - 11 ára börn).
- þekki vinnubrögð og kennsluaðferðir sem einkum hafa gagnast við kennslu náttúru- og samfélagsgreina og hafi öðlast færni til að geta beitt fjölbreyttum aðferðum við skipulagningu og framkvæmd kennslu þessara greina með samþættingu þeirra í huga.
- geti notað daglegt umhverfi barnanna og reynslu þeirra í kennslunni
- þroski með sér skynjun á fjölbreytileika náttúru og umhverfis og geti nýtt sér náttúru og manngert umhverfi í listsköpun með börnum.
- þroski með sér skapandi og gagnrýna hugsun og geti sett fram hugmyndir sínar á fjölbreyttan hátt m.a. í gegnum myndsköpun og

tónlist
Viðfangsefni:
Áhersla verður lögð á kynningu á hugmyndum fræðimanna um það hvernig börn tileinka sér hugtök og hugmyndir um ýmis fyrirbæri í náttúrunni og nánasta umhverfi. Fjallað verður um áherslur í námskrá og valda þætti af þremur sviðum náttúruvísinda: lífvísindi, eðlis-og efnavísindi og jarðvísindi s.s. um líkamann, fjöruna, kraft og hreyfingu, rafmagn, segla, efni í eldshúsi, jarðveg og steina. Einnig verður fjallað um áherslur og valda þætti úr námskrá samfélagsgreina s.s. sjálfsmynd og félagslegt umhverfi, skóla og heimabyggð, land og þjóð og sögulega þætti. Fjallað verður um hvernig nálgast má þessar áherslur m.a með tengingum og samþættingu námsgreina.
Kennslufræðiþættinum verður gerð góð skil þar sem kynntar verða aðferðir, rannsóknir, hugmyndir, námsefni og ýmis gögn sem nýtast í kennslu og einnig unnið með hugmyndirnar í gegnum listir. Áhersla verður lögð á beinar tengingar á milli hinna ýmsu námsþátta og að nemendur skynji námið sem heild. Fjallað verður um mikilvægi lífsleikni og umhverfismenntar svo og uppeldi í anda sjálfbærrar þróunar.
Áhersla verður lögð á náttúruskynjun og fagurfræði og skoðað hvernig vinna má með náttúruna og umhverfið í listsköpun með börnum m.a. með áherslu á eigin túlkun og tjáningu með fjölbreyttu efnisvali í gegnum listir. Lögð verður áhersla á ólíka reynslu og forsendur nemenda, út frá einstaklingmiðuðu námi, þar sem gagnrýnin og skapandi hugsun er sem rauður þráður í gegnum alla námsþætti.
Farið verður í skólaheimsóknir og verkefni prófuð með börnum. Auk þess vinna nemendur verkefni þar sem þeir fylgjast með kennslu, kanna hugmyndir nemenda um valda þætti og vinna kennsluverkefni/áætlun þar sem gengið er út frá hugmyndum þeirra.
Vinnulag í fjarnámi: Kynningar, umræður og vettvangsferðir í staðbundinni lotu, verklegar æfingar og verkefnavinna. Verkefni, umræður og samskipti á neti.
Starfseinkunn sem byggist á verkefnavinnu 60% (einstaklings- eða hópvinna) og ferilmöppu sem er einstaklingsverkefni 40 %.
Mætingarskylda er í staðlotur.

**GSF503G • Miðaldabókmenntir og miðaldamál • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Kennari: Veturliði G Óskarsson Prófessor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent þekki við námskeiðslok megindrætti í íslenskum bókmenntum og máli miðalda, átti sig á þýðingu þeirra í alþjóðlegu samhengi og áhrifum á mál og menningu á okkar dögum.
Undirmarkmið eru að stúdent við námskeiðslok:
- hafi kynnt sér helstu kennileiti í sögu íslenskra bókmennta fyrir 1550 m.a. með hliðsjón af straumum í nágrannalöndunum,
- hafi áttað sig á megineinkennum íslenskrar tungu við landnám og helstu breytingum á henni fram til siðaskipta og geti komið þeirri þekkingu áleiðis til nemenda sinna á lifandi og lærdómsríkan hátt
- þekki margvíslega bókmenntatexta og helstu bókmenntategundir tímabilsins og hafi áttað sig á hvernig helst megi nýta þetta efni í kennslu.
Inntak / viðfangsefni
- Lesnir verða ólíkir og fjölbreyttir bókmenntatextar frá miðöldum, svo sem valin eddukvæði og dróttkvæði og önnur fornkvæði, goðsögur, kaflar úr Landnámu, tilteknar Íslendingasögur, Íslendingaþættir, konungasögur, samtíðarsögur, helgirit, fræðirit, lögbækur, elstu rímur, fornaldarsögur Norðurlanda og riddarasögur.
- Stúdentar átti sig á þróun og sögu einstakra bókmenntahefða miðalda og setji í samhengi við menningarsögu og bókmenntir nágrannaþjóðanna.
- Stúdentar verði færir um að meta hvaða kennsluaðferðir henti ólíkum aldurshópum og mismunandi bókmenntatextum.
- Hugað verður að því hvernig tengja megi innihald tiltekinna texta við líðandi stund og hugmyndir samtímans.
- Vettvangsnám er ofið inn í kennslu.
Vinnulag
Kennslan í staðnámi fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Í fjarnámi er staðlota í upphafi misseris en síðan regluleg tölvusamskipti. Áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert að leysa verkefni í vettvangsnámi og leggja til góðar hugmyndir. Enn fremur skulu stúdentar fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og efni á vef.
Munnleg og/eða skrifleg verkefni. Skyndipróf úr einstökum þáttum.

**GSF505G • Þrívíddarhönnun og smíði þroskaleikfanga • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Markmið:
a) Að þjálfa nemendur þrívíddarhönnun;
b) Að kenna almennan feril hönnunar;
c) Að hanna og smíða þroskaleikföng með rafrænum lausnum.
Námskeiðslýsing: Námskeiðið er hugsað fyrir nemendur sem vilja læra tölvutæka þrívíddarhönnun, hanna og smíða þroskaleikföng. Lögð er áhersla á gerð verkefna sem nemendur geta nýtt sér í kennslu. Stuðst verður við Pródesktop hugbúnaðinn á námskeiðinu og íslenskan kennsluvef tengdan honum. Pródesktop gefur kennurum og nemendum tækifæri til þess að útfæra hugmyndir sínar í þrívíðu tölvutæku formi á auðveldan hátt. Nemendur fá forritið frítt að loknu námskeiðinu til eigin nota. Nemendur kynnast tölvustuddri framleiðslu sem þeir geta hagnýtt við gerð verkefna sinna. Unnið er með fjölbreytt smíðaefni.
Inntak / viðfangsefni
A. Kennd eru grunnatriði við tölvutæka þrívíddarhönnun:
a) Nemendur læra að nota Pródesktop og teikna kennslumiðuð verkefni;
b) Nemendur læra um almenna hönnun. Þeir fara í gegnum hönnunarferil þar sem þeir þurfa að hanna leikföng og teikna í Pródesktop;
c) Kynnt verður tölvutæk framleiðsla er gerir nemendum kleift að sjá hugverk sín í efnislegu formi mótað af tölvustýrðum vélbúnaði (CNC eða prótótýpuprentara);
d) Nemendur læra að setja upp vinnuteikningar og málsetja þær með forritinu.
e) Nemendur læra að gefa þrívíðum hlutum efnisáferðir og setja upp hönnunarplögg.
B. Hönnun og gerð þroskaleikfanga.
a) Nemendur formhanna og smíða nokkur þroskaleikföng sem byggja á hagnýtingu einfaldra rafrænna og vélrænna lausna;
b) Lögð er áhersla á að þátttakendur noti fjölbreytt smíðaefni og náttúruleg yfirborðsefni;
c) Nemendur hanna og smíða verkefni eins svo sem einföld hreyfileikföng og búnað eins og náttljós, rakavara í blómapott, blikkljós og þjófavarnakerfi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, verkstæðisvinna í tölvu- og smíðastofu.
Nemendur skila verkefnum í formi teikninga, mynda og smíðahluta er varða a) almennt hönnunarferli; b) þrívíða tölvutæka teikningu; c) hönnum og smíði þroskaleikfanga.

**GSF507G • Kennsla samfélagsgreina • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Lilja M Jónsdóttir Lektor
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Markmið
Kennaranemi

- þekki og hafi unnið með viðfangsefni og námsefni samfélagsgreina, þar með talið trúarbragðafræða, einkum á mið- og elsta stigi grunnskóla
- átti sig á hvernig börn læra um samfélag og trúarbrögð og skilji hvaða álitamálum kennari kann að standa frammi fyrir
- þekki rannsóknir á kennslu þessara greina
- móti sér skoðanir á því í hverju góð kennsla þessa námsgreinaflokks er fólgin
- geti réttlætt ákvarðanir um val á kennsluaðferðum og viðfangsefnum
- þekki fjölbreyttar kennsluaðferðir og geti beitt þeim í kennslu
- geti skipulagt og undirbúið kennslu þessara greina í blönduðum hópum

Viðfangsefni
Unnið verður með viðfangsefni og námsefni samfélagsgreina, þar með talið trúarbragðafræða, m.a. með greiningu á efni, framsetningu og rökum fyrir efnisvali. Hugmyndir um samþættingu samfélagsgreina við aðrar greinar grunnskólans verða kannaðar og skipulögð verða viðfangsefni út frá fjölbreyttum kennsluaðferðum og skapandi starfi. Fjallað verður um námsaðferðir barna og hugmyndir þeirra um samfélag og trúarbrögð og kynntar rannsóknir í þessu sambandi. Fengist verður við álitamál í kennslu og rök fyrir ákvarðanatöku. Námskeiðið tengist vettvangsnámi á misserinu sem felst í undirbúningi í einstökum greinum og kennslufræði þeirra og uppgjöri og samantekt að vettvangsnámi loknu.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, málstofur, lestur, upplýsingaleit, sjálfstæð verkefni, samvinnuverkefni og leiðsögn. Áhersla er lögð á að nemendur safni gögnum úr námi sínu og af vettvangi sem eru skoðuð, ígrunduð og metin og setji í verkmöppu (portfolio).
**Námsmat**
Verkmappa sem gefur mynd af námi kennaranemans á námskeiðinu - 60%
Kennsluáætlun og málstofa - 30%
Ýmis verkefni - 10 %
Verkmappa sem gefur mynd af námi kennaranemans á námskeiðinu - 60% Kennsluáætlun og málstofa - 30% Ýmis verkefni - 10 %

**GSF508G • Mannvistarlandafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Auður Pálsdóttir Aðjunkt
Markmiðið er að nemendur:
- Þekki helstu þætt sem hafa áhrif á fólksfjölda á hverjum stað.
- Geti greint landfræðileg einkenni ólíkra menningarsvæða.
- Kunni að nota tölulegar upplýsingaveitur og meta einföld talnagögn.
- Þekki helstu atvinnuvegi jarðarbúa til þess að átta sig á hvernig náttúran sníður atvinnulífinu stakk og setur því skorður.
- Geti endurskoðað ályktanir og alhæfingar með hliðsjón af nýrri þekkingu eða nýjum sjónarhornum til þess að vera fær um að rökræða valin málefni landfræði.
- Þekki rannsóknir á sviði landfræði og landfræðikennslu.
- Þekki námsgögn og aðrar heimildir sem nýst geta við undirbúning kennslu í landfræði.

Inntak / viðfangsefni:
Lýðfræði: breytingar á fólksfjölda; fækkun, fjölgun, offjölgun, búferlaflutningar, aldurs- og kynjaskipting þjóða, mannfjöldapíramídar og lýðfræðileg einkenni eftir svæðum. Útbreiðsla og flokkun tungumála og trúarbragða. Menningareinkenni eftir svæðum. Sambúð og ágreiningsefni þjóða og þjóðarbrota.
Búseta; dreifing byggðar, þéttbýli, sveitabyggðir og borgir. Jaðarsvæði og kjarnasvæði. Forsendur, þróun, skipulag og helstu vandamál borgarbyggðar.
Efnahagslíf þjóða, markaðs- og áætlunarbúskapur, munur á ríkum þjóðum og fátækum. Umhverfisvanamál, ofnýting lands/auðlinda.
Atvinnuvegir; Landbúnaður, tegundir og útbreiðsla. Staðarval iðnfyrirtækja, verslun og samgöngur.
Kennsla; Kynntar verða hugmyndir að kennslu ofantaldra viðfangsefna sem og rannsóknir á sviði landfræðikennslu og námi í landfræði.
Vinnulag :
Áhersla verður á hagnýt verkefni sem nýtast vel til undirbúnings kennslu í grunnskóla. Kennt verður með fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og rík áhersla verður á notkun upplýsingatækni.
Verkefni og próf í samráði við nemendur.

**GSF509G • Lífsleikni í grunnskólastarfi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Námskeiðslýsing

- Meginmarkmið námskeiðsins er að búa kennaranema undir kennslu í námsgreininni lífsleikni.
- Á námskeiðinu og að því loknu eiga nemendur að
- geta gert grein fyrir tilgangi og markmiðum greinarinnar, þróun hennar á Íslandi og skuldbindingum íslenska ríkisins um fræðslu á þessu sviði,
- geta aflað sér upplýsinga um þróun greinarinnar hjá íslenskum og alþjóðlegum stofnunum,
- þekkja og geta nýtt sér rannsóknir á viðfangsefnum lífsleikni, þ.e. mannlegum og samfélagslegum áhrifaþáttum,
- geta greint að mismunandi nálganir í lífsleikni og hugmyndafræði þar að baki,
- geta unnið markvisst með meginviðfangsefni lífsleikni samkvæmt námskrá, þ.e. sálfræðilegum og siðfræðilegum viðfangsefnum annars vegar og samfélagslegum hins vegar,
- gera sér grein fyrir þeim kröfum sem viðfangsefni og aðferðir lífsleikni gera til kennara,
- geta beitt viðurkenndum aðferðum í lífsleiknikennslu,

- geta samþætt grunnþætti lífsleikni við aðrar námsgreinar grunnskóla.

Viðfangsefni
Fjallað verður um hugtökin lífsleikni, borgaravitund og skapgerðarmótun og þá hugmyndafræði og rannsóknir sem þau byggjast á. Kynntar verða mismunandi nálganir sem íslenskir grunnskólar fylgja í lífsleikni. Í umfjöllun um sálfræðileg viðfangsefni verður fylgt nálgun sem byggist á tilfinningalegum og félagslegum þáttum og áhrifum þeirra á nám og vellíðan. Áhersla verður lögð á að þjálfa kennaraefni í þeirri færni sem þeir eiga að efla hjá nemendum. Sem dæmi um slíka færni má nefna: Að greina tilfinningar (eigin og annarra), góð tjáskipti (skýr skilaboð, raddblær og líkamsmál), geta beitt virkri hlustun, að hafa stjórn á reiði, leysa ágreining, taka yfirvegaða ákvörðun, ígrunda tengsl einstaklings og samfélags og lýðræðis og ábyrgðar.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, hlutverkaleikir, leikræn tjáning, sjálfsmat og hópvinna.
Nemendur vinna þrjú verkefni: Verkefni I felst í sjálfsmati á tilteknum færniþáttum. (20%) Verkefni II er kennsla í lífsleikni. Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær valda kennslustund úr námsefni grunnskóla til að kenna samnemendum sínum og gera grein fyrir hugmyndafræðinni að baki. (30%) Verkefni III er fræðileg og hagnýt ritgerð. (50%) Þeir nemendur sem ljúka námskeiðinu fá réttindi til að kenna Lions-Quest námsefnið í lífsleikni.

**GSF510G • Algebra • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Friðrik Aðalsteinn Diego Lektor
Viðfangsefni:
1. Þættir úr skólaalgebru: Breytur. Reikningur með margliðum og algebrubrotum.
2. Undirstöðuatriði úr hreinni algebru: Mengi og aðgerðir í þeim. Algebrumynstrin grúpa, baugur og svið; litið er á tengsl reiknings og algebru á grunn- og framhaldsskólastigi við þessi mynstur.
3. Valið verkefni úr hreinni algebru til dýpkunar: Grúpa; víxlin grúpa, endanleg grúpa, rásuð grúpa. Hlutgrúpa, normal hlutgrúpa, hliðarmengi. Setning Cayleys, setning Lagrange. Grúpumótun, kjarni, einsmótun. Kvótagrúpa. Grúpumótunarsetningin. Flutningagrúpur endanlegra flatarmynda og lágmynda.
4. Þættir úr línulegri algebru: Vektorar og fylki. Fylkjabaugar. Línuleg jöfnuhneppi.
Nauðsynleg undirstaða: Tölur og reikniaðgerðir (GSS214G) eða Tölur og reikniaðgerðir (GSF209G)
Próf og verkefni.

**GSF511G • Rannsóknir á stærðfræðinámi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Bjarnadóttir Dósent
Umsjónarkennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Viðfangsefni
Á námskeiðinu kynnast nemendur fræðasviðinu stærðfræðimenntun. Lesið verður um rannsóknir sem gerðar hafa verið á stærðfræðinámi barna og kennslu stærðfræðikennara og skoðað hvernig viðhorf fræðimanna til stærðfræðináms hafa þróast, einkum síðastliðna öld.
Skoðað verður hvaða áhrif breyttar námsaðstæður í upplýsingasamfélagi hafa á hvernig nemendur tileinka sér stærðfræði og hlutverk kennarans sérstaklega skoðað í því samhengi.
Sjónum verður einkum beint að því að greina hvaða þættir hafa áhrif á stærðfræðinám og viðhorf fólks til þess bæði fyrr og nú. Kynntar verða helstu rannsóknaraðferðir fræðasviðsins Nemendur gera eigin athuganir og greina þær í ljósi rannsókna á sviðinu.
Vinnulag
Í kennslustundum verður fjallað um lesefni námskeiðsins og leiða nemendur umræðu um afmarkaða þætti. Dæmi um rannsóknaraðferðir verða prófuð og rætt um gildi þeirra með tilliti til markmiða rannsóknanna. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, gera athuganir og skrifa skýrslur. Áhersla verður lögð á umræður.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi í lok námskeiðs. Skilaskylda er á öllum verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt.

**GSF513G • Upplýsingaver og smiðjur • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið
Nemendur þekki og skilji

- hlutverk, starfshætti og stöðu skólasafna
- hugmyndir og dæmi um upplýsingaver og smiðjur þar sem upplýsingatækni og stafrænni miðlun er beitt á ýmis viðfangsefni í skólastarfi
- mismunandi leiðir við að fella nám og kennslu í upplýsingatækni að einstökum faggreinum eða greinasviðum
- þýðingu skipulags, námskrár og stjórnunar fyrir þróunarstarf um upplýsingatækni og miðlun, ekki síst með tilliti til teymisvinnu safnkennara, kennara í upplýsingtækni, umsjónarmanna eða kennsluráðgjafa á sviði upplýsingatækni við bekkjarkennara og kennara á öðrum fagsviðum

Færnimarkmið
Nemendur geti

- beitt markvissum leitaraðferðum á Netinu með fjölbreytilegum leitarvélum og sýnt góðan skilning á skráningar- og flokkunarkerfum gagnagrunna og safna
- lagt rökstutt mat á áreiðanleika heimilda og rétt til afnota af efni
- búið til náms- og kennslugögn til miðlunar á skjá eða prenti
- skipulagt, útfært og metið samþætt hópverkefni í grnnskóla þar sem reynir á efnisöflun á vettvangi, skólasafni og neti ásamt stafrænni úrvinnslu og skapandi miðlun
- útfært hugmyndir um safnaheimsóknir og safnafræðslu í tengslum við skólastarf

Inntak / viðfangsefni / vinnulag
Nemendur kynna sér heimildir og tiltækar upplýsingar um skólasöfn, upplýsingaver og smiðjur ásamt fleira efni um upplýsingatækni og miðlun í skólastarfi með sérstakri áherslu á þróunarstarf og stjórnun. Nemendur skipuleggja, standa að eða taka þátt í verkefnum í grunnskóla þar sem reynir á hópvinnu, samþættingu námsgreina, stafræna efnisöflun, úrvinnslu og miðlun. Nemendur útbúa kennsluefni um valda þætti í tengslum við þessi verkefni og ígrunda skipulag, tímaramma og námsmat. Nemendur fá leiðsögn um leitarvélar og skráningarkerfi skólasafna, spreyta sig á skráningu og glíma við verkefni sem kalla á markvissa leit að fjölbreytilegu efni. Nemendur kynnast völdum

dæmum um skóla sem hafa farið mismunandi leiðir við að fella upplýsingatækni og miðlun að öðrum viðfangsefnum og fá í vettvangsnámi tækifæri til að kynnast vinnubrögðum í viðtökuskóla með sérstakri áherslu á hlutverk skólasafns, upplýsingavers eða smiðju. Einnig er bent á möguleika sem felast í safnaheimsóknum og fræðslu á vegum safna. Nemendur eru hvattir til samvinnu um verkefni þvert á kjörsvið.
Lesefni: Rannsóknarskýrslur, greinar, heimildamyndir, vefir og annað efni um hlutverk skólasafna, upplýsingaver, smiðjur, samþætt námsverkefni, skráningu gagna, efnisleit, mat á heimildum, safnafræðslu og fleira.
Umsögn um einstök verkefni og einkunn fyrir námskeiðið í heild. Nemendur bera saman og leggja mat á verkefni sem lúta að kennslu og efnisgerð. Áhersla er lögð á faglega leiðsögn af hálfu viðtökukennara og fjölþætt mat á vettvangsnámi.

**GSF514G • Myndgerð, ritun og nýmiðlun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Þekkingarmarkmið:
Nemendur þekki

- tæki og valinn hugbúnað sem beitt er við myndatökur, eftirvinnslu ljósmynda, samsetningu myndskeiða, teikningu og grafíska hönnun,
- grunnhugtök og aðferðir sem lúta að myndbyggingu, frásagnartækni í kvikmyndum og grafískri hönnun
- grunnatriði handritsgerðar fyrir kvikmyndir
- ýmsa möguleika til nýmiðlunar á myndefni
- aðferðir og sjónarmið sem lúta að ritun knappra texta til fjölbreyttra nota á prenti eða skjá

Færnimarkmið:
Nemendur geti

- tekið stafrænar ljósmyndir og myndskeið
- lagt rökstutt mat á gæði ljósmynda og myndskeiða í tæknilegu og fagurfræðilegu tilliti
- lagt drög að stuttmyndum og annarri miðlun á myndefni
- klippt og sett saman í stutta mynd kyrrmyndir, myndskeið, hljóð og texta
- beitt hugbúnaði við eftirvinnslu ljósmynda, vigurteikningu og einfalda hönnun prentgagna
- skrifað stutta og hnitmiðaða texta til ýmissa nota
- bent á margbreytilegar leiðir til að tefla fram texta og myndefni á prenti eða skjá og tengt þær hugmyndir möguleikum til skapandi vinnu með börnum og unglingum

Inntak/viðfangsefni
Nemendur fást við myndatökur, eftirvinnslu ljósmynda og stuttmyndagerð. Jafnframt kynnast þeir grafískum teikniforritum og spreyta sig á einfaldri uppsetningu prentgagna. Lögð er áhersla á að kynna grunnatriði sem lúta að búnaði, aðferðum, byggingu og frásagnaraðferð. Auk vinnu við myndatökur og myndgerð glíma nemendur við að semja knappa texta í samhengi myndmiðla og nýmiðlunar.
Lesefni: Greinar og vefefni sem lýtur að ljósmyndun, kvikmyndagerð, grafískri hönnun og vinnu um myndgerð eða nýmiðlun í skólastarfi.
Nemendur sjálfir, samnemendur og kennarar fjalla um einstök skilaverkefni og skil í heild eru metin til einkunnar.

**GSF515G • Danska í efstu bekkjum grunnskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar efli þekkingu sína á námsgreininni dönsku í efsta bekk grunnskóla og kennslufræði hennar og geti beitt þekkingu sína í kennslu.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- séu fær um að skipuleggja dönskukennslu á efri stigum grunnskólans á grundvelli rökstuddra og fræðilegra ákvarðarnir
- geti lagt mat á og vegið námsleiðir og markmið til þess að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
- geti metið kennslugögn sem notuð er í dönskukennslu
- geti lagt mat á námsárangur með því að beita margvíslegum matsaðferðum
- kunni skil á Evrópsku tungumálamöppunni og hugmyndum sem hún byggist á
- hafi mótað með sér vel ígrundaða kenningu um starf dönskukennarans

Inntak / viðfangsefni
Stór hluti þessa námskeiðs fer fram á vettvangi efri bekkja grunnskólans. Námskeiðið byggir á því sem fjallað hefur verið um í fyrri námskeiðum um kenningar og rannsóknir. Lögð verður áhersla á að nemar kynnist hvernig best er að haga kennslu í hlustun, lestri, töluðu máli, ritun, málfræði og orðaforða. Einnig er fjallað um Evrópsku tungumálamöppunni og hugmyndir sem hún byggist á. Fjallað verður um kennslu í blönduðum bekkjum og leiðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Nemar afla sér þekkingar á námsefni og ítarefni og fá þjálfun í gerð verkefna. Fjallað verður um skipulagningu kennslustunda og ýmsa hagnýta þætti sem tengjast vettvangsnámi. Vinnan í fyrri hluta námskeiðsins miðar að því að búa kennaranema sem best undir vettvangsnám. Að loknu vettvangsnámi verður fjallað um prófagerð og samræmd próf.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Það verða stuttir inngangsfyrirlestrar en að mestu leyti er um að ræða verkefnavinnu, bæði skriflega og munnlega, lestur, upplýsingaleit, miðlun upplýsinga, kynningar og umræður.
Dæmi um lesefni
Thomas Armstrong (2001):Multiple Intelligences: A Theory for Everyone
Tim Caudery (1998): "Portfolio-bedømmelse - en mulighed i Danmark?" Sprogforum, no 11,vol 4, København.
Michael Dal (2000): At tænke over praksis, Kennaraháskóli Íslands
Michael Dal (2005): "H. C. Andersen og de mange intelligenser", Sprogforum, no. 33, København
Guðrún Pétursdóttir (2005): Alhlíða námsmát, Dipl. ed. verkefni við KHÍ, Reykjavík.
Æskileg undirstaða: Danska sem erlent mál (GSF210G), Dönsk málnotkun og máltaka nemenda 1 (GSF314G), Danskt mál og menning 1 (GSF013G), Dönsk málnotkun og máltaka nemenda 2 (GSF413G)
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar. Sjálfsmat er hluti af því ferli á móti kennaramati. Einnig verður námsmat byggt á vinnumöppu og lokaskýrslu um vettvangsnámið.

**GSF516G • Daglegt mál og tjáning á dönsku • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu og skilning á þeim reglum sem lúta að munnlegri tjáningu og færni í að beita töluðu máli rétt og eðlilega við ýmsar aðstæður
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- geti notað dönsku áreynslulaust í kennslu
- geti sýnt fram á skilning á kenningum og rannsóknum sem liggja til grundvallar munnlegum aðferðum
- kunni skil á nemendamiðaðri tungumálakennslu
- sýni færni í að skipuleggja munnlega þáttinn í dönskukennslu á grundvelli faglega rökstuddra ákvarðana

Inntak / viðfangsefni
Kennaranemar verða þjálfaðir í að beita málinu við ýmsar aðstæður. Áhersla er lögð á að þjálfa þá í að taka þátt í umræðum, lesa upp, segja frá og segja sögur. Fjallað verður um ýmsa þætti í töluðu máli, svo sem framburð einstakra hljóða, áherslur, ítónun og sérstaklega þau atriði sem Íslendingar eiga erfitt með að ná. Fjallað verður um muninn milli ritmáls og talmáls. Sérstaklega verður fjallað um nemendamiðaða kennslu og nemendur verða þjálfaðir í að útbúa munnleg verkefni handa nemendum. Kennaranemar kynna sér námsefni og ítarefni, bæði í rituðu máli og á vef. Ígrundun er snar þáttur í náminu og liður í að þróa starfskenningu þeirra.
Vinnulag
Í kennslunni verður mikið lagt upp úr lestri nemenda og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, kynningum, dæmikennslu og málstofum. Kennaranemar verja hluta námskeiðsins í vettvangsnámi í miðstigs og efstum bekkjum grunnskólans.
Dæmi um lesefni
Frans Gregersen, Tore Kristiansen, Erik Møller og Inge Lise Pedersen (2003): Dansk sproglære, Dansklærerforeningen
Mads Th. Haugstedt (2002): Mund dog! Uddrag af uv-materiale, Alinea Birgitte Henriksen (1999): "Mundtlighed", Sprogforum, no. 3, København
M. Svendsen-Pedersen (2001): "Task force - et bud på en kommunikativ undervisning", Sprogforum, no. 20, København
Æskileg undirstaða: Danska sem erlent mál (GSF210G), Dönsk málnotkun og máltaka nemenda 1 (GSF314G), Danskt mál og menning 1 (GSF013G)
Verkefni og námsmappa með kennsluáætlunum, verkefnum úr vettvangsnámi og ígrundunum verða metin til einkunnar.

**GSF517G • Heilsa og samfélag • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Markmið að nemendur:

- Dýpki þekkingu á áhrifum lífsstíls og félagslegs umhverfið fyrir heilsuna.
- Kunni skil á tengslum næringar og lífshátta við algenga langvinna sjúkdóma s.s. offitu, sykursýki, háþrýsting, hátt kólesteról og krabbamein.
- Kunni skil á gildi næringar fyrir mismunandi aldurshópa og sérþarfir ólíkra einstaklinga, s.s. íþróttamanna eða sjúklinga og geti sett saman matseðla fyrir einstaklinga og hópa.
- Dýpki þekkingu á þeim aðferðum sem notaðar eru í rannsóknum á heilsufari og lífsháttum.
- Öðlist færni í vísindalegum vinnubrögðum.
- Þjálfist í að miðla heilsutengdu efni í töluðu og rituðu máli.
- Tileinki sér hugtök og aðferðir fræðanna svo þeir geti fylgst með því sem vísindin leggja til að hverjum tíma.

Inntak / viðfangsefni
Hér er áherslan á langvinna/króníska sjúkdóma og gildi næringar, hreyfingar og annarra lífsstílsbreyta (s.s. reykinga, lyfja, vímuefna) fyrir heilsuna, íþróttamannin, mismunandi aldur, kyn og mismunandi vægi milli þjóðfélagshópa. Búið er að kynna þessa þætti í "næring, heilsa og lífshættir", en nú er farið dýpra. Meira er unnið í kennslumiðuðum verkefnum, hvernig miðla á efni og nemendur fá vettvangstengd verkefni. Jafnframt eru kynntar helstu rannsóknaraðferðir sem notaðar eru í næringarfræði, lært að lesa úr niðurstöðum rannsókna, meta vægi þeirra fyrir hinn almenna neytanda og skrifa vísindalega samantekt.
Vinnulag
Námskeiðið byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum, þar á meðal vettvangstengdu verkefni. Þannig má auka skilning á viðfangsefninu og tengja það daglegu lífi og neysluháttum. Ætlast er til virkar þátttöku nemenda í umræðum og verkefnavinnu.
Nauðsynleg undirstaða: Næring, heilsa og lífshættir (ÍÞH503G) eða Næring, heilsa og lífshættir (GLF056G)
Próf 50% Verklegar æfingar 50% Mætingarskylda í verklegan hluta tengdum staðlotum.

**GSF518G • Hátíðamatreiðsla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið og viðfangsefni:
Stefnt að því að nemendur

- læri flóknari og fínni matreiðslu en áður. Kennt verður að útbúa hátíða-og veisluborð fyrir ýmisskonar tækifæri. Lögð verður áhersla á að kenna nemendum að hugsa samt um hollustu, búa grænmetið í veislubúning og draga úr fitu þar sem það er mögulegt án þess að skerða bragðgæði.
- læri borðmenningu, skipulag og undirbúning veislu, gerð matseðla, fagurfræðilega framsetningu rétta, hátíða- borðdekkningar og fyrirlestrar tengdir því.
- læri alþjóða hefðir í borðsiðum, borðdekkningum og því að sinna gestum.
- læri samþættingu við aðrar greinar.
- læri um hátíðahald Íslendinga fyrr og nú og matreiðslu rétta sem tengjast því.
- læri þætti sem tengjast gestamóttöku.

Þetta námskeið miðar að því að nemandinn verði fær um að útbúa veisluborð við ýmis hátíðleg tækifæri sem koma upp í lífi hvers manns s.s. jól/ páskar, afmæli, útskriftir, skírnir, fermingar o.s.frv. Ennfremur að nemandinn geti tekið þátt í samþættingaverkefnum og geti skipulagt og veitt ráðleggingar varðandi hátíðahald innan grunnskólans.

Vinnulag: Verklegar æfingar, sýnikennsla, fyrirlestrar, hópverkefni, vettvangsferðir og skólaheimsóknir.
Þátttaka, virkni og frumkvæði nemenda á námskeiðinu metin til einkunnar ásamt verklegu prófi í lokin. Fjarnemar matreiða heima, skrifa skýrslur og senda myndir. Fyrirlestrar og verklegar æfingar í innlotu.

**GSF519G • Formsköpun textíla II • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Fríður Ólafsdóttir Dósent
**Markmið: a**ð nemandi

- - hafi öðlast skilning á textílmiðaðri formsköpun með því að öðlast innsýn í form mannslíkama og unnið með formgerð fatnaðar frá mismunandi sjónarhornum
- - hafi tileinkað sér víðtæka þekkingu á sérhæfðu sviði textíla með þrívíða túlkun, formsköpun, faglegt og listrænt handverk að leiðarljósi
- - hafi dýpkað eigin þekkingu og reynslu í textílmennt og leyst flókin viðfangsefni í formsköpun með því að beita faglegum, listrænum og fræðilegum vinnubrögðum textíla í nálgun sinni að lausnum
- - hafi öðlast skilning og innsýn í helstu kenningar og hugtök í formsköpun textíla og beiti þeim sjálfstætt og skipulega í rannsókna- og tilraunavinnu
- - geti tekið virkan þátt í faglegu samstarfi á starfsvettvangi grunnskóla og beitt markvisst áhrifum sjón- og hljóðrænnar túlkunar og miðlunar með nýjustu upplýsingatækni
- - hafi tileinkað sér sjálfstæði, víðsýni og frumleika í vinnubrögðum og þróað námshæfni til að geta tekist á hendur frekara nám í textílum.

**Viðfangsefni**

- - skoðuð þróun í formgerð fatnaðar og sjónum beint að félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum áhrifum í þeirri þróun
- - kynntar og þjálfaðar einfaldar vinnuaðferðir við formsköpun nútíma fatnaðar og fylgihluta fatnaðar og tísku
- - í rannsóknar- og verkefnavinnu er lögð áhersla á ferilvinnu þannig að nemendur skipuleggi eigin vinnuferil og sýni faglega færni í samspili efna, þráða, forma, lita og vinnuaðferða
- - unnin þrívíð textílverkefni sem gefa tækifæri til sjálfstæðrar útfærslu, einstaklingsmiðaðrar dýpkunar á faglegri þekkingu, rökstuðningi og túlkun á ferli verkefnavinnu og helstu niðurstöðum.

**Vinnulag**
Fyrirlestrar, vettvangsferðir, einstaklingsmiðuð rannsókna- og tilraunaverkefni. Áhersla á vandað, faglegt vinnulag með skírskotun í tíðaranda og heim grunnskólanemenda
Verkefni metin til einkunnar með hliðsjón af markmiðum námskeiðs, túlkun á eigin verkum/vinnuferli. Einkunnagjöf er samkvæmt námsmatsreglum HÍ.

**GSF522G • Málun og listasaga • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jón Reykdal Lektor
Kennari: Ólafur Kvaran Prófessor
Að loknu námskeiði skal nemandinn
- hafa kynnst hugmyndavinnu og þjálfast í að leita myndefnis í menningarlegu samhengi
- geta notað skissugerð og ljósmyndir sem hjálpartæki í myndlist
- hafa innsýn í mismunandi möguleika til myndbyggingar
- hafa fengið tæknilega og faglega reynslu í meðferð vatnslita og olíulita
- hafa hæfni til að greina höfundareinkenni þeirra listamanna sem sett hafa meginsvip á íslenska listasögu þessa tímabils og tengt listasöguna myndmenntakennslu
- geta tengt saman listaverk og þá menningarstöðu, listhefð og hugmyndakerfi sem þau eru sprottin úr
- þekkja til listasafna og hafa hæfni til að nýta sér þau sem fræðslu- og upplýsingastofnanir.

Inntak/viðfangsefni
Í málun eiga nemendur að leita að myndefni þar sem inntak námskeiðsins er að hluta til maðurinn í rými. Hugmyndavinna, skissugerð og ljósmyndun og eru mikilvægir þættir. Efni er sótt í íslenskt umhverfi og náttúru. Nánasta umhverfi er líka efniviður, innanhúss og utan, hið smáa sem hið stóra.
Vettvangsferðir á sýningar og söfn er hluti af námskeiðinu sem lýkur með sýningu.
Nemendur skila ferilmöppu með skissum,vatnslitamyndum og ljósmyndum, þar á meðal myndum af málverkum.
Listasaga er fimmtungur námskeiðsins og er grunnnámskeið um íslenska listasögu frá lokum 19. aldar fram til ca. ársins 2000. Fjallað verður um upphaf íslenskrar landslagslistar um aldamótin 1900 og um expressjónisma fjórða áratugarins. Þá verður fjallað um íslenska abstraktlist á fimmta og sjötta áratugnum og hinar ólíku greinar abstraktlistarinnar. Raunsæi og veruleiki vísa til þeirra breytinga sem hófust um 1960 með tilvísun í veruleikann og náttúruna. Í lok 20. aldar verður fjallað um nýja málverkið, gjörninga, ljósmyndina og vídeó-listina. Þá verður fjallað um tengslin við alþjóðlega myndlist og hvað einkennir yfirtöku/túlkun íslenskrar myndlistar á erlendri myndlist.
Vinnulag
Verkleg vinna, fyrirlestrar, vettvangsferðir, heimsóknir á sýningar og söfn, verkefni í listasögu.
Metin eru myndverk nemenda, hugmyndir og úrvinnsla þeirra, verkefni í listasögu á námstímanum og skriflegt próf í lok námskeiðsins.

**GSF523G • Náttúrufræðikennsla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Inntak / viðfangsefni
Meginviðfangsefnið er náttúrufræðikennsla á vettvangi. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta: 1) undirbúningur vettvangsnáms, 2) vettvangsnám og 3) úrvinnsla og mat. Í undirbúningsvinnunni verður lögð áhersla á að kenna þátttakendum markviss vinnubrögð við undirbúning kennslu og gerð kennsluáætlana auk þess sem þeir fá tækifæri til að kenna samnemendum sínum (dæmikennsla). Þátttakendur skoða og greina námsefni sem þeir kenna í vettvangsnáminu og lesa texta kennslufræðilegs eðlis jafnframt því sem þeir heimsækja tilvonandi viðtökukennara og kynnast aðstæðum í skólanum þar sem vettvangsnámið fer fram. Meðan á vettvangsnáminu stendur koma þátttakendur í umræðutíma í KHÍ þar sem þeim gefst kostur á að ræða reynslu sína af vettvangi. Jafnframt halda þeir dagbók og skila vikulegum hugleiðingum á WebCT. Í lokin skrifa þátttakendur ritgerð þar sem þeir draga upp mynd af stöðu sinni sem verðandi náttúrufræðikennarar og leggja lokahönd á

kennslumöppu sem þeir eru að vinna að allan tímann meðan á námskeiðinu stendur.
Vinnulag
Þátttakendur halda dagbók sem hugsuð er sem vettvangur ígrundunar, tæki þátttakandans til að vinna úr reynslu sinni og þróa kennsluhugmyndir sínar og starfskenningu. Þátttakendur lesa ákveðnar greinar og bregðast við þeim með pistlum sem þeir skila á WebCT. Þeir vinna 3 verkefni. Þessi verkefni og hugleiðingar setja þátttakendur í kennslumöppu sem er um leið mappa fyrir kennsluáætlanir og hugleiðingar tengdar vettvangsnáminu.
Mat á kennslumöppu.

**GSF524G • Að kenna nútíma eðlis- og efnafræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Haukur Arason Lektor
Kennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Markmið að þátttakendur:

- Öðlist þann skilning á ákveðnum viðfangsefnum úr nútíma eðlis- og efnafræði sem þarf til þess að geta kennt um þau í grunnskóla.
- Þekki uppruna og þróun lykilhugmynda í nútíma eðlis- og efnafræði .
- Þekki nokkur helstu álitamál og viðfangsefni eðlis- og efnafræði í byrjun 21. aldar
- Skilji stöðu og mikilvægi eðlis- og efnafræði í nútímasamfélagi.
- Þekki kennslubækur, verklegar æfingar og kennsluhugmyndir sem geta nýst í grunnskólakennslu um eðlis- og efnafræðileg viðfangsefni námskeiðsins.
- Öðlist færni í að ræða um viðfangsefnin við börn og unglinga.
- Þekki samfélagslegt gildi þekkingar á viðfangsefnunum og átti sig á því hvernig þessi viðfangsefni koma inn í samfélagslega umræðu.
- Þekki mögulegar leiðir til að vekja áhuga barna og unglinga á viðfangsefnunum og tengslum þeirra við nútíma tækni, samfélag og heimsmynd.
- Þekki markmið Aðalnámskrár í náttúrufræðum fyrir grunnskóla sem snerta viðfangsefni námskeiðsins og öðlist innsýn í vinnubrögð og aðferðir grunnskólakennslu um þessi viðfangsefni.

Inntak / viðfangsefni:
Náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins eru: Takmarkaða og almenna afstæðiskenningin, skammtafræði, innri gerð frumeinda og kjarna þeirra, kjarnahvörf, geislavirkni og öreindir. Sérstök áhersla verður lögð á tengingar við eiginleika efna eins og til dæmis koma fram í lotukerfinu. Í námskeiðinu verður einnig fjallað stuttlega um sögu eðlis- og efnafræði til okkar daga og fjallað um nokkur viðfangsefni sem blasa við á 21. öldinni. Jafnframt verður fjallað um stöðu og mikilvægi eðlis- og efnafræði í nútímasamfélagi. Þátttakendur búnir undir að kenna í grunnskóla um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins og tengja þau við samfélagslega umræðu. Fjallað verður um kennslu náttúrufræðilegra viðfangsefna námskeiðsins, skoðaðar kennslubækur og verklegar athuganir.
Vinnulag
Þátttakendur taka þátt í umræðum þar sem þeir kanna hugmyndir sínar um viðfangsefnin. Ígrundaðir verða textar um viðfangsefnin og kennslu þeirra. Meginviðfangsefni verða kynnt í umræðum en nemendum síðan gefið rými til að afla frekari upplýsinga og þróa hugsun sína í gegnum frekari umræður, verkefni og kynningar.
Virkni nema í námskeiðinu verður metin. Jafnframt vinna nemendur ýmis verkefni og taka próf.

**GSF525G • Vistfræði og lífverur • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Markmið:

- að nemendur nái góðum skilningi á grundvallarhugtökum vistfræðinnar,
- að nemendur átti sig á mikilvægi mismunandi lífvera í vistkerfum og læri um helstu eiginleika þeirra og aðlaganir,
- að nemendur kynnist vel þeim lífverum sem setja mikinn svip á íslensk vistkerfi (fuglar, fiskar, spendýr, skordýr, krabbadýr, lindýr, plöntur, þörungar, sveppir),
- að nemendur þekki í stórum dráttum flokkunarkerfi lífvera og kannist við fulltrúa mikilvægustu hópa
- að nemendur læri um íslensk vistkerfi og átti sig á helstu einkennum þeirra,
- að nemendur átti sig á mikilvægi vistfræðinnar sem undirstöðu faglegrar umhverfismenntunar,
- að nemendur verði færir að skipuleggja kennslu á þessu sviði í grunnskóla.

Inntak / viðfangsefni:

- Gerð vistkerfa (yfirlit), flæði orku, hringrás efna, ljóstillífun, fæðukeðjur og fæðuvefir, rotnun.
- Plöntur og eiginleikar þeirra.
- Dýr og eiginleikar þeirra, þ.m.t. fæðunám.
- Sveppir og örverur sem rotverur.
- Stofnsveiflur, samkeppni, afrán, langtímaáhrif samskipta á framleiðendur og neytendur (samþróun), framvinda samfélaga.
- Íslensk vistkerfi (vistkerfi sjávar og fjörunnar, vistkerfi ferskvatns, vistkerfi þurrlendis, m.a. skóga )- einkenni, sérstaða, staða og virði.
- Umhverfismennt og vistfræði, umhverfismál og sjálfbær þróun,
- Námsefni grunnskólans, aðalnámskrá grunnskóla.

Vinnulag :

- Umræðutímar : nemendur og kennarar fara saman í helstu hugtök og nemendur kanna skilning sinn á þeim,
- Fyrirlestrar kennara
- Útikennsla, vettvangsferðir og úrvinnsla þeirra- lífverur í mismunandi vistkerfum skoðaðar, bæði úti og í vinnustofu.
- Ákveðið vistkerfi greint og skoðað með "project" vinnu. Nemendur vinna og kynna niðurstöður á fjölbreytilegu formi.

- Nemendur fara með grunnskólanemendur í vettvangsferðir.

(1)Próf byggt á efni kennslubókar og glósum, (2)nemendur útbúa kennsluverkefni þar sem vistfræði Íslands er í brennidepli og áhersla er á útikennslu og tengsl við umhverfismennt (25%),(3) nemendur velja sér hóp lífvera og kynna fyrir samnemendum (15%), (4) þátttaka og fagleg umræða um ákveðin viðfangsefni metin.

**GSF526G • Enskukennsla í efri bekkjum grunnskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Markmið
Stefnt er að því að kennaranemar

- hafi þekkingu og skilning á aðferðum sem eru líklegar til árangurs á efri stigum grunnskólans
- hafi skilning á kenningum sem liggja til grundvallar þeim aðferðum
- séu færir um að skipuleggja enskukennslu á grundvelli faglega rökstuddra ákvarðana
- geti lagt mat á námsárangur með því að beita margvíslegum matsaðferðum
- geti vegið og metið markmið og leiðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
- hafi mótað með sér vel ígrundaða kenningu um starf enskukennarans

Viðfangsefni
Stór hluti þessa námskeiðs fer fram á vettvangi efri bekkja grunnskólans. Kennaranemar lesa sér til í kennslufræðum og velta fyrir sér hvernig best sé að koma til móts við markmið námskrár, hvernig matsaðferðir eiga best við og hvernig eigi að veita munnlega og skriflega endurgjöf. Í vettvangsnáminu fá þeir þjálfun í gerð kennsluáætlana. Þeir fá einnig þjálfun í að leggja fyrir verkefni af ýmsum toga, tengd hlustun, lestri, töluðu máli, samskiptum og ritun. Einnig kynna þeir sér aðferðir til að efla orðaforða og mismunandi aðferðir við að þjálfa rétta og viðeigandi málnotkun. Menningarmiðlun er einnig hluti af viðfangsefni námskeiðsins. Kennaranemar kynna sér námsefni og ítarefni, bæði í rituðu máli og á vef. Ígrundun er snar þáttur í náminu og liður í að þróa starfskenningu þeirra.
Vinnulag
Kennaranemar verja stórum hluta námskeiðsins í vettvangsnámi í efri bekkjum grunnskólans. Þar starfa þeir undir leiðsögn viðtökukennara. Þeir verða einnig í beinum tengslum við kennara sína í KHÍ og vinna að hluta undir þeirra leiðsögn, m.a. að undirbúningi og úrvinnslu vettvangsnámsins, bæði meðan á vettvangsnámi stendur og að því loknu. Gert er ráð fyrir að kennaranemar verji 6 einingum á vettvangi.
Nauðsynleg undirstaða: Enskt mál og málnotkun (GSF329G), Inngangur að enskukennslu (GSF215G)
Námsmat byggist á námsmöppu með kennsluáætlunum, verkefnum úr vettvangsnámi, ígrundunum og lokaverkefni þar sem vettvangsnámið er gert upp.

**GSF527G • Straumar og stefnur í enskukennslu • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Kennari: Samúel Currey Lefever Lektor
Markmið
Að kennaranemar

- styrkist í fagmennsku sinni sem enskukennarar
- öðlist skilning á máltöku og erfiðleikum í sambandi við tungumálanám
- hafi þekkingu og skilning á þeim þáttum sem tengjast sjálfstæði, sjálfsmati og ígrundun í námi
- geti lesið sér til í rannsóknum á sviði tungumála, lagt mat á þær og tengt viðfangsefnum í vettvangsnámi
- sé færir um að vinna einföld rannsóknarverkefni á vettvangi enskukennslu
- kunni skil á margvíslegum leiðum til að meta kunnáttu og leikni í ensku

Viðfangsefni
Námskeiðið tengist beint námskeiðinu Enskukennsla í efri bekkjum grunnskóla og er hinn fræðilegi bakhjarl þess. Farið verður dýpra í ýmsa þætti sem áður hefur verið fjallað um og má þar sérstaklega nefna námsmat, námsaðferðir og sjálfstæði í námi. Fjallað verður um máltöku og erfiðleika nemenda við að tileinka sé erlend tungumál. Kennaranemar lesa sér til í rannsóknum og kynnast starfendarannsóknum með það fyrir augum að geta gert stutt rannsóknarverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Enskt mál og málnotkun (GSF329G), Inngangur að enskukennslu (GSF215G)
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og mikið verður lagt upp úr lestri nemenda og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, verkefnum sem lýkur með kynningu og málstofum. Unnið verður eitt rannsóknarverkefni sem tengist vettvangsnámi. Þá verða fluttir inngangsfyrirlestrar um afmörkuð efni.

**GSF533G • Lestur og ritun á mið- og unglingastigi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Baldur Sigurðsson Dósent
Kennari: Guðmundur Björn Kristmundsson Dósent
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent öðlist hæfni til þess að kenna grunnskólanemendum og þjálfa þá í lestri og ritun á miðstigi og unglingastigi. Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent öðlist hæfni til þess að kenna grunnskólanemendum og þjálfa þá í lestri og ritun á miðstigi og unglingastigi.
Undirmarkmið eru að stúdent:
- kynnist rannsóknum og kenningum um lestur og ritun,
- þekki helstu stefnur og leiðir í kennslu lestrar og ritunar,
- verði fær um að meta árangur nemenda og nýta hann til frekari þróunar í námi og starfi,
- geti komið til móts við mismunandi þarfir og getu nemenda í lestri og ritun,
- þekki og geti greint helstu vandamál sem nemendur eiga við að stríða og beitt algengustu úrræðum.

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um helstu rannsóknir og kenningar um þróun lestrar- og ritunar eftir að byrjendanámi lýkur. Fengist verður við lestur og ritun margvíslegra texta, jafnt á prenti og rafrænu formi s.s. bókmenntatexta, nytjatexta af öllu tagi og persónulegra texta. Farið verður í helstu kenningar um nám og kennslu lestrar og ritunar á miðstigi og unglingastigi og stúdentar þjálfaðir í beitingu mismunandi aðferða. Sérkennum ritmálsins verður gefinn sérstakur gaumur, og sjónum beint að lestrar- og stafsetningarörðugleikum og úrræðum á því sviði.
Vinnulag

Mikið verður lesið og skrifað í námskeiðinu af fjölbreyttum textum og færi gefst til rannsókna á vettvangi. Hópurinn myndar þekkingarsamfélag sem vinnur saman að öflun og miðlun þekkingar. Vinnuframlag hvers og eins skiptir því máli, bæði fyrir einstaklinginn og hópinn.
Nauðsynleg undirstaða: Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSS201G) eða Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSF201G)
Æskileg undirstaða: Íslenska II: Íslenskukennsla (GSS301G) eða Íslenska II: Íslenskukennsla (GSF302G)
Stúdentar skila reglulega verkefnum og námskeiðinu lýkur með heimaprófi eða ráðstefnu á auglýstum prófdegi.

**GSF534G • Nútíminn • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólöf Garðarsdóttir Dósent
Kennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Viðfangsefni
Í námskeiðinu Nútíminn verður fjallað um aðdraganda nútímasamfélags, gerð þess og breytingar út frá ólíkum sjónarhornum og mismunandi aðferðum. Meginábersla verður lögð á íslenskt samfélag frá síðari hluta 19. aldar til samtímans. Annars vegar verður fjallað um hið stærra samhengi, fólksfjöldaþróun, hagþróun, félagskerfið og helstu hugmyndastefnur. Hins vegar verður lögð áhersla á líf og aðstæður einstaklinga, menningarlegan margbreytileika og afþreyingu. Rík áhersla verður lögð á rannsóknir á lífi og aðstæðum barna og ungmenna í nútímasamfélagi. Þar verður þróun skólahalds, vinna barna- og ungmenna sem og unglingamenning í fyrirrúmi.
Nemendur velja sér viðfangsefni í nærtæku umhverfi og skrifa ritgerð þar sem ólík sjónarhorn námskeiðisins eru tengd saman. Þá gefst nemendum færi á að dýpka þekkingu sína á nokkrum af þeim viðfangsefnum sem áhersla er lögð á í sögu og þjóðfélagsfræði á unglingastigi, og kynnast kennslubókum og ýmsum hjálpargögnum.
Vinnulag
Kennsla verður í málstofuformi. Áhersla er lögð á sjálfstæðan lestur, heimilda- og upplýsingaöflun í ritum, á netinu, með viðtölum og safnaheimsóknum.
Þetta námskeið er að öllu jöfnu kennt annað hvert ár.
Smáverkefni og leiðarbók mynda ferilmöppu en þyngst vega drög að námsefni fyrir grunnskóla sem unnið er í námskeiðinu.

**GSF535G • Leiklist, sögur og frásagnir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Markmið:
Að nemendur

- þekki til fræðilegra kenninga um uppeldislegt gildi frásagna og ævintýra fyrir börn
- geti tengt aðferðir leiklistar við sögur og frásagnir og þannig gert hlustendur að virkum þátttakendum í frásögn
- hafi innsýn í sérstöðu leiklistar sem virkrar reynslu
- hafi sjálfstæði og nokkra færni til að segja börnum sögur og ævintýri ásamt því að þjálfa börnin í að segja frá eigin upplifunum
- hafi kynnst á vettvangi skóla hvernig frásagnir eru tengdar námsgreinum, til dæmis lífsleikni og trúarbragðafræðslu

Viðfangsefni: Fræði um uppeldislegt gildi frásagna og ævintýra fyrir börn og mikilvægi leiklistar í tengslum við virka upplifun þátttakenda. Þjálfun í að segja áheyrilega frá og tvinna leiklist inn í frásögn til þess að dýpka skilning á efni. Mótun leiklistarferlis í tengslum við frásagnir og ævintýri. Athugun á því hvernig kennarar á vettvangi nýta sögur og ævintýri með ungum nemendum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, lestur og umræður/málstofur. Vettvangsathuganir og kynningar. Leiklistar- og frásagnarsmiðjur. Nemendur vinna sjálfstætt að því að skapa og móta leiklistarferli í tengslum við frásagnir og ævintýri. Þjálfun í frásagnarlistinni.
Einstaklingsverkefni: Ritgerð um uppeldislegt gildi frásagna og ævintýra fyrir börn og mikilvægi leiklistar í tengslum við virka upplifun þátttakenda. 20%. Teymisverkefni: Úrvinnsla og miðlun á niðurstöðum úr vettvangsathugun 10%. Einstaklingsverkefni: Úrvinnsla úr sýnikennslu 10%. Teymisverkefni: Innlegg í hugmyndabanka 20% Hópverkefni: Að segja frá: Upptaka og mat 10%. Heimapróf 20%. Þátttaka í málstofu og almenn virkni í tímum 10%. Mætingarskylda.

**GSF536G • Kennslufræði og vettvangsnám list- og verkgreina II • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Ísleifsdóttir Aðjunkt
Kennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Markmið:
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
− hafa öðlast færni í að kenna kjörsviðsgrein sína
− geti beitt ólíkum kennsluaðferðum sem byggja á skapandi og verklegri vinnu með börnum og unglingum
− vera fær um að skipuleggja og framkvæma kennslu í list- og verkgreinum á mið- og unglingastigi grunnskólans
− hafa þekkingu á sínu sérsviði og geti tekið þátt í þróunarstarfi í grunnskólum á því sviði
− hafa kynnt sér fjölbreyttar námsmatsaðferðir innan list- og verkgreina
Viðfangsefni:
Lögð er áhersla á faglegan skilning og færni í kennslu. Hlutverk list- og verkgreinakennarans skoðað, þáttur kennsluumhverfis og áhrifaþættir út frá menningu og samfélagi. Mikilvægi ferilsins frá hugmynd til fullunnins hlutar tekin fyrir ásamt vinnulagi í verklegum þáttum. Nemendur prófa verkefni sín á vettvangi grunnskólans undir handleiðslu kjörsviðs- og viðtökukennara. Námskeiðið er skyldunámskeið í list- og verkgreinum. Í námskeiðinu er sameiginlegur kjarni og síðan er nemendum skipt í hópa eftir kjörsviðum.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, kynningar, umræður, verkefnavinna, kennsluverkefni, skólaheimsóknir og vettvangsnám. Hugleiðingar og ígrundun nemenda um lesefni, fyrirlestra, umræður og reynslu í vettvangsnámi er haldið saman í leiðarbók. Í lok námskeiðs skila nemendur ferilmöppu með kennsluverkefnum og útdrátti úr leiðarbók um námskeiðið og vettvangsnámið.
Umsögn viðtökukennara um starf kennaranema, lokið/ólokið og einkunn fyrir verkefni og ferilmöppu.

**GSF537G • Lokaverkefni til B.Ed. prófs • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
-

**GSF601G • Lokaverkefni til B.Ed. prófs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
-

**GSF603G • Félagsfræði fjölskyldna og fjölskyldusaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Dóra S Bjarnason Prófessor
Markmið
Að loknu námskeiði skal nemandinn

- hafa kynnist viðfangsefnum, kenningum og aðferðum félagssagnfræði og félagsfræði við rannsóknir og túlkun á vestrænum og þó einkum íslenskum fjölskyldum og breytingum á þeim á 19. og 20 öld.
- hafa skilning á nokkrum helstu sjónarhornum greinanna og hvernig má beita þeim við rannsóknir og túlkun.
- hafa færni í að beita þeim á álitamál sem varða fjölskyldur og opinbera fjölskyldustefnu.
- geta greint málefni og breytingar á íslenskum fjölskyldum í samhengi við samfélagsþróun
- hafa innsýn í félagslegar aðstæður og mismunun sem setja mark sitt íslenskar fjölskyldur, sem og í breytingar á hlutverkum, stöðu og aðstæðum barna og fullorðinna í fjölskyldum á tímabilinu.
- kunna skil á fjölbreytileika fjölskyldna barna og ungmenna hér á landi, og því á mismunandi uppeldis og uppvaxtar skilyrðum þeirra
- hafa öðlast þjálfun í notkun fræðilegra texta og rannsókna við athugun á málefnum fjölskyldna.

Viðfangsefni
1. Fjölskyldusaga
Í þessum námskeiðshluta verða kynntar helstu rannsóknarárherslur í fjölskyldusögu og í sögulegri lýðfræði í Evrópu og Bandaríkjunum. Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist því helsta sem ritað hefur á sviðinu hér á landi og greini tengsl við alþjóðlegar stefnur og strauma. Rætt verður um það hvernig íslenska fjölskyldan fellur að hugmyndum um hið vesturevrópska fjölskyldumynstur. Þá verður fjallað um félags- og ættartengsl og mikilvægi þeirra í bændasamfélaginu íslenska.
2. Félagsfræði fjölskyldna
Fjallað verður um hugtök og kenningar sem nýta má við að greina og túlka breytingar á íslenskum fjölskyldum á 20.öld í samhengi við helstu breytingar á samfélagsgerð og menningu fram til dagsins í dag. Í þessu sambandi verður rætt um vinnu, verkaskiptingu og heimilisrekstur, verkaskiftingu á milli heimila og formlegra stofnanna, og um breytt hlutverk foreldra og barna, félagslegan og menningarlegan margbreytileika og breytt samspil heimilis, skóla og annarra samfélagsþátta.
Loks verður fjallað um frávik og óvenjulegar fjölskyldur, um fjölskyldustefnu og stuðning hins opinbera við fjölskyldur, og um nýja tækni við æxlun, meðgöngu og fæðingu.
Vinnulag
Kennslan fer fram í fyrirlestrum og á web-ct.
Þetta námskeið er að öllu jöfnu kennt annað hvert ár.
Fimm verkefni verða unnin, eitt í upphafi námskeiðsins, tvö í fjölskyldusöguþætti og tvö í félagsfræðiþættinum. Hvert verkefni gildir 15%. Ferlimappa þar sem fyrrgreind verkefni verða tengd saman með milliköflum, inngangi og lokaorðum gildir 25% og er ætlast til að nemendur skili henni inn í lok námskeiðsins. Nemendum er ráðlagt að halda dagbók yfir nám sitt og framvindu allt námskeiðið.

**GSF604G • Trúarbrögð og menning • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Markmið
Að nemandinn:

- hafi dýpkað þekkingu sína á rannsóknum og helstu aðferðum, kenningum og hugtökum trúarbragðfræða og geti beitt þeim við úrlausn fræðilegra og hagnýtra viðfangsefna
- hafi þekkingu á völdum þáttum í áhrifasögu trúarbragða, einkum hér á landi
- hafi aukið skilning sinn á samspili trúarbragða og menningar í sögu og samtíð
- geti greint og rökrætt mikilvægar spurningar sem tengjast trúarbrögðum, samfélagi og menningu í nútímanum
- geti lagt mat á og nýtt sér ólíkar heimildir og rannsóknir um tengsl trúarbragða og menningar
- geti greint og unnið með trúarstef í menningu fortíðar og nútíðar á fræðilegan hátt og nýtt sér þau í kennslu
- sé fær um að túlka og kynna niðurstöður athugana sinna á þætti trúarbragða í menningunni og tengja þær við nám og kennslu.

Viðfangsefni
Fjallað verður um samspil trúarbragða, menningar og þjóðlífs og skoðuð dæmi úr sögu og samtíð. Sérstakri athygli verður beint að völdum þáttum í áhrifasögu trúarbragða á Íslandi og unnið með þá, en einnig vikið að stöðu og áhrifum trúarbragða á tímum hnattvæðingar og fjölmenningar. Athyglinni verður jafnframt beint að trúarstefjum í bókmenntum, listum og kvikmyndum og unnið með dæmi og hugað að því hvernig nýta má þau í kennslu.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, upplýsingaöflun, vettvangsferðir og verkefnavinna.
Nauðsynleg undirstaða: Trúarbragðafræði og trúarbragðakennsla (GSS324G) eða Biblíufræði og biblíusögur (GSS422G), Trúarbragðafræði og trúarbragðakennsla (GSF307G) eða Biblíufræði og biblíusögur (GSF405G)
Nemendur vinna verkefni þar sem þeir fást við samspil trúarbragða, menningar og þjóðlífs í sögu og samtíð og fást jafnframt við að greina trúarstef í bókmenntaverkum, listaverkum eða kvikmyndum. Þeir kynna niðurstöður sínar fyrir öðrum nemendum í málstofum og ræða jafnframt og gagnrýna verkefni hver annars og skila um það greinargerð.

**GSF605G • Svæðalandafræði og valin verkefni • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eggert Lárusson Lektor
Markmið
Að nemendur:

- þekki ólíkar hugmyndir um skiptingu jarðar í svæði
- þekki landfræðileg hugtök, kenningar og líkön sem notuð hafa verið til að greina og lýsa mannlegu samfélagi á jörðinni
- þekki meginatriði landfræði Evrópu, þ.e. náttúrufar, íbúa, efnahags- og atvinnulíf
- þekki helstu samtök ríkja heims og stöðu Íslands í samskiptum þjóða
- skilji ólíkar hugmyndir um skiptingu jarðarinnar í svæði
- verði fær um að undirbúa kennslu í landfræði og meta á framlagi sínu
- hafi unnið að völdum landfræðilegum verkefnum að eigin vali
- þekki rannsóknir á sviði landfræði og landfræðikennslu
- þekki námsgögn og aðrar heimildir sem nýst geta við undirbúning kennslu í landfræði.

Viðfangsefni
Landfræði Íslands; yfirlit yfir náttúrfar, atvinnulíf, samgöngur og landnýtingu á Íslandi.
Norðurlönd; yfirlit yfir náttúrfar, atvinnulíf, samgöngur og landnýtingu, auk sérstöðu samskipta á Norðurlöndum.
Landfræði Evrópu; yfirlit yfir náttúrufar Evrópu, íbúa, þróun efnahags- og atvinnulífs.
Samskipti þjóða heims; helstu samtök ríkja í Evrópu og svo alþjóðasamtök.
Svæði heims: afmörkun svæða út frá ólíkum þáttum eins og landamærum, tungumálum, trúarbrögðum, efnahagsþáttum og sögu.
Kennsla; Kynntar verða hugmyndir að kennslu ofantaldra viðfangsefna sem og rannsóknir á sviði landfræðikennslu og námi í landfræði.
Vinnulag
Áhersla verður á hagnýt verkefni sem nýtast vel til undirbúnings kennslu í grunnskóla. Kennt verður með fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og rík áhersla verður á notkun upplýsingatækni.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat, þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.
Verkefni

**GSF610G • Neytenda- og heilsuuppeldi, umhverfisvernd og híbýlafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Að kynna nemendum neytendafræðin og umhverfisvernd og þeim vinnubrögðum lífsleikninnar sem stuðla mega að sjálfstæði og ábyrgð í neyslusamfélagi nútímans. Einnig takast nemendur á við að skoða og endurskoða venjur sínar og viðhorf á sviði neytendamála og umhverfisverndar. Í híbýlafræði er lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir því jafnvægi sem þarf að ríkja á milli praktískra (hlutlægra) þátta og fagurfræðilegra (huglægra) þátta heimilisins og öðlist skilning og færni til að greina þar á milli.
Í lok námskeiðs er stefnt að því

- að nemandinn skilji og þekki hlutverk og ábyrgð neytandans í flóknu og margbreytilegu samfélagi
- að nemendur kynnist helstu hugmyndum á sviði neytenda- og umhverfisfræða
- að nemendur verði sér meðvitaður um þau öfl sem eru að verki í neyslusamfélaginu og átti sig á vinnubrögðum markaðsfræða, fjölmiðla, auglýsinga- og áróðursfræða
- að nemendur geri sér grein fyrir venjum sínum og viðhorfum varðandi innkaup, neyslu og umhverfisvernd
- að nemendur þjálfist í vinnubrögðum lífsleikninnar og læri að stýra kennslu sem miðar að því að auka meðvitund og sjálfsábyrgð

Í híbýlafræðinni er stefnt að því að nemendur öðlist skilning á:

- skipulagningu rýmis (layout),
- birtu og lýsingu,
- litum og efnisvali,
- tengingu rýmis,
- þróun híbýla.
- og getu til að nýta sér námsefnið á sem fjölbreyttasta hátt í skólastarfi, svo sem til samþættingar þessa námsefnis við aðrar námsgreinar.

Inntak / viðfangsefni:
Fjallað verður um neytendafræði og umhverfisvernd og verða helstu sjónarmið þeirra fræða kynnt. Komið verður inn á þætti eins og vistvænar vörur, umhverfismerki, flokkun sorps og pappírsnotkun, sparnað, gerð fjárhagsáætlana, verðmyndun og skipulögð innkaup. Einnig verður fjallað um ýmsa þætti sem hafa áhrif á neyslumynstur fólks og hvað þarf til að fólk breyti viðhorfum sínum og venjum.
Vinnubrögð lífsleikninnar verða lögð til gurndvallar á námskeiðinu og fá nemendur tækifæri til að þroska sín eigin viðhorf og hugmyndir. Þá taka nemendur þátt í markvissri greiningu á eigin neysluvenjum og framlagi til umhverfisverndar. Nemendur fá síðan tækifæri til að móta sér stefnu sem þeir byggja á þeirri
endurskoðun á grunnviðhorfum sínum og ábyrgri afstöðu. Nemendur fá líka tækifæri til að stýra kennslu sem miðar að því að hjálpa fólki til að efla sjálfstæði og ábyrgð í neyslusamfélaginu.
Vinnulag:
Innlagnir, umræður, hópvinna og verkefni.
Nemendur vinna þrjú verkefni:
1. Leiðarbók: Nemendur greina neysluvenjur sínar og skoða þá þróun sem verður á viðhorfum þeirra á meðan á námskeiðinu stendur.
2. Verkefni 1: Nemendur móta sér stefnu varðandi neysluvenjur og framlag til umhverfisverndar og setja fram í því formi sem þeim þykir henta - t.d. plakat, slagorð, söngur ...
3. Verkefni 2: Nemendur gera úttekt á einstökum þætti umhverfis- og neytendafræða og finna viðeigandi og áhugvekjandi leið til að miðla upplýsingunum til bekkjarins.
4. Lífsleiknikennsla: Nemendur stýra kennslustunda um umhverfis og neytendamál þar sem aðferðum lífsleikninnar er beitt.
Nemendur vinna þrjú verkefni:
1. Leiðarbók: Nemendur greina neysluvenjur sínar og skoða þá þróun sem verður á viðhorfum þeirra á meðan á námskeiðinu stendur.
2. Verkefni 1: Nemendur móta sér stefnu varðandi neysluvenjur og framlag til umhverfisverndar og setja fram í því formi sem þeim þykir

henta - t.d. plakat, slagorð, söngur ...
Verkefni 2: Nemendur gera úttekt á einstökum þætti umhverfis- og neytendafræða og finna3. viðeigandi og áhugvekjandi leið til að miðla upplýsingunum til bekkjarins.
4. Lífsleiknikennsla: Nemendur stýra kennslustunda um umhverfis og neytendamál þar sem aðferðum lífsleikninnar er beitt.

**GSF611G • Nám og kennsla: Fagmennska í fullorðinsfræðslu • (10e) • Vor**
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kennaranemi hafi tileinkað sér helstu færniþætti sem teljast til fagmennsku kennara og leiðtoga í fræðslustarfi með fullorðnum og mótað sér starfskenningu sem er faglega ígrunduð. Undirmarkmið eru að kennaranemi:
- geti nýtt þekkingu sína og skilning á eðli fræðslustarfs með fullorðnum til að skipuleggja og leiða fræðslustarf með fullorðnum sem og samstarf við þá sem tengjast fræðslustarfinu
- hafi hæfni til að greina og meta aðstæður í starfi og ákveða leiðir til að bregðast við þeim
- hafi þroskað með sér færni til að takast á við erfið og flókin samskipti við umbjóðendur og samstarfsfólk
- geti metið eigið starf og skipulagt áframhaldandi þróun þess
Inntak / viðfangsefni
Meðal viðfangsefna verða eðli kennarastarfsins í fjölbreyttu samhengi símenntunar, teymisvinna, siðfræði og siðareglur, samskiptafærni. Litið er á kennaramenntun sem ævimenntun og vinnustaðinn sem lifandi námssamfélag. Þar verður til dæmis leitað fanga í hugmyndum um stofnanir sem læra. Leitast verður við að tengja við hugmyndir um mannauðsþróun, breytingastjórnun, andragogy, rannsóknir á starfi leiðtoga í fræðslu meðal fullorðinna og lokaverkefni kennaranema. Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, málstofur, lestur, upplýsingaleit, sjálfstæð verkefni, hópverkefni. Einnig verða stutt hagnýt verkstæði þar sem þátttakendur þjálfa sig í tilteknum hæfniþáttum. Áhersla er lögð á að kennaranemar safni gögnum og dæmisögum úr námi sínu og af vettvangi sem eru skoðuð, greind og metin í ljósi fræðilegra kenninga um nám og kennslu, siðfræði og eigin starfskenningar og geri áætlun á grundvelli greiningar sinnar.
Sýnismappa sem gefur mynd af starfskenningu kennaranemans - 60% Munnlegt próf sem felur í sér kynningu á sýnismöppu ásamt því að vera andmælandi á sýnismöppu samnemenda - 40%

**GSF614G • Stjörnufræði og þróun lífs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Kennari: Jón Hafsteinn Guðmundsson
Markmið:

- að nemendur þekki helstu stjarnfræðileg fyrirbæri sem eru sýnileg frá jörðu,
- að nemendur þekki þróun og byggingu sólkerfisins og helstu eiginleika þeirra hluta sem tilheyra því,
- að nemendur skilji virkni, eiginleika og þróun sólstjarna.
- að nemendur þekki byggingu vetrarbrauta og mismunandi gerðir þeirra,
- að nemendur þekki hugmyndir fræðimanna um byggingu og þróun alheimsins,
- að nemendur skilji á hvern hátt þróun alheimsins, sólstjarna og sólkerfisins hafa skapað möguleika á þróun lífs á jörðinni og annars staðar,
- að nemendur kynnist hugmyndum manna um uppruna lífs,
- að nemendur þekki hvaða þróunaröfl breyti stofnum lífvera,
- að nemendur fái innsýn í helstu atburði í sögu lífsins og hvernig breytingar á landmössum og utankomandi öfl hafa haft áhrif á þá sögu,
- að nemendur kynni sér vel sögu einhvers lífveruhóps og einkenni,
- að nemendur kynni sér vel þróunarsögu mannsins og skoða nýjustu hugmyndir og álitamál um það efni,
- að nemendur kynnist rannsóknum á heimsmynd barna og öðrum hugtökum tengdum stjörnufræði og þróunarfræði,
- að nemendur geti skipulagt og séð um kennslu stjörnufræði og þróunarfræði í grunnskóla.

Inntak / viðfangsefni:
Sólkerfið, sólstjörnur, staða sólkerfisins í alheiminum, vetrarbrautir, alheimurinn. Tengsl stjörnufræði og þróunar lífs Stjörnuskoðun. Uppruni lífs, þróunaröfl (náttúrulegt val, genaflökt, genaflæði o.fl.), aðaltímabil jarðsögunnar og einkennislífverur, útrýmingar og ástæður þeirra, þróunarsaga og þróun mannsins. Rannsóknir á heimsmynd barna og skilningi ungs fólks á lykilhugtökum þróunarfræði og stjörnufræði. Grunnskólakennsla í þróunarfræði og stjörnufræði.
Vinnulag :

- Umræðutímar: Nemendur og kennarar fara saman í helstu hugtök og nemendur kanna skilning sinn á þeim,
- ígrundaðir verða textar um viðfangsefnin og kennslu þeirra,
- nemendur gera athuganir og ræða við börn og/eða unglinga um hugmyndir þeirra,
- fyrirlestrar kennara, netkennsla og netnám, myndbönd.

Virkni nema í námskeiðinu verður metin. Jafnframt vinna nemendur ýmis verkefni og taka próf.

**GSF616G • Nám og kennsla - Fagmennska kennara • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sólveig Karvelsdóttir Lektor
Kennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kennaraneminn öðlist skilning á þeim meginskuldbindingum sem kennarastarfið felur í sér, jafnt siðferðilegum, lagalegum, félags- og menningarlegum. Að hann tileinki sér helstu færniþætti sem teljast til fagmennsku kennara og móti sér starfskenningu sem er faglega ígrunduð.
Undirmarkmið eru að kennaranemar

- skilji og geti greint helstu siðferðileg viðmið og skyldur kennara
- öðlist hæfni til að greina og meta aðstæður í starfi út frá eigin reynslu og fræðilegum forsendum og geti fundið leiðir til að bregðast við
- hafi þroskað með sér færni til að takast á við margþætt samskipti innan skólasamfélagsins

- geti gert grein fyrir hlutverki sínu og ábyrgð í skólaþróun, innra mati skóla, mótun skólamenningar og bekkjarbrags
- geti metið eigið nám og starf, m.a. af vettvangi, og skipulagt áframhaldandi þróun þess.

Inntak/viðfangsefni
Meginþráður námskeiðsins er þjálfun kennaranema til að verða fagmenn á sínu sviði og stuðningur við þróun eigin starfskenningar þeirra. Það verður gert með því að efla skilning á þeim skuldbindingum sem starfið felur í sér og þekkingu á umhverfi barna, á félagslegu og pólitísku umhverfi skóla og þeirrar samtíðar sem kennarinn vinnur í og fyrir. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á siðfræðilega vídd kennarastarfsins, á manngildissjónarmið og ábyrgð umsjónarkennara og kennara almennt gagnvart velferð barna s.s. fjölbreyttum þörfum þeirra, skóla án aðgreiningar, réttindum barna, barnavernd, áföllum í nemendahópi og foreldrasamstarfi. Með þessu er stefnt að því kennari geti, út frá fagvitund sinni, brugðist við ýmsum ófyrirséðum aðstæðum á vettvangi. Út frá forsendum fagvitundar verður fjallað um sýn nemenda á kennarastarfið. Meðal viðfangsefna verður sjálfsrýni og sjálfsmat, samskiptafærni, teymisvinna og áhrif kennarans á bekkjarbrag. Viðfangsefni verða tengd vinnu á vettvangi.
Vinnulag
Helstu efnisþættir verða kynntir í fyrirlestrum sem síðan verður unnið með í umræðuhópum, málstofum og verkefnum. Ýmis álitamál verða skoðuð og rædd með vísun til dæma úr skólastarfi. Nemendur lesa valdar greinar og rannsóknir og þróa með sér efnisleit af bókasafni og neti. Þeir leggja mat á upplýsingar, gæði og áreiðanleika þeirra og komi það fram í verkmöppu sem hver og einn nemandi gerir. Þar safnar hann gögnum sem styðja hann í að skilja og fást við viðfangsefni námskeiðsins. Nemendur fara á vettvang með ákveðin verkefni til að skoða og vinna með. Einnig safna þeir gögnum af vettvangi og dæmisögum úr námi sínu, bæði fyrr og nú. Gögnin verði skoðuð, greind og metin í ljósi fræðilegra kenninga um nám og kennslu, siðfræði og eigin starfskenningar nemenda.
Verkmappa sem gefur mynd af námi og starfi, m.a. af vettvangi, og starfskenningu kennaranema, 60%. Munnlegt próf sem felur í sér kynningu á verkmöppu, 40%.

**GSF617G • Dýpkun í textíl • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Fríður Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur
- hafi dýpkað fyrri kunnáttu sína í völdu viðfangsefni innan textílmennta
- hafi aflað sér þekkingar innan viðfangsefnis í gegnum rannsóknar- og tilraunavinnu, fræðilega nálgun og verklega iðkun.
- sýni að þeir hafi náð að tileinka sér helstu grunnþætti greinarinnar og bætt við þá kunnáttu með eigin rannsóknar- og þróunarvinnu.
- geti unnið sjálfstætt og skipulega og efli með sér faglega hæfni í allri vinnu.

Viðfangsefni: Nemendur velja viðfangsefni innan textílmennta sem þeir hafa áhuga á að dýpka sig í. Nemendur velja hvort þeir kjósa að dýpka fyrri kunnáttu sína í faginu eða velja nýja þætti innan textílmennta. Einstaklingsmiðað nám með áherslu á eigin rannsókn, ásamt faglegri hönnunar- og þróunarvinnu. Lögð er áhersla á framsetningu verkefna, eigin túlkun og niðurstöður.
Vinnulag: Einstaklingsvinna byggð á rannsóknar- og þróunarvinnu, framsetning hugmynda og verkefna og gagnrýnin umræða.
Verkefni metin til einkunnar útfrá markmiðum námskeiðs.

**GSF618G • Notkun upplýsingatækni í tungumálanámi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekking og kunni skil á kenningum og rannsóknum um notkun upplýsingartækni í tungumálanámi.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- þekki og kunni skil á helstu hugtök í kenningum um tölvutengt tungumálanám
- þekki og kunni skil á helstu rannsókna um tölvutengt tungumálanám
- séu fær um að vega og meta af gagnrýni og með tilvísun í faglegum rökstuðningi það námsefni og hugbúnaður sem veraldarvefurinn hefur upp á að bjóða
- geti beitt þekkingu sína við gerð ýmis konar náms- og kennsluverkefni til miðlunar á skjá eða á netinu
- geti beitt tækjum og hugbúnaði sem ætlaður er tungumálanámi
- geti skipulagt, útbúið og metið hópverkefni eða vefleiðangur þar sem reynir á efnisöflun, stafrænni úrvinnslu og miðlun.

Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu er fjallað um tölvutengt tungumálanám (Computer assisted language learning) og þróun þess síðastliðin þrjátíu ár. Einnig er skoðað hvaða hlutverki tölvutengt tungumálanám hefur gegnt í íslenska skólakerfinu. Fjallað er um þá kennslumöguleika sem veraldarvefurinn býður upp á í sambandi við tungumálanám og kennaranemar kynni sér og meti kennsluefni á veraldarvefnum og notkun þess á markvissan hátt. Á námskeiðinu er jafnframt lagður mikilvægur grunnur hvað snertir verklag, tæknilega færni og tæknilæsi.
Vinnulag
Nemendur þróa stafræn verk- og ferilsmöppu á veraldarvefnum, leita fanga á bókasafni og netinu, skoða dæmi um ýmsa nýbreytni í tungumálanámi.
Dæmi um lesefni
Keith Cameron (2002): Computer Assisted Language Learning
Peter Gawinski (2004): Hot Potatoes, Vejle
Michael Levy (1997): Computer Assisted Language Learning - Context and conceptualization, Oxford
Verkefni og ferilsmappa verða metin til einkunnar.

**GSF619G • Íslenska og tjáning • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðmundur Björn Kristmundsson Dósent
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Markmið að nemendur

- hafi öðlast yfirsýn og nokkra þekkingu á íslensku sem námsgrein á fyrstu árum skólagöngu, undirstöðum hennar og kennslufræði móðurmáls
- að þeir geri sér grein fyrir mikilvægi málsins við nám í öðrum greinum og í daglegu lífi.
- að þeir hafi yfirsýn yfir grunnþætti í kenningum um leiklist í kennslu, þekki og skilji aðferðir sem tengjast leiklist í kennslu í ræðu

og leik og öðlist sjálfstæði og hæfni í að beita þeim markvisst við nám yngri barna.
Viðfangsefni
Fengist verður við helstu þætti íslensks máls sem mynda grunn að kennslu þeirra þátta sem námskrá kveður á um. Annars vegar er um að ræða málnotkun, svo sem lestur, einkum lesskilning og að nota lestur til náms og afþreyingar, ritun og aðferðir við að skrifa texta sem hefur tilgang, Upphaf náms í málfræði, stafsetningu, bókmenntum, ritun, töluðu máli og tjáningu. Hugað verður rækilega að kennslufræði móðurmáls.
Grunnur að kennslufræði leiklistar og tengsl hennar við nám og kennslu á vettvangi. Aðferðir og leiðir leiklistar í kennslu til að tengja munnlega og skriflega tjáningu og skapandi túlkun við kennslu í móðurmáli.
Vinnulag
Fyrirlestrar, lestur, og umræður. Sýnikennsla og vettvangsathuganir. Þjálfunartímar (í staðlotum í fjarnámi) þar sem áherslan er á þjálfun kennaranema til að vinna sjálfstætt að skapandi verkefnum í íslensku og leiklist.
Þátttaka og virkni í kennslustundum og munnleg og skrifleg verkefni verða metin til einkunnar, sem nemur 60% af heildarmati, ásamt prófi 40%.

**GSF625G • Stærðfræðigreining • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Freyja Hreinsdóttir Dósent
Inntak / viðfangsefni: Farið verður í línuleg föll, margliður og gröf þeirra. Skilgreind verða vísis-og lografoll og hornaföll og farið í helstu eiginleika þeirra. Hugtökin markgildi og samfeldni verða skilgreind ásamt afleiðu falls. Afleiður algengra falla verða leiddar út frá skilgreiningu og reiknireglur leiddar út. Tengsl afleiðu og grafs falls verða skoðuð. Heildi falls verður skilgreint og helstu reiknireglur leiddar út. Farið verður í valin viðfangsefni er varða föll af mörgum breytistærðum, diffurjöfnur og línulega algebru. Samhliða ofangreindu verður farið í hagnýtingar stærðfræðigreiningar í náttúruvísindum og fleiri greinum.
Vinnulag: Kennslan fer fram í fyrirlestrum og dæmatímum.
Nauðsynleg undirstaða: Tölur og reikniaðgerðir (GSS214G) eða Tölur og reikniaðgerðir (GSF209G)
Æskileg undirstaða: Rúmfræði og algebra (GSF313G) eða Rúmfræði (GSF324G)
Verkefni og lokapróf.

**GSF626G • Leikur og tækni • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Umsjónarkennari: Svala Jónsdóttir Aðjunkt
Þekkingar- og færnimarkmið:
Nemendur geti

- lýst möguleikum sem felast í tölvunotkun barna í grunn- og leikskóla
- fundið, flokkað, gagnrýnt og metið stafrænt efni ætlað börnum
- beitt upplýsingatækni með börnum, einkum í leik og skapandi vinnu
- sýnt tök á völdum verkfærum til að afla efnis og útbúa hljóð, skjásögur, myndverk og hreyfimyndir
- skipulagt, útfært og metið efnisgerð af nýmiðlunartoga með ungum nemendum leik- og grunnskóla
- skipulagt listræna sköpun og leik með ýmis konar tæki og nytjahluti
- beitt tækjum og hugbúnaði sem ætlaður er börnum og varpar ljósi á hönnun tækja, forritun og sjálfvirkni

Inntak, viðfangsefni og vinnulag:
Nemendur lesa og fjalla um greinar sem lúta að tölvunotkun barna í leik- og grunnskólum. Þeir kynnast lýsandi dæmum í starfi valinna skóla og ígrunda færar leiðir til að beita upplýsingatækni og miðlun með ungum nemendum á frjóan hátt. Fjallað er um stafrænt afþreyingar- og námsefni fyrir börn og bent á leiðir til að flokka og meta slíkt efni. Nemendur útbúa skjákynningar og sögur með hjálp valinna forrita með áherslu á efnisöflun með hjálp upplýsingatækni og listræna framsetningu hljóða, mynda og hreyfinga. Nemendur fá tilefni til að bregða á leik með nytjahluti og tæknibúnað með það fyrir augum að ýta undir skapandi hugsun og skoða tækni í daglegu umhverfi barna og fullorðinna frá óvæntu sjónarhorni. Þá er á námskeiðinu fjallað um tæknilausnir sem eru sniðnar að ungum nemendum og eiga að varpa ljósi á tæknihönnun, forritun og sjálfvirkni. Nemendur kynnast kennslu um slíkan búnað á vettvangi og fá sjálfir að spreyta sig á glímu við hann.
Nemendur hafa töluvert val um verkefni. Nemendur bregðast við verkum annarra nemenda. Kennarar veita skriflega umsögn um verkefnin og meta framlag nemenda til einkunnar.

**GSF628G • Íslensk málfræði II: Setningafræði og stílfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Markmið
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent öðlist hæfni til þess að kenna setningafræði, stílfræði og textarýni, auk þess sem hann eflist í að beita íslensku máli á markvissan hátt.
Undirmarkmið eru að stúdent:
- skilji forsendur orðflokka og setninga,
- þekki til rannsókna á setningafræði og stílfræði og geti tengt þær unglingum og þroska þeirra,
- öðlist kunnáttu í bókmenntalegri umfjöllun þar sem mið er tekið af máli og stíl,
- þekki til helstu kenninga í setningafræði og stílfræði og geti beitt þeim í kennslu,
- tileinki sér ýmis kunnáttuatriði í tengslum við álitamál í íslensku máli og bókmenntum,
- verði fær um að beita kennslufræðilegri þekkingu í skólastarfi,
- geti fjallað um og lagt mat á námsefni og námsmat í grunnskóla.
Inntak / viðfangsefni
- Kynntar verða rannsóknir í setningafræði og stílfræði. Þar verður lögð áhersla á grundvöll málfræðilegrar greiningar, málmyndunarfræði og kennslu móðurmáls.
- Fjallað verður um mismunandi stíl í bókmenntum, bæði barnabókmennta og almennra bóka er teljast til fagurbókmennta. Einnig verða margvísleg önnur stílbrigði könnuð.
- Rætt verður um íslensku sem annað mál og leitast við að lýsa og skýra mismun móðurmáls og annars máls á grundvelli setningafræði og stílfræði.
- Ýmsar leiðir í kennsluskipulagningu verða kynntar.
- Orðflokkagreining er mikilvægur hluti námskeiðs og verður hún rannsökuð og rædd frá ýmsum óvæntum hliðum.

- Stúdent verður þjálfaður í að bregðast við spurningum og fræðilegum vandamálum sem sífellt skjóta upp kollinum í sambandi við umræðu um mál og málnotkun.
- Fjallað verður um kennsluaðferðir í móðurmáli eins og samþætt nám, heildstætt nám og hlutanám.
- Vettvangsnám er ofið inn í kennslu.

Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert að reyna verkefni í vettvangsnámi, leggja til skapandi hugmyndir sem verða prófaðar í vettvangsnámi. Enn fremur mun nemendum gert að fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur og tímarit.
Lesefni
Setning eftir Höskuld Þráinsson, Setningafræði eftir Sigurð Konráðsson, tímaritsgreinar.
50% verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. 50% skriflegt próf þar sem áhersla er lögð á þekkingu, skilning og gagnrýna afstöðu.

**GSF630G • Hönnun glerhluta • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Námskeiðslýsing
Nemendur læra mismunandi tækni og vinnubrögðum við mótun glers. Áhersla er á listrænar útfærslur list-, skart- og nytjahluta.
Markmið
Að kennaranemar kynnist mismunandi aðferðum við glervinnu og hljóti þjálfun í að vinna með og kenna í grunnskólum.
Inntak / viðfangsefni
Unnið er með steint (tiffany's) gler, bræðslugler (flotgler) og mósaík. Verkefnin geta verið t.d. gluggaskreytingar, skálar, bakkar, lágmyndir og skúlptúrar o.fl. Lögð er áhersla á frumleika og hönnun. Kennd verður gerð glermóta í fiber eða önnur efni og kannað hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi litun og skreytingar á glerhlutum. Einnig verður reynt að tengja önnur efni glerinu í hönnunarverkefnum s.s. tré og plast.
Vinnulag
Verkleg þjálfun er undirstaða námsins en að öðru leyti fer kennsla fram í fyrirlestrum, umræðu- og leiðsögutímum. Nemendur gera verkefnamöppu auk glerhluta.
Reikna má með staðlotu fjarnema á miðri önn auk þeirrar sem er í upphafi annar. Verkefnin eru unnin að miklu leyti í staðlotunum.
Veraldarvefurinn er hagnýttur eins og kostur er.
Verkefni metin til einkunnar.

**GSF631G • Formfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jón Reykdal Lektor
Kennari: Magnús Sigurður Guðmundsson Aðjunkt
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- Þekkja hlutföll mannslíkamans
- Hafað dýpkað sig í meðferð lita og efna
- Geta umbreytt tvívíðu efni í þrívítt form
- Hafa innsýn hvernig samþætta má myndmennt öðrum námsgreinum
- Hafa þekkingu á margbreytileika og möguleikum efnis og hugmynda í skólastarfi

Inntak/viðfangsefni
Í námskeiðinu er leitast við að kafa dýpra ofaní viðfangsefnin, allt frá því að greina form ,hlutföll og myndbyggingu. Mannslíkaminn teiknaður .Litfræðilegar rannsóknir.Verkefni eru fjölþætt og bjóða upp á útfærslu í mismunandi efni bæði tvívið og þrívíð, með þarfir grunnskólans í huga.
Vinnulag
Námskeiðið er verklegt, tengt vettvangsferðum út í náttúruna, sýningar og söfn. Fyrirlestrar og sýnikennsla. Ferilmappa og uppsetning sýningar í lok námskeiðs.

**GSS004G • Myndmótun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Vigdís Þórðardóttir Lektor
>Markmið.
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn hafa:

- þekkingu á fjölbreytilegu þrívíðu efni, eiginleikum og meðferð.
- færni í að laga verkefni að starfi með leik- og grunnskólabörnum.
- dýpkað sig í sjálfstæðri vinnu og útfærslu eigin hugmynda.
- þjálfast í að fylgja viðfangsefni eftir frá hugmynd til fullkláraðs verks.
- færni í að vinna með rými og standa að sýningu.
- innsýn í listasöguna og kynnst útfærslum listamanna í þrívítt efni.

Inntak/viðfangsefni
Námskeiðið er framhald þrívíðrar mótunar og hugsað sem dýpkun í vinnu með form. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, að nemendur þjálfist í verklegri færni sem og fagurfræðilegri.
Nemendur safna efni í ferlimöppu og skrifa stutta greinargerð um mótun í leik- og grunnskólastarfi.
Viðfangsefni getur lokið með sýningu.
Vinnulag
Kennslan er að mestu verkleg, auk fyrirlestra.
Efni sem unnið er með
Margskonar sjálfvalið efni sem hentar til mótunar,ásamt leir og pappír.
Lesefni:
Efni frá kennara, bókalisti, netið.
Fullunnin verk nemenda, ferilmappa og ástundun eru metin til einkunnar.

**GSS010G • Nám og kennsla: Nám fullorðinna og fræðslustarf með fullorðnum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
**Markmið**
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að þátttakendur öðlist þekkingu og hæfni til að skipuleggja og leiða nám fyrir og með fullorðnum, hvort sem það er í skólaumhverfi, á vinnustað eða í tengslum við félagsstarf fullorðinna.
*Undirmarkmið eru að þátttakendur:*

- taki tillit til sérstöðu fullorðinna námsmanna við skipulagningu og framkvæmd fræðslutengdra atburða fyrir og með fullorðnum
- myndi sér rökstudda skoðun á hlutverki sínu sem leiðtogar í fræðslustarfi með fullorðnum
- þekki til rannsókna á námi og kennslu og geti tengt þær fullorðnum námsmönnum viðfangsefnum og lífs þeirra
- hafi viðað að sér hugmyndum og hagnýtum aðferðum sem þeir geta beitt við skipulagningu náms og fræðslu með fullorðnum
- beiti [kennslu]aðferðum sem henta fullorðnum og rökstyðja aðferðaval sitt
- nýti sér vefinn við kennslu og geta beitt nokkrum ólíkum aðferðum sem tíðkast við fjarkennslu
- þekki til sögu og þróunar símenntunar á Íslandi, geta metið og greint hugmyndir sem móta þróun og framkvæmd hennar

**Inntak / viðfangsefni**
Á námskeiðinu afla þátttakendur sér þekkingar um nám fullorðinna. Bæði hvað varðar sérstöðu þeirra samanborið við börn, en einnig einstaklingsmun sem kemur fram í áhugahvöt, námsnálgun, ólíkri reynslu, en ekki síður mismunandi möguleikum þeirra til náms. Þeir kynna sér rannsóknir og kenningar um nám og lærdóm fullorðinna og rýna í hlutverk leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu. Þátttakendur æfa sig í því að tengja rannsóknir og kenningar við skipulagningu og framkvæmd fræðslu með fullorðnum sem þeir þekkja til eða kynna sér á meðan á námskeiðinu stendur. Þátttakendur kynna sér hagnýta þætti fræðslu með fullorðnum s.s. skipulagningu, aðferðaval, kennslu, námsmat, fjarkennslu og námskeiðsmat. Þá skoða þeir hvernig fullorðinsfræðsla hefur þróast á Íslandi undanfarin ár.
**Vinnulag**
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og leiðsagnar en námið í formi umræðna, æfinga, verkefna og æfingakennslu á vettvangi. Áhersla er lögð á virkni nemenda, skapandi hugmyndir og raunhæf verkefni sem verða prófuð með samnemendum og í vettvangsnámi.
60% verkefnamappa (portfolio) sem rúmar ýmis verkefni, æfingar, ígrundun og sjálfsmat, 40% skriflegt próf þar sem áhersla er lögð á þekkingu, skilning og gagnrýna afstöðu.

**GSS027G • Vettvangsnám skiptinema • (40e) • Vor**

**GSS103G • Þroska- og námssálarfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Steinunn Gestsdóttir Lektor
Kennari: Freyja Birgisdóttir Lektor
Aðstoðarkennari: Marta Gall Jörgensen
Aðstoðarkennari: Jónína Sæmundsdóttir Lektor
Aðstoðarkennari: Margrét Ólafsdóttir Aðjunkt
Tilgangur þessa námskeiðs er að nemendur öðlist heildarsýn á þroska barna frá fæðingu og fram á unglingsár.
Inntak/viðfangsefni
Fjallað verður um þær breytingar sem verða á þroska barna á mismunandi sviðum og aldursskeiðum og helstu kenningar sem notaðar hafa verið til að varpa ljósi á þessar breytingar. Fjallað verður um vitsmunaþroska, tilfinningaþroska og þróun tilfinningalegra tengsla, félagsþroska, þróun sjálfsmyndar og siðferðisvitundar. Námskenningum og vistfræðilegum kenningum (ecological approach) verður einnig gerð skil. Rætt verður um orsakir og eðli einstaklingsmunar, samfellu í þroska og sveigjanleika þroskaferlisins. Tengsl náms og þroska, áhugahvöt og áhrif uppeldis, menningar og félagslegra aðstæðna á þroska barna verða einnig til umfjöllunar. Áhersla verður lögð á gildi þroskasálfræðinnar í uppeldis- og skólastarfi.
Vinnulag (í staðnámi)
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu/verkefnatímum og á samráðsfundum kennara og nemenda. Í umræðu/verkefnatímum fá nemendur þjálfun í að ræða námsefnið á gagnrýninn hátt. Á samráðsfundum munu nemendur hitta kennara í litlum hópum þar sem kennarar leiðbeina þeim um mótun hugmynda fyrir verkefni, heimildaleit og við gerð verkáætlunar.
Námsmat. Námsmat skiptist í þrennt: 1.Skriflegt verkefni þar sem nemendur þurfa að sýna fram á fræðilega þekkingu og tengja hana við vettvang og geta valið viðfangsefni sem tengist því námsstigi sem þeir hyggjast sérhæfa sig í. Þetta verkefni stuðlar að því að nemendur geti sett fræðilegan grunn í faglegt samhengi, að nemendur geti unnið sjálfstætt, beitt vísindalegum og gagnrýnum aðferðum við gagnaöflun og komið þekkingu sinni og niðurstöðum á framfæri á skýran hátt. Verkefnið mun gilda 30% af lokaeinkunn. 2.Skriflegt próf verður lagt fyrir í lok annar til að meta þekkingu nemenda á helstu kenningum og aðferðum þroskasálfræðinnar og helstu áhrifavöldum á þroska barna og unglinga. Prófið mun gilda 60% af lokaeinkunn. 3.Mæting í umræðutíma (10% af lokaeinkunn)

**GSS104G • Nám og kennsla: Inngangur • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Lilja M Jónsdóttir Lektor
Kennari: Anna Lind G Pétursdóttir Lektor
Kennari: Torfi Hjartarson Lektor
Kennari: Ingvar Sigurgeirsson Prófessor
Kennari: Jóhanna Karlsdóttir Lektor
Kennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Kennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Kennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Inngangsnámskeið í kennslufræði, ætlað öllum kennaraefnum öðrum en þeim sem stefna að því að kenna í leikskólum. Í framhaldi af þessu námskeiði sérhæfa kennaraefni sig í kennslu byrjenda í grunnskólum, kennslu á miðstigi, unglingastigi, kennslu í framhaldsskólum eða í fullorðinsfræðslu. Meginmarkmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í helstu kenningar og rannsóknir um nám, kennslu og kennarastarfið. Áhersla er lögð á tengsl við starfsvettvang og að að nemendur tengi viðfangsefni námskeiðsins eigin reynslu og viðhorfum og leggi grunn að eigin starfskenningu.
Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu er fjallað um nám frá mörgum sjónarhornum og kenningum. Þar má nefna hugsmíðahyggju og fjölbreyttar nálganir í hennar anda og hugmyndir sem tengjast atferlisstefnu, heilarannsóknum og fjölgreindakenningum. Fjallað er um forsendur náms, áhrif umhverfis á

nám, óformlegt nám og formlegt, námsumhverfi og tæknimiðla. Í umfjöllun um kennslufræði er áhersla lögð á að tengja nám og kennslu við rannsóknir og námskenningar og á lykilatriði sem nýtast í kennslu allra aldurshópa, svo sem í tengslum við undirbúning kennslu, markmið, ólíkar kennslu- og námsmatsaðferðir, námsumhverfi, samskipti og samstarf. Þá er fjallað um þátt upplýsingatækni og miðlunar í skólastarfi. Leitast er við að tengja þessi viðfangsefni verkefnum á vettvangi, hugmyndum um fagmennsku og þróun eigin starfskenningar.
Fjallað er um starfsumhverfi kennara með hliðsjón af aðstæðum hér á landi. Fengist er við skólalöggjöf, námskrár og ýmis álitamál sem tengjast skólastarfi.
Námsmat er byggt á leiðarbók og námsmöppu (að hluta til í stafrænu formi), virkri þátttöku á námskeiðinu og skriflegu prófi við lok námskeiðs. Virk þátttaka gildir 20% af námsmati.

**GSS105G • Talað mál og ritað • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ingibjörg B Frímannsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Kennari: Helga Birgisdóttir Aðjúnkt
Kennari: Anna Sigríður Þráinsdóttir Lektor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
Kennari: Guðmundur Sæmundsson Aðjunkt
Kennari: Hanna Óladóttir Aðjunkt
Kennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Markmið
Í lok názskeiðs er gert ráð fyrir að nemendur
-hafi öðlist færni í að tjá hugsun sína skipulega á góðu máli, töluðu og rituðu
- hafi öðlist skilning á því með hve fjölbreyttum hætti kennarar fást við mál í starfi sínu
- hafi áttað sig á mikilvægi þess að kennarar séu góðir málnotendur
- geti greint og rætt skipulag og framsetningu texta og talaðs máls með hugtökum úr hljóðfræði, stílfræði og málfræði
- þekki helstu hugmyndir um málvöndun og málstefnu og geti tengt þær skólastarfi og menntastefnu
- þekki hljóðkerfi íslenskunnar og átti sig á hvernig sú þekking nýtist starfandi kennurum
- þekki helstu einkenni vandaðs og óvandaðs framburðar
- geti gert grein fyrir mismun framburðar og stafsetningar
- geti skrifað rannsóknarritgerð með markvissri byggingu, efnistökum og heimildarýni.
- geti skráð og vísað í heimildir samkvæmt viðurkenndum reglum.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, hópvinna, leiðsögn, verkefnavinna og verkleg þjálfun.
Í þessu námskeiði er einkum lögð áhersla á eftirfarandi fjóra þætti: framburð, framsögn, ritun og málfar. Fengist er við talað mál og texta af ýmsu tagi og hugað að nokkrum grundvallaratriðum sem snerta ritun fræðilegra texta og annarra ritsmíða. Í umræðu um mál og texta verður beitt hugtökum úr málfræði, hljóðfræði og stílfræði og stuðst við fræðirit um efnið.
Nemendur skrifa stutta rannsóknarritgerð þar sem m.a. er lögð áhersla á nákvæm vinnubrögð við meðferð og skráningu heimilda. Auk þess vinna þeir stutt verkefni, munnleg og skrifleg, tengd framburði og hljóðritun, málsniði, málfari og stíl. Áhersla er lögð á að nemendur vandi mál sitt í ræðu og riti. Mikið reynir á virkni nemenda í umræðu og samstarfi.
Rannsóknarritgerð, stutt ritunarverkefni, leiðarbók, æfingar og próf.

**GSS106G • Valnámskeið - Frjálst val • (10e) • Haust**
Nemendur velja sér námskeið í frjálsu vali til ákveðins einingafjölda úr lista mögulegra valnámskeiða. Sjá frekari upplýsingar undir Kennaradeild - Grunnnám - Valnámskeið grunnnáms.

**GSS201G • Íslenska I: Mál og bókmenntir • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna Sigríður Þráinsdóttir Lektor
Kennari: Helga Birgisdóttir Aðjúnkt
Kennari: Ragnar Ingi Aðalsteinsson Aðjunkt
Markmið
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent eflist í að beita íslensku máli á markvissan hátt sem kennari og fyrirmynd nemenda, auk þess sem hann tryggi lágmarksþekkingu sína á námsgreininni íslensku í grunnskóla.
Undirmarkmið eru að stúdent, við námskeiðslok:
- hafi kynnt sér ýmis álitamál sem varða íslenskt mál og bókmenntir og myndað sér skoðun á þeim,
- hafi áttað sig á hlutverki tungunnar í samfélaginu og í þroska einstaklingsins,
- þekki grundvallarhugtök og kenningar sem notuð eru í umræðu um íslenskukennslu,
- þekki og skilji helstu bókmennta- og málfræðihugtök sem notuð eru í kennslu móðurmáls og geti beitt þeim af öryggi,
- hafi áttað sig á markmiðum, gildi og tilgangi íslenskukennslu í grunnskólum og tengslum hennar við aðrar námsgreinar.
Inntak / viðfangsefni
- Lesnir verða fjölbreyttir bókmenntatextar.
- Unnið verður með undirstöðuhugtök í bókmenntum, málfræði og bragfræði. Byggt verður á þekkingu og skilningi á hugtökum og beiting þeirra þjálfuð.
- Fjallað verður um stafsetningu, grundvöll hennar og gildi og nemar meta eigin stöðu með tilliti til kennarastarfsins.
- Fjallað verður um hljóðkerfi tungumálsins og hvernig það tengist töluðu máli, stafsetningu, lestri og ritun.
- Í öllum viðfangsefnum er tekið mið af kennslu nemenda með mismunandi getu.
- Í námskeiðinu er bein tenging við vettvang með viðeigandi verkefnavinnu.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi og leggi til frjóar hugmyndir. Enn fremur skulu stúdentar fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og efni á vef.
60% verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. 40% skriflegt próf þar sem áhersla er lögð á þekkingu, skilning og gagnrýna afstöðu.

**GSS207G • Upplýsingatækni og skólastarf • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið
Í lok námskeiðs hafi nemendur þekkingu og skilning á
- notkun upplýsingatækni á því skólastigi sem sérhæfing þeirra tekur til
- hvernig nemendur sem sérhæfing tekur til nota upplýsingatækni heima og í frístundum
- hvaða verkfæri eru notuð til náms og kennslu og möguleikum sem í þeim felast
- nokkrum íslenskum og erlendum rannsóknum á sviðinu ásamt fræðilegum grunni um möguleika upplýsingatækni til að efla nám og kennslu
- hvernig skólinn getur tekið mið af reynslu og þekkingu nemenda við skipulagningu náms og kennslu með upplýsingatækni
- hvaða þættir í skólanum sem stofnun skipta máli til að upplýsingatækni skili árangri í námi
Færnimarkmið
Í lok námskeiðs hafi nemendur hæfni til að
- taka þátt í þróunarstarfi um notkun upplýsingatækni til að efla nám og kennslu
- taka þátt í gagnrýnni umræðu um upplýsingatækni í skólanámi byggða á þekkingu á vettvangi og fræðikenningum
- nýta upplýsingatækni í leikskóla, almennri bekkjarkennslu og/eða faggreinakennslu
- gera athuganir á notkun upplýsingatækni meðal barna, unglinga eða fullorðinna í skóla og utan skóla
- lesa fræðilegar greinar og fylgjast þannig með þróun rannsókna á sviði upplýsingatækni til náms og kennslu
Inntak / viðfangsefni
Athygli beinist að þremur meginþáttum og samspili þeirra, þ.e. nemandanum, skólanum sem stofnun og upplýsingatækni sem verkfæri við nám og kennslu. Viðfangsefni nemenda verður að afla sér þekkingar jöfnum höndum á starfsvettvangi og með lestri fræðilegra greina sem byggja á rannsóknum á sviði upplýsingatækni til náms og kennslu.
Vinnulag
Við söfnun gagna á vettvangi verður lögð áhersla á að nemendur noti viðurkennda aðferðafræði sem og í greiningu þeirra gagna, túlkun og framsetningu. Áhersla verður lögð á að tengja niðurstöður af vettvangi við fræðilega umræðu. Ný þekking verður lögð fram á neti þar sem hún er aðgengileg fyrir námshópinn og grundvöllur gagnrýninnar umræðu. Hópurinn leggur mat á hvaða framlög eiga erindi við skólasamfélagið á Íslandi og lögð verður áhersla á að birta þau á Netinu.
Nemendur venjast við að nota viðmið til að meta gæði verkefna og taka þátt í umræðu sem hluta af jafningjamati.

**GSS210G • Danska sem erlent mál • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu og skilning á þeim straumum og stefnum sem nú eru efstar á baugi á sviði tungumála- og dönskukennslu Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu og skilning á þeim straumum og stefnum sem nú eru efstar á baugi á sviði tungumála- og dönskukennslu
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- skilji eðli mismunandi kennsluaðferða í dönsku
- þekki og kunni skil á helstu hugtökum sem tengjast kennslufræði erlendra tungumála
- þekki og geti nýtt sér lög og reglugerðir, svo sem aðalnámskrá, við samningu skóla- og bekkjarnámskrár
- geti nýtt sér þá þekkingu til að greina námsefni og meta markmið og leiðir í dönskukennslu
- þjálfist í að ígrunda eigin afstöðu og hugmyndir um dönskukennslu

Inntak / viðfangsefni
Um er að ræða inngangsnámskeið þar sem fjallað er um þróun dönskukennslu undanfarinna áratuga. Á námskeiðinu verður einnig fjallað um hugtök, kenningar og aðferðir sem tengjast fagmennsku dönskukennarans. Fjallað verður um rannsóknir á tungumálanámi og dönskukennslu og fjallað sérstaklega um einstaklings- og nemendamiðaða tungumálakennslu. Námskrár í dönsku verða yfirfarnar og greindar og námsefni skoðað og metið. Nemar fá tækifæri til að skoða og meta kennslu á myndböndum og þjálfast í að ígrunda kennslu og eigin reynslu af tungumálanámi.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni og samstarf í hópum. Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna í málstofu. Þátttaka í málveri. Áheyrn í bekk á miðstigi er hluti námskeiðsins (1 eða 2 eining).
Dæmi um lesefni
Lars Holm og Helle Pia Laursen (2003): Andetsprogsdidaktik, Dansklærerforeningen, København.
Peter Lykke-Olesen og Peter Schmidt (1994): Den lille sproglære(r), Dansklærerforeningen, København.
Ulrika Tornberg (2001): Sprogdidaktik, Alinea, København
Vinnumappa með verkefnum (portfolio), ígrundun og sjálfsmati verður lögð til grundvallar fyrir námsmat.

**GSS211G • Inngangur að samfélagsgreinum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Helgason Dósent
Kennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að kennaranemar

- geti greint frá og rökrætt hugmyndir um tilgang og markmið með kennslu samfélagsgreina, þar með talið trúarbragðafræða, í grunnskólum
- þekki forsendur, hlutverk og fyrirkomulag greinanna samkvæmt aðalnámskrá
- hafi innsýn í mismunandi hugtök, kenningar og nálgun í greinaflokknum
- geti lýst sérkennum einstakra greina innan þessa námsgreinaflokks
- hafi innsýn í vinnubrögð og starfsaðstæður kennara í samfélagsgreinum
- þekki og hafi metið tiltæk námsgögn í greinaflokknum
- geti hagnýtt sér námsgögn í samfélagsgreinum á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt
- búi yfir leikni í upplýsingalæsi á sviði samfélagsgreina

Viðfangsefni
Fjallað verður um tengsl samfélagsgreina í grunnskólum, þar með talið trúarbragðafræða, við fræðigreinar sem að baki búa. Kannaðar verða

innlendar og erlendar námskrár og lagt mat á þær. Grennslast verður fyrir um hvaða námsgögn eru notuð í grunnskólum á þessu sviði og notkun þeirra könnuð. Kennarar einstakra námsgreina fjalla um greinarnar í vísindum og skólakennslu. Námsefnis- og upplýsingalæsi í samfélagsgreinum verður þjálfað.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, verkefni, upplýsingaöflun og -mat, æfingar, lestur. Nemendur taka hluta af námskeiðinu á vettvangi.
Metin eru nokkur tiltölulega jafngild verkefni yfir misserið, svör við spurningum, leiðarbók og skýrslur.

**GSS212G • Tónlist, leiklist og dans: Grunnur • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Markmið: Að nemendur

- skilji uppeldislegt og menningarlegt gildi lista fyrir nám og almennan þroska
- þekki möguleika á að tengja saman tónlist, leiklist og dans í námi barna og unglinga
- kunni að afla faglegra heimilda á sviði listmenntunar og nýta þær til að rökstyðja námsmarkmið fyrir börn og unglinga.
- öðlist þekkingu á sviði listgreina í gegnum verklegar rannsóknir og vettvangsheimsóknir
- ígrundi og leggi grunn að eigin starfskenningu sem listgreinakennarar í grunnskóla

Viðfangsefni: Nemendur kynna sér listviðburði í íslensku samfélagi og tengja við hugmyndafræði og kenningar um listupplifun. Mögulegir snertifletir listgreinanna verða kannaðir út frá margvíslegum sjónarhornum. Nemendur kynnast lesefni þar sem m.a. er fjallað um helstu kenningar um gildi lista í námi og almennum þroska og læra aðferðir við að leita að heimildum og vinna úr þeim á eigin spýtur.
Vinnulag: Listviðburðir sóttir og rætt við listamenn um starfsgrein þeirra. Vinna í smiðjum þar sem nemendur skoða og leita fjölbreyttra leiða til að vinna með listviðburði og upplifun í tengslum við nám barna og unglinga. Verkefni sem tengjast þróun eigin starfskenningar, námskrárgerð í listgreinum ásamt ígrundun um menningar- og samfélagslega vídd listgreinanna.
Námskeiðið er skyldunámskeið fyrir kennaranema á kjörsviðinu Tónlist - leiklist - dans.
Kynningar á athugunum 38%. Greinargerðir um athuganir 31%. Dagbók 15% Gerð og flutningur lokaverkefnis 16% 80% mætingarskylda

**GSS213G • Að kenna um hita, loft, vatn og veður • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Haukur Arason Lektor
Kennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Kennari: Jón Hafsteinn Guðmundsson
Kennari: Eggert Lárusson Lektor
Inntak / viðfangsefni:
Náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins eru: Frumefni, efnasambönd, efnablöndur, efnabreytingar, frumeindakenningar, leysni, þrýstingur, varmi, hitastig, varmaflutningur, áhrif varma á efni, hringrás vatns, loftslag og veðurfar, veðurfarslegt samspil hafs, lofts og lands, lofthjúpur jarðar, athuganir og mælingar, einfaldar veðurmælingar, veðurathuganir og skráning, veðurkort.
Í þessu námskeiði verða þátttakendur búnir undir að kenna í grunnskóla um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins. Mikil áhersla verður lögð á að tengja viðfangsefnin við hugmyndir og reynslu þátttakenda og verður umfjöllun um loft og vatn rauður þráður í námskeiðinu. Fjallað verður um rannsóknir á hugmyndum barna um viðfangsefnin og mögulegar leiðir til að tengja með kennslu þessi viðfangsefni reynsluheimi og hugmyndum grunnskólabarna. Fjallað verður um kennslu náttúrufræðilegra viðfangsefna námskeiðsins, skoðaðar kennslubækur og verklegar athuganir. Kynntar verða rannsóknir og hugmyndir um mikilvægi reynslu nemenda og forhugmynda í náttúrfræðinámi.
Vinnulag
Þátttakendur taka þátt í umræðum þar sem þeir kanna hugmyndir sínar um viðfangsefnin. Ígrundaðir verða textar um viðfangsefnin og kennslu þeirra og gerðar verklegar æfingar sem auka skilning á viðfangsefnunum. Nemendur ræða við börn og unglinga til að kanna hugmyndir þeirra. Meginviðfangsefni verða kynnt í fyrirlestrum en nemendum síðan gefið rými til að afla frekari upplýsinga og þróa hugsun sína í gegnum umræður, verkefni og kynningar.
Virkni nema í námskeiðinu verður metin. Jafnframt vinna nemendur ýmis verkefni og taka próf.

**GSS214G • Tölur og reikniaðgerðir • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Friðrik Aðalsteinn Diego Lektor
Kennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Halla Jónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Markmið að kennaranemar

- Hafi vald á grunnhugtökum í talnafræði.
- Þekki mismunandi leiðir við talnaritun, einkum sætiskerfi.
- Hafi góðan skilning á ræðum tölum og reikniaðgerðunum fjórum í mengi ræðra talna og kynnist óræðum tölum.
- Geti beitt fjölbreyttum leiðum við reikning.
- Hafi náð góðum tökum á hlutfallshugtakinu.
- Hafi tileinkað sér stærðfræðileg vinnubrögð.
- Þekki leiðir til að styðja börn við að þróa skilning sinn á tölum og reikniaðgerðum.
- Séu færir um að byggja upp kennsluferli sem tekur mið af mismunandi forsendum nemenda.
- Geti nýtt fjölbreytta kennsluhætti og nálgast viðfangsefni stærðfræðinnar frá ólíkum sjónarhornum.

Viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um grunnhugtök í talnafræði s.s. frumtölur, deilanleika og frumþáttun. Skoðuð verður uppbygging sætiskerfa og talnaritun. Fengist verður við aðgerðahugtakið og einkenni og tengsl reikniaðgerða, sér í lagi á sviði ræðra talna. Fjallað verður um rannsóknir á þróun talna- og aðgerðaskilnings hjá börnum. Nemendur kynnast ólíkum leiðum við reikning og hvernig námsgögn geta stutt við reikningsnám. Hugtakið hlutfall fær sérstaka umfjöllun bæði þannig að kennaranemar styrki eigin skilning og kynnist hvernig hlutfallaskilningur myndast. Fjallað verður um rannsóknir á kennslu um tölur og reikniaðgerðir á miðstigi og leiðir við kennslu.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og vinnutímum þar sem glímt verður við stærðfræðileg viðfangsefni, fara fram umræður, nemendur kynnast

notkun námsgagna og fjölbreyttri nálgun við stærðfræðinám. Nemendur lesa sér til um rannsóknir, fylgjast með stærðfræðikennslu, skipuleggja kennslu afmarkaðra viðfangsefna og reyna sig á vettvangi.
Próf og verkefni

**GSS215G • Hönnun og smíði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Námskeiðið er inngangsnámskeið fyrir nemendur sem velja kjörsviðið hönnun og smíði og hentar einnig öðrum sem vilja kynna sér áherslur greinarinnar.
Markmið
Nemar hljóti þekkingu á og þjálfun í smíði hluta sem þeir hanna og teikna sjálfir.
Inntak / viðfangsefni
Áhersla er lögð á nytjahluti úr tré. Fjallað verður um nýtingu á íslenskum skógi og sjálfbæra þróun í hönnun. Unnið er m.a. með þætti sem tengjast gömlu handverki. Verkfæra- og viðarfræði er felld inn í þá verkþætti sem fengist er við hverju sinni. Sérstök áhersla er lögð á notkun véla og verkfæra ásamt öryggi og heilsuvernd. Fjallað verður um hönnun nytjahluta í daglegu umhverfi sem byggja á tæknilegri virkni og undirstöðuatriði í formhönnun. Einnig kynnast nemendur öðrum smíðaefnum. Verkleg þjálfun er undirstaða námsins.
Vinnulag
Vinnulag í staðnámi: Verkleg þjálfun er undirstaða námsins en að öðru leyti fer kennsla fram í fyrirlestrum og umræðu- og leiðsögutímum. 80% sóknarskylda. Vinnulag í fjarnámi: Verkefni eru send í tölvupósti og sett upp á vefsíðu hönnunar og smíða. Nemendur skila eins miklu af verkefnum sínum í gegnum tölvusamskipti og unnt er. Sérstök áhersla verður lögð á öryggisþætti er tengjast vinnu kennara og barna í hönnun og smíði og fræðslu um skyndihjálparþætti.
Verkefni metin til einkunnar.

**GSS217G • Matur menning heilsa • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Nemendur
- öðlist skilning á mikilvægi hollrar vel samansettrar fæðu fyrir heilbrigði einstaklinga og þjóða.
- læri að matreiða samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni.
- læri undirstöðuþætti matreiðslunnar og algengustu matreiðsluaðferðir.
- læri að matreiða ýmsa íslenska rétti sem að hafa verið einkennandi fyrir íslenska matarmenningu fram á okkar daga.
- læri um þróun íslenskrar matarmenningar.
- læri um hátíðahald Íslendinga fyrr og nú og matreiðslu rétta sem tengjast því.
- læri þætti sem tengjast gestamóttöku.
- læri að matreiða þjóðrétti frá ýmsum löndum.
- læri að verða vistvænir í heimilishaldi.
- læri undirstöðuþætti hreinlætisfræða og skilji mikilvægi hreinlætis fyrir einstaklinga, við meðferð matvæla og út frá heilbrigðis- fagurfræðilegu -og fjárhagslegu sjónarmiði.
- kynnist stöðu heimilisfræða í grunnskólum, námskrá og námsefni fyrir yngri nemendur.
- lögð verður áhersla á vandaða framreiðslu rétta og smekklegar borðskreytingar.

Viðfangsefni:
Nemendur læri grundvallar matreiðsluaðferðir og hvernig þær tengjast hollustu matarins. Lögð verður áhersla á ýmsa rétti sem telja má lýsandi fyrir íslenska matargerð á 20. öldinni og voru mest á borðum forfeðranna. Áhersla lögð á að færa menningararfinn yfir. Kennt verður í formi fyrirlestra og verkefna hvernig fæðuöflun og matarmenning helst í hendur við landfræðilegar aðstæður og þróun atvinnulífs- og samfélags. Horft verður til annarra landa og sömu þættir skoðaðir í nokkrum þjóðlöndum og bornir saman við þróunina hér á landi. Matreiddir þjóðréttir frá þeim löndum. Tekinn verður fyrir undirbúningur hátíða og íslenskar hefðir því samfara. Matreiddir réttir og bakstur sem tengist hátíðum ársins gamalt/ og nýtt. Sýnikennsla í gerð borðskreytinga og vandaðra borðdekkninga.
Undirstöðuþættir almennrar heinlætisfræða fléttað inn í allt námið og nemendum ætlað að öðlist skilning á mikilvægi hreinlætis út frá persónulegu sjónarmiði og sjónarmiðum samfélagsins sem tengjast heilbrigði, fagurfræði og fjárhag.
Frammistaða í kennslustundum og verkefni nemenda metin til einkunnar. Aukaverkefni eru lögð fyrir fjarnema.

**GSS218G • Inngangur að enskukennslu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Markmið: Markmið:
Að kennaranemar
- kunni skil á helstu hugmyndum og kenningum um tungumálanám og tungumálakennslu
- skilji eðli mismunandi kennsluaðferða
- átti sig á mismunandi námsaðferðum (learner strategies) einstaklinga
- þekki helstu hugtök sem tengjast kennslufræði erlendra mála
- kunni skil á markmiðum Aðalnámskrár og geti tengt þau námsefni, ítarefni og kennslu
- kunni skil á námsefni og ítarefni og geti lagt mat á það
- kunni skil á Evrópsku tungumálamöppunni og hugmyndum sem hún byggist á
- viti hvar þeir geti leitað fanga til að efla fagmennsku sína og þróast í starfi.

Viðfangsefni
Farið verður yfir þróun tungumálakennslu undanfarinna áratuga og sjónum einkum beint að þekkingu og skilningi á þeim straumum og stefnum sem nú eru efst á baugi. Fjallað verður um hugtök, kenningar, aðferðir og þá þætti sem stuðla að fagmennsku tungumálakennarans og nemendur öðlast reynslu í að ígrunda eigin afstöðu og hugmyndir. Kynntar verða rannsóknir á tungumálanámi og kennslu og fjallað sérstaklega um nemendamiðaða kennslu. Námskrá í ensku verður yfirfarin og greind og námsefni skoðað og metið. Kennaranemar fá tækifæri til að skoða og meta kennslu á myndböndum og þjálfast í að ígrunda eigin hugmyndir um kennslu og eigin reynslu af tungumálanámi. Kynnt verða tímarit, handbækur, ítarefni og rafræn gögn þar sem unnt er að leita fanga í faglegum efnum. Áheyrn í bekk á miðstigi er hluti námskeiðsins (1 eða 2 eining).
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og mikið verður lagt upp úr lestri nemenda og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, verkefnum sem lýkur með kynningu, dæmikennslu og málstofum. Þá verða fluttir inngangsfyrirlestrar um afmörkuð efni.

Vinnumappa með verkefnum, ígrundun og sjálfsmati verður lögð til grundvallar ásamt mati á annarri vinnu.

**GSS219G • Sjónlistir og vettvangsnám • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóhanna Vigdís Þórðardóttir Lektor
Kennari: Kristín Ísleifsdóttir Aðjunkt
Kennari: Jón Reykdal Lektor
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- Hafa á valdi sínu nokkur grunnatriði tví- og þrívíðrar myndgerðar
- Hafa innsýn í litafræði og geta unnið markvisst með litablöndur
- Kunna skil á fjölbreyttum teikniaðferðum
- Kunna skil á einföldum aðferðum við mótun í pappír
- Hafa öðlast þekkingu á efni, áhöldum og tækni sem henta myndmennt í skólastarfi
- Þekkja helstu hugtök sem notuð eru í tví- og þrívíðri myndgerð
- Geti bjargað sér í grunnatriðum ljósmyndatöku út frá viðfangsefnum námskeiðs
- Hafa kynnt sér áherslur og kennsluaðferðir í myndmenntakennslu heimaskólans

-Þekkja helstu þætti úr námskrá heimaskólans varðandi fyrirkomulag kennslu í myndmennt
Inntak/viðfangsefni
Námskeiðið tekur á grunnþáttum tvívíðrar myndgerðar, byrjað er á teikningu ýmisskonar.
Unnið er með liti, einfaldar þrykkaðferðir og mótun í pappír. Valið viðfangsefni úr náttúrunni verður burðarás sem gengur í gegnum námskeiði og fær mismunandi birtingarmynd eftir eiginleikum hverrar aðferðar. Áhersla lögð á skissuvinnu. Á námskeiðinu velja nemendur sér rannsóknarverkefni í einhverri aðferð sem þeir leggja sérstaka áherslu á. Þetta verkefni skal hafa skírskotun í grunnskólastarf. Nemendur beina sjónum að listgreinakennslu innan heimaskólans með megin áherslu á myndmennt.
Námskeiðið er verklegt, tengt vettvangsferðum, heimsóknum á sýningar og söfn. Fyrirlestrar og sýnikennsla. Ferilmappa og uppsetning sýningar í lok námskeiðs.
Í þessu vettvangsnámi eiga nemendur að beina sjónum að kennslu í myndmennt. Nemendur nýta tímann í áheyrn og taka þátt í kennslu þegar þeir eru tilbúnir og það hentar aðstæðum. Það skal gert í samráði við æfingakennara. Lögð er áhersla á að nemendur taki virkan þátt í skólastarfinu meðan á vettvangsnámi stendur. Nemendur halda leiðarbók/dagbók og skrifa stutta greinargerð. Eftir vettvangsnám halda nemendur kynningu í kennslustund. Umræður verða í lokin.
Námsmat Lokið / ólokið Nemendur skila greinagerð og kynna samantekt úr henni fyrir nemendum og kennurum.

**GSS220G • Aðferðafræði og menntarannsóknir • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Kennari: Jóhanna Einarsdóttir Lektor
Forkröfur: Námskeið í meðferð og ritun fræðitexta
Markmið námskeiðsins eru að nemendur:

- Öðlist innsýn í aðferðafræði rannsókna á sviði uppeldis- og menntunarfræða og þekki helstu viðfangsefni slíkra rannsókna
- Hafi skilning á grundvallarhugtökum þekkingarfræði og vísindaheimspeki
- Þekki helstu rannsóknaraðferðir
- Séu færir um að rýna í rannsóknir og nýta sér niðurstöður þeirra
- Hafi tileinkað sér rannsakandi hugarfar og gagnrýna hugsun
- Geti unnið af nákvæmni og fræðilegri ögun.

Inntak / viðfangsefni
Fjallað er um markmið og tilgang menntarannsókna, vísindaleg viðmið og um grundvallarviðhorf að baki slíkum vísindum. Hugað er að grunnhugtökum í þekkingarfræði og vísindaheimspeki. Kynntar eru nokkrar rannsóknaraðferðir, fjallað um rannsóknarferli, heimildaöflun og um siðfræðileg atriði.
Nemendur lesa rannsóknir og um rannsóknir, gera æfingar í því skyni að skerpa skilning sinn á því hvernig menntarannsóknir eru stundaðar og efla hæfni sína til þess að notfæra sér rannsóknir í fræðilegu og starfstengdu samhengi. Megineinkenni eigindlegra og megindlegra rannsóknarhefða eru kynnt, fjallað er um ólíkar rannsóknaraðferðir og rannsóknasnið sem beitt er í slíkum rannsóknum og þær ályktanir sem má draga af þeim. Farið er í meginatriði lýsandi tölfræði og nokkur hugtök úr ályktunartölfræði. Miðað er að því að nemendur nái valdi á tölvuforriti (Excel) til útreikninga.
Vinnulag
Nemendur sækja fyrirlestra, taka þátt í verkefnatímum og umræðum og vinna skilgreind verkefni þar sem lögð er áhersla á fræðilega hugsun, beitingu þeirra aðferða sem fjallað er um og framsetningu niðurstaðna.
Verkefni og próf. Í verkefnum verður m.a. metin hæfni nemenda til að beita þeim aðferðum sem fjallað er um í námskeiðinu og hæfni þeirra til að lesa úr niðurstöðum rannsókna. Í prófi verður m.a. metinn skilningur nemenda á viðfangsefnum námskeiðsins.

**GSS221G • Félagsfræði og skólasaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólöf Garðarsdóttir Dósent
Kennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Kennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Inntak/viðfangsefni
Eftirfarandi viðfangsefni verða fléttuð saman, þannig að saga og kenningar víxlist og varpi ljósi hvort á annað, með áherslu á mismunandi sjónarhorn á tengsl einstaklings og samfélags:
1. Félagsfræði menntunar. Helstu kenningar greinarinnar verðar skoðaðar í ljósi viðfangsefna á borð við siðferðilegt uppeldi, félagslega mismunun og einstaklingsvæðingu og með almenna áherslu á mismunandi skilning á tengslum einstaklings og samfélags og hvernig þau tengsl hafa breyst á síðustu áratugum. Einkum verða til umfjöllunar kenningasmiðirnir Emile Durkheim, G.H. Mead, John Dewey, Pierre Bourdieu, Ulrich Beck, Anthony Giddens og Thomas Ziehe.
2, Saga uppeldis og menntunar
Megindrættir í samfélagsgerð og menningararfleifð sveitaþjóðfélags fyrri alda og þær þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa til dagsins í dag. Í þessu sambandi verður rætt um uppeldishlutverk kirkju, trúarbragða og heimila, um rætur almenningsskólans í menningarhefðum fortíðar og um breytt hlutverk hans og breytt samspil skóla, heimilis og annarra samfélagsþátta. Áhersla verður lögð á sérkenni menntunarþróunar á

Íslandi með hliðsjón af almennri þróun í grannlöndum.
3. Fjölbreytileiki í uppeldi og menntun
Fjallað verður um félagsfræðikenningar um samþættingu (integration) og samlögun (assimilation), sem og útilokun (exclusion) og hlutdeild (inclusion). Tilraunir til að vinna bug á sundrung og sundurgreiningu samfélagsins, allt frá samheldnihugmyndum Durkheims til samtímahugmynda um fjölmenningu og skóla án aðgreiningar, verða skoðaðar í félagsfræðilegu ljósi.
4. Barnæska og unglingsár
Félagsfræðileg sjónarhorn á barnæsku og unglingsár beina sjónum að því, hvernig þessi æviskeið eru mótuð af samfélaginu og hvernig sú mótun breytist með samfélagsþróun. Skoðaðar verða samfélagslegar skilgreiningar á því, hvað er barn og hvað er unglingur, og kynntar rannsóknir á því, hvernig börn og unglingar skilja sjálf líf sitt og hvernig þau móta líf sitt.
Vinnulag
Kennslan fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum. Námsefni er bókin Félagsfræði menntunar eftir Gest Guðmundsson og Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007 í ritstjórn Lofts Guttormssonar. Auk þessa eru til umfjöllunar frumtextar og greinar sem kynna rannsóknir og greiningar á sviði námskeiðsins.
Verkefni verður unnið í hverjum námsþætti, og auk þess er skriflegt próf í lok námskeiðs.

**GSS222G • Heimspeki og hugmyndasaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Kennari: Kristján Kristjánsson Prófessor
Kennari: Sigurður Björnsson Lektor
Kennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Kennari: Gunnlaugur Sigurðsson Lektor
Kennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur verði færir um að taka málefnalega afstöðu til hugmynda og aðferða í kennslu og uppeldi í fortíð og nútíð, og geti tekið þátt í gagnrýninni umræðu um skólamál og gert grein fyrir eigin hugmyndum um menntun og uppeldi.
Að námskeiði loknu

- þekki nemendur til þess hvernig hugmyndir um uppeldi og menntun í vestrænum menningarheimi hafa þróast: Kunni skil á helstu heimspekingum og uppeldisfrömuðum frá fornöld til nútíma,
- geti nemendur sett kenningar þeirra í hugmyndasögulegt samhengi og sýnt fram á hvernig hugmyndakerfi tengjast og hvað skilur þau að,
- þekki nemendur og geti vísað til sögu og þróunar hugtaka sem gegna lykilhlutverki í daglegri umræðu um mál tengd kennarastarfinu, svo sem hugtakanna 'menntun', 'gagnrýnin hugsun', 'lýðræði', 'frelsi' og 'vald',
- geti nemendur greint fræðilegan vanda í hvunndagslegum aðstæðum í skólastarfi,
- geti nemendur sett sig inn í íslenska skólamálaumræðu og tengt hana við þá umræðu sem á sér stað í öðrum löndum og á vettvangi alþjóðlegra stofanan og samtaka,
- geti nemendur greint og metið mikilvæg atriði í texta og beitt fræðilegum vinnubrögðum rituðu og mæltu máli,
- verði nemendur færir um að bera sína eigin heimsmynd og reynslu saman við hugmyndakerfi um uppeldis- og menntamál sem ríkt hafa á mismunandi tímum.

Viðfangsefni:
Á námskeiðinu verður fjallað um uppeldis- og menntunarhugmyndir allt frá tímum Forn-Grikkja og fram á okkar daga. Áhersluatriði í kennslunni eru eftirfarandi:
1. Maðurinn: Skynsemi, skilningur og siðvit
Fjallað verður um mannskilning á ólíkum tímum. Hvernig hugmyndir hugsuða um eðli mannsins höfðu áhrif á hugmyndir hvers tíma um uppeldi og menntun.
2. Markmið menntunar
Fjallað verður um markmið menntunar og forsendur þessara markmiða á hverjum tíma s.s að tileinka sér dygð, að uppfylla hlutverk sitt í samfélaginu, verða meira maður, að axla ábyrgð í samfélagi, að verða virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi, að tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna hugsun.
3. Frelsi og lýðræði
Fjallað verður um áhrif hugmynda um frelsi og sjálfræði mannsins í lýðræðissamfélagi á hugmyndir um menntun. Sérstaklega verður hugað að áhrifamikilli hugmyndafræði í samtímanum sem lýtur að menntun til lýðræðis, borgaralegri menntun, skóla án aðgreiningar og jafnréttis til náms.
Meðal viðfangsefna námskeiðsins verða þekkingar-, stjórn-, og siðspeki Platons, hugmyndir Rousseau um frelsi og sjálfræði, hugmyndum Kants um skynsemi og upplýsingu og hugmyndir Wollstonecraft um jafnrétti. Einnig verður frelsishugtakið skoðað í ljósi kenninga E. Key, A.S. Neill og P. Freire. Fjallað verður ítarlega um kenningar John Dewey um menntun, gagnrýna hugsun og lýðræði.
Tvær stuttar ritgerðir af fimm (um 450 orð hver): 35% Kynning í málstofu og stjórn rökræðu: 30% Lokapróf: 35%

**GSS223G • Upplýsingatækni og miðlun • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Torfi Hjartarson Lektor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
Markmið
Í lok námskeiðs er gert ráð fyrir að nemendur
- hafi tileinkað sér framsækin vinnubrögð við miðlun og notkun upplýsingatækni.
- geti lýst áhrifum nýrrar tækni á skólastarf og bent á tækifæri sem hún veitir.
- þekki helstu þætti táknvísi (miðlalæsis).
- þekki grunnhugtök í boðskiptum og samskiptum.
- búi yfir færni í efnisleit á Netinu og mati á stafrænu efni.
- geti beitt stafrænum verkfærum í námi og starfi til samvinnu, skráningar, hugmyndavinnu, greiningar og miðlunar á texta, myndum og hljóði.

Innntak / viðfangsefni
Námskeiðið er í senn undirbúningur fyrir háskólanám og starf að loknu námi. Fengist verður við ritun, myndgerð og framsetningu efnis af ýmsu tagi. Mikið verður lagt upp úr vönduðum vinnubrögðum við efnisgerð og miðlun. Nemendur fá kennslu í efnisleit á Netinu og mati á áreiðanleika upplýsinga. Fjallað verður um höfundarrétt og ábyrga netnotkun. Nemendur huga að náms- og kennsluháttum og skipulagi skólastarfs með tilliti til upplýsingatækni og miðlunar. Fjallað verður um miðlalæsi eða táknvísi, boðskipti og samskiptafræði. Áhersla verður lögð á tölvusamskipti um efni námskeiðsins með það fyrir augum að nemendur fái þjálfun í námstækni, umræðum og samstarfi á Netinu. Ætlast er til að nemendur haldi skipulega utan um eigin gögn og byggi upp stafrænar ferilmöppur. Í öllum verkefnum nemenda er gerð krafa um faglega framsetningu á efni og vandað málfar.
Vinnulag: Fyrirlestrar, verkleg kennsla, hópvinna, umræður og verkefni.
Lesefni: Ýmsir textar um upplýsingatækni í skólastarfi, samskipti og miðlun.
Námsmat: Verkefni og próf.

**GSS224G • Valnámskeið - Frjálst val • (10e) • Vor**
Nemendur velja sér námskeið í frjálsu vali til ákveðins einingafjölda úr lista mögulegra valnámskeiða. Sjá frekari upplýsingar undir Kennaradeild - Grunnnám - Valnámskeið grunnnáms.

**GSS227G • Útsaumur og hugmyndavinna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur
- geti beitt þekkingu sinni og leikni í einfaldri munsturgerð sem tekur mið af þörfum grunnskólans.
- hafi tileinkað sé helstu undirstöðuþætti útsaums og nái þeirri hæfni að geta nýtt útsaumstæknina í fjölbreyttri myndsköpun útfrá eigin hugmyndavinnu.
- hafi tileinkað sér notkun viðeigandi faghugtaka og geri nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri nálgun í starfi með börnum.
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í allri vinnu
- skynji og skilji mikilvægi samþættingar og tengingar við aðrar faggreinar grunnskólans
- hafi öðlast skilning á mikilvægi einstaklingsmiðaðs náms í fjömenningarlegu samfélagi nútímans og geti unnið sjálfstætt og skipulega að öllum viðfangsefnum.
Inntak / viðfangsefni:
- Unnið verður með fjölbreyttar leiðir innan munsturgerðar sem byggja á frjórri og skapandi hugsun og taka mið af þörfum grunnskólans.
- Kynntir verða helstu grunnþættir útsaums með áherslu á verklega þjálfun og beitingu áhalda og tækja. Unnið verður með frjálsar útfærslur innan útsaumstækninnar sem byggja á tilrauna- og þróunarvinnu útfrá áunninni þekkingu í útsaumi, munsturgerð og hugmyndavinnu, ígrundun í verkefnavinnu og myndbyggingu verka.
- Lögð er áhersla á hugmyndavinnu nemenda og gagnrýna skapandi hugsun í allri vinnu.
- Verkefnaval tekur mið af áhuga og vali nemenda í tengslum við áunna þekkingu og reynslu útfrá einstaklingsmiðuðu námi og fjölmenningu.
- Lögð er áhersla á samspil þekkingar og iðkunnar, þjálfunar í hugmynda- og þróunarvinnu og vönduðum, faglegum vinnubrögðum.
- Verkefnin eru byggð upp sem ákveðið þróunarferli og fá nemendur tíma og aðlögun við að byggja upp nýja þekkingu og færni á fyrri kunnáttu.
- Frágangur og framsetning verkefna ásamt gagnrýnni umræðu er samofið öllum viðfangsefnum námskeiðsins.
Vinnulag: Fyrirlestrar, verkleg vinna, framsetning verkefna og gagnrýnin umræða.
Verkefni metin til einkunnar samkvæmt markmiðum námskeiðs.

**GSS301G • Íslenska II: Íslenskukennsla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir Lektor
Kennari: Baldur Hafstað Prófessor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent efli þekkingu sína á námsgreininni íslensku í grunnskóla og kennslufræði hennar, auk þess sem hann eflist enn frekar í að beita íslensku máli sem kennari og fyrirmynd nemenda.
Undirmarkmið eru að stúdent, við námskeiðslok:
- geti nýtt sér í starfi helstu kenningar í móðurmálskennslu,
- geti nýtt sér helstu hugtök í bókmenntum og málfræði við kennslu og skipulag hennar,
- sé fær um að skapa samfellu í íslenskunámi grunnskólanema,
- þekki og geti nýtt sér lög og reglugerðir, svo sem aðalnámskrá, við samningu skóla- og bekkjarnámskrár,
- sé fær um að beita kennslufræðilegri þekkingu í skólastarfi, sérstaklega kennslufræði móðurmáls,
- geti fjallað um og metið námsefni og námsmat í grunnskóla.
Inntak / viðfangsefni
- Fjallað verður um hvernig vinna má með hugtök í bókmenntum og málfræði, með það að markmiði að efla skilning grunnskólanema á þeim.
- Fjallað verður um móðurmálskennslu almennt, kenningar og aðferðir, og þá örðugleika sem nemendur glíma við á ýmsum aldri. Sérstaklega verður fjallað um stafsetningarkennslu.
- Lesnir verða valdir fræðitextar um mál og bókmenntir og kynntar kenningar um móðurmálskennslu.
- Lesnir verða fjölbreyttir textar, þar á meðal barnabókmenntir, dagblaðatextar og fræðitextar, og fjallað um hvernig nýta megi þá í íslenskukennslu.
- Fjallað verður um kennsluaðferðir í móðurmáli, námsefni, námsmat, samþætt nám og heildstætt nám.
- Í öllum viðfangsefnum er tekið mið af kennslu nemenda með mismunandi getu.
- Tveggja eininga vettvangsnám er hluti af námskeiðinu.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert að leysa verkefni í vettvangsnámi og leggja til frjóar hugmyndir. Enn fremur skulu stúdentar fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og efni á vef.
Nauðsynleg undirstaða: Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSS201G) eða Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSF201G)
60% verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. 40% skriflegt próf þar sem áhersla er lögð á þekkingu, skilning og gagnrýna afstöðu.

**GSS302G • Silfursmíði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Umsjónarkennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Námskeiðið byggir á hönnun og smíði skart- og nytjahluta úr góðmálmum, sérstaklega silfri. Áhersla er á listrænar útfærslur og formhönnun.
Námskeiðið byggir á hönnun og smíði skart- og nytjahluta úr góðmálmum, sérstaklega silfri. Áhersla er á listrænar útfærslur og formhönnun.
Markmið
a. Nemar hljóti þekkingu og þjálfun í smíði hluta úr góðmálmum sem þeir hanna og teikna sjálfir.
b. Að nemendur þjálfist í að útfæra hugmyndir og hanna í samvinnu við kennara.
c. Nemar þjálfist í grunnvinnubrögðum silfursmíðarinnar.
d. Að nemendur geti kennt, skipulagt og sett upp aðstæður fyrir kennslu í grunnskóla.
Inntak / viðfangsefni
a. Nemar hanna og smíða einfalda skart- og nytjahluti úr góðmálmum.
b. Á námskeiðinu verður kennd fatningasmíði eða að smíða utan um eðalsteina.
c. Kennt að móta nokkra hluti úr plasti með mismunandi tækni.
d. Stefnt er að því að þeir nái tökum á grunnverkþáttum silfursmíðinnar svo sem sögun, þjölun, hömrun, kúbun, póleringu, tin- og silfurkveikingum og litun málma.
e. Efnisfræði málma er gerð sérstök skil.
f. Dæmi um verkefni gætu verið nælur, hálsmen, hringar, eyrnalokkar, beltissylgjur. nytjahlutir svo sem skeið eða skál úr silfri, formaður hringur með fatningu, uppslegið armband og skúlptúr.
Vinnulag
a. Vinnulag í staðnámi: Verkleg þjálfun er undirstaða námsins en að öðru leyti fer kennsla fram í fyrirlestrum, umræðu- og leiðsögutímum. 80% sóknarskylda.
b. Vinnulag í fjarnámi: Verkefni eru send í tölvupósti og sett upp á vefsíðu hönnunar og smíða.
c. Nemendur skila eins miklu af verkefnum sínum í gegnum tölvusamskipti og unnt er.
Verkefni metin til einkunnar.

**GSS304G • Tjáning og táknvísi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefán Jökulsson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið
Nemendur

- öðlist skilning á tjáningu og samskiptum (communication) og þekki til helstu kenninga á því sviði
- læri um táknvísi (miðlalæsi) og þær hugmyndir um nám og kennslu sem tengjast henni
- kynnist aðferðum við hugmyndavinnu, útfærslu og framsetningu efnis og kostum efnissköpunar sem aðferðar við nám
- læri undirstöðuatriði í stafrænni hljóðvinnslu
- fái innsýn í menningarheima ungmenna, samskipti þeirra og listsköpun

Færnimarkmið
Nemendur geti

- útskýrt hvað gerist þegar fólk skapar merkingu, t.d. þegar það talar saman, skrifar ritgerð eða horfir á sjónvarp
- gert grein fyrir hlutverki fjölmiðla í samfélaginu og tengslum þeirra við lýðræði og menningu
- metið fjölmiðlaefni með hliðsjón af lykilspurningum táknvísinnar og greint með hvaða hætti fjölmiðlafólk túlkar veruleikann
- tekið upp hljóð og notað fjölrása hljóðvinnsluforrit, t.d. til að búa til útvarpsþátt eða hljóðsetja myndbönd eða vefefni
- lýst því hvernig stafræn tækni tengist lífi og hugðarefnum ungs fólks

Inntak/viðfangsefni
Inntak námskeiðsins varðar þann hlut miðlunar- og samskiptafræða sem tengist uppeldi og menntun. Fjallað er um þátt táknvísi í skólastarfi en í henni felst hæfni til að meta ýmiss konar upplýsingar og fjölmiðlaefni á gagnrýninn hátt, og geta til að búa til efni og miðla því með margvíslegum aðferðum. Kynnt er það verklag í skólastarfi sem byggt er á táknvísi, þ.e.a.s. að nemendur noti mismunandi tjáningarform við nám sitt - myndir jafnt sem hljóð- og læri í leiðinni sitthvað um kosti þeirra og galla. Jafnframt er hugað að kostum þess að börn og unglingar beiti stafrænni tækni til að búa til efni af ýmsu tagi.Vettvangsnám tengist efnisgerð nemenda í skólum,
t.d. skólaútvarpi og stuttmyndagerð, fjölmiðlum og fyrirtækjum sem framleiða stafrænt efni.
Vinnulag
Verkefni eru bæði skrifleg og verkleg og áhersla lög á að fræðin nýtist við vinnslu verkefna. Þátttakendur kynnast vinnulagi við efnisgerð og búa til efni af ýmsu tagi, t.d. fréttaefni, ljósmyndasögur eða auglýsingar. Verkefni er ýmist einstaklingsverkefni eða samvinnuverkefni og reynir mikið á samræðu og samskipti í nemendahópnum.
Matið tekur til verkefna og virkni nemenda: Skrifleg verkefni 40%, verkleg verkefni 40%, virkni 20%. Virkniþátturinn vísar meðal annars til samvinnu og þátttöku í samræðu.

**GSS308G • Nemandi á Netinu • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið Þekkingar- og skilningsmarkmið
Nemendur þekki
- til rannsókna og tilrauna um Netið í námi og geti tengt nýja samskiptatækni kenningum um nám og kennslu
- helstu verkfæri við nám og námssamfélög á Netinu
- og geti lýst mismunandi gerðum netsamfélaga (námssamfélög,áhugasamfélög, leikjasamfélög)
- lög og reglur um birtingu og meðferð efnis á Neti, höfundarréttarlög og opnar lausnir
- og skilji samspil efnis á Netinu (rss, tagging o.fl.) og þekki helstu upplýsingabanka með stafrænu margmiðlunarefni
- og skilji hvaða hindranir eru á aðgengi ákveðinna hópa að upplýsingasamfélaginu
Færnimarkmið

Nemendur geti
- byggt námsferli á Netinu og tekið þátt í ýmis konar námssamfélögum á Netinu
- útbúið ýmis konar náms- og kennsluverkefni fyrir Netið
- tekið þátt í samvinnuverkefnum á Netinu (wiki o.fl.)
- bent á leiðir til að yfirstíga ýmsar hindranir á aðgengi einstaklinga og hópa að upplýsingatækni og netmiðlun

Inntak / viðfangsefni
Inntak námskeiðsins er nám á Netinu og þekkingarleit og þekkingarsköpun nemenda í samvinnu við aðra í samtengdum og síkvikum stafrænum heimi. Á námskeiðinu verða skoðuð, prófuð og metin ýmis konar verkfæri, gagnalindir og netþjónustur sem nýtast við netnám og námssamfélög á Neti.
Vinnulag
Námskeiðið er nemendamiðað og verkefnamiðað. Verkefni nemenda eru bæði einstaklingsverkefni og verkefni unnin í samvinnu við aðra með því að nota ýmis konar netverkfæri til samvinnuskrifa. Námumhverfið er að miklu leyti á Netinu og að hluta með fjarkennslusniði en einnig er gert ráð fyrir fyrirlestrum og verkstæðistímum.
Lesefni Greinar og vefefni um nám og námssamfélög á Netinu, netmiðla og netlausnir, samvinnuskrif, opinn hugbúnað, námsumhverfi sem hverfist um nemendann, sérþarfir nemenda eða félagshópa með tilliti til upplýsingatækni og samskipta og fleira.
Námsmat verður með fjölbreyttum hætti, að hluta til með netprófum/heimaprófum, skilamöppu á vef og þátttöku í hópverkefnum á vef.

**GSS310G • Formsköpun textíla I • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Fríður Ólafsdóttir Dósent
**Markmið**
**Formsköpun textíla I**
**Markmið: a**ð nemandi

- - hafi þekkingu á helstu textílvefjarefnum
- - hafi skilning á samspili frumforma og lita og nýti hann við formsköpun með textíla
- - hafi tileinkað sér þekkingu og skilning á fjölbreyttum vinnuaðferðum með textíla og beiti þeim við formgerð og sköpun með textíla
- - vinni skipulega og faglega að viðfangsefnum sínum við textílvinnu og efli með sér hæfni til að gagnrýna og rökstyðja eigin upplifun, nálgun og túlkun
- - hafi öðlast skilning á og tileinkað sér fagleg hugtök og kenningar í textíl-, lita- og formfræði og beiti þeim jafnt við einstaklingsbundna vinnu sem og rannsóknir og störf á vettvangi
- - sé fær um að túlka og kynna mikilvægi samfells vinnuferils í listrænu handverki allt frá hugmynd til niðurstöðu og þá upplifun sem er samfara því ferli
- - hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun og beitingu ímyndurnarafls og upplifað sköpunar- og vinnugleði sem nýtist í frekara námi í textílmennt og starfi í grunnskóla
-

**Viðfangsefni**

- - safnað sýnishornum af helstu vefjarefnum textíla og unnin lítil vinnubók
- - unnið að formsköpun og listrænni túlkun með textíla þar sem einkum er tekið mið af prjóni, hekli, saumavél og fleiri möguleikum textíla
- - í hugmynda-, þróunar- og rannsóknarvinnu með textíla, form og liti er lögð áhersla á ferilvinnu sem byggir á beitingu áhalda og tækja, þjálfun handbragðs með mismunandi textílaðferðum og faglegri notkun hugtaka
- - unnin tilraunaverkefni þar sem tekið er mið af miðstigi grunnskóla og tvinnað saman hagnýtum textílaðferðum, listrænni túlkun og miðlun með nýjustu tækni og hugbúnaði

**Vinnulag**
Fyrirlestrar, verkefnavinna, einstaklingsbundin leiðsögn og verkleg þjálfun. Áhersla á vandað, faglegt vinnulag með skírskotun í tíðaranda og heim grunnskólanemenda
Nauðsynleg undirstaða: Sjónlistir og vettvangsnám (GSS219G) eða Sjónlistir og vettvangsnám (GSF216G)
Verkefni metin til einkunnar með hliðsjón af markmiðum námskeiðs og samkvæmt námsmatsreglum HÍ.

**GSS312G • Nám og kennsla unglinga • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ingvar Sigurgeirsson Prófessor
Umsjónarkennari: Kristín Jónsdóttir Lektor
Kennari: Jóhanna Karlsdóttir Lektor
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Kennari: Ásdís Olsen Aðjunkt
Kennari: Gunnar Börkur Jónasson
Kennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Kennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Kennari: Kristín Lilliendahl Aðjunkt
Markmið
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kennaranemi öðlist hæfni til unglingakennslu og geti nýtt þekkingu sína í almennri kennslufræði m.a. í þeim námsgreinum sem hann sérhæfir sig í.
Inntak / viðfangsefni
- Fjallað verður um unglingsárin, samskipti unglinga, áhættuþætti unglingsáranna, lífsleikni, félagsstarf í unglingadeildum og samstarf heimila og skóla.
- Kynntar verða rannsóknir á námi og kennslu og m.a. fjallað um faggreinakennslu og námskrár, val og valgreinar, skólaþróunarverkefni og einstaklingsmiðun í skólastarfi.
- Ýmsar leiðir í kennsluskipulagningu kynntar og nokkrar kennslu- og matsaðferðir.
- Fjallað verður um samþættingu námsgreina, teymiskennslu og fleiri samstarfsaðferðir kennara á unglingastigi.

- Kennaranemi fær æfingu í að skapa aðstæður til náms og taka mið af fjölbreytileika nemendahóps í skipulagningu, vali á kennsluaðferðum og í námsmati.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræðutímar, samvinnuverkefni, sjálfstæð verkefni og æfingakennsla á vettvangi. Áhersla er lögð á virkni nemenda og skapandi, raunhæf viðfangsefni sem verða prófuð með samnemendum og í vettvangsnámi.
Nauðsynleg undirstaða: Nám og kennsla: Inngangur (GSS104G) eða Nám og kennsla: Inngangur (GSF104G)
Verkefni og próf.

**GSS313G • Stærðfræðinám og - kennsla á unglingastigi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Kennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Markmið að kennaranemar

- Þekki meginhugmyndir náms í algebru og tölfræði á unglingastigi.
- Viti hver eru helstu kennileiti sem nota má til að greina stöðu nemenda og þekki leiðir til að styðja nemendur við að byggja upp skilning sinn á mikilvægum hugtökum.
- Geti byggt upp kennsluferli og ígrundað og endurskoðað það á grundvelli reynslu á vettvangi.
- Séu færir um að nota töflureikni, vasareikna og aðra miðla við stærðfræðikennslu.
- Hafi öðlast færni til að ræða um og rökstyðja stærðfræðikennslu á fræðilegum grunni.

Viðfangsefni
Fjallað verður um markmið með stærðfræðikennslu í grunnskóla, grundvöll markmiðssetningar og uppbyggingu stærðfræðikennslu á unglingastigi. Inntaksþættir algebru og tölfræði verða skoðaðir sérstaklega og hvernig unglingar tileinka sér meginhugmyndir á þessum sviðum. Hugað verður að því hvernig aðferðamarkmið og inntaksmarkmið fléttast saman. Sjónum verður beint að mikilvægi þess að byggja upp samfellu í námi nemenda þar sem meginhugmyndir hvers inntaksþáttar eru sífellt að verða skýrari og víðtækari.
Nemendur prófa mismunandi leiðir við kennslu og er sérstök áhersla lögð á notkun fjölbreyttra miðla og námsgagna. Nemendur eiga á grundvelli reynslu sinnar á vettvangi að ígrunda kennslunálgun, val á viðfangsefnum, hlutverk kennarans og samskipti við nemendur og nemenda í milli.
Vinnulag
Í kennslustundum verður fjallað um efnið og nemendur taka þátt í umræðum og leysa verkefni einir og í hópum. Námskeiðið er samofið við vettvangsnám. Nemendur kynna sér námskrá, lesa sér til um inntak náms og kennsluhætti, kynna sér námsefni og námsgögn, reyna hugmyndir í kennslu, fylgjast með kennslu á vettvangi og vinna verkefni um algebru- og tölfræðikennslu.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi í lok námskeiðs. Skilaskylda er á öllum verkefnum og nemar verða að ljúka vettvangsnámi með fullnægjandi hætti.

**GSS314G • Sagnfræði og sögunám • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Helgason Dósent
Kennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Að loknu þessu námskeiði eiga kennaranemar að

- hafa þjálfun í nokkrum þáttum í aðferðafræði sagnfræðinnar svo sem heimildarýni, miðlun og túlkun
- vera handgegnir hugtökum og orðræðu sem tíðkast í sagnfræði og sögukennslufræðum
- þekkja og geta greint það sem varðar sögu í aðalnámskrá
- geta lesið fræðilegt efni um sagnfræði og sögukennslu á íslensku og erlendu máli sér til gagns
- kunna að hagnýta sér, ígrunda, greina og bera saman sagnfræðilegt efni í mismunandi miðlum
- hafa öðlast inntaksþekkingu á völdum þáttum í sögu Íslands og umheimsins
- hafa færni í að hagnýta sér og greina inntak, framsetningu og sjónarhorn í námsgögnum í sögu, bæði rituðu efni og myndefni
- þekkja og kunna að greina mismunandi rannsóknaraðferðir í sagnfræði
- hafa beitt aðferðum munnlegrar sögu/einsögu við ákveðið viðfangsefni og miðlað því með aðferðum upplýsingatækni (á vef)
- hafa innsýn í möguleika munnlegrar sögu í grunnskólakennslu

Viðfangsefni
Stefnur og straumar, aðferðir og framsetningarmáti sagnfræðinnar. Spurt er spurninga svo sem: Hvað er saga og sagnfræði? Hvernig verða heimildir sögunnar til og hvernig á að lesa úr þeim? Hver eru tengsl hins nálæga og fjarlæga í sögunni? Hvernig er sögunni miðlað og hvernig er hægt að nýta og greina mismunandi framsetningarform? Fengist er við dæmi um rannsóknir og framsetningu og nemendur vinna vefverkefni um sögulegt efni.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, lestur, myndskoðun. Unnin eru fjölbreytt verkefni, stór og smá, m.a. í munnlegri sögu. Meirihluti lesefnis er aðgengilegur á neti, sumt á opnum svæðum og annað á Blakki sem notaður er bæði í stað- og fjarnámi.
Metin eru verkefni af ýmsu tagi, ennfremur umræður á neti. Verkefnum er jafnað yfir námskeiðstímabilið.

**GSS315G • Landið og landakortin • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eggert Lárusson Lektor
Markmið Markmið
Að nemandinn:

- hafi öðlast færni í fjarkönnun með því að vinna með og túlka kort og loftljósmyndir af landfræðilegum fyrirbærum
- geti unnið með ljósmyndir af landslagi og tengsl þess við landmótun
- geti greint og borið saman landfræðileg einkenni Íslands og tengsl þeirra
- verði fær um að greina samspil lands og hafs umhverfis Ísland
- skilji helstu þætti veðurs og veðurfars sem hafa áhrif á búsetu á landinu
- þekki hvernig nota má landakort og landfræðilegt myndefni í kennslu

- þekki námsgögn og aðrar heimildir sem nýst geta við undirbúning kennslu í landfræði
- þekki rannsóknir á sviði landfræði og landfræðikennslu.

Viðfangsefni
Gerð og lestur margskonar landakorta og loftmynda, hnattlíkön, mælikvarðar, kortatákn, kortvarpanir, lofmyndir, GPS og áttavitar, notkun þrívíddarsjár, gerð einfaldra þrívíddarljósmynda og vinna með þær. Bauganet jarðar í tengslum við staðsetningu og tímabelti.
Gerðir og uppruni helstu drátta í landslagi á Íslandi eins og fjalla, fjarða, jökla, láglendis og stranda. Uppbygging Íslands, veðrun og rof.
Lofthjúpur jarðar, geislun og orkuskipti, hitafar, loftþrýstingur og vindar, raki og úrkoma, loftmassar, skil og lægðir, veðurspár og veður á Íslandi. Sjávarföll, hafstraumar og fiskimið, hringrás vatns í tengslum við vinda og úrkomu.
Kynnt verði fagtímarit á sviði landfræðikennslu og rannsóknir er snúa að því hvernig nemendum finnst skemmtilegast að læra landfræði.
Vinnulag
Áhersla verður á hagnýt verkefni sem nýtast vel til undirbúnings kennslu í grunnskóla. Kennt verður með fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og rík áhersla verður á notkun upplýsingatækni.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat, þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.
Verkefni

**GSS317G • Tölvur og rafmagnað samspil (undirstöðuatriði tónlistar) • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Rut Guðmundsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur

- efli færni sína í leikni á algeng rafmögnuð hljóðfæri s.s. rafbassa og rafgítar auk grunnfærni á trommusett og hljómborð.
- kunni að lesa úr útsetningum með bókstafshljómum.
- verði færir um að nota rafhljóðfæri á vettvangi kennslu.
- kunni leiðir til að útsetja tónlist og stýra samspili.
- kunni að nota algeng tónlistarforrit til tónsköpunar og útsetninga.
- fái reynslu af því að taka upp hljóð á stafræna miðla og vinna úr því.
- kunni að búa til einfalt tónlistarmyndband.
- þekki möguleika á því að tengja saman tónlist, tækni og tölvur í námi barna og unglinga.
- þekki viðkomandi námsefni fyrir grunnskóla og geti gert kennsluáætlanir sem samþætta notkun tónlistar og tölvutækni.

Viðfangsefni: Tónlistararfur unglingamenningar. Farið í gegnum æfingarferli bílskúrsbandsins. Sjálfstæð tónsköpun og snarstefjun. Stafrænar hljóðupptökur, hljóðblöndun og frágangur. Unnið að gerð tónlistarmyndbands.
Vinnulag: Samspil og samvinnuverkefni. Tölvuvinna með upptökur, hljóðskrár og útsetningar.
Forrit: Sibelius, Protools, Evolution sound studio, Garage band, iMovie o.fl.
Ýmis tölvuverkefni 40% Samspilsverkefni 20% Lokaverkefni: Tónlistarmyndband 20% Vettvangstengt verkefni 20 % 80% Mætingarskylda

**GSS318G • Tónlist, leiklist og dans í tímans rás • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Rut Guðmundsdóttir Lektor
Kennari: Una Þorleifsdóttir
Kennari: Karen María Jónsdóttir
Markmið: Að nemendur

- öðlist innsýn í sögu sviðslista (tónlist, leiklist, dans) og tengsl þeirra við þróun menningar, menntunar og hugmyndafræði hvers tíma.
- öðlist grunnhæfni í því að fjalla um listgreinar á faglegan og gagnrýninn hátt
- öðlist færni í hugtakanotkun tengdri sögulegri umfjöllun um listgreinar
- Kunni að afla faglegra heimilda á sviði lista og listmenntunar og nýta þær til að rökstyðja námsmarkmið fyrir börn og unglinga.
- ígrundi enn frekar eigin starfskenningu sem listgreinakennarar í grunnskóla
- dýpki skilning sinn og þekkingu á sviði kennslu listgreina í gegnum verklegar rannsóknir og vettvangsheimsóknir.

Viðfangsefni: Farið verður í sögu sviðslista (tónlist, dans, leiklist) og hvernig þessar listgreinar tengjast menningu þjóða og menntun. Nemendur dýpka eigin þekkingu á viðfangsefninu og setja það í kennslufræðilegt samhengi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, lesefni, verklegar smiðjur og umræður þar sem menningarsagan og þróun listgreinanna er skoðuð m.a. út frá hugmyndum manna um menntun, menningu og lífsviðhorf, en einnig sem skemmtun og / eða félagslega vídd á mismunandi tímum. Nemendur sækja einnig listviðburði og tengja söguna við líðandi stund.
Skrifleg verkefni 50 % Verkefni í smiðjum 20 % Próf 30% 80 % Mætingarskylda

**GSS319G • Ekki hika - dansaðu (undirstöðuatriði dansmennta) • (10e) • Haust**
Markmið:
Að nemandinn:

- hafi öðlast færni í grunnatriðum helstu tegunda dansins og geti leiðbeint öðrum um þau atriði út frá sameiginlegum og sértækum þáttum
- hafi öðlast grunnþekkingu á líkams- og hreyfifræði með áherslu á líkams- og hreyfiþroska barna og unglinga
- hafi öðlast skilning á mikilvægi upphitunar og niðurlags í forvarnaskyni
- hafi öðlast meðvitund um eigin líkama og áhrifamátt hans sem tjáningartækis
- þekki grundvallarhugtök dansins og hafi þjálfast í notkun þeirra

Viðfangsefni: Möguleikar og takmarkanir líkamans til að standast þær kröfur sem gerðar eru til hans í dansi í líkamlegu, listrænu og

tæknilegu samhengi eru kannaðir. Sjónum er beint að líkamsþroska barna og unglinga og hann skoðaður út frá líkams- og hreyfifræði. Farið verður í mikilvægi upphitunar og niðurlags og hvernig koma má í veg fyrir líkamsmeiðsli. Nemendur öðlast þekkingu á undirstöðuatriðum helstu tegunda dansins með áherslu á hvað þær eiga sameiginlegt og hvað skilur þær að.
Vinnulag: Lestur fræða og umræður í verklegu samhengi. Æfingar á þeim undistöðuatriðum sem danskennsla í grunnskólum krefst. Úrvinnsla verkefna, kynningar og sýnikennsla nemenda. Á vettvangi skoða nemendur grunnþætti hverrar danstegundar fyrir sig í gegnum þátttökurannsókn. Rannsóknarlausnum er skilað í ritgerðaformi og kynntar munnlega og verklega fyrir kennara og samnemendum.
Rannsókn á vettvangi (40%). Lokaverkefni (20%). Önnur verkefni (40%). 80% mætingarskylda.

**GSS323G • Nám og kennsla á miðstigi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Karlsdóttir Lektor
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Kennari: Kristín Jónsdóttir Lektor
Kennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kennaranemi styrki hæfni sína til kennslu á miðstigi grunnskólans og fái æfingu í að tengja saman kennslufræði og viðfangsefni miðstigsins.
Undirmarkmið eru að kennaranemi

- hafi fengið góða innsýn í starf umsjónarkennara á miðstigi og skilji sérstöðu þessa skólastigs
- hafi öðlast þekkingu og skilning á eðli, einkennum og þýðingu mismunandi kennsluaðferða og geti beitt þeim
- geti skipulagt fjölbreytta kennslu í því skyni að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda og þekki dæmi um mismunandi aðferðir sem hafa það að markmiði
- öðlist nokkurn skilning á sérþörfum nemenda og þekkingu á því hvernig brugðist er við þeim í skólakerfinu
- geti greint og lagt mat á félagslega stöðu nemenda og geti brugðist við á faglegan hátt gagnvart þeim nemendum sem standa höllum fæti
- hafi þekkingu á fjölbreyttu námsmati og tengslum þess við námskrá
- þekki og geti nýtt sér rannsóknir á kennslu og skólastarfi
- tileinki sér fagleg vinnubrögð kennara og þrói starfskenningu sína
- hafi öðlast leikni í samskiptum og samvinnu

**Viðfangsefni**
Fjallað verður um eðli og megineinkenni starfs umsjónarkennara á miðstigi grunnskólans, teymiskennslu, bekkjarstjórnun og samskipti nemenda á þessu skólastigi, lífsleikni og félagsstarf, barnavernd og samstarf heimilis og skóla. Þá verður fjallað um fjölbreytta kennslu, þ.m.t. einstaklingsmiðun í blönduðum námshópum, val nemenda, samþættingu námsgreina, kennslu einstakra námsgreina, námsmat og tengsl við námskrá. Kynntar verða rannsóknir á námi og kennslu sem tengjast ofangreidnum viðfangsefnum. Kennaranemi fær æfingu í að skapa aðstæður til náms og taka mið af fjölbreytileika nemendahóps í skipulagningu, vali á kennsluaðferðum og í námsmati.
**Vinnulag**
Lestur, sjálfstæð verkefni, fyrirlestrar, leiðsögn, umræður, samvinna, æfingar, kynningar, hópverkefni og æfingakennsla á vettvangi. Áhersla er lögð á virkni nemenda, skapandi hugmyndir og raunhæf verkefni sem verða prófuð með samnemendum og í vettvangsnámi.
Nauðsynleg undirstaða: Nám og kennsla: Inngangur (GSS104G) eða Nám og kennsla: Inngangur (GSF104G)
Námsmappa og próf.

**GSS324G • Trúarbragðafræði og trúarbragðakennsla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Markmið Markmið
Að nemandinn:

- hafi þekkingu á helstu aðferðum, kenningum og hugtökum í trúarbragðfræði og trúaruppeldisfræði og geti beitt þeim við úrlausn fræðilegra og hagnýtra viðfangsefna
- hafi þekkingu á meginþáttum helstu trúarbragða heims og geti greint það sem er líkt og ólíkt með þeim
- hafi skilning á hefðum, siðum og táknum ólíkra trúarbragða
- geti greint og lagt mat á ólíkar heimildir um trúarbrögð og lífsviðhorf
- geti greint og skilið tilvistarspurningar og leit fólks eftir merkingu eins og hún birtist í trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- hafi skilning á gildi trúarbragða og lífsviðhorfa fyrir einstaklinga og samfélög
- hafi kynnt sér kenningar um þróun guðsmyndar og trúarlegan þroska barna og unglinga og áhrif trúarbragða á mótun sjálfsmyndar
- sé fær um að setja fram, fjalla um og ræða spurningar og málefni er varða trú og lífsskoðun á málefnalegan hátt og af víðsýni
- geti undirbúið kennslu um trúarbrögð í grunnskóla í fjölmenningarsamfélagi með blönduðum hópi nemenda.

Viðfangsefni
Fjallað verður um trúarþörf og trúarreynslu mannsins, tilvistarspuringar og leit eftir tilgangi og merkingu. Kynnt verða helstu greiningarhugtök, kenningar og rannsóknir á sviði trúarbragðafræða og trúaruppeldisfræða. Rætt verður um gildi trúarbragða fyrir einstaklinga og samfélög og athugaðar rannsóknir á trúarlegum þroska barna og unglinga og áhrifum trúarbragða á mótun sjálfsmyndar og lífsskilnings. Þá verða helstu trúarbrögð heims skoðuð, þ.e. gyðingdómur, kristni, islam, hindúasiður og búddhadómur auk nokkurra annarra trúarbragða, svo sem bahá'ítrúar, kínverskra og japanskra trúarbragða o.fl. Jafnframt verður fjallað um guðlaus lífsviðhorf. Einnig verður vikið að stöðu trúarbragða og nýtrúarhreyfinga í nútímanum og rætt um fjölhyggju, umburðarlyndi og fordóma í tengslum við trúarbragðakennslu í fjölmenningarsamfélagi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, vettvangsathuganir, upplýsingaleit og verkefnavinna.
Nemendur vinna verkefni um trúarbrögð og trúarbragðakennslu og miðla niðurstöðum til samnemenda. Prófað verður í námsefni.

**GSS326G • Rúmfræði og algebra • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Halla Jónsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Kristín Bjarnadóttir Dósent

Kennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Kennari: Friðrik Aðalsteinn Diego Lektor
Viðfangsefni
Lögð verður áhersla á þróun stærðfræðilegra vinnubragða. Fjallað verður um almenn hugtök rúmfræði, svo sem punkt, línu, flöt, horn, samsíða línur og hornréttar. Ennfremur um flatarmyndir, þrívíð form, rúmfræðilegar færslur, hlutföll, aljöfnuð og einslögun og atriði úr hnitarúmfræði. Kynntir verða valdir þættir úr sögu rúmfræðinnar. Fjallað verður um mælihugtakið og sérstök áhersla lögð á mælingar rúmfræðilegra eiginleika, svo sem lengdar, flatarmáls og rúmmáls.
Skoðaður verður regluleiki í talnamynstrum og rúmfræðilegum mynstrum og hvernig má setja hann fram með bókstöfum og á táknmáli stærðfræðinnar. Fjallað verður um hugtök úr algebru, svo sem stæður, breytur, jöfnur og föll, reikniaðgerðir og önnur hugtök þeim tengd, og það hvernig beita má algebru við að leysa margvísleg viðfangsefni, t.d. með því að umrita yfir á táknmál algebrunnar og/eða setja fram stærðfræðileg líkön.
Fengist verður við þrautalausnir og stærðfræðileg líkön. Fjallað verður um hvernig takast má á við líkanagerð með nemendum og hvernig stærðfræði er notuð á ýmsan hátt í samfélaginu.
Nemendur kynnast rannsóknum á hvernig skilningur barna á rúmfræði og algebru þróast. Fjallað verður um rannsóknir á kennslu þessara þátta og hugað að hlutverki kennarans við að byggja upp námsumhverfi og ákjósanlegar aðstæður til árangurríks stærðfræðináms þar sem nemendur öðlast fjölbreytta stærðfræðilega hæfni. Sérstaklega verður skoðað hvernig nýta má Netið, kennsluforrit og aðra tæknimiðla.
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og vinnutímum þar sem glímt verður við stærðfræðileg viðfangsefni, umræður fara fram og nemendur kynnast notkun námsgagna og fjölbreyttri nálgun.
Námsmat byggist á verkefnum sem nemendur vinna og eigin athugunum þeirra þar sem þeir prófa m.a. leiðir við kennslu. Próf verður haldið í lok námskeiðs. Ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt.

### GSS329G • Dönsk málnotkun og máltaka nemenda 1 • (10e) • Haust

Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist skilning á eðli og uppbygging danska málkerfisins og kunni skil á hvernig nemendur í grunnskóla tileinka sér dönsku sem erlent tungumál. Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist skilning á eðli og uppbygging danska málkerfisins og kunni skil á hvernig nemendur í grunnskóla tileinka sér dönsku sem erlent tungumál.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- kunni skil á myndunarfræði í dönsku
- skilji forsendur orðflokka og setninga
- þekki til og kunni skil á rannsókna um myndunarfræði
- hafi náð vald á málfræðihugtökum og geti beitt þeim í kennslu
- hafi öðlast þekkingu á kenningum og rannsóknum á því hvernig nemendur tileinka sér erlent tungumál
- skilji og þekki til helstu kenninga um hvernig danskt mál er kennt í skólastofunni.
- hafi náð góðum tökum á að skrifa texta í mismunandi tilgangi
- geti notað þekkingu sínu til að leggja mat á rituðu máli nemenda

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um danska málkerfið, málfræðihugtök, málsnið og einkenni ritað máls. Einnig verður fjallað um hvernig nemendur tileinka sér erlent tungumál (acquisition). Kennaranemum eru kynntar rannsóknir um hvernig danska málkerfið er kennt sem erlent og annað mál. Athugað verður hvaða villur Íslendingum hættir til að gera í dönsku ritmáli. Athugunar gerðar á ritunarverkefnum grunn- og framhaldskólanemenda.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni, bæði skriflega og munnlega. Verkefni skilað inn eða kynnt í málstofu. Þátttaka í málveri.
Dæmi um lesefni
Michael Dal (2006): Kompetence i grammatik og undervisning, Reykjavik
Auður Hauksdóttir (2001). Lærerens strategier - elevernes dansk. Kbh., Nordisk Ministerråd Nordisk Råd.
Anne Jensen (1999). "Hvordan lærer man fremmedsprog? Teorier og strategier." Copenhagen Working Papers in LSP no. 2: 27-45.
Karen Lund. (1997). "Giv grammatikken indhold." Sprogforum vol. 3, no. 7: pp. 6 - 11.
Mannfred Pienemann (1989). "Is Language Teachable? Psycolinguistic Experiments and Hypotheses." Applied Linguistics vol. 10, no. 1: pp. 52-79.
Ulrika Tornberg (2001): Sprogdidaktik, Alinea, København
Skrifleg verkefni (60%)metið til móts við lokapróf (40 %).

### GSS330G • Danskt mál og menning 1 • (10e) • Haust

Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu á og innsýn í danskt þjóðlíf og menningu. Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekkingu á og innsýn í danskt þjóðlíf og menningu.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- þekki hugmyndir og kenningar um þróun dansks nútímasamfélags og skilji hvað einkennir daglegt líf í Danmörku og hefur áhrif á það
- þekki og sé fær um að beita ólíkum aðferðum til að greina texta
- geti lesið og metið mismunandi texta með gagnrýnum augum
- kunni skil á kenningum og rannsóknum um upprunu danskrar tungu og þróun þess í nútímanum
- geti miðlað þekkingu sinni í rituðu og töluðu máli.

Inntak / viðfangsefni
Námskeiðið fjallar um fjölmargar hliðar á dönsku samfélagi og danskri menningu eins og það birtist í fjölmiðlum, bókmenntum, kvikmyndum, dægurmenningu og í daglegu lífi fólks. Umfjöllunin miðar við að kennaranemar verði færir um að miðla danskri menningu í kennslu. Fjallað verður um danska málsögu og þróun málsins fram til nútímans. Einnig er lögð áherslu á alhliða málþjálfun í tengslum við viðfangsefnið og reglur sem lúta að viðeigandi málnotkun.

Vinnulag
Kennsla fer fram í formi inngangsfyrirlestra en að mestu leyti er um að ræða verkefnavinnu, bæði skriflega og munnlega, lestur, upplýsingaleit, miðlun upplýsinga, kynningar og umræður. Þátttaka í málveri.

Dæmi um lesefni
Jørn Lund (2004): Den sproglige tilstandsrapport., Lindhart og Ringhof.
Frans Gregersen, Tore Kristiansen, Erik Møller og Inge Lise Pedersen (2003): Dansk sproglære, Dansklærerforeningen.
Karen Risager (2005) "Kulturstudierne og den sproglige mangfoldighed." in: Henning Bech og Anne Scott Sørensen (red.), Kultur på kryds og tværs. Aarhus: Forlaget Klim, ss. 172-90.
Bent Preisler (1999): Danskerne og det engelske sprog. København: Roskilde Universitetsforlag.
Karen Risager (1998) "Kulturforståelse og kulturiagttagelse", in: Antologi om brobygning, Fællesmål, Det danske undervisningsministerium.
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar. Sjálfsmat er hluti af því ferli á móti kennaramati. Einnig verður námsmat byggt á ferilsmöppu og stærra skriflegt lokaverkefni.

**GSS331G • Leiklistarkennarinn • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Markmið:
Að nemendur

- þekki undirstöðuþætti munnlegrar tjáningar og líkamsmáls og geti leiðbeint öðrum um þá þætti
- hafi tileinkað sér grunnatriði öndunar, raddbeitingar, skýrleika í tali og áhugavekjandi frásagnar og náð allgóðum tökum á þessum sviðum
- hafi öðlast kjark og náð nokkurri hæfni í leikrænni líkamstjáningu
- hafi skilning og næmi á tjáningu annarra og meðvitund um áhrif eigin tjáningar
- hafi trú á eigin hugmyndaflugi og geti beitt sköpunarmætti sínum í kennslu
- þekki grunnatriði leiklistar í skólastarfi og kannist við mismunandi aðferðir hennar og markmið

Viðfangsefni: Raddbeiting, framsögn, líkamstjáning og leiklistaræfingar sem þjálfa næmi, tjáningarhæfni og sköpunargáfu. Þekking og skilningur á ákveðnum undistöðuatriðum sem leiklistarkennari þarf að nýta í kennslu sinni. Rannsókn og kynning á leiklist í skólastarfi.
Vinnulag: Æfingar, spunar og umræður. Innlegg kennara og lestur fræða. Úrvinnsla, kynningar og sýnikennsla nemenda. Nemendur rannsaka á vettvangi notkun leiklistar í skólastarfi, kynna nemendum og kennurum í kennslustund og skrifa ritgerð um verkefnið.
Í vettvangsnámi námskeiðsins fylgjast kennaranemar með kennslu í leiklist í skólastarfi ásamt því að undirbúa og framkvæma sjálfir kennslu.
Rannsókn á vettvangi (35%), lokaverkefni (25%), önnur verkefni (40%). 80% mæting er forsenda þess að ljúka námskeiðinu.

**GSS335G • Náttúra Íslands • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Kennari: Eggert Lárusson Lektor
Kennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið er að nemandi:

1. Skilji að umhverfi Íslands er samspil manns og náttúru.
2. Viti hvað hefur mótað náttúru Íslands, hvað ógnar henni og hvað er gert til varnar.
3. Geti útskýrt megindrætti landslags og hvaða roföfl hafa verið að verki á hverjum stað.
4. Verði fær um að skipuleggja einfalda náttúruskoðun og útikennslu.
5. Verði fær um að lesa ýmsar gerði korta um náttúru Íslands.
6. Viti hvaða þættir hafa haft mest áhrif á myndun og mótun jarðvegs og landslags á Íslandi.
7. Skilji grunnatriðin í þróunarkenningu Darwins.
8. Þekki einkenni gróðurs og dýralífs á Íslandi, læri að þekkja helstu plöntur og dýr (fugla, spendýr, smádýr) og skoði lífverur út frá aðlögun þeirra að umhverfi sínu.
9. Geti safnað, greint og skoðað þau dýr sem einkenna dýrasamfélög á landi . í fjörum /eða í fersku vatni og læri um sérstöðu íslensku húsdýranna.

Inntak / viðfangsefni:
Jarðsaga Íslands, innri öfl, veðrun og rof, helstu berggerðir, tegundir landslags, einkenni og myndun jarðvegs, jarðvegseyðing, einkenni veðurfars og sjórinn við landið.
Þróunarkenning Darwins (náttúruval, aðlögun). Sérstaða íslensku húsdýranna með áherslu á aðlögun þeirra að íslensku umhverfi. Grunnatriði vistfræði Íslands: helstu gróðursamfélög, vistfræði þurrlendis, smádýralíf, fugla- og spendýralíf . Stefnur í landgræðslu og skógrækt. Kortalestur og einföld kortagerð. Undirbúningur og skipulag útikennslu og vettvangsferða. Aðferðir við söfnun smádýra og greiningar.
Vinnulag:
Námskeiðið er að mestu kennt á Blakki en í staðlotum verða nemendur mest í verklegri vinnu, aðallega úti við. Í fyrstu staðlotu eða strax eftir hana verður farið í 2-3ja daga ferð þar sem nemendur fá þjálfun í náttúruskoðun. Nemendur gera athuganir í náttúrunni og vinna úr gögnum. Þeir skoða og safna lífverum til nánari athugana í vinnustofu. Þeir skrifa um upplifanir sínar, skilning og um niðurstöður athugana. Fyrirlestrar og annað efni verður sett á vef og umræður verða um ákveðin efni sem nemendur kynna sér.
Námsmat: (1) Próf -40 % (verklegt og bóklegt ) (2) Gerð umhverfis/ náttúrustígs - 30%, (3) verkefni um hugtakaskilning (þróunar- og vistfræði)- 20%, (4) umræðuverkefni á Blakki - 10%

**GSS336G • Lífeðlisfræði mannsins og atferli dýra og manna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Kennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið: Að nemendur:

- öðlist heildarsýn á manninn sem lífveru og mannslíkamann sem viðfangsefni náms og kennslu,
- skilji starfsemi líffæra, líffærakerfa og samstarf þeirra og öðlist öryggi í notkun hugtaka á þessu sviði í kennslu,
- þrói skilning á starfsemi heilans sem stjórntækis, til þjálfunar og náms og mótunar atferlis,

- skilji fræðilegan grunn heilbrigðisuppeldis skóla, áhrif lífshátta og umhverfis á heilbrigði manna og þátt þessa í forvörnum
- verði færir um að afla sér þekkingar um mannslíkamann og nám um hann,
- að nemendur öðlist innsýn í dýraatferlisfræði og átti sig á þeim möguleikum sem greinin býður upp á í kennslu,
- að nemendur átti sig á hvernig hegðun dýra og manna mótast bæði af erfðum og umhverfi og hvernig náttúruval hefur mótað hegðun,
- að nemendur læri um námshæfileika dýra, kúltúr meðal dýra, gáfnafar og persónuleika og ræði í ljósi dýraverndunar,
- að nemendur öðlist þjálfun í að mæla hegðun dýra, t.d. hesta og annarra húsdýra og fugla,
- að nemendur kynnist hvernig hegðun mannsins er túlkuð í ljósi félagslíffræði
- að nemendur kynnist námsefni á þessu sviði og kynni sér námskrá grunnskólans.

Inntak / viðfangsefni. Bygging og starfsemi mannslíkamans, frumur, vefir, líffæri og líffærakerfi, samvægi og stjórnun, varnir líkamans, æxlun og fósturþroski, orka og næring, viðbrögð líkamans við álagi, fíkn og forvarnir, skilningur grunnskólanema á hugtökum um mannslíkamann.
Atferli dýra og þróun hegðunar, mismunandi nálganir við rannsóknir á hegðun, arfbundin og lærð hegðun, fæðuhegðun, æxlunarhegðun, boðskipti, félagshegðun. Skilyrðing (ný sjónarmið), herminám, félagslegt nám, innsæi, kúltúr dýra, gáfnafar dýra, mismunandi persónuleikar dýra . Hegðun mannsins í ljósi félagslíffræðinnar. Mikilvægi atferlisfræðinnar í tengslum við náttúru- og dýravernd.
Námsefni, möguleikar netsins og hreyfiefnis í kennslu, aðalnámskrá grunnskóla.
Vinnulag. Námið verði sem mest viðfangsefnamiðað. Hugtök tekin upp í fjölbreytilegu samhengi, hugtakaskilningur kannaður. Úttektir og rannsóknir nemenda sjálfra með kynningu og umræðum. Fanga víða leitað m.a. með athugunum og á netinu; netkennsla, myndbönd, vettvangsferðir, hegðun dýra athuguð og greind. Tengsl við grunnskólakennslu með heimsóknum, viðræðum og gerð kennsluverkefna. Misserinu skipt upp í lotur.
Mat á skilaverkefnum og öðrum afurðum námsins, einnig á frumkvæði

**GSS337G • Rúmfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Halla Jónsdóttir Aðjúnkt
Aðstoðarkennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Rúmfræði í sléttu: a) Sígild rúmfræði. Undirstaða og uppbygging. Setningar og hugtök tengd línum, þríhyrningum, ferhyrningum, marghyrningum, hringum, samsíða línum og einslögun. Lögð er áhersla á röksemdafærslu og sannanir á setningum. Einfaldar teikningar með reglustiku og hringfara. b) Undirstöðuatriði hnitarúmfræði. Jafna línu, hallatala og graf. Jafna hrings. Athuguð verða fáein viðfangsefni úr hnitarúmfræði sem varpa ljósi á muninn á aðferðum sígildrar rúmfræði og hnitarúmfræði.

Þrívíð rúmfræði: Stutt umfjöllun um þrívíðar rúmmyndir. Margflötungar, sívalningur, keila, kúla.
Stutt upprifjun: Flatarmál, ummál, Rúmmál
Hornafallafræði: Undirstöðuhugtök og fyrstu setningar.
Loks munu nemendur kynnast meginhugmyndum rúmfræðináms og -kennslu. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að nýta sér tölvuforrit við rúmfræðilega skoðun, tilgátusmíð og teikningar og fjallað verður um hvernig nota má tölvu- og upplýsingatækni til að gera rúmfræðinám í grunnskóla ánægjulegt og árangursríkt.

**GSS339G • Heilsufæði • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Stefnt er að því að nemendur

- læri einfalda og holla heimilismatreiðslu samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni.
- læri fjölbreytta matreiðslu sem er líkleg til að falla að lífsháttum þjóðarinnar.
- öðlist skilning á mikilvægi þess að borða meira grófmeti s.s. grænmeti, ávexti, baunir og gróft korni og læri að matreiða grænmetisrétti, baunarétti, ávaxtarétti og baka gróf brauð.
- læri að búa til holla skyndirétti
- læri að aðlaga uppskriftir í hollustuátt.
- læri að nota upplýsingatækni til að afla upplýsinga varðandi greinina.
- kynnist og læri um alþjóðlega matargerð.
- læri að halda sýnikennslu.
- læri um gildi verkmennta og kennslufræði verklegrar kennslu.
- læri hagfræðihugtök sem tengjast daglegu lífi fólks.
- læri um námsmat í heimilisfræði.
- kynnist stöðu heimilisfræða í grunnskólum, námskrá og námsefni fyrir yngri nemendur.

Viðfangsefni: Matreiðsla byggist áfram á ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um hollt mataræði og næringarefni. Lögð verður áhersla á grænmetisrétti, grófmeti, ávexti, korn og baunir. Horft verður til þarfa samfélagsins og nútíma lífstíls sem virðist einkennast af hraða, miklu vinnuálagi og tímaskorti. Lögð áhersla á fljótlega holla og ódýra rétti. Kennt að búa til holla skyndirétti. Fyrirlestrar um gildi verkmennta og kennslufræði verkmennta. Fyrirlestrar um heilsuhagfræði og hagfræðihugrök sem tengjast daglegri neyslu fjölskyldunnar, gildum og hagkvæmni í heimilisrekstri. Læri að gera kennsluáætlanir, kennsluverkefni og námsmat fyrir elsta stig grunnskólans.
Vinnulag: Verklegar æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni og kennsluæfingar.
Námsmat: Verklegt próf í lok annar, frammistaða nemenda í kennslustundum og verkefni metin til einkunnar. Aukaverkefni eru lögð fyrir fjarnema.

**GSS340G • Barnið á yngsta stigi grunnskólans • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnhildur Óskarsdóttir Dósent
Kennari: Hlín Helga Pálsdóttir Aðjunkt
Kennari: Baldur Kristjánsson Dósent

**Meginmarkmið** þessa námskeiðs er að kennaranemar efli þekkingu sína á þroska og högum barna og á námi og kennslu á yngsta stigi grunnskólans.
Undirmarkmið eru að kennaranemar:
- hafi hagnýta þekkingu og fræðilegan skilning á aðbúnaði og högum barna, sem samkvæmt rannsóknum hafa áhrif á námsáhuga þeirra og almenna skólaaðlögun
- hafi öðlast þekkingu og innsæi í áhrif fjölskyldulífs og skóla á alhliða þroska barna
- skilji mikilvægi samvinnu heimila og skóla og þekki leiðir til samstarfs við fjölskyldu
- geti sett sig í spor barnsins og séð fyrirbæri og aðstæður út frá sjónarhóli þess
- þrói með sér gagnrýna hugsun og ígrundun um nám og kennslu yngstu barna grunnskólans
- þekki helstu kennsluaðferðir sem byggja á kenningum um þroska barna á yngsta stigi grunnskólans og þjálfist í að beita þeim
- þjálfist í að skipuleggja og framkvæma kennslu á vettvangi

**Inntak/viðfangsefni**
Fjallað verður um kenningar sem dýpka skilning á breytingum á stöðu fjölskyldunnar og á hlutverki kennarans m.a. með áherslu á barnavernd. Fræðilegar hugmyndir og rannsóknir á áhrifum fjölskyldunnar og kennarans á vitrænan, félagslegan og tilfinningalegan þroska barna verða til umfjöllunar, og hvernig þessir þættir tengjast samstarfi foreldra og skóla. Fjallað verður um helstu leiðir til að örva alhliða þroska barna og kennsluaðferðir sem henta á yngsta stigi grunnskólans. Þá verður fjallað um hlutverk kennarans, samskipti og skipulag skólastofu sem hvetur til náms.
Á vettvangi fylgjast kennaranemar með samskiptum í skólastofunni og bekkjaranda, og skoða einnig hvernig kennari getur styrkt félagatengsl í nemendahópnum. Ennfremur fá kennaranemar tækifæri til að skipuleggja verkefni þar sem unnið er út frá mismunandi þroskaþáttum í skólastarfi og þjálfast við það í að skapa aðstæður til náms þar sem tekið er mið af fjölbreytileika nemendahópsins.

**Vinnulag**
Haldnir verða fyrirlestrar og nemendur taka þátt í umræðum og verklegri vinnu. Nemendur lesa sér til um rannsóknir á þroska og högum barna og námi og kennslu á yngsta stigi grunnskólans. Áhersla er lögð á virkni nemenda, skapandi hugmyndir og raunhæf verkefni sem verða prófuð með samnemendum og í vettvangsnámi.
Mætingarskylda er í umræðutíma.
Nauðsynleg undirstaða: Þroska- og námssálarfræði (GSS103G) eða Þroska- og námssálarfræði (GSF103G), Nám og kennsla: Inngangur (GSS104G) eða Nám og kennsla: Inngangur (GSF104G)
Verkefni og próf.

**GSS341G • Enskt mál og málnotkun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Að kennaranemar Að kennaranemar

- hafi þekkingu og skilning á eðli og uppbyggingu enska málkerfisins
- þekki helstu málfræðihugtök
- hafi haldgóðan skilning á uppbyggingu texta og mismunandi textagerðum
- geti skrifað vel uppbyggða og málfræðilega rétta texta af ýmsum toga
- geti beitt töluðu máli rétt og eðlilega við ýmsar aðstæður
- hafi þekkingu og skilning á eðli og einkennum talaðs máls
- hafi vald á að beita almennum og akademískum orðaforða í rituðu máli

Viðfangsefni
Fjallað verður um enskt málkerfi, málfræðihugtök, málfræðireglur, málsnið, reglur um viðeigandi mál og einkenni ritaðs máls. Athugað verður hvaða villur Íslendingum hættir til að gera í ensku ritmáli og í því samhengi verða gerðar athuganir á ritunarverkefnum grunnskólanemenda. Þá verður lögð áhersla á þjálfun í að skrifa texta af ýmsum gerðum. Kennaranemar fá jafnt og þétt æfingu í munnlegri tjáningu. Fengist verður við lestur og greiningu ólíkra textagerða, einkum þá þætti sem snúa að setningabyggingu og heildarbyggingu texta. Í því samhengi verður einnig hugað að hlutverki orðaforða og málfræði í uppbyggingu ritaðs máls.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Það verða stuttir inngangsfyrirlestrar en að mestu leyti felst vinnan í verkefnum, bæði skriflegum og munnlegum, lestri, kynningum og umræðum.
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar. Einnig verður námsmat byggt á verkmöppu. Á móti kemur einkunn úr skriflegu prófi.

**GSS342G • Enskt mál og menning I • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Samúel Currey Lefever Lektor
Kennari: Anna Jeeves
Markmið
Að kennaranemar

- öðlist þekkingu á menningu og þjóðlífi á Bretlandseyjum og skilning á því hvað einkennir daglegt líf og hefur áhrif á það
- öðlist færni í að lesa með gagnrýnum huga bókmenntaverk og fjölmiðlaefni um breskt þjóðlíf
- kunni nokkur skil á eðli og einkennum talaðs máls, s.s. breskum mállýskum
- kunni skil á uppruna enskrar tungu
- geti miðlað þekkingu sinni í rituðu og töluðu máli

Viðfangsefni
Þetta námskeið fjallar um margbreytilegar hliðar á bresku þjóðlífi eins og það birtist í bókmenntum, fjölmiðlum, dægurmenningu og daglegu lífi fólks og miðar að því að kennaranemar verði færir um að miðla breskri menningu í kennslu. Fjallað verður um uppruna enskrar tungu og þróun hennar sem heimsmáls. Lögð verður áhersla á alhliða málþjálfun í tengslum við viðfangsefnin. Annars vegar er áframhaldandi þjálfun í ritun texta af ýmsum gerðum. Hins vegar er fjallað um ýmsa þætti í töluðu máli, s.s. framburð einstakra hljóða, áherslur og ítónun og sérstaklega þau atriði sem Íslendingar eiga erfitt með að ná tökum á. Þá verður fjallað um muninn á töluðu og rituðu máli og reglur sem lúta að viðeigandi málnotkun.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Það verða stuttir inngangsfyrirlestrar en að mestu leyti er um að ræða verkefnavinnu, bæði

skriflega og munnlega, lestur, upplýsingaleit, miðlun upplýsinga, kynningar og umræður.
Skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar ásamt skrifleg lokapróf.

**GSS343G • Bókmenntafræði og kennsla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristján Jóhann Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Þórður Helgason Aðjunkt
Markmið Markmið
Að nemandi nái valdi á helstu aðferðum við að lesa og greina bókmenntir
Undirmarkmið eru að stúdent við námskeiðslok:
- þekki og sé fær um að beita ólíkum aðferðum til að greina texta,
- geti metið gildi hverrar aðferðar til bókmenntagreiningar með tilliti til eigin kennslu,
- hafi öðlast hæfni til að meta hvaða aðferð til greiningar henti best ólíkum textagerðum,
- hafi með fjölbreyttum viðfangsefnum öðlast sjálfstraust til að miðla þekkingu sinni í skólum.
Inntak / viðfangsefni
- Kynntir verða ólíkir og fjölbreytilegir textar frá ýmsum skeiðum.
- Hugað verður vandlega að ævintýrum og þjóðsögum, ekki síst í ljósi þess að á því sviði hafa verið þróaðar sérstakar aðferðir til rannsókna.
- Greiningaraðferðir og textaval miðast m.a. við ólíkar kennsluaðferðir í grunnskólum.
- Kappkostað verður að tengja lesefni við siðferði, mannþekkingu, samskipti, samfélag og málefni líðandi stundar.
- Vettvangsnám er ofið inn í kennslu.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert að vinna verkefni í vettvangsnámi og leggja til frjóar hugmyndir sem verða prófaðar í vettvangsnámi. Enn fremur verður nemendum gert að fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og vefefni.
Verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. Skyndipróf úr tilteknum þáttum.

**GSS344G • Þjóðfélag - samfélag • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Markmið
Að nemandinn

- kunni skil á grundvallaruppbyggingu samfélagsins samkvæmt félagsfræðilegum rannsóknum og kenningum
- kunni skil á megindráttum í lögformlegri stofnanagerð íslenska samfélagsins.
- þekki megindrætti í alþjóðavæðingu, með áherslu á aðild Íslands að alþjóðasamfélaginu í efnahagslegu, pólitísku og menningarlegu tilliti
- þekki nokkrar meginkenningar félagsvísindanna um alþjóðavæðingu og geti beitt þeim til að ræða málefni íslensks samfélags í ljósi alþjóðlegrar þróunar
- þekki helstu hugtök og kenningar félagsvísinda um æviskeið, einkum hvað varðar mótun sjálfsmyndar og unglingamenningar á unglingsárum

Viðfangsefni
Fjallað verður, út frá nokkrum ólíkum nálgunum, um samhengi milli efnahagslífs, stjórnmála, opinberrar stjórnsýslu, félagasamtaka, fjölskyldu og annarra "stofnana" í félagsfræðilegum skilningi, sem og unglingamenningu og aðra óformlega hópamyndun. Farið verður yfir stofnanagerð samfélagsins og nokkur nýleg dæmi um þróunina, til dæmis varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, hlutverk stéttarfélaga í kjaramyndun og stjórnsýslu, sem og möguleika almennings til að hafa áhrif á ákvarðanir. Kynntar verða nokkrar félagsvísindakenningar um alþjóðavæðingu og leitað svara við þeirri spurningu hvort þjóðríki á borð við hið íslenska séu að missa gildi sitt eða að fá breytt hlutverk.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður og nemendur vinna nokkur verkefni, ýmist einir eða í hóp og kynna niðurstöður til samnemenda.
Þetta námskeið er að öllu jöfnu kennt annað hvert ár.
Námsmat verður byggt á verkefnavinnu og kynningu verkefna gagnvart samnemendum og kennurum.

**GSS345G • Þróun máls og læsis • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Kennari: Hrafnhildur Ragnarsdóttir Prófessor
Kennari: Jóhanna Einarsdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins eru:

- að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðuatriðum í málþroska barna og læsisþróun á leikskóla- og fyrstu grunnskólaárunum.
- Þeir þekki til helstu málþroskafrávika sem vænta má á þessu þroskastigi, svo sem þróun tvítyngis, þ.á. m. íslensku sem annars (tungu-)máls, táknmáls heyrnarlausra, og óhefðbundinna tjáskiptaaðferða í samskiptum við fatlaða.
- Þeir kunni skil á helstu kenningum um málþroska og átti sig á tengslum málþroska við aðra þroskaþætti, sem og við uppeldi, kennsluaðferðir og aðra umhverfis- og menningarlega þætti.
- Þeir skilji gagnkvæm tengsl mál- og læsisþróunar , og gildi þeirra fyrir nám og þroska
- Þeir kynnist fjölbreytilegum aðferðum til að örva og styðja mál barna og læsi.
- Þeir verði færir um að beita þessari þekkingu í starfi á vettvangi og geti sett fram faglega afstöðu til þess hvernig kennarar og aðrir uppalendur geta best stuðlað að framförum barna með ólíkar forsendur og hvenær ástæða er til að leita til sérfræðinga vegna málþroska barna.

Inntak / helstu viðfangsefni

- Þróun hljóða og framburðar, orðaforða, málfræði og setninga. Þróun boðskiptahæfni og málnotkunar ('pragmatics'), m.a. í frásögnum og samtölum. Meðvituð málkennd (=metalinguistic awareness): m.a. hljóð(kerfis)vitund
- Þróun læsis á leikskólaárunum og fyrstu skólaárunum.
- Kenningar um málþroska - þáttur erfða og umhverfis, uppeldis og menningar á þróun máls og læsis.

- Tengsl málþroska, almenns þroska og læsisþróunar. Mál sem undirstaða læsis (m.a. forstig læsis, lesskilnings, ritunar) - lestur barna/fyrir börn sem undirstaða málþroska. Félagsþroski, þykjustuleikir og mál.
- Markviss málörvun í skólastarfi : orðaforði, samtöl, tjáning í samfellt mál í ræðu og riti (frásagnir, útskýringar...). Hlustun, lestur, ritun.
- Þróun tvítyngis, einkum táknmáls og íslensku sem annars máls
- Helstu frávik í málþroska, s.s. SMR, stam og óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.
- Fatlanir og málþroski (málþroski einhverfra barna, Down's heilkenni o.fl.)

Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefnatímar, þar sem nemendur undirbúa málathuganir og kennslutilraunir á vettvangi, þar sem reynir á tengingu viðfangsefnua námskeiðsins við framkæmd og hugkvæmni í túlkun og miðlun. Nemendum verður gefinn kostur á velja sér aldursbundnar áherslur í vettvangsferðum og verkefnavinnu.
Próf úr grunnlesefni (50%). Verkefni 1 (Hópverkefni(25%). Málsýni af leikskólabarni. Verkefni 2 Einstaklingsverkefni(25%). Tengsl náms við mál og læsi.

**GSS348G • Að kenna um hreyfingu, orku og krafta • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Haukur Arason Lektor
Markmið að þátttakendur:

- Öðlist þann skilning á hreyfingu, kröftum og orku sem þarf til þess að geta kennt um þessi fyrirbæri í grunnskóla.
- Þekki rannsóknir á hugmyndum barna og unglinga um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins og geti nýtt sér þessar rannsóknir í kennslu.
- Þekki kennslubækur, verklegar æfingar og kennsluhugmyndir sem geta nýst í grunnskólakennslu um viðfangsefnin.
- Öðlist færni í að ræða um viðfangsefnin við börn og unglinga.
- Þekki samfélagslegt gildi þekkingar á viðfangsefnunum fyrir einstaklinga og samfélagið og þekki leiðir til að vekja áhuga barna og unglinga á viðfangsefnunum.
- Þekki markmið Aðalnámskrár í náttúrufræðum fyrir grunnskóla sem snerta viðfangsefnin og öðlist innsýn í vinnubrögð og aðferðir grunnskólakennslu um þessi viðfangsefni.

Inntak / viðfangsefni:
Náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins eru: Einföld áhöld og vélar, fjaðureiginleikar efna, hreyfing, hringhreyfing, snúningshreyfing, hraði, hröðun, kraftur, tregða, massi, lögmál um hreyfingu hluta, mismunandi kraftar svo sem þyngdarkraftar, togkraftar, núningskraftar, fjaðurkraftar, rafkraftar, segulkraftar, flotkraftar, lyftikraftar, samlagning krafta, skriðþungi, massamiðja, hverfiþungi, hverfitregða, kraftvægi, vinna, orka, afl, mismunandi orkuform svo sem varmaorka, hreyfiorka, þyngdarstöðuorka, fjaðurstöðuorka, rafstöðuorka, efnaorka, orka í bylgjum, kjarnorka, umbreyting orku úr einu formi í annað, varðveisla orkunnar, nýtanleg orka, orka í náttúrunni, orka í samfélaginu.
Í þessu námskeiði verða þátttakendur búnir undir að kenna í grunnskóla um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins. Mikil áhersla verður lögð á að tengja viðfangsefnin við hugmyndir og reynslu þátttakenda, nýtingu í samfélaginu og því hvernig þau birtast í samfélagslegri umræðu. Fjallað verður um rannsóknir á hugmyndum barna um viðfangsefnin og mögulegar leiðir til að tengja með kennslu þessi viðfangsefni við reynsluheim og hugmyndir grunnskólabarna. Fjallað verður um kennslu náttúrufræðilegra viðfangsefna námskeiðsins, skoðaðar kennslubækur og verklegar athuganir.
Vinnulag
Þátttakendur taka þátt í umræðum þar sem þeir kanna hugmyndir sínar um viðfangsefnin. Ígrundaðir verða textar um viðfangsefnin og kennslu þeirra og gerðar verklegar æfingar sem auka skilning á viðfangsefnunum. Meginviðfangsefni verða kynnt í umræðum en nemendum síðan gefið rými til að afla frekari upplýsinga og þróa hugsun sína í gegnum frekari umræður, verkefni og kynningar.
Virkni nema í námskeiðinu verður metin. Jafnframt vinna nemendur ýmis verkefni og taka próf.

**GSS349G • Náttúran sem uppspretta sköpunar • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Vigdís Þórðardóttir Lektor
Kennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Kennari: Jón Reykdal Lektor
Kennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Markmið:
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn:
- Hafa öðlast innsýn í fjölbreytileg viðfangsefni í textílmennt, myndmennt og hönnun og smíði
- hafa kynnst náttúrunni sem uppsprettu hugmynda í skapandi starfi og þjálfast í útfærslu eigin hugmynda
- Hafa þekkingu á efni, áhöldum og tækni
- Vera fær um að laga vinnuaðferðir og efni að starfi með börnum á ólíkum aldri
- Hafa kynnst ferlinu frá hugmynd til fullunnins hlutar/verks
- Hafa þekkingu á því sérstaka og margbreytilega sem námsgreinarnar búa yfir
- Hafa innsýn í samþættingu námsgreina

Inntak/viðfangsefni:
- Áhersla lögð á sameiginlega hugmyndavinnu í gegnum allt námskeiðið. Nemendur leita hugmynda sem henta vel í grunnskólastarfi
- Unnið verður með tvívíða og þrívíða formsköpun
- Farið verður í vettvangsferðir, unnið úti í náttúrunni og í skólastofunni
- Hugmyndavinna og skráning gegnum ljósmyndun og skissugerð
- Hugmyndir lagaðar að efni, tækni, myndbyggingu, lita og formfræði

Vinnulag:
Fyrirlestrar, vettvangsferðir, verkleg vinna, umræður, námsefni á Uglu, uppsetning sýningar og vinna við ferilmöppu.
Metin eru verkefni, hugmyndir og úrvinnsla þeirra.

**GSS350G • Stafrænir myndmiðlar • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnsteinn Gíslason Aðjunkt

Kennari: Magnús Sigurður Guðmundsson Aðjunkt
Markmið:
Að nemendur:
- Kynnist og öðlist færni í notkun á helstu myndvinnslu forritum til myndvinnslu
- ( Photoshop Illustrator og Painter ).
- Nái valdi á að vinna jafnt með bitmap forrit ( Photoshop, Painter ) og vectora í teikniforritum ( Illustrator, Freehand )
- Geti unnið með ljósmyndir, teikningar, munstur og texta og sett upp hönnunarverk til notkunar fyrir net- og skjámiðla og til prentunar.

Inntak/viðfangsefni
Rannsóknir og fræðasvið
Skoðaðar verða kenningar um mismunandi birtingarform myndmáls og tilraunir gerðar með áhrifamátt þess út frá form-og litafræðilegum forsendum
Vinnulag
Unnið verður með alhliða myndvinnslu, umbreytingar og lagfæringar á ljósmyndum.
Þjálfuð notkun verkfæra, filtera og litakerfis, stjórnun lita, lýsingatækni, maskar og myndlög (layers) við útfærslu eigin hugmynda og prentun myndefnis.
Skilgreindar og nýttar í verkefnum tæknilegir möguleika myndvinnslunnar í samþættingu við önnur fræðasvið og í kennslu.
Unnið verður með grunnatriði í kvikmynda og hreyfimyndagerð. Tilurð, saga og þróun fagsins kynnt. Nemendur fá grunnþjálfun í að nýta sér þessa myndmiðla.
Nemendur vinna verkefni byggð á möguleikum og notagildi myndvinnsluforrita í skapandi starfi, myndskönnun, færslur á vinnsluefni á milli, forrita og vistun myndefnis. Tileinki sér skipulagningu gagna (portfolio) í tölvukerfi og fyrir gagnaflutning
Nemendur vinna verkefni þar sem þeir nýta sér kvikmynda og hreyfimynda tækni, þar sem áherslur eru lagðar á nýta sér þessa miðla í grunnskólakennslu og til kennslugagnagerðar.
Verkefni verða metin til einkunnar. Við mat á verkefnum er lagt til grundvallar: Verkefni sem lýsa tæknilegri þekkingu nemandans á viðfangsefni sínu Faglegar og fagurfræðilegar lausnir út frá markmiðum hvers verkefnis Skapandi frumkvæði og virkni, rafræn gagnasöfn og ferilmöppur.

**GSS401G • Bókmenntir síðari alda • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristján Jóhann Jónsson Dósent
Markmið
Að stúdentar kynnist meginstraumum og stefnum í íslenskum bókmenntum frá siðaskiptum
Undirmarkmið eru að við námskeiðslok hafi nemandi:
- kynnt sér helstu kennileiti í sögu íslenskra bókmennta seinni alda með hliðsjón af straumum í nágrannalöndum,
- lagt sig eftir mikilvægum bókmenntaskeiðum, einkum síðustu tvær aldirnar,
- þróað með sér hæfileika til að meta hvaða verk úr bókmenntasögunni henti nemendum í grunnskólum og hvernig heppilegt sé að kynna þeim þau,
- fengið tækifæri til að kynna sér barnabókmenntir í sögulegu samhengi og rýna jafnframt í sem fjölbreytilegust verk á þeim vettvangi,
- fengið nasasjón af þýddum verkum sem markað hafa tímamót í bókmenntasögunni,
- hafi með fjölbreyttum viðfangsefnum öðlast sjálfstraust til að miðla þekkingu sinni á bókmenntum í skólum.

Inntak / viðfangsefni
- Lesnir verða ólíkir og fjölbreytilegir bókmenntatextar frá síðustu öldum, einkum síðustu 200 ára, með hliðsjón af undirstraumum bókmenntasögu og sagnfræði.
- Stúdentar velti vandlega fyrir sér þróun í stíl og frásagnarhætti á umræddu tímabili.
- Stúdentar læri að meta hvaða kennsluaðferðir henti ólíkum aldurshópum og mismunandi bókmenntatextum.
- Lögð verður áhersla á að tengja allt bókmenntaefni við líðandi stund og hugmyndir samtímans.
- Vettvangsnám er ofið inn í kennslu.

Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert að vinna verkefni í vettvangsnámi og leggja til frjóar hugmyndir sem verða prófaðar í vettvangsnámi. Enn fremur verður nemendum gert að fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur, tímarit og vefefni.
Verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. Skyndipróf úr tilteknum þáttum.

**GSS402G • Íslensk málfræði I: Gerð máls • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Kennari: Veturliði G Óskarsson Prófessor
Markmið
Meginmarkmið þessa námskeiðs eru að stúdentar:
- átti sig á margslunginni gerð tungumálsins, orðum og orðhlutum, merkingu þeirra og hlutverki,
- skilji hvernig málfræðileg greining er samofin allri athugun á máli og málnotkun
- geti beitt málfræðilegri greiningu til að rannsaka mál grunnskólanema.

Undirmarkmið eru að stúdentar:
- kynnist af eigin raun hvernig unnt er að beita málfræði til að rannsaka orð og notkun þeirra frá ýmsum sjónarhornum,
- þekki og skilji ýmis fyrirbæri tungunnar í ljósi uppruna hennar og sögu,
- skilji helstu kenningar um hvernig börn læra málið og málfræði þess og þekki rannsóknir á því sviði,
- þekki og skilji þau lögmál sem búa að baki sambandi ritmáls og talmáls, framburðar og stafsetningar,
- skilji hvernig traust þekking á málfræði er nauðsynleg til að geta greint vandamál í máli barna og hjálpa þeim til að verða betri málnotendur,
- öðlist glögga innsýn í gerð tungumála og geti beitt henni til athugunar á máli nemenda, bæði töluðu og rituðu.

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um hugmyndir manna um málfræði og tungumál, uppruna þeirra, sögu og hlutverk í samfélaginu. Í því sambandi verður vikið að ýmsum tegundum tungumála. Fjallað um mikilvægi tungumáls fyrir þroska einstaklingsins og þátttöku hans í samfélaginu. Fjallað verður um einingar málsins, bæði smáar og stórar en mest áhersla verður lögð á orðin, gerð þeirra, beygingu og merkingu. Sérstaklega verður fjallað um kenningar um hvernig orð geymast í málvitundinni. Íslensk orðhlutafræði er tekin til skoðunar og hugað að því hvernig hægt er að beita henni til að styrkja tök grunnskólanemenda á allri málnotkun, bæði í tali og riti. Stúdentar kynna sér nýlegar rannsóknir á íslensku máli og

hagnýtingu þeirra á vettvangi grunnskólans. Ætlast er til að stúdentar velji sér viðfangsefni í vettvangsnámi í tengslum við efni námskeiðsins og geri litla málfræðilega rannsókn.
Vinnulag
Fyrirlestrar og umræður ásamt verkefnavinnu, sem að hluta til tengist vettvangsnámi. Stúdentar kynna sér fjölbreytt viðfangsefni málfræðinga, munnlega og skriflega og tengja þau skólastarfi. Stúdentar gera grein fyrir rannsóknum annarra og kynna eigin rannsókn á málþingi. Lögð er áhersla á skapandi hugsun og frumleika í vali á viðfangsefnum og úrvinnslu þeirra.
Nauðsynleg undirstaða: Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSS201G) eða Íslenska I: Mál og bókmenntir (GSF201G)
Nokkur minni verkefni (10-15% hvert) og próf (40-50%).

**GSS405G • Kennari á Netinu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jón Jónasson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið Þekkingar- og skilningsmarkmið

- Í lok námskeiðs hafa nemendur öðlast þekkingu á:
- helstu kenningum um fjarnám og skipulag fjarkennslu
- (hvernig tengja má upplýsingatækni og netsamfélög við kenningar um nám og kennslu)
- mismunandi eiginleikum kennslubúnaðar og námsumhverfa á Netinu
- þeim möguleikum sem felast í dreifðum og sveigjanlegum kennsluháttum, jafnt við einn skóla og í samvinnu milli skóla eða skólastiga
- ýmsum hugbúnaði til skráningar og samskipta í skólasamfélaginu
- virkni tölvu- og netkerfa og ýmsum öryggis- og álitamálum þar að lútandi.

Færnimarkmið
Í lok námskeiðs hafa nemendur öðlast færni í:

- skipulagningu og uppsetningu náms- og kennsluumhverfa á Netinu
- notkun á margs konar búnaði sem lýtur að námsefnisgerð og miðlun á Netinu
- að skipuleggja kennslu á Netinu
- að nota ýmsa kennslukosti á Netinu í sveigjanlegu skólastarfi
- að nýta tölvutæknina til að halda utan um og skipuleggja eigin vinnu
- uppsetningu og notkun gagnagrunna.

Inntak / viðfangsefni
Nemendur kynnast helstu kenningum um fjarnám og fjarkennslu. Kynnt verða náms- og kennsluumhverfi á Netinu og hvernig hægt er að nýta þau í skólastarfi. Nemendur kynnast ýmsum búnaði sem notaður er í fjarkennslu og fjarnámi, netnámi í tengslum við staðnám, og til samvinnu. Áhersla verður lögð á að nemendur verði færir um að skipuleggja námsumhverfi á Netinu, fái sem gleggsta mynd af þeirri tækni sem er á boðstólum og þeim möguleikum sem felast í dreifðum og sveigjanlegum náms- og kennsluháttum. Nemendur kynnast hugbúnaði sem notaður er í skólum til skráningar og hvernig upplýsingatæknin á þátt í að efla samstarf heimila og skóla. Nemendur setja upp gagnagrunn sem nýta má til öflunar/skráningar gagna og úrvinnslu. Fjallað verður um innviði tölvukerfa og öryggis- og siðferðismál á Netinu. Nemendur kynnast því hvernig nýta má tölvutæknina til að henda reiður á eigin gögnum og dagskipulagi.
Vinnulag: Námskeiðið fer fram í námsumhverfi á Netinu og er að mestu leyti með fjarkennslusniði. Nemendur vinna verkefni ýmist sem einstaklingar eða í litlum hópum.
Lesefni: Bækur, rannsóknarskýrslur, greinar og annað efni um viðfangsefni námskeiðsins, einkum eðli og skipulag fjarkennslu.
Námsmat er tvíþætt, annars vegar próf og hins vegar verkefni.

**GSS408G • Söguþræðir • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Kennari: Ólöf Garðarsdóttir Dósent
Kennari: Þorsteinn Helgason Dósent
Viðfangsefni
Skipulag námskeiðsins mótast af æfingakennslu (3 vettvangseiningum) sem ætlast er til að sé sem mest sögukennsla, e.t.v. ásamt skyldum viðfangsefnum í öðrum greinum. Hver nemandi semur við heimaskóla sinn og viðtökukennara um viðfangsefni í æfingakennslunni. Inntak námskeiðsins er að nokkru lagað eftir því hvað nemendur fást við á vettvangi, auk þess sem hverjum og einum er leiðbeint um undirbúning undir kennsluna.
Í námskeiðinu er fengist við löng tímaskeið og stóra drætti í sögu heims og mannkyns, ekki síst þar sem Ísland kemur við sögu. Kynnt eru hlutverk og viðfangsefni heimssögunnar, raktir sem dæmi nokkrir þræðir, t.d. saga þrælahalds á ýmsum tímum og svæðum og fólksflutningar milli menningarsvæða (efni annars valin með hliðsjón af viðfangsefnum í æfingakennslu). Nemendur fá tækifæri til að kafa í einstök dæmi, m.a. tengd æfingakennslu, leita upplýsinga á eigin spýtur og setja þær fram með ýmsum hætti.
Vinnulag
Lestur nemenda er að drjúgum hluta sjálfstæð upplýsingaleit tengd verkefnum og æfingakennslu, auk þess að kynna sér efni frá kennurum og samnemendum. Hver nemandi heldur leiðarbók um vettvangsnám og undirbúning þess og skilar stuttum verkefnum (e.t.v. að nokkru hópverkefnum) jafnt og þétt á misserinu.
Námsmat er einkum byggt á verkefnum, einnig á virkni í námskeiðinu og heimaprófi eða lokaverkefni á próftíma.

**GSS414G • Söguskoðun textíla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Fríður Ólafsdóttir Dósent
Söguskoðun textíla
Markmið: að nemandi

- \- hafi skilning á áhrifaþáttum í sögu íslenskra textíla og geti tengt hann á víðsýnan hátt til fræðilegra og hagnýttra rannsóknarverkefna
- \- öðlist skilning á, innsæi og færni í nokkrum sérhæfðum vinnuaðferðum sögulegra íslenskra ullartextíla og kunni skil á faglegum hugtökum þeirra

- - geti greint landfræðileg, félagsleg og menningarleg áhrif textíla, mikilvægi þeirra í daglegu lífi, afkomu og frítíma fólks fyrr sem nú
- - beiti fræðilegum rannsóknaraðferðum og nútíma upplýsingatækni við gagnasöfnun, úrvinnslu, rökstuðning og túlkun niðurstaðna á sviði sögulegra textíla
- - hafi hæfni til að setja fram og lýsa hlutverki textíla í íslenskri og alþjóðlegri iðnvæðingu og atvinnuþróun síðustu alda
- - hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika í hugsun samfara sjálfstæðum vinnubrögðum sem nýtast til frekari náms og starfs á vettvangi grunnskóla

Viðfangsefni

- - fjallað verður um helstu einkenni, hugtök og áherslur í íslenskri textílmenningu út frá nútímaþekkingu, heimildum á söfnum og í einkaeign
- - skoðað íslenskt verklag síðustu alda við ullarvinnu, æfð grunnatriði þeirra handbragða og notkun hugtaka þeim tengdum
- - kynntir íslenskir kven- og karlmannabúningar og sjónum beint að sameiginlegum einkennum, félagslegum táknum, hefðum og vinnuaðferðum sem þar birtast
- - rannsakað víðtækt hlutverk textíla í fatnaði, nytjahlutum og listrænni túlkun og skoðuð staða textíla í alþjóðavæðingu nútímans

Vinnulag

- - Fyrirlestrar, skoðunarferðir, viðtöl, rannsóknarverkefni
- - Samræmd verkefni miða að því að efla meðvitund og víðsýni fyrir sérstöðu íslenskra textíla og listrænu textílhandverki
- - Einstaklingsbundnum verkefnum er ætlað að veita persónulega upplifun og reynslu sem nýtist til rannsókna, vettvangsvinnu og þróunar sjálfstæðra verkefna á fræðasviði textíla

Verkefni metin til einkunnar með hliðsjón af markmiðum námskeiðs og samkvæmt námsmatsreglum.

**GSS415G • Stærðfræðinám á yngsta stigi grunnskóla • (10e) • Vor**

Umsjónarkennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Kennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að kennaranemar:

- þekki rannsóknir á stærðfræðinámi barna og geri sér grein fyrir hvernig skilningur á stærðfræði byggist upp
- viti hvert er megininntak stærðfræðikennslu á yngsta stigi grunnskólans
- hafi vald á þeim inntaksþáttum stærðfræðinnar sem fengist er við á yngsta stigi grunnskólans og þekki þær meginhugmyndir sem þeir byggja á
- geti beitt fjölbreyttri stærðfræði til að kanna viðfangsefni úr daglegu lífi og umhverfi
- greini tengsl stærðfræði við aðrar greinar og geti skipulagt heildstæða kennslu
- geti beitt fjölbreyttum leiðum við námsmat
- þekki leiðir til að þróa stærðfræðikennslu sína og efla þekkingu sína á stærðfræði og stærðfræðinámi barna

Viðfangsefni
Meginviðfangsefni námskeiðsins er að fást við hvernig byggja má upp samfellu í stærðfræðinámi á forsendum nemenda. Sérstaklega verður hugað að því að kennaranemi styrki tök sín á inntaksþáttum og vinnubrögðum stærðfræðinnar til þess að hafa forsendur til að geta greint nám nemenda sinna. Sjónum verður beint að talna- og aðgerðaskilningi, mælingum, rúmfræði, mynstrum og algebru. Einnig verður fjallað um þátt tungumáls og röksemdafærslu í stærðfræðinámi.
Leiðir við kennslu og uppbygging námsumhverfis fá gott rými. Skoðað verður hvernig nálgast má viðfangsefni með rannsóknum, hlutbundinni vinnu, umræðum og uppsprettum úr daglegu lífi og umhverfi nemenda. Kennaranemar kynnast fræðasviðinu stærðfræðimenntum og leiðum til að fylgjast með rannsóknum og þróun kennsluhátta til að þeir geti sótt sér hugmyndir og hvatningu til að þróa markvisst stærðfræðikennslu sína.
Vinnulag
Haldnir verða fyrirlestrar og nemendur taka þátt í umræðum og verklegri vinnu. Nemendur lesa sér til um rannsóknir, glíma sjálfir við stærðfræðileg viðfangsefni, kanna skilning barna, fylgjast með og ígrunda eigin stærðfræðikennslu og annarra, skipuleggja kennslu afmarkaðra viðfangsefna og reyna sig á vettvangi. Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi í lok námskeiðs. Skilaskylda er á öllum verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi með fullnægjandi hætti.

**GSS416G • Kennsluhættir og uppbygging stærðfræðikennslu fyrir alla • (10e) • Vor**

Umsjónarkennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Kennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Markmið að kennaranemar

- Kunni skil á hugmyndum um rannsóknarnálgun í stærðfræðikennslu og á hvaða kenningum um stærðfræðinám þær hvíla.
- Hafi öðlast færni í að skipuleggja og framkvæma kennslu þar sem komið er til móts við þarfir ólíkra nemenda.
- Hafi tileinkað sér fjölbreyttar leiðir við námsmat
- Geti metið stöðu nemenda og tekið ákvarðanir í kennslu á þeim grunni.
- Séu færir um að ræða um og rökstyðja ákvarðanir í kennslu á fræðilegum grunni.
- Þekki helstu hugmyndir um stærðfræðinám og leiðir til að efla þekkingu sína á stærðfræði, stærðfræðinámi og stærðfræðikennslu.

Viðfangsefni
Á námskeiðinu kynnast nemendur hugmyndum og kenningum um stærðfræðinám og - kennslu. Áhersluþættir verða rannsóknarnálgun í kennslu, uppbygging kennsluferlis og fjölbreyttar leiðir við námsmat. Fjallað verður um mikilvægi þess að kennarar hafi miklar væntingar til náms allra nemenda og að þeir fái kennslu við hæfi, óháð kyni, uppruna og líkamlegri og andlegri hæfni. Skoðað verður á hvern hátt koma má til móts við þarfir ólíkra nemenda og ýmsar leiðir prófaðar. Nemendur kynnast fræðiritum þar sem kennarar geta leitað sér fanga um stærðfræðinám og -kennslu. Nemendur kynnist starfi stærðfræðikennarans frá ýmsum hliðum og þeim möguleikum sem hann hefur til að þróa sig í starfi.

Vinnulag
Í kennslustundum verður fjallað um efnið og nemendur taka þátt í umræðum og leysa verkefni einir og í hópum. Námskeiðið er samofið við þriggja eininga vettvangsnám. Nemendur kynna sér rannsóknarnálgun í kennslu og reyna á vettvangi. Þeir lesa sér til um rannsóknir á ólíkum nemendum og forsendum þeirra. Nemendur skipuleggja stærðfræðikennslu og gera sérstaka grein fyrir hvernig koma má til móts við þarfir ólíkra nemenda. Þeir ræða um eigin reynslu og endurskipuleggja kennslu á grundvelli umræðna og ígrundunar.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi í lok námskeiðs. Skilaskyla er á öllum verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt.

**GSS417G • Tónlist í skólastarfi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Helga Rut Guðmundsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur

- ígrundi og leggi grunn að eigin starfskenningu sem tónmenntakennarar í grunnskóla.
- þekki fjölbreyttar kennsluaðferðir í tónmennt og hugmyndafræðilegan grunn þeirra.
- þekki það kennsluefni sem til er í tónmennt, möguleika þess og annmarka.
- geti skrifað kennsluskrá fyrir alla bekki grunnskólans í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla sem taki jafnfram mið af eigin styrkleikum í kennsluháttum.
- geti skipulagt kennslustundir í samræmi við námskrár og eigin starfskenningu.
- auki færni sína til að leika á undirleikshljóðfæri eftir bókstafshljómum.
- geti notað nótnaskriftarforrit við gerð verkefna
- öðlist reynslu af kennslu á vettvangi undir leiðsögn starfandi tónmenntakennara

Viðfangsefni:
Unnið með helstu leiðir í tónmenntakennslu. Undirleikur æfður við algeng sönglög. Tölvur notaðar við nótnaskrift og útsetningar. Lesefni í menntunarfræðum tónlistar. Heimsóknir og vettvangsnám í grunnskóla á tímabilinu.
Vinnulag:
Hagnýtar verklegar æfingar í tónmenntakennslu. Tónlistarsmiðjur. Skrifleg verkefni.
Skrifleg verkefni 40 % Vettvangsvinna 30 % Undirleikspróf 30 % 80 % Mætingarskylda

**GSS418G • Dans í skólastarfi • (10e) • Vor**
Markmið:
Að nemendur

- þekki innihald og möguleika námskrár í dansi fyrir grunnskóla og geti haft hana að leiðarljósi við markmiðsetningu og áætlanagerð
- hafi öðlist færni í gerð kennsluáætlana, skipulagi náms áfanga og gerð námsmats
- geri sér grein fyrir gildi, sérstöðu og sóknarfærum dansmennta innan grunnskólans
- séu meðvitaðir um þau gildi og ímyndir sem búa í mismunandi dansstílum og geti unnið sig framhjá þeim eða nýtt sérstaklega í kennslu
- hafi þekkingu og færni í skipulagningu og framkvæmd dansmenntakennslu í sal og í starfi í skólastofu
- hafi skoðun á möguleikum dansmennta til samþættingar við aðrar námsgreinar
- geti mótað fjölbreytt og skapandi verkefni þar sem aðferðir dansmennta dýpka líkamlegan, vitsmunalegan, félagslegan og tilfinningalegan þroska nemandans

Viðfangsefni: Staða dansins innan grunnskólanna er athuguð til að nemendur geti myndað sér sjálfstæða skoðun á því hvernig tryggja megi framþróun hans sem kennslugreinar innan skólakerfisins. Aðferðir til að nálgast viðfangsefni í fjölbreyttum kennsluaðstæðum verða skoðaðar, sem og skipulagning kennsluáætlana, gerð námsmats og þróun samstarfs milli skóla og listastofnana.
Vinnulag: Lestur, fyrirlestrar og umræður um inntak dans í grunnskólum, í verklegu samhengi. Vettvangsathuganir á stöðu og möguleikum dansins innan grunnskólanna. Íhuganir og úrlausnir kynntar fyrir samnemendum. Smiðjur þar sem nemandinn er þjálfaður til að vinna sjálfstætt með dans í skólastarfi.
Ritgerð 30%. Vettvangsrannsókn 30%. Eigin starfskenning og framtíðarsýn10%. Gerð kennsluáætlunar 20%. Ígrundun á eigin kennslu og úrvinnsla 10%. 80% mætingarskylda.

**GSS419G • Frá hugmynd til sýningar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Markmið:
Að nemendur

- hafi grunnþekkingu og nokkra hæfni í að beita leiklist sem listformi (aðferðum og tækni leikhússins) til að setja á svið með nemendum fjölbreyttar gerðir af dagskrám og leiksýningum sem byggja á hugmyndum þátttakenda eða námsefni sem fengist er við hverju sinni
- geti lagt mat á árangur grunnskólanema í ofangreindri vinnu og metið gildi þess konar þátttöku
- hafi þekkingu og hæfni til að þjálfa grunnskólanema í að koma fram og tjá sig fyrir framan áhorfendur

Viðfangsefni
Umfjöllun um leiklist sem listform, fræðilegan bakgrunn sýninga sem eru unnar út frá hugmyndum þátttakenda og um gildi þátttöku barna og ungmenna í leiksýningum. Athugun á því hvernig þessu er háttað á vettvangi. Undirstöðuatriði í gerð leiksýninga sem byggja á námsefni, frásögnum, persónusköpun eða hugmynd þar sem megináherslan er alltaf á að hugmyndir þátttakenda njóti sín. Möguleikar á námsmati. Leiðir til að þjálfa grunnskólanema í að tjá sig áheyrilega.
Vinnulag: Fyrirlestrar, lestur og umræður/málstofur. Vettvangsathuganir. Kennaranemar móta leiðir til að þjálfa áheyrilegt talmál. Fjölbreyttar leiksmiðjur sem byggja á mismunandi kveikjum og margvíslegri úrvinnslu.
Einstaklingsverkefni: Ritgerð um áhrif og gildi þátttöku barna og ungmenna í leiksýningum og niðurstöður úr athugunum á vettvangi. 20%. Teymisverkefni: Að standa upp og tala fyrir framan hóp: Hugmyndir að 4-6 tíma námskeiði til að þjálfa talmál með nemendum. 10%. Einstaklingsverkefni: Leikgerð sögu eða ævintýris. 20% Teymisverkefni: Dagskrá unnin upp úr völdu námsefni 20%. Hópverkefni: Hópverkefni: Hugmynd til sýningar 30%. 80% mætingarskylda

**GSS422G • Biblíufræði og biblíusögur • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Markmið
Að nemandinn

- hafi þekkingu á helstu kenningum, aðferðum og hugtökum í biblíufræðum og geti beitt þeim við úrlausn fræðilegra og hagnýtra viðfangsefna
- hafi yfirlitsþekkingu á Biblíunni og helstu þáttum bókmenntasögu, samtíðarsögu og guðfræði hennar
- hafi skilning á hlutverki Biblíunnar sem helgiriti kristinna manna og þeim áhrifum sem hún hefur haft á samfélög og menningu, meðal annars bókmenntir og aðrar listgreinar
- geti greint og lagt mat á ólíkar heimildir um Biblíuna og rannsóknir á henni
- sé fær um að beita gagnrýnum túlkunaraðferðum á biblíutexta og geti heimfært niðurstöðurnar upp á kennslu í grunnskóla
- þekki þátt biblíusagna í trúarlegri uppfræðsluhefð og skilji gildi frásagnarinnar sem kennsluaðferðar
- geti miðlað þekkingu sinni og undirbúið kennslu um Biblíuna og biblíutexta í blönduðum nemendahópi.

Viðfangsefni
Fjallað verður um Biblíuna, Gamla og Nýja testamentið, og rannsóknir á henni. Athugað verður baksvið hennar og samtíðarsaga og tilurð og inntak einstakra rita. Rætt verður um sögu og söguskilning Biblíunnar og hugað að boðskap, túlkun og merkingu valinna texta. Gagnrýnar túlkunaraðferðir verða kynntar og nemendur þjálfaðir í að beita þeim og heimfæra niðurstöður upp á kennslu í grunnskóla. Jafnframt verða tekin dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélag, menningu og listir fyrr á tímum og í nútímanum. Loks verður rætt um Biblíuna og biblíutexta sem kennsluefni í skólum.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, upplýsingaleit og verkefnavinna.
Nemendur vinna túlkunar og kennsluverkefni út frá textum í Gamla og Nýja testamentinu og miðla niðurstöðum til samnemenda. Jafnframt skila þeir greinargerð um vettvangsnám. Prófað verður í námsefni.

**GSS423G • Tölur og talnafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Freyja Hreinsdóttir Dósent
Inntak/viðfangsefni: Náttúrulegu tölurnar: rifjuð verða upp nokkur grundvallaratriði svo sem deilanleiki og frumtölur. Farið í þrepun og reiknirit Evklíðs. Heilu tölurnar: farið verður í lausnir línulegra díófantískra jafna, leifareikning og lausnir á leifajöfnuhneppum. Pýþagórískar þrenndir verða kynntar og farið í litlu setningu Fermats og regla Eulers. Ræðu tölurnar: farið verður í samband tugabrotsteygða og almennra brota. Nálganir óræðra talna með brotum og keðjubrot skoðuð. Rauntölurnar: skoðaðar verða ræðar og óræðar lausnir á margliðum og skilgreindar reiknitölur og algebrulegar tölur. Kynntar verða formúlur fyrir lausnum á annars, þriðja og fjórða stigs jöfnum og í því sambandi skilgreindar tvinntölur. Farið verður í grundvallarsetningu algebrunnar. Skilgreindar verða runur og sýnt að keðjunálgunarbrot óendanlegs keðjubrots mynda Cauchyrunu sem er samleitin á óræða tölu. Skoðaðar verða nokkrar nálganir á pí.
Vinnulag: Fyrirlestrar, dæmatímar og verkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Tölur og reikniaðgerðir (GSS214G) eða Tölur og reikniaðgerðir (GSF209G)
Æskileg undirstaða: Rúmfræði og algebra (GSS326G) eða Rúmfræði (GSS337G)
Byggt á verkefnum og skriflegu prófi.

**GSS425G • Dönsk málnotkun og máltaka nemenda 2 • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar skilji setningarfræði í dönsku og hvernig málfræðileg greining er samofin allri athugun á máli og málnotkun nemenda, bæði töluðu og rituðu. Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar skilji setningarfræði í dönsku og hvernig málfræðileg greining er samofin allri athugun á máli og málnotkun nemenda, bæði töluðu og rituðu.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- þekki og kunni skil á setningarfræði í dönsku
- þekki og kunni skil á rannsókna um setningarfræði
- skilji og þekki til helsta kenningar og rannsókna um hugtakið millimál (da: intersprog) og þýðingu þess í kennslu
- þekki til og kunni skil á helstu kenningar og rannsókna um hvernig best er að þjálfa markvisst uppbyggingu orðaforða
- öðlist þekkingu og skilning á reglum sem lúta að munnlegri tjáningu
- glöggvi sig á myndmáli, hikorðum og slangri í talmál
- þekki og kunni skil á kenningum, rannsóknum og viðhorfum ýmissa fræðimanna til talmáls

Inntak / viðfangsefni
Þetta námskeið er framhald af námskeiðinu Danskt mál og máltaka nemenda 1. Lesnir eru fræðilegir textar um danskt mál og málnotkun og fjallað verður áfram um danska málkerfið, málfræðihugtök, málsnið og sérstök áhersla er lögð á danska setningarfræði. Farið er í þætti sem einkenna danskt talmál og þætti sem valda Íslendingum erfiðleikum og skoðað er hvernig danskt talmál er kennt í skólakerfinu. Lesnir eru fræðilegir textar um danskt mál og málnotkun og kennslu erlendra tungumála. Áhersla lögð á að skilgreina millimál nemenda (da: intersprog) og hvaða þýðing það hefur fyrir dönskukennsluna.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni, bæði skriflega og munnlega. Verkefni skilað inn eða kynnt í málstofu. Þátttaka í málveri.
Dæmi um lesefni
Michael Dal (2006): Kompetence i grammatik og undervisning, Reykjavík
Auður Hauksdóttir (2001). Lærerens strategier - elevernes dansk. Kbh., Nordisk Ministerråd Nordisk Råd.
Lise Hedvang (2003): "Om grammatikundervisningens rolle i sprogtilegnelsen", (pré)publication no. 190, pp. 97 - 114
Birgitte Morell (2003): "Intersproget: fra teori til praksis", (pré)publication no. 190, pp. 97 - 114
Ulrika Tornberg (2001): Sprogdidaktik, Alinea, København
Skrifleg verkefni (60%)metið til móts við lokapróf (40 %).

**GSS428G • Erfðir, frumur og líftækni • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið: Að nemendur,

- dýpki þekkingu sína á gerð og starfsemi frumunnar, á erfðaefninu, genum, litningum og fjölbreytileika erfða
- kanni viðfangsefni líftækni, líffræðilegan bakgrunn hennar, ræði áhrifamátt líftækni, álitamál og siðfræðileg viðfangsefni sem henni fylgja
- öðlist færni til að ræða um frumur og erfðir og vekja áhuga á þessum fyrirbærum lífsins
- kanni rök fyrir kennslu þessara þátta í grunnskólum og hverju námið eigi að skila
- geti skipulagt kennslu sem eykur skilning á grunnþáttum líkamsstarfseminnar til gagns í daglegu lífi

Inntak / viðfangsefni
Fruman sem eining lífsins; fyrstu frumur og hugmyndir um upphaf lifs; frumugerðir; einfrumu lífverur, starf frumu, m.a. losun orku eða frumuöndun; erfðaefnið DNA, RNA, gen, litningar, frumuskiptingar, æxlun, fjölbreytileiki erfða og erfðafræði Mendels, erfðir mannsins; brot úr sögu þekkingar um frumur og erfðir; líf- og erfðatækni, grundvöllur og aðferðir, dæmi m.a. úr íslensku samfélgi, siðfræðilegar spurningar rannsakaðar og ræddar; kennsla í líftækni sem viðfangsefni grunnskóla.

Vinnulag
Áhersla lögð á hugtakanám og kennslu, úttektir og sjálfstæða heimildaöflun, athuganir kennaranema og umræður um þær. Unnið í lotum á fjölbreytilegan hátt, með kynningum, verklegum athugunum, æfingum, umræðum og skilaverkefnum einstaklinga. Athygli er beint að kennslu, námsefni og netnotkun í kennslu, að stofnunum, sjúkdómum og lækningum. Stefnt er að því að vinna nemenda dreifist sem jafnast á misserið.
Byggt er á vinnu nemenda, sérstökum lotuverkefnum þeirra og öðru sem þeir leggja fram, einnig á virkni þeirra og ábyrgð.

**GSS429G • Danskt mál og menning 2 • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar efli þekkingu sína á danskri þjóðlífi og menningu og kynnist kenning og aðferðum viðtökufræði. Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar efli þekkingu sína á danskri þjóðlífi og menningu og kynnist kenning og aðferðum viðtökufræði.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- hafi kynnt sér og kunni skil á kenningar um þróun dansks nútímasamfélags
- þekki og kunni skil á kenningum og aðferðum viðtökufræði
- sé fær um að beita aðferðum viðtökufræði við lestur bókmennta- og rauntexta
- hafi öðlast þekking á og kunni skil á hvernig bókmennta- og rauntexta eru notuð í dönskukennslu á Íslandi
- geti miðlað þekkingu sinni í rituðu og töluðu máli

Inntak / viðfangsefni
Nemar kynnast aðferðum viðtökufræði, þ.e. að gengið er út frá forsendum lesanda þegar unnið er með bókmennta- og rauntexta og einnig læra þeir að búa til margvísleg verkefni sem nota má þegar notaðir eru slíkir textar í kennslu. Lögð verður áhersla á alhliða málþjálfun í tengslum við viðfangsefnin og kennaranemar læra hvernig unnt er að vinna með skapandi ritun í tengslum við skáldsögur og rauntexta. Einnig er hugað að ritgerðarsmíð.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Það verða stuttir inngangsfyrirlestrar en að mestu leyti er um að ræða verkefnavinnu, bæði skriflega og munnlega, lestur, upplýsingaleit, miðlun upplýsinga, kynningar og umræður. Þátttaka í málveri.
Dæmi um lesefni
Michael Dal (1999): "Børne- og ungdomslitteraturen i undervisningssammenhæng. Æstetik, genrer og historisk bevidsthed", Reykjavík.
Frans Gregersen, Tore Kristiansen, Erik Møller og Inge Lise Pedersen (2003): Dansk sproglære, Dansklærerforeningen.
Jan Foght Mikkelsen og Bo Steffensen (1996): "Hvad er receptionsteori?" Nordicom nr.3-4
Bo Steffensen (2005): Når børn læser fiktion - grundlaget for en ny litteraturpædagogik, Akademisk Forlag.
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar. Sjálfsmat er hluti af því ferli á móti kennaramati. Einnig verður námsmat byggt á ferilsmöppu.

**GSS430G • Læsi og lestrarkennsla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Kennari: Rannveig Auður Jóhannsdóttir Lektor
Viðfangsefni:
Meginviðfangsefni námskeiðsins er að fást við hvernig skipuleggja má lestrarkennslu þar sem mál, lestur, lesskilningur og ritun tengjast með tilliti til einstaklingsmunar. Hugað verður að einkennum lestrarörðugleika og hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum hægt er að beita til að hindra þróun þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á það að kennaranemi nái tökum á fræðilegum forsendum læsis og geti beitt þeim í lestrarkennslu. Horft verður til hlutverks uppalenda barna við undirbúning og stuðning í lestrarnámi.
Leiðir í lestrarkennslu og áhrif námsumhverfis verður athugað. Viðfangsefni námskeiðsins verða skoðuð út frá rannsóknum, hlutbundinni vinnu á vettvangi, umræðum og dæmum úr lífi og umhverfi nemenda. Kennaranemar kynnast leiðum til að fylgjast með því sem er að gerast á fræðasviði um læsi og í lestrarkennslu og hvernig kennt er á vettvangi til að þeir geti markvisst sótt sér hugmyndir og hvatningu til að auka þekkingu sína og skilning á viðfangsefninu.
Þrjú verkefni sem samanlagt eru 70% af heildarmati námskeiðsins. Verkefni 1 er einstaklingsverkefni(30%) og tekur til fræðilegra þátta í þróun læsis og læsiskennslu (lestur-lesskilningur-ritun). Verkefni 2 er hópverkefni (20%) fjallar um mat á lestri og lestrarerfiðleikum. Verkefni 3 er hópverkefni(20%)þar sem nemendur hjálpast að við að safna gögnum (verkfærum)um læsiskennslu í persónulega safnmöppu og leggja mat á gildi þeirra út frá rannsóknum og kenningum. Próf 30%

**GSS432G • Jörðin og himingeimurinn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Auður Pálsdóttir Aðjunkt
Markmiðið er að nemendur:
- Skilji samspil manns og náttúru úr frá ólíkum sjónarhornum og tengsl einstakra náttúruferla eins og þeir birtast í daglegu lífi manna.

- Skilji stöðu jarðar og hreyfingu og tengsl við orkubúskap jarðar.
- Þekki rannsóknir á hugmyndum barna, s.s. um steina, myndun og mótun lands, lögun jarðar og stöðu hennar í himingeimnum.
- Skilji helstu ferla við myndun og mótun lands og hvað valdið getur hamförum og haft áhrif á mannvist á jörðinni.
- Skilji samspili gróðurs, loftslags, hafstrauma og landslags.
- Þekki námsgögn og aðrar heimildir sem nýst geta við undirbúning kennslu á þessu sviði.

Inntak / viðfangsefni:
Hugmyndir barna um ýmis náttúrufyrirbæri
Sólkerfið; Jörðin og staða hennar í sólkerfinu, aðdráttarafl, árstíðaskipti, dægraskipti, kvartilaskipti tunglsins og áhrif á jörðu.
Myndun og mótun lands; lagskipting jarðar og landrek, útræn og innræn öfl, bergtegundir, eldgos, jarðskjálftar og snjóflóð. Yfirlit yfir jarðsöguna.
Loftslagsbeltin; lofthjúpurinn, geislun og orkuskipti, hitafar, vestanvindar, staðvindar, monsún, fárviðri, veður- og loftslagsspár ofl.
Gróðurbeltin; einkenni gróðursvæða, tengsl við loftslagsflokkun Köppens, einkenni jarðvegsgerða með tilliti til sýrustigs og raka.
Hafstraumar; sjávarföll, heitir og kaldir hafstraumar, fiskimið ofl.
Áhrif manna á umhverfi sitt, verndun og varðveisla umhverfis, mengun, gróðurhúsaáhrif ofl.
Kennsla; Kynntar verða hugmyndir að kennslu ofantaldra viðfangsefna sem og rannsóknir sem þeim tengjast.
Vinnulag :
Áhersla verður á hagnýt verkefni sem nýtast vel til undirbúnings kennslu í grunnskóla. Kennt verður með fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og rík áhersla verður á notkun upplýsingatækni. Vettvangsferðir verða nokkrum sinnum á önninni.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat, þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.
Verkefni og próf í samráði við nemendur.

**GSS433G • Stjörnufræði og þróun lífs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Kennari: Jón Hafsteinn Guðmundsson
Markmið:

- að nemendur þekki helstu stjarnfræðileg fyrirbæri sem eru sýnileg frá jörðu,
- að nemendur þekki þróun og byggingu sólkerfisins og helstu eiginleika þeirra hluta sem tilheyra því,
- að nemendur skilji virkni, eiginleika og þróun sólstjarna.
- að nemendur þekki byggingu vetrarbrauta og mismunandi gerðir þeirra,
- að nemendur þekki hugmyndir fræðimanna um byggingu og þróun alheimsins,
- að nemendur skilji á hvern hátt þróun alheimsins, sólstjarna og sólkerfisins hafa skapað möguleika á þróun lífs á jörðinni og annars staðar,
- að nemendur kynnist hugmyndum manna um uppruna lífs,
- að nemendur þekki hvaða þróunaröfl breyti stofnum lífvera,
- að nemendur fái innsýn í helstu atburði í sögu lífsins og hvernig breytingar á landmössum og utankomandi öfl hafa haft áhrif á þá sögu,
- að nemendur kynni sér vel sögu einhvers lífveruhóps og einkenni,
- að nemendur kynni sér vel þróunarsögu mannsins og skoða nýjustu hugmyndir og álitamál um það efni,
- að nemendur kynnist rannsóknum á heimsmynd barna og öðrum hugtökum tengdum stjörnufræði og þróunarfræði,
- að nemendur geti skipulagt og séð um kennslu stjörnufræði og þróunarfræði í grunnskóla.

Inntak / viðfangsefni:
Sólkerfið, sólstjörnur, staða sólkerfisins í alheiminum, vetrarbrautir, alheimurinn. Tengsl stjörnufræði og þróunar lífs Stjörnuskoðun.
Uppruni lífs, þróunaröfl (náttúrulegt val, genaflökt, genaflæði o.fl.), aðaltímabil jarðsögunnar og einkennislífverur, útrýmingar og ástæður þeirra, þróunarsaga og þróun mannsins. Rannsóknir á heimsmynd barna og skilningi ungs fólks á lykilhugtökum þróunarfræði og stjörnufræði. Grunnskólakennsla í þróunarfræði og stjörnufræði.
Vinnulag :

- Umræðutímar: Nemendur og kennarar fara saman í helstu hugtök og nemendur kanna skilning sinn á þeim,
- ígrundaðir verða textar um viðfangsefnin og kennslu þeirra,
- nemendur gera athuganir og ræða við börn og/eða unglinga um hugmyndir þeirra,
- fyrirlestrar kennara, netkennsla og netnám, myndbönd.

Virkni nema í námskeiðinu verður metin. Jafnframt vinna nemendur ýmis verkefni og taka próf.

**GSS434G • Grunnskólamiðuð matreiðsla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Á þessu námskeiði er gert ráð fyrir tengslum við vettvang og matreiðslan byggist í aðalatriðum á því að kynna námsefni í heimilisfræði fyrir nemendum og búa þá undir vettvangsnám. Samhliða því verður haldið áfram að kynna holla nútímalega rétti og alþjóðlega matargerðarlist. Rannsóknir á neysluháttum nemenda kynntar. Á þessu námskeiði er gert ráð fyrir tengslum við vettvang og matreiðslan byggist í aðalatriðum á því að kynna námsefni í heimilisfræði fyrir nemendum og búa þá undir vettvangsnám. Samhliða því verður haldið áfram að kynna holla nútímalega rétti og alþjóðlega matargerðarlist. Rannsóknir á neysluháttum nemenda kynntar.
Markmið og viðfangsefni:
Stefnt er að því að nemendur öðlist skilning

- og leikni í hollri matreiðslu samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni og kunni að skipuleggja neyslu annarra samkvæmt þeim.
- læri fjölbreytta matreiðslu.
- læri að fylgjast með nýjum stefnum og straumum í íslenskri matargerð.

- læri að fylgjast með stefnum og straumum erlendis frá og þekki algenga alþjóðlega rétti sem sjá má á matseðlum víðsvegar um heiminn.
- læri að vanda framreiðslu matarins og vanda borðdekkningu.
- læri að halda sýnikennslur, vinna og tala samhliða fyrir framan aðra.
- læri að meta gæði og notagildi heimilisáhalda, heimilistækja og borðbúnaðar.
- fái þjálfun í gerð kennsluáætlana fyrir eldra stig grunnskólans og gerð kennsluverkefna.

Kynnt verður námsefni grunnskóla í heimilisfræði og nemendur búnir undir vinnu á vettvangi. Matreiðsla fyrir börn á yngri og eldri stigum þar sem áhersla verður lögð á grunnþætti matreiðslu og holla daglega næring barna- og ungmenna og hvað þau þurfa að kunna? Jafnframt verður haldið áfram að kynna holla rétti bæði innlenda og erlenda.
Matreiðsla fyrir ýmsa aldurshópa, gerð kennsluefnis og kennsluæfingar.
Vinnulag: Verklegar æfingar , kennsluæfingar, einstaklingsverkefni og hópverkefni
Undirbúningur og uppgjör vettvangsnáms.
Nauðsynleg undirstaða: Matur menning heilsa (GSF212G) eða Matur menning heilsa (GSS217G)
Frammistaða í kennslustundum, kennsluæfingar og verkefni nemenda metin til einkunnar. Aukaverkefni lögð fyrir fjarnema.

**GSS435G • Örverufræði og matvælafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Nemendur

- öðlist undirstöðuþekkingu í örverufræði með sérlegu tilliti til mikilvægi hennar í sambandi við öryggi, geymslu og meðhöndlun matvæla.
- geti miðlað öðrum þekkingu á þessu sviði þannig að þeir geti á öllum venjulegum framleiðslustigum matvæla sagt til hvernig beri að haga sér hvað hreinlæti og meðhöndlun snertir og hvers vegna.
- þekki matvöruflokkana og viti um uppruna þeirra (sögulegan og landfræðilegan) byggingu, eiginleika, framleiðslu og efnainnihald matvörutegunda.
- kynnist hjálparefnum sem notuð eru við matvælavinnslu.
- kynnist rannsóknarstofnunum , upplýsingastöðvum, eftirlitsaðilum og leiðum til að afla sér upplýsinga á sviði matvælafræði.
- kynnist íslenskri matvælalögjöf.
- kynnist íslenskum matvælaiðnaði (sögu og umfangi).
- kynnist af eigin raun eiginleikum þeirra efna sem notuð eru við matvælavinnslu.
- kynnist tilraunamatreiðslu og skynmati.

Viðfangsefni örverufræði: Flokkun örvera og skipan í lífríkinu. Helstu einkenni og mikilvægi baktería, sveppa og veira. Áhrif umhverfisþátta á örverur. Örverufræði helstu matvæla. Helstu tegundir matarsýkinga og matareitrana. Verklegar æfingar til að dýpka skilning nemenda.
Vinnulag: Fyrirlestrar og verklegar æfingar.
Viðfangsefni matvælafræði: Matvælafræði stefnir að því að nem. þekki matvöruflokkana og viti um uppruna þeirra (sögulegan, landfræðilegan), byggingu, eiginleika framleiðslu og efnainnihald vörutegunda. Kynnist hjálparefnum í matvælaiðnaði og íslenskri matvælalöggjöf. Nemendur taki þátt í tilraunamatreiðslu, skynmati og hvernig breyta má hráefni án þess að bragðgæði skerðist.
Vinnulag í staðnámi: Fyrirlestrar, verklegar æfingar, vettvangsferðir og verkefni.
Vinnulag í fjarnámi: Verklegar æfingar í staðbundinni lotu. Nemendur framkvæma verklegar æfingar heima , skrifa um þær skýrslur og vinna verkefni.
Skriflegt próf í lok annar og verkefni metin til einkunna.

**GSS437G • Enskt mál og menning II • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Markmið
Að kennaranemar

- öðlist þekkingu á menningu og þjóðlífi í Norður-Ameríku og skilning á því hvað einkennir daglegt líf og hefur áhrif á það
- öðlist færni í að lesa með gagnrýnum huga bókmenntaverk og fjölmiðlaefni um Norður-Amerískt þjóðlíf
- kunni skil á helsta mun málnotkunar í Bretlandi og Norður-Ameríku
- geti miðlað þekkingu sinni í töluðu og rituðu máli

Viðfangsefni
Þetta námskeið fjallar um margbreytilegar hliðar á Norður-Amerísku þjóðlífi eins og það birtist í bókmenntum, fjölmiðlum, dægurmenningu og daglegu lífi fólks og miðar að því að kennaranemar verði færir um að miðla þeirri menningu í kennslu. Lögð verður áhersla á alhliða málþjálfun í tengslum við viðfangsefnin. Annars vegar er áframhaldandi þjálfun í ritun og verður einkum hugað að ritgerðasmíð. Hins vegar er fjallað um ýmsa þætti í töluðu máli, m.a. mun á málnotkun í Bretlandi og Norður-Ameríku.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Það verða stuttir inngangsfyrirlestrar en að mestu leyti er um að ræða verkefnavinnu, ritgerðir og munnlegar kynningar, lestur, upplýsingaleit, miðlun upplýsinga, kynningar og umræður.
Símat þar sem skrifleg og munnleg verkefni verða metin til einkunnar. Einnig verður námsmat byggt á verkmöppu.

**GSS438G • Leirmótun og listasaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Kvaran Prófessor
Kennari: Kristín Ísleifsdóttir Aðjunkt
Markmið
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- hafa innsýn í fjölbreyttar aðferðir og þrívíðrar myndgerðar í leir
- kunna á efni, áhöld og undirstöðuatriði í tækni
- þekkja ferilinn frá hugmynd til fullunnins hlutar/verks

- vera fær um að laga hugmyndir, vinnuaðferðir og efni að starfi með börnum
- hafa innsýn í hvernig samþætta má þrívíða myndgerð öðrum námsgreinum
- hafa þekkingu á margbreytileika og möguleikum efnisins í skólastarfi
- hafa innsýn í fræðasvið listfræðinnar/listasögunnar
- þekkja tímabil og stíleinkenni listasögunnar frá list Grikkja til okkar tíma og geta tengt listasöguna við myndmenntakennslu
- þekkja til listasafna og hafa hæfni til að nýta sér þau sem fræðslu- og

upplýsingastofnanir.
Inntak/viðfangsefni:
Þáttur leirmótunar er um þriðjungur námskeiðsins. Nemendur spreyta sig á nokkrum skylduverkefnum, síðan velja þeir sér eigin viðfangsefni í samráði við kennara og vinna þau frá hugmynd til fullunnins verks. Fræðsluefni um leirtegundir, glerunga og brennslur fá nemendur frá kennara og vinna verkefni í tengslum við það. Leir sem efni til sköpunar er skoðað út frá list, hönnun og handverki. Meðferð leirs, mótun, glerjun og brennslur eru áhersluþættir sem fléttast inn í allt námskeiðið. Nemendur safna efni um verkefnin og vinnuferilinn í ferilmöppu .
Grunnnámskeið um listasögu og sjónmenntir Vesturlanda. Fjallað verður umhelstu verk og tímabil listasögunnar frá tímum Grikkja og fram til loka 20. aldar. Fjallað verður um ýmis svið og hugtök í þessu samhengi eins og listfræði, listhugtakið, túlkun og upplifun listaverka, stílhugtakið,ljósmyndina, listmenntun, listasöfn, listaverkaverslun, meistaraverk, módernisma og póst-módernisma.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, sýnikennsla, umræður, námsefni á Uglu verkleg vinna og vinna við ferilmöppu. Kennslan fer fram í fyrirlestrum og verkefnum nemenda og listasöfn og sýningar verða heimsótt.
Í leirmótun er umsögn og einkunn um skrifleg og verkleg verkefni og ferilmöppu. Verkefni í listasögu á námstímanum og skrifleg próf í lok námskeiðsins.

**GSS439G • Nám og kennsla á táknmáli I • (10e) • Vor**
Kennari: Valgerður Stefánsdóttir
Markmið: Markmið námskeiðsins er að búa stúdenta undir að kenna námsgreinar grunnskólans á táknmáli. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa öðlast bakgrunnsþekkingu á námi og menntun heyrnarlausra barna sem er forsenda þess að geta með öryggi nálgast skipulagningu náms fyrir þennan hóp.
Viðfangsefni: Stúdentar fræðast um rannsóknir á námi barna sem hafa táknmál að móðurmáli og læra að skapa námsumhverfi sem þeim hentar. Fjallað verður sérstaklega um kennslu íslensks táknmáls og íslensku og hlutverk málanna í námi þeirra og lífi. Þá læra stúdentar að útbúa námsefni og gera verkefni sem henta börnum sem tala táknmál og hvaða leiðir henta best við námsmat.
Vinnulag: Farið verður yfir helstu rannsóknir á námi og námsumhverfi barna sem hafa táknmál að móðurmáli, sem og hlutverki kennara þeirra.
Farið verður í námsefnisgerð og nemendur fá það verkefni að útbúa a.m.k. fimm kennslustunda áætlun í einhverju fagi og námsefni með tilliti til sérþarfa hins sjónræna nemenda.
Unnið verður með reynslu kennaranema og fjallað um hvernig þeir sem kennarar geta unnið með reynslu sína til að skilja betur hvað stendur í vegi fyrir þeim þegar þeir útbúa námsefni/námsumhverfi barna af öðrum menningarbakgrunni en þeirra eigin.
Námsmat: Nokkur mislöng verkefni eru metin til einkunnar ásamt þátttöku í kennslustundum.
Nokkur mislöng verkefni eru metin til einkunnar ásamt þátttöku í kennslustundum.

**GSS440G • Kennsla á vettvangi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Sólveig Jakobsdóttir Dósent
Kennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Kennari: Þuríður Jóhannsdóttir Lektor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
Þekkingar- og skilningsmarkmið:
Nemendur þekki

- margbreytileg dæmi um nálgun í námi og kennslu á sviði upplýsingatækni og miðlunar
- nokkuð til innviða skólastarfs í nokkrum ólíkum skólum, einkum með tilliti til upplýsingatækni og miðlunar
- af eigin raun hvernig er að skipuleggja og annast nám og kennslu á vettvangi
- leiðir til að skoða, fjalla um og meta eigin kennslu, einir og í félagi við aðra

Færnimarkmið
Nemendur geti

- annast kennslu á sviði upplýsingatækni og miðlunar, gjarnan í samvinnu við önnur greinasvið og metið árangur á faglegum grunni með endurskoðun og úrbætur í huga

Inntak/viðfangsefni
Námskeiðið lýtur að vinnu nemenda í vettvangsnámi, skipulagi tilraunakennslu á vettvangi, athugunum nemenda, jafningja- og sjálfsmati, mati kennara og virkum tengslum við viðtökukennara. Lögð er áhersla á að kennarar á kjörsviðinu, nemendur og viðtökukennarar myndi öflugt námsamfélag um vettvangsnámið með lifandi tengslum þvert á viðfangsefni og viðtökuskóla.
Lesefni: Greinar, heimildamyndir og annað efni um skipulag kennslu, kennslufræði, mat á kennslu og námi, gjarnan með áherslu á upplýsingatækni og miðlun. Leitast er við að benda á lýsandi dæmi um fjölbreytilegar kennsluaðferðir og mismunandi skipulag skólastarfs með tilliti til upplýsingatækni og miðlunar.
Nemendur, viðtökukennarar og kennarar á kjörsviði fjalla um vettvangsnámið, kennslu og námsvinnu kennaranema í heimsóknum, umræðum og greinargerðum.

**GSS442G • Að kenna um bylgjur, ljós, hljóð og rafmagn • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Haukur Arason Lektor
Markmið að þátttakendur:

- Öðlist þann skilning á bylgjum, ljósi, hljóði og rafmagni sem þarf til þess að geta kennt um þessi fyrirbæri í grunnskóla.
- Þekki rannsóknir á hugmyndum barna og unglinga um náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins og geti nýtt sér þessar

rannsóknir í kennslu.

- Þekki kennslubækur, verklegar æfingar og kennsluhugmyndir sem geta nýst í grunnskólakennslu um viðfangsefnin.
- Öðlist færni í að ræða um viðfangsefnin við börn og unglinga.
- Þekki samfélagslegt gildi þekkingar á viðfangsefnunum fyrir einstaklinga og samfélagið og þekki leiðir til að vekja áhuga barna og unglinga á viðfangsefnunum.
- Þekki markmið Aðalnámskrár í náttúrufræðum fyrir grunnskóla sem snerta viðfangsefnin og öðlist innsýn í vinnubrögð og aðferðir grunnskólakennslu um þessi viðfangsefni.

Inntak / viðfangsefni:
Náttúrufræðileg viðfangsefni námskeiðsins eru: Sveiflur, bylgjur á streng, öldur á vatni, almennir bylgjueiginleikar, hljóð, myndun þess, útbreiðsla og víxlverkun við efni, ljós, myndun þess, útbreiðsla og víxlverkun við efni, sjóntæki, rafmagn, rafhleðslur, rafkrafta, stöðurafmagn, rafstrauma, segulmagn, framleiðslu og nýtingu rafmagns.
Kennaranemar verja stórum hluta námskeiðsins í vettvangsnámi í efri bekkjum grunnskólans. Þar starfa þeir undir leiðsögn viðtökukennara. Þeir verða einnig í beinum tengslum við kennara sína á MVS og vinna að hluta undir þeirra leiðsögn, m.a. að undirbúningi og úrvinnslu vettvangsnámsins, bæði meðan á vettvangsnámi stendur og að því loknu. Gert er ráð fyrir að kennaranemar verji 6 einingum á vettvangi.
Nauðsynleg undirstaða: Enskt mál og málnotkun (GSS341G), Inngangur að enskukennslu (GSS218G)
Námsmat byggist á námsmöppu með kennsluáætlunum, verkefnum úr vettvangsnámi, ígrundunum og lokaverkefni þar sem vettvangsnámið er gert upp.

**GSS550G • Straumar og stefnur í enskukennslu • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
Kennari: Samúel Currey Lefever Lektor
Markmið
Að kennaranemar

- styrkist í fagmennsku sinni sem enskukennarar
- öðlist skilning á máltöku og erfiðleikum í sambandi við tungumálanám
- hafi þekkingu og skilning á þeim þáttum sem tengjast sjálfstæði, sjálfsmati og ígrundun í námi
- geti lesið sér til í rannsóknum á sviði tungumála, lagt mat á þær og tengt viðfangsefnum í vettvangsnámi
- sé færir um að vinna einföld rannsóknarverkefni á vettvangi enskukennslu
- kunni skil á margvíslegum leiðum til að meta kunnáttu og leikni í ensku

Viðfangsefni
Námskeiðið tengist beint námskeiðinu Enskukennsla í efri bekkjum grunnskóla og er hinn fræðilegi bakhjarl þess. Farið verður dýpra í ýmsa þætti sem áður hefur verið fjallað um og má þar sérstaklega nefna námsmat, námsaðferðir og sjálfstæði í námi. Fjallað verður um máltöku og erfiðleika nemenda við að tileinka sé erlend tungumál. Kennaranemar lesa sér til í rannsóknum og kynnast starfendarannsóknum með það fyrir augum að geta gert stutt rannsóknarverkefni. 2 einingar tengjast vettvangsnámi.
Nauðsynleg undirstaða: Enskt mál og málnotkun (GSS341G), Inngangur að enskukennslu (GSS218G)
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og mikið verður lagt upp úr lestri nemenda og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, verkefnum sem lýkur með kynningu og málstofum. Unnið verður eitt rannsóknarverkefni sem tengist vettvangsnámi. Þá verða fluttir inngangsfyrirlestrar um afmörkuð efni.

**GSS551G • Þrívíddarhönnun og smíði þroskaleikfanga • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Markmið:
a) Að þjálfa nemendur þrívíddarhönnun;
b) Að kenna almennan feril hönnunar;
c) Að hanna og smíða þroskaleikföng með rafrænum lausnum.
Námskeiðslýsing: Námskeiðið er hugsað fyrir nemendur sem vilja læra tölvutæka þrívíddarhönnun, hanna og smíða þroskaleikföng. Lögð er áhersla á gerð verkefna sem nemendur geta nýtt sér í kennslu. Stuðst verður við Pródesktop hugbúnaðinn á námskeiðinu og íslenskan kennsluvef tengdan honum. Pródesktop gefur kennurum og nemendum tækifæri til þess að útfæra hugmyndir sínar í þrívíðu tölvutæku formi á auðveldan hátt. Nemendur fá forritið frítt að loknu námskeiðinu til eigin nota. Nemendur kynnast tölvustuddri framleiðslu sem þeir geta hagnýtt við gerð verkefna sinna. Unnið er með fjölbreytt smíðaefni.
Inntak / viðfangsefni
A. Kennd eru grunnatriði við tölvutæka þrívíddarhönnun:
a) Nemendur læra að nota Pródesktop og teikna kennslumiðuð verkefni;
b) Nemendur læra um almenna hönnun. Þeir fara í gegnum hönnunarferil þar sem þeir þurfa að hanna leikföng og teikna í Pródesktop;
c) Kynnt verður tölvutæk framleiðsla er gerir nemendum kleift að sjá hugverk sín í efnislegu formi mótað af tölvustýrðum vélbúnaði (CNC eða prótótýpuprentara);
d) Nemendur læra að setja upp vinnuteikningar og málsetja þær með forritinu.
e) Nemendur læra að gefa þrívíðum hlutum efnisáferðir og setja upp hönnunarplögg.
B. Hönnun og gerð þroskaleikfanga.
a) Nemendur formhanna og smíða nokkur þroskaleikföng sem byggja á hagnýtingu einfaldra rafrænna og vélrænna lausna;
b) Lögð er áhersla á að þátttakendur noti fjölbreytt smíðaefni og náttúruleg yfirborðsefni;
c) Nemendur hanna og smíða verkefni eins svo sem einföld hreyfileikföng og búnað eins og náttljós, rakavara í blómapott, blikkljós og þjófavarnakerfi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, verkstæðisvinna í tölvu- og smíðastofu.
Nemendur skila verkefnum í formi teikninga, mynda og smíðahluta er varða a) almennt hönnunarferli; b) þrívíða tölvutæka teikningu; c) hönnum og smíði þroskaleikfanga.

**GSS552G • Nám og kennsla á táknmáli II • (10e) • Haust**
Markmið: Markmið námskeiðsins er að búa stúdenta undir að kenna námsgreinar grunnskólans á táknmáli. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa öðlast bakgrunnsþekkingu á námi og menntun heyrnarlausra barna sem er forsenda þess að geta með öryggi nálgast skipulagningu náms fyrir þennan hóp.
Viðfangsefni: Stúdentar fræðast um rannsóknir á námi barna sem hafa táknmál að móðurmáli og læra að skapa námsumhverfi sem þeim hentar. Fjallað verður sérstaklega um kennslu íslensks táknmáls og íslensku og hlutverk málanna í námi þeirra og lífi. Þá læra stúdentar að útbúa námsefni og gera verkefni sem henta börnum sem tala táknmál og hvaða leiðir henta best við námsmat.
Vinnulag: Farið verður yfir helstu rannsóknir á námi og námsumhverfi barna sem hafa táknmál að móðurmáli, sem og hlutverki kennara þeirra.
Farið verður í námsefnisgerð og nemendur fá það verkefni að útbúa a.m.k. fimm kennslustunda áætlun í einhverju fagi og námsefni með tilliti til sérþarfa hins sjónræna nemenda.
Unnið verður með reynslu kennaranema og fjallað um hvernig þeir sem kennarar geta unnið með reynslu sína til að skilja betur hvað stendur í vegi fyrir þeim þegar þeir útbúa námsefni/námsumhverfi barna af öðrum menningarbakgrunni en þeirra eigin.
Námsmat: Nokkur mislöng verkefni eru metin til einkunnar ásamt þátttöku í kennslustundum.
Nokkur mislöng verkefni eru metin til einkunnar ásamt þátttöku í kennslustundum.

**GSS562G • Lestur og ritun á mið- og unglingastigi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðmundur Björn Kristmundsson Dósent
Kennari: Baldur Sigurðsson Dósent
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent öðlist hæfni til þess að kenna grunnskólanemendum og þjálfa þá í lestri og ritun á miðstigi og unglingastigi. Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent öðlist hæfni til þess að kenna grunnskólanemendum og þjálfa þá í lestri og ritun á miðstigi og unglingastigi.
Undirmarkmið eru að stúdent:
- kynnist rannsóknum og kenningum um lestur og ritun,
- þekki helstu stefnur og leiðir í kennslu lestrar og ritunar,
- verði fær um að meta árangur nemenda og nýta hann til frekari þróunar í námi og starfi,
- geti komið til móts við mismunandi þarfir og getu nemenda í lestri og ritun,
- þekki og geti greint helstu vandamál sem nemendur eiga við að stríða og beitt algengustu úrræðum.
Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um helstu rannsóknir og kenningar um þróun lestrar- og ritunar eftir að byrjendanámi lýkur. Fengist verður við lestur og ritun margvíslegra texta, jafnt á prenti og rafrænu formi s.s. bókmenntatexta, nytjatexta af öllu tagi og persónulegra texta. Farið verður í helstu kenningar um nám og kennslu lestrar og ritunar á miðstigi og unglingastigi og stúdentar þjálfaðir í beitingu mismunandi aðferða. Sérkennum ritmálsins verður gefinn sérstakur gaumur, og sjónum beint að lestrar- og stafsetningarörðugleikum og úrræðum á því sviði.
Vinnulag
Mikið verður lesið og skrifað í námskeiðinu af fjölbreyttum textum og færi gefst til rannsókna á vettvangi. Hópurinn myndar þekkingarsamfélag sem vinnur saman að öflun og miðlun þekkingar. Vinnuframlag hvers og eins skiptir því máli, bæði fyrir einstaklinginn og hópinn.
Stúdentar skila reglulega verkefnum og námskeiðinu lýkur með heimaprófi eða ráðstefnu á auglýstum prófdegi.

**GSS565G • Kennslufræði og vettvangsnám list- og verkgreina II • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Ísleifsdóttir Aðjunkt
Kennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Markmið:
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn

- hafa öðlast færni í að kenna kjörsviðsgrein sína
- geti beitt ólíkum kennsluaðferðum sem byggja á skapandi og verklegri vinnu með börnum og unglingum
- vera fær um að skipuleggja og framkvæma kennslu í list- og verkgreinum á mið- og unglingastigi grunnskólans
- hafa þekkingu á sínu sérsviði og geti tekið þátt í þróunarstarfi í grunnskólum á því sviði
- hafa kynnt sér fjölbreyttar námsmatsaðferðir innan list- og verkgreina

Viðfangsefni:
Lögð er áhersla á faglegan skilning og færni í kennslu. Hlutverk list- og verkgreinakennarans skoðað, þáttur kennsluumhverfis og áhrifaþættir út frá menningu og samfélagi. Mikilvægi ferilsins frá hugmynd til fullunnins hlutar tekin fyrir ásamt vinnulagi í verklegum þáttum. Nemendur prófa verkefni sín á vettvangi grunnskólans undir handleiðslu kjörsviðs- og viðtökukennara. Námskeiðið er skyldunámskeið í list- og verkgreinum. Í námskeiðinu er sameiginlegur kjarni og síðan er nemendum skipt í hópa eftir kjörsviðum.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, kynningar, umræður, verkefnavinna, kennsluverkefni, skólaheimsóknir og vettvangsnám. Hugleiðingar og ígrundun nemenda um lesefni, fyrirlestra, umræður og reynslu í vettvangsnámi er haldið saman í leiðarbók. Í lok námskeiðs skila nemendur ferilmöppu með kennsluverkefnum og útdrátti úr leiðarbók um námskeiðið og vettvangsnámið.
Umsögn viðtökukennara um starf kennaranema, lokið/ólokið og einkunn fyrir verkefni og ferilmöppu.

**GSS601G • Lokaverkefni til B.Ed. prófs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
*Markmið*
Í lokaverkefnum til B.Ed.-prófs skulu nemendur sýna að þeir hafi

- sett sér raunhæf markmið og afmarkað viðfangsefnið
- rökstutt gildi verkefnisins
- valið vinnuaðferðir/rannsóknaraðferðir við hæfi og gert grein fyrir þeim
- aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi
- beitt aðferðum, hugtökum og kenningum tiltekins fræðasviðs/fræðasviða
- sýnt sjálfstæð, vönduð vinnubrögð
- sett verkefnið fram á skýran, faglegan og skapandi hátt

*Inntak / viðfangsefni*
Undir lok grunnnámsins vinna nemendur verkefni að eigin vali sem er eins konar smiðshögg á nám þeirra. Lokaverkefnið skal tengjast grein/sérhæfingu þeirra og hafa gildi á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Það getur verið fræðileg ritgerð sem byggist á rannsókn og heimildavinnu en það má einnig vera annars konar verkefni sem tengt er skóla- og uppeldisstarfi, svo sem námsefni, upplýsingavefur eða myndlistarverk. Slíkum verkum þarf þó alltaf að fylgja greinargerð samkvæmt nánari leiðbeiningum. Gert er ráð fyrir að nemendur dýpki þekkingu sína í aðferðafræði í tengslum við verkefnið.
*Vinnulag*
Nemendur vinna sjálfstætt að lokaverkefni sínu með ráðgjöf frá leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við KHÍ nema samið sé um annað. Lokaverkefni vinna nemendur einir eða tveir saman. Nánari leiðbeiningar um tilhögun,vinnulag og frágang við lokaverkefni er að finna á vef lokaverkefna í grunnnámi. Þar ber nemendum einnig að skrá upplýsingar um verkefni sín.
Leiðsögukennari metur lokaverkefni og gefur einkunn og umsögn samkvæmt viðmiðatöflu KHÍ um námsmat.

**GSS606G • Félagsfræði fjölskyldna og fjölskyldusaga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Dóra S Bjarnason Prófessor
Markmið
Að loknu námskeiði skal nemandinn

- hafa kynnist viðfangsefnum, kenningum og aðferðum félagssagnfræði og félagsfræði við rannsóknir og túlkun á vestrænum og þó einkum íslenskum fjölskyldum og breytingum á þeim á 19. og 20 öld.
- hafa skilning á nokkrum helstu sjónarhornum greinanna og hvernig má beita þeim við rannsóknir og túlkun.
- hafa færni í að beita þeim á álitamál sem varða fjölskyldur og opinbera fjölskyldustefnu.
- geta greint málefni og breytingar á íslenskum fjölskyldum í samhengi við samfélagsþróun
- hafa innsýn í félagslegar aðstæður og mismunun sem setja mark sitt íslenskar fjölskyldur, sem og í breytingar á hlutverkum, stöðu og aðstæðum barna og fullorðinna í fjölskyldum á tímabilinu.
- kunna skil á fjölbreytileika fjölskyldna barna og ungmenna hér á landi, og því á mismunandi uppeldis og uppvaxtar skilyrðum þeirra
- hafa öðlast þjálfun í notkun fræðilegra texta og rannsókna við athugun á málefnum fjölskyldna.

Viðfangsefni
1. Fjölskyldusaga
Í þessum námskeiðshluta verða kynntar helstu rannsóknaráherslur í fjölskyldusögu og í sögulegri lýðfræði í Evrópu og Bandaríkjunum. Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist því helsta sem ritað hefur á sviðinu hér á landi og greini tengsl við alþjóðlegar stefnur og strauma. Rætt verður um það hvernig íslenska fjölskyldan fellur að hugmyndum um hið vesturevrópska fjölskyldumynstur. Þá verður fjallað um félags- og ættartengsl og mikilvægi þeirra í bændasamfélaginu íslenska.
2. Félagsfræði fjölskyldna
Fjallað verður um hugtök og kenningar sem nýta má við að greina og túlka breytingar á íslenskum fjölskyldum á 20.öld í samhengi við helstu breytingar á samfélagsgerð og menningu fram til dagsins í dag. Í þessu sambandi verður rætt um vinnu, verkaskiptingu og heimilisrekstur, verkaskiftingu á milli heimila og formlegra stofnanna, og um breytt hlutverk foreldra og barna, félagslegan og menningarlegan margbreytileika og breytt samspil heimilis, skóla og annarra samfélagsþátta.
Loks verður fjallað um frávik og óvenjulegar fjölskyldur, um fjölskyldustefnu og stuðning hins opinbera við fjölskyldur, og um nýja tækni við æxlun, meðgöngu og fæðingu.
Vinnulag

Kennslan fer fram í fyrirlestrum og á web-ct.
Þetta námskeið er að öllu jöfnu kennt annað hvert ár.
Fimm verkefni verða unnin, eitt í upphafi námskeiðsins, tvö í fjölskyldusöguþætti og tvö í félagsfræðiþættinum. Hvert verkefni gildir 15%. Ferlimappa þar sem fyrrgreind verkefni verða tengd saman með milliköflum, inngangi og lokaorðum gildir 25% og er ætlast til að nemendur skili henni inn í lok námskeiðsins. Nemendum er ráðlagt að halda dagbók yfir nám sitt og framvindu allt námskeiðið.

**GSS607G • Trúarbrögð og menning • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Markmið
Að nemandinn:

- hafi dýpkað þekkingu sína á rannsóknum og helstu aðferðum, kenningum og hugtökum trúarbragðfræða og geti beitt þeim við úrlausn fræðilegra og hagnýtra viðfangsefna
- hafi þekkingu á völdum þáttum í áhrifasögu trúarbragða, einkum hér á landi
- hafi aukið skilning sinn á samspili trúarbragða og menningar í sögu og samtíð
- geti greint og rökrætt mikilvægar spurningar sem tengjast trúarbrögðum, samfélagi og menningu í nútímanum
- geti lagt mat á og nýtt sér ólíkar heimildir og rannsóknir um tengsl trúarbragða og menningar
- geti greint og unnið með trúarstef í menningu fortíðar og nútíðar á fræðilegan hátt og nýtt sér þau í kennslu
- sé fær um að túlka og kynna niðurstöður athugana sinna á þætti trúarbragða í menningunni og tengja þær við nám og kennslu.

Viðfangsefni
Fjallað verður um samspil trúarbragða, menningar og þjóðlífs og skoðuð dæmi úr sögu og samtíð. Sérstakri athygli verður beint að völdum þáttum í áhrifasögu trúarbragða á Íslandi og unnið með þá, en einnig vikið að stöðu og áhrifum trúarbragða á tímum hnattvæðingar og fjölmenningar. Athyglinni verður jafnframt beint að trúarstefjum í bókmenntum, listum og kvikmyndum og unnið með dæmi og hugað að því hvernig nýta má þau í kennslu.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, upplýsingaöflun, vettvangsferðir og verkefnavinna.
Nauðsynleg undirstaða: Trúarbragðafræði og trúarbragðakennsla (GSS324G) eða Biblíufræði og biblíusögur (GSS422G), Trúarbragðafræði og trúarbragðakennsla (GSF307G) eða Biblíufræði og biblíusögur (GSF405G)
Nemendur vinna verkefni þar sem þeir fást við samspil trúarbragða, menningar og þjóðlífs í sögu og samtíð og fást jafnframt við að greina trúarstef í bókmenntaverkum, listaverkum eða kvikmyndum. Þeir kynna niðurstöður sínar fyrir öðrum nemendum í málstofum og ræða jafnframt og gagnrýna verkefni hver annars og skila um það greinargerð.

**GSS609G • Listin að hlusta og listin að skapa • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Helga Rut Guðmundsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Valsdóttir Aðjunkt
Markmið:
Að nemendur

- þekki til hugmynda fræðimanna um skapandi vinnu
- þekki leiðir og tæki til að leiða skapandi vinnu með áherslu á tónsköpun
- öðlist hæfni og sjálfstæði til að nýta viðkomandi leiðir í kennslu sinni
- þjálfist í að hlusta og greina tónlist eftir tímabilum og stílum
- þekki mismunandi formgerðir, uppbyggingu og byggingarefni tónlistar og geti nýtt þekkingu sína til að setja saman eigin tónsmíðar

Viðfangsefni
Nemendur læra fjölbreyttar leiðir til að setja saman laglínur og lítil tónverk. Nemendur fræðast um helstu tímabil tónlistarsögunnar, helstu form og stíla í tónsmíðum og tengi það m.a. eigin nýsköpun í tónlist.
Vinnulag
Áhersla á verklegar æfingar, spuna og samvinnu. Rannsóknir í formi lesturs og hlustunar.
Tónsmíðaverkefni 20% Tónsmiðjur 20% Tónleikar 30% Hlustunarpróf 30%

**GSS610G • Straumar og stefnur í danskennslu • (10e) • Vor**
Markmið:
Að nemendur

- þekki helstu strauma og stefnur í danskennslu og myndi sér skoðun á þeim
- geti kynnt og rökstutt fræðilega markmið og gildi dans í námi barna
- þekki til helstu kenninga og rannsókna á sviði kennsluaðferða og nálgunarleiða, geti sett þær í samhengi við kennslu í dansi og beitt þeim í starfi
- hafi yfirsýn og hæfni til að velja og fella kennsluaðferðir að þörfum mismunandi hópgerða byggða á líkamsmöguleikum, hugarheimi, menningarbakgrunni, upplifun og áhugasviði einstaklingsins
- hafi tileinkað sér færni í öflun upplýsinga til að halda sér við í faginu.
- geti metið og valið þær leiðir dansmennta sem þjóna markmiðum sem sett eru hverju sinni í námi grunnskólanema

Viðfangsefni: Hugmyndafræði dansins sem listrænt, menningarlegt, félagslegt og líkamlegt viðfangsefni í skólastarfi. Farið verður í helstu kennsluaðferðir í faginu og kynntir frumkvöðlar á því sviði. Lögð verður áhersla á að kynna fyrir nemendum nýjustu rannsóknir á sviðinu og þjálfa upplýsingaleit. Gerðar verða athuganir og tilraunir í þeim tilgangi að kynna nemandanum mismunandi leiðir og nálganir til að ráða við fjölbreyttar kennsluaðstæður, aldurshópa og hópgerðir.
Vinnulag: Lestur fræðigreina, fyrirlestrar og umræður um viðfangsefni námskeiðsins. Nemendur skipuleggja og framkvæma verklegar tilraunir á vettvangi byggðar á mismunandi hugmyndafræði og nálgunaraðferðum, ígrunda og leggja mat á árangur. Verkefnum er skilað skriflega, munnlega og í myndrænu formi í málstofu.
Fræðileg ritgerð 30%. Athugun á vettvangi og kynning á niðurstöðum 30%. Kennsluskipulag 20%. Þátttaka í málstofu 20%. 80%

mætingarskylda.

**GSS611G • Dansinn sem menningarleg og félagsleg athöfn • (10e) • Vor**
Markmið:
Að nemendur

- hafi góðan skilning á menningarlegu og félagslegu inntaki dansins
- geri sér grein fyrir möguleikum menningarlegra og félagslegra dansa sem samskiptaforms
- þekki birtingarmyndir menningarlegra og félagslegra dansa í íslensku samfélagi
- hafi öðlast grunnfærni í að stjórna dansi sem menningarlegri og félagslegri athöfn og geti skapað aðstæður sem bjóða upp á þátttöku
- hafi öðlast færni í grunnþáttum menningarlegra og félagslegra dansa og geti leiðbeint öðrum um þá
- geti lesið danslýsingar og nýtt sér þær til kennslu

Viðfangsefni. Farið verður yfir mismunandi birtingarmyndir menningarlegra og félagslegra dansa í íslensku samfélagi allt frá íslenskra þjóðdansa til krumps og skoðað hvernig þeir nýtast best til félagslegs þroska barna. Leitast verður við að kynna fyrir nemendum gleðina við þátttöku í dansi. Menningarlegir og félagslegir dansar verða skoðaðir út frá möguleikum þeirra sem líkamleg félagsleg athöfn þar sem heildarnálgun einstaklingsins og einkunnarorðin samskipti, samvera, samkennd, samvinna og samsömun eru höfð að leiðarljósi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, lestur fræðiefnis, umræður og verklegar athuganir. Fjölbreyttar danssmiðjur sem byggja á kennsluþáttum og athugunarefnum áfangans. Þátttökuathuganir á vettvangi á þýðingu menningarlegra og félagslegra dansa fyrir þroska nemenda. Skipulagning og framkvæmd á menningarlegum og félagslegum dansi í skólasamhengi og/eða félagsstarfi.
Þátttaka í smiðju 20%. Verklegar og skriflegar greinagerðir 20%. Rannsókn/athugun 30 %. Skipulagning á félagslegri athöfn 30%. 80% mætingarskylda.

**GSS613G • Neytenda- og heilsuuppeldi, umhverfisvernd og híbýlafræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefanía Stefánsdóttir Lektor
Markmið:
Að kynna nemendum neytendafræðin og umhverfisvernd og þeim vinnubrögðum lífsleikninnar sem stuðla mega að sjálfstæði og ábyrgð í neyslusamfélagi nútímans. Einnig takast nemendur á við að skoða og endurskoða venjur sínar og viðhorf á sviði neytendamála og umhverfisverndar. Í híbýlafræði er lögð áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir því jafnvægi sem þarf að ríkja á milli praktískra (hlutlægra) þátta og fagurfræðilegra (huglægra) þátta heimilisins og öðlist skilning og færni til að greina þar á milli.
Í lok námskeiðs er stefnt að því

- að nemandinn skilji og þekki hlutverk og ábyrgð neytandans í flóknu og margbreytilegu samfélagi
- að nemendur kynnist helstu hugmyndum á sviði neytenda- og umhverfisfræða
- að nemendur verði sér meðvitaður um þau öfl sem eru að verki í neyslusamfélaginu og átti sig á vinnubrögðum markaðsfræða, fjölmiðla, auglýsinga- og áróðursfræða
- að nemendur geri sér grein fyrir venjum sínum og viðhorfum varðandi innkaup, neyslu og umhverfisvernd
- að nemendur þjálfist í vinnubrögðum lífsleikninnar og læri að stýra kennslu sem miðar að því að auka meðvitund og sjálfsábyrgð

Í híbýlafræðinni er stefnt að því að nemendur öðlist skilning á:

- skipulagningu rýmis (layout),
- birtu og lýsingu,
- litum og efnisvali,
- tengingu rýmis,
- þróun híbýla.
- og getu til að nýta sér námsefnið á sem fjölbreyttasta hátt í skólastarfi, svo sem til samþættingar þessa námsefnis við aðrar námsgreinar.

Inntak / viðfangsefni:
Fjallað verður um neytendafræði og umhverfisvernd og verða helstu sjónarmið þeirra fræða kynnt. Komið verður inn á þætti eins og vistvænar vörur, umhverfismerki, flokkun sorps og pappírsnotkun, sparnað, gerð fjárhagsáætlana, verðmyndun og skipulögð innkaup. Einnig verður fjallað um ýmsa þætti sem hafa áhrif á neyslumynstur fólks og hvað þarf til að fólk breyti viðhorfum sínum og venjum.
Vinnubrögð lífsleikninnar verða lögð til gurndvallar á námskeiðinu og fá nemendur tækifæri til að þroska sín eigin viðhorf og hugmyndir. Þá taka nemendur þátt í markvissri greiningu á eigin neysluvenjum og framlagi til umhverfisverndar. Nemendur fá síðan tækifæri til að móta sér stefnu sem þeir byggja á þeirri
endurskoðun á grunnviðhorfum sínum og ábyrgri afstöðu. Nemendur fá líka tækifæri til að stýra kennslu sem miðar að því að hjálpa fólki til að efla sjálfstæði og ábyrgð í neyslusamfélaginu.
Vinnulag:
Innlagnir, umræður, hópvinna og verkefni.
Nemendur vinna þrjú verkefni:
1. Leiðarbók: Nemendur greina neysluvenjur sínar og skoða þá þróun sem verður á viðhorfum þeirra á meðan á námskeiðinu stendur.
2. Verkefni 1: Nemendur móta sér stefnu varðandi neysluvenjur og framlag til umhverfisverndar og setja fram í því formi sem þeim þykir henta - t.d. plakat, slagorð, söngur ...
3. Verkefni 2: Nemendur gera úttekt á einstökum þætti umhverfis- og neytendafræða og finna viðeigandi og áhugvekjandi leið til að miðla upplýsingunum til bekkjarins.
4. Lífsleiknikennsla: Nemendur stýra kennslustunda um umhverfis og neytendamál þar sem aðferðum lífsleikninnar er beitt.

Nemendur vinna þrjú verkefni:
1. Leiðarbók: Nemendur greina neysluvenjur sínar og skoða þá þróun sem verður á viðhorfum þeirra á meðan á námskeiðinu stendur.
2. Verkefni 1: Nemendur móta sér stefnu varðandi neysluvenjur og framlag til umhverfisverndar og setja fram í því formi sem þeim þykir henta - t.d. plakat, slagorð, söngur ...
Verkefni 2: Nemendur gera úttekt á einstökum þætti umhverfis- og neytendafræða og finna3. viðeigandi og áhugvekjandi leið til að miðla upplýsingunum til bekkjarins.
4. Lífsleiknikennsla: Nemendur stýra kennslustunda um umhverfis og neytendamál þar sem aðferðum lífsleikninnar er beitt.

**GSS625G • Dýpkun í textíl • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Fríður Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Markmið: Að nemendur
- hafi dýpkað fyrri kunnáttu sína í völdu viðfangsefni innan textílmennta
- hafi aflað sér þekkingar innan viðfangsefnis í gegnum rannsóknar- og tilraunavinnu, fræðilega nálgun og verklega iðkun.
- sýni að þeir hafi náð að tileinka sér helstu grunnþætti greinarinnar og bætt við þá kunnáttu með eigin rannsóknar- og þróunarvinnu.
- geti unnið sjálfstætt og skipulega og efli með sér faglega hæfni í allri vinnu.

Viðfangsefni: Nemendur velja viðfangsefni innan textílmennta sem þeir hafa áhuga á að dýpka sig í. Nemendur velja hvort þeir kjósa að dýpka fyrri kunnáttu sína í faginu eða velja nýja þætti innan textílmennta. Einstaklingsmiðað nám með áherslu á eigin rannsókn, ásamt faglegri hönnunar- og þróunarvinnu. Lögð er áhersla á framsetningu verkefna, eigin túlkun og niðurstöður.
Vinnulag: Einstaklingsvinna byggð á rannsóknar- og þróunarvinnu, framsetning hugmynda og verkefna og gagnrýnin umræða.
Verkefni metin til einkunnar útfrá markmiðum námskeiðs.

**GSS627G • Svæðalandafræði og valin verkefni • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eggert Lárusson Lektor
Markmið
Að nemendur:

- þekki ólíkar hugmyndir um skiptingu jarðar í svæði
- þekki landfræðileg hugtök, kenningar og líkön sem notuð hafa verið til að greina og lýsa mannlegu samfélagi á jörðinni
- þekki meginatriði landfræði Evrópu, þ.e. náttúrufar, íbúa, efnahags- og atvinnulíf
- þekki helstu samtök ríkja heims og stöðu Íslands í samskiptum þjóða
- skilji ólíkar hugmyndir um skiptingu jarðarinnar í svæði
- verði fær um að undirbúa kennslu í landfræði og meta á framlagi sínu
- hafi unnið að völdum landfræðilegum verkefnum að eigin vali
- þekki rannsóknir á sviði landfræði og landfræðikennslu
- þekki námsgögn og aðrar heimildir sem nýst geta við undirbúning kennslu í landfræði.

Viðfangsefni
Landfræði Íslands; yfirlit yfir náttúrfar, atvinnulíf, samgöngur og landnýtingu á Íslandi.
Norðurlönd; yfirlit yfir náttúrfar, atvinnulíf, samgöngur og landnýtingu, auk sérstöðu samskipta á Norðurlöndum.
Landfræði Evrópu; yfirlit yfir náttúrufar Evrópu, íbúa, þróun efnahags- og atvinnulífs.
Samskipti þjóða heims; helstu samtök ríkja í Evrópu og svo alþjóðasamtök.
Svæði heims: afmörkun svæða út frá ólíkum þáttum eins og landamærum, tungumálum, trúarbrögðum, efnahagsþáttum og sögu.
Kennsla; Kynntar verða hugmyndir að kennslu ofantaldra viðfangsefna sem og rannsóknir á sviði landfræðikennslu og námi í landfræði.
Vinnulag
Áhersla verður á hagnýt verkefni sem nýtast vel til undirbúnings kennslu í grunnskóla. Kennt verður með fyrirlestrum, umræðum, verkefnavinnu bæði heima og í tímum og rík áhersla verður á notkun upplýsingatækni.
Hjá staðnemum er skyldumæting í þær kennslustundir sem þannig eru kynntar á kennsluáætlun í upphafi annar. Þá fer fram námsmat, þjálfun, vettvangsvinna eða nám sem ekki er hægt að koma fyrir með öðrum hætti en í staðbundinni kennslu að mati umsjónarmanns námskeiðs.
Um fjarnema gildir að þeim er skylt að mæta í staðlotur eins og kynnt er á kennsluáætlun í upphafi annar.
Verkefni

**GSS641G • Nám og kennsla: Fagmennska í fullorðinsfræðslu • (10e) • Vor**
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kennaranemi hafi tileinkað sér helstu færniþætti sem teljast til fagmennsku kennara og leiðtoga í fræðslustarfi með fullorðnum og mótað sér starfskenningu sem er faglega ígrunduð. Undirmarkmið eru að kennaranemi: Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kennaranemi hafi tileinkað sér helstu færniþætti sem teljast til fagmennsku kennara og leiðtoga í fræðslustarfi með fullorðnum og mótað sér starfskenningu sem er faglega ígrunduð. Undirmarkmið eru að kennaranemi:
- geti nýtt þekkingu sína og skilning á eðli fræðslustarfs með fullorðnum til að skipuleggja og leiða fræðslustarf með fullorðnum sem og samstarf við þá sem tengjast fræðslustarfinu
- hafi hæfni til að greina og meta aðstæður í starfi og ákveða leiðir til að bregðast við þeim
- hafi þroskað með sér færni til að takast á við erfið og flókin samskipti við umbjóðendur og samstarfsfólk
- geti metið eigið starf og skipulagt áframhaldandi þróun þess

Inntak / viðfangsefni
Meðal viðfangsefna verða eðli kennarastarfsins í fjölbreyttu samhengi símenntunar, teymisvinna, siðfræði og siðareglur, samskiptafærni. Litið er á kennaramenntun sem ævimenntun og vinnustaðinn sem lifandi námssamfélag. Þar verður til dæmis leitað fanga í hugmyndum um stofnanir sem læra. Leitast verður við að tengja við hugmyndir um mannauðsþróun, breytingastjórnun, andragogy, rannsóknir á starfi leiðtoga í fræðslu meðal fullorðinna og lokaverkefni kennaranema. Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, málstofur, lestur, upplýsingaleit, sjálfstæð verkefni, hópverkefni. Einnig verða stutt hagnýt verkstæði þar sem þátttakendur þjálfa sig í tilteknum hæfniþáttum. Áhersla er lögð á að kennaranemar safni gögnum og dæmisögum úr námi sínu og af vettvangi sem eru skoðuð, greind og metin í ljósi fræðilegra kenninga um nám og kennslu, siðfræði og eigin starfskenningar og geri áætlun á grundvelli greiningar sinnar.
Sýnismappa sem gefur mynd af starfskenningu kennaranemans - 60% Munnlegt próf sem felur í sér kynningu á sýnismöppu ásamt því að vera andmælandi á sýnismöppu samnemenda - 40%

**GSS642G • Nám og kennsla - Fagmennska kennara • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sólveig Karvelsdóttir Lektor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kennaraneminn öðlist skilning á þeim meginskuldbindingum sem kennarastarfið felur í sér, jafnt siðferðilegum, lagalegum, félags- og menningarlegum. Að hann tileinki sér helstu færniþætti sem teljast til fagmennsku kennara og móti sér starfskenningu sem er faglega ígrunduð.

Undirmarkmið eru að kennaranemar

- skilji og geti greint helstu siðferðileg viðmið og skyldur kennara
- öðlist hæfni til að greina og meta aðstæður í starfi út frá eigin reynslu og fræðilegum forsendum og geti fundið leiðir til að bregðast við
- hafi þroskað með sér færni til að takast á við margþætt samskipti innan skólasamfélagsins
- geti gert grein fyrir hlutverki sínu og ábyrgð í skólaþróun, innra mati skóla, mótun skólamenningar og bekkjarbrags
- geti metið eigið nám og starf, m.a. af vettvangi, og skipulagt áframhaldandi þróun þess.

Inntak/viðfangsefni
Meginþráður námskeiðsins er þjálfun kennaranema til að verða fagmenn á sínu sviði og stuðningur við þróun eigin starfskenningar þeirra. Það verður gert með því að efla skilning á þeim skuldbindingum sem starfið felur í sér og þekkingu á umhverfi barna, á félagslegu og pólitísku umhverfi skóla og þeirrar samtíðar sem kennarinn vinnur í og fyrir. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á siðfræðilega vídd kennarastarfsins, á manngildissjónarmið og ábyrgð umsjónarkennara og kennara almennt gagnvart velferð barna s.s. fjölbreyttum þörfum þeirra, skóla án aðgreiningar, réttindum barna, barnavernd, áföllum í nemendahópi og foreldrasamstarfi. Með þessu er stefnt að því kennari geti, út frá fagvitund sinni, brugðist við ýmsum ófyrirséðum aðstæðum á vettvangi. Út frá forsendum fagvitundar verður fjallað um sýn nemenda á kennarastarfið. Meðal viðfangsefna verður sjálfsrýni og sjálfsmat, samskiptafærni, teymisvinna og áhrif kennarans á bekkjarbrag. Viðfangsefni verða tengd vinnu á vettvangi.
Vinnulag
Helstu efnisþættir verða kynntir í fyrirlestrum sem síðan verður unnið með í umræðuhópum, málstofum og verkefnum. Ýmis álitamál verða skoðuð og rædd með vísun til dæma úr skólastarfi. Nemendur lesa valdar greinar og rannsóknir og þróa með sér efnisleit af bókasafni og neti. Þeir leggja mat á upplýsingar, gæði og áreiðanleika þeirra og komi það fram í verkmöppu sem hver og einn nemandi gerir. Þar safnar hann gögnum sem styðja hann í að skilja og fást við viðfangsefni námskeiðsins. Nemendur fara á vettvang með ákveðin verkefni til að skoða og vinna með. Einnig safna þeir gögnum af vettvangi og dæmisögum úr námi sínu, bæði fyrr og nú. Gögnin verði skoðuð, greind og metin í ljósi fræðilegra kenninga um nám og kennslu, siðfræði og eigin starfskenningar nemenda.
Verkmappa sem gefur mynd af námi og starfi, m.a. af vettvangi, og starfskenningu kennaranema, 60%. Munnlegt próf sem felur í sér kynningu á verkmöppu, 40%.

**GSS643G • Notkun upplýsingatækni í tungumálanámi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að kennaranemar öðlist þekking og kunni skil á kenningum og rannsóknum um notkun upplýsingartækni í tungumálanámi.
Undirmarkmið eru að kennaranemar við námskeiðslok

- þekki og kunni skil á helstu hugtök í kenningum um tölvutengt tungumálanám
- þekki og kunni skil á helstu rannsókna um tölvutengt tungumálanám
- séu fær um að vega og meta af gagnrýni og með tilvísun í faglegum rökstuðningi það námsefni og hugbúnaður sem veraldarvefurinn hefur upp á að bjóða
- geti beitt þekkingu sína við gerð ýmis konar náms- og kennsluverkefni til miðlunar á skjá eða á netinu
- geti beitt tækjum og hugbúnaði sem ætlaður er tungumálanámi
- geti skipulagt, útbúið og metið hópverkefni eða vefleiðangur þar sem reynir á efnisöflun, stafrænni úrvinnslu og miðlun.

Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu er fjallað um tölvutengt tungumálanám (Computer assisted language learning) og þróun þess síðastliðin þrjátíu ár. Einnig er skoðað hvaða hlutverki tölvutengt tungumálanám hefur gegnt í íslenska skólakerfinu. Fjallað er um þá kennslumöguleika sem veraldarvefurinn býður upp á í sambandi við tungumálanám og kennaranemar kynni sér og meti kennsluefni á veraldarvefnum og notkun þess á markvissan hátt. Á námskeiðinu er jafnframt lagður mikilvægur grunnur hvað snertir verklag, tæknilega færni og tæknilæsi.
Vinnulag
Nemendur þróa stafræn verk- og ferilsmöppu á veraldarvefnum, leita fanga á bókasafni og netinu, skoða dæmi um ýmsa nýbreytni í tungumálanámi.
Dæmi um lesefni
Keith Cameron (2002): Computer Assisted Language Learning
Peter Gawinski (2004): Hot Potatoes, Vejle
Michael Levy (1997): Computer Assisted Language Learning - Context and conceptualization, Oxford
Verkefni og ferilsmappa verða metin til einkunnar.

**GSS644G • Íslenska og tjáning • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðmundur Björn Kristmundsson Dósent
Kennari: Ása Helga Ragnarsdóttir Aðjunkt
Markmið að nemendur

- hafi öðlast yfirsýn og nokkra þekkingu á íslensku sem námsgrein á fyrstu árum skólagöngu, undirstöðum hennar og kennslufræði móðurmáls
- að þeir geri sér grein fyrir mikilvægi málsins við nám í öðrum greinum og í daglegu lífi.
- að þeir hafi yfirsýn yfir grunnþætti í kenningum um leiklist í kennslu, þekki og skilji aðferðir sem tengjast leiklist í kennslu í ræðu og leik og öðlist sjálfstæði og hæfni í að beita þeim markvisst við nám yngri barna.

Viðfangsefni
Fengist verður við helstu þætti íslensks máls sem mynda grunn að kennslu þeirra þátta sem námskrá kveður á um. Annars vegar er um að ræða málnotkun, svo sem lestur, einkum lesskilning og að nota lestur til náms og afþreyingar, ritun og aðferðir við að skrifa texta sem hefur tilgang, Upphaf náms í málfræði, stafsetningu, bókmenntum, ritun, töluðu máli og tjáningu. Hugað verður rækilega að kennslufræði móðurmáls.

Grunnur að kennslufræði leiklistar og tengsl hennar við nám og kennslu á vettvangi. Aðferðir og leiðir leiklistar í kennslu til að tengja munnlega og skriflega tjáningu og skapandi túlkun við kennslu í móðurmáli.
Vinnulag
Fyrirlestrar, lestur, og umræður. Sýnikennsla og vettvangsathuganir. Þjálfunartímar (í staðlotum í fjarnámi) þar sem áherslan er á þjálfun kennaranema til að vinna sjálfstætt að skapandi verkefnum í íslensku og leiklist.
Þátttaka og virkni í kennslustundum og munnleg og skrifleg verkefni verða metin til einkunnar, sem nemur 60% af heildarmati, ásamt prófi 40%.

**GSS653G • Stærðfræðigreining • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Freyja Hreinsdóttir Dósent
Inntak / viðfangsefni: Farið verður í línuleg föll, margliður og gröf þeirra. Skilgreind verða vísis-og lografföll og hornaföll og farið í helstu eiginleika þeirra. Hugtökin markgildi og samfeldni verða skilgreind ásamt afleiðu falls. Afleiður algengra falla verða leiddar út frá skilgreiningu og reiknireglur leiddar út. Tengsl afleiðu og grafs falls verða skoðuð. Heildi falls verður skilgreint og helstu reiknireglur leiddar út. Farið verður í valin viðfangsefni er varða föll af mörgum breytistærðum, diffurjöfnur og línulega algebru. Samhliða ofangreindu verður farið í hagnýtingar stærðfræðigreiningar í náttúruvísindum og fleiri greinum.
Vinnulag: Kennslan fer fram í fyrirlestrum og dæmatímum.
Nauðsynleg undirstaða: Tölur og reikniaðgerðir (GSS214G) eða Tölur og reikniaðgerðir (GSF209G)
Æskileg undirstaða: Rúmfræði og algebra (GSS326G) eða Rúmfræði (GSS337G)
Verkefni og lokapróf.

**GSS655G • Leikur og tækni • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Umsjónarkennari: Svala Jónsdóttir Aðjunkt
Þekkingar- og færnimarkmið:
Nemendur geti

- lýst möguleikum sem felast í tölvunotkun barna í grunn- og leikskóla
- fundið, flokkað, gagnrýnt og metið stafrænt efni ætlað börnum
- beitt upplýsingatækni með börnum, einkum í leik og skapandi vinnu
- sýnt tök á völdum verkfærum til að afla efnis og útbúa hljóð, skjásögur, myndverk og hreyfimyndir
- skipulagt, útfært og metið efnisgerð af nýmiðlunartoga með ungum nemendum leik- og grunnskóla
- skipulagt listræna sköpun og leik með ýmis konar tæki og nytjahluti
- beitt tækjum og hugbúnaði sem ætlaður er börnum og varpar ljósi á hönnun tækja, forritun og sjálfvirkni

Inntak, viðfangsefni og vinnulag:
Nemendur lesa og fjalla um greinar sem lúta að tölvunotkun barna í leik- og grunnskólum. Þeir kynnast lýsandi dæmum í starfi valinna skóla og ígrunda færar leiðir til að beita upplýsingatækni og miðlun með ungum nemendum á frjóan hátt. Fjallað er um stafrænt afþreyingar- og námsefni fyrir börn og bent á leiðir til að flokka og meta slíkt efni. Nemendur útbúa skjákynningar og sögur með hjálp valinna forrita með áherslu á efnisöflun með hjálp upplýsingatækni og listræna framsetningu hljóða, mynda og hreyfinga. Nemendur fá tilefni til að bregða á leik með nytjahluti og tæknibúnað með það fyrir augum að ýta undir skapandi hugsun og skoða tækni í daglegu umhverfi barna og fullorðinna frá óvæntu sjónarhorni. Þá er á námskeiðinu fjallað um tæknilausnir sem eru sniðnar að ungum nemendum og eiga að varpa ljósi á tæknihönnun, forritun og sjálfvirkni. Nemendur kynnast kennslu um slíkan búnað á vettvangi og fá sjálfir að spreyta sig á glímu við hann.
Nemendur hafa töluvert val um verkefni. Nemendur bregðast við verkum annarra nemenda. Kennarar veita skriflega umsögn um verkefnin og meta framlag nemenda til einkunnar.

**GSS656G • Íslensk málfræði II: Setningafræði og stílfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Markmið
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að stúdent öðlist hæfni til þess að kenna setningafræði, stílfræði og textarýni, auk þess sem hann eflist í að beita íslensku máli á markvissan hátt.
Undirmarkmið eru að stúdent:
- skilji forsendur orðflokka og setninga,
- þekki til rannsókna á setningafræði og stílfræði og geti tengt þær unglingum og þroska þeirra,
- öðlist kunnáttu í bókmenntalegri umfjöllun þar sem mið er tekið af máli og stíl,
- þekki til helstu kenninga í setningafræði og stílfræði og geti beitt þeim í kennslu,
- tileinki sér ýmis kunnáttuatriði í tengslum við álitamál í íslensku máli og bókmenntum,
- verði fær um að beita kennslufræðilegri þekkingu í skólastarfi,
- geti fjallað um og lagt mat á námsefni og námsmat í grunnskóla.
Inntak / viðfangsefni
- Kynntar verða rannsóknir í setningafræði og stílfræði. Þar verður lögð áhersla á grundvöll málfræðilegrar greiningar, málmyndunarfræði og kennslu móðurmáls.
- Fjallað verður um mismunandi stíl í bókmenntum, bæði barnabókmennta og almennra bóka er teljast til fagurbókmennta. Einnig verða margvísleg önnur stílbrigði könnuð.
- Rætt verður um íslensku sem annað mál og leitast við að lýsa og skýra mismun móðurmáls og annars máls á grundvelli setningafræði og stílfræði.
- Ýmsar leiðir í kennsluskipulagningu verða kynntar.
- Orðflokkagreining er mikilvægur hluti námskeiðs og verður hún rannsökuð og rædd frá ýmsum óvæntum hliðum.
- Stúdent verður þjálfaður í að bregðast við spurningum og fræðilegum vandamálum sem sífellt skjóta upp kollinum í sambandi við umræðu um mál og málnotkun.
- Fjallað verður um kennsluaðferðir í móðurmáli eins og samþætt nám, heildstætt nám og hlutanám.
- Vettvangsnám er ofið inn í kennslu.
Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra, æfinga- og verkefnatíma. Mikil áhersla er lögð á að stúdentar séu virkir og skapandi. Þeim verður gert

að reyna verkefni í vettvangsnámi, leggja til skapandi hugmyndir sem verða prófaðar í vettvangsnámi. Enn fremur mun nemendum gert að fylgjast með og tileinka sér fræðileg nýmæli með því að skoða nýjar bækur og tímarit.
Lesefni
Setning eftir Höskuld Þráinsson, Setningafræði eftir Sigurð Konráðsson, tímaritsgreinar.
50% verkefnaskil þar sem nemandi sýnir að hann hafi tileinkað sér markmið námskeiðsins. 50% skriflegt próf þar sem áhersla er lögð á þekkingu, skilning og gagnrýna afstöðu.

**GSS660G • Straumar og stefnur í leiklistarkennslu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristín Á Ólafsdóttir Aðjunkt
Markmið:
Að nemendur

- þekki sögulega þróun og helstu stefnur og strauma í leiklist í skólastarfi
- þekki til nýlegra rannsókna á sviðinu
- geti kynnt og rökstutt fræðilega markmið og notagildi leiklistar í námi barna og unglinga
- hafi yfirsýn og hæfni til að nýta aðferðir sem byggja á mismunandi nálgun og hugmyndafræði og geti jafnframt leiðbeint öðrum kennurum um notkun aðferða
- geti metið og valið þær leiðir leiklistar sem þjóna markmiðum sem sett eru hverju sinni í námi grunnskólanema

Viðfangsefni: Fræði um leikræna tjáningu og leiklist í skólastarfi (drama), mismunandi hugmyndafræði og aðferðir. Athuganir og tilraunir í þeim tilgangi að þekkja og nýta ólíkar nálganir þannig að gagnist við margvíslegar aðstæður og fyrir ólíka aldurshópa.
Vinnulag: Lestur, fyrirlestrar og málstofur um viðfangsefni námskeiðsins. Smiðjur í tímum (í staðlotum í fjarnámi) sem byggja á mismunandi hugmyndafræði. Skipulag kennslu á vettvangi. Verkefnum er ýmist skilað í munnlegum kynningum, sýnikennslu eða skriflegu formi.
Fjögur verkefni koma til námsmats: Munnleg kynning á rannsóknum; möguleikar á notkun leiklistar í tiltekinni námsgrein; hönnun og kynning á kennsluskipulagi; ritgerð um mismunandi námsmarkmið.

**GSS661G • Hönnun glerhluta • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Nemendur læra mismunandi tækni og vinnubrögðum við mótun glers. Áhersla er á listrænar útfærslur list-, skart- og nytjahluta.
Markmið
Að kennaranemar kynnist mismunandi aðferðum við glervinnu og hljóti þjálfun í að vinna með og kenna í grunnskólum.
Inntak / viðfangsefni
Unnið er með steint (tiffany's) gler, bræðslugler (flotgler) og mósaík. Verkefnin geta verið t.d. gluggaskreytingar, skálar, bakkar, lágmyndir og skúlptúrar o.fl. Lögð er áhersla á frumleika og hönnun. Kennd verður gerð glermóta í fiber eða önnur efni og kannað hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi litun og skreytingar á glerhlutum. Einnig verður reynt að tengja önnur efni glerinu í hönnunarverkefnum s.s. tré og plast.
Vinnulag
Verkleg þjálfun er undirstaða námsins en að öðru leyti fer kennsla fram í fyrirlestrum, umræðu- og leiðsögutímum. Nemendur gera verkefnamöppu auk glerhluta.
Reikna má með staðlotu fjarnema á miðri önn auk þeirrar sem er í upphafi annar. Verkefnin eru unnin að miklu leyti í staðlotunum.
Veraldarvefurinn er hagnýttur eins og kostur er.
Verkefni metin til einkunnar.

**GSS662G • Formfræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jón Reykdal Lektor
Kennari: Jóhanna Vigdís Þórðardóttir Lektor
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- Þekkja hlutföll mannslíkamans
- Hafað dýpkað sig í meðferð lita og efna
- Geta umbreytt tvívíðu efni í þrívítt form
- Hafa innsýn hvernig samþætta má myndmennt öðrum námsgreinum
- Hafa þekkingu á margbreytileika og möguleikum efnis og hugmynda í skólastarfi

Inntak/viðfangsefni
Í námskeiðinu er leitast við að kafa dýpra ofaní viðfangsefnin, allt frá því að greina form ,hlutföll og myndbyggingu. Mannslíkaminn teiknaður .Litfræðilegar rannsóknir.Verkefni eru fjölþætt og bjóða upp á útfærslu í mismunandi efni bæði tvívið og þrívíð, með þarfir grunnskólans í huga.
Vinnulag
Námskeiðið er verklegt, tengt vettvangsferðum út í náttúruna, sýningar og söfn. Fyrirlestrar og sýnikennsla. Ferilmappa og uppsetning sýningar í lok námskeiðs.

**ÍÞH026G • Útivist - klettaklifur • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Smári Stefánsson Aðjunkt
Markmið námskeiðsins er að nemandinn öðlist þekkingu á þeim öryggisreglum sem fylgja þarf þegar klifrað er, þekki og kunni að nota þann búnað sem fylgir klifri. Að hæfni nemandans í klifri, klifurtækni, aukist. Að nemandinn geti, á eigin vegum, farið með lítinn hóp af óreyndu fólki í klifur.
Þekking og skilningur: Að nemandinn þekki hvaða búnaður er nauðsynlegur þegar klifrað er og skilji hvernig hann er notaður.
Hagnýt hæfni: Að nemandinn hafi öðlast hæfni í að setja upp megintryggingar og kunni skil á þeim hnútum sem notaðir eru í klifri og geti þannig á öruggan hátt sett upp línu til klifurs.
Fræðileg hæfni: Að nemandinn þekki helstu atriði klifurtækni og geti leiðbeint um hvernig hreyfingar er best að nota við að komast yfir ákveðnar hindranir.
Hæfni í samskiptum: Að nemandinn tileinki sér þann orðaforða sem klifrari og sá sem tryggir nota sín á milli.
Námshæfni: Að nemandinn hafi náð lágmarks hæfni í klifri til að geta haldið áfram að klifra sjálfur og bæta sig að eigin frumkvæði.

.
Inntak / viðfangsefni: Farið verður í helstu hnúta sem notaðir eru í klifri, notkun búnaðar, uppsetningu trygginga, hvernig maður ber sig að við að tryggja aðra, klifurtækni, sig, "júmmun".
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, styttri ferðir og ein helgarferð. Mætingarskilda er í námskeiðið.
**ATH: Kennsla námskeiðsins fer fram á Laugarvatni.**
Skriflegt verkefni, mat á verklegri kunnáttu og virkni í ferðum.

**ÍÞH027G • Þjálfun í vatni • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafþór Birgir Guðmundsson Lektor
Að nemendur:

- auki kunnáttu sína á sundíþróttinni þ.e. sundþjálfun fyrir byrjendur og lengra komna, aðallega verður farið í þjálfunar og keppnisþátt greinarinnar,
- kynnist mikilvægi og uppbyggingu kennslu í ungbarna- og barnasundi (frá 3 mánaða til 5 ára aldurs),
- kynnist vatnsleikfimi og stöðvaþjálfun í vatni sem hluta af heilsurækt,
- ræði þjálfun fyrir of þungt fólk, aldraða, o.fl.,
- kynnist notkun vatnsins sér til ánægju, en hér er átt við ýmsa leiki t.d. vatnafótbolta, blak, o.fl.

Viðfangsefni: Fjallað verður um það hvernig sundþjálfun fyrir börn og unglinga er byggð upp (ekki á afrekssviði), kenndar reglur og öll undirstöðuatriði þjálfunar. Farið verður yfir öll helstu undirstöðuatriði í öðrum greinum sem kenndar verða t.d. í ungbarnasundi, vatnsleikfimi og heilsurækt.
Vinnulag: Námskeiðið er fremur fræðilegs eðlis en verklegt, þó verður farið í laug og unnið með alla þætti námsins, þ.e. bæði þjálfun, vatnsleikfimi og aðra heilsurækt. Nemendur útskrifast með 1a og 1b sérgreinahluta SSÍ þjálfunarstigs.
Námsmat byggist á verklegri færni við kennslu á öðrum, og þjálfa, bæði í sundi og vatnsleikfimi. Skriflegt tækniverkefni (50% ) með þjálfunaráætlun verður verður unnið að yfir önnina. Þá verður metin eigin verkleg vinna í tímum.

**KEN101G • Kennslufræði starfsgreina • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Kennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Markmið námskeiðsins er að nemendur afli sér þekkingar um kennslu starfsgreina, auki skilning sinn á sérstöðu hennar og taki til gagnrýninnar skoðunar viðhorf sín til þess í hverju nám og kennsla þessara greina felist.
STEFNT ER AÐ ÞVÍ AÐ Á NÁMSKEIÐINU AÐ NEMENDUR:
- þekki til sögu starfsnáms, ólíkar nálgunar til þess á mismunandi tímum og geti útskýrt í ljósi sögu og þróunar það fyrirkomulag og aðstæður sem starfsnám býr við á Íslandi í dag.
- móti sér gagnrýna skoðun á því í hverju góð kennsla í starfsnámi sé fólgin og geti rökstutt hana,
- öðlist vaxandi skilning á tilgangi og uppbyggingu námskrár, samfélagslegum kröfum um inntak náms og geti tekið mið af hvoru tveggja við eigin kennslu,
- geti útbúið námsmarkmið með hliðsjón af námsþörf, námskrá, námsefni og námsumhverfi,
- þekki helstu kennsluaðferðir starfsnáms, geti lýst þeim og valið með hliðsjón af settum markmiðum, aðstæðum og þörfum nemenda,
- geti lýst tengslum milli markmiða, inntaks og vali á kennsluaðferðum,
- tilgreini hvenær ólíkar kennsluaðferðir nýtast best og hvenær ekki og rökstyði eigið val á kennsluaðferðum,
- geti skipulagt námsumhverfi í samræmi við námsmarkmið, þarfir nemenda, námsefni og kröfur starfsvettvangs,
- geti beitt fjölbreyttum aðferðum við mat á vinnu nemenda, bæði í bóklegu- og verklegu námi,
- þekki til ólíkra leiða til að tengja kennslu í skóla við starf á vettvangi og geti valið leiðir og stýrt slíku námi á eigin vinnustað,
- öðlist skilning á möguleikum þess að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda og kynnst dæmum um mismunandi aðferðir sem hafa það að markmiði,
- kunni nokkrar aðferðir til að nýta upplýsingatækni við nám kennslu.

INNTAK / VIÐFANGSEFNI:
Stefnur og straumar í kennslufræðum. Hvernig lærir fólk og hvernig getur kennari hjálpað fólki til að læra? Hvað er góð kennsla. Námskrár og gerð þeirra (aðalnámskrár, skólanámskrár, áfangalýsingar, námskeiðslýsingar, einstaklingsnámsskrár), markmiðasetning, gerð kennsluáætlana/námáætlana, einstaklingsmiðað nám, að kenna til skilnings, kennsluaðferðir (bein kennsla, samræður, sjálfstæð verkefni, þemanám, lausnaleitarnám, samvinnunámsaðferðir, verkleg kennsla), námsmat, notkun upplýsingatækni við kennslu. Viðfangsefnin verða skoðuð í ljósi kennslufræði og heimspeki.
VINNULAG:
Námskeiðið skiptist í "lotur" þar sem tekin eru fyrir afmörkuð viðfangsefni námskeiðsins. Kennsla fer fram í gegnum umræður, fyrirlestra, leiðarbókarskrif, einstaklings- og hópverkefni.
Leiðarbók (20%), hópverkefni (20%) og einstaklingsverkefni (60%). Skyldumæting er í staðlotur.

**KEN102G • Rannsóknir, ritun og fræðileg vinnubrögð • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Baldur Sigurðsson Dósent
Umsjónarkennari: Gunnlaugur Sigurðsson Lektor
MARKMIÐ
Markmið þessa námskeiðs er að nemendur kynnist fræðilegri hugsun og vísindalegum vinnubrögðum og þjálfist í því að skoða afmörkuð svið mannlegrar tilveru eins og t.d. nám og kennslu frá sjónarhóli fræða og vísinda.
Að loknu námskeiði eiga þátttakendur að geta beitt fræðilegri hugsun á athugunarefni sín og nýtt sér aðferðir fræða og vísinda til að skoða afmarkað viðfangsefni: mótað rannsóknarspurningu og rökstutt nokkrar ólíkar leiðir til að svara henni. Einnig er stefnt að því að nemendur öðlist þjálfun í að skrifa fræðilega texta og nýta sér heimildir eftir ákveðnum reglum. Ætlast er til þess að nemendur nýti námskeiðið til þess að læra að nota ritvinnsluforrit til að brjóta um texta þannig að útlit hans fylgi viðteknum hefðum, og þjóni efninu sem best.
INNTAK / VIÐFANGSEFNI
Samband hugsunar, orða og veruleika. Spurningar um sannleika, um staðreyndir, um raunveruleika. Eðli og eiginleikar kenninga. Hlutverk rannsóknarspurninga, fræðileg sjónarhorn. Framlag vísinda og fræða til daglegs lífs, en einkum til starfs afmarkaðra starfshópa. Hlutverk skrifaðs máls í fræðilegri hugsun og vísindum og þjálfun þess.
VINNULAG

Fyrirlestrar, umræður, skrifleg verkefni.
Þátttakendur spreyta sig á að skrifa fræðilega texta, útskýra þá fyrir öðrum og eiga að vera tilbúnir til að setja sig inn í það sem aðrir hafa skrifað.
Nokkur minni og stærri skrifleg verkefni, þátttaka í umræðum. Skyldumæting er í staðlotur.

**KEN103G • Einstaklingsmunur, námsörðugleikar og kennsla í margbreytilegum nemendahóp • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
MARKMIÐ
Markmið námskeiðsins er að nemendur
- geti greint frá og útskýrt opinbera stefnu og hugmyndafræði um málefni nemenda með ólíkar kennsluþarfir (grunnskóla/framhaldsskóla)
- geta talið upp og greint mismunandi áherslur og skipulag á vettvangi þegar skóli mætir ólíkum náms- og kennsluþörfum nemenda,
- geta nefnt og bent á einkenni algengustu námsörðugleika og gefið dæmi um það hvernig kennari getur brugðist við með viðeigandi kennsluúrræðum,
- geti greint frá nokkrum ólíkum fötlunum, en átti sig jafnframt á gagnsemi þess að skoða og skilgreina þá þætti sem skipta meginmáli fyrir nám og kennslu
- mæta þörfum bráðgerra nemenda í kennslu sinni á viðeigandi hátt
- greina frá þeim áhrifum sem menningarlegur bakgrunnur nemenda getur haft á nám þeirra og hvernig kennari getur brugðist við honum,
- beiti í kennslu sinni kennsluaðferðum og kennsluskipulagi sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar kennsluþarfir í margbreytilegum nemendahópum.

VIÐFANGSEFNI:
Nemendur kynni sér hugmyndafræði og stefnu um skóla án aðgreiningar (inclusion) og lög og reglugerðir um nám og kennslu nemenda með ólíkar kennsluþarfir.
Lögð verður áhersla á að skýra og skilgreina margbreytileika í nemendahópi og hvernig koma má til móts við ólíkar náms- og kennsluþarfir með sveigjanlegu kennsluskipulagi og fjölbreyttri kennslutækni, sem gefur möguleika á þátttöku í námi og skólastarfi, óháð fötlun, námshæfni eða menningarlegum bakgrunni.
Fjallað verður um algengustu námsörðugleika, t.d. lestrar- og málörðugleika, tvítyngi, stærðfræðiörðugleika, athyglisbrest og ofvirkni. Jafnframt verður skoðað hvernig menningarlegur fjölbreytileiki hefur áhrif á kennslu og skólastarf. Þá verður fjallað um helstu tegundir fatlana, þar sem þó er lögð megináhersla á að greina og taka tillit til þátta sem skipta máli fyrir nám og kennslu, svo sem líkamlegra, skynrænna, sálfræðilegra, námslegra og athyglis- og einbeitingar þátta. Lögð verður áhersla á að nemendur kynni sér kennsluaðferðir/kennsluskipulag og stuðningskerfi sem gagnast hefur í margbreytilegum nemendahópum og skoðað verður hvers konar færni gagnast kennurum í skóla án aðgreiningar, sem meðal annars byggir á hugmyndum um einstaklingsmiðað nám.
VINNULAG:
Fyrirlestrar í staðlotu, umræður, hóp- og einstaklingsvinna.

**KEN104G • Fullorðnir námsmenn, foreldrasamstarf, fræðsla samstarfsfólks og símenntun • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
NÁMSKEIÐSLÝSING
Kennarar mæta fullorðnum námsmönnum oft á stöðum sem þeir eiga ekki von á þeim. Grunnskólakennarar þurfa að skipuleggja samstarf við- og jafnvel fræðslu fyrir foreldra og allir kennarar geta þurft að koma að símenntunarstarfi skólans eða að kenna samstarfsfólki sínu. Í iðnskólum gerist það oft að starfandi iðnaðarmenn snúi aftur í skólann til að ljúka sveinsprófi, eftir margra ára starf við fagið. Í þessum aðstæðum eykur það skilvirkni og öryggi að hafa kynnt sér kenningar, viðhorf og nálganir sem stuðla að góðum árangri í samstarfi við fullorðið fólk.
MARKMIÐ
Að nemendur geti
- skipulagt, undirbúið og útfært fræðslu eða annað samstarf við hópa fullorðinna
- nýtt sér kenningar um einkenni fullorðna námsmanna til að skipuleggja fræðslustarf ætlað fullorðnum
- greint frá því hvaða áhrif sérstaða fullorðinna námsmanna hefur á hlutverk kennarans,
- skipulagt námskeið fyrir fullorðna,
- valið og notað gagnlegar aðferðir til að hjálpa fullorðnum að læra og vinna saman að málefnum sem snerta þá

VIÐFANGSEFNI:
Á námskeiðinu verða tengd saman þekking sem fæst með því að kynnast rannsóknum og kenningum um fullorðna námsmenn, við reynslu og hagnýta þekkingu um það hvernig er gagnlegt að hjálpa fullorðnum að læra, eða hjálpa þeim að vinna saman í hópum.
VINNULAG
Fyrirlestrar, verkefni og hópvinna, verklegar æfingar, einstaklingsverkefni ásamt umræðum og samstarfi á Netinu.
Nokkur stutt skrifleg verkefni. Verklegar æfingar. Samvinna á vef.

**KEN202G • Kennsla starfsgreina og vettvangsnám • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Leifur A. Ísaksson
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur þjálfist í kennslu eigin greinar, að þeir þrói sínar eigin starfshugmyndir og móti sér hugmyndir um hlutverk sitt sem starfsgreinakennara. Sjónarhorn kennslufræði og félagsfræði menntunar verða og nýtt til að dýpka skilning nemenda á starfi kennarans.
LÖGÐ ER ÁHERSLA Á AÐ NEMENDUR:
- öðlist færni í að kenna eigin grein með hliðsjón af stöðu nemenda
- þekki til hefða og venja við kennslu eigin greinar, geti greint þær og metið í ljósi rannsókna og fræðilegrar umræðu um starfsgreinakennslu
- öðlist þekkingu á kennslufræði greinarinnar og hugmyndafræðilegum áherslum í því sambandi
- geti nýtt námskrá greinarinnar á gagnrýnan og skapandi hátt og tekist á við álitamálum henni tengd
- nái valdi á ólíkum kennsluaðferðum, notkun námsefnis tengdu greininni og ólíkum leiðum í námsmati
- öðlist færni í að ígrunda eigin kennslu á grundvelli rannsókna, fræða, eigin viðhorfa og reynslu
- þjálfist í kennslu eigin greinar og fái tækifæri til að prófa ólíkar kennsluaðferðir

INNTAK / VIÐFANGSEFNI

Í námskeiðinu verður kennsla starfsgreina tekin fyrir bæði á fræðilegan og hagnýtan hátt. Sérstaklega verður fjallað um námskrár, viðhorf til nemenda, bekkinn sem félagsheild og hlutverk kennarans, hvernig megi kveikja og styðja við áhuga nemenda á námi og greininni sem slíkri. Nemendur kynna sér kennsluaðferðir og námsmat í tengslum við greinina og prófa sig áfram með sumar þeirra. Í umfjöllun um þessa þætti verður leitað fanga í fræðum og rannsóknum tengdum kennslufræði greinarinnar. Meðal helstu viðfangsefna námskeiðsins er vettvangsnám þar sem nemendur kynna sér skólastarf af eigin raun og kenna undir handleiðslu reyndra viðtökukennara.
Færniþættir sem sérstaklega verða þjálfaðir eru framsögn, ritun og notkun UT til að styðja við nám nemenda.
VINNULAG
Námskeiðið er rannsóknamiðað í þeim skilningi að nemendur eru að rannsaka og þróa eigin starfshætti og viðhorf til náms og kennslu, einkanlega í sinni eigin grein. Í tengslum við þetta gera nemendur ferilmöppu sem þeir skila í lok námskeiðs. Ferilmappan er fyrst og fremst hugsuð sem vettvangur ígrundana tengdur markmiðum og viðfangsefnum námskeiðsins en líka sem hugmyndabanki hins verðandi kennara. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda, að þeir afli sér sjálfir upplýsinga og vinni úr þeim í umræðum og samstarfi sín á milli og með kennurum námskeiðsins. Nemendur prófa sig áfram á vettvangi undir handleiðslu reyndra kennara.
Verklegur þáttur námskeiðsins fer fram í sk. heimaskólum nemenda. Þar kynna þeir sér skólastarfið, fylgjast þeir með kennslu og æfa sig í því að kenna sitt fag. Til þess að standast þetta námskeið verða nemendur að standast verklegan þátt námskeiðsins.
Skyldumæting er í staðlotur.

**KEN203G • Námskrár starfsgreina, námsefnisgerð og námsmat • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
MARKMIÐ
Á þessu námskeiði er kafað dýpra í nokkur miðlæg viðfangsefni kennara. Viðfangsefnin verða skoðuð í ljósi kennslufræði og sálfræði einkum hvernig rannsóknir og kenningar sálfræðinnar geta upplýst og stutt við og leiðbeint kennurum í starfi sínu.
MARKMIÐ NÁMSKEIÐSINS ER AÐ ÞÁTTTAKENDUR...
- geti nýtt námskrá síns fags á gagnrýnin og skapandi hátt við kennslu
- geri grein fyrir ólíkum viðhorfum, nálgunum og kenningum sem fólk styðst við þegar það ákveður hvað fólk á að læra á ákveðnum námskeiðum og námsstigum
- kanni og geri grein fyrir námsefni í sínu fagi sem til er fyrir íslenska námsmenn
- geti útbúið námsefni í sínu fagi fyrir nemendur á ólíkum námsstigum og geti rökstutt með kennslufræðilegum rökum hvernig þeir fóru að
- geti með nokkru öryggi útbúið kennsluefni með a.m.k. tveimur ólíkum miðlum.
- geti útskýrt námsfyrirkomulag og val á kennsluaðferðum með hliðsjón af rannsóknum á námi og kennslu
- geti útskýrt, metið og rökstutt val og notkun á námsefni
- öðlist góð tök á námsmatsaðferðum

INNTAK / VIÐFANGSEFNI
Á námskeiðinu skoða þátttakendur námsskrár síns fags og kynna sér ólík viðhorf til þess hvernig menn ákveða hvað nemendur eiga að læra á ákveðnum námsstigum. Lögð verður áhersla á að þátttakendur geti skoðað þetta viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum, nýtt sér ólíkar hugmyndir og valið nálgun fyrir sína eigin kennslu og rökstutt val sitt.
Þátttakendur kynna sér nokkrar leiðir til að skipuleggja gerð námsefnis og velja síðan nokkrar sem þeir kafa dýpra í og prófa að útbúa námsefni í sínu fagi með nokkrum ólíkum miðlum. Þeir þjálfa sig og í því að greina og meta námsefni, þannig að þeir get síðar valið námsefni til kennslu og rökstutt valið.
Námsmat verður skoðað frá ólíkum sjónarhornum. Þátttakendur munu velta fyrir sér tilgangi námsmats, hver eru helstu meginreglur og álitamál við gerð og útfærslu námsmats. Þátttakendur munu skipuleggja og útbúa nokkrar ólíkar leiðir til að meta námsárangur námsmanna sem eru að læra þeirra fag. Námsmat verður þannig skoðað bæði út frá fræðilegu sjónarmiði og hagnýtu.
Færniþættir sem verða sérstaklega þjálfaðir á námskeiðinu eru tengdir notkun upplýsingatækni við starf kennara og ritun.
Sjónarhorn sálfræði og kennslufræði munu móta inntak námskeiðsins.
VINNULAG
Námskeiðið skiptist í þrjá samhangandi hluta, en hver fyrir sig verður skipulagður sem sjálfstæð lota meðan verkefnavinna getur tengst á milli lotanna. Nemendur kynna sér helstu hugmyndir, kenningar og aðferðir námsskrárgerðar, námsefnisgerðar og námsmats, og kynna sér hvernig kenningar námssálarfræðinnar geta stutt við skipulagningu kennslunnar.
Námsmat er í formi þriggja verkefna, eitt tengt námskrá, annað námefnisgerð og það þriðja námsmati. Skyldumæting er í staðlotur.

**KEN204G • Tengsl skóla og atvinnulífs • (5e) • Vor**
MARKMIÐ
Markmið námskeiðsins er að nemendur
- geti gert grein fyrir ólíkum viðhorfum til starfsnáms í félagslegu og sögulegu samhengi, bæði hvað varðar starfsnám en einnig kennslu verkgreina í grunnskólum.
- geti greint og metið álitamál um tengsl starfsnáms og atvinnulífs og þannig rætt ólíkar hugmyndir um hlutverk starfsnáms í samfélaginu.
- geti nýtt félagsfræðilegar kenningar um þróun og breytingar í samfélaginu til að skoða skipulag starfsnáms og kennslu sinnar greinar í grunn- eða framhaldsskóla.
- geti gert grein fyrir hugmyndum um símenntun/ævimenntun og áhrif þeirra á verk- og starfsgreina í skólum
- geti útskýrt og rökstutt eigin sjálfsmynd (starfskenningu) sem starfsmenntakennara - í ljósi hugmynda um hlutverk og tilgang starfsnáms í samfélaginu

INNTAK / VIÐFANGSEFNI
Hugmyndafræðileg staða starfsmenntunar í samfélaginu og staða hennar í skólakerfinu sérstaklega. Áhrif atvinnulífs á skóla og áhrif skóla á atvinnulífið. Ólíkar stefnur og straumar í starfsnámi. Ný námsskrá, starfsgreinaráð, saga iðnnáms, framtíðarhugmyndir. Breytt samfélag og hlutverk skóla sem samtalsaðila við samtíma og framtíð. Símenntun / ævimenntun: hugmyndir og hugsjónir. Sjálfsmynd starsgreinakennarans í þessu samhengi.
VINNULAG
Fyrirlestrar, umræður, verkefni, umræður og verkefni á vef.
Skrifleg verkefni.

**LSF003G • Vettvangsnám - leikskólaleið • (8e) • Haust**

**LSF009G • Vettvangsnám - leikskólaleið - eldra • (8e) • Haust**

Umsjónarkennari: Sigríður Kristín Stefánsdóttir
Kennt haust 2009. Einungis fyrir þá fjarnema á leikskólaleið sem eru að útskrifast, og innrituðust haust 2006.

### LSF101G • Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun • (10e) • Haust

Umsjónarkennari: Bryndís Garðarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Karlsdóttir Lektor
**Markmið námskeiðs er að nemendur:**

- hafi þekkingu á hugmyndafræði leikskólauppeldis, sögu og þróun leikskólastarfs,
- hafi gert sér grein fyrir hlutverki og stöðu leikskólans í íslensku menntakerfi,
- hafi þekkingu og innsýn í námskrá og starfshætti í leikskóla,
- leggji grunn að faglegri starfskenningu sinni,
- hafi færni í að skipuleggja nám og námsumhverfi barna í leikskóla,
- hafi færni í að greina, ræða og fjalla á fræðilegan hátt um starf í leikskóla, námsumhverfi og hlutverk leikskólakennara,
- hafi þekkingu á mikilvægi heilbrigðis og heilbrigðra lífshátta fyrir börn ásamt samspili næringar og heilsufars,
- kunni nokkur skil á möguleikum tölvu- og upplýsingatækni í eigin námi.

**Inntak/viðfangsefni**
Lögð er áhersla á að kynna starfsvettvang leikskólakennara og starfshætti í leikskóla. Fjallað er um hugmyndafræði og sögu leikskólauppeldis, uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, kennslufræðileg hugtök, s.s. námskrá, forsendur skipulags, markmið, inntak og leiðir í leikskólastarfi, sýn á börn, umönnun, réttindi allra barna til leikskóla og samstarf heimilis og leikskóla. M.a. er rýnt í lög um leikskóla, reglugerð, aðalnámskrá og önnur lög og samþykktir er lúta að réttindum barna ásamt hlutverki leikskólakennara í að skapa námsumhverfi og skipuleggja starf í leikskóla, sem byggir á fagmennsku og fræðilegri þekkingu. Þá er fjallað um helstu þætti er viðkoma heilbrigði og heilsufari barna ásamt því að skoða mataræði og næringarþörf þeirra. Fjallað er um þátt upplýsingatækni og miðlunar í eigin námi.
**Vinnulag**
Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna ásamt tveggja vikna vettvangsnámi (4e). Vettvangsnám fer fram í leikskólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ. Tengsl við vettvang eru í formi verkefna, athugana og umræðna um tengsl fræða og starfs, ásamt því að hluti námskeiðs fer fram á vettvangi undir leiðsögn æfingakennara (leikskólakennara). Lögð er áhersla á að nemendur tengi eigin viðhorf og reynslu við rannsóknir á leikskólastarfi.
Verkefni á vettvangi, leiðarbókarskrif og próf sem sýna þekkingu og færni nemanda á viðfangsefni námskeiðs.Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingaskylda er í vettvangsnám.

### LSF201G • Listir og barnamenning • (10e) • Vor

Umsjónarkennari: Svala Jónsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir Lektor
Kennari: Sigríður Pálmadóttir Lektor
Kennari: Arngunnur Sigurþórsdóttir
Markmið: Að nemandinn

- öðlist þá færni og þekkingu sem nauðsynleg er til að geta unnið með barnabókmenntir, myndmennt, textílmennt og tónmennt sem náms- og þroskaleið í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskólans.
- kunni skil á helstu kennsluaðferðum sem byggja á skapandi vinnu með ungum börnum og geti beitt þeim í starfi sínu.
- öðlist þekkingu á fræðasviðinu barnabókmenntir, mynd- og textílmennt og tónmennt með eigin þroska að leiðarljósi og vinnu með yngri börnum í huga.
- sýni að hann hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika og geti beitt skapandi hugsun í eigin verkefnavinnu og starfi með ungum börnum.

Viðfangsefni:
Fjallað verður um fræðasvið og rannsóknir innan barnabókmennta, mynd- og textílmenntar og tónmenntar.
Nemandinn fær innsýn í barnabókmenntir sem sérstaka bókmenntagrein og mikilvægan hluta barnamenningar og sameiginlegrar menningarvitundar. Einnig mun hann kynnast fjölbreyttum barnabókmenntum og kveðskap sem grundvelli upplifunar, orðlistar, sköpunar, tjáningar og miðlunar.
Fjölbreyttar aðferðir myndsköpunar verða kynntar með áherslu á einfalda tækni innan mynd-og textílmennta.
Nemandinn kynnist tónlistaruppeldi ungra barna út frá söng, hlustun, notkun einfaldra hljóðfæra og hreyfingar.
Nemandinn vinnur með orð, mynd og tóna sem grundvöll upplifunar og til að fá þjálfun í að túlka reynslu sína á fjölbreyttan hátt í samspili valdra námsþátta.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, verkefni, verkleg vinna, umræður og flutningur verkefna og einnar viku vettvangsnám (2e). Vettvangsnám fer fram í heimaskóla nemenda undir leiðsögn æfingakennara. Vettvangsnámið er í formi athugana, verkefna og umræðna um tengsl fræða og starfs.
Mætingarskylda er í vettvangsnám og staðlotur.
Vettvangur:
Nemandinn sýni fram á þekkingu sína og færni á vettvangi, þar sem áhersla er á valda þætti innan barnabókmennta, tónmenntar, mynd- og textílmenntar og í samþættingu þessara listgreina. Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat:
Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum. Þeir þættir sem metnir eru til einkunnar eru: Ferilmappa, verkefni og vettvangsnám. Mætingarskylda er í vettvangsnám og staðlotur.
Lýsing á námsmati: Ferilmappa og verkefni sem sýna fram á þekkingu og færni nemandans í viðfangsefnum námskeiðsins. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám og staðlotur.

**LSF302G • Umhverfi sem uppspretta náms • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Norðdahl Lektor
Kennari: Gunnhildur Óskarsdóttir Dósent
Kennari: Hlín Helga Pálsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sólveig Hauksdóttir Aðjunkt
Kennari: Jónína Sæmundsdóttir Lektor
Kennari: Sigurlaug Bjarnadóttir
Markmið að kennaranemar:

- Geri sér grein fyrir hvernig kennarar geta nýtt umhverfi barna sem uppsprettu viðfangsefna á sviði náttúrufræða og stærðfræði.
- Þekki til rannsókna á hugmyndum og námi barna á sviði náttúrufræði, stærðfræði og hreyfingar.
- Kunni skil á áherslum og völdum inntaksþáttum í náttúrufræði- og stærðfræðinámi ungra barna.
- Hafi náttúrufræðilegan skilning á algengum þáttum í umhverfi barna.
- Geti notað fjölbreyttar leiðir til að styðja börn við að byggja upp skilning á; fjölda og magni, lífverum í nánasta umhverfi, vatni og lofti.
- Þekki markmið og leiðir með útikennslu og mikilvægi fjölbreyttra kennsluhátta.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi útivistar fyrir heilbrigði og nám barna.
- Kunni skil á því hvernig hreyfifærni barna þróast og leiðum til að flétta hreyfiþjálfun inn í daglegt skólastarf.
- Geti skipulagt námsumhverfi og kennslu sem felur í sér samþættingu námsgreina.

Viðfangsefni
Skoðað verður hvernig umhverfi barna getur gefið fjölbreytt tækifæri til náms í náttúrufræði og stærðfræði. Jafnframt verður hugað að mikilvægi útiveru og hreyfingar barna fyrir heilbrigði og þroska þeirra. Nemendur kynnast meginhugmyndum um útikennslu og verða tekin nokkur dæmi um heppileg viðfangsefni. Fjallað verður um náttúrufræðileg og stærðfræðileg fyrirbæri í umhverfi barna svo sem dýr, plöntur, form, fjölda, mynstur, vatn og loft. Fjallað verður um hreyfiþroska og gildi hreyfingar í daglegu lífi barna. Nemendur skoða gögn og leiðir sem nýta má við undirbúning og skipulagningu kennslu þar sem umhverfið er nýtt sem uppspretta náms í náttúrufræði og stærðfræði. Nemendur prófa valin viðfangsefni með börnum á vettvangi.
Námsmat byggist að hluta til á verkefnum þar sem nemendur vinna með heimildir, gera eigin athuganir og prófa leiðir í kennslu. Próf verður í lok námskeiðs. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5.0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSF303G • Listir í leikskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigríður Pálmadóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jóhanna Fjóla Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Valsdóttir Aðjunkt
Kennari: Svala Jónsdóttir Aðjunkt
Markmið: Að nemandinn:
- hafi öðlast færni í að leiða skapandi starf í leikskóla með áherslu á leiklist/leikræna tjáningu, myndmennt og tónmennt;
- hafi öðlast dýpri skilning á þekkingu og gildi listmenntunar í námi barna;
- hafi þroskað með sér tilfinningu og færni til að vinna með listgreinar á skapandi hátt;
- öðlist þekkingu og hæfni við skipulagningu þessara greina í leikskólastarfi og að meta hvaða leiðir eru færar.

Viðfangsefni
Fjallað verður um fræðasvið og rannsóknir innan, leikrænnar tjáningar, myndmennta og tónmennta.
Fjölbreyttar aðferðir myndmenntar verða kynntar með áherslu á þrívíðan efnivið. Unnið verður með og lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemandans með það fyrir augum að byggja ofan á fyrri þekkingu og færni í myndmennt.
Kynntar verða leiðir í leikrænni tjáningu sem tengjast umönnun, uppeldi og kennslu með áherslu á að efla jákvæð samskipti og tjáningaleiðir ungra barna.  Nemandinn fær þjálfun í samskiptum og í framsetningu efnis.
Nemandinn kynnist tónefni og aðferðum sem henta í vinnu með börnum í leikskóla með sérstaka áherslu á söngiðkun ungra barna.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, verkleg vinna, umræður og flutningur verkefna, ásamt tveggja vikna vettvangsnámi sem fer fram undir leiðsögn æfingakennara í leikskólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ. Tengsl við vettvang eru í formi verkefna þar sem nemandinn vinnur með þekkingu sína og færni og kemur með tillögur að leiðum varðandi þátt leiklistar/ leikrænnar tjáningar, myndmenntar og tónmenntar í leikskólastarfi.
Mætingarskylda er í þáttum námskeiðsins og einnig þeim sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Ferilmappa og verkefni sem sýna þekkingu og færni nemandans í viðfangsefnum námskeiðs. Verkefni námsþátta og verkefni á vettvangi verða metin til einkunnar og umsagnar. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSF304G • Leikskólafræði II - Leikur og samskipti • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Karlsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Guðrún Bjarnadóttir Aðjunkt
Kennari: Sólveig Hauksdóttir Aðjunkt
Kennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Markmið að nemandi:

- hafi dýpkað skilning sinn á alhliða þroska og námi leikskólabarns og hvernig leikskólakennari getur stutt við og örvað þessa þætti,
- geri sér grein fyrir mikilvægi umönnunar og leiks fyrir nám, félags- og samskiptafærni barna,
- hafi þekkingu á ólíkum kenningum og rannsóknum á leik barna og geti greint áhrif þeirra í leikskólastarfi,
- kunni skil á þróun leiks eftir aldri, þekki leiðir til að styrkja og þróa leikfærni barna, meta leikhæfni og leikaðstæður ásamt því að nálgast sjónarhorn barna,
- hafi þekkingu á mikilvægi samskipta og tengsla barna við önnur börn og fullorðna, ásamt hæfni í að mæta fjölbreyttum barnahópi

í leikskóla,

- verði fær um að nota athuganir og skráningu til þess að nálgast tilveru barna í leikskóla,
- þrói með sér gagnrýna hugsun og ígrundun til þess að geta rökstutt starf sitt.

Inntak/viðfangsefni:
Fjallað verður um hugmyndafræði sem gengur út frá barninu sem hæfileikaríku, þar sem áhugahvöt, upplifun, samskipti, vinátta og virkni eru meginhugtök. Skilgreininar á hinu barnslega eðli verða skoðaðar ásamt virkni barns í uppbyggingu eigin sjálfsmyndar og réttindum þess til að hafa áhrif á tilveru sína í leikskóla. Áhersla verður lögð á tengsl barnsins við þá aðila sem koma að umönnun, uppeldi og námi þess ásamt því að fjalla um margbreytileika barnahópsins. Fjallað verður um kenningar og síðtíma rannsóknir á leik og samskiptum barna, þróun leiks eftir aldri, mismunandi leikflokka og leiðir til þess að meta og styrkja leikumhverfi og leikfærni barna. Nemendur skoða, skrá og greina hvernig leikskólamenning skapar ákveðin skilyrði fyrir nám og þroska barns.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna. Hluti námskeiðs fer fram í leikskólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ og er 4e/2vikur, bæði stakir og samfelldir dagar. Tengs við vettvang eru í formi verkefna, athugana og umræðna. Nemendur þróa þekkingu sína og færni í vettvangstengdum verkefnum og fjalla fræðilega um tilveru barna í leikskóla
Námsmat: Verkefni, leiðarbók og próf. Mætingarskylda er í vettvangsnám.
Nauðsynleg undirstaða: Þroska- og námssálarfræði (GSF103G), Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun (LSF101G)
Skriflegt próf, verkefni á vettvangi og leiðarbókarskrif sem sýna þekkingu og færni nemanda á viðfangsefni námskeiðs.

**LSF401G • Leikskóli án aðgreiningar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrönn Pálmadóttir Lektor
Kennari: Elsa Sigríður Jónsdóttir Lektor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Markmiðið að nemandinn:

- hafi þekkingu og skilning á hvað hugmyndafræði náms án aðgreiningar (inclusive education) felur í sér,
- skoði eigin viðhorf til margbreytileikans í samfélaginu og geti rætt og rökstutt álitamál út frá mannréttindasjónarmiðum og félagslegu réttlæti.
- þekki rannsóknir á málefnum barna sem styðja þarf sérstaklega við í leikskólanum svo sem málefnum barna með fötlun, tvítyngdra barna og barna sem eiga í félagslegum erfiðleikum,
- þekki lög um barnavernd og hlutverk leikskólakennara í barnaverndarmálum,
- hafi þekkingu á athugunaraðferðum og færni í að skoða, greina og skipuleggja námsaðstæður barna og fjalla um þær á fræðilegan hátt,
- kunni aðferðir sem stuðla að því að öll börn njóti jafnræðis og geti tekið þátt í almennu leikskólastarfi.

Viðfangsefni:
Nemendur skoða og ræða ýmis siðferðileg álitamál sem lúta að réttindum minnihlutahópa. Fjallað verður um sögulegar forsendur náms án aðgreiningar og hvað mótar skilning á fötlun og frávikum. Einnig verður fjallað um rannsóknir, erlendar og innlendar, sem greina frá því með hvaða hætti leikskólinn kemur til móts við fjölbreyttan barnahóp t.d. börn með ólík móðurmál og trúarbrögð og tilheyra ólíkum menningarheimum, börn sem eru fötluð, börn sem eiga í hegðunar og samskiptaerfiðleikum og börn sem búa við vanrækslu og ofbeldi. Athugunaraðferðum, gerð einstaklingsnámskráa og kennsluaðferðum með getubreiðum barnahópi verða gerð skil. Áhersla er lögð á eftirfarandi hugtök: Sameiginleg ábyrgð, þátttaka, félagsfærni, leikur, samvinnunám, skipulag og stuðningur. Fjallað verður um samstarf leikskólans við foreldra og sérfræðinga, rekstraraðila og barnaverndaryfirvöld.
Nemendur fá tækifæri á vettvangi til að skipuleggja og framkvæma leikskólastarf með fjölbreyttum barnahópi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, verkefni og hópvinna.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat byggist á einstaklings- og hópverkefnum. Skilaskylda er í öllum verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt.

**LSF403G • Málþroski og þróun læsis • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Freyja Birgisdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir Lektor
Kennari: Elsa Sigríður Jónsdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins eru:
- að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðuatriðum í málþroska leikskólabarna og læsisþróun
- að nemendur kunni skil á helstu kenningum um máltöku barna og málþroska og átti sig á tengslum málþroska við aðra þroskaþætti, en einnig uppeldi, menningu og samfélag
- að nemendur þekki helstu kenningar um tvítyngi, s.s. táknmál heyrnarlausra og íslensku sem annað mál
- að nemendur kynnist fjölbreytilegum aðferðum til að örva og styðja mál barna, einnig barna með annað móðurmál en íslensku
- að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðurm til að efla þróun læsis
- að nemendur þekki til helstu málþroskafrávika sem vænta má á leikskólaaldri og hvenær ástæða er til að leita til sérfræðinga vegna málþroska barna
- að nemendur þekki til óhefðbundinna tjáskiptaaðferða í samskiptum við fötluð börn
- að nemendur verði færir um að beita þekkingu sinni á faglegan hátt með börnum í starfi sínu á vettvangi
Inntak / helstu viðfangsefni
- Kenningar um máltöku og málþroska. Þáttur erfða og umhverfis, uppeldis og menningar á þróun máls og læsis
- Þróun hljóða og framburðar, orðaforða, málfræði og setninga, frásagnarhæfni, svo og hljóð(kerfis)vitundar
- Þróun læsis á leikskólaárunum og fyrstu skólaárunum
- Tengsl málþroska, almenns þroska og læsisþróunar
- Þróun tvítyngis, einkum táknmáls og íslensku sem annars máls
- Markviss málörvun í skólastarfi; hlustun, orðaforði, samtöl, málskilningur, frásagnir, lestur og ritmálsþróun
- Helstu frávik í málþroska, s.s. seinkaður málþroski, fötlun og málþroski, stam málþroskaröskun, heyrnarskerðing, stam
- Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, s.s. Tákn með tali
Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna ásamt einnar viku vettvangsnámi (2e). Málathuganir og kennslutilraunir í leikskólum þar sem reynir

á tengingu viðfangsefna námskeiðsins við fjölbreytta miðlun á vettvangi. Vettvangsnámið fer fram undir leiðsögn æfingakennara (leikskólakennara).
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat:
Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum. Þeir þættir sem metnir eru til einkunnar eru: próf, verkefni og vettvangsnám. Mætingarskylda er í vettvangsnám.
Nauðsynleg undirstaða: Þroska- og námssálarfræði (GSS103G) eða Þroska- og námssálarfræði (GSF103G)
Lýsing á námsmati Skriflegt próf úr grunnlesefni. Málstofa. Einstaklings- og hópverkefni, meðala annars tengd vettvangsvinnu. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi.
Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSF501G • Á mótum leik og grunnskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Kennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Aðstoðarkennari: Sigríður Stefánsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið að nemar:
-þekki og hafi skilning á námi og kennslu barna á mótum skólastiga,
-þekki til rannsókna og þróunarstarfs á fræðasviði um tengsl milli skólastiga,
-geti greint sérstöðu hvors skólastigs fyrir sig og borið saman námskrár þeirra,
-geti fjallað um á fræðilegan hátt það sem einkennir skólastarf í leikskóla- og á yngsta stigi, grunnskóla.
Viðfangsefni á námskeiðinu eru hugmyndafræði og rannsóknir á námi barna þegar þau fara á milli skólastiga leik- og grunnskóla þar sem fram koma sjónarhorn barna, foreldra og kennara. Skoðað verður hvað samfella (continiuity) í námi barna felur í sér. Rýnt verður í þætti sem skapa forsendur fyrir skólastarfi s.s. saga, hefðir, viðhorf, menning og námskrár. Fjallað verður um leik sem námsleið barnsins og hugað sérstaklega að sköpun, byggingaleik og hlutverkaleik. Kynntar verða nálganir, í námi og kennslu, sem byggja á, rannsóknum og virkni barna, s.s. Reggio Emilia, könnunaraðferð, (project approach), söguaðferð, leikur með einingarkubba og heimspeki með börnum.
Vinnulag:
Haldnir verða fyrirlestrar og nemendur taka þátt í umræðum og verklegri vinnu. Nemendur lesa sér til um rannsóknir og kynnast mismunandi nálgunum í námi og kennslu beggja skólastiga. Þeir nemendur námskeiðsins sem hafa valið yngra stig grunnskólans fara í vettvangsnám í leikskólann og kynna sér skólastarf þar. Nemendur á leikskólaleið kynna sér skólastarf í fyrsta bekk grunnskólans. Að vettvangsnámi loknu verða haldnar málstofur þar sem nemendur kynna og ræða athuganir sínar á vettvangi.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi í lok námskeiðs. Skilaskylda er á öllum verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt. Verkefnin verða í formi vettvangsskýrslu, málstofu og rannsóknarverkefnis þar sem nemendur dýpka þekkingu sína á tiltekinni kennsluaðferð/nálgun að eigin vali, kynna sér framkvæmd hennar og gera henni skil fræðilega.

**LSF502G • Leikskólafræði III - Fagmennska og uppeldissýn • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Bryndís Garðarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Kennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Aðstoðarkennari: Sigríður Stefánsdóttir Verkefnisstjóri
Meginmarkmið námskeiðsins eru að leikskólakennaraneminn:

- hafi tileinkað sér þekkingu á þeim meginstraumum sem unnið er samkvæmt í leikskólum nú um stundir og hafi færni í að tengja kenningar við stefnumörkun leikskóla,
- hafi öðlast skilning á hlutverki og starfi leikskólakennara og geri sér grein fyrir þeim þáttum sem móta leikskólakennarastarfið. hafi tamið sér gagnrýna hugsun og eflt með sér sjálfstæða afstöðu til viðfangsefna sinna,
- geti greint og tekist á við siðferðileg vandmál sem upp koma í starfi,
- geti ígrundað eigin hugmyndir og viðhorf og þannig skoðað og mótað faglega uppeldissýn og starfskenningu.

Inntak /viðfangsefni:
Fjallað verður um helstu hugmyndastrauma sem hafa áhrif á leikskólastarf í dag, einkum kenningar Dewey, Hugsmíðahyggjunnar og síðtímahugmynda um leikskólastarfs. Áhrif stefnu og fræða á leikskólakennarastarfið verða íhuguð; nemendur velta fyrir sér hvar í leikskólastarfinu áhrifa þessara kenninga gætir og hver þáttur uppeldisstefna er í mótun starfshátta. Fjallað verður um skólanámskrár: Skoðað hvernig leikskólakennarar nýta hugmyndafræði og kenningar við stefnumörkun og mótun skólanámskrár og tengsl markmiðssetningar, áætlunargerðar og mats. Fjallað verður um hlutverk og starf leikskólakennarans: Þá þætti sem móta og hafa áhrif á þróun kennarans í starfi og einnig hvernig viðhorf og hugmyndafræði leikskólakennarans mótar starfið og þá stefnu sem unnið er eftir. Fjallað verður um fagmennsku, starfslýsingar, siðfræði og siðareglur og eðli leikskólakennarastarfsins og m.a. beint sjónum að samstarfi leikskólakennarans við heimilin, annað starfsfólk og fagfólk. Jafnhliða er lögð áhersla á gagnrýna afstöðu nemandans til ofangreindra efnisþátta og þannig stuðlað að þróun eigin starfskenningar.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og málstofur.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Nauðsynleg undirstaða: Þroska- og námssálarfræði (GSS103G) eða Þroska- og námssálarfræði (GSF103G), Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun (LSS101G) eða Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun (LSF101G), Leikskólafræði II - Leikur og samskipti (LSS305G) eða Leikskólafræði II - Leikur og samskipti (LSF304G)
Námsmat: Kynning á fræðilegri tímaritsgrein sem tengist efni námskeiðsins 15%. Greining á stefnum og námskrám í tengslum við vettvangsnám 35%. Skriflegt próf 50 %.

**LSF601G • Náttúra, samfélag og listir í leikskóla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Kristín Norðdahl Lektor
Markmið að nemandinn:
- geri sér grein fyrir gildi þess að fjalla um og nota náttúru, samfélag og listir með börnum í leikskóla.

- þekki til forhugmynda barna um náttúru og mannlíf og leiða til hjálpa börnum að þróa skilning sinn á þessu t.d. með umræðum, tilraunum og athugunum, leiklist/leikrænni tjáningu, myndsköpun og tónlist.
- kunni skil á völdum viðfangsefnum í náttúrufræði, samfélagsfræði og listum.
- öðlist færni í að fjalla um náttúru, samfélag og listir í leikskólastarfi.
- þekki leiðir til að nota náttúruna og samfélagið sem uppsprettu listsköpunar.
- þekki til helstu vandamála sem upp hafa komið í samskiptum manns og náttúru.
- kunni skil á uppeldi til sjálfbærrar þróunar og um mikilvægi þess að börn fái að njóta náttúrunnar, læri um nýtingu náttúru og umhverfis gegnum tíðina og læri að leita leiða til lausnar vandamálum.

Viðfangsefni:
Rætt verður um gildi þess að fjalla um náttúru,samfélag og listir með börnum á leikskólaaldri. Nemendur kynnast því hvernig börn hugsa um náttúruna, samfélag manna og fjölbreytileika mannlífsins og hvernig best megi styðja við nám þeirra. Áhersla verður lögð á áþreifanleg viðfangsefni, svo sem tilraunir og athuganir á ljósi, hljóði, hreyfingu, seglum, rafmagni, mannslíkamanum, fræjum og smádýrum. Einnig verður fjallað um gildi gæludýra í uppeldi barna, svo og um spendýr, fugla og um lífríki fjörunnar. Fjallað verður um samskipti manns og náttúru með tilliti til umhverfisvandamála, svo og fjölbreytileika samfélaga, nútímann og fortíðina. Um mikilvægi umhverfismenntar og uppeldi í anda sjálfbærrar þróunar. Einnig um mikilvægi þess að börn fái að njóta náttúrunnar, læri um nýtingu náttúru og umhverfis í gegnum tíðina og læri að leita lausna á vandamálum sem snerta sambúð manns og náttúru. Lögð verður áhersla á náttúruskynjun og fagurfræði og hvernig vinna má með náttúru og samfélag í myndlist með börnum. Fjallað verður um hvernig megi ræða um viðfangsefni tengd náttúru og samfélagi í leikrænni tjáningu svo sem í; hlutverkaleik, hefðbundnum leikjum og spuna þ.e.a.s. úrvinnslu skynjunar, upplifunar, tilfinninga og hugmynda í sköpun og leik.
Námsmat byggist á verkefnum þar sem nemendur, vinna með heimildir, gera eigin athuganir, vinna verklegt og prófa leiðir í kennslu. Einnig vinna þeir ferlimöppu. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5.0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSF602G • Samskipti, samstarf og stjórnun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gyða Jóhannsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Arna Hólmfríður Jónsdóttir Lektor
Markmiðið með námskeiðinu er tvíþætt: Í fyrsta lagi að nemendur öðlist þekkingu og skilning á fræðilegum hugmyndum um þroskamöguleika starfsfólksins í leikskólanum og hæfni þess til samvinnu og náms. Í öðru lagi að nemendur tileinki sér þekkingu á helstu kenningum um hlutverk stjórnenda, leikskólann sem stofnun og námssamfélag svo og tengsl hans við ýmsa aðila og stofnanir.
Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- hafa gert sér grein fyrir mikilvægi árangursríkra samskipta í starfi, eigin samskiptastíl og leiðum til að efla hann,
- geta greint samskiptavandamál í leikskólanum og hafa úrræði á valdi sínu til að takast á við þau,
- þekkja námsferli fullorðinna og hlutverk stjórnenda við að skapa námsumhverfi í leikskólanum,
- hafa öðlast þekkingu á áhrifum kyngervis á stjórnun menntastofnana,
- geta verið í forystuteymi innan leikskóla í breytingarferli og virkjað samstarfsfólk til þátttöku og samstarfs,
- hafa öðlast þekkingu á faglegu og rekstrarlegu hlutverki stjórnenda og helstu daglegu verkefnum,
- gera sér sérstaka grein fyrir hlutverki og verkefnum deildarstjóra í leikskóla og geta tekið það hlutverk að sér, með leiðsögn/handleiðslu,
- hafa aukið hæfni sína við að taka erfið viðtöl við samstarfsfólk og foreldra,
- hafa öðlast heildarsýn á stöðu barns í leikskóla og þar með þær stofnanir og aðila sem eru í samstarfi við leikskólann,
- geta tekist á við forystuhlutverk í leikskóla í tengslum við fjölmenningu, nám án aðgreiningar og snemmtæka íhlutun.

Inntak/viðfangsefni. Fjallað verður um persónulega þróun og fagvitund starfsfólks, kenningar um nám fullorðinna og árangursrík samskipti í starfsmannahópnum. Sérstaklega verður horft á breytingarferlið og hvernig einstaklingar takast á við það. Fjallað verður um faglegt og rekstrarlegt hlutverk stjórnanda, skólamenningu, mótun teymis, þátttöku í ákvörðunum og ágreiningsstjórnun. Gerð verður grein fyrir helstu verkefnum og ábyrgð deildarstjóra, nemendur verða þjálfaðir í að taka erfið viðtöl við starfsfólk og foreldra og stjórna fundum. Í vettvangsnámi munu nemendur m.a. framkvæma athuganir og greiningu í tengslum við námsefni og halda leiðarbók.
Vinnulag: Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum, málstofum, æfingum og hlutverkaleikjum.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Leiðarbók nemenda í vettvangsnámi, verkefni um samskipti, málstofuverkefni.

**LSS101G • Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Bryndís Garðarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Karlsdóttir Lektor
Markmið námskeiðs er að nemendur:

- hafi þekkingu á hugmyndafræði leikskólauppeldis, sögu og þróun leikskólastarfs,
- hafi gert sér grein fyrir hlutverki og stöðu leikskólans í íslensku menntakerfi,
- hafi þekkingu og innsýn í námskrá og starfshætti í leikskóla,
- leggji grunn að faglegri starfskenningu sinni,
- hafi færni í að skipuleggja nám og námsumhverfi barna í leikskóla,
- hafi færni í að greina, ræða og fjalla á fræðilegan hátt um starf í leikskóla, námsumhverfi og hlutverk leikskólakennara,
- hafi þekkingu á mikilvægi heilbrigðis og heilbrigðra lífshátta fyrir börn ásamt samspili næringar og heilsufars,
- kunni nokkur skil á möguleikum tölvu- og upplýsingatækni í eigin námi.

**Inntak/viðfangsefni:**
Lögð er áhersla á að kynna starfsvettvang leikskólakennara og starfshætti í leikskóla. Fjallað er um hugmyndafræði og sögu leikskólauppeldis, uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, kennslufræðileg hugtök, s.s. námskrá, forsendur skipulags, markmið, inntak og leiðir í leikskólastarfi, sýn á börn, umönnun, réttindi allra barna til leikskóla og samstarf heimilis og leikskóla. M.a. er rýnt í lög um leikskóla, reglugerð, aðalnámskrá og önnur lög og samþykktir er lúta að réttindum barna ásamt hlutverki leikskólakennara í að skapa námsumhverfi og skipuleggja starf í leikskóla, sem byggir á fagmennsku og fræðilegri þekkingu. Þá er fjallað um helstu þætti er viðkoma

heilbrigði og heilsufari barna ásamt því að skoða mataræði og næringarþörf þeirra. Fjallað er um þátt upplýsingatækni og miðlunar í eigin námi.
**Vinnulag:**
Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna ásamt tveggja vikna vettvangsnámi (4e). Vettvangsnám fer fram í leikskólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ. Tengsl við vettvang eru í formi verkefna, athugana og umræðna um tengsl fræða og starfs, ásamt því að hluti námskeiðs fer fram á vettvangi undir leiðsögn æfingakennara (leikskólakennara). Lögð er áhersla á að nemendur tengi eigin viðhorf og reynslu við rannsóknir á leikskólastarfi.
**Námsmat:**
Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum. Þeir þættir sem metnir eru til einkunnar eru: verkefni, leiðarbók, vettvangsnám og próf. **Mætingarskylda er í vettvangsnám.**
Verkefni á vettvangi, leiðarbókarskrif og próf sem sýna þekkingu og færni nemanda á viðfangsefni námskeiðs.Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingaskylda er í vettvangsnám.

**LSS201G • Listir og barnamenning • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Svala Jónsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir Lektor
Kennari: Sigríður Pálmadóttir Lektor
Kennari: Arngunnur Sigurþórsdóttir
Markmið: Að nemandinn

- öðlist þá færni og þekkingu sem nauðsynleg er til að geta unnið með barnabókmenntir, myndmennt, textílmennt og tónmennt sem náms- og þroskaleið í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskólans.
- kunni skil á helstu kennsluaðferðum sem byggja á skapandi vinnu með ungum börnum og geti beitt þeim í starfi sínu.
- öðlist þekkingu á fræðasviðinu barnabókmenntir, mynd- og textílmennt og tónmennt með eigin þroska að leiðarljósi og vinnu með yngri börnum í huga.
- sýni að hann hafi tileinkað sér víðsýni og frumleika og geti beitt skapandi hugsun í eigin verkefnavinnu og starfi með ungum börnum.

Viðfangsefni:
Fjallað verður um fræðasvið og rannsóknir innan barnabókmennta, mynd- og textílmenntar og tónmenntar.
Nemandinn fær innsýn í barnabókmenntir sem sérstaka bókmenntagrein og mikilvægan hluta barnamenningar og sameiginlegrar menningarvitundar. Einnig mun hann kynnast fjölbreyttum barnabókmenntum og kveðskap sem grundvelli upplifunar, orðlistar, sköpunar, tjáningar og miðlunar.
Fjölbreyttar aðferðir myndsköpunar verða kynntar með áherslu á einfalda tækni innan mynd-og textílmennta.
Nemandinn kynnist tónlistaruppeldi ungra barna út frá söng, hlustun, notkun einfaldra hljóðfæra og hreyfingar.
Nemandinn vinnur með orð, mynd og tóna sem grundvöll upplifunar og til að fá þjálfun í að túlka reynslu sína á fjölbreyttan hátt í samspili valdra námsþátta.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, verkefni, verkleg vinna, umræður og flutningur verkefna og einnar viku vettvangsnám (2e). Vettvangsnám fer fram í heimaskóla nemenda undir leiðsögn æfingakennara. Vettvangsnámið er í formi athugana, verkefna og umræðna um tengsl fræða og starfs. Mætingarskylda er í vettvangsnám.
Vettvangur:
Nemandinn sýni fram á þekkingu sína og færni á vettvangi, þar sem áhersla er á valda þætti innan barnabókmennta, tónmenntar, mynd- og textílmenntar og í samþættingu þessara listgreina. Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat:
Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum. Þeir þættir sem metnir eru til einkunnar eru: Ferilmappa, verkefni og vettvangsnám. Mætingarskylda er í vettvangsnám.
Lýsing á námsmati: Ferilmappa og verkefni sem sýna fram á þekkingu og færni nemandans í viðfangsefnum námskeiðsins. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSS302G • Umhverfi sem uppspretta náms • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Norðdahl Lektor
Kennari: Gunnhildur Óskarsdóttir Dósent
Kennari: Hlín Helga Pálsdóttir Aðjunkt
Kennari: Sólveig Hauksdóttir Aðjunkt
Kennari: Jónína Sæmundsdóttir Lektor
Kennari: Sigurlaug Bjarnadóttir
Markmið að kennaranemar:

- Geri sér grein fyrir hvernig kennarar geta nýtt umhverfi barna sem uppsprettu viðfangsefna á sviði náttúrufræða og stærðfræði.
- Þekki til rannsókna á hugmyndum og námi barna á sviði náttúrufræði, stærðfræði og hreyfingar.
- Kunni skil á áherslum og völdum inntaksþáttum í náttúrufræði- og stærðfræðinámi ungra barna.
- Hafi náttúrufræðilegan skilning á algengum þáttum í umhverfi barna.
- Geti notað fjölbreyttar leiðir til að styðja börn við að byggja upp skilning á; fjölda og magni, lífverum í nánasta umhverfi, vatni og lofti.
- Þekki markmið og leiðir með útikennslu og mikilvægi fjölbreyttra kennsluhátta.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi útivistar fyrir heilbrigði og nám barna.
- Kunni skil á því hvernig hreyfifærni barna þróast og leiðum til að flétta hreyfiþjálfun inn í daglegt skólastarf.
- Geti skipulagt námsumhverfi og kennslu sem felur í sér samþættingu námsgreina.

Viðfangsefni
Skoðað verður hvernig umhverfi barna getur gefið fjölbreytt tækifæri til náms í náttúrufræði og stærðfræði. Jafnframt verður hugað að mikilvægi útiveru og hreyfingar barna fyrir heilbrigði og þroska þeirra. Nemendur kynnast meginhugmyndum um útikennslu og verða tekin nokkur dæmi um heppileg viðfangsefni. Fjallað verður um náttúrufræðileg og stærðfræðileg fyrirbæri í umhverfi barna svo sem dýr, plöntur, form, fjölda, mynstur, vatn og loft. Fjallað verður um hreyfiþroska og gildi hreyfingar í daglegu lífi barna. Nemendur skoða gögn og leiðir sem nýta má við undirbúning og skipulagningu kennslu þar sem umhverfið er nýtt sem uppspretta náms í náttúrufræði og stærðfræði. Nemendur prófa valin viðfangsefni með börnum á vettvangi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, kynningar, umræður, verklegar æfingar, vettvangsferðir, verkefnavinna, skólaheimsóknir og eins viku vettvangsnám (2e). Vettvangsnámið fer fram í skólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ undir leiðsögn æfingarkennara.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat byggist að hluta til á verkefnum þar sem nemendur vinna með heimildir, gera eigin athuganir og prófa leiðir í kennslu. Próf verður í lok námskeiðs. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5.0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSS304G • Listir í leikskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigríður Pálmadóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jóhanna Fjóla Ólafsdóttir Lektor
Kennari: Kristín Valsdóttir Aðjunkt
Kennari: Svala Jónsdóttir Aðjunkt
Markmið: Að nemandinn:
- hafi öðlast færni í að leiða skapandi starf í leikskóla með áherslu á leiklist/leikræna tjáningu, myndmennt og tónmennt;
- hafi öðlast dýpri skilning á þekkingu og gildi listmenntunar í námi barna;
- hafi þroskað með sér tilfinningu og færni til að vinna með listgreinar á skapandi hátt;
- öðlist þekkingu og hæfni við skipulagningu þessara greina í leikskólastarfi og að meta hvaða leiðir eru færar.

Viðfangsefni
Fjallað verður um fræðasvið og rannsóknir innan, leikrænnar tjáningar, myndmennta og tónmennta.
Fjölbreyttar aðferðir myndmenntar verða kynntar með áherslu á þrívíðan efnivið. Unnið verður með og lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemandans með það fyrir augum að byggja ofan á fyrri þekkingu og færni í myndmennt.
Kynntar verða leiðir í leikrænni tjáningu sem tengjast umönnun, uppeldi og kennslu með áherslu á að efla jákvæð samskipti og tjáningaleiðir ungra barna. Nemandinn fær þjálfun í samskiptum og í framsetningu efnis.
Nemandinn kynnist tónefni og aðferðum sem henta í vinnu með börnum í leikskóla með sérstaka áherslu á söngiðkun ungra barna.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, verkleg vinna, umræður og flutningur verkefna, ásamt tveggja vikna vettvangsnámi sem fer fram undir leiðsögn æfingakennara í leikskólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ. Tengsl við vettvang eru í formi verkefna þar sem nemandinn vinnur með þekkingu sína og færni og kemur með tillögur að leiðum varðandi þátt leiklistar/ leikrænnar tjáningar, myndmenntar og tónmenntar í leikskólastarfi.
Mætingarskylda er í þáttum námskeiðsins og einnig þeim sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Ferilmappa og verkefni sem sýna þekkingu og færni nemandans í viðfangsefnum námskeiðs. Verkefni námsþátta og verkefni á vettvangi verða metin til einkunnar og umsagnar. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSS305G • Leikskólafræði II - Leikur og samskipti • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Karlsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Guðrún Bjarnadóttir Aðjunkt
Kennari: Sólveig Hauksdóttir Aðjunkt
Kennari: Anna Sigríður Ólafsdóttir Lektor
Markmið að nemandi:

- hafi dýpkað skilning sinn á alhliða þroska og námi leikskólabarns og hvernig leikskólakennari getur stutt við og örvað þessa þætti,
- geri sér grein fyrir mikilvægi umönnunar og leiks fyrir nám, félags- og samskiptafærni barna,
- hafi þekkingu á ólíkum kenningum og rannsóknum á leik barna og geti greint áhrif þeirra í leikskólastarfi,
- kunni skil á þróun leiks eftir aldri, þekki leiðir til að styrkja og þróa leikfærni barna, meta leikhæfni og leikaðstæður ásamt því að nálgast sjónarhorn barna,
- hafi þekkingu á mikilvægi samskipta og tengsla barna við önnur börn og fullorðna, ásamt hæfni í að mæta fjölbreyttum barnahópi í leikskóla,
- verði fær um að nota athuganir og skráningu til þess að nálgast tilveru barna í leikskóla,
- þrói með sér gagnrýna hugsun og ígrundun til þess að geta rökstutt starf sitt.

Inntak/viðfangsefni:
Fjallað verður um hugmyndafræði sem gengur út frá barninu sem hæfileikaríku, þar sem áhugahvöt, upplifun, samskipti, vinátta og virkni eru meginhugtök. Skilgreininar á hinu barnslega eðli verða skoðaðar ásamt virkni barns í uppbyggingu eigin sjálfsmyndar og réttindum þess til að hafa áhrif á tilveru sína í leikskóla. Áhersla verður lögð á tengsl barnsins við þá aðila sem koma að umönnun, uppeldi og námi þess ásamt því að fjalla um margbreytileika barnahópsins. Fjallað verður um kenningar og síðtíma rannsóknir á leik og samskiptum barna, þróun leiks eftir aldri, mismunandi leikflokka og leiðir til þess að meta og styrkja leikumhverfi og leikfærni barna. Nemendur skoða, skrá og greina hvernig leikskólamenning skapar ákveðin skilyrði fyrir nám og þroska barns.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna. Hluti námskeiðs fer fram í leikskólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ og er 4e/2vikur, bæði stakir og samfelldir dagar. Tengs við vettvang eru í formi verkefna, athugana og umræðna. Nemendur þróa þekkingu sína og færni í vettvangstengdum verkefnum og fjalla fræðilega um tilveru barna í leikskóla
Námsmat: Verkefni, leiðarbók og próf. Mætingarskylda er í vettvangsnám.
Nauðsynleg undirstaða: Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun (LSS101G)
Skriflegt próf, verkefni á vettvangi og leiðarbókarskrif sem sýna þekkingu og færni nemanda á viðfangsefni námskeiðs.

**LSS401G • Leikskóli án aðgreiningar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrönn Pálmadóttir Lektor
Kennari: Elsa Sigríður Jónsdóttir Lektor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Markmiðið að nemandinn:

- hafi þekkingu og skilning á hvað hugmyndafræði náms án aðgreiningar (inclusive education) felur í sér,
- skoði eigin viðhorf til margbreytileikans í samfélaginu og geti rætt og rökstutt álitamál út frá mannréttindasjónarmiðum og félagslegu réttlæti,
- þekki rannsóknir á málefnum barna sem styðja þarf sérstaklega við í leikskólanum svo sem málefnum barna með fötlun, tvítyngdra barna og barna sem eiga í félagslegum erfiðleikum,
- þekki lög um barnavernd og hlutverk leikskólakennara í barnaverndarmálum,
- hafi þekkingu á athugunaraðferðum og færni í að skoða, greina og skipuleggja námsaðstæður barna og fjalla um þær á fræðilegan hátt,
- kunni aðferðir sem stuðla að því að öll börn njóti jafnræðis og geti tekið þátt í almennu leikskólastarfi.

Viðfangsefni:
Nemendur skoða og ræða ýmis siðferðileg álitamál sem lúta að réttindum minnihlutahópa. Fjallað verður um sögulegar forsendur náms án aðgreiningar og hvað mótar skilning á fötlun og frávikum. Einnig verður fjallað um rannsóknir, erlendar og innlendar, sem greina frá því með hvaða hætti leikskólinn kemur til móts við fjölbreyttan barnahóp t.d. börn með ólík móðurmál og trúarbrögð og tilheyra ólíkum menningarheimum, börn sem eru fötluð, börn sem eiga í hegðunar og samskiptaerfiðleikum og börn sem búa við vanrækslu og ofbeldi. Athugunaraðferðum, gerð einstaklingsnámskráa og kennsluaðferðum með getubreiðum barnahópi verða gerð skil. Áhersla er lögð á eftirfarandi hugtök: Sameiginleg ábyrgð, þátttaka, félagsfærni, leikur, samvinnunám, skipulag og stuðningur. Fjallað verður um samstarf leikskólans við foreldra og sérfræðinga, rekstraraðila og barnaverndaryfirvöld.
Nemendur fá tækifæri á vettvangi til að skipuleggja og framkvæma leikskólastarf með fjölbreyttum barnahópi.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður, verkefni og hópvinna.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat byggist á einstaklings- og hópverkefnum. Skilaskylda er í öllum verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt.

**LSS402G • Málþroski og þróun læsis • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Freyja Birgisdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir Lektor
Kennari: Elsa Sigríður Jónsdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins eru:
- að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðuatriðum í málþroska leikskólabarna og læsisþróun
- að nemendur kunni skil á helstu kenningum um máltöku barna og málþroska og átti sig á tengslum málþroska við aðra þroskaþætti, en einnig uppeldi, menningu og samfélag
- að nemendur þekki helstu kenningar um tvítyngi, s.s. táknmál heyrnarlausra og íslensku sem annað mál
- að nemendur kynnist fjölbreytilegum aðferðum til að örva og styðja mál barna, einnig barna með annað móðurmál en íslensku
- að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðurm til að efla þróun læsis
- að nemendur þekki til helstu málþroskafrávika sem vænta má á leikskólaaldri og hvenær ástæða er til að leita til sérfræðinga vegna málþroska barna
- að nemendur þekki til óhefðbundinna tjáskiptaaðferða í samskiptum við fötluð börn
- að nemendur verði færir um að beita þekkingu sinni á faglegan hátt með börnum í starfi sínu á vettvangi

Inntak / helstu viðfangsefni
- Kenningar um máltöku og málþroska. Þáttur erfða og umhverfis, uppeldis og menningar á þróun máls og læsis
- Þróun hljóða og framburðar, orðaforða, málfræði og setninga, frásagnarhæfni, svo og hljóð(kerfis)vitundar
- Þróun læsis á leikskólaárunum og fyrstu skólaárunum
- Tengsl málþroska, almenns þroska og læsisþróunar
- Þróun tvítyngis, einkum táknmáls og íslensku sem annars máls
- Markviss málörvun í skólastarfi; hlustun, orðaforði, samtöl, málskilningur, frásagnir, lestur og ritmálsþróun
- Helstu frávik í málþroska, s.s. seinkaður málþroski, fötlun og málþroski, stam málþroskaröskun, heyrnarskerðing, stam
- Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, s.s. Tákn með tali

Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna ásamt einnar viku vettvangsnámi (2e). Málathuganir og kennslutilraunir í leikskólum þar sem reynir á tengingu viðfangsefna námskeiðsins við fjölbreytta miðlun á vettvangi. Vettvangsnámið fer fram undir leiðsögn æfingakennara (leikskólakennara).
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat:
Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum. Þeir þættir sem metnir eru til einkunnar eru: próf, verkefni og vettvangsnám. Mætingarskylda er í vettvangsnám.
Nauðsynleg undirstaða: Þroska- og námssálarfræði (GSS103G) eða Þroska- og námssálarfræði (GSF103G)
Lýsing á námsmati Skriflegt próf úr grunnlesefni. Málstofa. Einstaklings- og hópverkefni, meðala annars tengd vettvangsvinnu. Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5,0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSS501G • Á mótum leik og grunnskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Kennari: Guðbjörg Pálsdóttir Lektor
Aðstoðarkennari: Sigríður Stefánsdóttir Verkefnisstjóri
Markmið að nemar:
-þekki og hafi skilning á námi og kennslu barna á mótum skólastiga,

-þekki til rannsókna og þróunarstarfs á fræðasviði um tengsl milli skólastiga,
-geti greint sérstöðu hvors skólastigs fyrir sig og borið saman námskrár þeirra,
-geti fjallað um á fræðilegan hátt það sem einkennir skólastarf í leikskóla- og á yngsta stigi, grunnskóla.
Viðfangsefni á námskeiðinu eru hugmyndafræði og rannsóknir á námi barna þegar þau fara á milli skólastiga leik- og grunnskóla þar sem fram koma sjónarhorn barna, foreldra og kennara. Skoðað verður hvað samfella (continiuity) í námi barna felur í sér. Rýnt verður í þætti sem skapa forsendur fyrir skólastarfi s.s. saga, hefðir, viðhorf, menning og námskrár. Fjallað verður um leik sem námsleið barnsins og hugað sérstaklega að sköpun, byggingaleik og hlutverkaleik. Kynntar verða nálganir, í námi og kennslu, sem byggja á, rannsóknum og virkni barna, s.s. Reggio Emilia, könnunaraðferð, (project approach), söguaðferð, leikur með einingarkubba og heimspeki með börnum.
Vinnulag:
Haldnir verða fyrirlestrar og nemendur taka þátt í umræðum og verklegri vinnu. Nemendur lesa sér til um rannsóknir og kynnast mismunandi nálgunum í námi og kennslu beggja skólastiga. Þeir nemendur námskeiðsins sem hafa valið yngra stig grunnskólans fara í vettvangsnám í leikskólann og kynna sér skólastarf þar. Nemendur á leikskólaleið kynna sér skólastarf í fyrsta bekk grunnskólans. Að vettvangsnámi loknu verða haldnar málstofur þar sem nemendur kynna og ræða athuganir sínar á vettvangi.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi í lok námskeiðs. Skilaskylda er á öllum verkefnum og ljúka þarf vettvangsnámi á fullnægjandi hátt. Verkefnin verða í formi vettvangsskýrslu, málstofu og rannsóknarverkefnis þar sem nemendur dýpka þekkingu sína á tiltekinni kennsluaðferð/nálgun að eigin vali, kynna sér framkvæmd hennar og gera henni skil fræðilega.

**LSS502G • Leikskólafræði III - Fagmennska og uppeldissýn • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Bryndís Garðarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Kennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Aðstoðarkennari: Sigríður Stefánsdóttir Verkefnisstjóri
Meginmarkmið námskeiðsins eru að leikskólakennaraneminn:
hafi tileinkað sér þekkingu á þeim meginstraumum sem unnið er samkvæmt í leikskólum nú um stundir og hafi færni í að tengja kenningar við stefnumörkun leikskóla,
hafi öðlast skilning á hlutverki og starfi leikskólakennara og geri sér grein fyrir þeim þáttum sem móta leikskólakennarastarfið.
hafi tamið sér gagnrýna hugsun og eflt með sér sjálfstæða afstöðu til viðfangsefna sinna,
geti greint og tekist á við siðferðileg vandmál sem upp koma í starfi,
geti ígrundað eigin hugmyndir og viðhorf og þannig skoðað og mótað faglega uppeldissýn og starfskenningu.
Inntak /viðfangsefni:
Fjallað verður um helstu hugmyndastrauma sem hafa áhrif á leikskólastarf í dag, einkum kenningar Dewey, Hugsmíðahyggjunnar og síðtímahugmynda um leikskólastarfs. Áhrif stefnu og fræða á leikskólakennarastarfið verða íhuguð; nemendur velta fyrir sér hvar í leikskólastarfinu áhrifa þessara kenninga gætir og hver þáttur uppeldisstefna er í mótun starfshátta. Fjallað verður um skólanámskrár: Skoðað hvernig leikskólakennarar nýta hugmyndafræði og kenningar við stefnumörkun og mótun skólanámskrár og tengsl markmiðssetningar, áætlunargerðar og mats. Fjallað verður um hlutverk og starf leikskólakennarans: Þá þætti sem móta og hafa áhrif á þróun kennarans í starfi og einnig hvernig viðhorf og hugmyndafræði leikskólakennarans mótar starfið og þá stefnu sem unnið er eftir. Fjallað verður um fagmennsku, starfslýsingar, siðfræði og siðareglur og eðli leikskólakennarastarfsins og m.a. beint sjónum að samstarfi leikskólakennarans við heimilin, annað starfsfólk og fagfólk. Jafnhliða er lögð áhersla á gagnrýna afstöðu nemandans til ofangreindra efnisþátta og þannig stuðlað að þróun eigin starfskenningar.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, umræður og málstofur.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Nauðsynleg undirstaða: Þroska- og námssálarfræði (GSS103G) eða Þroska- og námssálarfræði (GSF103G), Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun (LSS101G) eða Leikskólafræði I - Leikskólinn sem menntastofnun (LSF101G)
Æskileg undirstaða: Leikskólafræði II - Leikur og samskipti (LSS305G) eða Leikskólafræði II - Leikur og samskipti (LSF304G)
Námsmat: Kynning á fræðilegri tímaritsgrein sem tengist efni námskeiðsins 15%. Greining á stefnum og námskrám í tengslum við vettvangsnám 35%. Skriflegt próf 50 %.

**LSS602G • Náttúra, samfélag og listir í leikskóla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Umsjónarkennari: Kristín Norðdahl Lektor
Kennari: Hanna Ragnarsdóttir Dósent
Markmið að nemandinn:

- geri sér grein fyrir gildi þess að fjalla um og nota náttúru, samfélag og listir með börnum í leikskóla.
- þekki til forhugmynda barna um náttúru og mannlíf og leiða til hjálpa börnum að þróa skilning sinn á þessu t.d. með umræðum, tilraunum og athugunum, leiklist/leikrænni tjáningu, myndsköpun og tónlist.
- kunni skil á völdum viðfangsefnum í náttúrufræði, samfélagsfræði og listum.
- öðlist færni í að fjalla um náttúru, samfélag og listir í leikskólastarfi.
- þekki leiðir til að nota náttúruna og samfélagið sem uppsprettu listsköpunar.
- þekki til helstu vandamála sem upp hafa komið í samskiptum manns og náttúru.
- kunni skil á uppeldi til sjálfbærrar þróunar og um mikilvægi þess að börn fái að njóta náttúrunnar, læri um nýtingu náttúru og umhverfis gegnum tíðina og læri að leita leiða til lausnar vandamálum.

Viðfangsefni:
Rætt verður um gildi þess að fjalla um náttúru,samfélag og listir með börnum á leikskólaaldri. Nemendur kynnast því hvernig börn hugsa um náttúruna, samfélag manna og fjölbreytileika mannlífsins og hvernig best megi styðja við nám þeirra. Áhersla verður lögð á áþreifanleg viðfangsefni, svo sem tilraunir og athuganir á ljósi, hljóði, hreyfingu, seglum, rafmagni, mannslíkamanum, fræjum og smádýrum. Einnig verður fjallað um gildi gæludýra í uppeldi barna, svo og um spendýr, fugla og um lífríki fjörunnar. Fjallað verður um samskipti manns og náttúru með tilliti til umhverfisvandamála, svo og fjölbreytileika samfélaga, nútímann og fortíðina. Um mikilvægi umhverfismenntar og uppeldi í anda sjálfbærrar þróunar. Einnig um mikilvægi þess að börn fái að njóta náttúrunnar, læri um nýtingu náttúru og umhverfis í gegnum tíðina og læri að leita lausna á vandamálum sem snerta sambúð manns og náttúru. Lögð verður áhersla á náttúruskynjun og

fagurfræði og hvernig vinna má með náttúru og samfélag í myndlist með börnum. Fjallað verður um hvernig megi ræða um viðfangsefni tengd náttúru og samfélagi í leikrænni tjáningu svo sem í; hlutverkaleik, hefðbundnum leikjum og spuna þ.e.a.s. úrvinnslu skynjunar, upplifunar, tilfinninga og hugmynda í sköpun og leik.
Vinnulag
Fyrirlestar, kynningar, vettvangsferðir, verklegar æfingar, umræður,verkefnavinna, skólaheimsóknir og ein vika í vettvangsnámi (2e). Vettvangsnámið fer fram í leikskólum sem gert hafa samning við menntavísindasvið HÍ undir leiðsögn æfingakennara (leikskólakennara). Námsmat byggist á verkefnum þar sem nemendur, vinna með heimildir, gera eigin athuganir, vinna verklegt og prófa leiðir í kennslu. Einnig vinna þeir ferlimöppu. Námsmat byggist á verkefnum þar sem nemendur, vinna með heimildir, gera eigin athuganir, vinna verklegt og prófa leiðir í kennslu. Einnig vinna þeir ferlimöppu.Til að standast námsmat í námskeiði þarf lágmarkseinkunn 5.0 í öllum þáttum ásamt fullnægjandi viðveru og frammistöðu á vettvangi. Mætingarskylda er í vettvangsnám.

**LSS603G • Samskipti, samstarf og stjórnun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gyða Jóhannsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Arna Hólmfríður Jónsdóttir Lektor
Markmiðið með námskeiðinu er tvíþætt: Í fyrsta lagi að nemendur öðlist þekkingu og skilning á fræðilegum hugmyndum um þroskamöguleika starfsfólksins í leikskólanum og hæfni þess til samvinnu og náms. Í öðru lagi að nemendur tileinki sér þekkingu á helstu kenningum um hlutverk stjórnenda, leikskólann sem stofnun og námssamfélag svo og tengsl hans við ýmsa aðila og stofnanir.
Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- hafa gert sér grein fyrir mikilvægi árangursríkra samskipta í starfi, eigin samskiptastíl og leiðum til að efla hann,
- geta greint samskiptavandamál í leikskólanum og hafa úrræði á valdi sínu til að takast á við þau,
- þekkja námsferli fullorðinna og hlutverk stjórnenda við að skapa námsumhverfi í leikskólanum,
- hafa öðlast þekkingu á áhrifum kyngervis á stjórnun menntastofnana,
- geta verið í forystuteymi innan leikskóla í breytingarferli og virkjað samstarfsfólk til þátttöku og samstarfs,
- hafa öðlast þekkingu á faglegu og rekstrarlegu hlutverki stjórnenda og helstu daglegu verkefnum,
- gera sér sérstaka grein fyrir hlutverki og verkefnum deildarstjóra í leikskóla og geta tekið það hlutverk að sér, með leiðsögn/handleiðslu,
- hafa aukið hæfni sína við að taka erfið viðtöl við samstarfsfólk og foreldra,
- hafa öðlast heildarsýn á stöðu barns í leikskóla og þar með þær stofnanir og aðila sem eru í samstarfi við leikskólann,
- geta tekist á við forystuhlutverk í leikskóla í tengslum við fjölmenningu, nám án aðgreiningar og snemmtæka íhlutun.

Inntak/viðfangsefni. Fjallað verður um persónulega þróun og fagvitund starfsfólks, kenningar um nám fullorðinna og árangursrík samskipti í starfsmannahópnum. Sérstaklega verður horft á breytingarferlið og hvernig einstaklingar takast á við það. Fjallað verður um faglegt og rekstrarlegt hlutverk stjórnanda, skólamenningu, mótun teymis, þátttöku í ákvörðunum og ágreiningsstjórnun. Gerð verður grein fyrir helstu verkefnum og ábyrgð deildarstjóra, nemendur verða þjálfaðir í að taka erfið viðtöl við starfsfólk og foreldra og stjórna fundum. Í vettvangsnámi munu nemendur m.a. framkvæma athuganir og greiningu í tengslum við námsefni og halda leiðarbók.
Vinnulag: Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðum, málstofum, æfingum og hlutverkaleikjum.
Mætingarskylda er í þeim þáttum námskeiðsins sem lúta að vettvangsnámi, undirbúningi og úrvinnslu úr því.
Leiðarbók nemenda í vettvangsnámi, verkefni um samskipti, málstofuverkefni.

**LSS604G • Lokaverkefni til B.Ed. prófs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Kennari: Jón Jónasson Lektor
*Markmið*
Í lokaverkefnum til B.Ed.-prófs skulu nemendur sýna að þeir hafi

- sett sér raunhæf markmið og afmarkað viðfangsefnið
- rökstutt gildi verkefnisins
- valið vinnuaðferðir/rannsóknaraðferðir við hæfi og gert grein fyrir þeim
- aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi
- beitt aðferðum, hugtökum og kenningum tiltekins fræðasviðs/fræðasviða
- sýnt sjálfstæð, vönduð vinnubrögð
- sett verkefnið fram á skýran, faglegan og skapandi hátt

*Inntak / viðfangsefni*
Undir lok grunnnámsins vinna nemendur verkefni að eigin vali sem er eins konar smiðshögg á nám þeirra. Lokaverkefnið skal tengjast grein/sérhæfingu þeirra og hafa gildi á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis eða umönnunar. Það getur verið fræðileg ritgerð sem byggist á rannsókn og heimildavinnu en það má einnig vera annars konar verkefni sem tengt er skóla- og uppeldisstarfi, svo sem námsefni, upplýsingavefur eða myndlistarverk. Slíkum verkum þarf þó alltaf að fylgja greinargerð samkvæmt nánari leiðbeiningum. Gert er ráð fyrir að nemendur dýpki þekkingu sína í aðferðafræði í tengslum við verkefnið.
*Vinnulag*
Nemendur vinna sjálfstætt að lokaverkefni sínu með ráðgjöf frá leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við KHÍ nema samið sé um annað. Lokaverkefni vinna nemendur einir eða tveir saman. Nánari leiðbeiningar um tilhögun,vinnulag og frágang við lokaverkefni er að finna á vef lokaverkefna í grunnnámi. Þar ber nemendum einnig að skrá upplýsingar um verkefni sín.
Leiðsögukennari metur lokaverkefni og gefur einkunn og umsögn samkvæmt viðmiðatöflu KHÍ um námsmat.

**MEX006G • Disability Studies and Inclusive Schooling • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Dóra S Bjarnason Prófessor
The course is an introductory course for all students interested in inclusive schooling and quality education for diversity of learners.
Focus: Disability research and theories; families of disabled students, and disability in school and society. Processes of school inclusion and exclusion are explored as well as methods of heterogeneous group teaching, and supports for general education teachers and special teachers

wanting to improve the quality of teaching and learning in one school for all.
Teaching methods: Discussion groups, lectures, projects and visits.

**MEX006G • Disability Studies and Inclusive Schooling • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Dóra S Bjarnason Prófessor
The course is an introductory course for all students interested in inclusive schooling and quality education for diversity of learners.
Focus: Disability research and theories; families of disabled students, and disability in school and society. Processes of school inclusion and exclusion are explored as well as methods of heterogeneous group teaching, and supports for general education teachers and special teachers wanting to improve the quality of teaching and learning in one school for all.
Teaching methods: Discussion groups, lectures, projects and visits.
Portfolio.

**MEX020G • Icelandic Nature and Cultural Legacy • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Veturliði G Óskarsson Prófessor
Umsjónarkennari: Eggert Lárusson Lektor
Kennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Nature of Iceland: Students learn about the weather and climate, geology, vegetation and animal life. They attend lectures about the geology of Iceland and go on fieldtrips to see volcanoes, hotsprings and lava and study the geography of the country. They go birdwatching, to the seashore and familiarize themselves with life in the lakes and rivers. They also learn about the vegetation of Iceland and the Icelandic horse - a horseriding trip is optional. Field trips (1-6 hours) are an important ingredient of this part of the course.
Cultural Legacy: An Icelandic Family Saga wil be read. Also some Edda-poems about gods and heroes, together with chapters from Snorri's Edda (Ódin, Thor, Frigg, etc.). Some Icelandic folk tales and familiar motifs from oral tradition will be looked into, and Icelandic fairy tales will be compared to those of neighbouring countries. An afternoon-trip to a historical place will be made, and one visit to a historical museum in Reykjavík.
Teaching methods: Lectures, seminar and group work.

**MEX020G • Icelandic Nature and Cultural Legacy • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Veturliði G Óskarsson Prófessor
Umsjónarkennari: Eggert Lárusson Lektor
Nature of Iceland: Students learn about the weather and climate, geology, vegetation and animal life. They attend lectures about the geology of Iceland and go on fieldtrips to see volcanoes, hotsprings and lava and study the geography of the country. They go birdwatching, to the seashore and familiarize themselves with life in the lakes and rivers. They also learn about the vegetation of Iceland and the Icelandic horse - a horseriding trip is optional. Field trips (1-6 hours) are an important ingredient of this part of the course.
Cultural Legacy: An Icelandic Family Saga wil be read. Also some Edda-poems about gods and heroes, together with chapters from Snorri's Edda (Ódin, Thor, Frigg, etc.). Some Icelandic folk tales and familiar motifs from oral tradition will be looked into, and Icelandic fairy tales will be compared to those of neighbouring countries. An afternoon-trip to a historical place will be made, and one visit to a historical museum in Reykjavík.
Teaching methods: Lectures, seminar and group work.

**MEX021G • Storyline, an Approach to Teaching and Learning • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðmundur Björn Kristmundsson Dósent
Developed over the last 30 years and is now used in at least 30 countries all over the world. Throughout the selected topics, problems are identified or posed, the children hypothesize, they test the hypotheses, and they evaluate suggestions in the light of different criteria. During all of these activities, they modify, elaborate, and criticize their own theories about the world inside their heads. Students will be given lectures on the theories the Storyline approach is based on, workshops where they can try out a topic, and they will be given opportunities to plan their own storyline topics by making topic plans.
Teaching methods: Lectures, seminars, group work.

**MEX021G • Storyline, an Approach to Teaching and Learning • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðmundur Björn Kristmundsson Dósent
Developed over the last 30 years and is now used in at least 30 countries all over the world. Throughout the selected topics, problems are identified or posed, the children hypothesize, they test the hypotheses, and they evaluate suggestions in the light of different criteria. During all of these activities, they modify, elaborate, and criticize their own theories about the world inside their heads. Students will be given lectures on the theories the Storyline approach is based on, workshops where they can try out a topic, and they will be given opportunities to plan their own storyline topics by making topic plans.
Teaching methods: Lectures, seminars, group work.

**MEX022G • Teaching Practice • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigríður Pétursdóttir Verkefnisstjóri
Aims and content: Exchange students are offered teaching practice in Icelandic primary and lower secondary schools where they have the opportunity to get familiar with Icelandic schools and the school system. Students will introduce their home country and participate in the school work and different subject teaching as applicable every time, such as language teaching or art and craft. These are decided according to students field of interests and organisation of the school work.

**MEX022G • Teaching Practice • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigríður Pétursdóttir Verkefnisstjóri
Aims and content: Exchange students are offered teaching practice in Icelandic primary and lower secondary schools where they have the opportunity to get familiar with Icelandic schools and the school system. Students will introduce their home country and participate in the school work and different subject teaching as applicable every time, such as language teaching or art and craft. These are decided according to students field of interests and organisation of the school work.

**KEN201F • Inngangur að kennslufræði • (10e) • Haust & vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Guðrún Geirsdóttir Lektor
Kennari: Hafdís Ingvarsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist innsýn inn í helstu kenningar og rannsóknir á sviði skólastarfs. Meginviðfangsefni námskeiðs eru kenningar og rannsóknir á námi og kennsluháttum; kennarastarfinu, skólamenningu og skólaþróun.
Próf og verkefavinna. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námskeiðsins.

**KEN203F • Kennsla samfélagsgreina • (10e) • Haust & vor • 2f + 1u**
Kennari: Súsanna Margrét Gestsdóttir
Kennaranemi tekur námskeið í samræmi við aðalgrein sína (samfélagsgrein) samhliða námskeiðunum KEN207F Kennsla á vettvangi og KEN201F Inngangur að kennslufræði enda eru verkefni samþætt. Í námskeiðinu kynnast nemendur kennsluaðferðum, verkefnagerð og námsmati innan samfélagsgreina. En að öðru leyti ráðast áherslur af sérkennum hinna ýmsu greina.
Verkefnavinna. Mætingaskylda er í þessi námskeið. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í aðalverkefni.

**KEN204F • Kennsla erlendra tungumála • (10e) • Haust & vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Anna Jeeves
Kennari: Hafdís Ingvarsdóttir Dósent
Námskeiðið miðar að því að aðstoða nema við að efla skilning sinn og þekkingu á starfi tungumálakennarans og þjálfa hann í að ígrunda eigin afstöðu til náms- og kennslu. Kynntar eru og unnið með mismunandi hugmyndir og kenningar um nám og kennslu í tungumálim og nemendur þjálfaðir í faglegri umræðu um nám og kennslu tungumála.
**Vinnulag:** Kennsla fer fram í samræðum, gagnvirkum fyrirlestrum, sýnikennslu og smiðjum.
Námsmat. Ekkert lokapróf er í námskeiðinu. Námsmat felst í verkefnavinnu og ferilmöppu Krafist er lágmarkseinkunnar 5.0 fyrir ferilmöppu.

**KEN205F • Kennsla íslensku • (10e) • Haust & vor • 2f + 1u**
Kennari: Þórunn Blöndal
Kennaranemi tekur námskeið í samræmi við aðalgrein sína samhliða námskeiðunum KEN207F Kennsla á vettvangi og KEN201F Inngangur að kennslufræði enda eru verkefni samþætt. Í námskeiðinu kynnast nemendur kennsluaðferðum, verkefnagerð og námsmati innan sinnar greinar. En að öðru leyti ráðast áherslur af sérkennum hinna ýmsu greina.
Verkefnavinna. Mætingaskylda er í þessi námskeið. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í aðalverkefni.

**KEN206F • Kennsla náttúrufræðigreina • (10e) • Haust & vor • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Meginmarkmið námsskeiðsins er að þátttakendur þrói hugmyndir sínar um náttúrufræðinám og náttúrufræðikennslu þannig að þeir verði betur í stakk búnir til að kenna sínar greinar. Námskeiðið byggir á þeirri hugmynd að í kennaranámi sé kennaraneminn að þróa starfskenningu sína, þ.e. skoða og móta hugmyndir sínar um það hvernig hann eða hún ætlar eða vill starfa sem kennari.
Verkefnavinna. Mætingaskylda er í þessi námskeið. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í aðalverkefni.

**KEN207F • Kennsla á vettvangi • (10e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Sigríður Pétursdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Hafdís Ingvarsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist umgjörð og innra starfi skóla. Auk þess fá nemendur nokkra þjálfun í kennslu sinnar greinar. Starfsþjálfun fer fram í grunn- og framhaldsskólum með megináherslu á faggreinakennslu. Þetta er heils árs námskeið og tekur m.a. mið af starfstíma grunn- og framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir umtalsverðri viðveru nemenda í skólum í viku hverri. Starfsþjálfun er skipulögð í samstarfi við valda skóla og felst m.a. í þátttöku í almennu skólastarfi, aðstoð við kennslu og æfingakennslu. Starfsþjálfunin er tengd námskeiðunum Inngangur að kennslufræði og Kennsla námsgreina og skal því tekin samhliða þeim. Mætingarskylda er í þetta námskeið. Námsmat felst í umsögn um einstaka verkþætti.

**KEN211F • Kennsla viðskiptagreina • (10e) • Haust & vor**
Umsjónarkennari: Petra Bragadóttir
Umsjónarkennari: Hafdís Ingvarsdóttir Dósent
Meginmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur þrói hugmyndir sínar um viðskiptafræðinám og viðskiptafræðikennslu þannig að þeir verði betur í stakk búnir til að kenna sínar greinar. Námskeiðið byggir á þeirri hugmynd að í kennaranámi sé kennaraneminn að þróa starfskenningu sína, þ.e. skoða og móta hugmyndir sínar um það hvernig hann eða hún ætlar eða vill starfa sem kennari.
Námskeiðið er heilsársnámskeið og tekið samhliða námskeiðunum KEN 201F Inngangur að kennslufræði og KEN 207F Kennsla á vettvangi.
Ferilmappa og verkefnavinna.

**MVS009F • Kenningar um nám barna og fullorðinna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ragnhildur Bjarnadóttir Dósent
Kennari: Anna Lind G Pétursdóttir Lektor
Markmið
Í lok námskeiðs eiga nemendur að
· þekkja helstu kenningar um nám (eldri og nýrri) og um tengsl náms við umhverfi, uppeldishætti, samfélög - m.a. nútímasamfélagið - og menningu

* þekkja og skilja lykilhugtök sálar- og menntunarfræði um námsferli, námshvöt, áhrifavalda náms og félagslegt/menningarlegt samhengi náms
* geta lesið og greint frá rannsóknum á námi, formlegu og óformlegu, og félagslegu samhengi náms
* geta beitt fræðilegum hugtökum, rannsóknarniðurstöðum og kenningum um nám í umfjöllun/rökræðu um nám einstaklinga og hópa og

leiðir til að ná námsmarkmiðum
* geta tekið virkan þátt í faglegri umræðu um mismunandi hugtök, skilgreiningar og kenningar sem notuð eru í umfjöllun um nám
* skilja hvernig nýta má kenningar og rannsóknir á námi við skipulag menntunar fólks á öllum aldri, innan og utan skólakerfisins
Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um mismunandi skilgreiningar á námi og tengsl þeirra við kenningar og stefnur á hverjum tíma. Skoðað verður hvernig hugmyndir um nám og skilgreiningar á námshugtakinu hafa þróast og breikkað, sbr. hugtökin óformlegt nám og lífstíðarnám, og hvernig námshugtakið tengist hæfnihugtakinu. Nemendur kynna sér helstu námskenningar, svo sem atferlisstefnu, hugsmíðahyggju og félagslegar og menningarbundnar kenningar (t.d. athafnakenninguna og kenningar um aðstæðutengt nám) og kenningar í hugfræði. Lögð verður sérstök áhersla á hugtök sem tengjast námshvöt og félagslegu og menningarlegu samhengi náms, innan og utan skóla. Nemendur kanna nýlegar rannsóknir á námi í ljósi þessara kenninga, gera athuganir á námi á vettvangi, og kanna hvernig ólík sýn á nám og áhrifavalda náms birtist í uppeldis- og skólastarfi.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðna og verkefna sem nemendur kynna og ræða á vinnufundum. Verkefnin miðast að því að mynda tengsl milli kenninga og vettvangs menntunar og uppeldis og að því að virkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og í miðlun eigin skilnings og viðhorfa. Leitast verður við að koma til móts við ólíkan áhuga og reynslu nemenda í verkefnum sem tengjast beint vettvangi. Einnig verður leitast við að tengja saman inntak námskeiðsins og það nám sem þar fer fram. Námsformið er sambland af stað- og fjarnámi. Skyldumæting er í staðlotur.
Nemendur vinna verkefni sem miðar að því að tengja saman fræðilega þekkingu, rannsóknir og aðstæður á vettvangi. 50% Skriflegt próf. 50%

**MVS011F • Starfendarannsóknir • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Kennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu verður farið yfir tilurð og þróun starfendarannsókna í ýmsum löndum, m.a. Japan, Ástralíu, Bandaríkjunum og Bretlandi. Rýnt verður í hugmyndafræði slíkra rannsókna og hinar ólíku myndir sem þær hafa tekið á sig og birtast í ólíkum orðum sem notuð eru um slíkar rannsóknir, t.d. action research, practitioner research, lesson study og self-study. Sérstök áhersla verður lögð á starfendarannóknir í skólum, þar á meðal á Íslandi og ákveðin dæmi skoðuð í því sambandi. Einnig munu þátttakendur gera rannsóknir á eigin starfi og kynna þær í námskeiðinu.
Vinnulag
Námskeiðið er vettvangs- og samstarfsmiðað. Grunnhugmyndin er sú að þátttakendur geri rannsókn á eigin starfi. Þeir móta sér rannsóknarhugmyndir í samráði við kennara og aðra þátttakendur í námskeiðinu, gera rannsóknir á vettvangi og vinna úr þeim í nánu samstarfi við kennara og aðra þátttakendur, t.d. í gegnum ígrundanir, kynningar og samræður. Nemendur halda leiðarbók um rannsóknir sínar og gera lestrardagbók í tengslum við lestur fræðigreina. Að auki taka þeir þátt í umræðum um valdar greinar á netinu.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði rannsókna (MVS102F) eða Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)
Lestrardagbók gildir 40 % og lokaverkefni (rannsókn) 40 %. Að auki er gert ráð fyrir 20 % sjálfsmatsþætti þar sem nemendur meta eigin þátttöku og framlag í námskeiðinu.

**MVS101F • Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Umsjónarkennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Kennari: Kristján Kristjánsson Prófessor
Kennari: Þuríður Jóhannsdóttir Lektor
Kennari: Guðrún Valsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Í námskeiðinu eru kynntar nokkrar áhrifamiklar kenningar í samtímaumræðu, svo sem kenningar Bourdieus um félagslega mismunun, kenningar Becks, Giddens og Ziehes um einstaklingsvæðingu, kenningar Deweys og Rawls um lýðræði og réttlæti og kenningar Bruners um menntun og menningu. Kenningarnar verða reifaðar í tengslum við ýmis brýn álitamál menntamálaumræðunnar, svo sem einstaklingsmiðað nám, þekkingar¬samfélagið og skóla án aðgreiningar. Unnið er með kenningar við að afmarka rannsóknarefni, móta rannsóknarspurningar, móta rannsóknaráætlanir og velja aðferðir. Nemendur vinna tiltölulega sjálfstæð verkefni og fá leiðsögn um notkun kenninga í mótun rannsóknaráætlana.
Vinnulag
Námskeiðið hefst með röð fyrirlestra og umræðutíma um kenningar. Síðan mynda nemendur verkefnahópa, sem kynna verkefnishugmyndir á málstofu um mitt námskeiðið, en vinna síðan undir leiðsögn kennara og leggja fram niðurstöður sínar á málþingi í lok misseris.
Mæting í staðlotu I er æskileg. Mætingarskylda er í staðlotur II og III þar sem vinna í þeim staðlotum er hluti af námsmati í námskeiðinu.
Einstaklingsverkefni, sem felst í greiningu og umræðu um atriði í kenningum, og hópverkefni, sem er tvíþætt: (1) Sett er upp rannsóknaráætlun, þar sem áhersla er lögð á að nýta kenningar til að skoða fyrri rannsóknir á sviðinu og til að móta rannsóknarspurningar og snið rannsóknar. (2) Afrakstur verkefnisins er svo kynntur á málþingi í lok námskeiðs.

**MVS102F • Aðferðafræði rannsókna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Amalía Björnsdóttir Dósent
Kennari: Þuríður Jóhannsdóttir Lektor
Kennari: Ingibjörg V Kaldalóns
Kennari: Guðrún Kristinsdóttir Prófessor
NámskeiðslýsingNámskeiðslýsing
Markmiðið er að nemendur
hafi innsýn í aðferðafræði rannsókna á sviði uppeldis- og menntunarfræða og þær rannsóknarstefnur sem móta slíkar rannsóknir

- hafi skilning á helstu þekkingafræðilegu hugtökum, álitamálum og siðareglum sem tengjast slíkum rannsóknum
- þekki helstu rannsóknaraðferðir og hugtök sem þeim tengjast
- geti beitt algengum rannsóknaraðferðum og þannig aflað gagna, unnið úr þeim og túlkað á agaðan og viðurkenndan hátt
- séu færir um að rýna í rannsóknir og nýta sér niðurstöður þeirra
- hafi tileinkað sér rannsakandi hugarfar og gagnrýna hugsun

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um ólíkar rannsóknarstefnur og tengsl þeirra við uppbyggingu og útfærslu rannsókna. Einnig um siðfræði vísinda með áherslu á hagnýt atriði og um gæðahugtök, s.s. réttmæti, trúverðugleika, áreiðanleika og ólíka sýn á þessi hugtök. Kynnt verða algeng rannsóknarsnið eigindlegra og megindlegra rannsókna, aðferðir við öflun gagna og greiningu þeirra, og fjallað um ritun og framsetningu niðurstaðna. Nemar fá þjálfun í að beita algengum aðferðum rannsókna m.a. spurningalistakönnunum, vettvangsathugunum, viðtölum og heimildaathugunum. Hluta námskeiðsins beinist athyglin að eigindlegum aðferðum. Þá vinna nemendur með öflun, skráningu, flokkun og túlkun lýsandi gagna, og með framsetningu þeirra og gera heildstæða rannsóknaræfingu. Þegar megindlegar aðferir eru í brennidepli nota nemendur tölvuforrit við að reikna algenga tölfræðistuðla og halda utan um og vinna úr gögnum. Sérstök áhersla verður lögð á þjálfun í túlkun matsniðurstaðna sem líklegt er að verði á vegi starfandi kennara. Nemendur þjálfast í miðlun rannsóknarniðurstaðna m.a. með því að taka þátt í málstofum um niðurstöður eigin æfinga.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefni. Námskeið er kennt samhliða með fjarnámsniði (staðlotur) og í staðnámi með föstum tímum.
Annað: Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið námskeiðið í aðferðafræði í grunnnámi sínu (4 ECTS einingum hið minnsta) sínu áður en þeir taka þetta námskeið.
Verkefni og próf.

**MVS103F • Aðferðafræði rannsókna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Amalía Björnsdóttir Dósent
Kennari: Þuríður Jóhannsdóttir Lektor
Kennari: Ingibjörg V Kaldalóns
Kennari: Guðrún Kristinsdóttir Prófessor
NámskeiðslýsingNámskeiðslýsing
Markmiðið er að nemendur

- hafi innsýn í aðferðafræði rannsókna á sviði uppeldis- og menntunarfræða og þær rannsóknarstefnur sem móta slíkar rannsóknir
- hafi skilning á helstu þekkingafræðilegu hugtökum, álitamálum og siðareglum sem tengjast slíkum rannsóknum
- þekki helstu rannsóknaraðferðir og hugtök sem þeim tengjast
- geti beitt algengum rannsóknaraðferðum og þannig aflað gagna, unnið úr þeim og túlkað á agaðan og viðurkenndan hátt
- séu færir um að rýna í rannsóknir og nýta sér niðurstöður þeirra
- hafi tileinkað sér rannsakandi hugarfar og gagnrýna hugsun

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um ólíkar rannsóknarstefnur og tengsl þeirra við uppbyggingu og útfærslu rannsókna. Einnig um siðfræði vísinda með áherslu á hagnýt atriði og um gæðahugtök, s.s. réttmæti, trúverðugleika, áreiðanleika og ólíka sýn á þessi hugtök. Kynnt verða algeng rannsóknarsnið eigindlegra og megindlegra rannsókna, aðferðir við öflun gagna og greiningu þeirra, og fjallað um ritun og framsetningu niðurstaðna. Nemar fá þjálfun í að beita algengum aðferðum rannsókna m.a. spurningalistakönnunum, vettvangsathugunum, viðtölum og heimildaathugunum. Hluta námskeiðsins beinist athyglin að eigindlegum aðferðum. Þá vinna nemendur með öflun, skráningu, flokkun og túlkun lýsandi gagna, og með framsetningu þeirra og gera heildstæða rannsóknaræfingu. Þegar megindlegar aðferir eru í brennidepli nota nemendur tölvuforrit við að reikna algenga tölfræðistuðla og halda utan um og vinna úr gögnum. Sérstök áhersla verður lögð á þjálfun í túlkun matsniðurstaðna sem líklegt er að verði á vegi starfandi kennara. Nemendur þjálfast í miðlun rannsóknarniðurstaðna m.a. með því að taka þátt í málstofum um niðurstöður eigin æfinga.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefni.
Vinnulag: Fyrirlestrar, umræður og verkefni. Námskeið er kennt samhliða með fjarnámsniði (staðlotur) og í staðnámi með föstum tímum.
Annað: Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið námskeiðið í aðferðafræði í grunnnámi sínu (4 ECTS einingum hið minnsta) sínu áður en þeir taka þetta námskeið.
Verkefni og próf.

**MVS201F • Eigindlegar rannsóknaraðferðir I • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristinsdóttir Prófessor
Stefnt er að því:
1. Að neminn kynnist eigindlegum rannsóknarhefðum í félagsvísindum í tengslum við skólastarf, uppruna þessara hefða, sögu, þekkingarfræðilegum forsendum þeirra ásamt aðferðafræði sem að baki þeim liggur og öðlist nokkra reynslu í beitingu aðferða.
2. Að neminn hafi dýpkað og breikkað þann þekkingargrunn um aðferðafræði rannsókna sem hann hefur tileinkað sér í fyrri námskeiðum um efnið.
3. Að neminn geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir um alla þætti undirbúnings og framkvæmdar rannsókna á sínu fræðasviði.
4. Að neminn geti rökstutt flóknar, faglegar úrlausnir í undirbúningi og framkvæmd rannsókna á sínu fræðasviði.
5. Að neminn sýni hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna.
6. Að neminn geti metið sjálfstætt hvenær mismunandi aðferðir við greiningu gagna eiga við.
7. Að neminn kunni að samþætta þekkingu, rannsaka félagsleg og menntunarleg viðfangsefni og draga ályktanir af niðurstöðum.
8. Að nemi geti greint á skýran og ótvíræðan hátt frá fræðilegum viðfangsefnum og fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna.
9. Að neminn hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla niðurstöðum rannsókna á grundvelli námsverkefna sinna í aðferðafræði.
10. Að neminn sýni nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að takast á hendur frekara nám á næsta þrepi sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.
Viðfangsefni
Fjallað verður um sögu og þróun þessara rannsóknarhefða, stöðu þeirra innan félagsvísinda og menntunarfræða, tengsla við fagmennsku í uppeldi og menntun og við þróun skólastarfs. Farið verður yfir helstu einkenni eigindlegra rannsókna og við hvaða aðstæður slíkar aðferðir henta best. Fjallað verður um helstu rannsóknar¬aðferðir, s.s. vettvangsathuganir, viðtöl af ýmsum gerðum, áhorfsathuganir og textagreiningar, túlkun og greiningu eigindlegra rannsóknargagna og ritun rannsóknarskýrslna. Þá verður fjallað um siðfræði rannsókna með sérstöku tilliti til eigindlegra rannsókna. Lögð verður áhersla á að nemar beiti nokkrum aðferðum við raunverulegar aðstæður.
Viðfangsefni og vinnulag
Námskeiðið byggist bæði á staðbundinni kennslu og fjarnámi. Áhersla er lögð jöfnum höndum á fræðilega og hagnýta þjálfun, s.s. með lestri, umræðum og æfingum í öflun, úrvinnslu og framsetningu gagna og niðurstaðna.
Námskeiðið skiptist í fjóra hluta; 1. umfjöllun með áherslu á fyrirlestra og æfingar, 2. þjálfunarverkefni, 3. kynningar á rannsóknarverkefnum, 4. málstofa með áherslu á sköpun og miðlun efnis.
Auk inngangs er fjallað um tilteknar aðferðafræðilegar nálganir og fræðilegar forsendur skýrðar. Í verkefnum er þjálfun veitt í vinnubrögðum

og færni nema í þessum atriðum metin. Viðfangsefni námskeiðsins byggja á þekkingu og reynslu nema úr fyrra aðferðafræðinámskeiðum, sbr. forkröfur. Fjallað er um aðferðir til gagnaöflunar og úrvinnslu sem samræmast tilgangi rannsóknanna.
Kennsla fer fram í formi fyrirlestra og nám í formi umræðna og verkefna. Viðfangsefni rannsóknaræfingar (sjá um námsmat) velja nemar í samvinnu við kennara. Sérstök áhersla er á sköpun og miðlun við úrvinnslu gagna og kynningu niðurstaðna, bæði hvað snertir kennara og nema. Áhersla er lögð á samstarf og virkni nema, samræður, skapandi hugmyndir og tilvísun í rannsóknir annarra og beitingu upplýsingatækni við öflun og nýtingu heimilda og annarra gagna.
1. Fyrirlestrar og æfingar tengdar lotum
Í upphafi er fjallað um tilhögun námskeiðsins, markmið, innihald, vinnulag og námsmat. Farið er í heimspekilegar forsendur, aðferðir og tækni. Rætt er um algengustu nálganir í eigindlegum rannsóknum á sviði uppeldis- og menntamála. Aðallega er fjallað um eigindlegar en einnig um möguleika samþættra rannsóknanálgana. Einnig er fjallað um hlutverk kenninga í rannsóknum. Farið verður algengustu eigindleg snið og aðferðir. Talsverð áhersla er á greiningarvinnu, framsetningu og ritun. Áhersla er lögð á að tengja umfjöllunina við rannsóknarverkefni og rannsóknarstarf nútímans.
2. Þjálfunarverkefni
Þessu er lýst nánar í hverju verkefni fyrir sig. Um er að ræða umfangsminni æfingar í öflun, gagna og greiningu þeirra og tileinkun fræðilegs efnis. Stærri rannsóknaræfing miðar að því að nema þjálfist í að gera litla "rannsókn" og fara í gegnum heildstætt rannsóknarferli.
Þjálfun fer fram m.a. með því að nemendur skipuleggja rannsóknaræfingu, fá áætlun samþykkta, leysa leyfis- og aðgengismál eftir atvikum, afla gagna, greina þau og setja fram samræmi við áætlunina.
3. Kynningar á rannsóknarverkefnum
Kynningar á rannsóknarverkefnum þar sem dæmi eru tekin af tilteknum rannsóknum dreifast á lotur námskeiðsins. Þessi verkefni sem lýst verður í endanlegri dagskrá ráðast af markmiði með kynninguunm, sem er að nemar kynnist fjölbreyttum, algengum jafnt sem nýstárlegum rannsóknarsniðum, styrkleikum og veikleikum þeirra og álitamálum eftir atvikum.
4. Málstofa. Miðlun og umræða um verkefni nema
Hér er efni námskeiðsins tekið saman í formi lestrar, umræðna og einstaklingsskýrslu um stöðu rannsóknaræfingarinnar. Í skýrslu um rannsóknaræfingu tengja nemar niðurstöður sínar og ályktanir við vinnubrögð og fræðilegar forsenda í rannsóknum á sviði menntunar, þjálfunar eða uppeldis.
Markmið málstofunnar er m.a. að nemar átti sig á og fjalli um hvernig viðfangsefni þeirra aðgreinist frá og tengist þekkingu sem þeir hafa aflað sér í aðferðafræði og fræðilegum vinnubrögðum.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)
Námsmat er byggt á 4 verkefnum, tvö verkefni tengjast öflun og greiningu gagna vega 15% hvert um sig, eitt umræðuverkefni 10% og eitt stærra verkefni er rannsóknaræfing og skýrsla um hana sem vegur 60%.

**MVS202F • Megindlegar rannsóknaraðferðir I • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Amalía Björnsdóttir Dósent
Kennari: Ingibjörg V Kaldalóns
Markmið:
Að nemendur þekki og geti beitt tölfræðiaðferðum við úrvinnslu gagna og geti metið tölfræðilegar niðurstöður.
Að nemandi hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla tölulegum upplýsingum og geti sýnt frumkvæði við tölfræðilega úrvinnslu gagna.
Einnig að nemendur kynnist helstu rannsóknarsniðum í megindlegri aðferðafræði og helstu nýjungum á sviðinu.
Inntak og viðfangsefni:
Í námskeiðinu er aðferðafræði og tölfræði fléttað saman. Fjallað er ítarlega um megindlegar rannsóknaraðferðir og rannsóknarsnið, m.a. um kannanir, vettvangsathuganir og tilraunir. Í tölfræði verður farið í ýmsa fylgnistuðla, líkindareikning, dreifigreiningu og aðhvarfsgreiningu. Nemendur læra að reikna þessa stuðla og próf með SPSS tölfræðiforritinu sem er sá hugbúnaður sem nýtist hvað best við tölfræðilega úrvinnslu. Mikil áhersla verður á túlkun niðurstaðna og mat á niðurstöðum og skýra miðlun þeirra til fræðasamfélagsins og almennings. Nemendur vinna sinn eigin spurningalista leggja hann fyrir og vinna úr niðurstöðunum en þar reynir á að geta beitt þekkingu í töl- og aðferðafræði við raunverulegar aðstæður.
Vinnulag:
Námskeiðið byggist bæði á staðbundinni kennslu og fjarnámi.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)
Þrjú til fjögur verkefni (60%) og próf (40%).

**MVS301F • Lokaverkefni til MEd.-gráðu • (20e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**MVS302F • Lokaverkefni til MEd.-gráðu • (40e) • Haust**

Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar umverklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**MVS303F • Lokaverkefni til MEd.-gráðu • (30e) • Haust**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**MVS401F • Lokaverkefni til MEd.-gráðu • (20e) • Vor**
Umsjónarmaður: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar umverklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**MVS402F • Lokaverkefni til MEd.-gráðu • (40e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.

- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**MVS403F • Lokaverkefni til MEd.-gráðu • (30e) • Vor**
Umsjónarkennari: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
*Markmið*
Að M.Ed. verkefni loknu skal nemandi:
- Hafa dýpkað fræðilegan skilning sinn á afmörkuðu efni á því sviði sem nemandi sérhæfir sig í.
- Hafa víðtæka kerfisbundna þekkingu á viðfangsefninu sem nær til nýjustu upplýsinga og rannsókna á efninu.
- Hafa getu, hæfni og frumkvæði til þess að afla viðeigandi vísindalegra/fræðilegra gagna, greina þau og meta samkvæmt viðurkenndum vinnubrögðum og aðferðafræði á viðkomandi sérsviði.
- Geta sett efnið í samhengi við fyrri rannsóknir eða sambærileg verkefni á því sviði sem fjallað er um.
- Geta tengt viðfangsefnið starfsvettvangi.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um heimildir, kenningar og fræðileg álitamál.
- Geta greint frá fræðilega rökstuddum niðurstöðum í ræðu og riti á skýran, faglegan og skapandi hátt.

*Inntak/viðfangsefni*
M.Ed. lokaverkefni er einstaklingsverkefni. Val viðfangsefnis er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans en í samráði við leiðsögukennara. Þess skal gætt að verkefnið tengist vettvangi og sérsviði því sem nemandi hefur valið.Verkefnið getur verið af ólíku tagi, til dæmis fræðileg ritgerð, sjálfstæð rannsókn, starfstengt þróunar- eða matsverkefni, námskrár- eða námsefnisgerð.
*Vinnulag*
Verkefnið er einstaklingsverkefni sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðsögukennara sem valinn er úr hópi kennara við Menntavísindasvið, nema samið sé um annað. Námsbrautarstjórar veita ráðgjöf um val leiðsögukennara úr hópi kennara.
Nánari leiðbeiningar um verklag við M.Ed. lokaverkefni er að finna á vef skólans.
Leiðsögukennari og prófdómari meta lokaverkefni.

**NOK001F • Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar B: Stærðfræðileg hæfni • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Bjarnadóttir Dósent
Viðfangsefni:
Nemendur kynna sér nýlegar alþjóðlegar rannsóknir um markmið, námskrár, námsmat og kennslubækur í stærðfræði og fá innsýn í tengsl rannsókna við þróunarstarf. Þeir kynna sér og taka þátt í umræðu um stærðfræðilega hæfni. Skoðaðar verða námskrár og stefnurit frá nokkrum löndum og greindar meginstefnur í þeim. Einnig verður skoðað námsefni og námsmat frá ólíkum tímum og fjallað um hvernig áherslur úr námskrám og stefnuritum birtast í því. Nemendur móta sér skoðun á ástandi líðandi stundar í stærðfræðimenntun, þar með töldu námsskrám, námsefni og námsmati, og æskilegri þróun.
Vinnulag:
Lestur bóka og greina, umræður, staðbundnar og á vef, hópverkefni og sjálfstæð vinna. Þátttakendur velja sér rannsóknarsvið eða rannsóknir sem þeir kynna sér og vinna sjálfstæð verkefni. Þeir miðla niðurstöðum til annarra þátttakenda munnlega og á vef og skrifa ritgerðir um þær. Fjögur til fimm allviðamikil verkefni, þar sem a.m.k. eitt þeirra byggir á sjálfstæðri rannsókn.

**NOK002F • Áherslur og álitamáli á sviði náms og kennslu ungra barna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Tegund námskeiðs: Inngangsnámskeið fyrir þá sem hafa sérsviðið Menntunar- og kennslufræði ungra barna. Námskeiðið er einnig opið fyrir alla aðra.
Forkröfur: Æskilegt er að nemendur hafi tekið námskeið í aðferðafræði eða séu í aðferðafræðinámskeiði samhliða þessum áfanga.
Markmið:
Markmiðið er að nemendur þekki ýmsar áherslur og álitamál í kennslu yngri barnanna og hafi skilning á kenningum, hugmyndafræði og hugtökum á fræðasviðinu byggða á nýjustu rannsóknum. Út frá kenningum á fræðasviðinu geti þeir metið, greint og horft með gagnrýnum augum á ýmis mál er varða menntun yngstu aldurshópanna og geti nýtt þessa þekkingu í faglegri vinnu með ungum börnum og rannsóknum í leik- og grunnskóla.
Viðfangsefni:
Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræði og rannsóknir á svið yngri barna og athyglinni beint að ýmsum áherslum og álitamálum á sviðinu. Kynntar verða rannsóknir og kenningar á eftirfarandi sviðum:
- Yngri barna kennarinn:
Fjallað verður um fagmennsku og uppeldissýn kennara og sérstöðu kennara yngri barna, m.a. kynjafræðlega vídd og kenningar Noddings um umönnun og kennslu.
- Á mótum skólastiga:
Fjallað verður um tengsl skólastiganna út frá vistkerfisnálgun Bronfenbrenners, samfella í námi barna skoðuð út frá kenningum Deweys og upphaf æfimenntunar einstaklingsins í ljósi síðtímahugmynda um börn og skólastarf.
- Börn í nútíma fjölskyldulífi og samfélagi - Tengsl heimila og skóla
Þetta svið verður m.a. skoðað út frá vistkerfissjónarhorni Bronfenbrenners og hugmyndum Dencik um tvöfalda félagsmótun.
- Börn sem borgarar og þátttakendur í lýðræðissamfélagi
Fjallað verður um mismunandi sýn á börn og hvernig hún tengist ríkjandi viðhorfum á hverjum tíma. Fjallað verður um rannsóknir sem beinast að valdeflingu barna og þátttöku þeirra í ákvörðunartöku og rannsóknum.
Vinnulag:
Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðna og verkefna sem nemendur kynna og ræða.

Forkröfur: Æskilegt er að nemendur hafi tekið námskeið í aðferðafræði eða séu í aðferðafræðinámskeiði samhliða þessum áfanga. Nemendur vinna einstaklingsverkefni um afmarkaðan þátt innan fræðasviðsins. Þeir velja sér eitt afmarkað svið sem þeir afla sér víðtækrar þekkingar á. Þeir setja fram spurningu sem þeir leitast við að svara með því að fara yfir þær kenningar sem settar hafa verið fram og þær rannsóknir sem unnar hafa verið á sviðinu. Í málstofum á meðan á verkefnavinnunni stendur greina nemendur hver öðrum frá fræðilegum grunni verkefnisins og þeim vandamálum og úrlausnarefnum sem þeir standa frammi fyrir.

**NOK004F • Unglingsárin: Þroski, líðan og skólaganga • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristín Jónsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Steinunn Gestsdóttir Lektor
Markmið þessa námskeiðs er að nemendur öðlist skilning á sérstöðu unglingsáranna og þekkingu á þroska unglinga og hvernig hann tengist nýjum og ögrandi viðfangsefnum þeirra. Sjónarmið þroskasálfræði og kennslufræði verða tvinnuð saman í því augnamiði að fá heildstæða sýn á viðfangsefnið.
Inntak/viðfangsefni
Fjallað verður um hvað einkennir jákvæðan þroska á þessu aldursskeiði (positive youth development) og áhættuhegðun (risk behavior) sem oft fylgir unglingsárunum. Sérstaklega verður fjallað um líffræðilegar breytingar á unglingsárum, vitsmunalegan þroska, kynjamun, breytingar sem verða á sjálfsmynd og sjálfsstjórn og hvaða þýðingu þær hafa fyrir þroska á unglings- og fullorðinsárum.
Kynntar verðar rannsóknir á mismunandi áhrifavöldum á þroska á unglingsárum, svo sem áhrif frá félagahópnum og samskipti við fjölskyldu. Fjallað verður um námsgengi, líðan og samskipti í skóla og hlutverk kennara fyrir jákvæðan þroska unglinga. Kannað verður hvernig skilja má samverkandi áhrif þessara þátta á þroska út frá sjónarmiði vistfræðikenninga (ecological approach).
Vinnulag
Kennsla fer fram í fyrirlestrum og umræðutímum. Í fyrirlestrum verður fjallað um kenningar sem snúa að líkamlegum og andlegum þroska og ýmsar rannsóknir sem snerta skólagöngu unglinga.
Verulegur hluti námsins fer fram í umræðutímum. Þar fá nemendur tækifæri til að dýpka þekkingu sína á efninu og þjálfun í framsögu með því að kynna valda rannsóknargrein og stjórna umræðum um hana. Nemendur skrifa ritgerð um rannsóknargreinina, tengja hana kenningum og ræða hvernig niðurstöður geta nýst í starfi með unglingum.
Nemendur vinna einnig hópverkefni sem tengist menningu unglinga og samskiptum, t.d. í kvikmyndum eða daglegu lífi, og fjalla um hvernig þekking á kenningum og rannsóknum nýtist til að skilja hegðun unglinganna.
Samsett námsmat fjögurra meginþátta; ritgerð um og kynning á rannsóknargrein, hópverkefni, þátttaka í umræðutímum og próf.

**NOK005F • Þróun stærðfræðihugmynda ungra barna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Markmið:
Markmið að nemendur:

- Þekki rannsóknir á stærðfræðilegri hugsun ungra barna og hugmyndum þeirra um stærðfræðileg fyrirbæri.
- Geri sér grein fyrir hverjar eru meginstoðir þeirrar stærðfræðilegu þekkingar sem nemendur þróa með sér fyrstu átta æviárin.
- Geti kannað stærðfræðilegar hugmyndir ungra barna með athugunarverkefnum og viðtölum.
- Séu færir um að nýta niðurstöður rannsókna á stærðfræðinámi ungra barna við skipulagningu skólastarfs í leikskóla og í fyrstu bekkjum grunnskóla.

Viðfangsefni:
Nemendur kynnast nýlegum rannsóknum á stærðfræðilegri hugsun ungra barna. Þeir kynna sér þróun þekkingar barna á mismunandi inntaksþáttum stærðfræðinnar. Sjónum verður beint að því stærðfræðinámi sem fram fer fyrstu æviárin og sem er mikilvægur grunnur fyrir frekara nám á þessu sviði. Sérstaklega verður skoðað hvaða rannsóknaraðferðum er beitt við að kanna hugmyndir og skilning ungra barna. Nemendur prófa að framkvæma athuganir á stærðfræðilegum skilningi ungra barna og beita við það mismunandi aðferðum. Hugað verður að því hvernig nýta má rannsóknarniðurstöður til að skipuleggja þróunarstarf sem hefur það að markmiði að stærðfræðileg hugsun barna eflist.
Vinnulag:
Haldnir verða fyrirlestrar, málstofur og umræðutímar. Nemendur lesa fræðilega texta um efnið og leita svara við áleitnum spurningum um efnið. Þeir framkvæma rannsóknir, gera grein fyrir niðurstöðum og draga af þeim ályktanir. Þeir setja fram hugmyndir um hvernig byggja má upp og þróa námsumhverfi og stærðfræðikennslu fyrir ung börn.
Námsmat byggist á einstaklingsverkefnum, hópverkefnum og prófi sem haldið verður í lok námskeiðs. Skilaskylda er á öllum verkefnum

**NOK006F • Markviss miðlun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefán Jökulsson Lektor
Nemendur

- kunni skil á kenningum í fjölmiðla- og boðskiptafræðum um móttöku og miðlun efnis, hlutverk og áhrif fjölmiðla.
- öðlist skilning á kenningum og hugtökum sem tengjast markvissri miðlun (e. planned communication) og beita má til að auka líkur á því að fjölmiðla- eða fræðsluefni hafi tilætluð áhrif.
- öðlist skilning á hugtakinu hugmynd og þekkingu á aðferðum sem hafa reynst efnishöfundum vel við hugmyndvinnu.
- þekki þá tækni sem nota má við efnisgerð í fjölmiðlum og kosti og ókosti mismunandi úrvinnslu- og miðlunaraðferða.

Færnimarkmið
Nemendur geti

- beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu á fjölmiðlaefni, m.a. með hliðsjón af inntaki og mismunandi túlkun og skilningi þeirra sem lesa, horfa eða hlusta á það.
- valið miðil og framsetningaraðferð með hliðsjón af markhópi og til skila.
- teflt saman texta, myndum og hljóði til að skapa merkingu í margmiðlun á þann veg að kostir hvers miðlunarsniðs njóti sín.
- notað tölvur við efnisgerð og miðlun, þ.e. til að draga að hráefni, vinna úr því og flytja það til móttakenda.

Viðfangsefni/inntak
Á námskeiðinu er fjallað um það margþætta boðskiptaferli sem fólgið er í gerð og miðlun fjölmiðla- og fræðsluefnis. Markmiðið er að auka fagþekkingu þeirra sem fást við efnisgerð eða upplýsingamiðlun af einhverju tagi, jafnt á vettvangi skóla sem atvinnulífs. Þátttakendur kynnast vinnubrögðum sem hafa reynst notadrjúg við útgáfu eða framleiðslu á efni af

ýmsu tagi. Með breyttri framleiðslutækni hefur það færst í vöxt að kennarar útbúi sitt eigið efni og jafnframt er mikilvægt að þeir verði í stakk búnir til að leiðbeina nemendum sínum við miðlun efnis.
Vinnulag
Áhersla er lögð á að tengja saman fræði og framkvæmd. Nemendur vinna sameiginleg miðlunarverkefni sem reyna á hæfni þeirra til samvinnu og skipulagningar og getu þeirra til að greina vandamál og leysa þau. Hver einstaklingur býr jafnframt til efni sem líklegt er að færi honum reynslu og þekkingu við þau störf sem hann hyggst vinna. Að auki fá nemendur þjálfun í að greina ýmiss konar verk, auglýsingar jafnt sem námsefni á vef, til að glöggva sig á því sem vel gert eða betur mætti fara varðandi efnistök og framsetningu.
Kennari og nemendur leggja mat á verkefni og vinnu við þau.

**NOK007F • Námskrárfræði: Hvað á að kenna og hvers vegna? • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ingvar Sigurgeirsson Prófessor
Markmið
Stefnt er að því þátttakendur

- öðlist þekkingu á lykilhugtökum í námskrárfræðum og geti beitt þeim í kennslufræðilegri umræðu
- geti lýst helstu álitamálum í námskrárgerð og fjallað um þau með fræðilegum hætti
- þekki og beri saman helstu stefnur og kenningar í námskrárfræðum
- skilji hvernig ólík viðhorf endurspeglast í námskrár- og námsefnisgerð
- fjalli á gagnrýninn hátt um námskrár og námsefni (námskrárgreining)
- þekki þróun opinberrar námskrár hér á landi og tengi hana þróun námskrár í hinum vestræna heimi
- kunni glögg skil á aðalnámskrá og geti fjalli um hana með fræðilegum hætti
- þekki sögu skólanámskrárgerðar hér á landi
- öðlist hæfni í námskrárgerð og öðlist færni til að leiðbeina um gerð námskrár
- efli áhuga sinn á að bæta námskrárgerð í skólum
- þrói eigin kenningu um námskrárgerð og framkvæmd námskrár

Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um námskrárhugtakið (ýmsar myndir þess), helstu stefnur og strauma, kenningar, hugtök og fræðileg líkön í námskrárgerð. Helstu markmiðssetningarlíkön verða skoðuð og rætt um eðli og framsetningu námsmarkmiða og tengsl markmiða, námsárangurs og námsmats. Fjallað er um námskrárgerð (þ.m.t. skólanámskrárgerð), skólaþróun og leiðir við mat á skólastarfi (matslíkön). Efni námskeiðsins verður tengt þróun námskrár hér á landi (landsnámskrá, skólanámskrá) og áhersla lögð á að þátttakendur kynnist helstu námskrárrannsóknum sem hér hafa verið gerðar.
Rauður þráður á námskeiðinu eru ýmis þau álitamál sem tengjast námskrá og í námskrárgerð.
Vinnulag
Fyrirlestrar, kynningar, málstofur (bæði staðbundnar og á Neti), hópumræður og hópverkefni.
Þátttakendur halda lestrardagbók sem byggð er á lestri námsefnis (sjá yfirlit um markmið og viðfangsefni) og ígrundun um það. Einnig taka þeir virkan þátt í málstofum, ýmist staðbundnum eða á Neti. Hver þátttakandi skilar auk þess sjálfstæðu verkefni (fræðilegri ritgerð eða námskrárverkefni).

**NOK008F • Nám og kennsla á Netinu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Markmið:
Að nemendur

- þekki til kenninga og fræða um netnám og uppbyggingu náms- og þekkingarsamfélaga á Neti og geti nýtt slíka þekkingu, margvísleg verkfæri og aðferðir til að stuðla að netnámi og byggja upp námssamfélög á Neti
- geti útbúið fræðsluefni, námseiningar (learning objects), og gagnvirkt efni á Netinu á ýmiss konar formi
- geti skipulagt nemendamiðað námsumhverfi og hannað námsferli á vef þar sem námsefnið, vinnusvæði nemenda, námsmat, samskipti og hópvinna mynda heild
- geti greint og fjallað um áhrif Netsins á nám, lífsstíl og samfélag
- þekki til rannsókna og þróunarverkefna um nýtingu Nets í skólastarfi og geti aflað nýrrar þekkingar og unnið á skapandi hátt með nýtingu miðilsins í skólastarfi

Inntak, viðfangsefni og vinnulag:
Fjallað er um miðlun, framsetningu og skipulag námsefnis og námsumhverfis á Neti, í fræðilegu samhengi. Einnig er fjallað um hugmyndir og kenningar sem tengja má netnámi og uppbyggingu námssamfélaga. Áhersla er m.a. á félags- og menningarlega sýn (socio-cultural approach), dreifða vitsmuni (distributed cognition) og hvernig fólk lærir með því að tengja saman þekkingu og að tengjast hvert öðru (connectivism) með aðstoð netmiðilsins. Þá er athygli beint að möguleikum og vandamálum tengdum netnotkun í lífi og skólastarfi og úrlausnum þeirra. Nemendur byggja upp stafræna verkmöppu (eportfolio). Námskeiðið er verkefnamiðað og að miklu leyti með fjarnámssniði. Nemendur og leiðbeinandi koma saman á nettímum/netfyrirlestrum, og nota þess á milli netmiðla til samskipta. Einnig er gert ráð fyrir staðbundnum tímum og netútsendingum. Leitast verður við að nota kennsluaðferðir sem byggja á veftækni og nýjum netverkfærum og þjálfa þannig nemendur til vinnu í slíku umhverfi.
Þátttaka nemenda og verkefni á stafrænu formi (eportfolio) eru grunnur til námsmats. Verkefni skiptast í eftirfarandi flokka: Hönnun og miðlun (40%); námsumhverfi og netsamskipti (20%); nýting í skólastarfi (fræðileg umfjöllun með hagnýtri tengingu) (20%); valfrjálst verkefni (20%).

**NOK009F • Að upplifa listaverk - læsi og miðlun myndmáls • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólafur Kvaran Prófessor
Markmið.
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- hafa öðlast bæði sögulega og fræðilega þekkingu um túlkun sjónmennta og kennslufræði myndmenntar.
- þekkja til helstu aðferða og markmiða og tengja þau í hugmyndalegt og heimspekilegt samhengi.
- þekkja til sögu túlkunaraðferða og myndmenntakennslu í hugmyndalegu samhengi.

- hafa öðlast ákveðna undirstöðu til að lýsa og túlka listaverk og miðla því til annarra.

Inntak/viðfangsefni
Fjallað verður um á breiðum sögulegum grundvelli um skynjun, upplifun og túlkun listaverka. Þessi hugtök og aðferðafræði þeim tengd verða skoðuð í sögulegu, hugmyndalegu og félagslegu samhengi. Fjallað verður um hinar ólíku hefðir sem varða túlkun og upplifun innan túlkunarfræðinnar og kennslufræði myndmenntar. M.a. þeirra aðferða sem vísa til skynjunarsálfræði og samtalsins og þeirrar nálgunar sem leggur áherslu á nauðsyn þess að skoða verkið í samhengi við markmið listamannsins, innan listasögunnar og hugmyndalegra viðmiða.
Vinnulag: Kennslan fer fram í fyrirlestrum og æfingum með þátttöku nemenda. Listasöfn og sýningar verða heimsótt. Listamenn koma í heimsókn og ræða um verk sín.
Nemendur taki skriflegt próf í lok námskeiðsins og gera verkefni

**NOK010F • Söfn og menntun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólafur Kvaran Prófessor
Markmið.
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- hafa innsýn í þróun safna sem menntunar- og fræðslustofnana
- hafa öðlast þekkingu á ábyrðasviði safnastofnana og því hlutverki þeirra að varðveita og sviðsetja íslenska menningarsögu.
- öðlast þekkingu á miðlunar- og túlkunarhlutverki safna og ólíkum kenningum og aðferðum safnfræðslu sem varða upplifun, skynjun og öflun þekkingar.
- hafa öðlast hæfni til nýta sér safnheimsóknir í kennslu í ýmsum greinum , og að nota söfnin sem fræðslu- og upplýsingastofnanir.
- hafa öðlast ákveðna hæfni í að hanna verkefni og viðfangsefni og að tengja safnaheimsóknir almennu skólastarfi.

Inntak/viðfangsefni
Námskeiðið skal efla sambandið milli safna og skólakerfisins á breiðum grundvelli og til að styrkja fjölbreytta kennsluhætti. Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands verða sérstaklega tekin fyrir og ítarlega fjallað um hlutverk þeirra og það sem þau varðveita. Fjallað verður bæði um það sem söfnin sýna og einnig um safneignir þeirra og heimildasöfn. Það verður fjallað um það sem söfnin sýna og sviðsetja og þau markmið sem þau hafa með þeirri starfsemi. Fræðsluefni safnanna, sem eru ætlað skólum verða könnuð ítarlega og þau skoðuð út frá kennslufræðilegu sjónarhorni. Þátttakendur verða þjálfaðir í að lýsa og fjalla um safnmuni/listaverk og að tengja þá við sögu sína og annað samhengi.Tekið verður mið af þeirri aðferð eða nálgun að safnheimsóknin sé vel undirbúin og að kennari og nemandur hitti safnkennara. Það stefnumót getur verið í formi t.d. samtals, frásagnar eða hlutverkaleiks og eftir heimsóknina sé úrvinnsla í skólanum. Um þessa nálgun verður fjallað með ýmsum hætti og nemendur fá þjálfun í þessu samhengi sem mun nýtast þeim í starfi.
Vinnulag: Kennslan fer fram í fyrirlestrum og á söfnum
Nemendur taka skrifleg próf og geri verkefni.

**NOK011F • Nám og kennsla á 21. öld • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Markmið
Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- kunna glögg skil á nokkrum þeim kenningum um nám og kennslu sem eru efst á baugi í skólaumræðu um þessar mundir (sjá inntakslýsingu) og geti fjallað um þær með gagnrýnum hætti
- geta nýtt þekkingu sína til að þróa krefjandi námsumhverfi fyrir nemendur á mismunandi aldri
- nýta reynslu sína og kunnáttu til að vinna að framförum og endurmeta og þróa starfshætti sína
- tengja eigin hugmyndir og viðhorf við niðurstöður rannsókna og kenninga
- setja hugmyndir sínar fram á fræðilegan og rökstuddan hátt.

Inntak /viðfangsefni
Þungamiðja þessa námskeiðs er sameiginleg leit þátttakenda að svörum við spurningunni Hvernig á skóli þekkingarsamfélagsins að vera? Byggt er á því viðhorfi að fólk læri best ef það getur tengt námsviðfangsefni sín við eigin reynslu, áhuga og vilja. Á námskeiðinu verður því fjallað nokkrar áhugaverðar kenningar um nám og kennslu sem styðja slíka nálgun. Sem dæmi má nefna kenningu Csikzentmihalyi um flæði, kenningu Gardners um greindir, skrif Golemans um tilfinninga- og félagsgreind, skrif LeDoux og Damasio um heilarannsóknir og tengsl vitsmuna og tilfinninga og Perkins o.fl. um kennsluaðferðir sem beinast að því að efla skilning og gagnrýna hugsun nemenda (teaching for undirstanding). Áhersla er lögð að að þátttakendur kynnist þeim rannsóknum sem þessar kenningar byggja á og ígrundi hvernig unnt er að nýta þær í skólastarfi. Þátttakendur velja sér lesefni um fyrrnefndar kenningar og er áhersla lögð á að þeir lesi og rýni texta eftir fræðimennina sjálfa.
Lesefni
Sameiginlegt lesefni er bókin How people Learn: Brain, Mind, Experience and School. 2000. National Research Council. Bókin skiptist í 4 hluta sem eru: I. Nám: Frá vangaveltum til vísinda. II. Nemendur og nám. III. Kennarar og kennsla. IV. Framtíðarstefna námsvísinda.
Námsmat byggist á þremur verkefnum. Fyrsta verkefnið byggist á að lesa eina bók af bókalista námskeiðsins og gera útdrátt úr henni fyrir hópinn (20%). Annað verkefnið felst í að velja kennsluaðferð til að útfæra ( 20%). Þriðja verkefnið er fræðileg ritgerð um valið efni sem tengist viðfangsefnum námskeiðsins (60%).

**NOK012F • Stefnur og straumar í náttúrufræðimenntun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Markmið
Að nemendur

- hafi yfirsýn yfir og skilning á þróun náttúrufræðimenntunar í gegnum tíðina,
- þekki helstu kenningar um nám og skólastarf er lúta að náttúrufræðimenntun
- átti sig á ólíkum orðræðum um vísindi, þekkingu, nám og kennslu, í fræðaskrifum í náttúrufræðimenntun
- hafi öðlast skiliningi á áhrifum kenninga á markmið náms í náttúrufræðum, námskrár, námsefnisgerð, náttúrufræðikennslu og námsmat hér á landi og erlendis
- þroski með sér gagnrýnið hugarfar gagnvart námskrá náttúrufræða, námsefni, kennsluaðferðum, matsaðferðum og rannsóknum í náttúrufræðum.

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um hugmyndir manna um náttúrufræðimenntun frá öndverðu en sérstök áhersla lögð á hugmyndir um náttúrufræðimenntun

eins og þær hafa verið að þróast á Vesturlöndum síðustu sex áratugina. Fjallað veður um hvernig fræðigreinin náttúrufræðimenntun hefur orðið til sem sjálfstætt svið á síðustu sextíu árum. Skoðuð verða tengsl vísinda og tækni í opinberri stefnumótun. Athyglinni verður beint að mismunandi kenningum um náttúrufræðinám sem mótast hafa á þessum tíma og áhrifum þeirra á námskrárgerð, námsefnisgerð og kennsluhætti í náttúrufræðum. Einnig verður fjallað um mögulega framþróun náttúrufræðimenntunar hér á landi og það hvers konar þróunar- og rannsóknarverkefni geti stuðlað að slíkir þróun.
Vinnulag
Lögð verður áhersla á að þátttakendur lesi og fjalli um frumtexta og fræðigreinar er lúta að markmiðum námskeiðsins, að varpa ljósi á þróun náttúrufræðimenntunar síðustu áratugina og ólíkar hugmyndir um vísindi, þekkingu, nám og kennslu í náttúrufræðum. Unnið verður að lokaverkefni þar sem nemendur beita þekkingu sinni og skilningi á viðfangsefni að eigin vali. Að auki verða smærri verkefni tengd ákveðnum þemum og kynningar á greinum og viðfangsefnum sem snúast að hugmyndafræði/ kenningum. Þá er gert ráð fyrir að nemendur taki virkan þátt í umræðum í staðbundnu lotum og á Netinu.
Einkunn verður gefin á grundvelli mats á lokaverkefni og minni verkefnum sem unnin eru meðan á námskeiðinu stendur. Jafnframt verður metin færni nemenda að undirbúa og kynna fræðilegt efni fyrir ýmsum hópum, munnlega og skriflega.

**NOK013F • Stílfræði og textagerð • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Veturliði G Óskarsson Prófessor
Umsjónarkennari: Baldur Hafstað Prófessor
Inntak og viðfangsefni námskeiðs
Fjallað er um undirstöðuatriði stílfræði með dæmum frá ýmsum tímabilum bókmenntasögunnar. Einnig verður hugað að blaðamannastíl, embættismannastíl, stíl ævisagna o.s.frv. Lögð verður áhersla á hvers kyns textagerð með hliðsjón af starfi íslenskukennarans.
Markmið
Stefnt er að því að nemandinn öðlist almenna og víðtæka þekkingu á mismunandi stíltegundum og þjálfist í greiningu texta og í textagerð. Nemandinn spreyti sig m.a. á skýrslugerð, útdráttum, ritun blaðagreina og þýðingum.
Nánar tiltekið er stefnt að því að nemandinn

- hafi almennan skilning á kenningum, hugmyndafræði, hugtökum og aðferðum stílfræði og þýðingafræði.
- búi yfir þekkingu og leikni sem geri honum kleift að sýna frumleika á sviði stílfræði og textagreiningar. Nemandi geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri nálgun í starfi og geti komið fram með rök og rökstuðning til úrlausnar á vandamálum í greininni.
- hafi tileinkað sér þau vinnubrögð sem eru viðurkennd á sviði textagerðar.
- geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi sem tengist greiningu og framsetningu texta.
- geti metið sjálfstætt hvenær mismunandi greiningaraðferðir eiga við.
- hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta gengist undir frekara nám sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Geti beitt þekkingu sinni í þágu skólastarfs í grunn- og framhaldsskólum

Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og leiðsagnar og námið byggist á lestri fræðigreina og valinna texta, umræðum og æfingum. Áhersla er lögð á virkni nemenda, sjálfstæða vinnu, vekjandi umræður og skapandi hugmyndir.
Lesefni
Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994 Íslensk stílfræði. Mál og menning og Háskóli Íslands.
Ástráður Eysteinsson. 1996. Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
Veturliði Óskarsson. 2005. "The language of the 19th century translations IV: Icelandic". Oskar Bandle o.fl. (ritstj.): The Nordic Languages: An International Handbook of the History of the North Germanic Languages. 2. bindi, bls. 1518-1522. (Handbücher zur Sprach- und Kommunikationswissenschaft 22/2). Walter de Gruyter, Berlin / New York.
Annað lesefni auglýst síðar
Námsmat er byggt á verkefnum og prófi.

**NOK014F • Málþroski og þróun málnotkunar • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hrafnhildur Ragnarsdóttir Prófessor
Kennari: Rannveig Oddsdóttir Stundakennari
Meginmarkmið námskeiðsins eru að nemendur öðlist fræðilega og lýsandi þekkingu á málþroskaferlinu og þróun málnotkunar fram á unglingsár, og móti á grunni þeirrar þekkingar eigin sýn á hlutverk kennara og annarra uppalenda í málþroska barna, sem og á þátt málþroska í læsisþróun og alhliða þroska barna.
Helstu viðfangsefni
Námskeiðið hefst á inngangi þar sem fjallað verður um upphaf og forsendur máltöku - hvað er meðfætt og líffræðilega ákvarðað og hvað er áunnið og komið undir örvun umhverfis og menningaráhrifum. Þá verður fjallað um þverfaglegt eðli málþroskarannsókna, helstu rannsóknaraðferðir og kenningar um máltöku og tengsl málþroska við aðra þroskaþætti. Fjallað verður um allar hliðar málþroska: hljóðaþróun, þróun orðaforða, málfræði, setningagerða og -tenginga og þróun orðræðufærni og málnotkunar í margvíslegum tilgangi. Kafað verður ofan í valda þætti sem a) mótast í ríkum mæli af samskiptum við uppalendur og félagslegu- og menningarlegu umhverfi, b) eru nátengdir læsisþróun og námi, c) eru í brennidepli rannsókna á hverjum tíma.
Að þessu sinni verður það orðaforði, boðskipta- og orðræðufærni sem fjallað verður sérstakleg um útfrá sjónarhornum a), b) og c).
Áhersla er lögð á að nemendur kynnist íslenskum rannsóknum, geri eigin athuganir og kennslutilraunir á börnum og fái tækifæri til að tengja saman fræði og framkvæmd. Hvaða lærdóm geta kennarar dregið af rannsóknaniðurstöðum um það hvers konar reynsla, uppeldi, samskipti og örvun heima og í skóla veitir bestu forsendur fyrir góðan málþroska?
Vinnulag
Kennsla fer fram í þremur staðlotum (skyldumæting) og fjarnámi með umræðum á vefnum þess á milli. Námskeiðið skiptist í 4-5 lotur sem hver um sig snýst um tiltekinn þátt málþroska og lýkur með verkefni sem metið er til einkunnar. Í flestum verkefnunum geta nemendur valið um að beina athyglinni að leikskólabörnum, fyrstu grunnskólaárunum, miðstigi eða unglingsárum.
Þrjú verkefni/ritgerði (vægi alls um 80% af lokaeinkunn). Þátttaka í umræðum á vefnum (metið til um 20% of lokaeinkunn).

**NOK014F • Málþroski og þróun málnotkunar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrafnhildur Ragnarsdóttir Prófessor

Kennari: Rannveig Oddsdóttir Stundakennari
Meginmarkmið námskeiðsins eru að nemendur öðlist fræðilega og lýsandi þekkingu á málþroskaferlinu og þróun málnotkunar fram á unglingsár, og móti á grunni þeirrar þekkingar eigin sýn á hlutverk kennara og annarra uppalenda í málþroska barna, sem og á þátt málþroska í læsisþróun og alhliða þroska barna.
Helstu viðfangsefni
Námskeiðið hefst á inngangi þar sem fjallað verður um upphaf og forsendur máltöku - hvað er meðfætt og líffræðilega ákvarðað og hvað er áunnið og komið undir örvun umhverfis og menningaráhrifum. Þá verður fjallað um þverfaglegt eðli málþroskarannsókna, helstu rannsóknaraðferðir og kenningar um máltöku og tengsl málþroska við aðra þroskaþætti. Fjallað verður um allar hliðar málþroska: hljóðaþróun, þróun orðaforða, málfræði, setningagerða og -tenginga og þróun orðræðufærni og málnotkunar í margvíslegum tilgangi. Kafað verður ofan í valda þætti sem a) mótast í ríkum mæli af samskiptum við uppalendur og félagslegu- og menningarlegu umhverfi, b) eru nátengdir læsisþróun og námi, c) eru í brennidepli rannsókna á hverjum tíma.
Að þessu sinni verður það orðaforði, boðskipta- og orðræðufærni sem fjallað verður sérstakleg um útfrá sjónarhornum a), b) og c).
Áhersla er lögð á að nemendur kynnist íslenskum rannsóknum, geri eigin athuganir og kennslutilraunir á börnum og fái tækifæri til að tengja saman fræði og framkvæmd. Hvaða lærdóm geta kennarar dregið af rannsóknaniðurstöðum um það hvers konar reynsla, uppeldi, samskipti og örvun heima og í skóla veitir bestu forsendur fyrir góðan málþroska?
Vinnulag
Kennsla fer fram í þremur staðlotum (skyldumæting) og fjarnámi með umræðum á vefnum þess á milli. Námskeiðið skiptist í 4-5 lotur sem hver um sig snýst um tiltekinn þátt málþroska og lýkur með verkefni sem metið er til einkunnar. Í flestum verkefnunum geta nemendur valið um að beina athyglinni að leikskólabörnum, fyrstu grunnskólaárunum, miðstigi eða unglingsárum.
Þrjú verkefni/ritgerði (vægi alls um 80% af lokaeinkunn). Þátttaka í umræðum á vefnum (metið til um 20% of lokaeinkunn).

**NOK015F • Rannsóknir með ungum börnum • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Markmið:
Í námskeiðinu er fjallað um rannsóknir með ungum börnum, þ.e. rannsóknir þar sem börn eru þátttakendur. Gengið verður út frá félagsvísindalegum rannsóknum á bernskunni þar sem litið er á barnæsku sem afmarkað rannsóknarefni. Einnig verður byggt á síðtímahugmyndum um börn sem sterk og hæf með eigið sjónarhorn á veröldina og hreyfingu um rétt barna þar sem lögð er áhersla á börn sem borgara.
Markmiðið er að nemendur:

- Hafi skilning á þeirri hugmyndafræði og sýn á börn sem liggur að baki rannsóknum með börnum.
- Hafi vitneskju um og skilning á þeim vandamálum og úrlausnarefnum sem rannsakendur standa frammi fyrir þegar þeir vinna rannsóknir með börnum. T.d. varðandi tengsl og samskipti, upplýst samþykki, trúnað og vernd.
- Búi yfir þekkingu og skilningi á framkvæmd rannsókna með börnum.
- Geti beitt fræðunum og aðferðunum í þróunar- og rannsóknarvinnu.

Viðfangsefni:
Í námskeiðinu verður velt upp álitamálum sem upp koma þegar börn eru þátttakendur í rannsóknum. Fjallað verður m.a. um hugmyndafræði, siðferðislega þætti og áhersla lögð á ýmsar aðferðir sem nota má í rannsóknum með börnum. Nemendur vinna eigin rannsókn og fá tækifæri til að glíma við ýmsar aðferðir.
Vinnulag:
Fyrirlestrar um afmörkuð efni. Kynningar á rannsóknum. Vinna í námskeiðinu felst einnig í virkri þátttöku. Í málstofum kynna nemar hver fyrir öðrum þau viðfangsefni og úrlausnarefni sem þeir standa frammi fyrir.
Forkröfur: Námskeið í aðferðafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)

- Fræðileg samantekt og greining byggð á nýjum rannsóknum með börnum.
- Greinargerð um álitamál og úrlausnarefni í rannsóknum með börnum
- Rannsóknarverkefni þar sem nemar vinna rannsókn með börnum

**NOK016F • Skapandi nám og kennsla í náttúrufræði og samfélagsgreinum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Norðdahl Lektor
Kennari: Sólveig Hauksdóttir Aðjunkt
Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- Hafa öðlast skilning á hugmyndum sem eru efst á baugi varðandi nám og kennslu ungra barna í náttúru- og samfélagsgreinum og geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu.
- Hafa tileinkað sér þekkingu á fræðasviðinu í gegnum sínar eigin rannsóknir og annarra og geti nýtt þessar hugmyndir í starfi.
- Geta tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á grunni fræðasviðsins.
- Hafa öðlast þekkingu og skilning til að takast á við aðstæður í þverfaglegu samhengi sem tengist fræðasviðinu.
- Hafa kunnáttu og þekkingu til að greina og miðla á fjölbreyttan hátt.

Inntak/Viðfangsefni: Fjallað verður um hugmyndir fræðimanna um það hvernig börn læra og tileinka sér hugtök og hugmyndir um sig sjálf og ýmis fyrirbæri í umhverfinu og hvers vegna mikilvægt er að byggja kennslu á þessum hugmyndum og leiða þau áfram til frekari skilnings. Sérstök áhersla verður lögð á hugsmíðahyggjukenningar og hvernig nýta má hugmyndir hugsmíðahyggjunnar í námi og kennslu ungra barna. Einnig verður fjölgreindakenning Howard Gardners notuð til að skoða fjölbreytni í náms- og vinnuaðferðum. Lögð verður áhersla á mikilvægi tilfinningagreindar og nauðsyn þess að efla alhliða þroska barna og færni þeirra í samskiptum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, kynningar, umræður, vettvangsferðir, verklegar athuganir og verkefnavinna.
Verkefni 1 (gildir 20% ): Hópvinna um hluta lesefnis.
Verkefni 2 (gildir 30% ): Einstaklingasvinna. Nemendur sem starfa við leikskóla skoða uppbygginguu námssviðanna Náttúra og umhverfi og Menning og samfélag á sínum vinnustað og meta með tilliti til námskrár leikskóla. Nemendur sem starfa við grunnskóla skoða uppbygginguu náttúrufræða og samfélagsgreina fyrir yngstu börnin og meta með tilliti til námskrár í náttúrurfræði og samfélagsgreinum.
Verkefni 3 (gildir 50%): Einstaklingsvinna. Nemendur vinna nánar út frá verkefni 2. Nýta sér hugmyndir og lesefni námskeiðsins til að setja fram rökstuddar hugmyndir að námi og kennslu ungra barna um umhverfið.

**NOK017F • Umsjónarkennarinn, hlutverk og ábyrgð • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Námskeiðslýsing
Markmiðið er að þátttakendur öðlist

- þekkingu á völdum rannsóknum á hlutverki og ábyrgð umsjónarkennara
- skilning á mikilvægi umsjónarkennara varðandi félags- og uppeldislega þætti skólastarfs
- þekkingu á hlutverki og ábyrgð umsjónarkennara eins og skilgreint er í lögum, reglugerðum, kjarasamningum og af fagfélagi kennara,
- þekkingu og skilning á hugmyndum og leiðum sem samkvæmt rannsóknum hafa nýst vel í samskiptum við börn, unglinga, foreldra, samstarfsfólk og aðra sérfræðinga,
- þekkingu og færni á viðbrögðum og aðgerðarferlum í málum er snerta umsjón með börnum og unglingum
- þekki hugmyndir og rannsóknir sem tengjast fagmennsku og starfskenningu
- hæfni til að skoða, ígrunda og meta eigið starf og tengja við kennslu- og uppeldisfræði

Inntak / viðfangsefni
Á námskeiðinu er gengið út frá því að umsjónarkennarinn sé umboðsmaður/stuðningsaðili barna og unglinga og tengiliður skólans við heimilið. Lögð er áhersla á félagslegt hlutverk menntunar og áhrif kennarans á þróun skólamenningu. Kennsla og viðfangsefni á námskeiðinu verður skipulagt samkvæmt samkomulagi við þátttakendur en lögð verður áhersla á hlutverk og ábyrgð umsjónarkennara, samstarf við ólíka aðila (t.d. foreldra, samstarfsfólk, aðra sérfræðinga), viðbrögð og aðgerðarferli í ýmsum málum, þátttöku í þróunarstarfi og starfendarannsóknum. Þátttakendur munu rýna í eigið starf og greina eigin starfskenningu. Þeir vinna með dæmisögur úr eigin starfi sem þeir skrá, greina, meta og túlka.
Vinnulag: Fyrirlestrar, einstaklingsvinna, hópvinna og umræður. Nemendur vinna þrjú einstaklingsverkefni. Eitt verkefnið er sjálfvalið efni tengt innihaldi námskeiðsins.
Dæmisögur úr starfi (25%), yfirlýsing starfskenningar (25%), Ritgerð (50%)

**NOK018F • Rannsóknir og skólastarf • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Kennari: Hafþór Guðjónsson Dósent
Kennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Markmið
Þátttakendur

- öðlist þekkingu á rannsóknum á námi og kennslu og átti sig á gildi þeirra fyrir skólastarf.
- þekki hugmyndir og rannsóknir sem tengjast fagmennsku og starfskenningu.
- þrói hugmyndir sínar um nám og kennslu með hliðsjón af rannsóknum og eigin reynslu.
- öðlist hæfni í að lesa og greina rannsóknir og nýti sér niðurstöður þeirra í skólastarfi.
- tengi rannsóknarniðurstöður við skólastarf á vettvangi

Inntak / viðfangsefni
Innlendar og erlendar rannsóknir á skólastarfi verða lagðar til grundvallar og fjallað um hugtökin nám, kennsla og rannsóknir. Lögð verður áhersla á rannsóknir bæði á og í skólastarfi. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur rýni í og þrói eigin hugmyndir um skólastarf og hvernig þeir geti nýtt sér rannsóknaniðurstöður til þess.
Námskeiðinu er skipt í eftirfarandi þætti:

- Hugtökin rannsókn, nám og kennsla
- Rannsóknir í kennslu
- Rannsóknir á kennslu
- Rannsóknir og námsgreinar

Vinnulag
Námskeiðið byggir fyrst og fremst á virkri þátttöku nemenda.
Lestardagbók. Til að stuðla að góðum lestri halda þátttakendur lestrardagbók þar sem þeir gera grein fyrir því sem þeir hafa verið að lesa.
Umræður. Gert er ráð fyrir að þátttakendur taki virkan þátt í umræðum um lesefni, fyrirlestra og verkefni bæði í staðbundnum lotum, Blakki og málstofum.
Verkefni. Ritgerð um sjálfvalið efni tengt innihaldi námskeiðsins. Gert er ráð fyrir að þátttakendur kynni verkefni sitt í nemendahópnum.
Fyrirlestrar: Fyrirlestrar verða um ákveðna efnisþætti t.d. námskenningar, kennararannsóknir og um rannsóknir á ákveðnum þáttum skólastarfs.
Lesefni:
Lesnar verða rannsóknargreinar eftir íslenska og erlenda fræðimenn. Ásamt erlendum rannsóknargreinum verður lögð áhersla á að lesa greinar sem hafa birst í íslenskum tímaritum á síðustu árum og tengjast íslenskum rannsóknum á námi og kennslu.
Til að geta lokið námskeiðinu verða þátttakendur að hafa tekið þátt í málstofu á WebCT (fjarnemar) eða sótt málstofur (seminör) í KHÍ.
Lokaeinkunn í námskeiðinu byggir á lestrardagbók (50 %), ritgerð (40 %) og kynningu á ritgerð (10 %).

**NOK019F • Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Umsjónarkennari: Þuríður Jóhannsdóttir Lektor
Markmið
Í lok námskeiðsins eiga þátttakendur að

- hafa öðlast yfirsýn um notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum
- hafa kynnt sér stöðu og þróun í notkun upplýsingatækni í skólastofnunum á mismunandi stigum
- hafa kynnt sér stöðu og þróun tölvunotkunar meðal nemenda og kennara í skólum
- hafa öðlast skilning á möguleikum upplýsingatækni til að efla nám og kennslu
- verða orðnir þátttakendur í náms- og fagsamfélagi um þróun á sviði upplýsingatækni

Inntak / viðfangsefni
áhrif upplýsingatækni á uppeldi, menntun og skólastarf
námskrá og stefnumótun á sviði upplýsingatækni í skólastarfi rannsóknir sem tengjast notkun upplýsingatækni í námi og kennslu,s.s. kennsluhættir, námsefni og námsaðferðir rannsóknir um hlutdeild upplýsingatækni í þróun skólastarfs hlutdeild upplýsingatækni í lífi ungs fólks innan og utan skóla.
Vinnulag
Lestur og umræður um námskrá og stefnu, fræði, nýjar rannsóknir og athuganir á vettvangi. Þátttakendur vinna einir eða í smærri hópum að efnissöfnun og kynningum á efni sem tengist áhugasviði þeirra. Þeir miðla reynslu sinni af notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og leggja sitt af mörkum við að byggja upp öflugt náms- og fagsamfélag.
Einkunn verður gefin á grundvelli mats á lokaverkefni og minni verkefnum sem unnin eru á meðan á námskeiðinu stendur. Tekið er mið af þátttöku í umræðum á neti og í staðlotum við námsmat.

**NOK020F • Ritlist og bókmenntir • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristján Jóhann Jónsson Dósent
Inntak og viðfangsefni
Fjallað verður um ýmsar bókmenntategundir og einkenni þeirra. Nemendur nálgast bókmenntir með því að skapa þær. Lesnar verða fræðigreinar um ritun og skapandi starfi fylgt eftir með fræðilegum tilvísunum og upplýsingum um hvernig nýta má þekkingu á ritlist í kennslu.
Markmið
Nemendur læra um bókmenntir með því að búa þær til sjálfir. Fræðileg umfjöllun snýst um einkenni bókmennta og það hvernig beita má ritun sem aðferð við kennslu. Tekið er samhliða á kenningum um bókmenntir og því handverki sem einkennir allar bókmenntir.
Nemandi

- les og greinir mismunandi gerðir bókmennta og kynnist einkennum þeirra.
- metur gildi þeirra fyrir nemendur grunnskóla.
- lærir um bókmenntir með því að skapa texta.
- les sér til í fræðiritum um ritun sem kennsluaðferð.

Vinnulag
Nemendur skrifa heima í fjarsambandi við kennara. Í þremur staðlotum verða fræðilegir fyrirlestrar um ritlist og jafningjamat þar sem nemendur greina hver annars verk á sameiginlegum fundi.
Námsmat er byggt á verkefnavinnu, framlagi hvers nemanda á námskeiðinu.

**NOK021F • Málstofa á sviði stærðfræðimenntunar A: Rannsóknir á stærðfræðimenntun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Guðný Helga Gunnarsdóttir Lektor
Markmið að nemendur:

- Þekki helstu kenningar á sviði stærðfræðimenntunar.
- Hafi innsýn í rannsóknir og rannsóknarhefðir á sviði stærðfræðimenntunar og áhrif rannsókna á áherslur í námi og kennslu í stærðfræði.
- Geti kynnt sér rannsóknir á sviði stærðfræðimenntunar og nýtt sér niðurstöður fjölþjóðlegra rannsókna.
- Geti kannað stærðfræðilegar hugmyndir með athugunarverkefnum og viðtölum.
- Þekki vinnubrögð við gerð rannsóknaráætlana og framkvæmd rannsókna.

Viðfangsefni:
Fjallað verður um kenningar á sviði stærðfræðimenntunar. Áhersla verður lögð á hugsmíðihyggju og félagsmenningarleg viðhorf til náms og áhrif þessara hugmynda á rannsóknir á sviði stærðfræðimenntunar.
Nemendur kynna sér ýmsar rannsóknir og greina hvaða kenningar og rannsóknarhefðir eru lagðar til grundvallar. Hugað verður að aðferðafræði rannsókna á stærðfræðimenntun og nemendur fá að spreyta sig á gerð rannsóknaráætlunar. Fjallað verður um hvernig nýta má kenningar við að greina það sem fram fer á námsvettvangi og hvernig nýta má niðurstöður rannsókna til umbóta í stærðfræðimenntun. Sérstaklega verður fjallað um starfendarannsóknir og hvernig nýta má þær til að þróa eigin kennslu og skapa lifandi námsumhverfi á vettvangi.
Vinnulag:
Haldnir verða fyrirlestrar, málstofur og umræðutímar. Námið byggist þó að mestu á sjálfstæðri verkefnavinnu nemenda, lestri fræðilegs efnis, virkri þátttöku í umræðum og framkvæmd athugana á vettvangi.
Nauðsynleg undirstaða: Kenningar um nám barna og fullorðinna (MVS009F)
Námsmat byggist á hóp- og einstaklingsverkefnum og prófi í lok námskeiðs.

**NOK022F • Algebra og línuleg algebra • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Freyja Hreinsdóttir Dósent
Markmið: Markmið:
Nemendur dýpki þekkingu sína á abstrakt algebru og línulegri algebru.
Nemendur

- þekki hugtökin grúpa og hlutgrúpa og geti gefið dæmi um bæði víxlnar og óvíxlnar grúpur ásamt hlutgrúpum þeirra.
- þekki hugtakið normal hlutgrúpa og tengsl þess við skilgreiningu á deildagrúpu.
- viti hvað grúpumótun/grúpueinsmótun er og hvernig það hugtak er notað. Þekki grúpumótunarsetningar.
- þekki hugtökin baugur og svið og geti gefið dæmi um þau.
- geti reiknað með vigrum í 2 og 3 víddum.
- kunni skil á fylkjareikningi t.d. samlagningu, margföldun og andhverfum.
- þekki hugtakið línuleg vörpun og tengsl þess við fylki.

Inntak / viðfangsefni: Algebra: Rifjuð verða upp grunnatriði mengjafræði og aðgerðir í þeim skilgreindar ásamt helstu reglum sem áhugavert er að skoða varðandi slíkar aðgerðir (víxlreglu, tengireglu o.s.frv.). Hugtökin grúpa, hlutgrúpa, normal hlutgrúpa og deildagrúpa verða skilgreind. Skoðuð verða mörg dæmi um áðurnefnd hugtök (t.d. endanlegar grúpur, flutningagrúpur og umraðanagrúpur) og út frá því

þróaður skilningur á grúpumótunum og grúpueinsmótunum. Farið verður í helstu grúpumótunarsetningar. Út frá grúpuhugtakinu verða hugtökin baugur og svið skilgreind ásamt grunnhugtökum þeim tengdum (t.d. íðul, deildabaugar og baugamótanir). Skoðuð verða dæmi um þessi hugtök t.d. margliðubaugar, leifaflokkar og fylkjabaugar. Farið verður í margliður og ræð föll og helstu eiginleika þeirra.
Línuleg algebra: Farið verður í helstu atriði vigurreiknings (s.s. samlagningu, margföldun með tölu) í tvívídd og þrívídd. Rifjuð verða upp hugtökin lína og plan í þremur víddum og jöfnur þeirra. Hugtökin línulega háðir og línulega óháðir vigrar verða skilgreind. Farið verður í aðferðir til að leysa línuleg jöfnuhneppi (Gausseyðingu) og fylki skilgreind. Ákveða fylkis verður skilgreind og andhverf fylki ásamt línulegar vörpunum.
Vinnulag: Fyrirlestrar, dæmatímar og verkefni.
verkefni og próf

**NOK024F • Náttúrufræðin í grunnskólum - lykilþættir, verklegt nám og grunnhugtök • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Kennari: Auður Pálsdóttir Aðjunkt
Kennari: Eggert Lárusson Lektor
Kennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið:
Að nemendur

- hafi góðan skilning á helstu kenningum, lögmálum og hugtökum sem aðalnámskrá í náttúrufræðum fyrir grunnskóla leggur áherslu á.
- þekki niðurstöður rannsókna á því hvernig börn og unglingar hugsa um þessar kenningar, lögmál og hugtök
- þekki niðurstöður rannsókna á gildi og hlutverki verklegra þátta í náttúrufræðikennslu og verði færir um að skipuleggja og útfæra kennslu í verklegum þáttum, bæði tilraunum og athugunum inni við og úti.
- séu færir að nýta nánasta umhverfi til náttúrufræðikennslu, m.þ.a. þjálfast í náttúruskoðun og þekki dæmi af slíkri vinnu í skólum.
- þjálfist í þverfaglegri vinnu þar sem eðlisfræði, efnafræði, líffræði og jarðvísindi koma saman og þar sem unnið er með viðfangsefni sem eru í aðalnámskrá grunnskóla.

Inntak / viðfangsefni:
Í námskeiðinu verður fjallað um helstu kenningar, lögmál og grunnhugtök sem birtast í aðalnámskrá í náttúrufræðum svo sem þróunarkenningu Darwins, ljóstillífun, frumunni, vistkerfi, lögmál Newtons,orku, þróun frumeindakenninga, varðveislulögmál Lavoasiers og landrekskenninguna. Áhersla verður lögð á hvernig sumar þessara hugmynda urðu til og hvernig þær breyttust með tímanum. Nemendur kynna sér rannsóknir og fræðiskrif er lúta að skilningi barna og unglinga á völdum kenningum og hugtökum. Fjallað verður um útikennslu og nemendur prófa sjálfir verklegar athuganir og skipulaggja verklegar æfingar og útikennslu. Áhersla er á samþættingu náttúrufræðigreinanna og tengsl við umhverfismennt,  mismunandi aðferðir í vettvangsferðum og gildi verklegs náms. Skoðaðar verða rannsóknir og fræðaskrif er lúta að þessum þáttum og dæmi um slíka kennslu metin.
Vinnulag:
Haldnir verða fyrirlestar um nokkrar helstu kenningar, lögmál og hugtök náttúruvísindanna. Þátttakendur velja sér ákveðin viðfangsefni innan þessa ramma, bæði til að dýpka skilning sinn á þeim og kanna hvernig megi kenna þau til skilnings. Lögð verður áhersla á að þátttakendur afli sér sjálfir upplýsinga og miðli þeim, taki virkan þátt í að hanna, skipuleggja og framkvæma verklegar athuganir og vettvangsferðir, ræði hugmyndir sínar og kynni verkefni sín fyrir öðrum þátttakendum bæði í staðlotum og á Blakki. Í staðlotu vinna nemendur að samþættu verkefni úti við. Val á viðfangsefnum getur miðast við hvað nemendur hafa fengist við í sínu fyrra námi og/eða starfi. Metin verða einstaklings- og hópverkefni og þátttaka í umræðum á vef. Metin verður þekking þátttakenda á skilningi barna og unglinga á náttúrufræðilegum þáttum, einnig færni þeirra til að afla sér upplýsinga, skipuleggja kennslu og tengja kennsluhugmyndir rannsóknum og kynna þær öðrum. Færni þátttakenda til að nýta sér, skipuleggja og hanna athuganir og útikennslu verður metin. Verkefni: (1) lestur kennslufræði greina og greinargerð- 15% (2) skipulagning og útfærsla verklegrar æfingar - 15% (3) verkefni í veðurfæði - 10% (4) verkefni um vorkomuna - 10% (5) gerð umhverfisstígs - 25% (6) virkni og fagleg umræða á vef- 25%

**NOK025F • Hvað segja rannsóknir um náttúrufræðimenntun? • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Markmið
Að nemendur

- hafi yfirsýn yfir rannsóknir á sviði náttúrufræðimenntunar
- geti nýtt sér þekkingu sína á rannsóknum til að þróa starfshugmyndir sínar sem náttúrufræðikennarar og búið nemendum í náttúrufræðinámi hvetjandi og árangursríkt námsumhverfi
- skilji hvernig mismunandi rannsóknaraðferðir á sviði náttúrufræðimenntunar hafa áhrif á þær ályktanir sem draga má af niðurstöðum rannsókanna.
- þekki helstu tímarit á sviði náttúrufræðimenntunnar og þjálfist í að afla sér upplýsinga um rannsóknir og fræðaskrif
- séu færir um að lesa fræðilegar tímaritagreinar sér til skilnings, setja þær í samhengi, skrifa greinagóða útdrætti úr þeim og kynna þær fyrir öðrum
- hafi þroskað með sér gagnrýnið og rannsakandi hugarfar sem nýtist þeim í starfi, bæði sem kennarar og rannsakendur
- geti kannað hugmyndir nemenda um náttúrufræðileg fyrirbæri og unnið úr slíkum athugunum á kerfisbundin hátt og með hliðsjón af rannsóknum á sviðinu
- séu í stakk búnir að gera athuganir á eigin kennslu og átta sig á stöðu nemenda sinna og kenna út frá þeirra forsendum
- þekki rannsóknir á stöðu náttúrufræðimenntunar á Íslandi, bæði alþjóðlegum og staðbundnum.
- geti nýtt rannsóknir til að setja náttúrufræðimenntun á Íslandi í alþjóðlegt samhengi og geti stuðlað að þróun hennar í framtíðinni

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um rannsóknir á náttúrufræðimenntun, bæði erlendis og hér á landi er varða náttúrufræðinám, kennslu og skólastarf. Fjallað verður um rannsóknir á hugmyndum barna og þróun þessara hugmynda, rannsóknir á verklegri kennslu og aðstæðubundnu námi, rannsóknir á áhrifum náttúrufræðináms á þroska barna, rannsóknir á þætti tungumáls og menningar í náttúrufræðinámi, rannsóknir á viðhorfum og áhuga á náttúrufræði, rannsóknir á kynjamun í náttúrufræðinámi, rannsóknum á upplýsinga- og tölvutækni í náttúrufræðimenntu, rannsóknir á námsmati í náttúrufræði, rannsóknir á náttúrufræðinámi ungra barna og starfendarannsóknir í náttúrufræðimenntun. Sérstök áhersla verður lögð á rannsóknir er varða það hvað það felur í sér að læra náttúrufræði og hvaða hindranir verða helst á vegi nemenda í þessu samhengi og

hvernig megi bregðast við slíkum vanda. Einnig verður athyglinni beint að rannsóknum á kennslu og þá sérstaklega kennsluháttum í náttúrufræðikennslu sem virðast gefa góðan árangur. Loks verður athygli beint að þáttum innan skóla og í menntakerfi sem hefur áhrif á stöðu náttúrufræðimenntunar, svo sem námskrárgerð, viðhorf stefnumótandi aðila og hefðir í skólum.
Vinnulag
Nemendur lesa greinar um rannsóknir á náttúrufræðimenntun, gera útdrætti úr þeim og fjalla um þær á Netinu og í staðlotum. Áhersla verður lögð á að nemendur afli sér upplýsinga sjálfir úr ýmsum heimildum, bæði prentuðum og á Netinu, gera athuganir á vettvangi, kynni hugmyndir sínar og verkefni og taki virkan þátt í umræðum. Einnig verður lögð áhersla á að nemendur geri athuganir á námi og kennslu og/eða greini rannsóknargögn sem liggja fyrir. Einnig munu nemendur kynna sér tímarit á sviðinu og ráðstefnur um náttúrufræðimenntun meðal annars með því að skoða heimasíður slíkra ráðstefna til að greina mikilvægar nálganir í rannsóknum á þessu sviði.
Námsmat verður byggt á verkefnum sem nemendur gera meðan á námskeiðinu stendur. Einnig er gert ráð fyrir verkefnavali, t.d. að nemendur geri athuganir á eigin kennslu, taki viðtöl við börn og unglinga í því skyni að grennslast fyrir um hugmyndir þeirra og viðhorf eða greina fyrirliggjandi gögn t.d. úr PISA eða samræmdum prófum. Við mat á verkefnum verður lögð áhersla á að nemendur geti rökstutt hugmyndir sínar með tilvísunum í rannsóknir. Einnig verður lögð áhersla á að nemendur geti skoðað rannsóknir og fræðiskrif með gagnrýnum hætti, skrifað stutta og greinargóða útdrætti úr tímaritsgreinum og kynnt rannsóknagreinar fyrir öðrum. Ennfremur verður metin færni nemenda að vinna að rannsóknum, til dæmis með því að vinna úr gagnasöfnum og/eða að kanna eigin kennslu og/eða að kanna hugmyndir og viðhorf barna, unglinga og/eða kennara um náttúrufræðileg fyrirbæri. Lögð verður áhersla á færni nemenda til að túlka niðurstöður sínar með gagnrýnum hætti og draga af þeim ályktanir varðandi náttúrfræðimenntu. Loks verður leitast við að meta hversu vel nemendur eru að sér um stöðu og þróun náttúrufræðimenntunar, hérlendis sem erlendis.

**NOK026F • Mál og lestur • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Freyja Birgisdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Rannveig Auður Jóhannsdóttir Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að gefa nemendum traustan fræðilegan grunn um tengsl máls og lesturs.
Námskeiðið hefst á almennum inngangi þar sem kenningar og rannsóknir á lestri eru settar í sögulegt samhengi og mismunandi skilgreiningar á læsishugtakinu ræddar. Fjallað verður ítarlega um forsendur lestrarnáms, með sérstakri áherslu á rannsóknir á þroska málvitundar (metalinguistic awareness) og hvernig mismunandi undirþættir hennar tengjast þróun umskráningar og lesskilnings og erfiðleikum því tengdu. Lögð verður áhersla á þátt hljóðkerfisvitundar og orðhlutagreiningar á þróun lesturs og stafsetningar. Einnig verður fjallað um mismunandi leiðir til þess að örva málvitund barna og hvernig sú örvun leggur grunn að lestrarnámi þeirra. Skoðaðar verða kenningar um þróun læsis og flokkar lestrarkennsluaðferða er varða samtengjandi, sundurgreinandi og samvirkni þátta. Þáttur erfða og félagslegs umhverfis í læsi, lestrarnámi og lestrarerfiðleikum verður ræddur, sem og annarra mögulegra áhrifaþátta.
Námsmatið skiptist í tvennt: Verkefni 1: spurningar úr lesefni(40%) Verkefni 2: athugun á vettvangi (60%)

**NOK027F • Íslensk og alþjóðleg listasaga frá lokum 19. aldar til nútímans • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Kvaran Prófessor
Markmið
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- hafa öðlast þekkingu á aðferðafræði listasögunnar.
- hafa öðlast sögulega og fræðilega þekkingu, um alþjóðlega og íslenska listasögu, samhengi hennar og hlutverk á 20. öld.
- hafa þekkingu á lykilhugtökum við myndtúlkun.
- geta tengt saman listaverk og þá menningarstöðu, listhefð og hugmyndakerfi sem þau eru sprottin úr.
- hafa öðlast hæfni til að greina höfundareinkenni þeirra listamanna sem sett hafa meginsvip á íslenska og alþjóðlega listasögu þessa tímabils.
- hafa öðlast ákveðna færni í að lýsa og túlka listaverk frá þessu tímabili.

Inntak/viðfangsefni
Inngangur að listfræði. Fjallar um fræðasvið listfræðinnar og sögulega þróun um aðferðafræði greinarinnar við lýsingu og túlkun listaverka. Sérstök áhersla verður á umfjöllun um endurnýjun fræðigreinarinnar á undanförnum árum og tengslin við heimspeki, félagsfræði og sálfræði. . Myndtúlkun. Fjallað um helstu aðferðir, lykilhugtök og markmið. Fjallað verður um stefnur og hugmyndir í alþjóðlegri listasögu frá lokum 19. aldar og fram til dagsins í dag. Samhliða verður fjallað um þróun íslenkrar listasögu og hvernig hún tengist alþjóðlegu samhengi. Í alþjóðlegu listasögunni verður fjallað um túlkun veruleikans út frá impressjónisma, expressjónisma og táknhyggju aldamótanna. Þá verður fjallað um róttækar listhreyfingar frá aldamótum og fram til 1945 eins og kúbisma og súrrealisma, um nýja skilgreiningu á veruleikanum í listum og hlutverki listarinnar. Frá 1945 og fram til dagsins í dag verður fjallað um þær listhreyfingar, sem endurskilgreina listhugtakið, markmið listarinnar og hlutverk listamannsins. Samhliða þessari umfjöllun um hina alþjóðlegu þróun verður fjallað um íslenska listasögu á 20. öld, frá rómantískri landslagslist í upphafi aldarinnar og hvernig íslensk list tengist alþjóðlegum viðhorfum og hver sé sérstaða íslenskrar listar í alþjóðlegu samhengi á 20. öld. Í því samhengi verður fjallað um höfundareinkenni og viðfangsefni þeirra íslensku listamanna sem setja stærstan svip á list 20. aldar.
Vinnulag: Kennslan fer fram í fyrirlestrum og listasöfn verða heimsótt.
Nemendur taka skrifleg próf og gera verkefni

**NOK028F • Málvísindi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Inntak og viðfangsefni námskeiðs
Fjallað er um valda þætti úr fræðigreininni málvísindi með sérstaka áherslu á íslenskt mál og kennslugreinina íslensku.
Markmið
Stefnt er að því að nemandinn öðlist almennan skilning á nýjustu þekkingu, kenningum, hugmyndafræði, hugtökum og aðferðum á fræðasviði málvísinda.
Nánar tiltekið er stefnt að því að nemandinn

- kynni sér niðurstöður nýlegra rannsókna á þeim sviðum sem fjallað er um í námskeiðinu.
- búi yfir þekkingu og leikni sem geri honum kleift að sýna frumleika í þróun og nýtingu hugmynda á viðkomandi fræðasviði. Enn fremur að hann hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna. Nemandi geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri nálgun í starfi og geti komið fram með rök og rökstuðning til úrlausnar á vandamálum í greininni.
- geti sýnt fram á aukinn og dýpri skilning og hafi víðtæka yfirsýn á sviði málvísinda og öðlist færni til að takast á við ný og áður ókunn viðfangsefni eða aðstæður á fræðasviðinu.
- geti greint á skýran og ótvíræðan hátt, í ræðu og riti, frá flóknum, fræðilegum rannsóknum og rökstuddum niðurstöðum.

- hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta gengist undir frekara nám sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og námið í formi umræðna og æfinga. Áhersla er lögð á virkni nemenda, vekjandi umræður, skapandi hugmyndir og tilvísun í rannsóknir annarra.
Námsmat er byggt á verkefnum og prófi.

**NOK029F • Málrækt og málfræðikennsla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Kennari: Veturliði G Óskarsson Prófessor
Fjallað er um málrækt með áherslu á aðstæður á Íslandi, einkum í samtímalegu ljósi, og tengsl málræktar og málfræðikennslu.Fjallað er um málrækt með áherslu á aðstæður á Íslandi, einkum í samtímalegu ljósi, og tengsl málræktar og málfræðikennslu.
Markmið
Stefnt er að því að nemandinn öðlist almennan skilning á nýjustu þekkingu, kenningum, hugmyndafræði, hugtökum og aðferðum á sviði málræktar og kennslu í málfræði.
Nánar tiltekið er stefnt að því að nemandinn

- kynni sér niðurstöður nýlegra rannsókna á þeim sviðum sem fjallað er um í námskeiðinu.
- búi yfir þekkingu og leikni sem geri honum kleift að sýna frumleika í þróun og nýtingu hugmynda á viðkomandi fræðasviði. Enn fremur að hann hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna. Nemandi geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri nálgun í starfi og geti komið fram með rök og rökstuðning til úrlausnar á vandamálum í greininni.
- geti sýnt fram á aukinn og dýpri skilning og hafi víðtæka yfirsýn á sviði málræktar og öðlist færni til að takast á við ný og áður ókunn viðfangsefni eða aðstæður á fræðasviðinu.
- geti greint á skýran og ótvíræðan hátt, í ræðu og riti, frá flóknum, fræðilegum rannsóknum og rökstuddum niðurstöðum.
- hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta gengist undir frekara nám sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vinnulag
Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og námið í formi umræðna og æfinga. Áhersla er lögð á virkni nemenda, vekjandi umræður, skapandi hugmyndir og tilvísun í rannsóknir annarra.
Námsmat er byggt á verkefnum og prófi.

**NOK030F • Fjölbreyttir kennsluhættir - einstaklingsmiðað nám • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Lilja M Jónsdóttir Lektor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að þátttakendur efli þekkingu sína á fjölbreyttum kennsluháttum og hæfni sína í að fjalla um þá með fræðilega viðurkenndum hætti.
Undirmarkmið eru að þátttakendur

- skilji hvað felst í hugtakinu kennsluaðferð og kunni glögg skil á dæmum um fræðilega flokkun kennsluaðferða
- hafi öðlast þekkingu og skilning á eðli, einkennum og þýðingu mismunandi kennsluaðferða
- hafi öðlast þekkingu á rannsóknum á kennsluháttum og átti sig á gildi þeirra fyrir skólastarf
- skilji mikilvægi þess að viðhafa fjölbreytta kennsluhætti í skólum og þekki dæmi um mismunandi aðferðir sem hafa það að markmiði
- fjalli á gagnrýninn hátt um kennsluhætti, kennsluaðferðir og leiðir til að koma til móts við mismunandi þarfir, áhuga og getu nemenda
- átti sig á hugsanlegum álitamálum um einstaklingsmiðað nám
- skilji hvernig ólík viðhorf (kennara) endurspeglast í skipulagi kennslu
- geti áttað sig á nýjungum og þróun fjölbreyttra kennsluhátta sem byggir á fræðilegri þekkingu og rannsóknum á kennslu
- efli áhuga sinn á bæta kennsluhætti í skólum og geti nýtt þekkingu sína til að takast á við þróunarstörf á vettvangi

Viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um kennsluaðferðahugtakið og dæmi kynnt um fræðilega flokkun kennsluaðferða. Rannsóknum á kennsluaðferðum verða gerð sérstök skil, einkum innlendum rannsóknum. Þá verður fjallað um kennsluhætti og kennsluaðferðir sem tengjast hugmyndum um einstaklingsmiðað skólastarf (m.a. opinn skóla, sveigjanlega kennsluhætti, samvinnunám, samkennslu, lausnaleitarnám, heildstæð viðfangsefni, þemanám, samkomulagsnám, sagnalíkanið (The Story Model) og sjálfstæð, skapandi viðfangsefni). Efni námskeiðsins verður tengt þróun fjölbreyttra kennsluhátta hér á landi, og erlendis, og áhersla lögð á að þátttakendur ígrundi eigin reynslu af kennslu. Þátttakendum gefst tækifæri til að kynna sér einstaka kennsluhætti og kennsluaðferðir til nokkurrar hlítar og fjalla um það með fræðilegum hætti.
Vinnulag
Byggt er á fyrirlestrum, kynningum, málstofum, umræðum, sjálfstæðri vinnu, hópverkefnum, lestri bóka og greina og upplýsingaleit. Lögð er áhersla á að þátttakendur ígrundi eigið starf og greini, túlki og meti reynslu sína og tengi hana við fræði og rannsóknir. Þáttakendur lesa m.a. allt aðallesefni námskeiðsins, ræða það í málstofu á WebCT og halda lestrardagbók (leysa lestrarverkefni) sem því tengjast. Auk þess vinna nemendur lokaverkefni sem er hópverkefni.
Mætingarskylda er í staðlotur.
Námsmat:
1. Leiðarbók eða lestrardagbók (40%) - hún er byggð á lestri námsefnis og ígrundun um það.
2. Þátttaka í málstofum á Blakki (10%).
3. Þátttaka í staðbundunum lotum (10%).
4. Aðalverkefni (40%) - verkefnið er hópverkefni.
1. Leiðarbók eða lestrardagbók (40% eða 2e) – hún er byggð á lestri námsefnis og ígrundun um það.
2. Þátttaka í málstofum (10% eða 0,5e).
3. Þátttaka í staðbundunum lotum (10% eða 0,5e).
4. Aðalverkefni (40% eða 2e) – verkefnið er hópverkefni.

**NOK031F • Námsmat og prófagerð • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Markmið
Við lok námskeiðs er gert ráð fyrir að nemandi:

- þekki meginhugtök, kenningar og aðferðir á sviði námsmats og prófræða.
- sé fær um að bera saman matsaðferðir með tilliti til réttmætis og áreiðanleika og geti gagnrýnt fræðilegar forsendur þeirra með rökum.
- sé fær um að glíma við og taka þátt í umræðu um álitamál og lykilspurningar er tengjast námsmati og geti tengt umfjöllunina eigin starfskenningu.
- geti fjallað um matsaðferðir í samhengi við hugmyndina um skóla fyrir alla (inclusion).
- þekki til rannsókna er beinast að áhrifum námsmats á nám og kennslu.
- hafi rannsakað einhvern þátt námsmats í skólastarfi og tekið þátt í kynningum og umræðu um niðurstöður og sett í fræðilegt samhengi.

Inntak / viðfangsefni
Nemendur kynna sér hugtök og hugmyndir er standa hæst í ræðu og riti um námsmat og prófræði og setja í fræðilegt samhengi og tengja jafnframt eigin sýn og starfskenningu. Fjallað verður um eðli mats á námi og kennslu, viðmið, matsáætlanir, réttmæti, áreiðanleika og mismunandi gerðir námsmats s.s. árangursmat, rauntengt mat og frammistöðumat. Einnig er varpað ljósi á þróun hugmynda manna um námsmat og mælingar á námi og námsframvindu síðustu 100 árin.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræður, málstofur, upplýsingaleit- og úrvinnsla, kynningar og vinna tengd vettvangi og á vettvangi. Áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð nemenda. Þannig þjálfist þeir í að nýta sér þekkingu sína til að tjá hugmyndir sínar og efla eigin starfskenningu. Mikilvægur þáttur er samstarf við aðra þátttakendur sem miðar m.a. að því að hlusta á hugmyndir annarra, meta þær og máta við eigin hugmyndir um mat og mælingar á námi.
Lesefni
M. David; Linn, Robert L.; Gronlund, Norman E. (2008). Measurement and Assessment in Teaching. Pearson Education.
Annað efni kynnt við upphaf námskeiðs
Eftirfarandi er viðmið sem kann að breytast í samstarfi við þátttakendur námskeiðsins þegar það er hafið: Skriflegt próf við lok námskeiðs vegur um 40%. Þar er áhersla lögð á þekkingu, skilning, beitingu og gagnrýna og rökstudda afstöðu nemanda. Verkefni metin út frá viðmiðum sbr. töflu í Náms- og kennsluskrá vega um 40%. Önnur þátttaka og framlag nemanda (um 20%) metið með óformlegri hætti.

**NOK032F • Samskiptafærni - persónuleg samskipti í uppeldisstarfi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sólveig Karvelsdóttir Lektor
Markmið
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að þátttakendur skilji mikilvægi góðra persónulegra samskipta og fái stuðning við að efla eigin samskiptafærni. Að þeir þekki helstu leiðir farsæls samstarfs, geti nýtt þá þekkingu í eigin starfi og til að styrkja og bæta samskipti innan skólasamfélagsins.
Undirmarkmið eru að þátttakendur

- kunni skil á helstu hugtökum og kenningum í samskiptafræðum með áherslu á persónuleg samskipti
- skilji tengsl hegðunar einstaklinga við félags- og menningarlegan bakgrunn þeirra
- geri sér grein fyrir áhrifum siðrænna gilda, hugsunar og tilfinninga á hegðun og samskipti fólks
- þekki leiðir til sjálfsskoðunar, markvissrar ígrundunar og mats á eigin hæfni og fagmennsku á sviði samskipta
- geti nýtt kunnáttu sína og færni í kennslustarfi og stjórnun, til úrlausnar ágreiningsmála og til að bæta samskipti á vinnustað
- hafi þekkingu á undirstöðuatriðum formlegra viðtala
- þekki viðurkenndar samskiptaaðferðir í teymisvinnu og í formlegu samstarfi og geti beitt þeim

Inntak / viðfangsefni
Meginviðfangsefni námskeiðsins eru persónuleg samskipti bæði almennt og í tengslum við starfsvettvang og uppeldisstarf. Lögð verður áhersla á að auka samskiptafærni þátttakenda með markvissri þjálfun, sjálfsskoðun og ígrundun um persónulega og faglega hæfni. Kynntar verða árangursríkar aðferðir í persónulegum og faglegum samskiptum s.s. við samstarfsfólk og foreldra, í teymisvinnu, hópstarfi og við bekkjarstjórnun. Fjallað verður um áhrif uppeldis og menningarsamfélags á hugsun og hegðun fólks, um ólíkan tjáningarmáta karla og kvenna og um mismunandi samskiptahefðir innan ólíkra menningarsvæða.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra, umræðna, málstofa, verklegrar þjálfunar og samstarfsverkefna. Verkefnin miðast við að tengja fræðin við starfsvettvang þátttakenda og þeirra eigin reynslu.
Þrjár staðlotur eru í námskeiðinu og er gert ráð fyrir virkri þátttöku nemenda í þeim öllum.
Dagbók sem innifelur m.a. ígrundun og sjálfsmat, 20%; samstarfsverkefni og kynning 30%; ritgerð 50%.

**NOK034F • Leikur og skapandi starf • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Umsjónarkennari: Kristín Karlsdóttir Lektor
Markmið
Að nemendur:
- Séu færir um að nýta niðurstöður rannsókna á skapandi starfi og leik við skipulagningu starfs í leik- og grunnskóla
- Hafi öðlast skilning á mikilvægi skapandi hugsunar og fjölbreytilegrar tjáningar í námi barna
- Hafi öðlast þekkingu og skilning á því hvernig hvetja megi börn til fjölbreyttrar tjáningar og skapandi hugsunar
- Öðlist færni í að beita leik og listum sem aðferðum í heimspekilegu starfi með börnum
- Séu færir um að beita aðferðum við að skoða og meta árangur skapandi starfs í leik og list
- Sýni frumkvæði, gagnrýna hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum

Viðfangsefni
Fjallað verður um:

- Aðferðir til að ýta undir leik og listir sem námsleiðir barna
- Kenningar, rannsóknir og hugtök sem varpa ljósi á gildi leiks og skapandi starfs fyrir nám ungra barna.
- Leik sem námsleið barnsins og kennsluaðferð kennarans.
- Nýjar áherslur og rannsóknir um leik og tengsl hans við félagslega færni og skilning barna á t.d. frásögnum, sögugerð, stærðfræði, vísindum, máli, læsi og skrift.
-Skipulag og uppbyggingu uppeldis- og námsumhverfis með ljósmyndir út frá fagurfræðilegu sjónarmiði og sem tæki til að skrá ferli náms
- Listgreinar sem uppspretta fyrir nýjar hugmyndir og leiðir sem hvetja og örva börn í skapandi starfi
- Tengsl listgreina við aðra þætti í skólastarfi.
Vinnulag:
Þrjár staðlotur þar sem áhersla er á að nemendur ræði og kynni eigin verkefni. Fyrirlestrar í Blakki og staðlotum. Umræður í Blakki. Athuganir og verkleg vinna nemenda á vettvangi.
Námsmat: þátttaka í bloggi, leiðarbók, nokkur verkefni þar á meðal eitt stórt sem skilað er í lok annar.

**NOK036F • Umhverfismennt: Menntun til sjálfbærrar þróunar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Stefán Bergmann Dósent
Markmið:
að nemendur,

- skilji hlutverk, einkenni og þróun umhverfismenntar, hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og leiðir til að vinna að framgangi hennar almennt og í ljósi aðstæðna á norðurslóðum,
- skilji hlutverk náttúru-og samfélagsfræða, tækni, umhverfissiðfræði og almennrar menntunar fyrir framgang sjálfbærrar þróunar,
- verði færir um að lýsa ólíkum viðhorfum og hagsmunum sem varða framgang sjálfbærrar þróunar,
- geti greint niðurstöður og gildi rannsókna- og þróunarverkefna í umhverfismennt og á sviði sjálfbærrar þróunar,
- geti skipulagt kennslu sem lið í menntun til sjálfbærrar þróunar og rökstutt markmið og hugmyndir sem byggt er á og áhrif þeirra á skólastarf.

Inntak / viðfangsefni. Þar sem búast má við að þátttakendur hafi ólíkan bakgrunn og áhugasvið, er gert ráð fyrir að þeir hafi val um áherslur og verkefni. Áhersla verður á skilning á lykilhugtökum er varða umhverfi, umhverfismennt, kennslu og skólastarf, vistfræði, umhverfishagfræði og umhverfissiðfræði, náttúru-og umhverfisvernd, sjálfbæra þróun og menntun til sjálfbærrar þróunar. Til umfjöllunar verður saga nútíma umhverfismenntar, boðleiðir málefna sjálfbærrar þróunar í samfélaginu skv. lögum, stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðlegt samstarf auk sjálfbærni í atvinnulífi og daglegu lífi fólks. Leitað verður svara við því hvaða færni gagnast einstaklingum til að taka á upplýstan hátt þátt í umræðu um umhverfið, hagsmunaárekstra og viðhorf og finna leiðir að lýðræðislegum lausnum. Athuguð verða íslensk og erlend þróunarverkefni og rannsóknir á umhverfismennt og menntun til sjálfbærrar þróunar, s.s. MUVIN (Milj? UnderVisning I Norden), Baltic 21, Grænfáninn, verkefni Comeniusar netsins SEED (School Development through Environmental Education) og ENSÍ, samstarfsneti rannsóknarstofnana og stjórnvalda í Evrópu, sem gegnir sérstöku hlutverki á áratug menntunar til sjálfbærrar þróunar á vegum SÞ, sem nú stendur yfir.
Vinnulag. Þátttakendur vinna verkefni: Úttektir á heimildum um einstök svið og viðfangsefni sjálfbærrar þróunar og menntunar í hennar þágu, einnig umhverfisverkefni byggð á eigin athugunum og verkefni um skólaþróun og menntun fyrir sjálfbæra þróun (lokaverkefni). Samræður og samvinna gegnir stóru hlutverki. Stuttir fyrirlestrar, kynningar kennara og leiðsögn þeirra og sérfræðinga sem leitað verður til, samvinna og málstofur einkenna námsvinnuna. Viðfangsefnum verður skipt á tímabil og lotur og sérstakar lotulýsingar gerðar. Lögð er áhersla á umhverfið sem vettvang náms, útinám, gagnaöflun og eigin athuganir þátttakenda í tengslum við verkefni á námskeiðinu.
Metin verða verkefni og vinnubrögð og annað framlag nemandans; einnig frumkvæði hans, færni og ábyrgð á eigin námi.

**NOK037F • Saga stærðfræðinnar • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristín Bjarnadóttir Dósent
Viðfangsefni:
Skoðað verður yfirlit yfir sögu stærðfræðinnar, allt frá fornþjóðunum í Mesópótamíu, Kína, Indlandi, Egyptalandi og Grikklandi til nýaldar.
Kynntur verður þáttur arabískra áhrifa á vestræna menningu í lok miðalda í endursköpun stærðfræði í Evrópu á endurreisnartímanum.
Könnuð verða valin viðfangsefni um þróun stærðfræði og/eða stærðfræðimenntunar frá því um 1600 fram til nútímans.
Nemendur vinna stærðfræðileg verkefni með aðferðum frá ólíkum tímaskeiðum.
Ennfremur vinna þeir rannsóknarverkefni sem tengist sögu stærðfræðimenntunar á Íslandi.
Vinnulag:
Kennslan fer fram í fyrirlestrum, vettvangsverkefnum og verkefnavinnu, þar sem áhersla er bæði á stærðfræðilega uppbyggingu og menningarlegan og sagnfræðilegan þátt hvers viðfangsefnis. Nemendur skrifa a.m.k. eina ritgerð eða vinna vefsíðu, einir eða í samvinnu við aðra.
(Dæmi um vettvangsverkefni: Heimsókn í British Museum til að sjá Rhind-papýrus).
Stutt verkefni gilda 20 - 40%, lengri verkefni 40% og lokapróf/lokaverkefni 20 - 40% af lokaeinkunn.

**NOK038F • Rauntölur og raunföll • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Friðrik Aðalsteinn Diego Lektor
Markmið: Markmið:

- Nemendur kunni góð skil á helstu talnamengjum, sem notuð eru í skólastærðfræði.
- Nemendur kynnist talnarunum og röðum, skilgreiningum á samleitni og markgildi og fáeinum samleitniprófum.
- Nemendur tileinki sér skilgreiningar á helstu hugtökum úr stærðfræðigreiningu, sér í lagi á markgildi, samfelldum föllum, diffranlegum föllum og heildanlegum föllum, geti sett slíkar skilgreiningar fram og beitt þeim í gefnum dæmum.
- Nemendur geti sett fram og rökstutt nokkrar af helstu setningum um samfelld föll og diffranleg föll og um tengsl heildunar og diffrunar.
- Nemendur kynnist keðjubrotum og notkun þeirra við nálgun rauntalna.
- Nemendur kynnist torræðum tölum.

Auk þess sem nemendur auka við þekkingu sína á viðkomandi efnissviðum, er þess vænst að þeir auki leikni sína í stærðfræðilegum útreikningum, að þeir sýni í verki að þeir geti áreynslulaust sett fram staðhæfingar á stærðfræðilegu táknmáli og að þeir öðlist næga innsýn í

umrædd efnissvið til sjálfstæðrar skoðanamyndunar um tengd námskráratriði.
Viðfangsefni:
Fengist er við talnarunur og raðir, samleitni og nokkur einföld samleitnipróf. Tekin eru fyrir atriði úr hefðbundinni stærðfræðigreiningu, skilgreiningar á markgildi, samfelldum föllum, diffranlegum föllum, heildanlegum föllum. Skoðaðar eru frumforsendur fyrir tilvist náttúrlegra talna og síðan fjallað um önnur hefðbundin talnamengi, einkum með greinarmun mengis ræðra talna og mengis rauntalna í huga. Lítillega er fjallað um Taylor-raðir til nálgunar á föllum. Af sviði talnafræði er fjallað um algoritma Evklíðs, beitingu hans við lausnir á tilteknum heiltölujöfnum og tengsl við keðjubrot. Skilgreindar eru algebrulegar tölur og fjallað um tilvist torræðra talna. Sannað er að tölurnar e og pí séu óræðar.
Vinnulag:
Um efnið er fjallað í staðbundinni kennslu, fyrirlestrum og dæmatímum. Í heimanámi er gert ráð fyrir reglulegum verkefnaskilum. Verkefni eru tvenns konar, annars vegar glíma nemendur við venjulegan dæmareikning hins vegar við afmörkuð sjálfstæð verkefni.
Heimadæmi gilda 30% og önnur heimaverkefni sem gera ráð fyrir sjálfstæðari vinnu gilda einnig 30%. Lokapróf vegur 40%.

**NOK040F • Gildi list- og verkmenntunar - rýnt í rannsóknir og fræði • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Umsjónarkennari: Helga Rut Guðmundsdóttir Lektor
Markmið
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að geta
· gert grein fyrir hugmyndasögu list- og verkmenntunar í stórum dráttum
· fjallað um gildi list- og verkgreina með skírskotun í kenningar og rannsóknir
· rökstutt eigin afstöðu til list- og verkmenntunar með tilvísunum í rannsóknir og kenningar
· vegið og metið viðteknar hugmyndir um list- og verkgreinar í menntun í fæðilegu samhengi
· fjallað á gagnrýninn hátt um rannsóknir á sviði list- og verkmenntunar
Inntak / viðfangsefni
Viðfangsefni námskeiðsins eru kenningar og rannsóknir á listmenntun og verkmenntun. Fjallað verður um hugmyndafræði listmennta og verkmennta, meðal annars í ljósi heimspeki menntunar. Grunnhugmyndir og textar sem notast er við til að rökstyðja gildi listmenntunar og/eða verkmennta verða skoðuð á gagnrýninn hátt. Stefnt er að því að nemendur geti fjallað á gagnrýninn hátt um viðteknar skoðanir í fortíð og nútíð á hlutverki lista og verklegrar kennslu í menntun. Nálgun efnis verður frá ýmsum sjónarhornum og mun taka mið af áhugasviðum nemenda.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna. Nemendur vinna verkefni sem tengjast þeirra sérsviði.
Ritgerð og verkefni

**NOK041F • Bókmenntakennsla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristján Jóhann Jónsson Dósent
Inntak og viðfangsefni námskeiðs
Horft verður á kennslu frá víðu sjónarhorni. Áhersla verður lögð á fjölbreytni bókmennta og margvíslega tengslamöguleika. Gegnum bókmenntir og bókmenntafræði er hægt að nálgast mismunandi tímabil, menningu, þjóðerni, tungumál og persónuleika. Rætt verður um þær bókmenntir sem valdar hafa verið til kennslu í skólakerfinu og það val íhugað.
Nemandi
Þjálfist í að horfa eftir nýjum möguleikum í bókmenntakennslu
Eflist í greiningarvinnu og afli sér nytsamrar þekkingar
Noti þekkingu sína og reynslu til að fjalla um námsskrá
Lesi fræðirit og læri að njóta bókmennta betur en áður
Vinnulag
Námið er fjarnám með vefjuprófum og verkefnavinnu. Kennarar og nemendur halda fyrirlestra í staðlotum og boðið verður völdum gestum þegar það er hægt.
Símat og próf.

**NOK042F • Fjarnám og kennsla • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sólveig Jakobsdóttir Dósent
Markmið
Nemendur
þekki sögu og þróun fjarnáms og -kennslu

- kunni skil á lykilhugtökum, þekki helstu kenningar á sviðinu og geti beitt þeim í fræðilegri umfjöllun.
- þekki möguleika í skipulagningu fjarnáms með mismunandi kennsluaðferðum og tæknibúnaði og mismunandi útfærslur á hvernig net/-fjarnámi er blandað við staðnám.
- geti byggt á fræðilegri þekkingu, rannsóknum og reynslu við skipulagningu fjarnáms.

Önnur markmið verða skilgreind í samræmi við þarfir og áhuga þátttakenda á námskeiðinu.
Inntak / viðfangsefni
Hugtökin fjarnám- og fjarkennsla og tengd hugtök s.s. blandað nám, dreifnám og netnám verða skoðuð og skilgreind. Skoðaðar verða hugmyndir og kenningar sem tengjast sviðinu og hvernig þær hafa þróast á undanfarinni öld frá áherslu á sjálfstætt nám (independent study) á tímum bréfaskóla til áherslu á samskipti og uppbyggingu sameiginlegrar þekkingar á tímum netvæðingar og alþjóðahyggju (globalization). Fjallað verður um erlendar og innlendar rannsóknir á fjarnámi og -kennslu. Athygli er beint að fjarnemum og þörfum þeirra, kennsluháttum með nýtingu mismunandi miðla og hönnun fjarnámsáfanga; t.d. hönnun sem miðar að uppbyggingu og eflingu hópa (cohort-based design) og að virkja einstaklinga til að gefa af sér til hópsins (contribution-oriented pedagogy).
Vinnulag
Fyrirlestrar, lestur og umræður um fræði og nýjar rannsóknir; athuganir á mismunandi fjarnáms- og kennsluaðferðum og tæknibúnaði til fjarkennslu á mismunandi skólastigum. Meðal annars verður skoðað og rætt um það fjarnám sem þátttakendur hafa reynslu af sem fjarnemar og/eða kennarar, nemendur gera eitt minna hópverkefni (lausnaleitarnám) og annað stærra einstaklingsverkefni.
Hópverkefni byggt á aðferðum lausnaleitarnáms (problem-based learning): 25%. Framlög á Neti t.d. umræðuframlög, innlegg í þekkingarbanka, leiðarbækur (einstaklingsvinna): 25%. Lokaverkefni: Heimilda- og/eða rannsóknarritgerð (einstaklings- eða paravinna) eða þróunarverkefni s.s. hönnun fjarnámsáfanga með greinargerð: 50%.

**NOK043F • Miðlun, menntun og samfélag • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefán Jökulsson Lektor
Þekkingarmarkmið
Nemendur

- átti sig á tengslum (fjöl)miðla við menntun og samfélag
- kunni skil á helstu kenningum miðlunar- og samskipta-fræða (media and communication studies)
- læri um skapandi hugsun og þátt hennar í námi
- þekki til táknvísi (miðlalæsis) og hlutverks hennar í skólastarfi

Færnimarkmið
Nemendur

- geti beitt hugtökum úr ofangreindum fræðum til að ræða um merkingarsköpun, samskipti og skilning
- geti hagnýtt kenningar um miðlun og frumlega hugsun við skipulagningu á þeim verkefnum nemenda sem reyna á sköpun og miðlun
- geti tengt táknvísi og fjölbreytta miðlanotkun við nám í ýmsum greinum
- geti hagnýtt efni úr fjölmiðlum við kennslu, m.a. í því skyni að ungmenni átti sig á því með hvaða hætti þeir hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra og hugmyndir um veruleikann

Inntak / viðfangsefni
Nemendur lesa valdar greinar um tengsl miðla við nám, tjáningu, skilning og merkingarsköpun. Jafnframt búa þeir til efni og hafa til hliðsjónar þær kenningar og það vinnulag sem lýst er í greinum og kennslustundum. Vettvangsnám á námskeiðinu tengist þeim stofnunum og fyrirtækjum í samfélaginu sem fást við sköpun og (fjöl)miðlun.
Vinnulag
1) Umræða fer fram um efni greina og nemendur jafnt sem kennari gera grein fyrir aðalatriðum í þeim. 2) Hver nemandi vinnur miðlunarverkefni, t.d. myndband eða ljósmyndasögu, til að tengja saman fræði og framkvæmd. 3) Nemendur skrifa leiðarbók þar sem þeir halda til haga hugleiðingum sínum um efni námskeiðsins.
Þrennt er metið: 1)Fyrirlestur nemanda um tiltekið efni og þátttaka hans í umræðum um efni í fyrirlestrum kennara/annarra nemenda,40%. 2)Miðlunarverkefni,40%. 3)Leiðarbók,20%.

**NOK044F • Stafræn gjá og tölvur í starfi með fötluðum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Salvör Kristjana Gissurardóttir Lektor
Markmið: Markmið:
Nemendur:

- geti greint mismunandi aðstæður hópa, ríkja og landsvæða til að taka þátt í þekkingarsamfélagi nútímans
- þekki til erlendra og innlendra þróunarverkefna og áætlana sem miða að því að auka þátttöku allra í upplýsingasamfélaginu og brúa stafræna gjá milli hópa
- geti undirbúið, skipulagt og þróað leiðir sem miða að því að auka menntun og möguleika hópa sem standa höllum fæti í þekkingarsamfélaginu.

Inntak, viðfangsefni og vinnulag:
Á þessu námskeiði verður skoðað mismunandi aðgengi hópa og einstaklinga að stafrænu samfélagi m.a. með tilliti til fötlunar, búsetu, uppruna, aldurs, kynferðis, eða þjóðfélagsstöðu. Fjallað verður um mismunandi aðstæður, hvernig aðgengi er mælt, hvaða megindleg og eiginleg gögn lýsa aðgengi og hvaða kenningar eru um orsakir mismunandi aðgengis. Sérstök áhersla er á hönnunar-miðuð rannsóknar- og þróunarverkefni ("designed based research"), þ.e. verkefni þar sem unnið er með fólki á vettvangi við að hanna og prófa leiðir til að hafa jákvæð áhrif á gang mála. Dæmi verða tekin um slík verkefni, svo sem alþjóðlega verkefnið OLPC (ein fartölva á barn) sem miðar að því bæta aðgengi barna í þróunarlöndum.
Námskeiðið er verkefnamiðað og vinna nemendur að íslensku eða alþjóðlegu þróunarverkefni þar sem þeir greina aðstæður m.t.t. aðgengis og/eða þróa og gera áætlun um leiðir sem stuðla eiga að auknum möguleikum einstaklinga eða hópa til menntunar og starfa eftir áðurnefndum hönnunar-miðuðum aðferðum. Námskeiðið er skipulagt með fjarnámssniði en einnig er gert ráð fyrir staðbundinni lotu og vinnu á vettvangi.
Nemendur vinna að rannsóknar- og/eða þróunarverkefni sem þeir velja/skipuleggja í samráði við leiðbeinanda (60%). Námsmat byggir einnig á fræðilegri umfjöllun (framlög á Neti t.d. umræðuframlög, innlegg í þekkingarbanka, skrif í leiðarbók, framvinduskýrslur) (40%).

**NOK046F • Útikennsla og græn nytjahönnun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Kennari: Ólafur Oddsson
Tekist verður á við kennslu- og hugmyndafræði "Útikennslu og grænnar nytjahönnunar". Nemendur læra um sjálfbæra þróun í hönnun, skógarvistfræði og skógarnytjar. Farið verður í vettvangsferðir þar sem nemendur kynnast þessari kennsluaðferð af eigin raun. Hugað verður að eflingu tengsla nemenda í verkgreinum við íslenska náttúru og hvernig hægt er að hanna fyrir umhverfið, án þess að valda því skaða. Þróaðir verða nytjahlutir úr íslenskum viðarafurðum og frumgerðir smíðaðar. Stuðst verður við tálguaðferðir sem notaðar hafa verið á norðurlöndunum um árhundruðin. Nemendur eru þjálfaðir að tálga úr blautum viði og að tileinka sér rétt handbrögð og umgengni við bitverkfæri.
Markmið námskeiðsins er að:
1. Efla þekkingu og vitund nemenda á viðarfræði, skógarvistfræði og skógarnytjum.
2. Nemendur nái leikni í notkun öruggra tálguaðferða sem hægt er að beita við útikennslu þar sem fengist er við hönnun nytjahluta úr íslenskum efniviði.
3. Nemendur kynnist af eigin raun kennslufræði og hugmyndafræði um útikennslu og grænnar nytjahönnunar og séu færir um að skipuleggja og sjá um slíkt nám þar sem byggt er á útikennslu.
4. Að nemendur kynnist nýlegum rannsóknum á gildi list-, verk, og tæknigreina fyrir almennt skólastarfi.
Inntak / viðfangsefni: Fjallað verður um varðveislu og nýtingu íslenska nytjaskógarins og sjálfbæra þróun sem þátt í hönnun nytjahluta. Lögð verður áhersla á hönnun nytjahluta er byggja á hugsuninni um sjálfbæra þróun. Hugað er að réttri hagkvæmri efnisheimsins, líftíma hluta og

áhrif þeirra á lífsvenjur okkar, heilsu og umhverfi. Þverfagleg og skapandi skólaverkefni skoðuð er tengjast grænni umhverfisvænni hönnun. Fengist verður við mótun afurða úr íslenskum efniviði, vistfræði, fjölbreytta listsköpun og grenndarfræðslu. Notast verður við gamlar verkaðferðir við tálgun. Fjallað verður um rannsóknir er tengjast gildi list- og verkgreina fyrir þroska skólabarna.
Vinnulag: Vettvangsferðir, fyrirlestrar, hópverkefni, einstaklingsvinna og umræður.
Verkleg verkefni námskeiðs ásamt ritsmíðum metin til einkunnar.

**NOK047F • Þrívíddarhönnun, hugmyndavinna og tölvustudd hönnun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gísli Þorsteinsson Lektor
Á námskeiðinu verða nemendur leiddir í gegnum hagnýtingu kennslu- og aðferðafræði nýsköpunarmenntar í skólastarfi. Kynntar verða hugmyndavinnuaðferðir Osbergs og hugarkortagerð Búzans. Fjallað verður um möguleika þrívíddarhönnunar og tölvustuddrar framleiðslu við þróun hugmynda nemenda. Unnið verður með hugbúnaðinn Prodesktop sem nemendur fá að kostnaðarlausu. Tölvutengdur fræsari verður notaður til að framleiða frumgerðir af hugmyndum nemenda. Fjallað verður um gerð umsókna fyrir hönnunarvernd, nýsköpun í skólastarfi og tengsl skóla og atvinnulífs. Rannsóknir á sviði nýsköpunar og frumkvöðlamenntunar er tekur til skólastarfs kynntar.
Markmið
1. Að kenna grunnatriði við notkun þrívíddarhugbúnaðarins Prodesktops;
2. Að leiða kennara í gegnum hagnýtingu kennslu- og aðferðafræði nýsköpunarmenntar í skólastarfi;
3. Að kynna möguleika þrívíddarhönnunar og tölvustuddrar framleiðslu við þróun hugmynda nemenda;
4. Að sýna kennurum möguleika þess að efla tengsl atvinnulífs og skóla í gegnum skapandi skólastarf;
5. Að nemendur geti hagnýtt innihald námskeiðsins og skipulagt nám fyrir grunn- og framhaldsskóla.
Inntak / viðfangsefni
1. Tölvutæk þrívíddarhönnun með hugbúnaðinum Prodesktop
2. Kennslufræði nýsköpunarnáms
3. Hugmyndamyndun með ferðir Osbergs og Búzans
4. Tölvustudd framleiðsla með CNC vélum
5. Þróun hugmynda, verndun þeirra og gerð umsókna fyrir nýnæmi og hönunarvernd
6. Tengingin við frumkvöðlamenntina og atvinnulífið.
7. Rannsóknir er tengjast gildi ofanskráðs í skólastarfi.
Vinnulag
Fyrirlestrar,umræður, verkstæðisvinna í tölvustofu og smíðastofu og vettvangsferð í skóla eða fyrirtæki. Nemendur skila verkefnum og ræða sameiginlega um möguleika í skólastarfi.
Verkleg verkefni námskeiðs ásamt ritsmíðum metin til einkunnar.

**NOK048F • Margmiðlun til náms og kennslu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Torfi Hjartarson Lektor
Þekkingar- og færnimarkmið: Þekkingar- og færnimarkmið:
Nemendur geti

- greint kosti sem felast í gagnvirkni og margmiðlun við nám og kennslu
- metið margmiðlunarefni á skipulegan og gagnrýninn hátt
- lýst hönnunarferlum að baki námsefni með margmiðlunarsniði
- sýnt tök á ýmsum aðgengilegum verkfærum til margmiðlunar
- bent á leiðir til að fella vinnu með slík verkfæri að skólastarfi
- skipulagt, útfært og metið efnisgerð nemenda í leik- og grunnskóla
- byggt á nokkurri reynslu af gerð margmiðlunarefnis.

Inntak, viðfangsefni og vinnulag:
Fjallað verður um gagnvirka margmiðlun í ljósi fræðikenninga um nám og kennslu. Farið verður yfir undirstöðuatriði námsefnisgerðar, handritsgerð, hönnunarferli og notendaprófanir. Sérstakri athygli verður beint að efnisbyggingu, samspili miðla, yfirbragði efnis, gagnvirkni og notendaskilum. Kynnt verða ýmis verkfæri og hugbúnaður til hljóðvinnslu, myndvinnslu og margmiðlunar. Nemendur móta hugmyndir um vinnulag og notkun verkfæra til margmiðlunar í skólastarfi. Auk smærri einstaklingsverkefna vinna nemendur einir eða fleiri saman að stuttri mynd og gerð margmiðlunarefnis af einföldum toga, gjarnan með stærri verk í huga.
Námsmat
Nemendur hafa töluvert val um verkefni. Nemendur bregðast við völdum verkum annarra nemenda og ræða viðfangsefni námskeiðsins. Kennari veitir skriflega umsögn um verkefnin og metur framlag nemenda til einkunnar.
Lesefni
Valið efni um gagnvirka margmiðlun, efnisgerð og samþættingu námsgreina í skólastarfi, stuðning skólasafna og smiðjur í skólum.
Æskileg undirstaða: Nám og kennsla á Netinu (NOK008F)

**NOK049F • Málstofa um rannsóknir á þroska, mál og læsi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Steinunn Gestsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Freyja Birgisdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Hrafnhildur Ragnarsdóttir Prófessor
Umsjónarkennari: Rannveig Auður Jóhannsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Megin markmið námskeiðsins eru að:
- Nemendur hafi innsýn í rannsóknir og rannsóknarhefðir á sviði þroska, máls og læsis
- Nemendur geti nýtt sér niðurstöður rannsókna sem beita mismunandi rannsóknaraðferðum og teljast til ólíkra rannsóknarhefða við kennslu á sviði máls og læsis.
- Þekki vinnubrögð við gerð rannsóknaráætlana, framkvæmd rannsókna og miðlun rannsóknarniðurstaðna
- Að skapa vettfang fyrir umræður um lokaverkefni nemenda
Inntak
Í málstofunni munu nemendur fjalla ítarlegan og gagnrýninn hátt um þær rannsóknir sem eru efstar á baugi innan þroska, máls og læsis hérlendi og erlendis. Nemendum er gert að greina hvaða kenningar og rannsóknarhefðir eru lagðar til grundvallar rannsóknanna og hvernig nýta megi niðurstöður þeirra við kennslu á sviði máls og læsis. Nemendum gefst einnig kostur á að greina frá eigin lokaverkefnum. Fjallað

verður um rannsóknaraðferðir innan mál- og lestrarrannsókna, gerð rannsóknaráætlana og leiðir til þess að miðla niðurstöðum rannsókna.
Vinnulag:
Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu- og verkefnatímum. Rík áhersla er lögð á á sjálfstæða verkefnavinnu nemenda, lesturs fræðilegs efnis og virka þátttöku í umræðu- og verkefnatímum.

**NOK050F • Lestur, lesskilningur og ritun: áherslur í kennslu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Helstu viðfangsefni í námskeiðinu varða kennslu í lestri, lesskilningi og ritun hjá byrjendum og lengra komnum. Lögð verður áhersla á að skilgreina margþætt tengsl lestrar, lesskilnings og ritunar í kennslu hjá byrjendum og nemendum sem lengra eru komnir. Hugað verður að mismunandi leiðum í kennslu lestrar, lesskilnings og ritunar og þær metnar í ljósi rannsóknaniðurstaðna og fræðilegra kenninga. Matsaðferðir og próf í lestri, lesskilningi og ritun verða skoðuð sem og námsmat er varðar þessa þætti. Hugað verður að ýmsum áhrifavöldum í þróun lestrar, lesskilnings og ritunar og verður sérstaklega litið til námsefnis, námsumhverfis, kennara og uppalenda í þessu sambandi.
Nauðsynleg undirstaða: Mál og lestur (NOK026F)
Verkefni 1 (15%) er einstaklingsverkefni um leið í kennslu lestrar, lesskilnings og ritunar þar sem nemandinn fjallar um kosti og takmarkanir í fræðilegu ljósi. (Val; Byrjendur eða eldri nemendur). Verkefni 2 (35%) getur verið samvinnuverkefni tveggja. Lestur, lesskilningur og ritun. Æskilegar áherslur í kennslu byrjenda og lengra kominna. Einn þáttur er valinn (lestur, lesskilningur eða ritun) og honum gerð ítarleg fræðileg og kennslufræðileg skil. Nemendur kynna megináherslur í verkefni sínu í málstofu í umræðutíma. Verkefni 3 (50%) Athugun á vettvangi (einn eða fleiri). Nemendur velja áherslur út frá viðfangsefnum námskeiðsins.

**NOK052F • Mál og læsi á miðstigi og unglingsárum: lesskilningur og ritun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hrafnhildur Ragnarsdóttir Prófessor
Kennari: Þórunn Blöndal
Kennari: Guðmundur Kristmundsson
Í námskeiðinu er fjallað um kenningar og rannsóknir á (seinni) málþroska sem og á forsendum og þróun lesskilnings, ritunar og textagerð frá ca 10 ára aldri fram til fullorðinsára. Kafað verður ofan í margvísleg og mikilvæg tengsl þessarra þátta innbyrðis sem og við aðra þroskatengda og persónulega þætti - einkum vitsmuna- og félagsþroska, sjálfsmynd og áhuga; og um mikilvægi menningarumhverfis, þjálfunar og kennslu fyrir allt ofantalið. Áhersla verður á nýjar erlendar og íslenskar rannsóknir og fjallað um hvaða lærdóm má af þeim draga fyrir kennslu og skólastarf á öllum skólastigum. Í verkefnavali fá nemendur tækifæri til að velja á milli miðstigs eða unglingastigs, áherslu á rannsóknir eða kennsluaðferðir, og um almennan lesskilning eða lesskilning í tengslum við tilteknar námsgreinar, svo sem náttúrufræði, stærðfræði, sögu og bókmenntir.

**NOK053F • Tvítyngi og læsi • (10e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist og geti lagt mat á helstu kenningar og rannsóknir á þróun tvítyngis og áhrif þess á lestrarnám. Lögð verður megináhersla á að nemendur:
- Geti skilgreint hugtakið tvítyngi í samhengi við rannsóknir og kenningar um málþroska
- Hafi trausta fræðilega þekkingu á hvernig málþoski ein- og tvítyngdra barna þróast
- Hafi skilning á þróun læsis í mismunandi tungumálum, áhrifum tvítyngis á lestrarnám og hvaða málrænu og félagslegu þættir hafa áhrif þar á
- Geti nýtt sér rannsóknarniðurstöður til þess að meta og rökstyðja val á námsefni, lestrarkennsluaðferðum og námsmati sem koma til móts við þarfir tvítyngdra barna.

Helstu viðfangsefni
Fjallað verður ítarlega um rannsóknir og kenningar um þróun máls hjá tvítyngdum börnum og þær bornar saman við rannsóknir á málþroska barna sem læra eitt tungumál. Rannsóknum á læsisþróun í mismunandi tungumálum verður gerð rækilega skil og það skoðað hvort þær aðferðir sem börn beita við lestur í einu tungumáli hafi áhrif á lestraraðferðir þeirra í öðru. Einnig verður kannað hvaða málrænu og samfélagslegu breytur geta mögulega skýrt hvers vegna tvítyngd börn standa stundum eintyngdum jafnöldum sínum að baki í námsgreinum sem tengjast máli og lestri. Mismunandi nálganir við lestrarkennslu tvítyngdra barna verða ræddar, sem og hvaða þætti þarf að hafa í huga við mat á framförum tvítyngdra barna í lestri og ritun.
Vinnulag: Kennsla fer fram í fyrirlestrum, umræðu- og verkefnatímum.
Verkefni.

**NOK054F • Námsefnisgerð og námsefnisgreining • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Helgason Dósent
Markmið námskeiðsins er að nemendur

- þekki mismunandi gerðir námsgagna og eiginleika hverrar fyrir sig
- kunni skil á rannsóknum og kenningum um gerð og notkun námsefnis
- geti hagnýtt sér námsgögn með skipulegum og gagnrýnum hætti
- geta mátað reynslu sína við rannsóknir og fræðilega umfjöllun í námsefnisfræðum
- geti rakið og metið ferli námsefnis frá aðalnámskrá og markmiðum til lokaafurðar
- kunni að beita skipulegum aðferðum við greiningu á námsefni (námsefnisrýni)
- hafi innsýn í sögu og aðstæður námsefnisgerðar á Íslandi
- geti útbúið námsefni í hendur á nemendum eða til frekari vinnslu.

Viðfangsefni
Fjallað verður um námsefni sem notað er í skólum, hlutverk þess og notkun og tengsl við námskrá og kennslu. Kannaðar verða mismunandi gerðir námsgagna, svo sem kennslubækur, verkefnahefti, kennsluleiðbeiningar, kvikmyndir og vefefni; útgefið efni og heimagert. Nemendur þjálfast í að greina námsgögn í ljósi rannsókna og fræðilegrar umfjöllunar um a. inntak námsgreina og tengsl við fræðigreinar, b. textalega framsetningu í tengslum við aldur og getu, c. almenna kennslufræðilega hugsun, d. hagnýta og gagnrýna notkun námsgagnanna. Kynntar verða aðferðir við námsefnislestur og námsefnisrýni. Nemendur skrifa ritdóm um valið efni í þessu ljósi. Hugað verður að skilyrðum og aðstæðum við námsgagnagerð, hér á landi og erlendis. Nemendur leggja fram eigið námsefni til umræðu, greiningar og endurbóta.
Vinnulag
Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum, raunhæfum verkefnum og heimsóknum starfandi námsefnishöfunda eftir atvikum.

Námsmat byggist á þremur nokkuð jöfnum þáttum: a) þátttöku í staðlotum og smærri verkefnum, b) ritdómi um námsefni, c) valfrjálsu lokaverkefni.

**NOK055F • Mál og lestrarerfiðleikar • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist helstu kenningum og rannsóknum á lestrarörðugleikum og geti lagt mat á þær. Skoði uppruna og tengsl lestrarörðugleika við mál- og taugasálfræðilega þætti og samspil við kennslu og kennsluaðferðir. Markmið námskeiðsins er að nemendur kynnist helstu kenningum og rannsóknum á lestrarörðugleikum og geti lagt mat á þær. Skoði uppruna og tengsl lestrarörðugleika við mál- og taugasálfræðilega þætti og samspil við kennslu og kennsluaðferðir.
Lögð verður megináhersla á að nemendur:

- Öðlist þekkingu á tengslum lestrar- og málerfiðleika og þeim áhrifaþáttum er vega þyngst í þessu samspili.
- Öðlist þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á sértækum lestrar- og stafsetningarörðugleikum (dyslexíu), orsökum, einkennum og skilgreiningum og geti lagt mat á þær.
- Afli sér þekkingar á kenningum um lesskilning og geti vegið og metið áhættuþætti sem leitt geta til lesskilningserfiðleika og hvernig má bregðast við þeim.
- Læri að bera kennsl á mismunandi birtingarform lestrarörðugleika, með tilliti til umskráningar og lesskilnings og geti valið og metið viðeigandi kennsluaðferðir.
- Verði færir um að greina út frá kenningum um þróun lestrar og ritunar hvað fer úrskeiðis í þróuninni hjá nemendum með umskráningar- og/eða lesskilningserfiðleika.
- Kynni sér rannsóknir á gildi snemmtækrar íhlutunar, þekki fyrirbyggjandi, einstaklingsmiðaðar kennsluaðferðir og verði færir um að vega og meta álitamál, útfærslu og framkvæmd.
- Verði færir um að velja, vega og meta kosti og galla mismunandi lestrarkennsluaðferða fyrir nemendur með lestrarörðugleika/dyslexíu og rannsóknir á þeim.
- Átti sig á hvaða áhrif mál- og lestrarerfiðleikar/námserfiðleikar geta haft á sálfélagslega þætti og þróun sjálftrausts í námi.
- Geti lagt mat á þætti sem hafa áhrif á lestrarnám hjá nemendum með annað móðurmál en íslensku.

Viðfangsefni: Farið verður ítarlega í kenningar um tengsl lestrar- og málerfiðleika, þróun lesturs og lestrarlíkön verða rædd. Fjallað verður um helstu birtingarform mál- og lestrarörðugleika, og þær afleiðingar sem slíkir erfiðleikar geta haft á sjálftraust einstaklingsins, nám og námsárangur. Fjallað verður um helstu rannsóknir og kenningar á orsökum og einkennum dyslexíu og lagt mat á skilgreiningar. Skoðað verður hvernig meta má stöðu barna í lestri með hliðsjón af fræðikenningum og hvernig hægt er að draga úr og fyrirbyggja lestrarerfiðleika með snemmtækri íhlutun og einstaklingsmiðaðri kennslu í leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla. Nemendur hljóta þjálfun í að meta stöðu eins eða fleiri nemenda í lestri (í leikskóla, grunnskóla eða framhaldsskóla) með tilliti til umskráningar og lesskilnings, kynnast aðferðum við að skima í áhættuhópa og leggja mat á kennsluaðferðir og kennsluefni með hliðsjón af rannsóknum og fræðikenningum.
Vinnulag: Fyrirlestrar og ígrundun fræðitexta með þátttöku nemenda, umræður, vettvangsathuganir, kannanir, hópverkefni, einstaklingsverkefni.
Hópverkefni 20%. Skýrsla 20%. Einstaklingsverkefni 60%: Nemendur skrifa fræðilegt verkefni um lestrarerfiðleika.

**NOK058F • Ritun í tungumálanámi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Róbert Berman Dósent
**Meginmarkmið**
Meginmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist
- þekkingu og skilning á nýjum kenningum og rannsóknum um ritun í tungumálanámi þ.e.a.s. ritun sem hugsunarferill.
- fræðilega þekkingu og hagnýta reynslu af ritun í tungumálanámi.
- leikni í að þróa ritunarverkefni.

**Undirmarkmið / hæfnisviðmið**
Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að
- þekkja helstu hugtök og kenningar um ritun í tungumálanámi.
- geta skipulagt og tekið þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði ritun í tungumálanámi.

**Viðfangsefni**
Fjallað verður um ýmis lykilatriði og nýjar stefnur og strauma í ritun í tungumálanámi. Hefðbundnir kennsluaðferðir verða skoðaðir með gagnrýnum augum. Einnig verður fjallað um ýmis leiðir eins og t.d. ferilsritun (process writing), notkun ramma (using models) og samvinnuritun (collaborative writing). Fjallað verður einnig um þætti sem tengjast nýbreytni- og þróunarstarfi í ritun, t.d. jafningjasvörun (peer feedback), nemendsjálfstæði og kennsluaðferðir sem hæfa jafnvel unga sem fullorðna nemendur.
**Vinnulag**
Kennslan fer að jafnaði fram í fyrirlestrum og umræðum. Mikið verður lagt upp úr lestri nemenda og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, verkefnum sem lýkur með kynningu og málstofum. Lögð verður áhersla á að þátttakendur þróa eigin kennsluhætti.
Verkefni og kynningar 60% Lokaverkefni 40%

**NOK059F • Læsi og leshömlun (dýslexía) í tungumálanámi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
**Meginmarkmið**
Meginmarkmið námskeiðsins er að

- þátttakendur öðlist haldgóða og fræðilega þekkingu og innsýn í helstu skilgreiningar, kenningar og rannsóknir um læsi og leshömlun í tengslum við tungumálanámi.
- gefa þátttakendum kost á að dýpka þekkingu sína og skilning á kenningum og rannsóknum á læsi og leshömlun í tengslum við tungumálanámi.

**Undirmarkmið/hæfnisviðmið**
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að
- hafa skilning á helstu kenningum og rannsóknum um leshömlum i tungumálanámi, orsakir og einkenni.
- þekkja kenningar um þróun lesturs og ritunar og hvað fer úrskeiðis í þróuninni hjá nemendum með umskráningar- og lesskilningserfiðleika.

- vera færir um að meta námsþarfir út frá heildstæðri sýn á vandamál nemandans í tungumálanámi.
- vera færir um að meta og greina áhættuþætti í lestri á erlenda tungumála og velja viðeigandi texta og þjálfunarverkefni.
- þekkja áhrifaríkar kennsluaðferðir fyrir nemendur sem eiga erfitt með að ná tökum á lestri og lesskilningi í tungumálanámi.
- geta samþætt lestur og ritun í lestrarkennslu erlendra tungumála með tilliti til þjálfunaráhrifa.

**Viðfangsefni**
Á þessu námskeiði munu þátttakendur kynnast rannsóknum, kenningum og vinnuaðferðum sem tengjast lesskilning og ritun í tungumálanámi og sem hjálpa kennurum að koma til móts við nemendur sem eiga erfitt með að skilja og skrifa erlent mál. Farið verður ítarlega í kenningar um þróun lestrar, lestraraðferðir í tungumálanámi, tengsl lestrar og erlendra tungumála, orsakir og einkenni lestrar- og ritunarörðugleika og skilgreiningar á þessum erfiðleikum.
**Vinnulag**
Námskeiðið byggist á fyrirlestrum og umræðum. Einnig munu þátttakendur vinna einir eða í smærri hópum að efnissöfnun og kynningum í málstofum á efni sem tengist áhugasviði þeirra.
Verkefni og kynningar einstaklinga eða hópa 60% Lokaverkefni 40%

**NOK060F • Námsmat og þróunarstarf í tungumálanámi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Samúel Currey Lefever Lektor
Meginmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist
- þekkingu og skilning á nýjum námsmatskenningum og aðferðum í túngumálanámi.
- þekkingu á einkennum þróunarstarfs og nýbreytni í tungumálakennslu.
- leikni í að skipuleggja þróunarverkefni og móta námsmatsáætlarnir.

Undirmarkmið / hæfnisviðmið
Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að
- þekkja helstu hugtök og kenningar um námsmat i tungumálakennslu.
- geta skipulagt og tekið þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði námsmat og tungumálakennslu.

Viðfangsefni
Fjallað verður um ýmis lykilatriði í námsmati og prófagerð og nýjar stefnur og strauma. Hefðbundið námsmatsaðferðir og stöðluð próf verða skoðaðir með gagnrýnum augum. Einnig verður fjallað um nýjar leiðir í námsmat, t.d. heildrænt mat (authentic assessment), sjálfsmat, jafningjamat og mat byggt á náms- eða ferilsmöppum (portfolio). Loks verður fjallað um þætti sem tengjast nýbreytni- og þróunarstarfi í tungumálakennslu, t.d. tungumálakennsla gegnum námsgreinarnar (Content and language integrated learning), kennsluaðferðir sem hæfa unga nemendur og nemendasjálfstæði.
Vinnulag
Kennslan fer að jafnaði fram í fyrirlestrum og umræðum. Mikið verður lagt upp úr lestri nemenda og úrvinnslu úr lesefni, umræðum, hópa- og einstaklingsvinnu, verkefnum sem lýkur með kynningu og málstofum. Lögð verður áhersla á að þátttakendur þróa eigin kennsluhætti og matsaðferðir.
Verkefni og kynningar einstaklinga eða hópa 60% Lokaverkefni 40%

**NOK061F • Upplýsingatækni og fjarnám í tungumálakennslu • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Michael Dal Lektor
**Meginmarkmið**
Meginmarkmið námskeiðsins er að
- veita þátttakendum yfirsýn yfir og skilning á helstu kenningum og rannsóknum um tölvutengt tungumálanám.
- þátttakendur öðlist þekkingu og kunni skil á helstu kenningum og rannsóknum um fjarnám og tungumálanám.
- þátttakendur fái tækifæri til að tengja saman fræðilega þekkingu og hagnýta reynslu af tölvu og upplýsingartækni í tungumálakennslu.

**Undirmarkmið /hæfnisviðmið**
Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að
- hafa skilning og þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum um tölvutengt tungumálanám.
- hafa skilning og þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum um fjarnám og tungumálakennslu.
- geta aflað fræðilegra gagna um tölvutengt nám og fjarnám og metið gildi þeirra .
- geta lagt gagnrýnið mat á hugtök, kenningar og líkön um tölvutengt tungumálanám og fjarnám í tungumálakennslu.
- geta skipulagt og tekið þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði notkun upplýsingartækni og fjarnám í tungumálakennslu.

**Viðfangsefni**
Á námskeiðinu verður fjallað um áhríf upplýsingartækni á uppeldi, menntun og skólastarf og fjallað verður um tölvumenningu og þá þætti sem hafa áhríf á hana í uppeldisstofnunum. Lögð er áhersla á að fjalla um tölvutengt tungumála nám (td. Computer Assisted Language Learning) og áhríf og þróun þess síðastliðin 30 ár. Einnig verður fjallað um kenningar og rannsóknir er varðar fjarnám og þróun þess síðastliðin 10 ár í skólakerfinu. Ríkjandi menntastefna og orðræða um fjarnám verður tekin til gagnrýninnar umfjöllunar.
**Vinnulag**
Kennslan fer að jafnaði fram í fyrirlestrum og umræðum. Í fyrirlestrum verður leitast við að setja fram viðfangsefnið, skýra helstu þætti og varpa fram spurningum. Einnig munu þátttakendur vinna einir eða í hópum að efnissöfnun og kynningum á efni sem tengist áhugasviði þeirra. Efnið gætu tengst nýtingu tölvu og veraldarvefsins i tungumálakennslu, rannsóknar- og þróunarstörfum, fjarkennslu erlendra tungumála, gerð rafræns námsefnis til notkunar í fjarnámi o.fl.
Verkefni og kynningar einstaklinga eða hópa 60% Lokaverkefni 40%

**NOK101F • Lista - og hönnunarsaga • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólafur Kvaran Prófessor
Markmið.
Að loknu námskeiðinu skal nemandinn
- hafa innsýn í fræðasvið listfræðinnar og hönnunarsögu
- þekkja meginhugtök og orðræðu sem þar tíðkast
- þekkja útlínur myndlistar- og byggingarlistasögu frá endurreisn til okkar daga,

tímabilaskiptingu, hreyfingar og stefnur í hönnunarsögu og samhengi þar á milli
- geri sér grein fyrir mismunandi samfélagslegu hlutverki listarinnar, hönnunar og listamanna

geta tengt saman listaverk/hönnunarverk og það samfélag, menningarstöðu og listhefð sem þau eru sprottin úr
- hafa ákveðna færni í að túlka og lýsa listaverkum/hönnunarverkum og miðla því til annarra

Viðfangsefni: Inntak/viðfangsefni

Inngangur að listfræði og hönnunarsögu. Fjallar um fræðasvið listfræðinnar og sjónmennta og sögulega þróun, um aðferðafræði greinarinnar við lýsingu og túlkun verka. Þá verður í þessum inngangi fjallað um efnisatriði, eins og form- og litagreiningu ásamt sögulegri greiningu. List Endurreisnartímabilsins til ca. 1790. Fjallar um list og listkenningar endurreisnartímans og mannerismans, barokk, rókkó og fram til loka 18. aldar. Fjallað verður um hina ólíku stíla og strauma eins og þeir birtast í myndlist, byggingarlist, hönnun og borgarskipulagi og stöðu listamanna og hlutverk listarinnar á þessu tímabili. Listasagan frá 1790 til nútímans. Fjallað verður þær stílhreyfingar og listamenn, sem settu stærstan svip á tímabilið. Þá verður fjallað um samfélagslega stöðu listarinnar, markaðsvæðingu og þróun listhugtaksins og breytt hlutverk listamannsins á þessu tímabili. Fjallað um höfunareinkenni helstu fulltrúa íslenskrar myndlistar á 20. öld. Byggingarlist, hönnun og borgarskipulag er skoðað í samhengi við breytt tæknileg og samfélagsleg skilyrði. Fjallað verður um helstu viðhorf í alþjóðlegri hönnunarsögu 20. aldar og höfundareinkenni íslenskra hönnuða.
Vinnulag: Kennslan fer fram í fyrirlestrum. Listasöfn, minja- og hönnunarsöfn verða heimsótt
Nemendur taka skriflegt próf og gera verkefni

**NOK102F • Tónlistarmenntun og rannsóknir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Rut Guðmundsdóttir Lektor
Markmið
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að
- þekkja til helstu rannsókna á sviði tónlistarmenntunar
- vera færir um að finna fjölbreyttar rannsóknagreinar sem fjalla um tónlistarmenntun
- geta lesið rannsóknaniðurstöður og metið þær á gagnrýnan hátt í fræðilegu samhengi
- vera færir um að skipuleggja raunhæf rannsóknarverkefni á sviði tónlistarmenntunar
- geta tekið saman rannsóknarniðurstöður á afmörkuðum sviðum tónlistarmenntunar og dregið ályktanir um hagnýtt gildi þeirra.

Inntak / viðfangsefni
Viðfangsefni námskeiðsins eru rannsóknir á sviði tónlistarmenntunar. Fjallað verður um helstu aðferðir í rannsóknum á tónlistarmenntun af bæði eigindlegu og megindlegu tagi. Nemendur þjálfast í því að finna viðurkenndar rannsóknargreinar og í gagnrýnum lestri á rannsóknatengdu lesefni á fræðasviði tónlistarmenntunar. Nemendur fá tækifæri til að velja sér viðfangsefni sem tengjast sérstaklega þeirra eigin áhugasviði innan tónlistarmenntunar. Nemendur læra að undirbúa og útfæra raunhæf rannsóknarverkefni.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna. Nemendur vinna verkefni í formi rannsóknar.
Ritgerð og verkefni.

**NOK103F • Tónlist í námi barna - kenningar, markmið og leiðir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Helga Rut Guðmundsdóttir Lektor
Markmið
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að
- þekkja til helstu kenninga um tónlist í námi barna auk algengra markmiða og leiða í tónlistarmenntun
- vera færir um að bera saman ólíkar stefnur í tónlistarmenntun barna með gagnrýnum hætti og með vísun í menntunarfræði tónlistar
- geta greint einkenni og áherslur í námskrám um tónlist með hliðsjón af þekktum kenningum og aðferðum í tónlistarmenntun
- vera færir um að skipuleggja viðamiklar námskrár í tónlist, grundaðar á faglegri afstöðu til þekktra kenninga og aðferða
- kunna skil á þáttum í tónlistarþroska barna og geta beitt þeirri kunnáttu í þeim tilgangi að útfæra þátt tónlistar í námi barna

Inntak / viðfangsefni
Viðfangsefni námskeiðsins er tónlist í námi barna í hvaða samhengi sem er. Skoðaðar verða kenningar um tónlist í námi barna. Rýnt verður í algengar aðferðir í tónlistarmenntun barna s.s. Dalcroze, Kodály, Orff og Suzuki. Leitast verður við að greina þau markmið, leiðir og viðfangsefni sem einkenna ólíkar aðferðir í hefðbundnu tónlistarnámi og kennslu. Nemendur verða hvattir til að skoða tónlist í námi barna frá ferskum og nýstárlegum sjónarhornum með það að markmiði að móta hugmyndir um tónlist í námi barna sem eru í samræmi við menntunarfræðileg og uppeldisleg markmið á 21. öld.
Vinnulag
Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna. Nemendur vinna verkefni á sviði námsefnisgerðar og stefnumótunar í tónlistarmenntun.
Ritgerð og verkefni.

**NOK104F • Myndlist, náttúra og samfélag • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Jón Reykdal Lektor
Kennari: Ásthildur Jónsdóttir
Markmið: Að nemandinn
- finni tengsl menningar og listar við náttúru og samfélag.
- hafi tileinkað sér hugmyndafræði námskrár sem byggir á myndlist, náttúru og samfélagi.
- hafi valdi á fræði- og verklegri þekkingu til að vinna út frá aðferðum myndlistarmanna á viðfangsefnum sínum
- uppgötvi hvernig listamenn nota náttúru og náttúruleg efni í listsköpun sinni.
- hafi kynnst og tileinkað sér aðferðafræði myndlistar og myndmáls sem tjáskiptaform í nútíma samfélagi.
- geti beitt gagnrýnni og skapandi hugsun í listsköpun tengdri náttúruskoðun og samfélagsrýni í starfi með börnum.
- skynji og skilji mikilvægi samþættingar listar og samfélagsrýni við aðrar faggreinar skólans
- geti unnið sjálfstætt og skipulega að öllum viðfangsefnum.

Inntak / viðfangsefni:
Í þessum áfanga er kynnt sögulegt og félagslegt samhengi náttúruskoðunar og samfélagsrýni með áherslu á tengsl á milli nútímalistar og uppeldisfræði. Unnið verður með hugmyndir samtímalistamanna í listrannsóknum hvað varðar náttúru og samfélag. Námskeiðið er fyrst og fremst verklegt og fer fram á verkstæðum. Nemendur vinna rannsókn á starfsháttum starfandi myndlistarmanna, fræðilegum markmiðum þeirra og tækni í listsköpun sinni. Gera starfsáætlun að myndverkum í fjölbreytt efni, með það markmið að ná fram skýru myndmáli. Serstök árhersla verður á endurnýtingu efna, með umhverfisverndarsjónarmið að leiðarljósi.
Nemendur fá einnig þjálfun í fjalla um og rökstyðja myndverk sín út frá marmiðum námskeiðsins. Unnið verður með ólíkar hefðir út frá reynslu og áhuga nemenda með áherslu á náttúru og samfélag í tengslum við valda þætti úr grunnskólum.
Vinnulag:.
Fyrirlestrar, gagnrýnin umræða, vettvangsheimsóknir og verkefnavinna. Nemendum gefst kostur á að vinna með fjölbreytt efnisval, mismunandi tækni og miðla.
Verkefni metin til einkunnar samkvæmt markmiðum námskeiðs.

**NOK105F • Hugmynda- og þróunarvinna í textíl fyrir leik- og grunnskóla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigrún Guðmundsdóttir Lektor
Markmið, að nemendur
- geti unnið þróunarverkefni fyrir valinn hóp nemenda í leik- eða grunnskóla sem byggir á gagnrýnni og skapandi hugsun með áherslu á einstaklingsmiðað nám.
- hafi öðlast þekkingu, færni og þjálfun í hinu valda viðfangsefni og geti nýtt reynslu sína í fjölbreytt þróunarverkefni sem tengjast öðrum greinum innan leik- og/eða grunnskóla.
- hafi tileinkað sér þekkingu og skilning á völdum þáttum innan kennslufræði listgreina og textílmennta, ásamt þeim vinnuaðferðum sem tengjast hinu valda viðfangsefni.

Viðfangsefni:
Nemendur velja viðfangsefni innan textíls og vinna þróunarverkefni með ákveðinn nemenda- og/eða aldurhóp í huga. Verkefnin byggja á nýsköpunar- og hugmyndavinnu með áherslu á gagnrýna og skapandi hugsun.
Nemendur geta beint sjónum sínum að ákveðnum aldurshópi / hópum innan leik- og grunnskóla, eða valið aðra leið. Viðfangefni námskeiðsins er textílvinna en verkefnin byggjast á vali nemenda. Nemendur kanna nýjar leiðir innan viðfangsefnis sem byggja á tækni og vinnuaðferðum textílgreina og beina sjónum að hinum ýmsu kennsluaðferðum sem hægt er að velja um og henta hinu valda viðfangsefni. Nemendur skila fræðilegri greinagerð sem rökstyður markmið og áherslur. Lögð skal áhersla á skýra og faglega framsetningu verkefnis og góðan rökstuðning.
Vinnulag: Fyrirlestrar, gagnaöflun, verkleg þróunarvinna, skrifleg greinagerð, gagnrýnin umræða og skýr framsetning verkefna.
Einkunn byggir á markmiðum og áherslum námskeiðs.

**NOK106F • Formsköpun og textílhönnun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Fríður Ólafsdóttir Dósent
Markmið; að nemandi
- hafi dýpkað þekkingu sína og skilning á formsköpun textílverka ásamt sniða- og fatagerð.
- hafi öðlast hæfni til að framkvæma tilraunir og rökstyðja faglegar úrlausnar á sviði formsköpunar textíla með faglega og listræna þætti að leiðarljósi
- þekki helstu hugtök og geti beitt þeim markvisst í rannsóknar- og tilraunarvinnu.
- geti tekist á við flókin viðfangsefni í formsköpun og fatagerð sem byggja á faglegum grunni textílfagsins.
- þekki sögulegan bakgrunn fatagerðar og geti tekist á við nýjungar og þróun útfrá listrænum og fræðilegum grunni textíla.

Inntak / viðfangsefni
- Unnið með formhönnun og sniðagerð á fatnaði og textílverkum með áherslu á mismunandi leiðir / sjónarhorn.
- Kynntar nýjungar í listrænni túlkun og formsköpun samfara þjóðfélagslegum áhrifum, tískustraumum og nýjungum í vefjarefnum
- Unnin sjálfstæð rannsóknar- og nýsköpunar verkefni þar sem áhersla er lögð á samspil túlkunar og beitingu fjölbreyttra vinnuaðferða með efni, þræði, form og liti. Verkefnaferillinn byggir á heimildaöflun, faglegri þekkingu, vinnuaðferðum, tilraunavinnu, niðurstöðum, framsetningu verkefna og rökstuðningi.
- Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða og faglega dýpkun, rannsóknar- og tilraunavinnu, ásamt frjórri og persónubundinni túlkun og framkvæmd.

Vinnulag
Fyrirlestrar, einstaklingsmiðuð rannsóknarvinna, tilraunir og nýsköpun.
Nemendur kynna verkefni sín í lok námskeiðs, rökstyðja niðurstöður sínar og svara fyrirspurnum.
Verkefni metin til einkunnar útfrá markmiðum námskeiðs og faglegum rökstuðningi.

**NOK201F • Kennsla í margbreytilegum nemendahópi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur kynnist og geti unnið að undirbúningi og skipulagi kennslu í fjölbreyttum nemendahópi. Þeir kynnast ákveðnum kennsluaðferðum og fjölbreyttu námsmati sem hentar ólíkum nemendum. Þátttakendur læra að aðlaga nám og kennslu að nemendum með sérþarfir. Þeir kynna sér valdar rannsóknir, helstu hugtök og hugmyndir um vinnubrögð í skóla án aðgreiningar.
Viðfangsefni
Fjallað verður um mismunandi vinnubrögð í skóla án aðgreiningar, gerð einstaklingsnámskráa og áætlana þar sem tekið er mið af þörfum allra nemenda. Kynntar verða ýmsar aðferðir við öflun upplýsinga og mat á þörfum, stöðu og árangri nemenda. Einnig verða kynntir kennsluhættir og kennsluaðferðir sem hafa reynst vel í fjölbreyttum nemendahópum. Fjallað verður um samstarf við foreldra og aðrar starfsstéttir er starfa við eða tengjast skólastarfi.
Vinnulag
Fyrirlestrar, verkefnavinna, samvinna þátttakenda, umræður á Blakki og kynning á verkmöppu.
Þátttakendur útbúa verkmöppu (50%) og skrifa greinargerð sem er faglegur rökstuðningur við val verkefna í möppuna (50%).

**NOK202F • Stærðfræði fyrir alla • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Edda Óskarsdóttir
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Jónína Vala Kristinsdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur kynnist kenningum og rannsóknum á stærðfræðiörðugleikum nemenda og geti beitt kennsluaðferðum sem henta einstaklingum og hópum við stærðfræðikennslu nemenda sem hafa ólíkar forsendur til náms. Lögð er áhersla á að þátttakendur kynnist kenningum og rannsóknum á stærðfræðiörðugleikum nemenda og geti beitt kennsluaðferðum sem henta einstaklingum og hópum við stærðfræðikennslu nemenda sem hafa ólíkar forsendur til náms.
Í lok námskeiðsins eiga þátttakendur að

- þekkja valdar rannsóknir á stærðfræðinámi barna og stærðfræðiörðugleikum
- þekkja kenningar um stærðfræðiörðugleika og geti fjallað um þær á gagnrýninn hátt
- geta greint hvernig skilningur barna og unglinga á stærðfræði þróast
- þekki mismunandi birtingarmyndir stærðfræðiörðugleika og orsakir þeirra
- hafi vald á kennsluaðferðum sem henta við stærðfræðikennslu nemenda með ólíkar forsendur til náms
- þekki til nýjunga á sviði heilarannsókna í tengslum við stærðfræðiörðugleika

Viðfangsefni

Þátttakendur kynna sér rannsóknir á hvernig börn læra stærðfræði og hvernig skilningur barna á stærðfræði þróast. Þeir læra að greina þekkingu og skilning nemenda sinna og meta námsferli þeirra. Þeir kynna sér hvernig erfiðleikar í stærðfræði birtast, áhrif þeirra á nám nemenda og aðferðir við að greina þá. Þátttakendur afla sér þekkingar á kennsluaðferðum og námsúrræðum fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með stærðfræði.
Vinnulag
Fyrirlestrar, verkefnavinna, samvinna þátttakenda og umræður á neti um lesefni og eigin rannsóknir.
Netumræður gilda 20%. Greining á stærðfræðiörðugleikum nemenda er einstaklingsverkefni og gildir 20%. Verkefni sem nemendur vinna tveir og tveir saman gildir 20%. Einstaklingsverkefni um sjálfvalið efni gildir 40%.

**NOK203F • Rannsóknar og þróunarvinna í list- og verkmenntun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynjar Ólafsson Aðjunkt
Markmið;
Að loknu námi skal nemandi
- hafa dýpkað þekkingu sýna og skilning á völdu viðfangsefni innan list- og verkgreina
- geta sett sér markmið, gert starfsáætlun og fylgt henni.
- geta unnið sjálfstætt og skipulega að völdu viðfangsefi með áherslu á frjóa og skapandi hugsun og ígrunduð vinnubrögð.
- hafa fengið þjálfum í almennri hugmyndavinnu og nýsköpun hugmynda í gegnum iðkun og þróunarvinnu
- hafa öðlast skilning og tileinkað sér helstu vinnuaðferðir innan listrannsókna
- hafa þjálfast í gagrýnni umræðu um eigin verk og annarra, tileinkað sér víðsýni og frumleika sem nýtist í námi og / eða starfi og öðlast færni í framsetningu eigin verka og geti rökstutt eigin niðurstöður.

Inntak/viðfangsefni:
Sameiginlegur kjarni.
Kynntar verða aðferðir og kenningar innan hugmyndavinnu og nýsköpun hugmynda, þróun þeirra og vistun.
Einstaklingsvinna - málstofa.
Nemendur takast á við sjálfstæð rannsóknarverkefni samkvæmt námssamningi.
Rannsóknarvinnan fer fram í gegnum iðkun útfrá völdu viðfangsefni. Hún skal vera unnin eftir viðurkenndri rannsóknarleið innan list- og verkgreina, með áherslu á frjóa og skapandi hugsun og ígrunduð vinnubrögð. Nemandinn gerir námssamning um faglega dýpkun í völdu viðfangsefni sem fellur undir kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Meginþættir rannsóknarvinnunnar eru gagnaöflun ásamt tilrauna- og þróunarvinnu. Áhersla er lögð á framsetningu verkefnis og að nemendur geti rökstutt niðurstöður sínar og lokaafurð.
Málstofa er hluti af námskeiðinu og gefur hún nemendum tækifæri til að öðlast reynslu í því að greina frá framgangi / niðurstöðum verkefnis fyrir kennurum og samnemendum. Markmið málstofu er að virkja nemendur í faglegri og fræðilegri umræðu svo þeir öðlist dýpri skilning á viðfangsefninu. Málstofan verður auglýst og öllum opin.
Vinnulag:
Fyrirlestrar, gagnaöflun, skrifleg og myndræn skráning, skrifleg greinagerð, verkleg vinna, umræður og málstofa.

## Uppeldis- og menntunarfræðideild

**INT001G • B.A. thesis - International studies in education • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
-

**INT001G • B.A. thesis - International studies in education • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
-

**INT101G • Educational settings • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Umsjónarkennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Kennari: Gretar L. Marinósson Prófessor
Kennari: Kristján Ketill Stefánsson Doktorsnemi
Main objectives:
The purpose of the course is to introduce students to the diversity and development of educational settings. Students will become familiar with key developments in education in the 20th and early 21st century. There will be a brief introduction to theories of educational change and relationships between policy and practice.They will be able to identify and discuss some of the issues involved in establishing and maintaining educational settings, both formal and informal. Students will understand that different cultural values lie behind different versions of good practice and will be able to form judgements about what might constitute good practice in a variety of settings.
Learning outcomes:
At the end of the course students are expected to
- be familiar with key developments in education in the 20th and early 21st century,
- be able to identify and discuss some of the issues involved in establishing and maintaining educational settings, both formal and informal,
- understand that different cultural values lie behind different versions of good practice,
- be able to form judgements about what might constitute good practice in a variety of settings.
Content
See above and below.
Learning experiences:
Students will undertake regular field visits to a range of educational settings. They will be required to prepare themselves for the visits and to write short reports after the visits. Students will be required to read short articles in order to increase their understanding of developments in education. They will be encouraged to appreciate values and practices in different settings and will be able to construct arguments on what consitutes good practice. Students will research at least one setting in some depth and make an oral and visual presentation on their setting. They will carry out assignments involving electronic and library-based resources. Thorough preparation for classes will be expected and the course will rely on the active participation of students in classes.
Field reports, short discussion papers, an oral presentation and a final exam.

**INT102G • Academic skills • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Umsjónarkennari: Steinunn Lárusdóttir Lektor
Main objectives/learning outcomes:
At the end of the course, students should
- have general knowledge of the study of education in an academic context,
- have competence in various skills useful in their further course of study,
- be prepared for a more rigorous training in the methodology of educational research.
Content and procedure:
The course is organised as a seminar, discussing a series of educational issues, both international and national/regional ones, preferably such as are relevant to the background or experience of particular students. Each issue may be discussed for a couple of weeks. The students, individually and in small groups, take on specific functions:
- prepare background material on issues they are familiar with;
- seek and present (in writing) information on unfamiliar issues;
- summarise documentation (e.g. international reports), in writing or orally;
- summarise debates (from the press, conferences etc.) and analyse points of view, in writing or orally;
- moderate sessions;
- prepare follow-up sessions;
- write session reports;
- write statements of personal conclusions.
Through such activities students are expected to gain experience in
- search of material and information (particularly on the Internet);
- open-minded exchange of ideas and argument;
and the "lesser genres" of academic writing, summaries, reports etc
Assessment is continuous with an element of peer evaluation.

**INT103G • Educational research • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristinsdóttir Prófessor
Kennari: Kristján Ketill Stefánsson Doktorsnemi

Main objectives:
The purpose of the course is to introduce students to the field of educational research.
Content:
Concepts of research, scientific criteria and research ethics will be discussed. The research process will be considered. Students will become acquainted with some of the main methods used in educational resarch and critically examine some examples of research. They will understand and appreciate differences between qualitative and quantitative research and what they have in common. Qualitative research traditions and methods will be discussed. Students will be introduced to descriptive statistics and experimental research.
Learning experiences
Students will be required to read research in order to increase their understanding of methods used. They will be encouraged to develop skills in finding and using relevant research findings and an understanding of the quality indicators of good research. Students will learn how to use statistical software. They will carry out assignments involving the use of different skills. Thorough preparation for classes will be expected and the course will rely on the active participation of students in classes.
Short discussion papers, exercises and a final exam.

**INT201G • Sociology and history of education: Iceland in the community of nations • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Kennari: Ólöf Garðarsdóttir Dósent
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Kennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Content:
The following topics will be interwoven in such a way that history and theories shed light on each other with a special emphasis on different perspectives on the relation between individual and society.
1. Sociology of education: Main theories will be discussed in relation to topics such as moral education, social discrimination and individualisation with an emphasis on different understanding of the relation between individual and society and the changes that have taken place in the last decades. Theories will be scrutinised in light of the development of schools and education in France, Germany, UK, USA and the Nordic countries. Theories by Emile Durkheim, G.H. Mead, John Dewey, Pierre Bourdieu, Ulrich Beck, Anthony Giddens and Thomas Ziehe will be discussed.
2. History of education: The evolving relation between schools on the one hand, and society, culture and religion on the other will be discussed, both in an Icelandic context and in other western countries. In this context, the role of church, religion and homes in the upbringing of children will be discussed. The ancient cultural roots of the public school will be examined as well as the changing interplay between school, home and other social institutions. Emphasis will be on the development of education in Iceland in comparison with other countries in Western Europe.
3. Varieties of education: Sociological theories of integration, assimilation, exclusion and inclusion will be discussed. Attempts to avoid and overcome social fragmentation from Durkheim's theory of social integrity to modern theories of multiculturalism and inclusive education will be discussed in the light of sociological theories.
Procedure:
Teaching will be conducted in lectures and seminar discussions. The course material is a mixture of introductory texts about particular theories, original texts and articles, and research papers dealing with the topic of the course.

**INT202G • Development and self • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Baldur Kristjánsson Dósent
Kennari: Kristján Kristjánsson Prófessor
Main objectives:
The main objective of the course is to provide students with (i) a comprehensive understanding of the developmental changes that take place from birth through adolescence, and (ii) understanding of dominant views and theories in psychology and philosophy about development and self in both Western and Eastern cultures.
Learning outcomes:
At the end of the course students should
- have a comprehensive understanding of the development of children and adolescent and of the main theories in psychology and philosophy on development,
- know fundamental constructs that describe children's development and learning, both philosophical and psychological,
- be able to describe and evaluate major research findings pertaining to the relation between development and ideas of the self on the one hand, and progress in learning and work, with special emphasis on behaviour and well being of children and adolescents on the other.
Content:
The course will cover a broad range of developmental changes during different phases of childhood and adolescence, and theories that describe and explain those changes. Theories of cognitive development, emotional and social development, the development of self, and moral development will be discussed. The interaction between development and self identity on the one hand and learning, motivation, parenting practices, culture, and different social environments on the other, will be addressed. Various topics in psychology and philosophy pertaining to theories of the self will be discussed, such as self identity, self respect, confidence and autonomy.
Procedure:
The course will consist of lectures and seminars. In seminars the students will get practice in discussing the various topics of the course in a critical setting placing them in a wide theoretical and practical context.
Discussion paper and a final exam.

**INT203G • Globalisation and education • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hanna Ragnarsdóttir Dósent
Kennari: Hildur Blöndal Sveinsdóttir Aðjunkt
**Main objectives:**
The main objectives of the course are to provide students with a comprehensive understanding of
(i) on what grounds education could develop in the light of changing demographics worldwide and the challenges this development might

bring to the field of education,
(ii) the concepts of globalisation, migration and the development of multicultural societies,
(iii) concepts such as culture, religion, language and identity in the context of migration, globalisation and multicultural societies.
**Course content:**
The course covers basic concepts pertaining to globalisation, migration and the development of multicultural societies. Concepts of culture, religion, language and identity will be explored, and various related issues such as attitudes, prejudice, human rights, equality and democracy in multicultural societies will be discussed. Challenges to education in multicultural societies will be discussed and ideologies of multicultural education, global education and citizenship education will be introduced. The course draws on research in Iceland and elsewhere on issues concerning education, globalisation and the development of multicultural societies.
**Procedure:**
The course will consist of lectures and seminars. In seminars the students will get practice in discussing the various topics of the course within a critical setting and by placing them in a wide theoretical and practical context. Thorough preparation for classes will be expected and the course will rely on the active participation of students in classes. Students will make an oral and visual presentation on their final assignment and assignments will involve electronic and library-based resources.
Individual assignments: 1) 40%. Students critically discuss and compare two of the three main ideologies presented in the course, i.e. multicultural education, intercultural education and citizenship education. 2) 60%. Students interview an individual (or a family) who is an immigrant in Icelandic society, preferably parents. Students collect information on f. ex. their position in Icelandic society, their experiences, hopes and expectations. Students analyse the data and write an essay about their findings linked to theoretical writings.

**INT502M • Comparative Education • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Áhersla er á umræðu og kenningar um alþjóðlega menntun og samanburðarmenntunarfræði sem kerfisbundna greiningu á því sem er líkt og því sem er ólíkt í menntakerfum á ólíkum svæðum, löndum og í ólíkum menningarheimum. Mikilvægi hnattvæðingar fyrir samanburðarmenntunarfræði verður skoðuð.
Námskeiðið fer fram sem fyrirlestrar og málstofur. Í málstofum fá nemendur þjálfun í að ræða þau margvíslegu málefni sem eru viðfangsefni námskeiðsins í gagnrýnu umhverfi og setja þau víðara kenningalegt og verklegt samhengi.
Assignments and discussion papers. No final exam.

**INT503M • Pedagogy • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Pedagogy
The purpose of the course is to prepare teacher learners to teach children and adolescent in international and multicultural settings in Iceland and around the world. The main goal is to introduce key learning and teaching theories to teacher learners with a special emphasis on learning and teaching diverse group of students in international and multicultural environment.
Content
The course will build on the combination of the group each time, take into account and adapt to the international and diverse experience and knowledge the teacher learners bring into the course. The course builds on a framework of inquiry that able the teacher learners to analyze their experience, relate to pedagogical theories, and study multicultural and international pedagogy. The emphasis is on differentiation in the instruction, the learning material and the learning environment. Different learning styles, teaching methods, and assessment that support children and adolescent to become independent and active pupils will be introduced.
Procedures
The course work is based on diverse reading material, dialogue and projects. The teacher learners are supported to become active participants, independent, and information seekers. The teacher learners develop their practice based portfolio.
Assessment
The portfolio is assessed.

**INT602M • Professionalism in education • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Arna Hólmfríður Jónsdóttir Lektor
Course content:
Emphasis is on discussions and reflections on the concept of professionalism and related concepts, how they have developed, and the influencing factors, i.e. the professional mandate (the governmental influence), the influence of stakeholders and the profession itself. The concepts 'collaborative professionalism' and 'democratic professionalism' will be analysed and also what affects the 'professional identity' of professions.
Procedure:
The course will consists of lectures, discussions and group work. Students are expected to take an active part in discussions and are required to present papers regularly related to the subject.
Assignments and discussions papers. No final exam.

**MEN102G • Inngangur að uppeldis- og menntunarfræði • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir
Kennari: Jón Torfi Jónasson Prófessor
Gert er ráð fyrir að nemendur taki þetta námskeið á fyrsta ári. Fjallað verður um grunnhugtök og nokkur helstu viðfangsefni uppeldis- og menntunarfræði. Rætt verður um þróun hennar sem fræði- og starfsgreinar og um sérstöðu hennar og tengsl við aðrar greinar. Kynnt verður ágrip af sögu evrópskra uppeldishugmynda og fjallað um íslenska uppeldis- og skólasögu. Fjallað verður um fjölmörg deiluefni í mennta- og uppeldismálum, gerð grein fyrir ólíkum sjónarhornum og hugmyndum um úrlausn.
Verkefni, hlutapróf og skriflegt lokapróf. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) á lokaprófi. Gert er ráð fyrir að nemendur taki þetta námskeið á fyrsta ári.

**MEN103G • Fjölskyldur í nútímasamfélagi • (10e) • Haust • 3f + 2u**

Kennari: Hanna Björg Sigurjónsdóttir Lektor
Kennari: Guðný Guðbjörnsdóttir Prófessor
Kennari: Sigurlína Davíðsdóttir Dósent
Kennari: Rannveig Traustadóttir Prófessor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Í námskeiðinu verður fjallað um nýjar kenningar og rannsóknir um fjölskyldur í nútímasamfélögum. Áhersla verður lögð á umfjöllun um margbreytileika fjölskyldna, ólíkar fjölskyldugerðir, fjölskyldur minnihlutahópa og aðstæður barna og foreldra í mismunandi fjölskyldugerðum. Þá verður fjallað um fjölskyldustefnu og tengsl fjölskyldulífs og atvinnulífs.
Próf (50%). Kynning (10%)3 nemar kynna saman efni sem tengist efni vikunnar (10-15 mín.) Ritgerð (40%). Efni úr þemum námskeiðs, 10-15 bls. 2-3 nemar saman. Skil í síðasta kennslutíma.

**MEN129G • Menntun og kyngervi: Orðræðan um drengi og stúlkur • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Umsjónarkennari: Guðný Guðbjörnsdóttir Prófessor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Markmið: Markmið námskeiðsins er að nemar kynnist hugmyndum, kenningum og rannsóknum um uppeldi og menntun í ljósi kynjafræðilegra sjónarmiða og hugtaksins kyngervi (gender).
Viðfangsefni. Unnið verður með hugtökin, kyngervi, kynjun, kynímyndir, staðalmyndir, kvenfrelsi, félagsleg mismunun, kynhlutverk, kynjablinda, tvíhyggja og valdatengsl. Fjallað verður um hvernig hugmyndir um menntun kynjanna hafa þróast sögulega, rýnt í orðræðuna um drengi og stúlkur og staðreyndir og gagnrýni á menntun og kynferði á öllum skólastigum. Sjónarmið félagslegar mótunarhyggju og eðlishyggju verða notuð til að útskýra mismunandi hugmyndir um kynjamismunun. Athyglinni verður beint sérstaklega að nýjum rannsóknum á sviðinu og fræðilegri nálgun mismunandi fræðimanna. Að síðustu verður athyglinni beint að íslenska skólakerfinu, stöðu drengja og stúlkna, leiðtogum og stjórnendum, námskrám og stöðu lögbundinnar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Lesnar verða nýjar íslenskar og erlendara rannsóknir á kyngervi og skólastarfi, t.d. rannsóknir á námsframmistöðu kynjanna, mismunandi hugmyndum stelpna og stráka um námsgreinar, námshæfni og námsval og hvernig skólar bregðast við kynjun skóla og samfélags.<
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt sem staðnám, með möguleikum til fjarnáms ef þörf krefur. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum, málstofum, hópvinnu og verkefnavinnu.
Eitt 25% verkefni, heimapróf (35%) og lokaverkefni(40%). Mæting og framlag nema í tímum getur hækkað einkunn ekki lækkað.

**MEN201G • Samskipti í uppeldis- og fræðslustarfi • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Umsjónarkennari: Sigrún Aðalbjarnardóttir Prófessor
Kennari: Ásdís Hrefna Haraldsdóttir Verkefnisstjóri
Kennari: Hrund Þórarinsdóttir
Viðfangsefni
Nemar kynnast helstu kenningum um árangursríka samskiptahætti í uppeldis- og fræðslustörfum á vettvangi fjölskyldna, skóla og annarra stofnana. Fjallað er um samskipti barna, vináttu og leik jafnt innan skóla sem utan. Kynnt eru innlend og erlend rannsókna- og skólaþróunarverkefni sem miða að því að efla félags-, siðgæðis- og tilfinningaþroska barna og unglinga, jafnt sem sjálfmyndir þeirra í síbreytilegu samfélagi þjóðanna.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt sem staðbundið. Kennsla fer fram í samræðum og gagnvirkum fyrirlestrum. Námið er auk þess bygg upp á lestri, hópvinnu, kynningum og skriflegum verkefnum.
Námsmat byggist á verkefnum og prófum. Krafist er lágmarkseinkunnar 5,0 í prófþætti námsmatsins.

**MEN301G • BA-verkefni í uppeldis- og menntunarfræði • (14e) • Haust**
Umsjón: Fastir kennarar í uppeldis- og menntunarfræði.

**MEN401G • Málstofa: Efst á baugi og framtíðarsýn • (6e) • Vor • 3u**
Umsjónarkennari: Guðný Guðbjörnsdóttir Prófessor
Í málstofunni verða tekin til umfjöllunar tiltekin viðfangsefni um uppeldis- og menntamál. Val viðfangsefna miðast við það sem er efst á baugi fræðilega eða í þjóðfélaginu hverju sinni og áhugasvið þátttakenda. Nemendur velja sér nýútkomið fagrit og skrifa um það ritdóm til birtingar. Þeir skrifa einnig rækilegan og vel rökstuddan ritdóm um nýútkomnar fræðilegar greinar í fræðilegu tímariti þar sem þær eru settar í samhengi við þróun fræðasviðsins. Nemendur skipuleggja málstofu og flytja erindi um fræðilegt efni sem þeir hafa unnið á seinni stigum námsins. Þá verða nemendur hvattir til að draga saman reynslu sína af náminu og ræða eigin framtíðarsýn um nám og störf á sviði uppeldis- og menntamála. Mikil áhersla er lögð á fagleg og fræðileg vinnubrögð og að nemendur verði þátttakendur í faglegri umræðu á sínu fræðasviði, m.a. með því að setja efni á veraldarvefinn.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt sem staðnám. Námskeiðið byggist á umræðum, hópvinnu og verkefnavinnu.
Fjögur verkefni: ritdómur um bók (30%); ritgerð um greinar (30%); ráðstefnuerindi og veggspjald (35%) og ígrundunarverkefni um eigið nám(5%).

**MEN402G • BA-verkefni í uppeldis- og menntunarfræði • (14e) • Vor**
Umsjón: Fastir kennarar í uppeldis- og menntunarfræði.

**STM204G • Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Kennari: Guðný Guðbjörnsdóttir Prófessor
Kennari: Sigrún Aðalbjarnardóttir Prófessor
Markmið: Að þátttakendur fái aukna innsýn í hlutverk leiðtoga, frumkvöðla og stjórnenda í skólum, stofnunum og fyrirtækjum. Að þátttakendur átti sig á mikilvægi þessara hlutverka ekki síst á breytingartímum, á mikilvægi samskiptahæfni fyrir þessi hlutverk, og

hvernig kynferði skiptir máli í því sambandi.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt sem staðnám, með möguleikum til fjarnáms ef þörf krefur. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum, málstofum, hópvinnu og verkefnavinnu.
Verkefni og heimapróf. Mæting og framlag nema í tímum getur hækkað einkunn (10%), ekki lækkað.

**UMS202G • Áhættuhegðun og seigla ungmenna • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Umsjónarkennari: Sigrún Aðalbjarnardóttir Prófessor
Kennari: Kristjana Stella Blöndal Lektor
Viðfangsefni
Á námskeiðinu er áhersla lögð á áhættuhegðun (s.s. vímuefnaneyslu, óábyrgt kynlíf, brokkgenga skólagöngu) og seiglu unglinga og ungs fólks í tengslum við ýmsa uppeldislega, félagslega og sálfræðilega þætti. Viðfangsefni eru m.a. sjálfsmynd, sjálfstraust, líkamsímynd, félagsþroski, samskiptahæfni, kvíði, depurð og sýn ungmenna á ýmsar áskoranir í lífi sínu, auk þáttar heimila, skóla og félagsstarfssemi í uppbyggingar- og forvarnarstarfi með ungu fólki. Kynntar verða bæði innlendar og erlendar rannsóknir á þessu sviði.
Vinnulag
Námskeið er skipulagt sem staðbundið. Kennsla fer fram í samræðum og gagnvirkum fyrirlestrum.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmatsins.

**UMS501G • Hugur, heilsa og forvarnir • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Umsjónarkennari: Sigurlína Davíðsdóttir Dósent
Fjallað er um helstu skilgreiningar á heilsu og áhrif hugarfars á heilsufar. Fjallað verður um tengsl líkama og sálar eins og þau birtast í heilsufari, áhrif streitu á líkamlega heilsu, hvernig hugarfar og atferli ýtir undir streitu og hvað dregur úr streitu. Þá verður fjallað um forvarnir með tilliti til heilsufars.
Próf (60%) 2 verkefni: (30%) 10-15 bls. ritgerð um efni sem tengist heilsusálfræði. Verkefnið getur verið heimildaritgerð eða rannsókn á einhverjum þáttum sem tengjast heilsufari og hugarfari. Athugið ítarefni á námsbókasafni. 9. vika. (10%) 3-4 bls. skýrslu um gestainnlegg um forvarnir, þá sérstaklega um athyglisverða þætti í þeim og það sem þeir telja að verði árangursríkt til forvarna. 11. vika

**INT104F • Issues in educational research • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Main objectives/Learning outcomes:
By the end of the course students should
1. have gained an overview of issues of research methodology, and common research traditions and their similarities and differences will be covered
2. be able to argue different points of view in the preparation of research in their field
3. be able to formulate research questions and be able to discuss relevant approaches to date-gathering in order to answer the questions
4. be able to demonstrate the ability to collect, evaluate and analyse data
5. be able to discuss appropriate methods for the analysis of data
6. be able to discuss ethical issues and procedures and regulations related to research practice
7. be able to apply knowledge and understanding to evaluate research in their field
8. by himself/herself or in cooperation with others be able to communicate academic research to colleagues and members of the public
9. possess the skill and knowledge to analyse and communicate numerical information
10. have demonstrated the learning skills and capacity to engage in further studies in methodology which to a large extent requires independent work.
Topics and approach
Specific methodological approaches are covered, their academic foundations explained, prevailing practices tried out and the skills of the students in this regard assessed. The topics selected to begin with are less complex than later ones. Different methods used to collect and analyse data are discussed according to the purpose of the research. Training includes the application of the same methodology to solve different types of research questions. The teaching consists of lectures and studies through discussions and assignments. Emphasis is placed on creativity and communication during analysis of data and the presentation of results. Active participation of students is encouraged that can take the form of instigating discussion, sharing ideas and referring to the research of others.
Assessment
Assessment is built on assignments, an essay and an examination. Three assignments are built on discussions and exercises and are evaluated in accordance with course goals. In the final module an overall assessment of learning is carried out through an essay and an examination. Grades are given for all the assignments, the essay and the examination. Each assignment contributes 15% to the grade, the essay counts 35% and the final examination 20%.

**INT105F • Multicultural societies and schools - Ideologies and research • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hanna Ragnarsdóttir Dósent
Main objectives:
At the end of the course, students should
- have knowledge and understanding of the main concepts and general issues in ideologies, theory and research within multicultural studies
- have an understanding of the main theories on the position, adjustment, upbringing and education of individuals, particularly children and adolescents in multicultural societies (e.g. authors such as Banks, Gundara, Nieto, Noddings, Parekh and Siraj-Blatchford)
- have the competence to apply theories in a critical and disciplined manner in his or her field of work and research
- be able to collect, assess and analyse scientific data in the field of multicultural studies and use suitable technical measures and software
- be able to initiate new studies and development projects and communicate his or her findings in a suitable manner
- have developed independent methods of working and be capable of further studies and research in the field of multicultural studies

Course content:
The course deals with research in the field of multicultural studies in Iceland as well as in other countries. The topics considered include the development of multicultural societies from an historical and international perspective, migration, the position of minority groups and refugees. The course also addresses attitudes, prejudice and governmental actions, human rights, equality and democracy. Finally, the course addresses upbringing and pedagogies in multicultural societies and research on the situation of children and adolescents as linguistic, cultural and religious minority groups will be introduced and discussed.
Learning activities:
Teaching will be conducted in lectures, seminar discussions, workshops and group work. Students are expected to take an active part in seminars and discussions and are required to present papers regularly in seminars. Some of the course may be taught through distance teaching.
Projects include analytical papers (altogether 50%)and a field study (50%) where qualitative research methods will be applied.

**INT204F • Theories in sociology and philosophy of education • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Learning outcomes:
At the end of the course students should
- have good understanding of some main theories in sociology and philosophy of education,
- be able to explain these theories and discuss their merits,
- be able to apply these theories to issues pertaining to education and to society in general,
- be able to discuss empirical research and theories in light of each other,
- be able to use theories to form research questions,
- have experience in communicating research to a group of people.

Content:
The course will introduce a few influential contemporary theories and their roots in classical theories. The theories will be introduced in relation to some urgent issues in education, such as inclusive education, knowledge society, social discrimination and equality. Theories are used to frame topics for research, research questions, plan for research and the choice of methods. Students work on independent projects and are guided in their use of theories in carrying out their work.
Procedure:

The course begins with a series of lectures and seminars focusing on certain theories. After that students form groups which present their ideas for a research project in a seminar around the middle of the term. The groups then continue to work on their project and present their conclusions at a colloquium at the end of the term.
30% individual assignments focusing on specific topics related to the theories under discussion. 70% group project. The evaluation is based on the research proposal, presentation and the colloquium and a written paper.

**INT205F • Inclusive education and democracy, theory and practice • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Dóra S Bjarnason Prófessor
Main objectives/Learning outcomes:
Upon completing the course students are expected to
- know concepts and theories on special needs, deviance and stigma, inclusive education, social capital building and democracy in schools
- have insight into the different roles of inclusive education professionals in schools and other educational institutions
- have insight into research, theories and good Icelandic and international examples of practice in the field
- have understanding of the situation of persons with special needs in school and society, presently and in history
- have an understanding of the value of inclusive schooling and society for all, but also the use of specialised services
- understand the value of human rights, the rights of children, and upbringing that is grounded in democratic participation in school and society
- be able to listen to the voices of parents and students, respect their rights and use their perspectives and wishes in a professional manner
- be able to use their knowledge to strengthen their personal and professional competences.

Course content:
The educational policy of inclusion deals with democratic upbringing and quality education, human rights, active participation and the cooperation of all learners and staff in classrooms, schools, school districts and at national level. Its aim is to provide each and every learner with appropriate education and facilitate participation in school and society. Special attention is given to the process of education and social inclusion and exclusion of learners who are seen as "different" due to their abilities and talents, learning difficulties, cultural or socio-economic background, religion, race, sexual orientation, behaviour or disability. This policy and practice is much debated, at theoretical and practical level by concerned actors and academics, and the concept of inclusive education is given different meanings in different contexts.
In the course different paradigms and perspectives in inclusive education, extracts from the history of special education and of persons labelled with special needs, national and international treaties, human rights and democratic participation in schools will be discussed. Students are expected to reflect upon their own values and perspectives on special education in the light of theories, research and their learning experience. The course also aims at critically examining the strengths and weaknesses of inclusive education theories, policy and practice, and relevant perspectives of parents, students, teachers, other professionals and academics.
Learning activities:
The course work is based on lectures, seminars on campus and through the web, individual and group assignments.
Assignments: (1) Four short papers reflecting on the course readings (in all 40%). (2) A review of the students own national education policy (20%). (3) A paper based a school visit in Iceland and students' own interest in the connection with the course content (40%).

**INT502M • Comparative Education • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Áhersla er á umræðu og kenningar um alþjóðlega menntun og samanburðarmenntunarfræði sem kerfisbundna greiningu á því sem er líkt og því sem er ólíkt í menntakerfum á ólíkum svæðum, löndum og í ólíkum menningarheimum. Mikilvægi hnattvæðingar fyrir samanburðarmenntunarfræði verður skoðuð.
Námskeiðið fer fram sem fyrirlestrar og málstofur. Í málstofum fá nemendur þjálfun í að ræða þau margvíslegu málefni sem eru viðfangsefni námskeiðsins í gagnrýnu umhverfi og setja þau víðara kenningalegt og verklegt samhengi.
Assignments and discussion papers. No final exam.

**INT503M • Pedagogy • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hafdís Guðjónsdóttir Dósent
Pedagogy
The purpose of the course is to prepare teacher learners to teach children and adolescent in international and multicultural settings in Iceland and around the world. The main goal is to introduce key learning and teaching theories to teacher learners with a special emphasis on learning and teaching diverse group of students in international and multicultural environment.
Content
The course will build on the combination of the group each time, take into account and adapt to the international and diverse experience and knowledge the teacher learners bring into the course. The course builds on a framework of inquiry that able the teacher learners to analyze their experience, relate to pedagogical theories, and study multicultural and international pedagogy. The emphasis is on differentiation in the instruction, the learning material and the learning environment. Different learning styles, teaching methods, and assessment that support children and adolescent to become independent and active pupils will be introduced.
Procedures
The course work is based on diverse reading material, dialogue and projects. The teacher learners are supported to become active participants, independent, and information seekers. The teacher learners develop their practice based portfolio.
Assessment
The portfolio is assessed.

**INT602M • Professionalism in education • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Arna Hólmfríður Jónsdóttir Lektor
Course content:
Emphasis is on discussions and reflections on the concept of professionalism and related concepts, how they have developed, and the influencing factors, i.e. the professional mandate (the governmental influence), the influence of stakeholders and the profession itself. The

concepts 'collaborative professionalism' and 'democratic professionalism' will be analysed and also what affects the 'professional identity' of professions.
Procedure:
The course will consists of lectures, discussions and group work. Students are expected to take an active part in discussions and are required to present papers regularly related to the subject.
Assignments and discussions papers. No final exam.

**MEN011F • Samtöl í námi og starfi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þórunn Blöndal
Þekkingarmarkmið
Nemendur

- kunni skil á hlutverki tungumálsins í samskiptum, bæði gegnum ritað mál og talað.
- þekki einkenni helstu textategunda (e. genre) talmáls og ritmáls.
- þekki sögu og þróun samtalsgreiningar og hafi góða yfirsýn yfir það sem skrifað hefur verið um málleg samskipti.
- geri sér grein fyrir mikilvægi samskipta í kenningum um nám og kennslu.
- kunni skil á því sem er líkt og ólíkt í samtalshegðun kynjanna.

Færnimarkmið
Nemendur geti

- nýtt sér helstu rannsóknaraðferðir samtalsgreiningar og geti sjálfir safnað gögnum, greint og túlkað samtöl af ólíkum toga í samræmi við aðferðafræði greinarinnar, t.d. samskipti sem eiga sér stað á vinnustöðum þeirra sjálfra (í kennslustofu /félagsmiðstöð/sjúkrahúsi) eða samtöl skjólstæðinga innbyrðis hvort sem er í hagnýtum eða fræðilegum tilgangi.
- hagnýtt sér þekkingu á samskiptum til að greina afbrigðilega málhegðun, t.d. barna með hegðunarvandamál, einhverfra og málstolssjúklinga.
- nýtt samtöl markvisst og kerfisbundið sem námstæki í kennslustofunni.
- greint reglubundin ferli í samskiptum og lýst þeim.
- áttað sig á óskráðum samskiptareglum og greint þær í gögnum sínum.
- greint og túlkað reglur um samvinnu í samtölum.
- hagnýtt þekkingu sína á samskiptum í störfum (sínum) á vettvangi skóla, félagsmiðstöðva eða sjúkrahúsa og stuðlað þannig að bættum samskiptum.

Inntak/Viðfangsefni
Viðfangsefni námskeiðsins er samtalsgreining (e. conversation analysis) en sú grein
er undirgrein orðræðugreiningar. Rætt verður um mismun talmáls og ritmáls og hnykkt á einkennum texta sem birtast á neti (bloggi, msn, tölvupósti og spjallrásum). Meginhluti námskeiðsins verður þó nýttur í þjálfun á söfnun, skráningu og túlkun samtalsgagna og umræður um þá vinnu. Athugunar- og umræðuefni verða bæði af fræðilegum toga og hagnýtum. Námskeiðið tengist kennslu beint og óbeint; bæði verður nemendum leiðbeint við að kenna samskipti í skólum (eða öðrum vinnustöðum) og eins munu nemendur vinna verkefni sem greina samskipti á vinnustöðum þeirra, t.d. samskipti í kennslustofunni.
Vinnulag
Til þess að nemendur verði hagvanir í samskiptafræðum þurfa þeir í senn að nálgast greinina með því að lesa vísindagreinar eftir innlenda og erlenda fræðimenn og kynnast þannig sögu og þróun greinarinnar og spreyta sig sjálfir á eigin viðfangsefnum. Kennslan fer að mestu fram í samræðum kennara og nemenda eða samræðuhópum nemenda, augliti til auglitis eða gegnum vefmiðla. Samvinna nemenda í náminu verður skoðuð og greind, einkum sú aðferð að tala sig í átt að niðurstöðu eða hugsa upphátt. Lögð verður áhersla á að nemendur fái þjálfun í að hlusta á og greina samtalsgögn og gera niðurstöður aðgengilegar fyrir aðra, t.d. á bloggsíðu, í ritgerð, skýrslu eða tímaritsgrein. Á námskeiðinu verður sýnt fram á að öll málnotkun, jafnt ritun skáldsagna sem fræðileg skrif, felur í sér samskipti.
Hugmynd - útfærð að höfðu samráði við nemendur:
1. Verkefni tengd kennsluefni - samvinnuverkefni
2. Upptaka - hlustun, greining og túlkun samtalsgagna - samvinnuverkefni
3. Lokaverkefni - rannsókn á samskiptum - einstaklingsverkefni

**MEN015F • Samskipti, menning og miðlun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Stefán Jökulsson Lektor
Umsjónarkennari: Þórunn Blöndal
Þekkingarmarkmið
Nemendur

- öðlist skilning á hugtakinu samskipti og því sem einkennir árangursrík og farsæl samskipti almennt
- fái innsýn inn í þau fræði sem varða samskipti fólks af ólíku þjóðerni og þekki til helstu hugtaka og kenninga á því sviði
- fái þekkingu á þætti samskipta í virku tvítyngi
- læri að þekkja helstu samvinnuferli í samtölum og mikilvægi þeirra í glímu við nýtt tungumál
- átti sig á íslenskum samskiptavenjum og geti sett sig í spor þeirra sem eru ekki vanir þeim
- kynnist reglum og aðferðum sem má nota til að gera samskipti milli fólks af ólíkum uppruna markvissari og árangursríkari

Færnimarkmið
Nemendur geti

- lýst þeim þáttum í samskiptum fólks af ólíku þjóðerni sem stuðla að skilningi og samkennd fremur en misskilningi og andúð
- greint hvernig íslensk menning orkar á hæfni Íslendinga til að eiga samskipti við innflytjendur eða útlendinga
- áttað sig á því hvers vegna fjölmenningarleg samskipti misheppnast og gert ráðstafanir til að bæta þau
- beitt fræðum um fjölmenningarleg samskipti til að skipuleggja nám og kennslu í anda hugmyndarinnar um skóla fyrir alla

Inntak/viðfangsefni
Á námskeiðinu fræðast nemendur um hugtök, kenningar og rannsóknaraðferðir á sviði menningar- og samskiptafræða og samskiptamálfræði. Meginmarkmiðið er að auka skilning þeirra á fjölmenningarlegum samskiptum, gera þá færari í að rannsaka þau eða skipuleggja verkefni sem tengjast þeim.
Vinnulag
Nemendur kynna sér þau mál varðandi fjölmenningarleg samskipti hérlendis sem ber hæst hverju sinni og nota fræðin til að vega þau og meta. Hver nemandi ræðst í tilviksathugun, þ.e.a.s. safnar gögnum sem varða tiltekið umfjöllunarefni á námskeiðinu, vinnur úr þeim og kynnir niðurstöður sínar á opnum vef. Jafnframt fylgjast nemendur með fréttum um fjölmenningarleg samskipti í fjölmiðlun, íslenskum sem erlendum, og ræða um þær með hliðsjón af fræðunum. Saman vinna nemendur eitt verkefni sem tengist vettvangi, t.d. heimilum, skólum, félagasamtökum eða stofnunum þar sem fjölmenningarleg samskipti vega þungt. Samvinnuverkefnið getur falist í gerð fræðsluefnis, t.d. bæklings, vefefnis eða blaðagreinar, skipulagningu og kennslu á námskeiði, ýmiss konar samvinnu eða stuðningi. Umræða er veigamikill þáttur í kennslustundum og innlegg í hana koma jafnt frá nemendum sem kennurum.
Nemendur halda rafræna leiðarbók þar sem þeir skrifa um það sem þeir telja mikilvægt eða gagnlegt í námsefni eða umræðum. Þar halda þeir einnig til haga þeim verkefnum sem þeir vinna, t.d. framsögu í kennslustund og tilviksathugun. Leiðarbókin á meðal annars að sýna að nemenda sé ljóst hvernig hann geti hugsanlega beitt þeim fræðum sem eru til umfjöllunar við þau verk sem hann hyggst vinna í framtíðinni. Jafnt nemendur sem kennarar á námskeiðinu leggja mat á verkefni og valda kafla úr leiðarbók.

**MEN023F • Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Markmið
Í lok námskeiðsins er stefnt að því að þátttakendur

- geti lýst helstu samfélagslegum breytingum sem hafa leitt til aukinnar áherslu á nám fullorðinna undanfarið,
- geti greint samfélagslega þróun í samtíma sinum og ákvarðað námsþarfir á grundvelli þeirra sem verða til hjá ólíkum þjóðfélagshópum við breytingar í samfélagi, fjölskyldulífi og á vinnustöðum,
- geti notað kenningar um fullorðna námsmenn til þess að skýra hegðun í tengslum við nám og námskeið, skipuleggja námsferli og til að rökstyðja framkvæmdina,
- hafi öðlist innsýn í fræðslustarf með fullorðnum á Íslandi þannig að þeir geti lýst því helsta sem er að gerast í fræðslumálum fullorðinna og greint hvaða hugmyndir liggja að baki og
- móti sér sínar eigin hugmyndir um hlutverk fullorðinsfræðslu í nútíma samfélagi og geti rökstutt þær með tilvísun til kenninga um fullorðna námsmenn, samfélagsbreytingar og lífshlaup fullorðins fólks.

Inntak / viðfangsefni
Námskeiðið skiptist í þrjá hluta: I Greiningu á samfélagslegri þróun, rannsókn á því hvernig stofnanir samfélagsins hafa brugðist við - einkum hvað varðar aðgerðir sem ætlað er að styðja við nám fullorðinna. Þátttakendur læra að nota ýmis verkfæri til þess að greina samtímann og meta mögulegar þarfir fullorðinna fyrir nám. II Rannsókn á sérkennum og sérstöðu fullorðinna námsmanna. Könnun á kenningum um hið sama og greining á gagni þeirra til að skýra og skipuleggja nám fyrir fullorðna og með þeim. III Þátttakendur kynna sér nokkur meginstef úr kennslufræði fullorðinna. Hugmyndir um fullorðna námsmenn, þátttöku þeirra í fræðslu, áhugahvöt og hindranir, hlutverk leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu, mótun námsumhverfis og samskipti kennara og nemenda og fleira.
Vinnulag
Umræður, fyrirlestrar, kynningar, einstaklingsverkefni og hópverkefni.
Lesefni
Helstu bækur:
Merriam og Cafarella: Learning in Adulthood, 2006
a.m.k. tvær eftirtalinna bóka:
Malcolm S. Knowles, et al: The Adult Learner, 2006
K. Patricia Cross: Adults as Learners, 1981 (1993)
M. Carolyn Clark og Rosemary S. Caffarella (útg.): An Update on Adult Development Theory, (2000)
Greinar í vísindatímaritum:
Greinar og skýrslur um fullorðinsfræðslu á Íslandi.
Rannsóknargreinar um afmörkuð efni námskeiðsins.
Einnig almennar greinar um efni námskeiðsins, til yfirlits og stuðnings við lesefnið.
Nokkur samvinnuverkefni á vef sem eru forsenda fyrir lokaeinkunn (lokið/ólokið). Skriflegt próf (15%). Lítil rannsókn ásamt túlkun niðurstaðna (15%). Hópverkefni (10%). Einstaklingsverkefni - Ritgerð (50%). Þátttaka í umræðum (tímum, staðlotu og vef), önnur samstarfsverkefni á vef, sjálfsmat (10%).

**MEN024F • Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Yfirmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur kynni sér og tileinki gagnlegar hugmyndir, kenningar og aðferðir til að skipuleggja nám fyrir fullorðna námsmenn og kenna þeim með góðum árangri.
Stefnt er að því að þátttakendur geti við lok námskeiðs

- lýst nokkrum algengum nálgunum um hvernig námferlar eru skipulagðir fyrir fullorðna ásamt því að greina frá kenningum og viðhorfum sem liggja þeim að baki,
- notað mismunandi aðferðir til að skipuleggja nám fyrir fullorðna,
- rökstutt skipulag kennslu og framkvæmd hennar með vísun í rannsóknir, kenningar og viðurkennd viðhorf til fræðsustarfs með fullorðnum,
- lýst kennsluaðferðum og flokkað eftir viðurkenndum flokkunarkerfum, kunni skil á fræðilegri flokkun kennsluaðferða,
- skipulagt, undirbúið og framkvæmt kennslu, og önnur námsferli fyrir fullorðna og
- geti bæði gagnrýnt eigin kennslu og annarra og rökstutt gagnrýnina.

Inntak / viðfangsefni
Þátttakendur skoða algengar nálganir við skipulagningu námsferla fyrir fullorðna, rýna í viðkomandi nálganir og gagnrýna þær.

Þátttakendur kynna sér nýlega fræðilega umræðu um viðfangsefnið, kynna sér rannsóknir um afmarkaða þætti kennsluhegðunar og bera saman við innihald bókanna sem lesnar eru á námskeiðinu og við þeirra eigin vinnu.
Á námskeiðinu læra þátttakendur að útbúa námskeiðsmöppu sem inniheldur öll gögn sem þeir þurfa til að kenna tiltekið námskeið. Að námskeiði loknu munu þeir hafa undir höndum slíka möppu og vera tilbúin að halda námskeið með þeim gögnum sem eru í möppunni. Þátttakendur kynna sér nokkrar gagnlegar kennsluaðferðir, prófa þær og þjálfa sig í notkun þeirra. Þátttakendur þjálfast einnig í því að nota kennslutæki og nýta þjálfunina þegar þeir æfa sig í kennslu og í því að meta kennslu hver annars.
Vinnulag

- Umræður, einstaklingsverkefni og hópverkefni.
- Á meðan á námskeiðinu stendur æfa nemendur sig í því að kenna á námskeiði fyrir fullorðna hjá stofnun þar sem boðið er upp á nám og námskeið fyrir fullorðna.
- Þátttakendur safna gagnlegum aðferðum sem nýtast við kennslu fullorðinna.
- Þátttakendur útbúa námskeiðsmöppu fyrir tiltekið námskeið eða undirbúa og rökstyðja námsskipulag fyrir tiltekinn vinnustað eða símenntunarmiðstöð.

Lesefni
Robert M. Gagne, Walter W. Wager, Katharine Golas, John M. Keller: Principles of Instructional Design, (5. útgáfa 2005)
Robert Mager, Preparing Instructional Objectives, (3. útg. Atlanta, 1997)
Ingvar Sigurgeirsson. Að mörgu er að hyggja. Handbók um undirbúning kennslu. Reykjavík, 1999.
Ingvar Sigurgeirsson. Litróf kennsluaðferðanna 1999. Reykjavík, Æskan
Thomas Armstrong: Multiple Intelligences in the Classroom, Alexandria, Virginia 2000.
Ýmsar rannsóknargreinar og efni á vefnum
Stutt skrifleg verkefni 10%
Gerð námskeiðsmöppu (áætlunar) 50%
Kennsluæfing 15%
Ýmis samvinnuverkefni á vef 25%

**MEN025F • Mat og vottun á þekkingu og færni fullorðinna • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Markmið
Markmið námskeiðsins eru að þátttakendur geti í lok námskeiðs

- greint frá algengum viðhorfum, rannsóknum og kenning um mat á þekkingu og færni fólks,
- gefið dæmi um tengsl vottana og starfsréttinda og greint hvað búi að baki þessum tengslum,
- greint frá því hvað tíðkast varðandi mat á námi og raunfærni á Íslandi,
- útskýrt og nýtt sér við vinnu, ólíkar aðferðir til að meta og mæla námsárangur, færni og þekkingu fullorðins fólks, hvort sem hennar hefur verið aflað í formlegu námsumhverfi eða á óformlegan hátt,
- verði færir um að skipuleggja og framkvæma námsmat fyrir tiltekið námskeið, bæði formlegt mat og óformlegt og
- verði færir um að skipuleggja og framkvæma mat á raunfærni ákveðins námsmanns - miðað við tilteknar forsendur.

Inntak, viðfangsefni og vinnulag
Á námskeiðinu dýpka þátttakendur þekkingu sína á því hvernig nám, þekking og færni fullorðinna er metin. Þeir kynna sér ákveðna þætti um tengsl námsmats, námsskírteina og starfsréttinda. Þeir gera þetta með því að kynna sér stefnu stjórnvalda, viðhorf framkvæmdaaðila, algeng viðhorf, kenningar og aðferðir, ásamt því að dýpka tiltekin svið með því að finna, meta og ræða rannsóknargreinar á sviðinu. Þeir kynna sér hvað tíðkast á Íslandi (og jafnvel víðar) um mat og vottun á færni og þekkingu fullorðina.
Þá setja þátttakendur sig inn í nýlega umræðu um mat á "raunfærni" fullorðinna og grennslast fyrir um hver stefnan og staðan sé á Íslandi í þeim málum og bera saman við stefnu og framkvæmd nágrannalandanna.
Þátttakendur æfa sig í því að meta nám og/eða færni með því að útbúa matsverkfæri sem getur gagnast við að meta nám og/eða færni fullorðins fólks.
Lesefni
Norman E. Gronlund, Assessment of Student Achivement (8. útgáfa). Pearson 2006.
Kathryn Ecclestone, Understanding Assessment and Qualifications in Post-compulsory Education: Principles, Politics and Practice, NIACE 2005.
Jane Vella, Paula Berardinelli, og Jim Burrow, How Do They Know They Know: Evaluating Adult Learning (Jossey Bass Higher and Adult Education Series)
Skýrslur og fræðilegargreinar um raunfærnimat.
Skýrsla um tiltekna vottun á íslenskum vinnumarkaði (15%). Matsverkfæri sem má nota við mat í tengslum við tiltekið nám eða námsframboð (10%). Ritgerð tengd viðfangsefninu eða skýrsla um raunhæft matsverkefni (50%) Ýmis einstaklings- og hópverkefni, s.s. bókarýni, lýsingu á fræðimanni og framlagi hans til matsfræðanna, sjálfsmat (25%).

**MEN027F • Stefnur og straumar í uppeldi og menntun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- öðlist þekkingu og skilning á þróun mikilvægustu hugmynda um uppeldi og menntun, einkum á 20. öld og við upphaf 21. aldar.
- þekki helstu aðferðir og kenningar sem nýta má við greiningu á helstu hugmyndum og straumum sem mótað hafa orðræðu og stefnumörkun í uppeldis- og menntamálum á áður nefndu tímabili.
- geti með hliðsjón af fræðilegum forsendum greint vanda í uppeldis- og menntamálum með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og geti lagt mat á þennan vanda í hugmyndasögulegu ljósi.
- þekki og geti vísað til sögu og þróunar hugtaka sem birtast í mismunandi samhengi í samtíma orðræðu um uppeldis- og menntamál.
- þekki þau málefni sem efst eru á baugi í alþjóðlegri og innlendri umræðu um uppeldis- og menntamál og geti sýnt fram á

hvernig hugmyndafræðilegar stefnur í fortíð og nútíð hafa áhrif í þessari umræðu.

- þjálfist í að greina og meta hugmyndir og stefnur í uppeldis- og menntamálum og geti gert grein fyrir þeim og eigin afstöðu bæði í töluðu og rituðu máli.

Viðfangsefni: Á námskeiðinu verður fjallað um nokkur samþætt viðfangsefni, sérstaklega eftir upplýsingu, í sögu uppeldis og menntunar frá félagsfræðilegu, menningarsögulegu og uppeldisfræðilegu sjónarhorni. Megináherslan verður lögð á að skoða þróun uppeldis- og menntunarhugmynda á 20. öld og við upphaf 21. aldar. Athygli verður beint sérstaklega að þeirri ólíku orðræðu sem mótað hefur umfjöllun um uppeldi og menntun á áðurnefndu tímabili. Sem dæmi um viðfangsefni má nefna: Hefðir og nýsköpun, miðstýringu og valddreifingu, nýskólahugmyndir og skipulag menntunar, módernisma og póstmódernisma, fagmennsku og nýtt hlutverk skóla/kennara og áhrif hnattvæðingar á skóla og samfélög.
Vinnulag: Námskeiðið skiptist í þrjár staðbundnar kennslulotur og fjarkennslu með tölvunetssamskiptum. Nemendur ræða á netinu um afmörkuð efni og vinna að tveimur fjarnámsverkefnum. Auk þessa skrifa þátttakendur fræðilega ritgerð. Námskeiðinu lýkur með heimaprófi.
Tvö fjarkennsluverkefni (með viðunandi árangri), ritgerð gildir 50% og heimapróf 50%.

**MEN047F • Trúarbrögð og lífsgildi í fjölmenningarsamfélagi • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hanna Ragnarsdóttir Dósent
Kennari: Gunnar J Gunnarsson Lektor
Kennari: Hildur Blöndal Sveinsdóttir Aðjunkt
Markmið námskeiðsins eru að nemandi

- þekki og skilji lykilhugtök trúarbragðafræða, helstu trúarlegar kenningar og sameiginlega þætti trúarbragða
- þekki helstu kenningar um mikilvægi trúar og menningar fyrir sjálfsmynd einstaklinga í fjölmenningarsamfélagi
- geti aflað, metið og greint vísindaleg gögn á sviði trúarbragðafræða
- geti beitt hugtökum og aðferðum trúarbragðafræða á starfsvettvangi sínum og í eigin rannsóknum
- sé fær um að taka þátt í umræðum fólks með ólíkan trúar- og menningarbakgrunn með virðingu og umburðarlyndi að leiðarljósi og geti tekist á við álitamál er snerta trúarbrögð í daglegu starfi
- geti haft frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði trúarbragðafræða í fjölmenningarsamfélagi og leitt þau til lausna
- hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla upplýsingum á sviði trúarbragðafræða í fjölmenningarsamfélagi og geti nýtt viðeigandi tæknimiðla og hugbúnað
- hafi tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og geti tekist á við frekara nám og rannsóknir á sviði trúarbragðafræða í fjölmenningarlegu samfélagi.

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um ýmsar kenningar er snerta trúarþörf og trúarreynslu mannsins, trúarlega sjálfsmynd og meginþætti helstu trúarbragða heims. Einnig siði og venjur tengdar trúariðkun, einkum er haft geta áhrif á skólastarf. Þá verður fjallað um trúarbrögð og siðfræði, sameiginleg gildi ólíkra trúarbragða, stöðu trúarbragða, menningarleg og trúarleg átök sem eiga sér stað í dag og fordóma og misskilning tengdan trúarbrögðum. Verkefni eru vettvangstengd.
Vinnulag
Fyrirlestrar, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni, samstarf í hópum. Vettvangstengt rannsóknarverkefni og kynning í málstofu.
Lesefni
Molloy, M. (2005). Experiencing the world's religions. Tradition, challenge, and change. (3. útg.). Boston o.fl.: McGraw-Hill Higher Education. ISBN 0-07-283506-0
Kurtz, L. R. (1995). Gods in the global village. The world's religions in sociological perspective. Thousand Oaks, London og New Delhi: Pine Forge Press. ISBN 0-8039-9037-5
Esposito, J. L. (2005). Islam. The straight path. (Revised third edition). New York and Oxford: Oxford University Press. ISBN 0-19-518266-9
Greining og umfjöllun trúarlegra texta (10%), fræðilega rökstudd greining og samanburður á völdum þáttum tiltekinna trúarbragða (40%) og fræðilega rökstudd rannsókn á trúarlegu lífi og starfi fjölskyldu (50%).

**MEN050F • Skólaþróun í fjölmenningarsamfélagi • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hanna Ragnarsdóttir Dósent
Kennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Kennari: Hildur Blöndal Sveinsdóttir Aðjunkt
Markmið námskeiðsins eru að nemandi Markmið námskeiðsins eru að nemandi

- geti greint þarfir skóla í fjölmenningarlegu samfélagi
- geti valið og aðlagað hugmyndafræði eða líkön stefnumótunar og stjórnunar sem henta aðstæðum í einstökum skólum
- þekki og skilji lykilhugtök skólaþróunar í fjölmenningarlegum skólum
- geti aflað, metið og greint vísindaleg gögn á sviði skólaþróunar í fjölmenningarsamfélagi
- geti beitt hugtökum og aðferðum skólaþróunar í fjölmenningarsamfélagi á starfsvettvangi sínum og í eigin rannsóknum
- geti haft frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði skólaþróunar í fjölmenningarsamfélagi og leitt þau til lausna
- hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla upplýsingum á sviði skólaþróunar í fjölmenningarsamfélagi og geti nýtt viðeigandi tæknimiðla og hugbúnað
- hafi tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og geti tekist á við frekara nám og rannsóknir á sviði skólaþróunar í fjölmenningarsamfélagi

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um þróun og hugmyndafræði fjölmenningarlegra skóla og hvaða leiðir eru færar í skólaþróun á Íslandi með tilliti til sögulegrar þróunar fjölmenningarlegs samfélags og sérstöðu er varðar myndun minnihlutahópa. Skoðaðar verða leiðir sem farnar hafa

verið í skólaþróun, stefnumótun og stjórnun nokkurra skóla í nágrannalöndunum og sú hugmyndafræði sem þar liggur til grundvallar ásamt rannsóknum á sviðinu. Fjallað verður um þætti svo sem námskrá, kennslufræði, foreldrasamstarf, skólamenningu og skólabrag, stjórnun og skipulag. Verkefni eru vettvangstengd.
Vinnulag
Fyrirlestrar, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni, samstarf í hópum. Nemendur vinna vettvangstengd matsverkefni á sviði skólaþróunar í fjölmenningarsamfélagi. Nemendur leita upplýsinga um skólaþróun á vettvangi í fjölmenningarlegum skólum erlendis, vinna verkefni og kynna þau í málstofu.
Námsmat
Vettvangstengd verkefni, annars vegar upplýsingaöflun og rannsókn í skólum erlendis sem kynnt er í málstofu, hins vegar matsverkefni í skólum á Íslandi, sem metin eru til einkunna.
Lesefni
Wrigley, T. (2000). The power to learn. Stories of success in the education of Asian and other bilingual pupils. Stoke on Trent: Trentham Books. ISBN 1 85856 210 4
Wrigley, T. (2003). Schools of hope. A new agenda for school improvement. Stoke on Trent: Trentham Books. ISBN 1 85856 302 X
Siraj-Blatchford, I. (2002). The early years. Laying the foundations for racial equality.
Stoke on Trent: Trentham Books. ISBN 0 948080 64 7
Vettvangstengd verkefni, annars vegar rannsóknarverkefni með upplýsingaöflun og rannsókn í skólum erlendis sem kynnt er í málstofu (60%), hins vegar matsverkefni í skólum á Íslandi (40%).

**MEN055F • Menntun, menning og merkingarsköpun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Markmið:
· Að nemendur öðlist þekkingu á samhenginu sem mótar þekkingu og merkingarsköpun barna og hvaða hlutverki menning, fjölskylda og skólakerfi gegna í því samhengi..
· Að nemendur öðlist þekkingu á íslenskum og erlendum rannsóknum um menntun, merkingarsköpun, menningu og möguleika.
· Að nemendur nái tökum á kenningum um aðstæðubundið nám (Lave og Wenger, 1991) og helstu hugtökum Bourdieu menningarsvið (e. cultural field) , menningarauði (e. cultural capital) og veruhætti (e. habitus).
Inntak / viðfangsefni
Rannsóknir með ungum börnum eru í brennidepli á námskeiðinu.
Á námskeiðinuer fjallað ítarlega um skilgreiningar á hugtökum Bourdieu menningarsvið, menningarauði og veruhætti. Skoðað verður hvernig möguleikar barna til menntunar haldast í hendur við menningu og menntastofnanir mismunandi samfélaga. Einnig verður fjallað um íhlutun foreldra og kennarara í menntun og merkingarsköpun ungra barna.
Unnið er með viðfangssefnið út frá sjónarhorni uppeldis- og menntunarfræði og sjónum beint að því hvernig börn læra um sína eigin stöðu og annarra í samskiptum við jafningja, foreldra og kennara og hvernig það tengist stétt, þjóðerni og kyni ásamt námsframmistöðu. Dregin verða fram í dagsljósið hagnýt atriði sem nýtast til að draga úr mismunun sem felst í menningarbundnum væntingum um námsframmistöðu einstaklinga og hópa í skólum.
Vinnulag
Fyrirlestrar, umræðutímar og málstofur
Tvö verkefni 60% og 40%.

**MEN087F • Markaðssetning fræðslutilboða fyrir fullorðna • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Kennari: Auður Hermannsdóttir Verkefnisstjóri
Bæði markaðsfræðin og kennslufræðin búa yfir verkfærum sem geta hjálpað stjórnendum og kennurum að skipuleggja og kynna námstilboð þannig að þau mæti þörfum væntanlegra þátttakenda, og til þess að þeir sem hefðu gagn af því að nýta sér námstilboðin viti af þeim og geti sótt þau.
**Markmið námskeiðsins** er að þátttakendur geti nýtt sér kenningar og aðferðir markaðsfræði og kennslufræði við skipulagningu á fræðslu fyrir fullorðna, einkum við það að velja viðfangsefni, markhópa, námsform, staðsetningu og kynningu.
**Viðfangsefni:** Á námskeiðinu verður fjallað bæði um "innri" markaðssetningu - þ.e. innan fyrirtækis eða stofnunar- sem og markaðssetningu fyrir hinn almenna markað. Til þess að ná markmiðunum kynna þátttakendur sér nokkrar kenningar markaðsfræðinnar, kenningar úr fullorðinsfræðslunni sem tengjast svipuðum viðfangsefnum og skoða hvernig þessi tvö sjónarhorn tengjast og geta nýst saman. Þá kynna þátttakendur sér ýmsar hagnýtar leiðir og aðferðir við markaðssetningu námskeiða. Þátttakendur geta unnið bæði hagnýt og fræðileg verkefni og tengt þau við þær kenningar, hugmyndir og aðferðir sem þeir tileinka sér á námskeiðinu.
**Aðnámskeiði loknu** eiga þátttakendur að:

- geta gert grein fyrir helstu forsendum og verkfærum markaðsfræðinnar.
- geta greint frá kennslufræðilegum nálgunum og sjónarhornum sem nýtast við svipaða hluti, s.s. þátttakendamiðun námskeiðs, markhópar, markhóparannsóknir og markhópamiðun.
- geta útbúið markaðsáætlun fyrir tiltekið námskeið, eða námstilboð fræðslustofnunar, hvort sem henni er beint að "innahússfóki" fyrirtækis, stofnunar eða stéttarfélags eða er kynnt á almennum markaði.
- geta valið leiðir til að skipuleggja, kynna og auglýsa tiltekin námskeið og rökstutt leiðirnar bæði með rökum markaðsfræðinnar og kennslufræði fullorðinna.

**Vinnulag:** Námskeiðið er skipulagt í staðbundnum lotum og fjarnámi.
Bókalisti
Skrifleg verkefni: Greining á markhópi ákveðins námstilboðs ásamt rökstuðningi (10%). Markaðssetning námskeiðs: "Frá hugmynd að veruleika" Þrjú aðgreind verkefni (samtals 60%). Bókarýni, þátttaka í umræðum og verkefnum á námskeiðsvefnum og í staðlotum (25%). Sjálfsmat (5%). Hjá nemendum sem taka námskeiðið til 5 eininga er ritgerðarverkefnið umfangsmeira og þeir vinna fleiri verkefni á vefnum.

**MEN089F • Gæðastjórnun í Símenntun • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor

**Markmið námskeiðsins** er að hjálpa þátttakendum að nýta sér helstu kenningar og aðferðir til að meta, mæla og ræða krítískt um árangur af fræðslustarfsemi fyrir fullorðina.
Á námskeiðinu munu þátttakendur kanna muninn á mati og rannsóknum. Læra að gera mat á mismunandi þáttum fræðslustarfs. Þeir munu læra aðferðir og orðaforða sem nýtast þeim bæði við formlegt mat og óformlegt mat á einstaka námskeiðum sem og starfsemi fræðslustofnana eða deilda. Þá verða kannaðar leiðir til að nýta niðurstöður mats til þess að bæta gæði starfsins.
**Innihald**: Fræðslumat sem hluti gæðastjórnunarferlis. Helstu hugmyndir og aðferðir gæðastjórnunar og mats á fræðslustarfsemi. Tekin verða greiningardæmi og raunhæf verkefni úr atvinnulífinu.
Námsmat: Stutt greinargerð um gæðaferla tiltekins fyrirtækis/skóla/símenntunarmiðstöðvar byggð á viðtali við nokkra fræðslustjóra við símenntunarmiðstöð eða fræðsludeild fyrirtækis (Lýsing á ferlum viðkomandi stofnunar, tenging við lesefni og mat nemanda) Matsblað - Nemendur útbúa gátlista, matsblað sem mætti nota við ákveðinn hluta mats á fræðslustarfi við tilteknar kringumstæður. Verkefnið felur í sér að finna afmarkað samhengi, útbúa verkfæri, og rökstyðja útfærsluna. Minnisblað um rannsóknargrein (2 bls.) Ritgerð um vel afmarkað sjálfvalið efni á fræðasviði námskeiðsins / Eða sameiginleg Wikiskrif nemenda námskeiðsins sem taka fyrir breiðara svið. Sjálfsmat - Þátttakendur skrifa 1-2 síðna ígrundun um það sem þeir lærðu á námskeiðinu og hvernig það muni nýtast þeim í starfi.

**MEN093F • Skipulögð markviss málörvun • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Lektor
Námskeiðið er valnámskeið í framhaldsdeild ætlað sérkennurum í leik-og grunnskóla og þroskaþjálfanemum. Markmið er að þátttakendur öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu á málörvun og nái að nýta sér greiningu sérfræðinga til að byggja upp markvissa málörvun. Ennfremur verða kynntar aðferðir til að meta árangur örvunar.Námskeiðið er valnámskeið í framhaldsdeild ætlað sérkennurum í leik-og grunnskóla og þroskaþjálfanemum. Markmið er að þátttakendur öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu á málörvun og nái að nýta sér greiningu sérfræðinga til að byggja upp markvissa málörvun. Ennfremur verða kynntar aðferðir til að meta árangur örvunar.
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að

- þekkja helstu frávik í máli .
- þekkja tengsl frávika í máli við námserfiðleika
- þekkja rannsóknir íslenskar/erlendar um forspárgildi málþroskamælinga
- geta byggt upp málörvun á grundvelli greiningar
- þekkja fræðilegar kenningar og rannsóknir um hvaða aðferðir hafa nýst í skipulagðri málörvun
- hafa kynnst aðferðum til að meta árangur þjálfunar
- geta aflað fræðilegra gagna um málörvun og málörvunarefni

Viðfangsefni
Fjallað verður um málörvun í fræðilegu samhengi. Kynntar verða markvissar aðferðir til að byggja á skipulagða málörvun. Unnið verður út frá raunverulegum dæmum.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt með fyrirlestum, verkefnavinnu og umræðutímum. Lögð er áhersla á að skoða reynslu þátttakanda og vinna stutt hagnýt verkefni sem gera þó fræðilegar kröfur til þátttakenda.

**MEN095F • Sérkennsla í almennum skólum: Margbreytileiki, mannréttindi, félagsleg þátttaka og sjálfsímyndir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Dóra S Bjarnason Prófessor
Námskeiðið er ætlað þeim sem starfa með nemendum sem hafa afar fjölbreyttar þarfir. Meginmarkmið þess er að þátttakendur öðlist nokkra innsýn í fræðilega þekkingu, leikni og skilning á hvernig haga má námi, kennslu og skipulagi í skóla án aðgreiningar. Enn fremur í hverju sú skólastefna felst, hvernig hún er gagnrýnd og hvernig henni er ætlað að efla uppeldi til lýðræðis, mannréttindi og réttindagæslu barna og ungmenna og styrkja sjálfsímynd þeirra í námi og félagslegri þátttöku.
Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja kynnast betur sérkennslu í almennum skólum án þess að sérhæfa sig á sérkennslunámsleiðinni.
Í lok námskeiðsins eiga þátttakendur að:

- þekkja helstu hugtök og dæmi um algengar greiningar á börnum með sérþarfir
- þekkja hugmyndir, sjónarhorn og dæmi um aðferðir við að efla alla nemendur til virkrar fullgildrar þátttöku í námi og skóla samfélagi
- skilja gildi þess að styrkja jákvæða sjálfsímynd allra nemenda, ekki síst nemenda með félagslegar, tilfinningalegar, andlegar eða líkamlegar sérþarfir í námi, og efla lýðræðislega þátttöku allra nemenda og réttindagæslu skólanum.
- geta hlustað á raddir nemenda og foreldra og tekið tillit til óska þeirra og þarfa á faglegan hátt
- hafa skilning á þeim hindrunum sem eru byggðar inn í vinnubrögð og skipulag bekkjar og skóla þar sem nemendur upplifa sig í hlutverki utangarðsmanns og á því hvaða leiðir má nota við að draga úr eða ryðja slíkum hindrunum úr vegi
- hafa beitt viðeigandi vinnubrögðum og hugmyndum um sérkennslu og nám án aðgreiningar á vettvangi í samvinnu við nemendur og kennara á mismunandi skólastigum

Viðfangsefni
Námið tengir saman vettvang og fræði í starfi kennara og fer að hluta til fram á vettvangi. Námið er skipulagt um þrjú megin þemu: 1. Margbreytilegar þarfir nemenda, mannréttindi og nemendalýðræði. 2. Framkvæmd og gagnrýni á stefnuna um "skóla án aðgreiningar alla". 3. Fagmennsku kennara og stuðning við þá í skóla sem starfar samkvæmt lögum um skóla án aðgreiningar og menntastefnu Reykjavíkurborgar um einstaklingsbundið nám. Nemendur fara sex sinnum í skóla sem þeir þekkja vel t.d. úr vettvangsnámi sínu og vinna þar undir handleiðslu kennara að verkefnum sem nýta hugmyndir og aðferðir sem þeir kynnast á námskeiðinu.
Vinnulag
Á námskeiðinu vinna nemendur þrjú verkefni og halda reglulega dagbók yfir nám sitt. Loks skila þeir ferilmöppu og framsögn í málstofu þar sem þeir tengja saman fræðilega þekkingu og reynslu af vettvangi á námsferlinum í námskeiðinu, yfirvega eigið nám og viðhorf á námskeiðinu.
Verkefni gilda 20% hvert og ferilmappa og framsögn í málstofu 40%.

**MEN112F • Lífsleikni - sjálfið • (10e) • Haust**

Umsjónarkennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Kennari: Kristján Kristjánsson Prófessor
Kennari: Ásdís Olsen Aðjunkt
Á þessu námskeiði er unnið með þá þætti lífsleikni sem miða að sjálfsþekkingu og persónulegri hæfni einstaklinga með fræðilegum og hagnýtum hætti. Fylgt verður tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og ákvæðum úr námskrám íslenskra leik-, grunn- og framhaldsskóla um að hlú að og efla andlega heilsu, heilbrigða sjálfsmynd og siðferðilegan styrk einstaklinga.
Viðfangsefni:
Fræðilegur grunnur og aðferðir eru einkum sóttar til sálfræðinnar, s.s. tilfinningalæsi, fjölbreyttir hæfileikar mannsins, jákvæð sálarfræði, félagsnám og leiðir til sjálfskönnunar og þekkingar. Áhersla er einnig lögð á heimspekilegar og sálfræðilegar kenningar um skapgerðar- og tilfinningamótun sjálfsins og heilarannsóknir sem varpa ljósi á samspil tilfinninga og vitsmuna. Nemendur kynnast mismunandi nálgunum og námsefni sem er á boðstólum hér. Lykilhugtök eru farsæl samskipti, sjálfsþekking, siðvit , sjálfsábyrgð og sjálfsvirðing.
Vinnulag:
Áhersla verður lögð á að þjálfa þátttakendur í þeirri færni sem þeir eiga að efla hjá eigin nem¬endum. Sem dæmi um slíka færni má nefna: Að greina tilfinningar (eigin og annarra), góð tjáskipti (skýr skilaboð, raddblær og líkamsmál), geta beitt virkri hlustun, að hafa stjórn á reiði, leysa ágrein¬ing, taka yfirvegaða ákvörðun, ígrunda tengsl einstaklings, samfélags, lýðræðis og ábyrgðar. Einnig verður farið í markvissa sjálfsskoðun sem miðar að því að auka skilning þátttakenda á eigin líðan, viðhorfum og gildum og styrkja þá í að setja sig í spor annarra.
Heildrænt eða rauntengt mat sem gefur nemendum kost á að ástunda sjálfsíhugun og endurskoðun. Unnið verður með dagbækur, matslista, sjálfsmat og félagamat (40%). Nemendur gera lokaverkefni sem getur falist í að greina og meta námsefni í lífsleikni, hanna viðfangsefni, gera könnun á stöðu mála eða skrifa fræðilega ritgerð (60%).

**MEN113F • Samanburður íslensku við önnur tungumál • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigurður Konráðsson Prófessor
Markmið
Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- þekkja og skilja lykilhugtök sem notuð eru til að lýsa gerð og notkun tungumála,
- geta greint frá samanburði á gerð og notkun tungumála,
- hafa öðlast skilning á því hvað felst í því að kunna íslensku og tungumál almennt,
- vera færir um að kynna sér móðurmál nemenda sinna,
- geta greint þá þætti íslensku sem vefjast fyrir nemendum.

Inntak/Viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um lykilhugtök sem notuð eru til að lýsa gerð og notkun tungumála með sérstakri áherslu á íslensku. Farið verður í gegnum hvað felst í því að kunna tungumál almennt og sér í lagi íslensku, hvað það er sem greini íslensku sérstaklega frá öðrum málum og hvernig móðurmál einstaklings hefur áhrif á máltöku íslensku sem annars máls.
Vinnulag
Fyrirlestrar, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni, samstarf í hópum.
Verkefni og/eða próf.

**MEN114F • Gagnrýnin hugsun og sjálfsþekking • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Kennari: Gunnlaugur Sigurðsson Lektor
Kennari: Páll Skúlason Prófessor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að þjálfa nemendur í röklegri hugsun og framsetningu, og skoða mikilvægi rökræðu í lýðræði samtímans og fyrir skipulegt nám, m.a. með tilliti til fjölmenningar og stöðu minnihlutahópa;
- að nemendur öðlist skilning á grundvallaratriðum gagnrýninnar hugsunar;
- að nemendur verði færir um að koma auga á rökfræðilega, merkingarfræðilega og félagslega annmarka á rökfærslum eða rökræðum;
- að nemendur verði færir um að taka gagnrýna afstöðu til tengsla gagnrýninnar hugsunar, menntunar og sjálfsþekkingar;
- að nemendur verði færir um að greina rökfærslur og leggja mat á þær m.a. með hliðsjón af undirliggjandi forsendum og hugmyndafræði;
- að nemendur öðlist leikni í að færa rök fyrir máli sínu og takast á við rök annarra;
- að nemendur verði færir um að taka þátt í opinni rökræðu.

Viðfangsefni
Námskeiðið er tvískipt. Í fyrri hluta verður m.a. farið í grundvallaratriði gagnrýninnar hugsunar, m.a. aðferðir í rökfræði og nemendur þjálfaðir í beitingu þeirra. Einnig verða lengri textar teknir til greiningar þar sem bæði verður hugað að rökfræðilegri byggingu þeirra og hugsanlegum rökfræðilegum annmörkum en einnig innihaldi sem fjallar um tengsl gagnrýninnar hugsunar, rökræðu og sjálfsþekkingar. Seinni hluti námskeiðsins verður í málstofuformi þar sem nemendur taka valda kafla eða greinar til umfjöllunar, halda framsögur um efnið og stjórna rökræðum um það.
Vikublöð: Í fyrrihluta námskeiðsins verða vikulega lögð fyrir verkefnablöð. Málstofuerindi: Í seinni hluta námskeiðs hefur nemandi framsögu og stjórnar umræðum í framhaldinu Þátttaka í tímum, sér í lagi þátttaka í rökræðum eftir framsöguerindi Ritgerð: Í lok námskeiðs skrifar nemandi ritgerð þar sem hann rökræðir tiltekið efni.

**MEN116F • Aðferðafræði I • (10e) • Haust**
Markmið
Stefnt er að því
1. Að nemandinn hafi öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á um aðferðafræði rannsókna.
2. Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína og skilning til mats á rannsóknum á sínu fræðasviði.
3. Að nemandinn geti rökstutt ólík sjónarmið í undirbúningi og framkvæmd rannsókna á sínu fræðasviði.
4. Að nemandinn sýni hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna.
5. Að nemandinn geti metið sjálfstætt hvenær mismunandi aðferðir við greiningu gagna eiga við.
6. Að nemandinn kunni að samþætta þekkingu, rannsaka félagsleg og menntunarleg viðfangsefni og draga ályktanir af niðurstöðum.

7. Að nemandi geti greint á skýran og ótvíræðan hátt frá fræðilegum rannsóknum, einn eða í samstarfi við aðra, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna.
8. Að nemandinn hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla tölulegum upplýsingum.
9. Að nemandinn sýni nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að takast á hendur frekara nám í síðara námskeiði (Aðferðafræði II) sem er að miklu leyti byggt á sjálfstæðum vinnubrögðum.
Viðfangsefni og vinnulag
Námskeiðið er byggt upp af fimm módúlum. Auk inngangs og niðurlagsmódúla er í þremur módúlum (2, 3 og 4) lýst tilteknum aðferðafræðilegum nálgunum, fræðilegar forsendur þeirra skýrðar, þjálfun veitt í vinnubrögðum þeirra og sú færni nemenda metin. Munurinn á módúlunum í námskeiðunum Aðferðafræði I og II felst í því að viðfangsefnin eru misflókin til rannsóknar. Þau viðfangsefni sem valin eru í upphafi eru einfaldari en þau sem á eftir koma. Fjallað er um aðferðir til gagnaöflunar og úrvinnslu í samræmi við tilgang rannsóknanna. Þjálfunin felst meðal annars í því að hin ýmsu snið og aðferðir eru endurteknar við ólík viðfangsefni. Kennslan fer fram í formi fyrirlestra og námið í formi umræðna og verkefna. Sérstök áhersla er á sköpun og miðlun við úrvinnslu gagna og kynningu niðurstaðna. Áhersla er lögð á virkni nemenda, vekjandi umræður, skapandi hugmyndir og tilvísun í rannsóknir annarra.
Námsmat er byggt á verkefnum og prófi. Í þremur módúlum (2, 3 og 4) eru verkefni byggð á umfjöllun módúlunnar og eru úrlausnir þeirra metnar með hliðsjón af námsmarkmiðum námskeiðsins. Í lokamódúlunni fer fram heildarmat á náminu í formi ritgerðar og próf úr helstu þekkingaratriðum. Einkunnir eru gefnar fyrir öll verkefnin, ritgerð og próf. Verkefni úr hverri módúlu gildir 15%, lokapróf gildir 20% og lokaritgerð 35%.

**MEN117F • Fræðileg vinnubrögð I • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Steinunn Lárusdóttir Lektor
Kennari: Marey Allyson Macdonald Prófessor
Kennari: Stefán Jökulsson Lektor
Kennari: Meyvant Þórólfsson Lektor
Kennari: Kristján Ketill Stefánsson Doktorsnemi
Kennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemar tileinki sér góð og vönduð vinnubrögð við rannsóknir og önnur fræðastörf.
Undirmarkmið er að nemar tileinki sér vinnuaðferðir er varða persónulega vellíðan og skilvirkni, einkum að því er varðar vinnu að lokaritgerð. Ennfremur er stefnt að því að
- Nemar tileinki sér þekkingu um réttarleg atriði er varða rannsóknir og önnur fræðastörf.
- Nemar skulu vera færir um að taka frumkvæði að rannsóknarverkefnum á sínu fræðasviði, að stýra slíkum verkefnum og axla ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa.
- Nemar geti greint á skýran og ótvíræðan hátt frá flóknum fræðilegum niðurstöðum við kynningu á rannsóknum í töluðu og rituðu máli, einir eða í samstarfi við aðra bæði meðal sérfræðinga og leikmanna.
- Nemar skuli tileinka sér notkun hugbúnaðar við greiningu rannsóknargagna.
- Nemar öðlist nauðsynlega námshæfni og þrói með sér sjálfstæð vinnubrögð til að takast á við framhaldsnám.
Inntak / viðfangsefni
Í upphafi verður fjallað um gerð verkmöppu (portfolio) um stjórn á eigin námi m.a. um val á matsþáttum, skipulagningu, markmið og mat á verkmöppu. Kynnt verður hæfnisviðmið sem unnið verður eftir í sjálfsmati.
Rætt verður um vinnuaðferðir og vinnuvenjur, námstækni, og streitu og meðhöndlun hennar. Fjallað verður um rökræðu og samvinnu, teymisvinnu, ágreining, togstreitu og samningagerð.
Einnig verður hugað að gerð rannsóknaritgerða, svo sem undirbúning, skipulagningu og samningu lokaritgerðar, mati á lokaritgerð, kynningu og vörn.
Rætt verður um kynningu á rannsóknum í fyrirlestrum og veggspjöldum hérlendis og erlendis og greinaskrif á íslensku og ensku.
Farið verður yfir lagaleg og réttarleg atriði svo sem höfundarétt, hugverkarétt, hefðarétt, einkaleyfi og persónuvernd. Auk þess verður rætt um stjórnun faglegra og fjárhagslegra hliða rannsókna og stjórnun og þátttöku í rannsóknarhópum.
Efninu er skipt í fimm þemu en umræðum um hvert þema er dreift á vinnustofumsem haldnar verða u.þ.b. mánaðarlega.
Vinnulag
Fjallað er um efnið í vinnustofum, í WebCT og æfingum og leitast við að tengja það vettvangi rannsókna og fræðastarfs. Áhersla er á verklega þjálfun í þeim þáttum þar sem því verður við komið.Gert ráð fyrir að nemar tileinki sér færni við gerð verkmöppu sem verður jafnframt aðalmatstæki námskeiðsins. Mikilvægur þáttur í gerð verkmöppu er sjálfsmat nema þar sem þeir styðjast m.a. við framangreind hæfnisviðmið.
Jafnframt er áhersla á virkni, samræðu og samstarf nemenda, beitingu upplýsingatækni við öflun og nýtingu heimilda og annarra gagna.
Mentor
Hver nemi fær mentor í upphafi námsins. Neminn og mentorinn hittast reglulega (a.m.k. tvísvar á önn) og fara yfir markmið sem neminn stefnir að og atriði sem neminn hefur sett í verkmöppu sem tengjast námi nemans og viðfangsefni málstofanna. Gert er ráð fyrir að mentor hafi frumkvæði að þessum fundum og undirbúi dagskrá þeirra í samráði við nemendur.
Námsmat byggist fyrst og fremst á mati á því hvort markmiðum hefur verið náð eins og fram kemur í samræðum og virkni í rannsóknarsamstarfi og kynningu á því. Vægi einstakra matsþátta verður í samræmi við áhersluhlutföll í námskeiðinu. Matið getur einnig byggst á þáttum sem nemi og mentor telja hafa verið mikilvæga fyrir viðkomandi nema en voru ekki tilgreind í markmiðum.Ý Í verkmöppu verður: Greinargerð fyrir vali á færniþáttum sem þjálfa skal, áætlun um þá þjálfun, færslur um framkvæmd áætlunarinnar, vísbendingar um þróun færniþátta og ígrundun um einstaka þætti áætlunar og áætlunina í heild sinni. Einkunn verður ákveðin í samráði mentors, nema og umsjónarmanns.

**MEN118F • Lestur fræðigreina I • (5e) • Haust**
Umsjónarkennari: Gretar L. Marinósson Prófessor
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Markmið:
Stefnt er að því að í lok námskeiðs:
-Hafi nemandinn mikilvæga vitneskju um vandamál og viðfangsefni, byggða á nýjustu upplýsingum og rannsóknum á viðkomandi fræðasviði.

-Geti nemandinn greint á skýran og ótvíræðan hátt frá fræðilegum viðfangsefnum og fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna.
-Hafi nemandinn hæfni til að kynna sér og meta félagsleg og menntunarleg viðfangsefni og draga ályktanir af niðurstöðum
-Geti nemandinn sett valið viðfangsefni í samhengi við önnur fræðasvið og í menningarlegt og sögulegt samhengi.
-Geti nemandinn hafi dýpkað eða breikkað þann þekkingargrunn um aðferðafræði rannsókna sem hann tileinkaði sér í fyrra námskeiði (Aðferðafræði rannsókna).
Viðfangsefni og vinnulag:
Námskeiðið er byggt upp af fjórum lotum. Auk inngangs- og niðurlagslotu er í tveimur leslotum unnið að því að lesa tilteknar tímaritsgreinar. Fræðilegar forsendur hinna ólíku nálgana eru skýrðar og metnar og fjallað um kosti og ókosti þess að rannsaka tiltekin viðfangsefni á ákveðinn hátt. Viðfangsefnin eru tímaritsgreinar sem mikið er vitnað í innan viðkomandi fræðasviðs. Úrval tímaritsgreina verður lagt fram af kennurum en nemendur geta valið önnur dæmi í samvinnu við kennara. Kennslan í sameiginlegu lotunum fer fram í formi fyrirlestra og samræðna. Í leslotum er unnið undir leiðsögn og er námið í formi lestra, umræðna og verkefna. Sérstök áhersla er á sköpun og miðlun við kynningu verkefna. Áhersla er lögð á virkni nemenda, hvetjandi umræður, skapandi hugmyndir og tilvísun í rannsóknir annarra.
Æskileg undirstaða: Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSS220G) eða Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSF217G), Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)
Námsmat er byggt á verkefnum. Í leslotunum eru verkefni byggð á lestri og umfjöllun og eru úrlausnir þeirra metnar með hliðsjón af námsmarkmiðum námskeiðsins. Einnig fer fram heildarmat á náminu í formi ritgerðar. Einkunnir eru gefnar fyrir öll verkefnin, ritgerð og próf.

**MEN119F • Rannsóknaráætlun • (6e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Markmið
Markmið við gerð áætlunarinnar eru:
Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu og hafi hæfni til að rökstyðja faglegar lausnir á viðfangsefni í viðkomandi fræðigrein.
Að nemandinn geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á grunni fræðasviðs.
Að nemandinn geti, með aðferðum á grunni fræðanna, kenninga og/eða tilrauna, þróað verkefni og sett þau í samhengi
Viðfangsefni og vinnulag
Tilgangur áætlunarinnar er að skýra og skerpa tilgang og vinnulag rannsóknarverkefnisins.
Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram:
Kynning og afmörkun efnisins, spurningar sem leita á svara við eða álitamál sem varpa skal ljósi á í verkefninu.
Greinargerð um tilgang, þýðingu og markmið verkefnisins.
Rök fyrir vali verkefnisins og hvernig það tengist reynslu eða áformum höfundar.
Fræðilegur bakgrunnur og skýringar á hugtökum eftir því sem þörf er á.
Greinargerð um gagnaöflun.
Fyrirhuguð úrvinnsla.
Siðferðileg atriði.
Stærð verkefnis og framkvæmda- og tímaáætlun.
Námsmat
Leiðsagnarnefnd (leiðsagnarkennari, sérfærðingur og deildarforseti) samþykki áætlun.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSS220G) eða Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSF217G), Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)

**MEN120F • Rannsóknamálstofa 1: áætlun • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Markmið:
Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.
Að nemandinn hafi öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan tiltekins fræða- og/eða starfssviðs.
Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi sem tengist viðkomandi fræðasviði.
Viðfangsefni og vinnulag
Hluti af vinnu við rannsóknarverkefni er þátttaka í málstofum þar sem nemendur koma saman, greina frá eigin verkefni og fjalla um verk annarra á efnislegan og gagnrýninn hátt. Nemendur skrá sig í málstofu 1 þegar þeir eru að vinna í áætluninni og eru tilbúnir til að kynna rannsóknarhugmynd sína.
Tilgangur málstofana eru að skapa vettvang til að kynna eigið verkefni og kynnast verkum annarra, laða fram gagnrýni og uppbyggilega umræðu um verkefnin, skapa tækifæri til skoðanaskipta um aðferðafræðileg álitamál og veita gagnkvæman stuðning og aðhald.
80% mætingarskylda. Meistaranemum er skylt að kynna eigið efni og mæta á aðrar málstofur á sömu önninni.

**MEN121F • Rannsóknamálstofa 2: niðurstöður • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Markmið:
Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.
Að nemandinn hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna.
Að nemandinn hafi hæfileika til að samþætta þekkingu, eiga við flókin viðfangsefni og setja fram skoðun út frá eigin gögnum og öðrum upplýsingum.
Viðfangsefni og vinnulag
Hluti af vinnu við rannsóknarverkefni er þátttaka í málstofum þar sem nemendur koma saman, greina frá eigin verkefni og fjalla um verk

annarra á efnislegan og gagnrýninn hátt.
Nemendur skrá sig í málstofu 2 þegar þeir eru að vinna úr gögnum og/eða skrifa ritgerðina og eru tilbúnir að leggja fram niðurstöður til umræðu og vangaveltu.
Tilgangur málstofana er að skapa vettvang til að kynna eigið verkefni og kynnast verkum annarra, laða fram gagnrýna og uppbyggilega umræðu um verkefnin, skapa tækifæri til skoðanaskipta um aðferðafræðileg álitamál og veita gagnkvæman stuðning og aðhald.
80% mætingarskylda. Meistaranemum er skylt að kynna eigið efni og mæta á aðrar málstofur á sömu önninni.

**MEN125F • Menntun og kyngervi: Orðræðan um drengi og stúlkur • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Umsjónarkennari: Guðný Guðbjörnsdóttir Prófessor
Kennari: Þórdís Þórðardóttir Lektor
Markmið: Markmið námskeiðsins er að nemar kynnist hugmyndum, kenningum og rannsóknum um uppeldi og menntun í ljósi kynjafræðilegra sjónarmiða og hugtaksins kyngervi (gender).
Viðfangsefni. Unnið verður með hugtökin, kyngervi, kynjun, kynímyndir, staðalmyndir, kvenfrelsi, félagsleg mismunun, kynhlutverk, kynjablinda, tvíhyggja og valdatengsl. Fjallað verður um hvernig hugmyndir um menntun kynjanna hafa þróast sögulega, rýnt í orðræðuna um drengi og stúlkur og staðreyndir og gagnrýni á menntun og kynferði á öllum skólastigum. Sjónarmið félagslegar mótunarhyggju og eðlishyggju verða notuð til að útskýra mismunandi hugmyndir um kynjamismunun. Athyglinni verður beint sérstaklega að nýjum rannsóknum á sviðinu og fræðilegri nálgun mismunandi fræðimanna. Að síðustu verður athyglinni beint að íslenska skólakerfinu, stöðu drengja og stúlkna, leiðtogum og stjórnendum, námskrám og stöðu lögbundinnar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Lesnar verða nýjar íslenskar og erlendara rannsóknir á kyngervi og skólastarfi, t.d. rannsóknir á námsframmistöðu kynjanna, mismunandi hugmyndum stelpna og stráka um námsgreinar, námshæfni og námsval og hvernig skólar bregðast við kynjun skóla og samfélags.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt sem staðnám, með möguleikum til fjarnáms ef þörf krefur. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum, málstofum, hópvinnu og verkefnavinnu.
Eitt 25% verkefni, heimapróf (35%) og lokaverkefni(40%). Mæting og framlag nema í tímum getur hækkað einkunn ekki lækkað.

**MEN127F • Fjölmenningarsamfélag og skóli: Hugmyndafræði og rannsóknir • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Hanna Ragnarsdóttir Dósent
Kennari: Halla Jónsdóttir Aðjunkt
Kennari: Hildur Blöndal Sveinsdóttir Aðjunkt
Markmið námskeiðsins eru að nemandi

- hafi tileinkað sér þekkingu, yfirsýn og skilning á hugmyndafræði og rannsóknum á sviði fjölmenningarfræða
- þekki helstu kenningar um stöðu, aðlögun, uppeldi og menntun einstaklinga, einkum barna og unglinga, í fjölmenningarsamfélagi (svo sem kenningar Banks, Gundara, Nieto, Noddings, Parekh og Siraj-Blatchford)
- þekki og skilji lykilhugtök fjölmenningarfræða
- geti aflað, metið og greint vísindaleg gögn á sviði fjölmenningarfræða
- geti beitt hugtökum og aðferðum fjölmenningarfræða á agaðan hátt á starfsvettvangi sínum og í eigin rannsóknum
- geti haft frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði fjölmenningarfræða og leitt þau til lausna
- hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla upplýsingum á sviði fjölmenningarfræða og geti nýtt viðeigandi tæknimiðla og hugbúnað
- hafi tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og geti tekist á við frekara nám og rannsóknir í fjölmenningarfræðum

Inntak / viðfangsefni
Fjallað verður um rannsóknir á sviði fjölmenningarfræða á Íslandi og í öðrum löndum, fjölmenningu í sögulegu og alþjóðlegu samhengi, búferlaflutninga, stöðu minnihlutahópa og stöðu flóttafólks. Einnig verður fjallað um viðhorf og fordóma, svo og aðgerðir stjórnvalda, mannréttindi, jafnrétti og lýðræði. Þá verður rætt um uppeldi í fjölmenningarlegu samfélagi og rannsóknir á stöðu barna og unglinga sem málfarslegra, menningarlegra og trúarlegra minnihlutahópa. Verkefni eru vettvangstengd og nemendur kynnast eigindlegum rannsóknaraðferðum við söfnun gagna á vettvangi og úrvinnslu þeirra.
Vinnulag
Fyrirlestrar, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni, samstarf í hópum. Nemendur vinna rannsóknarverkefni og fræðilega ritgerð sem þau kynna í málstofu.
Vettvangstengt verkefni (rannsókn)(50%), greining og umfjöllun um fræðileg skrif (2 x 15%)og umfjöllun um rannsóknir á sviði fjölmenningarfræða (20%).

**MEN129F • Lesnámskeið: Heimspeki íþrótta • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Kristján Kristjánsson Prófessor
Markmið:
Nemandinn
a) verði fær um að beita heimspekilegri greiningu, svo sem hugtakagreiningu (conceptual analysis) og orðræðugreiningu (discourse analysis), á umræðu um íþróttir
b) átti sig á þeim heimspekilegu álitaefnum sem tengjast íþróttum og
siðferðilegu, félagslegu og menntunarlegu gildi þeirra
c) öðlist innsýn í áhrif einstaklingsvæðingar nútímans á orðræðuna um
íþróttir, með sérstakri áherslu á tengsl einstaklingsvæðingar og
svokallaðra dyggðafræða í siðfræði.
Viðfangsefni:
Viðfangsefni námskeiðsins breytast almennt frá ári til árs og verða löguð að áhugaefnum nemendanna. Almennt verða skoðuð nokkur nýleg yfirlitsrit um heimspeki íþrótta og síðustu árgangar tveggja helstu tímaritanna á því sviði, The Journal of the Philosophy of Sport og Sport, Ethics and Philosophy, og valdar greinar úr þeim brotnar til mergjar.
Vinnulag:

Að þessu sinni verður nemandi beðinn að blaða í gegnum 5 síðustu árgangana af þeim tveimur tímaritum sem nefnd eru að ofan og auk þess í gegnum tvö nýleg yfirlitsrit um heimspeki íþrótta: Philosophy, Risk and Adventure Sports (2007) og Morality Play (2008).
Nemandi velji nokkrar greinar sem tengjast áhugasviði hans og noti þær sem uppistöðu í fræðilega ritgerð.
Ath: Námskeiðið er opið meistara- og doktorsnemum.
Ein ritgerð, hámark 8000 orð. Ritgerð sé lokið á haustmisseri 2009.

**MEN204F • Greining á fræðsluþörfum í símenntun • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hróbjartur Árnason Lektor
Eitt fyrsta skrefið við skipulagningu náms fyrir fullorðna er að greina þörf væntanlegra þátttakenda fyrir fræðslu. Markmið þessa námskeiðs er að þátttakendur geti greint námsþarfir fullorðinna námsmanna og sett niðurstöðurnar þannig fram að þær nýtist þeim sjálfum eða öðrum við skipulagningu námskeiða. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að: - geta talið upp og útskýrt helstu kenningar og hugmyndir um greiningu á námsþörfum fullorðinna námsmanna. - geta beitt nokkrum aðferðum við þarfagreiningu, bæði formlegum og óformlegum. - geta valið hvaða nálgun á við í tilteknum aðstæðum og rökstutt valið með tilvísun til kenninga og venja innan fullorðinsfræðslunnar. - geta gert skipulega grein fyrir niðurstöðu þarfagreiningar, lagt til hvaða atriði þurfi að kenna og þjálfa á tilteknum námskeiðum og rökstutt tillögurnar. Vinnulag: Námskeiðið er skipulagt í staðbundnum lotum og fjarnámi.
Skrifleg verkefni: Stutt greinargerð um ákveðna kenningu um þarfagreiningu eða ákveðna nálgun og kenningarlegan bakgrunn hennar (10%). Gátlisti fyrir óformlega þarfagreiningu tiltekins námskeiðs ásamt rökstuðningi (10%). Þarfagreining fyrir tiltekið námskeið, eða ritgerð um afmarkað efni tengt viðfangsefni námskeiðsins (50%). Bókarýni, hópverkefni á vef, þátttaka í umræðum á vef og í staðlotum (25%). Sjálfsmat (5%). Hjá nemendum sem taka námskeiðið til 5 eininga er ritgerðarverkefnið umfangsmeira og þeir vinna fleiri verkefni á vef.

**MEN207F • Félagsfræði menntunar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gestur Guðmundsson Prófessor
Kennari: Harpa Njálsdóttir Doktorsnemi
Kennari: Ólöf Garðarsdóttir Dósent
Kennari: Dóra S Bjarnason Prófessor
Kennari: Þuríður Jóhannsdóttir Lektor
Kennari: Guðrún Valsdóttir Aðjúnkt
Kennari: Gunnlaugur Sigurðsson Lektor
Kennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Kennari: Helgi Skúli Kjartansson Prófessor
Viðfangsefni:
Helstu kenningar í félagsfræði menntunar, þar á meðal þeirra Max Webers, Emiles Durkheims, Georgs Herberts Meads (og tengdar kenningar Johns Deweys), Karls Mannheims, James Colemans, Basils Bernsteins, Pierre Bourdieus, Ulrichs Becks, Anthonys Giddens, Thomasar Ziehe, Margaret Archers. Einnig kenningar um félagsmótun, hæfni, færni, félagslega mismunun, félagsauð, bernsku, æskuár, útilokun og aðild. Empírískar rannsóknir sem byggja á þessum kenningum og/eða hafa átt þátt í mótun þeirra. Kenningar og rannsóknir verða nýttar til að skoða þætti í skólastarfi og þróun uppeldis og menntunar og kynnt verður hvernig félagsfræðileg sjónarhorn koma fram í námskenningum, t.d. hjá Jerome Bruner og Jean Lave og Etienne Wenger.
Vinnulag: Námskeiðið verður bæði fyrir fjarnema og staðnema. Í fyrri staðlotu við upphaf misseris er áhersla á að kynna efni námskeiðs og ræða við nemendur um væntingar og vinnulag á misserinu, en í síðari staðlotu er áhersla á að glíma við að beita kenningum á skólastarf og þróun uppeldis og menntunar og hvernig sækja megi innblástur í alþjóðlegar rannsóknir á sviðinu. Í hverri viku verður fyrirlestur fyrir staðnema um einn kenningahöfund eða eitt af helstu viðfangsefnum greinarinnar og síðan umræðutími um sama efni, en fyrirlestur verður lagður á Blakk og í framhaldinu verða umræður meðal fjarnema. Á fyrri hluta námskeiðs gerir hver nemandi tvö stutt verkefni um einstakar kenningar eða samanburð á fleirum gagnvart tiltekinni spurningu, en á síðari hluta námskeiðs vinnur hver nemandi eitt lengra verkefni þar sem kenningar og rannsóknir eru notaðar sem tæki til að skoða þætti í skólastarfi og þróun uppeldis og menntunar og til að þróa tilgátur og rannsóknarspurningar. Nemendur mega velja um að miða beitingu kenninga við rannsóknir og um að miða við þróunarstarf í skólum og uppeldi eða styrkingu á skilningi uppeldisstarfsmanna á samfélagslegu samhengi starfsins.
Námsmat: Tvö minni verkefni 25% hvort, stærra verkefni 50%

**MEN208F • Íslenska sem annað mál • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hanna Óladóttir Aðjunkt
Markmið
Í lok námskeiðs eiga nemendur að

- þekkja helstu kenningar um máltöku annars máls og menntun tvítyngdra barna,
- þekkja og skilja lykilhugtök í fræðunum, eins og tvítyngi, fjöltyngi, móðurmál, annað mál, erlent mál,
- geta lesið og greint frá rannsóknum á máltöku annars máls og menntun tvítyngdra barna,
- geta beitt fræðilegum hugtökum, rannsóknarniðurstöðum og kenningum annars máls fræða í umfjöllun/rökræðu um nám tvítyngdra barna,
- geta rökstutt og gagnrýnt á fræðilegum grunni starfshætti í skólastarfi er lúta að menntun tvítyngdra barna í fjölmenningarlegu samfélagi og
- geta tekið virkan þátt í faglegri umræðu og samstarfi um skipulag náms tvítyngdra barna.

Inntak/Viðfangsefni
Fjallað verður um tungumál í samfélagi manna, einkum íslensku sem annað mál, kerfi tungumála og málgerðafræði (máljöfnuð). Vikið verður að máltöku, máluppeldi og málnotkun í víðu samhengi. Veruleg áhersla verður lögð á tvítyngi, fjöltyngi og muninn á því að öðlast færni í móðurmáli og öðru (erlendu) máli. Vísað verður í nýjar og nýlegar rannsóknir á sviðum tengdum máltöku annars máls og tvítyngi. Enn fremur verður lögð áhersla á tengsl við vettvang eins og kostur er.
Vinnulag
Fyrirlestrar, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni, samstarf í hópum.
Verkefni og ritgerð.

**MEN209F • Kennslufræði íslensku sem annars máls (fullorðnir) • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Róbert Berman Dósent
Kennari: Hulda Karen Daníelsdóttir
Markmið
Að nemar

- þekki grundvallarkenningar og rannsóknir á tvítyngi og læsi
- hafi þekkingu á og geti beitt árangursríkum kennsluaðferðum sem byggjast á viðurkenndum rannsóknum á tvítyngi/fjöltyngi
- hafi þekkingu á og geti skipulagt náms- og kennsluumhverfi sem hentar kennslu fullorðinna nemenda með íslensku sem annað mál
- geti lagt mat á námsárangur með því að beita margvíslegum matsaðferðum
- geri sér grein fyrir mismunandi námsstíl og námsaðferðum fullorðinna

Inntak/Viðfangsefni
Á námskeiðinu fer fram gagnrýnin umræða um kenningar og rannsóknir á námi og kennslu tvítyngdra fullorðinna nemenda. Lögð verður áhersla á leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra, bæði almennar og sértækar. Hér er átt við almennar þarfir til þátttöku í samfélaginu og sértækar hvað varðar þátttöku á vinnumarkaði. Kennaranemar fá þjálfun í að skipuleggja kennslu og námsmat.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og mikið verður lagt upp úr lestri nemenda, umræðum og hópa- eða einstaklingsvinnu og verkefnum sem lýkur með kynningu. Þá verða fluttir inngangsfyrirlestrar um afmörkuð efni.
Verkefni og þátttaka í umræðum verða metin jafnóðum og byggt m.a. á sjálfsmati og jafningjamati auk mats á verkmöppu.

**MEN210F • Saga lýðræðis og skólastarfs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gunnar Egill Finnbogason Prófessor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á þróun lýðræðis- og menntahugmynda frá fornöld og fram á 21. öld;
- að nemendur öðlist þekkingu og skilning á þróun lýðræðishugmynda í menningar- og menntahefð vesturlanda frá grískri fornöld fram á okkar daga.
- að nemendur þekki og geti greint, í hugmyndasögulegu ljósi, þau grunngildi sem lýðræðishugsjónin hvílir á hverju tíma.
- að nemendur þekki og geti vísað til sögu og þróunar hugtaka, eins og sjálfræði, fulltrúa- og þátttökulýðræði og borgaravitund, sem birtast í mismunandi skólaumhverfi og samfélagslegu samhengi á ólíkum tímaskeiðum í hugmyndasögunni.
- að nemendur þekki þróun lýðræðishugmynda á 20. og 21. öld sem fram koma í menntastefnu og námskrám íslenskra stjórnvalda.
- að nemendur séu fær að greina og meta mikilvæg atriði í texta og taki virkan þátt í rökræðu.
- að nemendur sýni fræðileg vinnubrögð og efnistök í skrifuðu og töluðu máli.
Viðfangsefni
Í námskeiðinu verður fjallað um þróun lýðræðishugmynda í hugmyndasögulegu ljósi, allt frá Grikkjum fram á okkar daga, togstreitan milli valds og sjálfræðis í sögu mannsandans verður skoðuð og komið inn á þróun lýðræðishugmynda í mennta- og skólamálaumræðu, sérstaklega á 20. og 21. öld.
Skipulag
Í námskeiðinu verða fyrirlestrar, umræður og málstofur. Í fyrirlestrum verður gefið yfirlit yfir þróun lýðræðishugmynda. Nemendur vinna með valda texta og rökræða. Í málstofum verða tekin fyrir valin viðfangsefni sem eru í höndum nemenda og þeir stýra umræðum.
Námsmat Nemendur vinna tvö stutt verkefni sem felast í greiningu á textum. Auk þess undirbúa þeir málstofu og skrifa ritgerð sem skilað er í lok námskeiðsins.

**MEN211F • Málstofa í heimspeki menntunar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Kristján Kristjánsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Kennari: Sigurður J Grétarsson Prófessor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur hafi skilning á tilteknu viðfangsefni í samtímaheimspeki menntunar og séu færir um að taka þátt í fræðilegri rökræðu um það.
Viðfangsefni
Viðfangsefni námskeiðsins er breytilegt frá ári til árs.
Í námskeiðinu verður tiltekið efni í heimspeki menntunar tekið fyrir. Lögð verður áhersla á lestur frumtexta og að nemendur verði þátttakendur í þeirri rökræðu sem á sér stað í samtímanum um það efni sem tekið er fyrir hverju sinni.
Nauðsynleg undirstaða: Gagnrýnin hugsun og sjálfsþekking (MEN114F)
Málstofuerindi: Námskeiðið verður að verulegu leyti byggt á nemendafyrirlestrum og umræðum. Þátttaka í tímum, sér í lagi þátttaka í rökræðum eftir framsöguerindi Ritgerð: Í lok námskeiðs skrifar nemandi ritgerð þar sem hann rökræðir tiltekið efni.

**MEN213F • Fræðileg vinnubrögð II • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Steinunn Lárusdóttir Lektor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemar tileinki sér góð og vönduð vinnubrögð við rannsóknir og önnur fræðastörf.
Undirmarkmið er að nemar tileinki sér vinnuaðferðir er varða persónulega vellíðan og skilvirkni, einkum að því er varðar vinnu að lokaritgerð. Ennfremur er stefnt að því að
- Nemar tileinki sér þekkingu um réttarleg atriði er varða rannsóknir og önnur fræðastörf.
- Nemar skulu vera færir um að taka frumkvæði að rannsóknarverkefnum á sínu fræðasviði, að stýra slíkum verkefnum og axla ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa.
- Nemar geti greint á skýran og ótvíræðan hátt frá flóknum fræðilegum niðurstöðum við kynningu á rannsóknum í töluðu og rituðu máli, einir eða í samstarfi við aðra bæði meðal sérfræðinga og leikmanna.
- Nemar skuli tileinka sér notkun hugbúnaðar við greiningu rannsóknargagna.
- Nemar öðlist nauðsynlega námshæfni og þrói með sér sjálfstæð vinnubrögð til að takast á við framhaldsnám.

Inntak / viðfangsefni
Í upphafi verður fjallað um gerð verkmöppu (portfolio) um stjórn á eigin námi m.a. um val á matsþáttum, skipulagningu, markmið og mat á verkmöppu. Kynnt verður hæfnisviðmið sem unnið verður eftir í sjálfsmati.
Rætt verður um vinnuaðferðir og vinnuvenjur, námstækni, og streitu og meðhöndlun hennar. Fjallað verður um rökræðu og samvinnu, teymisvinnu, ágreining, togstreitu og samningagerð.
Einnig verður hugað að gerð rannsóknaritgerða, svo sem undirbúning, skipulagningu og samningu lokaritgerðar, mati á lokaritgerð, kynningu og vörn.
Rætt verður um kynningu á rannsóknum í fyrirlestrum og veggspjöldum hérlendis og erlendis og greinaskrif á íslensku og ensku.
Farið verður yfir lagaleg og réttarleg atriði svo sem höfundarétt, hugverkarétt, hefðarétt, einkaleyfi og persónuvernd. Auk þess verður rætt um stjórnun faglegra og fjárhagslegra hliða rannsókna og stjórnun og þátttöku í rannsóknarhópum.
Efninu er skipt í fimm þemu en umræðum um hvert þema er dreift á vinnustofumsem haldnar verða u.þ.b. mánaðarlega.
Vinnulag
Fjallað er um efnið í vinnustofum, í WebCT og æfingum og leitast við að tengja það vettvangi rannsókna og fræðastarfs. Áhersla er á verklega þjálfun í þeim þáttum þar sem því verður við komið.Gert ráð fyrir að nemar tileinki sér færni við gerð verkmöppu sem verður jafnframt aðalmatstæki námskeiðsins. Mikilvægur þáttur í gerð verkmöppu er sjálfsmat nema þar sem þeir styðjast m.a. við framangreind hæfnisviðmið.
Jafnframt er áhersla á virkni, samræðu og samstarf nemenda, beitingu upplýsingatækni við öflun og nýtingu heimilda og annarra gagna.
Mentor
Hver nemi fær mentor í upphafi námsins. Neminn og mentorinn hittast reglulega (a.m.k. tvísvar á önn) og fara yfir markmið sem neminn stefnir að og atriði sem neminn hefur sett í verkmöppu sem tengjast námi nemans og viðfangsefni málstofanna. Gert er ráð fyrir að mentor hafi frumkvæði að þessum fundum og undirbúi dagskrá þeirra í samráði við nemendur.
Námsmat byggist fyrst og fremst á mati á því hvort markmiðum hefur verið náð eins og fram kemur í samræðum og virkni í rannsóknarsamstarfi og kynningu á því. Vægi einstakra matsþátta verður í samræmi við áherslulutföll í námskeiðinu. Matið getur einnig byggst á þáttum sem nemi og mentor telja hafa verið mikilvæga fyrir viðkomandi nema en voru ekki tilgreind í markmiðum.Ý Í verkmöppu verður: Greinargerð fyrir vali á færniþáttum sem þjálfa skal, áætlun um þá þjálfun, færslur um framkvæmd áætlunarinnar, vísbendingar um þróun færniþátta og ígrundun um einstaka þætti áætlunar og áætlunina í heild sinni. Einkunn verður ákveðin í samráði mentors, nema og umsjónarmanns.

**MEN214F • Lestur fræðigreina II • (5e) • Vor**
Umsjónarkennari: Gretar L. Marinósson Prófessor
Umsjónarkennari: Jóhanna Einarsdóttir Prófessor
Markmið
Stefnt er að því að í lok námskeiðs
Að nemandinn hafi mikilvæga vitneskju um vandamál og viðfangsefni, byggða á nýjustu upplýsingum og rannsóknum á viðkomandi fræðasviði.
Að nemandi geti greint á skýran og ótvíræðan hátt frá fræðilegum viðfangsefnum og fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna.
Að nemandinn hafi hæfileika til að kynna sér og meta félagsleg og menntunarleg viðfangsefni og draga ályktanir af niðurstöðum
Að nemandinn geti sett valið viðfangsefni í samhengi við önnur fræðasvið og í menningarlegt og sögulegt samhengi.
Að nemandinn hafi dýpkað eða breikkað þann þekkingargrunn um aðferðafræði rannsókna sem hann tileinkaði sér í fyrra námskeiði (Aðferðafræði rannsókna).
Viðfangsefni og vinnulag
Námskeiðið er byggt upp af fimm lotum. Auk inngangs- og niðurlagslotu er í þremur leslotum unnið að því að lesa tilteknar tímaritsgreinar. Fræðilegar forsendur hinna ólíku nálgana eru skýrðar og metnar og fjallað um kosti og ókosti þess að rannsaka tiltekin viðfangsefni á ákveðinn hátt. Viðfangsefnin eru tímaritsgreinar sem mikið er vitnað í innan viðkomandi fræðasviðs. Úrval tímaritsgreina verður lagt fram af kennurum en nemendur geta valið önnur dæmi í samvinnu við kennara. Kennslan í sameiginlegu lotunum fer fram í formi fyrirlestra og samræðna. Í leslotum er unnið undir leiðsögn og er námið í formi lestra, umræðna og verkefna. Sérstök áhersla er á sköpun og miðlun við kynningu verkefna. Áhersla er lögð á virkni nemenda, hvetjandi umræður, skapandi hugmyndir og tilvísun í rannsóknir annarra.
Æskileg undirstaða: Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSS220G) eða Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSF217G), Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)
Námsmat er byggt á verkefnum og prófi. Í leslotunum þremur eru verkefni byggð á lestri og umfjöllun og eru úrlausnir þeirra metnar með hliðsjón af námsmarkmiðum námskeiðsins. Einnig fer fram heildarmat á náminu í formi ritgerðar og heimaprófs. Einkunnir eru gefnar fyrir öll verkefnin, ritgerð og próf. Verkefni úr hverri leslotu gildir 15%, heimapróf gildir 25% og lokaritgerð 30%.

**MEN215F • Rannsóknaráætlun • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Markmið
Markmið við gerð áætlunarinnar eru:
Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu og hafi hæfni til að rökstyðja faglegar lausnir á viðfangsefni í viðkomandi fræðigrein.
Að nemandinn geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær á grunni fræðasviðs.
Að nemandinn geti, með aðferðum á grunni fræðanna, kenninga og/eða tilrauna, þróað verkefni og sett þau í samhengi
Viðfangsefni og vinnulag
Tilgangur áætlunarinnar er að skýra og skerpa tilgang og vinnulag rannsóknarverkefnisins.
Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram:
Kynning og afmörkun efnisins, spurningar sem leita á svara við eða álitamál sem varpa skal ljósi á í verkefninu.
Greinargerð um tilgang, þýðingu og markmið verkefnisins.
Rök fyrir vali verkefnisins og hvernig það tengist reynslu eða áformum höfundar.
Fræðilegur bakgrunnur og skýringar á hugtökum eftir því sem þörf er á.
Greinargerð um gagnaöflun.

Fyrirhuguð úrvinnsla.
Siðferðileg atriði.
Stærð verkefnis og framkvæmda- og tímaáætlun.
Námsmat
Leiðsagnarnefnd (leiðsagnarkennari, sérfærðingur og deildarforseti) samþykki áætlun.
Nauðsynleg undirstaða: Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSS220G) eða Aðferðafræði og menntarannsóknir (GSF217G), Aðferðafræði rannsókna (MVS102F)

**MEN216F • Rannsóknamálstofa 1: áætlun • (2e) • Vor**
Umsjónarmaður: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Markmið:
Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.
Að nemandinn hafi öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu sem völ er á innan tiltekins fræða- og/eða starfssviðs.
Að nemandinn geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi sem tengist viðkomandi fræðasviði.
Viðfangsefni og vinnulag
Hluti af vinnu við rannsóknarverkefni er þátttaka í málstofum þar sem nemendur koma saman, greina frá eigin verkefni og fjalla um verk annarra á efnislegan og gagnrýninn hátt. Nemendur skrá sig í málstofu 1 þegar þeir eru að vinna í áætluninni og eru tilbúnir til að kynna rannsóknarhugmynd sína.
Tilgangur málstofana eru að skapa vettvang til að kynna eigið verkefni og kynnast verkum annarra, laða fram gagnrýni og uppbyggilega umræðu um verkefnin, skapa tækifæri til skoðanaskipta um aðferðafræðileg álitamál og veita gagnkvæman stuðning og aðhald.
80% mætingarskylda. Meistaranemum er skylt að kynna eigið efni og mæta á aðrar málstofur á sömu önninni.

**MEN217F • Rannsóknamálstofa 2: niðurstöður • (2e) • Vor**
Umsjónarmaður: Anna María Hauksdóttir Verkefnisstjóri
Umsjónarkennari: Ólafur Páll Jónsson Lektor
Markmið:
Að nemandinn geti skilið og tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.
Að nemandinn hafi getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna.
Að nemandinn hafi hæfileika til að samþætta þekkingu, eiga við flókin viðfangsefni og setja fram skoðun út frá eigin gögnum og öðrum upplýsingum.
Viðfangsefni og vinnulag
Hluti af vinnu við rannsóknarverkefni er þátttaka í málstofum þar sem nemendur koma saman, greina frá eigin verkefni og fjalla um verk annarra á efnislegan og gagnrýninn hátt.
Nemendur skrá sig í málstofu 2 þegar þeir eru að vinna úr gögnum og/eða skrifa ritgerðina og eru tilbúnir að leggja fram niðurstöður til umræðu og vangaveltu.
Tilgangur málstofana er að skapa vettvang til að kynna eigið verkefni og kynnast verkum annarra, laða fram gagnrýna og uppbyggilega umræðu um verkefnin, skapa tækifæri til skoðanaskipta um aðferðafræðileg álitamál og veita gagnkvæman stuðning og aðhald.
80% mætingarskylda. Meistaranemum er skylt að kynna eigið efni og mæta á aðrar málstofur á sömu önninni.

**MEN224F • Kennslufræði íslensku sem annars máls (leik-, grunn- og framhaldsskóli) • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Samúel Currey Lefever Lektor
Markmið
Að kennaranemar

- þekki málfarslegan og menningarlegan bakgrunn barna sem hafa annað móðurmál en íslensku og átti sig stöðu þeirra í skólasamfélaginu
- þekki grundvallarkenningar og rannsóknir á tvítyngi og læsi
- hafi þekkingu á og geti beitt árangursríkum kennsluaðferðum sem byggjast á viðurkenndum rannsóknum á tvítyngi/fjöltyngi
- hafi þekkingu á og geti skipulagt náms- og kennsluumhverfi sem hentar einstaklingsmiðaðri kennslu nemenda með íslensku sem annað mál
- geti veitt foreldrum og kennurum ráðgjöf um nám og námsskipulag
- geti lagt mat á námsárangur með því að beita margvíslegum matsaðferðum

Inntak/Viðfangsefni
Á námskeiðinu fer fram gagnrýnin umræða um kenningar og rannsóknir á námi og kennslu tvítyngdra nemenda. Fjallað verður um markmið og leiðir sem stuðla að því að nemendur nái tökum á íslensku sem tæki til almennra samskipta og náms. Þá verður fjallað um mismunandi þarfir og bakgrunn nemenda og þá sérstöðu sem kennsla í íslensku sem öðru máli hefur. Kennaranemar fá þjálfun í að skipuleggja kennslu og námsmat.
Vinnulag
Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku og mikið verður lagt upp úr lestri nemenda, umræðum og hópa- eða einstaklingsvinnu og verkefnum sem lýkur með kynningu. Þá verða fluttir inngangsfyrirlestrar um afmörkuð efni.
Verkefni og þátttaka í umræðum verða metin jafnóðum og byggt m.a. á sjálfsmati og jafningjamati auk mats á verkmöppu.

**MEN225F • Heimspeki með börnum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Sigurður Björnsson Lektor
Markmið
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á markmiðum og tilgangi þess að stunda heimspekilega rökræðu með börnum og fullorðnum. Að þeir hafi á valdi sínu hugmyndafræði Matthews Lipman um rannsóknarsamfélag og uppruna þeirrar hugmyndafræði í heimspeki bandarísku pragmatistanna Charles S. Peirce, Williams James, og Johns Dewey. Einnig að nemendur geti

leitt heimspekilegar rökræður með hópi fólks með þeirri tækni sem hugmyndafræði barnaheimspekinnar felur í sér.
Viðfangsefni
Á námskeiðinu verður fjallað um rökræðuna sem kennsluaðferð og hugmyndafræði Matthew Lipmans og annarra fræðimanna um tilgang og markmið þess að stunda heimspekilega rökræðu með börnum. Fjallað verður um tengsl íslenskra námskráa á mismunandi skólastigum við meginmarkmið heimspekilegrar samræðu, s.s. sjálfstæða hugsun, gagnrýna hugsun, skapandi hugsun, fordómaleysi, sjálfsþekkingu og undirbúning fyrir þátttöku í í lýðræðissamfélagi. Fjallað verður ítarlega um þessi hugtök eins og þau birtast í hugmyndafræði barnaheimspekinnar.
Nauðsynleg undirstaða: Gagnrýnin hugsun og sjálfsþekking (MEN114F)
Samræðustjórnun: Nemendur stjórna rökræðu með samnemendum sínum. Samræðutilraun með börnum eða unglingum: Nemendur gera tilraun með að leiða heimspekilega samræðu með börnum eða unglingum og gera skýrslu um hana. Greining á samræðu: Nemendur greina heimspekilegt innihald samræðu og stjónunarþátt sinn. Stutt ritgerð: Í upphafi námskeiðs skrifar nemandi ritgerð þar sem hann fjallar á heimspekilega hátt um valið viðfangsefni.

**MEN226F • Að ná tökum á lestrarerfiðleikum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Steinunn Torfadóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist fræðilega þekkingu og færni í að greina, meta og bregðast við vanda nemenda við að ná tökum á lestri. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist fræðilega þekkingu og færni í að greina, meta og bregðast við vanda nemenda við að ná tökum á lestri.
Í lok námskeiðsins eiga þátttakendur að:

- hafa öðlast þekkingu og skilning á nýjustu kenningum og rannsóknum á lestrarörðugleikum og hæfni til að nýta þekkingu sína í starfi
- vera færir um að þekkja og skilgreina mismunandi birtingarform lestrarörðugleika, bæði í lestækni og lesskilningi með hliðsjón af fræðikenningum og rannsóknum
- vera færir um að greina áhættuhópa og gera áætlanir um snemmtæka íhlutun og fyrirbyggjandi kennslu í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla
- geta gert faglegt mat á lestri og túlkað niðurstöður út frá vísindalegum aðferðum
- þekkja og geta lagt mat á rannsóknir á kennsluaðferðum og kennsluskipulagi sem mætir þörfum nemenda sem eiga erfitt með að ná tökum á lestri
- hafa öðlast færni í að miðla upplýsingum til foreldra og annarra sérfræðinga
- geta skipulagt tengslanet við foreldra og sinnt þverfaglegu samstarfi
- hafa faglega þekkingu og hæfni til að sinna ráðgjöf um lestur og lestrarkennslu í blönduðum nemendahópum á mismunandi skólastigum, (leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla) með hliðsjón af einstaklingsmiðaðri kennslu og skóla án aðgreiningar

Viðfangsefni: Fjallað er um fræðilega og hagnýta þætti tengda greiningu og skimun á lestrar- og stafsetningarörðugleikum með áherslu á málsálfræðilega nálgun, rannsóknir og kenningar. Þátttakendur kynnast helstu aðferðum við að meta áhættuþætti lestrarörðugleika og æfingu í að túlka niðurstöður og rökstyðja út frá fræðikenningum. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér rannsóknir á kennsluaðferðum og kennsluskipulagi sem gagnast nemendum með alvarlega erfiðleika í lestri, vegi og meti kosti og galla og æfi sig í að skipuleggja og útfæra kennslu fyrir nemendur með ólíkar þarfir, hvort heldur þeir eru í leikskóla, grunnskóla eða framhaldsskóla. Lögð er áhersla á að þátttakendur læri aðferðir við að miðla upplýsingum til foreldra og annarra sérfræðinga með faglegum hætt ásamt ráðgjöf um lestur og lestrarkennslu. Lögð er áhersla á að nemendur kynni sér kennsluaðferðir, kennsluskipulag og stuðningskerfi sem gagnast í margbreytilegum nemendahópum í skóla án aðgreiningar, sem meðal annars byggist á hugmyndum um einstaklingsmiðað nám.
Vinnulag: Fyrirlestrar, æfingaverkefni, hópvinna, einstaklingsvinna, umræður og handleiðsla við vinnu með nemendur og nemendahópa.
Verkefni: Þátttakendur skrifa tvö einstaklingsverkefni (skýrslur), sem byggjast á vettvangsvinnu og rökstuðningi í fræðikenningar og rannsóknir (70%).
Þá verða tvö hópverkefni (20%) og (10%). Öll verkefnin má vinna út frá mismunandi skólastigum, leikskóla, grunnskóla eða framhaldsskóla.
Lokið/ólokið. Umsögn um verkefni.

**MEN227F • Kennslufræði og fjölmenning • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hanna Ragnarsdóttir Dósent
Kennari: Hildur Blöndal Sveinsdóttir Aðjunkt
**Markmið**: Að nemandi

- þekki hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar og skóla fyrir alla
- geti beitt hugtökum og aðferðum fjölmenningarlegrar menntunar á starfsvettvangi sínum og í eigin rannsóknum
- þekki hugmyndafræði og lykilhugtök kennslufræði í fjölmenningarlegum skólum og geti lagað kennsluaðferðir að mismunandi skólastigum.
- geti aflað, metið og greint vísindaleg gögn á sviði fjölmenningarlegrar menntunar
- geti sýnt fram á aukinn og dýpri skilning og víðtækari yfirsýn á sviði fjölmenningarlegrar menntunar
- geti haft frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði fjölmenningarlegrar menntunar og leitt þau til lausna
- hafi kunnáttu og þekkingu til þess að greina og miðla upplýsingum á sviði fjölmenningarlegrar menntunar og geti nýtt viðeigandi tæknimiðla og hugbúnað
- hafi tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og geti tekist á við frekara nám og rannsóknir á sviði fjölmenningarlegrar menntunar

**Viðfangsefni:** Fjallað verður um hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar, skóla fyrir alla, hnattrænnar menntunar og þegnskaparmenntunar og aðra skylda hugmyndafræði og þær hugmyndir sem liggja til grundvallar, svo sem félagslegt réttlæti, jafnrétti, þátttöku og lýðræði. Einnig verður fjallað um kennslufræði er byggist á ofangreindri hugmyndafræði og sem gefist hefur vel í fjölmenningarlegum skólum í nágrannalöndunum, ásamt rannsóknum á sviðinu. Komið verður inn á þætti svo sem samvinnunám, fjölgreindakenningu Gardners, söguaðferð, gagnrýna og skapandi hugsun, heimspeki með börnum, námsefni og bókmenntir. Verkefni eru vettvangstengd.

**Vinnulag:** Fyrirlestrar, samræða, mat og beiting fræða á tiltekin viðfangsefni, samstarf í hópum. Nemendur vinna vettvangstengd verkefni á sviði hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar og kennslufræða í fjölmenningarlegum skólum.
**Námsmat:**
Vettvangstengd fræðilega rökstudd verkefni á sviði hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar og kennslufræði fjölmenningarlegra skóla sem metin eru til einkunna.
1) Hópverkefni (30%). Unnið með efni kafla á gagnrýninn hátt og með því að vísa í aðrar fræðilegar heimildir eftir því sem við á. verkefninu. 2) Einstaklingsverkefni (40%). Nemendur fjalla um á gagnrýninn hátt og bera saman tvær af meginstefnum og hugmyndafræði sem unnið er með í námskeiðinu, með tilvísun í fræðilegar heimildir. Enn fremur á að ræða stefnurnar í framkvæmd, með dæmum úr íslensku skólasamhengi eða tillögum að framkvæmd. 3) Einstaklingsverkefni (30%). Nemendur velja sér námsbók og fjalla um hana á gagnrýninn hátt út frá viðmiðum hugmyndafræði fjölmenningarlegrar menntunar og tilteknum viðmiðunarþáttum sem kynntir verða í námskeiðinu.

**MEN405F • M.Ed.-verkefni - Heimspeki menntunar • (20e) • Vor**
Markmið, viðfangsefni og námsmat
Sjá reglur og leiðbeiningar um lokaverkefni á vef KHÍ.
Nauðsynleg undirstaða: Gagnrýnin hugsun og sjálfsþekking (MEN114F)

**MEN406F • M.A.-verkefni - Heimspeki menntunar • (30e) • Vor**
Markmið, viðfangsefni og námsmat
Sjá reglur og leiðbeiningar um lokaverkefni á vef KHÍ.
Nauðsynleg undirstaða: Gagnrýnin hugsun og sjálfsþekking (MEN114F)

**MVS104F • Eigindlegar rannsóknaraðferðir II • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðrún Kristinsdóttir Prófessor
Markmið
samstarfsfólks, starfsmannafundir, símenntunaráætlanir, ráðningasamtöl, starfsmannaviðtöl. Á þessu námskeiði verða kenningar úr kennslufræði fullorðinna nýttar til þess að nálgast ofannefnd viðfangsefni þannig að nemendur hafi bæði kenningarleg tól og hagnýtar aðferðir til þess að auka fagmennsku og árangur í þessum þáttum starfsins. Markmið: Þátttakendur nýti sér helstu hugmyndir um sérstöðu fullorðinna námsmanna til þess að auka skilning sinn á þörfum og viðbrögðum samstarfsfólks. Þátttakendur læri hagnýtar aðferðir sem auðvelda samstarf og nám í hópum með fullorðnu fólki. Þátttakendur læra að nota "Miðlunaraðferðina" hópvinnuaðferð sem miðar að því að "fá þá sem málið snertir til að láta sig málið varða". Þátttakendur geti nýtt kenningar og aðferðir þegar þeir styðja við símenntun samstarfsfólks, ma. gerð símenntunaráætlana. Þátttakendur myndi sér sjálfstæð og rökstudd viðhorf til mannauðsþróunar í skólum og einkum í sínum skóla.

**STM020F • Konur og stjórnun menntastofnana • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Steinunn Lárusdóttir Lektor
Markmið með þessu námskeiði er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á helstu hugtökum og rannsóknum á uppeldis- og menntastofnunum sem varða stjórnun í kynjafræðilegu ljósi. Áhersla er lögð á stöðu kvenstjórnenda vegna ríkjandi kynjaslagsíðu í stjórnunarfræðum og stjórnunarnámi. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa skilning á helstu hugtökum og kenningum sem varða stjórnun uppeldis-og menntastofnana í kynjafræðilegu ljósi.
- þekkja helstu hugtök og kenningar um samspil stjórnunar, gilda og kyngervis.
- geta aflað fræðilegra gagna um áhrif kyngervis á stjórnunarhætti og metið gildi þeirra.
- geta nýtt þekkingu sína til eflingar menntastofnunum.
- geta beitt hugtökum, kenningum, líkönum og aðferðum um kyngervi og menntun á raunveruleg viðfangsefni.
- geta lagt gagnrýnið mat á hugtök, kenningar og líkön um kyngervi og stjórnun.
- geta beitt þekkingu sinni á kynja- og stjórnunarfræðum við nýjar aðstæður.
- geta átt frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði jafnréttis innan menntastofnana og utan þeirra.
- geta nýtt sér viðeigandi tæknimiðla við miðlun upplýsinga.
- hafa öðlast faglega hæfni til frekara náms og rannsókna á sviði stjórnunar í kynjafræðilegu ljósi.

Viðfangsefni
Kenningar um áhrif kyngervis á stjórnunarhætti, helstu hugtök kynjafræða og nýlegar rannsóknir. Fjallað verður um femíniskar rannsóknir og rannsóknaraðferðir, kynbundinn mun við stjórnunarstörf og sameiginlega jafnt sem margbreytilega reynslu kvenna í stjórnunarstörfum. Rætt verður um stöðu nútíma stjórnenda, kvenna og karla, með hliðsjón af þeim áherslum sem ráðið hafa ríkjum í stjórnun á Íslandi og víða á Vesturlöndum. Þessar áherslur eru jafnan kenndar við frjáls- og markaðshyggju.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt í staðbundnum lotum og fjarnámi. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, umræðum, hópvinnu, lestri og verkefnavinnu. Þátttakendur vinna fjarkennsluverkefni (20%), málstofuverkefni (40%) og skrifa fræðilega lokaritgerð (40%). Auk þess ræða nemendur fræðilegt efni í afmörkuðum hópum á Netinu og skila um það skýrslu
Verkefni nemenda eru metin til einkunna.

**STM021F • Sjálfsmat og þróun skólastarfs • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Auður Pálsdóttir Aðjunkt
Markmið þessa námskeiðs er að þátttakendur öðlist fræðilega þekkingu á mati á skólastarfi, einkum sjálfsmati skóla. Þeir öðlist færni í að undirbúa og framkvæma sjálfsmat og tengja það við umbótastarf innan skólans.
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að
- geta nýtt hugtök og líkön um mat á starfsháttum menntastofnana til að efla og styrkja stofnunina.
- þekkja helstu hugtök og kenningar um sjálfsmat skóla og tengsl þess við þróun menntastofnana.
- geta tekið faglegar ákvarðanir um matsaðferðir og rökstutt þær.
- geta aflað fræðilegra gagna um sjálfsmat skóla og metið gildi þeirra.
- geta nýtt þekkingu sína til umbóta í menntastofnunum.
- geta beitt hugtökum, kenningum, líkönum og aðferðum um sjálfsmat og skólaþróun á raunveruleg viðfangsefni.
- geta lagt gagnrýnið mat á hugtök, kenningar og líkön um sjálfsmat skóla.
- geta beitt þekkingu sinni við nýjar aðstæður.
- geta átt frumkvæði að sjálfsmats- og umbótaáætlunum í menntastofnunum.
- geta greint frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum um sjálfsmat skóla.
- geta nýtt sé viðeigandi tæknimiðla við miðlun upplýsinga.
- hafa öðlast faglega hæfni til frekara náms og rannsókna á sviði menntastjórnunar.

Viðfangsefni
Fjallað verður um sjálfsmat skóla og annarra menntastofnana og tekin dæmi af sjálfsmatsverkefnum og umbótastarfi. Rætt verður um megintilgang mats, kynntar mismunandi matsaðferðir og rýnt í gagnaöflun, úrvinnslu þeirrra og mismunandi framsetningu á niðurstöðum. Áhersla verður lögð á tengsl sjálfsmats og umbótastarfs í skólum. Fjallað verður um einkenni umbóta- og þróunarstarfs og kynnt verklag við skólaþróun. Rætt verður um siðferðileg álitaefni sem tengjast mati. Þá verða rannsóknir á mati í menntastofnunum kannaðar.
Vinnulag
Áhersla verður á hagnýt verkefni í tengslum við áhuga þátttakenda. Námskeiðið er skipulagt í staðbundnum lotum og fjarnámi. Þátttakendur ræða á Netinu um afmörkuð efni og vinna sjálfsmatsverkefni í þeirri stofnun sem þeir starfa við.
Verkefni nemenda eru metin til einkunna.

**STM022F • Mat á skólastarfi • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Sigurlína Davíðsdóttir Dósent
Markmið: Að nemendur fái grunnþekkingu á matsfræðum, einkum um mat á skólastarfi. Lögð er áhersla á að nemendur skilji tilgang mats á skólastarfi, kynnist helstu aðferðum við matið og geri sér grein fyrir mismunandi gildismati sem að baki býr. Meðal annars verður fjallað um margvísleg markmið mats, val á aðferðum, þátttöku þeirra er málið varðar, hvernig upplýsingar úr mati eru notaðar við að taka ákvarðanir og ganga frá niðurstöðum. Nemendur vinna verkefni þar sem lagt er mat á ákveðna þætti skólastarfs.
Verkefni.

**STM101F • Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Guðný Guðbjörnsdóttir Prófessor
Kennari: Rósa Gunnarsdóttir
Kennari: Svanborg Rannveig Jónsdóttir Doktorsnemi
Markmið: Markmið námskeiðsins er að koma til móts við einstaklinga og stofnanir sem vilja fara út í nýsköpun í skólastarfi og í atvinnulífi. Unnið verður bæði með nýsköpunar- og frumkvöðlamennt hér og erlendis og möguleika á annarri nýbreytni í skólastarfi. Leitast verður við að gera einstaklinga færa um að annast fræðslu fyrir þá sem ástunda nýsköpun í skólum og á vinnumarkaði.
Viðfangsefni: Fjallað verður um eðli nýsköpunar í atvinnulífi, skólum og í fræðslustarfi og helstu stofnanir hér og erlendis sem tengjast nýsköpun. Nemar fá þjálfun í gerð viðskiptaáætlana, fræðsluáætlana og/eða náms-og starfsáætlana sem hafa nýsköpunargildi og hvað þarf til að þær geti komist í framkvæmd.
Vinnulag: Óákveðið
Lesefni: Óákveðið
Námsmat: Óákveðið

**STM102F • Skipulag fræðslu - hæfni á vinnumarkaði • (10e) • Haust • 2f + 1u**
Umsjónarkennari: Árný Elíasdóttir
Námskeiðslýsing
Meginmarkmið námskeiðs er að þátttakendur þekki til helstu hugmynda og kenninga um lærdóm og hæfni á vinnumarkaði og geti greint þörf fyrir fræðslu í fyrirtækjum og stofnunum og hannað, þróað, metið og haft umsjón með fræðslu og þróun starfsfólks á vinnumarkaði og annarra fullorðinna.
Viðfangsefni
Tengsl fræðslu og starfsþróunar við aðra þætti mannauðsstjórnunar. Þekkingarstjórnun og lærdómsfyrirtækið. Þarfagreining/frammistöðugreining. Hæfni og lykilhæfni. Áhrifaþættir á lærdóm á vinnustað. Markmiðssetning. Námskenningar og kennsluaðfeðir sem henta fræðslu fullorðinna. Mat á árangri fræðslu og starfsþróunar.
Vinnulag
Námið fer fram í fyrirlestrum, umræðutímum, þar sem ætlast er til virkar þátttöku nemenda, og raunverkefnum, bæði hóp- og einstaklingaverkefnum, þar sem unnið er frekar með námsefnið. Gestir af vinnumarkaði og fyrrum nemendur úr námskeiðinu segja frá störfum og verkefnum sem tengjast fræðslu og starfsþróun.
- Einstaklingsverkefni: (20%) - Heimapróf (40%) - Hópverkefni: Skipulag fræðslu (40%)

**STM201F • Þjónustumat • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Kennari: Sigurlína Davíðsdóttir Dósent
Nemendur gera eigið matsverkefni. Matsfræði verða lítillega kynnt en meiri áhersla lögð á aðferðir, gagnaöflun, úrvinnslu og framsetningu skýrslu.
Lokapróf (30%) Vekefni (20%): (5%) Gerist áskrifendur að Evaltalk (umræðulista matsfræðinga). Skrifið 1 bls. (1 línubil) um efnisþráð sem vekur athygli. Nánari leiðbeiningar gefnar síðar. Skil í 10. viku námskeiðs. (5%) Finnið 5 matsverkefni í mismunandi útgáfum (tímarit, bækur, vefútgáfur, skýrslur) og lýsið þeim, 1 bls. (1 línubil) hvert verkefni. Lýsið þjónustunni og aðferðum. Helstu hagsmunaaðilar? Hvers vegna metið? Hvernig tókst til? Skil í 3. viku námskeiðs. (5%) Lýsið aðilanum (skóli, stofnun, fyrirtæki) sem þið ætlið að meta og setjið fram matsspurningar. 2 nemar vinni saman. Skil í 5. viku námskeiðs. (5%). Lýsið aðferðum sem nota á við matið og framvindunni hingað til. Skil í 7. viku námskeiðs. Ritgerð (50%) Gerið þjónustumat hjá einhverjum sem vill fá þær upplýsingar sem þið safnið, greinið og setjið fram í skýrslu. Skil í lok prófatímabils.

**STM202F • Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Kennari: Guðný Guðbjörnsdóttir Prófessor
Kennari: Sigrún Aðalbjarnardóttir Prófessor
Markmið: Að þátttakendur fái aukna innsýn í hlutverk leiðtoga, frumkvöðla og stjórnenda í skólum, stofnunum og fyrirtækjum. Að þátttakendur átti sig á mikilvægi þessara hlutverka ekki síst á breytingartímum, á mikilvægi samskiptahæfni fyrir þessi hlutverk, og hvernig kynferði skiptir máli í því sambandi.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt sem staðnám, með möguleikum til fjarnáms ef þörf krefur. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, umræðum, málstofum, hópvinnu og verkefnavinnu.
Verkefni og heimapróf. Mæting og framlag nema í tímum getur hækkað einkunn (10%), ekki lækkað.

**STM301F • Stjórnun og forysta • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Friðgeir Börkur Hansen Prófessor
Kennari: Þórunn Blöndal
Kennari: Erla Kristjánsdóttir Lektor
Kennari: Steinunn Lárusdóttir Lektor
Kennari: Arna Hólmfríður Jónsdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái innsýn í stjórnsýslufræði sem fræðigrein, kynni sér fjölþætt hlutverk stjórnenda, helstu hugtök og nýlegar rannsóknir og verksvið þeirra og ábyrgð. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái innsýn í stjórnsýslufræði sem fræðigrein, kynni sér fjölþætt hlutverk stjórnenda, helstu hugtök og nýlegar rannsóknir og verksvið þeirra og ábyrgð.
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að

- hafa skilning á forystuhlutverki stjórnanda í menntastofnunum.
- þekkja helstu hugtök og kenningar um stjórnun og forystu.
- geta tekið faglegar ákvarðanir um eigin stjórnununarhætti og rökstutt þær.
- geta aflað fræðilegra gagna um forystu og metið gildi þeirra.
- geta nýtt þekkingu sína til að efla persónulega hæfni sína sem leiðtoga.

- geta beitt hugtökum, kenningum, líkönum og aðferðum um forystu og stjórnun á raunveruleg viðfangsefni.
- geta lagt gagnrýnið mat á hugtök, kenningar og líkön um forystu og stjórnun.
- geta beitt þekkingu sinni á stjórnun og forystu við nýjar aðstæður.
- geta átt frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði stjórnunar og forystu.
- geta greint frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum um stjórnun og forystu.
- geta nýtt sé viðeigandi tæknimiðla við miðlun upplýsinga.
- hafa öðlast faglega hæfni til frekara náms og rannsókna á sviði menntastjórnunar.

Viðfangsefni
Kenningar og hugtök um stjórnun og forystu í menntastofnunum ásamt umfjöllun um nýlegar rannsóknir eru helstu viðfangsefnin á námskeiðinu. Fjallað er um fjölþætt hlutverk stjórnenda í menntastofnunum, verksvið þeirra og ábyrgð. Áhersla er lögð á forystuhlutverk stjórnenda. Jafnframt verður ráðgjafaþætti stjórnenda við kennara og aðra starfsmenn skóla sérstakur gaumur gefinn. Þá verða rannsóknir á hlutverkum stjórnenda í menntastofnunum kannaðar.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt í staðbundnum lotum og fjarnámi. Á námskeiðinu vinna nemendur tvö verkefni (10% og 15%) og skrifa fræðilega ritgerð (40%). Auk þess ræða nemendur fræðilegar greinar í afmörkuðum hópum á Netinu og skila um það skýrslu (lokið/ólokið). Námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi (35%).
Verkefni nemenda, ritgerð og lokakpróf eru metin til einkunnar.

**STM302F • Stofnanakenningar • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Steinunn Lárusdóttir Lektor
Kennari: Friðgeir Börkur Hansen Prófessor
Markmið þessa námskeiðs er að þátttakendur öðlist þekkingu og skilning á helstu hugtökum og kenningum um stofnanir og atferli einstaklinga innan þeirra. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að:

- hafa skilning á helstu hugtökum og kenningum um menntastofnanir og atferli einstaklinga innan þeirra.
- þekkja helstu hugtök og kenningar um menntastofnanir og einkenni þeirra.
- geta tekið faglegar ákvarðanir um skipulag og uppbyggingu menntastofnana og rökstutt þær.
- geta aflað fræðilegra gagna um menntastofnanir og atferli innan þeirra og metið gildi þeirra.
- geta nýtt þekkingu sína til eflingar á menntastofnunum.
- geta beitt hugtökum, kenningum, líkönum og aðferðum um menntastofnanir á raunveruleg viðfangsefni.
- geta lagt gagnrýnið mat á hugtök, kenningar og líkön um menntastofnanir og stjórnun þeirra.
- geta beitt þekkingu sinni á menntastofnanir við nýjar aðstæður.
- geta átt frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði skipulags og uppbyggingar á menntastofnunum.
- geta greint frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum um skipulag og einkenni menntastofnana.
- geta nýtt sé viðeigandi tæknimiðla við miðlun upplýsinga.
- hafa öðlast faglega hæfni til frekara náms og rannsókna á sviði menntastjórnunar.

Viðfangsefni
Kenningar um stofnanir, helstu hugtök og nýlegar rannsóknir. Fjallað verður um mennta- og þjónustustofnun sem opið kerfi, regluveldi og vinnustað fagfólks, menningu, vald, áhugahvöt, mannauð, ákvarðanir, árekstra og ágreining á vinnustöðum.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt í staðbundnum lotum og fjarnámi. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, umræðum, hópvinnu, lestri og verkefnavinnu. Þátttakendur vinna fjarkennslu-verkefni, málstofuverkefni og skrifa fræðilega lokaritgerð. Auk þess ræða nemendur fræðilegt efni í afmörkuðum hópum á Netinu og skila um það skýrslu.
Námsmat:
Verkefni I: (2-3 saman)Málstofa og skriflegur hluti 30%
Verkefni II: Ritgerð 40%
Verkefni III: Próf 30%
Verkefni nemenda eru metin til einkunna

**STM303F • Þróunarstarf og mat • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Ólafur Helgi Jóhannsson Aðjunkt
Kennari: Anna Kristín Sigurðardóttir
Kennari: Friðgeir Börkur Hansen Prófessor
Námskeiðslýsing
Markmið þessa námskeiðs er að þátttakendur öðlist fræðilega þekkingu á einkennum þróunarstarfs og tilgangi mats. Jafnframt öðlist þeir leikni í að skipuleggja þróunarverkefni og móta matsáætlanir.
Í lok námskeiðsins eiga nemendur að

- hafa skilning á helsu hugtökum og kenningum um þróun menntastofnana og mat á starfsháttum þeirra.
- þekkja helstu hugtök og kenningar um þróun menntastofnana og mat á starfsemi þeirra.
- geta tekið faglegar ákvarðanir um þróun menntastofnana og rökstutt þær.
- geta aflað fræðilegra gagna um þróunarstörf og mat og metið gildi þeirra.
- geta nýtt þekkingu sína til umbóta í menntastofnunum.
- geta beitt hugtökum, kenningum, líkönum og aðferðum um þróunarstörf og mat á raunveruleg viðfangsefni.
- geta lagt gagnrýnið mat á hugtök, kenningar og líkön um þróun menntastofnana.
- geta beitt þekkingu sinni við nýjar aðstæður.

- geta átt frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum í menntastofnunum.
- geta greint frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum um þróun menntastofnana.
- geta nýtt sé viðeigandi tæknimiðla við miðlun upplýsinga.
- hafa öðlast faglega hæfni til frekara náms og rannsókna á sviði menntastjórnunar.

Viðfangsefni
Fjallað verður um skipulagðar breytingar í stofnunum, helstu forsendur breytinga og andstöðu við þær. Kynnt verða hugtök og nýlegar rannsóknir á þessu sviði og verklag við að þróa skólastarf og móta þróunaráætlanir. Einnig verður fjallað um matsrannsóknir og mismunandi aðferðir við mat á stofnunum, einkum er athygli beint að sjálfsmati stofnana og tengslum þess við þróunarstarf. Rætt verður um siðferðileg álitaefni sem tengjast mati.
Vinnulag
Námskeiðið er skipulagt í staðbundnum lotum og fjarnámi. Þátttakendur ræða á Netinu um afmörkuð efni. Nemendur vinna þjú verkefni á námskeiðinu. Í tveimur þeirra greina þeir skilyrði skólaþróunar og leggja mat á þróunar- og matsverkefni sem unnin hafa verið. Í því þriðja móta þeir þróunaráætlun.
Verkefni nemenda eru metin til einkunna.

**UMD001F • Grunnur - haust • (10e) • Haust**
-

**UMD002F • Grunnur - vor • (10e) • Vor**
-

**UMD005F • Sérfræðingar í nútímasamfélagi: fórnfýsi eða sérhagsmunir? • (10e) • Haust**
Markmið námskeiðsins er að nemendur
- öðlist yfirsýn yfir helstu kenningaskóla í félagsfræði sérfræðihópa og fagþróunar
- skoði hlutverk sérfræðinga í nútímasamfélagi í gagnrýnu ljósi
- þekki til faglegrar baráttu þeirra og sjálfsskilning
- geti metið á fræðilegan og gagnrýninn hátt samtímaumræðu um sérfræðinga og sérfræðiþekkingu
- geti greint völd og valdatengsl innan og milli sérfræðihópa og þrói næmi fyrir mismun og margbreytileika innan sérfræðihópa, einkum og sér í lagi mismun byggðan á kynferði

(ný) Þverfaglegt námskeið á MA-stigi um sérfræðinga og sérfræðiþekkingu í nútímasamfélagi. Fjallað er um hlutverk þeirra fyrir almenna velferð og framþróun samfélagsins, sjálfs-skilning þeirra og faglega baráttu. Helstu sérfræðihópar (fagstéttir) samtímans verða skoðaðir í ljósi eldri og yngri kenninga um sérfræðihópa. Eldri kenningar gerðu ráð fyrir að sérfræðihópar væru útvaldir hópar siðrænna sérfræðinga sem nýta sértæka þekkingu sína í háleitum tilgangi í þágu samfélagsins. Síðari tíma kenningar fjölluðu hins vegar um sérfræðinga sem sérhagsmunahópa í valdabaráttu. Í nýjustu kenningaskólum er dregin upp blæbrigðarík og samsett mynd af sérfræðihópum og fagmennsku þeirra í fjölhyggjusamfélagi. Námskeiðið hentar vel nemendum í rannsóknarnámi á sviði félagsvísinda en einnig nemendum í starfstengdu námi sem vilja öðlast skilning á samfélagslegri þýðingu og stöðu sinnar fagstéttar. Fjarnámsnemendur hafa möguleika á að taka þátt í námskeiðinu.
Námskeiðið er kennt í WebCT, það er byggt upp á fyrirlestrum og nemendafyrirlestrum.
Námsmat: Ritgerð 70%, nemendafyrirlestur 20%, almenn þátttaka í námskeiðinu, m.a. innlegg og umræður um námsefnið á WebCT 10%.
Lesefni:
Abbott, Andrew (1988) The System of Professions. Chicago: University of Chicago Press. (Fæst í bóksölu stúdenta).
Fjölritað leshefti sem fæst í Háskólafjölritun (FL)

**UMD007F • Námskeið í sérhæfingu (Ed.D./Ph.D.) • (10e) • Haust**
-

**UMD007F • Námskeið í sérhæfingu (Ed.D./Ph.D.) • (10e) • Vor**
-

**UMD008F • Kenningarnámskeið 4-10 e (Ed.D./Ph.D.) • (10e) • Haust**
-

**UMD008F • Kenningarnámskeið 4-10 e (Ed.D./Ph.D.) • (10e) • Vor**
-

**UMD009F • Kynningar á málstofum (Ph.D.) • (0e) • Haust**
-

**UMD009F • Kynningar á málstofum (Ph.D.) • (0e) • Vor**
-

**UMD010F • Kynningar á málstofum: Verkefnisáætlun (Ed.D.) • (0e) • Haust**
-

**UMD010F • Kynningar á málstofum: Verkefnisáætlun (Ed.D.) • (0e) • Vor**
-

**UMD011F • Kynningar á málstofum: Ritgerðarvinna (Ed.D.) • (0e) • Haust**
-

**UMD011F • Kynningar á málstofum: Ritgerðarvinna (Ed.D.) • (0e) • Vor**
-

**UMD012F • Heimildaritgerð (Ed.D.) • (10e) • Haust**
-

**UMD012F • Heimildaritgerð (Ed.D.) • (10e) • Vor**
-

**UMD013F • Ritgerð um aðferðir (Ed.D.) • (10e) • Haust**
-

**UMD013F • Ritgerð um aðferðir (Ed.D.) • (10e) • Vor**
-

**UMD014F • Opinber fyrirlestur A • (10e) • Haust**
-

**UMD014F • Opinber fyrirlestur A • (10e) • Vor**
-

**UMD015F • Opinber fyrirlestur B • (15e) • Haust**
-

**UMD015F • Opinber fyrirlestur B • (15e) • Vor**
-

**UMD016F • Ritgerð (Ed.D.) • (45e) • Haust**
-

**UMD016F • Ritgerð (Ed.D.) • (45e) • Vor**
-

**UMD017F • Ritgerð (Ed.D.) • (55e) • Haust**
-

**UMD017F • Ritgerð (Ed.D.) • (55e) • Vor**
-

**UMD018F • Ritgerð (Ed.D.) • (65e) • Haust**
-

**UMD018F • Ritgerð (Ed.D.) • (65e) • Vor**
-

**UMD019F • Ritgerð (Ed.D.) • (75e) • Haust**
-

**UMD019F • Ritgerð (Ed.D.) • (75e) • Vor**
-

**UMD020F • Rannsóknaráætlun • (20e) • Haust**
-

**UMD020F • Rannsóknaráætlun • (20e) • Vor**
-

**UMD021F • Vörn I: Rannsóknaráætlun • (10e) • Haust**
-

**UMD021F • Vörn I: Rannsóknaráætlun • (10e) • Vor**
-

**UMD022F • Research thesis (Ph.D.) • (70e) • Haust**
-

**UMD022F • Research thesis (Ph.D.) • (70e) • Vor**
-

**UMD023F • Research thesis (Ph.D.) • (80e) • Haust**
-

**UMD023F • Research thesis (Ph.D.) • (80e) • Vor**
-

**UMD024F • Research thesis (Ph.D.) • (90e) • Haust**
-

**UMD024F • Research thesis (Ph.D.) • (90e) • Vor**
-

**UMD025F • Vörn II: Ritgerð • (20e) • Haust**
-

**UMD025F • Vörn II: Ritgerð • (20e) • Vor**
-

**UMD026F • Rannsóknaráætlun ásamt ágrip af greinum • (20e) • Haust**
-

**UMD026F • Rannsóknaráætlun ásamt ágrip af greinum • (20e) • Vor**
-

**UMD027F • Vörn A (Ph.D.) • (10e) • Haust**
-

**UMD027F • Vörn A (Ph.D.) • (10e) • Vor**
-

**UMD028F • Vörn B (Ph.D.) • (20e) • Haust**
-

**UMD028F • Vörn B (Ph.D.) • (20e) • Vor**
-

**UMD029F • Monograph and published papers • (70e) • Haust**
-

**UMD029F • Monograph and published papers • (70e) • Vor**
-

**UMD030F • Monograph and published papers • (80e) • Haust**
-

**UMD030F • Monograph and published papers • (80e) • Vor**
-

**UMD031F • Monograph and published papers • (90e) • Haust**
-

**UMD031F • Monograph and published papers • (90e) • Vor**
-

**UMD032F • Monograph and published papers • (100e) • Haust**
-

**UMD032F • Monograph and published papers • (100e) • Vor**
-

**UMD033F • Research thesis (Ph.D.) • (100e) • Haust**
-

**UMD034F • Research thesis (Ph.D.) • (100e) • Vor**
-

**UMD201F • Álitamál í fagmennsku (Ed.D.) • (10e) • Vor**
-

**UMS101F • Sýn barna og ungmenna á samskipti og samfélag • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Umsjónarkennari: Sigrún Aðalbjarnardóttir Prófessor
Viðfangsefni
Fjallað verður um margvísleg siðferðileg efni og mannréttindi, hvað það merkir að vera samfélagsþegn á tímum hnattvæðingar með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir. Áhersla verður á umfjöllun um lífsgildi í fjölþjóðlegu samfélagi nútímans. Leiðarljós umfjöllunarinnar er virðing og umhyggja; að hver og einn hafi ríka sjálfsvirðingu og beri virðingu fyrir öðrum nær og fjær; að hver og einn geti sýnt sjálfstæði og frumkvæði en um leið samkennd og umhyggjusemi; að hver og einn skynji að hann/hún hafi tiltekinn rétt í samfélagi karla og kvenna og jafnframt ábyrgð og skyldur við samborgarana. Rætt verður um rannsóknir á uppeldisáhrifum heimila og félagahópa og fjallað um skólaþróunarverkefni þar sem áhersla er lögð á að hlúa að samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og unglinga og um leið fjölmenningarlegri hæfni þeirra og borgaravitund í lýðræðisþjóðfélagi.
Vinnulag
Námskeið er skipulagt sem staðbundið. Kennsla fer fram í samræðum og gagnvirkum fyrirlestrum.
Námsmat byggist á verkefnum og prófum. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmatsins.

**UMS102F • Efst á baugi í þroskasálfræði: valin viðfangsefni • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Steinunn Gestsdóttir Lektor
Kennari: Anna Lind G Pétursdóttir Lektor
Kennari: Hrafnhildur Ragnarsdóttir Prófessor
Kennari: Sigrún Aðalbjarnardóttir Prófessor
Á hverju ári verða til umfjöllunar fjögur til fimm fræðasvið innan þroskasálfræðinnar sem hafa verið áberandi innan greinarinnar á síðustu árum. Breytilegt verður milli ára hvaða svið verður fallað um, má þar nefna nýlegar kenningarlegar nálganir og hvaða þýðingu þær hafa fyrir starf með börnum og unglingum; rannsóknir á þroska heilans og áhrifum hans á annan þroska; tengsl málþroska við annan mikilvægan þroska (t.d. skilning barna á eigin og annarra hugsun, tilfinningum og fyrirætlunum, samskiptafærni); þróun sjálfstjórnar í barnæsku og unglingsárum og tengsl við námsgengi í skóla; tengsl félagsþroska við annan mikilvægan þroska og hegðun (t.d. samskipti, námsgengi, áhættuhegðun); hvernig kenningar og rannsóknaraðferðir sálfræðinnar eru notaðar í starfi með einstaklingum með þroskafrávik og hvernig snemmtæk íhlutun hefur áhrif á færni og þroska barna; hvað er æskilegur þroski á unglingsárum og hvernig stuðla má að slíkum þroska; rannsóknir á þroska íslenskra barna og unglinga.
Vinnulag: Námskeiðið er kennt einu sinni í viku í staðnámi. Þátttaka í kennslustudnum er mikilvægur hluti námskeiðsins.
Nemendur velja sér svið fyrir verkefni sitt í námskeiðinu og kynna það fyrir samnemendum. Einnig verður heimapróf úr öll lesefninu.
Vægi hefur ekki verið ákveðið.

**UMS103F • Hugur, heilsa og forvarnir • (10e) • Haust • 3f + 2u**
Kennari: Sigurlína Davíðsdóttir Dósent

Fjallað er um helstu skilgreiningar á heilsu og áhrif hugarfars á heilsufar. Fjallað verður um tengsl líkama og sálar eins og þau birtast í heilsufari, áhrif streitu á líkamlega heilsu, hvernig hugarfar og atferli ýtir undir streitu og hvað dregur úr streitu. Þá verður fjallað um forvarnir með tilliti til heilsufars.
Próf (40%) 3 verkefni: (25%) 10-15 bls. ritgerð um efni sem tengist heilsusálfræði. Verkefnið getur verið heimildaritgerð eða rannsókn á einhverjum þáttum sem tengjast heilsufari og hugarfari. Athugið ítarefni á námsbókasafni. 9. vika. 10%) 3-4 bls. skýrslu um gestainnlegg um forvarnir, þá sérstaklega um athyglisverða þætti í þeim og það sem þeir telja að verði árangursríkt til forvarna. 11. vika. (25%) Forvarnaverkefni. Í skýrslu um það skal koma fram hver markhópurinn er, hver markmiðin eru og hvernig standa skuli að því að ná þeim og einnig að meta hvort það tekst. Nemar skulu nýta sér kenningar sem fram koma á námskeiðinu um gildi forvarna. Síðasti prófdagur.

**UMS201F • Áhættuhegðun og seigla ungmenna • (10e) • Vor • 3f + 2u**
Umsjónarkennari: Sigrún Aðalbjarnardóttir Prófessor
Kennari: Kristjana Stella Blöndal Lektor
Viðfangsefni
Á námskeiðinu er áhersla lögð á áhættuhegðun (s.s. vímuefnaneyslu, óábyrgt kynlíf, brokkgenga skólagöngu) og seiglu unglinga og ungs fólks í tengslum við ýmsa uppeldislega, félagslega og sálfræðilega þætti. Viðfangsefni eru m.a. sjálfsmynd, sjálfstraust, líkamsímynd, félagsþroski, samskiptahæfni, kvíði, depurð og sýn ungmenna á ýmsar áskoranir í lífi sínu, auk þáttar heimila, skóla og félagsstarfssemi í uppbyggingar- og forvarnarstarfi með ungu fólki. Kynntar verða bæði innlendar og erlendar rannsóknir á þessu sviði.
Vinnulag
Námskeið er skipulagt sem staðbundið. Kennsla fer fram í samræðum og gagnvirkum fyrirlestrum.
Námsmat byggist á verkefnum og prófi. Krafist er lágmarkseinkunnar (5,0) í prófþætti námsmatsins.

# Verkfræði- og náttúruvísindasvið

## Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

**HBV101M • Áreiðanleiki kerfa • (6e) • Haust • Stokkur: H7 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Klaus Marius Hansen Prófessor
Tölfræðilegir gæðamælitölur. Áreiðanleiki. Bilanatíðni og bilanalíkön. Áreiðanleiki hugbúnaðar. Staðallinn ISO/IEC 61508 "Functional safety of electrical/electronic/ programmable electronic safety-related systems."
Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**HBV201G • Viðmótsforritun • (8e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ebba Þóra Hvannberg Prófessor
Grafísk notendaviðmót og forritun þeirra. Forritun og verkefni í Java. Viðmótshönnun. Notendaviðmótsprófanir.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)

**HBV201M • Alþjóðleg markaðssetning tæknilausna • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f**
Umsjónarkennari: Jóhann Pétur Malmquist Prófessor
Lýsing námskeiðs verður birt síðar. Lýsing námskeiðs verður birt síðar.

**HBV401G • Þróun hugbúnaðar • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Ebba Þóra Hvannberg Prófessor
Fjallað er um líkanamálið UML til að lýsa hugbúnaði á öllum stigum hugbúnaðargerðar, þ.e. þarfalýsingu, gróf- og fínhönnun og prófanir. Nemendur fá þjálfun í að lýsa hugbúnaði með kvikum og kyrrlegum líkönum. Farið er í mismunandi gerðir líkana til að lýsa gagnaflæði, stýriflæði, og venslum. Skoðuð eru yfirlits og sértæk líkön, óformleg og formleg, svo dæmi sé tekið. Lögð er áhersla á notkun mismunandi líkanamála til að lýsa hugbúnaði og mismunandi aðferðum til þess að gera líkön. Einnig er farið yfir undirstöðuatriði hugbúnaðarverkfræði, svo sem æviskeiðslíkön.
Æskileg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)
Verkefni eru 5, þ.e. 4 verkefni og eitt rýnisverkefni. Miðmisserispróf gildir 35%. Verkefni gilda 25%, miðmisserispróf gildir 35% og lokapróf 40%. Fjögur verkefni verða lögð fyrir. Fimmta verkefnið er rýnisverkefnið og á hver hópur að rýna einu sinni. Hjálpargögn eru ekki leyfð í miðmisseris- eða lokaprófi. Nemendur vinna að verkefnum í hópi en leggja þó fram sjálfstætt framlag til verkefna.

**HBV501G • Hugbúnaðarverkefni 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Klaus Marius Hansen Prófessor
Fyrra námskeiðið af tveimur (HBV501G og HBV601G) þar sem nemendur vinna að umfangsmiklu hugbúnaðarverkefni í hópvinnu. Þarfagreining, þarfalýsing, greining, hönnun og fínhönnun verkefnisins. Áhættustjórnun og áhættugreining. Skipulagning og eftirfylgni verkefna, Gantt-rit. Notkun UML í hönnun kerfa; stöðurit, verknaðarrit og rýni hönnunar. Nytsemismat hugbúnaðarkerfa. Útboðsferlið, aðföng, þróunarferli, skjölun, samstæðustjórnun, rekjanleiki. Gæði hugbúnaðar, gæðahandbók, vottun gæðakerfa. Gæðatrygging. Verkefnastjórnun, umbótaferli. Mælingar í hugbúnaðargerð. Alþjóðlegir staðlar um þróun hugbúnaðar.
Nauðsynleg undirstaða: Þróun hugbúnaðar (HBV401G)

**HBV601G • Hugbúnaðarverkefni 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Klaus Marius Hansen Prófessor
Seinna námskeiðið af tveimur (HBV501G og HBV601G) þar sem nemendur vinna að umfangsmiklu hugbúnaðarverkefni í hópvinnu. Fínönnun, útfærsla, prófanir, uppsetning og afhending verkefnisins, sem var þarfagreint og hannað í námskeiðinu Hugbúnaðarverkefni 1. Útfærsla á skrefum. Forritunarstaðlar, skjölun, rekjanleiki og sönnun forrita. Gallalaus forritun. Mat á umfangi hugbúnaðarkerfa. Prófunaraðferðir. Prófanir og gæðamat á hugbúnaðarverkefnum. Rýni á hönnun og útfærslu. Uppsetning og viðtaka kerfa. Líftími hugbúnaðarkerfa. Mælingar í hugbúnaðargerð. Alþjóðlegir staðlar um þróun hugbúnaðar.
Nauðsynleg undirstaða: Hugbúnaðarverkefni 1 (HBV501G)

**IÐN101G • Rekstrarfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Dósent
Kennari: Sylvía Kristín Ólafsdóttir
Kennari: Helgi Þór Ingason Dósent
Markmið: Að gera nemendur færa um - að þekkja þau grundvallaratriði, sem einkenna rekstur og stjórnunarverkefni - að nota einfaldar aðferðir til að leysa rekstrarverkfræðileg verkefni. Námsefni m.a.: Stefnumótun og samkeppni. Markaður og spáaðferðir. Skipulagning framleiðslu. Grundvallaratriði rekstrarhagfræði, kostnaður og kostnaðarfræði, framlegð og ársreikningar, fjárfestingarútreikningar. Gæðastjórnun, umbætur og stýririt, hinn mannlegi þáttur framleiðslu. Yfirlitsáætlanir, línuleg bestun, flutningar, birgðastýring, pöntunarmagn og lotustærðir, aðfangaáætlun (MRP), framleitt án birgðasöfnunar (JIT), verkefnisstjórnun. Verkefni: Leyst eru í hópvinnu raunhæf, rekstrartæknileg verkefni úr atvinnulífinu.

**IÐN101M • Gæðastjórnun • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Helgi Þór Ingason Dósent
Markmið: Nemendur fái skilning á uppruna og þróun gæðastjórnunar og hvernig fyrirtæki og stofnanir geta byggt upp stjórnkerfi á grundvelli alþjóðlegs gæðastjórnunarstaðals. Í námskeiðinu er meðal annars fjallað um gæðahugtakið, innri og ytri viðskiptavini, gæðabrag, umbótaferli, liðsvinnu, gæðakostnað og gæðahringhrás og samhengi gæðastjórnunar og hönnunar og notkun tölfræði í gæðastjórnun. Sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um ISO9001 gæðastaðalinn og nemendur fást við hann í hópvinnu með því að skoða kröfur hans í samhengi við starfandi fyrirtæki.

**IÐN201M • Heiltölubestun, netlíkön og röðun • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Jensson Prófessor
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Nemendur verði færir um að velja og beita aðferðum heiltölubestunar og netlíkana við flókin ákvörðunarvandamál í rekstri og skipulagningu. Námsefni: Flutningar, umskipun, staðarval, úthlutun. Heiltölubestun, Branch & bounds" aðferðir, sniðflataaðferðir. Ýmis fléttufræðileg viðfangsefni, niðurskurður, bakpokavandamál, pökkun, samval. Netlíkön, minnsta spönn, stysta leið, mesta flæði, leiðarskipulag, útkeyrsla, vandamál farandsalans, verkröðun, vaktaskipulagning. Notkun tölva, raunhæf viðfangsefni leyst.
Nauðsynleg undirstaða: Aðgerðagreining (IÐN401G)

**IÐN202M • Nýsköpun og gerð viðskiptaáætlana • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um að skilja eðli og ferli nýsköpunar, einkenni og virkjun frumkvæðis og skrifa viðskiptaáætlun fyrir tiltekna hugmynd. Fjallað verður um öll atriði er tengjast gerð viðskiptaáætlana. Þar er einkum um að ræða; Hugmyndaleit, hugmyndamat og skilgreining á viðskiptahugmynd (þörf og lausn). Markaðsmál, sölumál og samkeppni varðandi hugmyndina og framsetning eftirpurnarfalls. Tæknin sem lausnin byggir á og tæknileg sérstaða lausnarinnar. Gerð framkvæmdaáætlunar fyrir tæknilega útfærslu lausnarinnar (verk- og tímaáætlun). Vernd hugverka og einkaleyfi. Gerð stofnkostnaðar- og fjármögnunaráætlunar. Gerð fjárhagsáætlana; rekstrar- og greiðsluáætlun ásamt áætlun um efnahagsreikning og arðsemis- og andvirðismat. Útreikningur ýmissa lykiltalna. Umfjöllun um stofnendur, eigendur og stjórnskipulag. Verkefnavinna: Þátttakendur vinna verkefni á grundvelli hugmyndaleitar og hugmyndamats. Verkefnin eru annað hvort sprottin úr hugmyndum þátttakenda eða tengjast starfandi fyrirtækjum. Verkefnin eru unnin í tveggja manna hópum og skila nemendur 4 áfangaskýrslum og verja verkefnin munnlega í lok annar. Lokaskýrsla skal vera fullmótuð viðskiptaáætlun ásamt arðsemismati og tillögum um hvernig verkefninu skuli hrint í framkvæmd.

**IÐN203M • Slembin ferli og ákvarðanafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Páll Jensson Prófessor
Í boði þegar ártal er jöfn tala. Markmið: Að veita nemendum þekkingu til að setja upp slembin líkön (stochastic model) af raunhæfum viðfangsefnum. Fjallað verður um helstu aðferðir sem notaðar eru til að lýsa slembnum kerfum og aðferðir sem notaðar eru til ákvarðanatöku við óvissar aðstæður. Námsefni: Markov keðjur, Poisson ferli, fæðinga-dauði ferli, biðraðaferli, Markov ákvarðanafræði (MDP), margmarkmiða ákvörðunarlíkön (MCDC), AHP, nytjaföll. Áhersla er lögð á hvernig líkön og aðferðir eru notaðar til að leysa raunhæf vandamál í verkfræði og rekstri. Notaðar verða tölvur, raunhæf verkefni leyst.
Nauðsynleg undirstaða: Aðgerðagreining (IÐN401G)

**IÐN204M • Stjórnun fyrirtækja • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Þór Ingason Dósent
Markmið: Gera nemendur færa um að takast á við hinn mannlega þátt stjórnunar um leið og þeir notfæri sér þá þekkingu, sem þeir hafa fengið í hinum ýmsu rekstrargreinum. Námsefni m.a.: Þróun stjórnunarfræða, markmiðssetning stjórnunarheilda, siðferði og atferli í fyrirtækjum. Atferlisfræði sem vísindagrein, menningarsvæði og stjórnun. Viðhorf, væntingar og persónuleiki. Félagsleg aðlögun. Hvatningakenningar, innri umbun og starfshönnun. Hópar, hópefli, árekstrar. Stjórnun og leiðtogahlutverk. Samskipta- og ákvörðunarferli. Streita og álag. Hönnun fyrirtækjaferla. Stjórnunarmynstur/skipurit. Forsendur nýsköpunar. Aðferðir valdaframsals. Stefnumótun og áætlanagerð. Verkefni: Greining á stjórnun í einu eða fleiri fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði þ.m.t. getu til nýsköpunar.

**IÐN301M • Vinnuvistfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Helgi Þór Ingason Dósent
Markmið: Gera nemendur færa um að samþætta þekkingu úr mörgum greinum mannvísinda í því skyni að laga vinnuaðstöðu, búnað tæki, skipulag, samskipti og fleiri þætti að starfsmönnum með þarfir, vellíðan og öryggi fólks í fyrirrúmi. Lykilþættir: Vinnuvistfræði, mannfræðilegar líkamsmælingar, líkamlegir áhættuþættir, vinnuaðstaða, búnaður, vélar, hljóðvist, lýsing, inniloft, andlegir og félagslegir áhættuþættir, meðhöndlun hættulegra efna, lög og reglur.

**IÐN401G • Aðgerðagreining • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Tómas Philip Rúnarsson Prófessor
Markmið: 1. Að gera nemendur færa um að gera sér skipulega mynd af flóknum ákvörðunar- og bestunarverkefnum og setja upp stærðfræðileg líkön til að leysa þau. 2. Að meta, velja og nota líkön og lausnaraðferðir aðgerðagreiningar á gagnrýninn hátt. Námsefni: Línuleg bestun, gagnvirkni, næmni, flutningar, úthlutun verka, netlíkön, heiltölubestun, kvik bestun, biðraðafræði. Notkun bestunarforrita við lausn á raunhæfum verkefnum.
Æskileg undirstaða: Rekstrarfræði (IÐN101G), Stærðfræðigreining IB (STÆ201G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**IÐN402G • Hermun • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Tómas Philip Rúnarsson Prófessor
Að námskeiðinu loknu ættu nemendur að vera færir um að greina viðfangsefni sem henta fyrir hermun, velja aðferð við hæfi, hanna hermilíkan, skipuleggja beitingu þess og túlka niðurstöður. Námsefni: Almennt um kerfi, líkön og lausnaraðferðir. Hermilíkön og aðferðafræði hermunar. Tímarásarlíkön. Atburðarás. Stakræn (discrete) hermun, biðkerfi, slembuframkallarar. Stakræn hermimál, SIMUL8, PROMODEL. Raunhæf verkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**IÐN403G • Varma- og varmaflutningsfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum grundvallarhugtök og lögmál varma-, straum- og varmaflutningsfræði. Námsefni: Varmafræðileg kerfi. Eiginleikar hreinna efna og fasabreytingar. Kjörgas, raungas, ástandsjöfnur og varmafræðilegar stærðir. Vinna, varmi, og 1. lögmál varmafræðinnar. 2. lögmál varmafræðinnar. Jafnhverf og einhverf ferli. Vinnuhringur Carnots og Kelvin hitastig. Óreiða (entropy). Varmavélar: Otto, Diesel, Brayton og Stirling vinnuhringir. Gufuvinnuhringir. Kælivélar og varmadælur. Varmaflutningur: Varmaleiðing, einvítt og tvívítt kerfi, stöðug og óstöðug varmaleiðni. Varmaburður, frjáls og þvingaður. Varmageislun, lögmál Stefan-Boltzmanns og

Plancks. Geislunareiginleikar efna. Formstuðull, og geislaflutningur milli flata. Varmaskiptar, afköst og eiginleikar.

**IÐN501G • Vörustjórnun og framleiðsla • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Dósent
Kennari: Helgi Þór Ingason Dósent
Í námskeiðinu er farið í gegnum grundvallaratriði flutningafræði, vörustjórnunar og skipulagningar framleiðslu. Námskeiðið er í raun þríþætt þar sem byrjað er á að fara í gegnum þá þætti sem snúa að innkaupum, aðdrætti til framleiðslu og stjórnun birgða. Þar næst er litið á skipulagningu framleiðslu og að lokum tekið á þeim þáttum sem snúa að flutningum og dreifingu. Stór þáttur í námskeiðinu eru verkefni sem unnið er að í hópum og snerta þau þrjú svið sem tekist er á ásamt atriðum sem snerta sviðin svo sem tækni í meðferð vöru og vörueininga, mismunandi flutningamátar, upplýsingatækni ásamt fleiru.

**IÐN502G • Hagverkfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Jensson Prófessor
Kennari: Eiríkur Dór Jónsson
Gera nemendur færa um: 1. Að skilja helstu hugtök bókhalds, kostnaðarreiknings, fjárfestingarfræði og ákvörðunarfræði. 2. Að læra að nota ýmsar aðferðir til að meta hagkvæmni verktæknilegra kosta. 3. Að læra að gera reiknilíkan til að meta arðsemi fjárfestinga, virði fyrirtækja, verðleggja hlutabréf og skuldabréf. Námsefni m.a.: Bókhald, kostnaðarreikningar, fjárstreymi, fjárfestingarfræði, ákvarðanafræði, arðsemilíkön.

**IÐN503G • Verkefnastjórnun 1- Áætlanagerð • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Þór Ingason Dósent
Í námskeiðinu er lögð áhersla á að kenna helstu hugtök og grunnatriði í verkefnastjórnun og gefa nemendum góða yfirsýn yfir verkefnastjórnun sem heilsteypta fræðigrein. Athygli er einkum beint að áætlanagerð í verkefnum, þ.e. gerð heildstæðra verkefnisáætlana sem fela í sér m.a. tímaáætlanir og kostnaðaráætlanir. Meðal efnisatriða eru verkefni og verkefnastjórnun, skilgreining verkefna, umhverfi verkefna, markmiðasetning, skipulag, stjórnskipulag, upplýsingakerfi, tímaáætlanir, kostnaðaráætlanir, ræs og lúkning verkefna. Samhliða fyrirlestrum er nemendum tvisvar á misserinu skipt í vinnuhópa sem gera verkefnisáætlun. Námsmat er byggist á verkefnisáætlunum sem hver nemandi tekur tvisvar þátt í að gera í mismunandi hópum. Í lok misseris er skriflegt próf úr efni haustsins.

**IÐN504G • Verkefni • (6e) • Haust**
Nemendum á þriðja ári er gefinn kostur á að vinna að verkefni sem tengist véla- og/eða iðnaðarverkfræði. Verkefnið er unnið undir umsjón a.m.k. eins fastráðins kennara deildarinnar. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar eða munnlegu prófi, sem metin er til einkunnar.

**IÐN601G • Verkefni • (6e) • Vor**
Nemendum á þriðja ári er gefinn kostur á að vinna að verkefni sem tengist véla- og/eða iðnaðarverkfræði. Verkefnið er unnið undir umsjón a.m.k. eins fastráðins kennara deildarinnar. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar eða munnlegu prófi, sem metin er til einkunnar.

**IÐN602G • Verkefni • (6e) • Sumar**
Nemendum á þriðja ári er gefinn kostur á að vinna að verkefni sem tengist véla- og/eða iðnaðarverkfræði. Verkefnið er unnið undir umsjón a.m.k. eins fastráðins kennara deildarinnar. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar eða munnlegu prófi,sem metin er til einkunnar.

**IÐN603G • Iðnaðartölfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Guðmundur Ragnar Jónsson Framkvæmdastjóri
Umsjónarkennari: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur færa um að nota ýmsar aðferðir við lausn tölfræðilegra vandamála og almenna gagnaúrvinnslu. Námsefni: Línuleg og ólínuleg aðhvarfsgreining. Fervika- og þáttagreining. Tölfræðilegt gæðaeftirlit, m.a. stýririt X-, R-, c-, p- og samsöfnunarkort. Samþykkt/höfnun safna, áhættufall og úrtaksáætlanir. Meginþáttagreining. Nokkur stikalaus próf, sem beita má við úrvinnslu á gögnum. Notkun tölfræðiforrita við lausn á verkefnum.
Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**REI201G • Stærðfræði og reiknifræði • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Kristján Jónasson Dósent
A. Stærðfræði: Fylki, lausn línulegra jöfnuhneppa, eigingildisverkefni. Ferlar og fletir, föll af mörgum breytistærðum, hlutafleiður. Afleiðujöfnuhneppi. Forritunarmálið Matlab.
B. Reiknifræði: Skekkjumat við fleytitölureikninga. Lausn ólinulegra jafna með ítrekun. Brúun og nálgun falla og ferla. Töluleg heildun, deildun og lausn afleiðujafna. Lausn línulegra jöfnuhneppa með þáttun.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IC (STÆ105G)

**REI201M • Reiknigreind • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Tómas Philip Rúnarsson Prófessor
Grunnatriði vélræns lærdóms, þar sem fjallað er um reiknirit sem endurbætast sjálfvirkt með reynslu. Reglubundinn lærdómur. Ákvarðanatré. Bayes lærdómur. Tauganet. Þróunarreiknirit. Styrkingarlærdómur.
Æskileg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Stærðfræði og reiknifræði (REI201G) eða Töluleg greining B (STÆ405G)
Þrjú reikniverkefni sem vega 10% hvert. Átta dæmaverkefni sem vega 2.5% hvert. Nemandi verður að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi; 5 fyrir BS-nema og 6 fyrir meistaranema.

**REI202M • Ólínuleg bestun • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Kristján Jónasson Dósent
Skorðulaus bestun og lágmörkun minnstu ferninga: Newtonsaðferð og skyldar aðferðir, aðferð samoka stefna. Skorðuð bestun: Kuhn-

Tucker-skilyrði, línulegar og ólínulegar skorður, ferningsbestun, Lagrange-margfaldarar, refsiföll og gagnvirkar aðferðir. Gefin er hluteinkunn fyrir skriflegar úrlausnir á verkefnum og vegur hún 30% af heildareinkunn. Stúdent telst ekki hafa staðist próf, ef prófseinkunn er lægri en lágmarkseinkunn fyrir námskeiðið í heild.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G) eða Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G), Töluleg greining B (STÆ405G)

**TÖL001G • Lokaverkefni • (4e) • Haust**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL002G • Lokaverkefni • (4e) • Vor**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL003G • Lokaverkefni • (4e) • Sumar**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL004G • Lokaverkefni • (6e) • Haust**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL005G • Lokaverkefni • (6e) • Vor**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL006G • Lokaverkefni • (6e) • Sumar**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL007G • Lokaverkefni • (8e) • Haust**
Sjállfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL008G • Lokaverkefni • (8e) • Vor**
Sjállfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL009G • Lokaverkefni • (8e) • Sumar**
Sjállfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL010G • Lokaverkefni • (10e) • Haust**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL011G • Lokaverkefni • (10e) • Vor**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL012G • Lokaverkefni • (10e) • Sumar**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL013G • Lokaverkefni • (12e) • Haust**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL014G • Lokaverkefni • (12e) • Vor**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL015G • Lokaverkefni • (12e) • Sumar**
Sjálfstætt verkefni undir handleiðslu kennara.

**TÖL101G • Tölvunarfræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 3f + 2d + 2æ**
Umsjónarkennari: Snorri Agnarsson Prófessor
Forritunarmálið Java verður notað til að kynnast grundvallaratriðum í tölvuforritun. Æfingar í forritasmíð verða á dagskrá allt misserið. Áhersla verður lögð á skipulegar og rökstuddar aðferðir við smíði forrita og góða innri skjölun. Helstu hugtök tengd tölvum og forritun. Klasar, hlutir og aðferðir. Stýrisetningar. Strengir og fylki, aðgerðir og innbyggð föll. Inntaks- og úttaksaðgerðir. Erfðir. Hugtök varðandi hönnun og byggingu kerfa og vinnubrögð við forritun. Ítrun og endurkvæmni. Röðun og leit.
Meðaltal 10 bestu skilaverkefna gildir 30% af heildareinkunn. Lokaprófið gildir 70%.

**TÖL101M • Valið efni í tölvunarfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Snorri Agnarsson Prófessor
Valið efni í tölvunarfræði. Haustið 2007 mun þetta námskeið fjalla um forritun handtölva. Ekki er enn ákveðið allar gerðir handtölva sem verða notaðar í námskeiðinu, en meðan þeirra sem unnið verður með verða a.m.k. Microsoft PocketPC tölvur og Java símar. Einnig er hugsanlegt að forritað verði á Palm og Symbian tæki. Notuð verða þróunartól sem líkja eftir slíkum tækjum. Sérstök áhersla verður lögð á viðmótsforritun handtölva. Forritunarmál sem notuð verða eru Java og C# og e.t.v. C++.

**TÖL103G • Tölvutækni og samfélagið • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Jóhann Pétur Malmquist Prófessor
Kynning á hinum ýmsu sviðum tölvunarfræðinnar fyrir tölvunarfræðinema og nemendur annara deilda. Farið er í geymslu gagna í tölvum, framkvæmd forrita, stýrikerfi, tölvunet, reiknirit og forritunarmál. Hugbúnaðarverkfræði er kynnt, einnig skipulag gagna og gagnasafnskerfi. Loks eru gervigreind og reiknanleiki skoðuð.

**TÖL104G • Stærðfræðimynstur í tölvunarfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sven Þórarinn Sigurðsson Prófessor
Yrðingar, umsagnir og rökleiðingar. Mengjareikningur og Boolealgebrur. Þrepun og endurkvæmni. Grunnaðferðir við greiningu reiknirita og talningu. Einföld reiknirit í talnafræði. Vensl, eiginleikar þeirra og framsetning. Tré og net og einföld reiknirit tengd þeim. Strengir, dæmi um mál, stöðuvélar og málfræðikerfi.
Vikuleg heimaverkefni sem gilda 2% hvert. Heildareinkunn verkefna summa tíu bestu einkunna. Nemandi verður að ná einkunn 5 á lokaprófi og sem lokaeinkunn

**TÖL105G • Tölvunarfræði 1a • (6e) • Haust • Stokkur: H3**
Umsjónarkennari: Kristján Jónasson Dósent
Forritun í Matlab (forritunarmál sniðið að verkfræðilegum og raunvísinda-legum útreikningum): Helstu skipanir og setningar (útreikningur, stýri-setningar, innlestur og útskrift), skilgreining og inning falla, gagnatög (tölur, fylki, strengir, rökgildi, færslur), aðgerðir og innbyggð föll, vigur- og fylkjareikningur, skráavinnsla, tölfræðileg úrvinnsla, myndvinnsla. Kynning á Java (hlutbundið forritunarmál, m.a. hentugt fyrir smíði stærri kerfa): Helstu skipanir, klasar, hlutir, smiðir og aðferðir. Hugtök tengd hönnun og smíði tölvukerfa: Forritunarumhverfi, vinnubrögð við forritun, gerð falla- og undirforritasafna og tilheyrandi skjölun, villuleit og prófun forrita.
Vikuleg heimaverkefni sem gilda 2% hvert. Heildareinkunn verkefna er summa tíu bestu einkunna og vegur 20%. Miðannarpróf vegur 30% ef það leiðir til hækkunar, annars 0%. Lokapróf vegur 50% ef miðannareinkunn leiðir til hækkunar, annars 80%. Nemandi verður að ná einkunn 5 sem prófseinkunn og sem lokaeinkunn til að standast námskeiðið.

**TÖL106G • Tölvur og stýrikerfi • (2e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Hjálmtýr Hafsteinsson Dósent
Kennsla verður fyrstu fjórar vikur misseris í sama stokki og námskeiðið Tölvutækni og samfélagið (áður en það námskeið byrjar). Lýsing námsefnis: Kynning á stýrikerfinu Unix. Skipulag skráakerfis, helstu hjálparforrit, gluggakerfi, skipanalínuvinnsla og skeljarforritun.
Vikuleg heimadæmi

**TÖL202M • Þýðendur • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Snorri Agnarsson Prófessor
Hönnun forritunarmála. Skipulag og hönnun þýðenda. Lesgreinar, ofansæknir og neðansæknir þáttarar, þulusmiðir. Stórt einstaklingsverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Forritunarmál (TÖL304G)

**TÖL203G • Tölvunarfræði 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Snorri Agnarsson Prófessor
Byrjað verður á kynningu á forritunarmálinu C++. Námskeiðið mun nota forritunarmálin C++ og Java. Fjallað er um gagnaskipan, reiknirit og huglæg gagnatög. Meðal gagnaskipana, sem farið er yfir, eru listar, hlaðar, biðraðir, forgangsbiðraðir, tré, tvítré, tvíleitartré og hrúgur auk viðkomandi reiknirita. Kynnt verða ýmis leitar- og röðunarreiknirit. Reiknirit eru greind, hvað þau taka langan tíma í vinnslu og hve mikið minnisrými. Forritunarverkefni, sem nota áðurnefnda gagnaskipan og reiknirit, eru leyst í C++ og Java. Mörg lítil forritunarverkefni verða í námskeiðinu.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)

**TÖL203M • Tölvugrafík • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Hjálmtýr Hafsteinsson Dósent
Megináhersla námskeiðsins er á grunnhugtök og stærðfræði fyrir þrívíddar tölvugrafík. Tvívíðar og þvívíðar varpanir. Sjónvörpun. Ljós og litun hluta. Mynsturvörpun, blöndun, holuvörpun. Forritanleg litun. Ferlar og yfirborð. Forritunarverkefni í OpenGL.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)

**TÖL301G • Formleg mál og reiknanleiki • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Sven Þórarinn Sigurðsson Prófessor
Líkön fyrir reiknanleika: Einföld forritunarmál, rakin föll, Turing vélar, málfræðireglur. Endanlegar stöðuvélar og staflavélar. Flokkun formlegra mála og já-nei verkefna eftir erfiðleikum við að bera kennsl á strengi og já-tilvik. Óleysanleg verkefni, tilgáta Church. Flækjustigsflokkarnir P, NP og RP.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðimynstur í tölvunarfræði (TÖL104G), Stærðfræðigreining IC (STÆ105G) eða Stærðfræðigreining IB (STÆ201G)

**TÖL302G • Tölvukerfi og markaðsmál • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Jóhann Pétur Malmquist Prófessor
Markaðsmál hugbúnaðarkerfa: vöruskilgreiningar, dreifistefna, kynningarstefna, verðstefna og samningamál. Farið yfir ýmis mál tengd fyrirtækjastofnun. Gerð viðskiptaáætlana. Nemendur æfa sig í að koma fram og halda fyrirlestra tengda efninu.

**TÖL303G • Gagnasafnsfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Hjálmtýr Hafsteinsson Dósent
Gagnasöfn og gagnasafnskerfi. Einindavenslalíkanið. Töflulíkanið og töflualgebra. SQL fyrirspurnarmálið. Hagkvæmni geymsluaðferða og úrvinnsluaðferða. Fallákveður, lyklar og staðalskipulag gagna í venslalíkaninu. Bestun fyrirspurna. Hreyfingar, samhliða vinnsla hreyfinga

og læsingar. Endurbygging gagnasafna. Öryggi gagnasafna og aðgangsheimildir. Vöruhús gagna.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)

**TÖL304G • Forritunarmál • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Snorri Agnarsson Prófessor
Helstu gerðir forritunarmála kynntar. Bálkmótuð mál, listavinnslumál, hlutbundin forritun. Lýsing forritunarmála, þýðendur og túlkar. Uppbygging bálkmótaðra mála. Einingaforritun. Föll og undirforrit, viðföng og samskipti. Minnismeðhöndlun, ruslasöfnun. Forritunarmálin Scheme, CAML, Java, Morpho, C++ og Haskell verða skoðuð. Hlutbundin forritunarmál. Hlutir og erfðir. Listavinnsla og fallsforritun. Lýsing forritunarmála. Málfræði, uppbygging þýðenda. Áhersla er lögð á einingaforritun (einkum fjölnota einingar), listavinnslu, fallsforritun, og bálkmótun.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 2 (TÖL201G) eða Tölvunarfræði 2a (TÖL202G)
Meðaleinkunn 10 bestu vikuverkefna vegur 30% í lokaeinkunn.

**TÖL305G • Tölvunet og öryggi • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Þorbergsson Dósent
Kennari: Jón Ingi Einarsson Aðjunkt
Kennt þegar ártal er slétt tala.
Námskeiðið er hagnýtt námskeið sem kennir nemendum undirstöðuatriði tölvuneta. Lögð er áhersla á staðarnet, 802.3 og 802.11, og jafnframt á TCP/IP. Farið er í greiningu á þörfum fyrir tölvunet og hönnun þeirra. Fjallað verður um hug- og vélbúnað sem notaður er til útfærslu tölvuneta. Uppsetning og viðhald tölvuneta. Öryggiskerfi fyrir tölvunet. Nemendur læra að greina hættur og bregðast við þeim. Skriflegt próf í lok misseris(60%). Tveir 10-15 mín. fyrirlestrar um sitthvort efnið, annar í kennslutíma (15%) og hinn á ráðstefnu (25%) sem auglýst er opinberlega og er opin öllum.

**TÖL306G • Vefforritun • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Ebba Þóra Hvannberg Prófessor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Almenn kynning á vefforritunar módelinu. HTML, Javascript, CSS, AJAX ásamt bakenda forritun í PHP eða JSP. Mashups. Einnig Python forritunarmálið. Verkefnavinna verður mikilvægur þáttur í námskeiðinu og munu nemendur búa til eigin vefi sem notfæra sér tæknina sem kennd verður. Þá verður lögð áhersla á að vefirnir séu notendavænir og aðgengilegir fyrir alla.

**TÖL401G • Stýrikerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Helmut Wolfram Neukirchen Dósent
Helstu þættir tölvustýrikerfa. Ferlastjórnun, geymsla, dreifð kerfi, verndun og öryggi. Tekin eru dæmi úr Unix, Linux og Windows. Ívafsstýrikerfi.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)

**TÖL402G • Rökfræði og hugbúnaðargerð • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Kristján Jónasson Dósent
Yrðingar og umsagnarökfræði. Vélræn röksemdarfærsla og rökfræðileg forritun. Formlegar skilgreiningar við hönnun hugbúnaðar. Líkanprófanir. Sönnun forrita. Tímaháð rökfræði og samskeiða kerfi. Háttarökfræði og samverkandi gerendur.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðimynstur í tölvunarfræði (TÖL104G), Stærðfræðigreining IC (STÆ105G) eða Stærðfræðigreining IB (STÆ201G)
Vikuleg heimaverkefni sem gilda 4% hvert. Lokaeinkunn heimaverkefna summa 10 hæstu einkunna Nemandi verður að ná einkunn 5 á lokaprófinu.

**TÖL403G • Greining reiknirita • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Hjálmtýr Hafsteinsson Dósent
Aðferðir við hönnun og greiningu á tímaflækju reiknirita. Kynning og greining á reikniritum fyrir röðun, leit, netafræði og fylkjareikning. Torleysanleg vandamál, nálgunaraðferðir og slembin reiknirit.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðimynstur í tölvunarfræði (TÖL104G), Tölvunarfræði 2 (TÖL201G) eða Tölvunarfræði 2a (TÖL202G)
Vikuleg heimadæmi og tvö stærri verkefni.

**TÖL404G • Málstofa í tölvunarfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 2u**
Umsjónarmaður: Jóhann Pétur Malmquist Prófessor
Fjallað er um ákveðið svið tölvunarfræðinnar eftir vali kennara.

**VÉL101M • Sveiflugreining • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Kennari: Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson Tæknimaður
Kennari: Rúnar Unnþórsson Verkefnisstjóri
Markmið: Að kenna nemendum nýjar aðferðir við sveiflugreiningu og hagnýt not sveiflufræðinnar. Námsefni: Tíðnigreining, slembiaðferð og wavelet greining. Lotubundnar sveiflur, svipular sveiflur og höggsveiflur. Sveiflumælingar og krítiskar sveiflur fyrir burðarvirki, vélbúnað, stýribúnað og mannslíkamann. Ástandsgreining, eftirlitskerfi og fyrirbyggjandi viðhald. Nemendur vinna verkefni þar sem þeir vélbúnað og finna sveiflugjafa, eigintíðnir og ástand.

**VÉL102M • Orkufrek framleiðsluferli • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Kennari: Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir Dósent
Markmið: Að nemendur fræðist um framleiðsluferli í efnistækni. Að hvetja nemendur til að hugsa um möguleika Íslands til að hagnýta

endurnýjanlega orku. Farið verður yfir framleiðsluferli í íslenskum framleiðslufyrirtækjum, t.d. framleiðslu kísiljárns, rafgreiningu áls, framleiðslu steinullar og fleira. Kynnt verða ýmis stærri framleiðsluferli í efnistækni, með sérstakri áherslu á þau ferli sem þykja fýsilegur kostir á Íslandi. Lögð verður áhersla á að nemendur fái yfirsýn yfir framleiðsluferlin, hráefni, orkugjafa/orkuþörf, framleiðsluaðferðir, mengun, afurðir o.fl. Einnig verður rætt um efnahagslegan bakgrunn, þ.e. kostnað, hagnað og markaðssveiflur. 1-2 stór hagnýt verkefni eru unnin samhliða fyrirlestrum allt misserið og farið er í vettvangsferðir.
Æskileg undirstaða: Sveiflufræði (VÉL401G), Framleiðsluferli (VÉL403G)

**VÉL103M • Tölvuvædd greining • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Markmið: Að gera nemendur færa um að nota elementaðferðina við greiningu á burðarvirkjum og við útreikning á varmaflæði og streymi vökva. Námsefni m.a.: Smábútaaðferðin. Stífnifylki, jafnvægisjöfnur, tölusetning hnútapunkta, randskilyrði. Stöðuorka, stöðu gildi, Rayleigh-Ritz aðferðin. Isoparametrísk framsetning. Hnitaskipti. Gangfræði og sveiflur. Efni sem ekki eru línuleg. Ólínuleg greining.
Nauðsynleg undirstaða: Burðarþolsfræði (VÉL202G)

**VÉL104M • Lífaflfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Brynjólfsson Prófessor
Kennari: Fjóla Jóhannesdóttir
Stoðkerfi mannsins er flókið og áhugavert burðarvirki sem aðlagar sig stöðugt að breyttum aðstæðum á sem hagkvæmastan hátt. Með því að skoða aflfræði stoðkerfisins fæst þekking sem meðal annars er hægt að nýta við hönnun gervilima, þróun á meðferðaúrræðum fyrir sjúklinga og val á efnum til ígræðslu.
Markmið námsskeiðsins er tvíþætt:
Skilja grundvallaratriði í aflfræði stoðkerfisins.
Auka þekkingingu í véla- og lífverkfærði með því að greina og skilja flókin lifandi kerfi.
Farið verður í krafta og hreyfingu, aflfræði vefja og líffæra, hönnun og greiningu gervihluta (implants). Sérstaklega verður farið í álag á liði og bein, beinþynningu og beinbrot, aðlögun beina og efniseiginleika stoðkerfis (vöðva, beina, brjósks og sina).
Nauðsynleg undirstaða: Burðarþolsfræði (VÉL202G)
Æskileg undirstaða: Vélhlutafræði (VÉL402G)

**VÉL201G • Tölvuteikning og framsetning • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 2f + 4v**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Nemendur öðlist fræðilega undirstöðu í teiknifræði, færni í lestri teikninga og miðlun upplýsinga með teikningum. Áhersla er lögð á tengsl milli rúmfræði 3-víðra hluta og 2-víðra mynda af þeim. Ennfremur á framsetningu upplýsinga í máli og myndum þannig að allur frágangur og vinnubrögð séu í samræmi við kröfur til starfandi verkfræðinga. Námsefni: Grunnteikniaðferðir. Rúmfræðileg lýsing hluta (descriptive geometry): Stefnuvarp og ofanvarp af ferlum, flötum og hlutum. Hornrétt ofanvörp. Ásmyndun, réttásamyndun, skáásamyndun og horfmyndun (perspective). Málsetningar og snið. Samsetningarteikningar, efnislistar, útflatningar. Gerð þrívíðra líkana og frágangur yfir á pappír. Myndir, skráargerðir ofl. Uppbygging ritgerða, greina og skýrslna. Æfingar: Auk reikni- og teikniæfinga í tengslum við fyrirlestra er farið í teiknireglur og teikniaðferðir, stærð og brot teikninga. Skýrslur og gerð þeirra, uppsetning og frágangur handrita.

**VÉL201M • Fiskveiðar og útgerð • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Að veita nemendum almenna þekkingu á fiskimiðum og hvernig staðið er að nýtingu þeirra. Einnig að greina helstu þætti í rekstri fiskiskipa og helstu gerðir veiðarfæra, kosti þeirra og galla. Námsefni: Fisktegundir, stofnstærðir og útbreiðsla. Veiðarfæri, meðferð á afla. Fiskiskip, mismunandi hlutverk, sérhæfni og sveigjanleiki. Hráefnismeðferð um borð. Helstu lög og reglur í fiskveiðum. Ónýttar og vannýttar sjávarafurðir, nýjar leiðir til úrbóta. Fyrirbyggjandi viðhald, vinnuskipulag og launakerfi á fiskiskipum.

**VÉL202G • Burðarþolsfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður Brynjólfsson Prófessor
Markmið námsskeiðsins er að gera nemendur færa um að reikna krafta og spennur í einföldum hlutum. Fjallað er um aflfræði og álagsgreining einfaldra burðarvirkja, svo sem stanga, bita og öxla. Reiknaðar eru spennur, færslur og formbreytingar vegna álags. Einnig er fjallað um orkuaðferðir og kiknun einfaldra súlna sem og brot- og flotmörk efna. Kynnt eru forrit til að greina burðarvirki.
Æskileg undirstaða: Eðlisfræði 1 V (EÐL102G)

**VÉL202M • Loft- og vökvastýringar • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um að greina, meta og hanna loft- og vökvastýringar (og kerfi). Námsefni: Notagildi loft- og vökvastýringa. Eiginleikar vökva og lofts sem þrýstimiðla. Straumfræði samþjappanlegra vökva og reikningar á þrýstihöggum. Stöðugir og svipulir eiginleikar mismunandi kerfishluta, svo sem vökvamótora, dælna, þjappna og ventla. Með tilliti til vökvastýringar verður meðal annars fjallað um streymis-, þrýstings- og stefnustýringar. Í loftstýringum verður aðaláherslan lögð á hönnun rökrænna raðstýringa. Raðstýringar sem eru byggðar á rök-algebru.
Nauðsynleg undirstaða: Sjálfvirk stýrikerfi (VÉL504G)

**VÉL203M • Tæknileg iðnhönnun • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur færa um að þróa og hanna framleiðsluvörur og vinnslukerfi. Námsefni: Hönnunaraðferðir og huglæg hönnun: Þarfagreining aðgerðagreining, matsskilyrði, jaðarskilyrði, lausnarrúm og ákvörðunartaka. Hlutlæg hönnun: Form, samtengingar og víddir. Ákvörðunartaka, kerfisgreining og þekkingarkerfi. Tölvustudd hönnun: Þráðlíkan, yfirborðslíkan, rúmmálslíkan, framsetning og frágangur. Flutningakerfi, vörumeðhöndlun, vinnsla og pökkun. Vörugæði, ending og urðun.

**VÉL204M • Tölvustýrð kerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**

Umsjónarkennari: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Námsefni m.a.: Notkun tölva í stýrikerfum. Greining stakrænna kerfa með Z-vörpunum og samsvörun stakrænna og samfelldra kerfa. Uppbygging stýritölva og gerð stýrihugbúnaðar. Hönnun stafrænna stýringa með hefðbundnum aðferðum. Hönnun stafrænna stýrikerfa m eð ástandsaðferðum, m.a. með pólsetningu og beitingu ástandsskoðunar. Nokkur hönnunarverkefni leyst með aðstoð tölvu.
Nauðsynleg undirstaða: Sjálfvirk stýrikerfi (VÉL504G) eða Sjálfvirk stýrikerfi (RAF502G)

**VÉL205M • Tölvustýrður vélbúnaður • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Markmið: Að kenna nemendum að hanna vélbúnað sem byggir á stýritækni, rafbúnaði og aflliðum. Að tengja saman stýritækni, rafmagnsfræði og vélhlutafræði. Námsefni: Aflgjafar, drifbúnaður, færslukerfi, mælinemar, reglar og tölvustýringar. Vökvaþrýstikerfi, loftþrýstikerfi, færibönd, flutningakerfi og fiskvinnsluvélar.

**VÉL206M • Tölvuvædd hönnun • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Að gera nemendur færa um að nota þrívíð hönnunarkerfi við hönnun vélhluta; að skilgreina þær þarfir sem hugbúnaðurinn þarf að uppfylla. Námsefni m.a.: Unnið verður með þráð-, yfirborðs- og rúmmálslíkön. Lögð verður áhersla á notkun stikaframsetningar við þrívíða líkanagerð ásamt hugtökum sem henni tengjast s.s. grafískum ferlum; spline-, NURBS- og bezierferlar. Tenging og notkun við greiningar-, hermi- og framleiðsluhugbúnað verður einnig kynnt.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvuteikning og framsetning (VÉL201G) eða Tölvuteikning og framsetning (BYG202G)

**VÉL301G • Efnisfræði V • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið fjallar um efnisfræði, eiginleika og notagildi málma og melma sem burðarefna. Fræðilegur grundvöllur er gefinn fyrir skilningi á hegðun efnisins út frá smásæjum sjónarhóli. Námsefni m.a.: Tengsl framleiðsluaðferða við eiginleika málma, prófun eiginleika og möguleikar á stýringu þeirra, t.d. með herslu. Nokkrir efnisflokkar eru teknir fyrir sérstaklega, svo sem stál og járnsteypa, ál og aðrir léttmálmar, eirmelmi, framleiðsla þeirra, eiginleikar og notkunarsvið. Forsendur tæringar og fyrirbygging hennar. Aðrir efnisflokkar, svo sem fjölliðuefni og keramíkefni eru kynntir og bornir saman við málma. Dæmaæfingar og verklegar tilraunir.

**VÉL302G • Örtölvu- og mælitækni • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Guðmundur Ragnar Jónsson Framkvæmdastjóri
Kennari: Rúnar Unnþórsson Verkefnisstjóri
Grundvallaratriði rafmagnsfræði. Riðstraumur og veitukerfi. Rafeindarásir og hegðun þeirra. Aflgjafar. Magnarar. Afturverkun. Rökrásir. Rafmótórar og stýringar þeirra. Skynjarar sem nema eðlisfræðilegar stærðir svo sem færslu, snúning, þrýsting og rennsli. Stafræn mælitækni. Tölvustýrðar mælingar og stýringar. Fyrir námsgögn og samskipti verður notað kennsluumhverfið WebCT.

**VÉL401G • Sveiflufræði • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Markmið: Undirstöðuatriði í sveiflufræði. Námsefni m.a.: Frjálsar og drifnar sveiflur í línulegum kerfum með einni frelsisgráðu. Eigintíðnir og dempun. Svipular sveiflur. Laplace ummyndanir. Fourier raðir. Sveiflur í kerfum með tveimur frelsisgráðum. Tölulegar aðferðir til lausnar á kerfum með mörgum frelsisgráðum. Sveiflur í samfelldum kerfum. Sveiflumælingar, bilanagreining og ólínulegar sveiflur. Dæmaæfingar og verklegar tilraunir.

**VÉL402G • Vélhlutafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður Brynjólfsson Prófessor
Markmið: Að nemendur geti greint og hannað vélhluti. Námsefni m.a.: Brotkenningar, þreytubrot, bolta- og suðusamskeyti. Veltilegur og rennilegur. Drifbúnaður: reimdrif, keðjudrif, snekkjudrif og gírar. Öxlar, tengi og hemlar.
Nauðsynleg undirstaða: Burðarþolsfræði (VÉL202G)

**VÉL403G • Framleiðsluferli • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Markmið: Gera nemendur færa um að gera sér skipulega mynd af framleiðsluferlum og öðlast þekkingu á getu hinna ýmsu framleiðsluferla. Námsefni: Framleiðsluferli og grundvallareiningar þess, þ.e.a.s. efnisflæði, orkuflæði, upplýsingaflæði. Ferli sem viðhalda massa, s.s. völsun, vírdráttur, extrudering, sprengjuformgjöf. Ferli sem fjarlægja massa, s.s. rennismíði, fræsun, borun, heflun, sögun, stönsun. Samsetningarferli s.s. málmsuða, lóðun; málmsteypa, duftpressun. Plastefni og vinnsla úr plasti. Kynning á framleiðsluferlum íslenskra fyrirtækja.

**VÉL404G • Hlutafleiðujöfnur í verkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 1d**
Markmið námskeiðsins er að þróa skilning á hlutafleiðujöfnum til notkunar við lausn verkfræðilegra vandamála.
Efni: Flokkun hlutafleiðujafna, elliptískar, parabólskar og hyperbólskar hlutafleiðujöfnur og tenging við verkfræðileg vandamál: sveim, tímaháð vandamál og bylgjuhreyfing. Áhrif fjölda rúmvídda á lausnir. Fyrsta og annars stigs diffurvirkjar. Framsetning verkefna, randskilyrði og upphafsskilyrði. Lausnir með aðskilnaði breytistærða, Fourier-ummyndun, Laplace-ummyndun, Green-föll, og eigingildisvandamál. Kynning á tölulegum aðferðum eins og mismunaaðferðum, bútaaðferðum, og veikri framsetningu hlutafleiðujafna. Leitast er við að tengja hlutafleiðujöfnur við verkfræðileg vandamál á sem flestum sviðum: streymi vökva, varmaflutningi, kröftum og spennum, sveiflum, raf- og segulsviði.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G)

**VÉL405G • Orkuferli • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Páll Valdimarsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um: 1. Að skoða varmafræði í ljósi annars lögmáls varmafræðinnar. 2. Að skilja fræðilega vinnuhringi véla og hvernig hægt er að beita þeim til að reikna út afl þeirra. 3. Að skilja og meta nauðsyn loftræsikerfa. 4. Að skilja varmaefnafræði og meta

og reikna varma, sem myndast við bruna. Námsefni: Vinna, varmi og umbreyting orku. Exergía og anergía. Orka, verð og gæði. Fræðilegir vinnuhringar varmavéla og kælivéla. Gufuvinnuhringir, nýting jarðvarma. Gasblöndur, rakt andrúmsloft, loftræsing og hreinlætistæki. Mollier rit. Varmaefnafræði, brennslufræði og efnahvörf, jafnvægi efnahvarfa. Ný orkukerfi. Dæmaæfingar og hönnunarverkefni.

**VÉL501G • Hönnun burðareininga • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Brynjólfsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um að hanna burðareiningar. Námsefni: Álagsstaðlar og álagsforsendur. Efnisval: Stál, ál, plast og samsett efni. Burðareiningar: Stangir, bitar, skífur, plötur og skeljar. Hönnunarkröfur og staðlar. Greining með einingaraðferðinni.
Nauðsynleg undirstaða: Efnisfræði V (VÉL301G), Burðarþolsfræði (VÉL202G)

**VÉL501M • Tæring • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Kennari: Ragnheiður I Þórarinsdóttir
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Að nemendur þekki tæringu sem rafefnafræðilegt hvarf, geti lagt mat á tæringarhættu mismunandi málma við mismunandi aðstæður og kunni skil á aðferðum til tæringarmælinga og tæringarvarna. Námsefni: Tæring sem rafefnafræðilegt hvarf, áhrif spennu- og straumbreytinga. Tæringarflokkar, samhengi við málmgerðir og áhrif umhverfis. Aðferðir til tæringarmælinga; vigttap, rafefnafræðilegar aðferðir (electrochemical corrosion measurements) og viðnámsmælingar (electrical resistance). Möguleikar og takmarkanir aðferða til að mæla tæringarhraða og meta tæringarferli. Aðferðir til tæringarvarna.

**VÉL502G • Straumfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Halldór Pálsson Dósent
Markmið: 1. Að kynna helstu hugtök straumfræðinnar og koma nemendum í skilning um hvernig stærðfræði er beitt við flókin viðfangsefni og hvernig hægt er að fá nálgunarlausnir með einföldun án þess að tapa miklu í nákvæmni. 2. Að gera nemendur færa um að beita straumfræðinni til þess að reikna mótstöðu hluta og þrýstifall í pípum. 3. Að þjálfa þá í að beita mæliaðferðum í straumfræði. 4. Að beita þverfaglegri þekkingu á helstu sviðum vélaverkfræðinnar. Námsefni m.a.: Eiginleikar kvikefna (vökva og lofttegunda). Þrýstingur og kraftasvið í kyrrstæðum vökvum, þrýstingsmælar. Rennslisfræði, samfellujafna, skriðþunga- og orkujafna. Hreyfijafna Bernoullis. Víddargreining og líkanlögmál. Tvívítt streymi, seigjulausir vökvar, jaðarlög, lag- og iðustreymi, vökvamótstaða og formviðnám. Streymi þjappanlegra vökva, hljóðhraði, Mach tala, hljóðbylgjur, lögun túðu fyrir yfirhljóðhraða. Rennsli í opnum og lokuðum farvegum. Dæmaæfingar og 5 verklegar tilraunir.
Nauðsynleg undirstaða: Varmafræði 1 (EÐL402G) eða Varmafræði og inngangur að safneðlisfræði (EFN307G)

**VÉL502M • Fiskiðnaðartækni 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Kennari: Sigurjón Arason Dósent
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Að gera nemendur færa um: Að skilja þýðingu góðrar meðferðar á afla og hráefni og að reikna út nauðsynlegar stærðir í vinnslu sjávarfangs. Námsefni m.a.: Helstu lög og reglugerðir í sjávarútvegi. Efni og efnabreytingar. Prótein, fita o.fl. þættir, sem hafa áhrif á efnabreytingar, s.s. hitastig, selta, loftaðgangur, raki, sýrustig o.fl. Skemmdareinkenni á sjávarfangi vegna örveru- og efnabreytinga. Mikilvægar örverur í sjávarfangi. Vöxtur örvera vegna hita, seltu, loftaðgangs, sýrustigs, raka, aukaefna o.fl. Saltfiskverkun, skreiðarverkun, harðfiskverkun, reyking og niðursuða, frysting, skelfiskvinnsla, frystitogarar. Orku- og massavægi fyrir hvert vinnsluþrep og vinnslurásina í heild sinni. Verklegt: Einstaka vinnslueiningar.

**VÉL503G • Efnis- og orkujafnvægi • (8e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Kennari: Teitur Gunnarsson
Almennt um orku og efnajafnvægi í iðnaðarferlum. Greining á hegðun gastegunda, gas-vökvakerfa og fasajafnvægi. Massa- og orkujafnvægi í kerfum með og án efnahvarfa.

**VÉL504G • Sjálfvirk stýrikerfi • (6e) • Haust • Stokkur: H7 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Kennari: Oddgeir Guðmundsson
Námsefni m.a.: Hlutverk sjálfvirkra stýri- og reglunarkerfa. Gerð kvikra líkana út frá ýmsum eðlisfræði- og verkfræðilegum lögmálum. Yfirfærsluföll, reitamyndir og kerfisjöfnur á ástandsformi. Svipult viðbragð kvikra kerfa og aðferðir til að greina stöðugleika. Rótarferilsaðferð og beiting hennar til að greina eiginleika lokaðra rása. Tíðnisvörun opinna og lokaðra rása. Algengar stýringar í sjálfvirkum stýrikerfum. Reikniverkefni leyst m.a. með MATLAB.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G)

**VÉL505G • Verkþjálfun 1 • (0e) • Haust**
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er skylda í BS-námi, bæði í véla- og iðnaðarverkfræði. Verkþjálfun er metin til einnar einingar, sem skráð verður í prófskírteini, en telst þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Nemendum ber að greiða sérstakt innritunargjald í námskeiðið. Hægt er að veita undanþágu frá námskeiðinu ef nemandi getur sýnt fram á 8 vikna verkþjálfun við þau störf sem námskeiðið fjallar um. Skorarformaður og umsjónarkennari viðkomandi nemanda staðfesta að kröfum um verkþjálfun sé uppfyllt. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum kennslu í grundvallaratriðum helstu framleiðsluferla í málmiðnaði þannig að þeir kynnist í raun framkvæmd þeirra, möguleikum og takmörkunum. Eftirtaldir ferlar eru teknir fyrir: Þunnplötusmíði, logskurður, málmsuða og málmsteypa.

**VÉL506G • Verkþjálfun 2 • (0e) • Haust**
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er kennt sem hluti af VÉL403G Framleiðsluferli. Verkþjálfun er metin til einnar einingar, sem skráð verður í prófskírteini, en telst þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Hægt er að veita undanþágu frá námskeiðinu ef nemandi getur sýnt fram á 8 vikna verkþjálfun við þau störf sem námskeiðið fjallar um. Skorarformaður og umsjónarkennari viðkomandi nemanda staðfesta að kröfum um

verkþjálfun sé uppfyllt. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum kennslu í grundvallaratriðum helstu framleiðsluferla í málmiðnaði, þannig að þeir kynnist af eigin raun framkvæmd þeirra, möguleikum og takmörkunum. Eftirtaldir ferlar eru teknir fyrir: Vinna í skrúfstykki, rennismíði og fræsun.

**VÉL601G • Varmaflutningsfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Halldór Pálsson Dósent
Markmið: 1. Að kynna helstu hugtök varmaflutningsfræði og koma nemendum í skilning um hvernig varmaflutningur milli tveggja efna fer fram. 2. Að gera nemendur færa um að hanna varmaskipta. Námsefni m.a.: Varmaleiðing, einvítt og tvívítt kerfi, stöðug og óstöðug varmaleiðni, töluleg greining tvívíddarkerfa. Ribbur og stækkaður hitaflötur. Efnisflutningur og varmaburður (convection), lag- og iðustreymi. Frjálst og þvingað streymi. Eiming og þétting. Varmageislun, lögmál Stefan-Boltzmanns og Plancks. Geislunareiginleikar efna. Formstuðull, geislaflutningur milli flata og geislunareiginleikar lofttegunda. Dæmaæfingar og hönnunarverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Varmafræði 1 (EÐL402G) eða Varmafræði og inngangur að safneðlisfræði (EFN307G)
Æskileg undirstaða: Straumfræði (VÉL502G)

**VÉL601M • Fiskiðnaðartækni 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Í boði þegar ártal er jöfn tala. Markmið: Gera nemendur færa um að beita þverfaglegri þekkingu á helstu sviðum vélaverkfræðinnar til að hanna fiskvinnslufyrirtæki. Námsefni m.a.: Vinnsluþrep og vinnsluvélar í fiskimjölsvinnslu, lýsisgerð, meltugerð og ferskfiskútflutningi. Orku- og massavægi. Hönnunarforsendur fyrir fiskvinnslufyrirtæki. Vinnsluvélar, geymsluaðferðir. Greining á starfsumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja, markaðsmál, samkeppnisstaða, arðsemi, gæðamál, tæknivæðing o.fl. Verklegt: Fiskvinnslurás og fiskvinnslufyrirtæki hannað eða endurskipulagt.

**VÉL602G • Verkþjálfun 1 • (0e) • Vor**
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er skylda í BS-námi, bæði í véla- og iðnaðarverkfræði. Verkþjálfun er metin til einnar einingar, sem skráð verður í prófskírteini, en telst þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Nemendum ber að greiða sérstakt innritunargjald í námskeiðið. Hægt er að veita undanþágu frá námskeiðinu ef nemandi getur sýnt fram á 8 vikna verkþjálfun við þau störf sem námskeiðið fjallar um. Skorarformaður og umsjónarkennari viðkomandi nemanda staðfesta að kröfum um verkþjálfun sé uppfyllt. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum kennslu í grundvallaratriðum helstu framleiðsluferla í málmiðnaði þannig að þeir kynnist í raun framkvæmd þeirra, möguleikum og takmörkunum. Eftirtaldir ferlar eru teknir fyrir: Þunnplötusmíði, logskurður, málmsuða og málmsteypa.

**VÉL603G • Verkþjálfun 1 • (0e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er skylda í BS-námi, bæði í véla- og iðnaðarverkfræði. Verkþjálfun er metin til einnar einingar, sem skráð verður í prófskírteini, en telst þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Nemendum ber að greiða sérstakt innritunargjald í námskeiðið. Hægt er að veita undanþágu frá námskeiðinu ef nemandi getur sýnt fram á 8 vikna verkþjálfun við þau störf sem námskeiðið fjallar um. Skorarformaður og umsjónarkennari viðkomandi nemanda staðfesta að kröfum um verkþjálfun sé uppfyllt. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum kennslu í grundvallaratriðum helstu framleiðsluferla í málmiðnaði þannig að þeir kynnist í raun framkvæmd þeirra, möguleikum og takmörkunum. Eftirtaldir ferlar eru teknir fyrir: Þunnplötusmíði, logskurður, málmsuða og málmsteypa.

**VÉL604G • Verkþjálfun 2 • (0e) • Vor**
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er kennt sem hluti af VÉL403G Framleiðsluferli. Verkþjálfun er metin til einnar einingar, sem skráð verður í prófskírteini, en telst þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Hægt er að veita undanþágu frá námskeiðinu ef nemandi getur sýnt fram á 8 vikna verkþjálfun við þau störf sem námskeiðið fjallar um. Skorarformaður og umsjónarkennari viðkomandi nemanda staðfesta að kröfum um verkþjálfun sé uppfyllt. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum kennslu í grundvallaratriðum helstu framleiðsluferla í málmiðnaði, þannig að þeir kynnist af eigin raun framkvæmd þeirra, möguleikum og takmörkunum. Eftirtaldir ferlar eru teknir fyrir: Vinna í skrúfstykki, rennismíði og fræsun.

**VÉL605G • Verkþjálfun 2 • (0e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er kennt sem hluti af VÉL403G Framleiðsluferli. Verkþjálfun er metin til einnar einingar, sem skráð verður í prófskírteini, en telst þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Hægt er að veita undanþágu frá námskeiðinu ef nemandi getur sýnt fram á 8 vikna verkþjálfun við þau störf sem námskeiðið fjallar um. Skorarformaður og umsjónarkennari viðkomandi nemanda staðfesta að kröfum um verkþjálfun sé uppfyllt. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum kennslu í grundvallaratriðum helstu framleiðsluferla í málmiðnaði, þannig að þeir kynnist af eigin raun framkvæmd þeirra, möguleikum og takmörkunum. Eftirtaldir ferlar eru teknir fyrir: Vinna í skrúfstykki, rennismíði og fræsun.

**VÉL606G • Námsferð erlendis • (4e) • Vor • Stokkur: V**
Námsferðin er metin til tveggja eininga, sem skráðar verða í prófskírteini, en teljast þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til B.S.-prófs. Markmið: 1. Að kynnast starfsemi fyrirtækja, einkum í málm- og vélaiðnaði, sem ekki eru til hérlendis. 2. Að kynnast rannsóknarvinnu og aðstöðu í véla- og iðnaðarverkfræði við erlend fyrirtæki og stofnanir. Nemendur fá verkefni til úrlausnar í ferðinni og skila ítarlegri ferðaskýrslu.

**FMV001F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Verkefni til meistaraprófs í fjármálaverkfræði.

**FMV001F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Verkefni til meistaraprófs í fjármálaverkfræði.

**FMV001F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Verkefni til meistaraprófs í fjármálaverkfræði.

**HBV001F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**HBV002F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**HBV003F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**HBV004F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**HBV005F • Meistaraverkefni • (10e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**HBV101F • Viðhald hugbúnaðar • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Helgi Þorbergsson Dósent
Kennt þegar ártal er slétt tala.
Lögmál Lehman um framþróun hugbúnaðar, óreiða hugbúnaðarkerfa, leturgerð og framsetning forrita, skiljanleiki forrita, skoðanir forrita, umfangsmat hugbúnaðarkerfa, mælikvarðar viðhaldshæfni hugbúnaðarkerfa, uppfærslur hugbúnaðarkerfa, frá kóða til lýsingar og endurgerð hugbúnaðarkerfa.

**HBV101M • Áreiðanleiki kerfa • (6e) • Haust • Stokkur: H7 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Klaus Marius Hansen Prófessor
Tölfræðilegir gæðamælitölur. Áreiðanleiki. Bilanatíðni og bilanalíkön. Áreiðanleiki hugbúnaðar. Staðallinn ISO/IEC 61508 "Functional safety of electrical/electronic/ programmable electronic safety-related systems."
Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**HBV102F • Formlegar aðferðir í hugbúnaðargerð • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Ebba Þóra Hvannberg Prófessor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Formlegar aðferðir við að skilgreina og þróa hugbúnaðarkerfi. Z skilgreiningarmálið.
8 verkefni (40%) + 1 nemendafyrirlestur (10%). Lokapróf gildir 50%.

**HBV201F • Prófun hugbúnaðar • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Helmut Wolfram Neukirchen Dósent
Kennt þegar ártal er oddatala.
Sjá enska námslýsing.

**HBV201M • Alþjóðleg markaðssetning tæknilausna • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f**
Umsjónarkennari: Jóhann Pétur Malmquist Prófessor
Lýsing námskeiðs verður birt síðar. Lýsing námskeiðs verður birt síðar.

**HBV203F • Gæðastjórnun í hugbúnaðargerð • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Helgi Þorbergsson Dósent
Kennt þegar ártal er slétt tala.
Mælingar og líkön: tól til að stjórna hugbúnaðargæðum og endurbótum. Gæðatrygging: staðlar og aðferðir. Eftirfylgni gæða og innra skipulag. Gæðastjórnun í kviku þróunarumhverfi.
Verkefni og lokapróf.

**HBV404F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**HBV405F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**IÐN101F • Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Með auknu frelsi í viðskiptum og alþjóðavæðingu eykst samkeppni á meðal fyrirtækja. Jafnframt gera neytendur sífellt auknar kröfur um nýjar lausnir. Aðstæður sem þessar kalla á stöðuga nýsköpun í rekstri fyrirtækja og skilning á eðli nýsköpunar og frumkvöðlafræða. Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um eftirtalda málaflokka: Hvað er nýsköpun og frumkvöðlafræði? Þýðing nýsköpunar í nútímarekstri. · Stefnumótun og stjórnkerfi nýsköpunar. Hugmyndaleit og hugmyndamat. Skilgreining á líftímaferli þarfa og þróun lausna. Markaðsrannsóknir og markaðssókn. Tæknileg útfærsla lausna. Vernd hugverka og einkaleyfi (Intellectual property rights). Alþjóðavæðing og áhrif hennar á nýsköpun. Sérstök verður lögð á kerfisbundna uppbyggingu þeirra verkferla er tengjast nýsköpun og verkefni unnið í starfandi fyrirtæki á því sviði.

**IÐN101M • Gæðastjórnun • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Helgi Þór Ingason Dósent
Markmið: Nemendur fái skilning á uppruna og þróun gæðastjórnunar og hvernig fyrirtæki og stofnanir geta byggt upp stjórnkerfi á grundvelli alþjóðlegs gæðastjórnunarstaðals. Í námskeiðinu er meðal annars fjallað um gæðahugtakið, innri og ytri viðskiptavini, gæðabrag, umbótaferli, liðsvinnu, gæðakostnað og gæðahringhrás og samhengi gæðastjórnunar og hönnunar og notkun tölfræði í gæðastjórnun. Sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um ISO9001 gæðastaðalinn og nemendur fást við hann í hópvinnu með því að skoða kröfur hans í samhengi við starfandi fyrirtæki.

**IÐN102F • Vörustjórnun 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Dósent
Í námskeiðinu er lögð áhersla á að nemendur öðlist aukna þekkingu á vörustjórnun. Farið verður yfir mismunandi tegundir dreifingarkerfa, notkun upplýsingatækni í flutningum og vörustjórnun, tengsl framleiðslu og vörustjórnunar, notkun SCOR kerfisins, o.fl. Einnig verður lögð áhersla á nýsköpun þekkingar á afmörkuðu sviði vörustjórnunar. Val sviðs ræðst af áhuga nemenda og verður þeim gert kleift að vinna sérverkefni sem tengjast því. Fyrirlestrar og verkefnavinna eru til skiptis aðra hverja viku.
Æskileg undirstaða: Vörustjórnun og framleiðsla (IÐN501G)

**IÐN103F • Kvik kerfislíkön • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Þór Ingason Dósent
Kennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Kennari: Árni Sigurður Ingason
Kennari: Sylvía Kristín Ólafsdóttir
Markmið námskeiðisins er að nemendur öðlist færni í og geti beytt aðferðum kerfislíkana (e. system dynamics modelling) til að takast á við margvísleg vandamál í atvinnulífinu. Þar á meðal eru tæknileg viðfangsefni og hagræn en einnig faraldsfræðileg vandamál og mál er varða samskipti, ágreining og aflfræði í hópstarfi svo dæmi séu tekin. Í námskeiðinu verður farið yfir undirstöðuatriði kerfislíkana, jákvæða og neikvæða svörun og gerð rita fyrir orsakalykkjur (causal loop diagram). Líkanagerð og hermun kerfislíkana þar sem fjallað verður um framsetningu líkana, tafir, tímaafleiður, lýsingu ákvarðanaferla og notkun myndrita. Einnig verður fjallað um stefnu- og næmnigreiningu, hagnýtingu kerfislíkana við stefnumótun og við að skapa yfirsýn, sem og beina notkun þeirra. Raunhæf verkefni verða greind bæði úr heimi viðskipta og opinberri stefnumótun. Má þar nefna almenn birgðalíkön, útbreiðslu faraldra (HIV, inflúensu), samspil fólksfjölgunar og efnahagsþróunar og fleira. Við úrlausn verkefna verður einkum stuðst við forritin STELLA/iThink og Vensim.

**IÐN104F • Kerfisverkfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Guðmundur Ragnar Jónsson Framkvæmdastjóri
Markmið: Að kenna nemendum hvernig beita má tölfræðilegum og líkindafræðilegum aðferðum til þess að gera línuleg og ólínuleg líkön af kerfum og greina þau og herma með bæði slembnum og löggengum innmerkjum. Námsefni m.a.: Hugtök og helstu aðferðir kerfisgreiningar. Sjálffylgniföll, samfylgniföll og rófgreining. Hreyfikerfi og lýsing þeirra í ástandsrúmi, bæði í samfelldum tíma og stakrænum. Hermun kerfa með slembihegðun og notkun líkindareiknings við greiningu þeirra. Mótandi síur, sambreytnireikningar (covariance analysis). Mikil áhersla er lögð á notkun Kalman síu til þess að meta stærðir í ýmsum líkönum af mismunandi kerfum frá fjölmörgum sviðum. Við úrlausn verkefna er einkum stuðst við forritið MATLAB.

**IÐN105F • Tímaraðagreining • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Markmið: Að veita bæði hagnýta og fræðilega þekkingu í gerð líkana, mati á stikum og spám í kvikum kerfum. Námsefni: ARMAX og önnur hliðstæð ferli og helstu eiginleikar þeirra. Meðhöndlun á óstöðnuðum ferlum. Sjálffylgni- og samfylgniföll. Mismunandi aðferðir við rófgreiningar. Mat á stikum, þar á meðal aðferð minnstu kvaðrata og sennileikaaðferðin. Tölulegar aðferðir við lágmörkun markfalla. Fjallað er um ýmis vandamál sem geta komið upp við líkangerð, svo sem ef mælingar vantar eða þær eru óeðlilegar. Inngangur að ólínulegum tímaraðalíkönum. Stakræn kerfi á ástandsformi. Lögð er áhersla á að leysa hagnýt verkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**IÐN106F • Iðnaðartölfræði 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Guðmundur Ragnar Jónsson Framkvæmdastjóri
Umsjónarmaður: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Kennari: Birgir Hrafnkelsson Lektor
Markmið: Að kenna nemendum að beita ýmsum aðferðum úr bayesískri tölfræði, aðhvarfsgreiningu og margvíðri tölfræði á mismunandi viðfangsefni. Námsefni: Greining gagna með bayesískri tölfræði, línuleg normal aðhvarfsgreining, fervikagreining, logistísk og Poisson aðhvarfsgreining. Margvíð normaldreifing, fylgnigreining (correlation, partial correlation). Bootstrap og krossgildingaraðferðir í sambandi við val á líkani. Stikalaus aðhvarfsgreining. Höfuðþátta- og þáttagreining. Þyrpigreining, discriminant greining og óvissumat. Áhersla á greiningu gagna með forritum eins og Matlab, SPSS og R.

**IÐN107F • Framleiðslustjórnun • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Páll Jensson Prófessor
Markmið: Nemendur öðlist skilning á viðfangsefnum framleiðslustjórnunar og nái valdi á bæði fræðilegum og hagnýtum aðferðum sem notaðar eru við framleiðslustjórnun og í upplýsingakerfum í framleiðslu. Námsefni m.a.: Spálíkön, yfirlitsáætlanir, bestun afurðasamsetninga, MRP, JIT, OPT, innkaupastjórnun, lotustærðir, birgðastýring, verkröðun, viðhald, áreiðanleiki, verkefnisstjórnun, framleiðsluhermun. Leyst eru aðferðafræðileg verkefni og farið í heimsóknir í framleiðslufyrirtæki.
Nauðsynleg undirstaða: Rekstrarfræði (IÐN101G), Aðgerðagreining (IÐN401G)

**IÐN108F • Stjórnun og líkön • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Páll Jensson Prófessor
Kennt oddatöluár. Markmið: Nemendur verði færir um að þróa og nota hvers konar líkön við stjórnun, jafnt stærðfræðilíkön, myndræn líkön, hagfræðilíkön og atferlislíkön við stjórnun og gera sér grein fyrir kostum og takmörkunum slíkra líkana.
Nauðsynleg undirstaða: Aðgerðagreining (IÐN401G)

**IÐN201F • Víðvær og slembin bestun • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Tómas Philip Rúnarsson Prófessor
Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á aðferðum sem notaðar eru til víðværrar bestunar (global optimisation) og á aðferðum sem notaðar eru við slembna bestun (stochastic programming). Í lok námskeiðs verða nemendur færir um að setja fram reiknilíkön til að leysa raunhæf vandamál á þessu sviði og velja eða hanna lausnaraðferðir fyrir þau. Námsefni: Helstu aðferðir sem notaðar eru til víðværrar bestunar, jafnt löggengar aðferðir (t.d. Branch-and-Bound aðferðir, Lipschitz bestun, bilareikningabestun) og slembnar aðferðir (t.d. Hit-and-Run aðferðir, Simulated Annealing, Tabu Search). Grundvallaratriði slembibestunar, línuleg bestunarlíkön og næmnigreining þeirra, líkindadreifingar stuðla. Nytjafræði (Utility Theory). Líkindabundnar skorður (Chance Constraints). Margþrepa bestun, kvik bestun og scenario analysis". Notaðar verða tölvur, raunhæf verkefni leyst.
Nauðsynleg undirstaða: Aðgerðagreining (IÐN401G), Iðnaðartölfræði (IÐN603G)

**IÐN201M • Heiltölubestun, netlíkön og röðun • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Jensson Prófessor
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Nemendur verði færir um að velja og beita aðferðum heiltölubestunar og netlíkana við flókin ákvörðunarvandamál í rekstri og skipulagningu. Námsefni: Flutningar, umskipun, staðarval, úthlutun. Heiltölubestun, Branch & bounds" aðferðir, sniðflataaðferðir. Ýmis fléttufræðileg viðfangsefni, niðurskurður, bakpokavandamál, pökkun, samval. Netlíkön, minnsta spönn, stysta leið, mesta flæði, leiðarskipulag, útkeyrsla, vandamál farandsalans, verkröðun, vaktaskipulagning. Notkun tölva, raunhæf viðfangsefni leyst.
Nauðsynleg undirstaða: Aðgerðagreining (IÐN401G)

**IÐN202F • Verkefnastjórnun 2 - Eftirfylgni • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Helgi Þór Ingason Dósent
Námskeiðið er einvörðungu ætlað nemendum í meistaranámi og fjöldi nemenda verður takmarkaður skv. ákvörðun kennara. Í námskeiðinu er lögð megináhersla á að nemendur öðlist færni í að beita aðferðum verkefnastjórnunar á raunhæf verkefni. Athygli er beint að hinum mannlega þætti í að stýra og samhæfa minni og stærri verkefni. Rætt er um staðlaða aðferðafræði við undirbúning og eftirfylgni. Fjallað er um val verkefna, samstarfsmynstur, hópvinnu, deilustjórnun, fundi, fundastjórnun og framsögn. Reynt er að gefa nemendum tilfinningu fyrir beitingu verkefnastjórnunar í ólíkum fyrirtækjum. Ásamt ofangreindu er í námskeiðinu lögð áhersla á nýsköpun þekkingar á einhverju tilteknu fræðasviði verkefnastjórnunar, val fræðasviðs ræðst af áhuga nemendahópsins hverju sinni.
Nauðsynleg undirstaða: Verkefnastjórnun 1- Áætlanagerð (IÐN503G)

**IÐN202M • Nýsköpun og gerð viðskiptaáætlana • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um að skilja eðli og ferli nýsköpunar, einkenni og virkjun frumkvæðis og skrifa viðskiptaáætlun fyrir tiltekna hugmynd. Fjallað verður um öll atriði er tengjast gerð viðskiptaáætlana. Þar er einkum um að ræða; Hugmyndaleit, hugmyndamat og skilgreining á viðskiptahugmynd (þörf og lausn). Markaðsmál, sölumál og samkeppni varðandi hugmyndina og framsetning eftirpurnarfalls. Tæknin sem lausnin byggir á og tæknileg sérstaða lausnarinnar. Gerð framkvæmdaáætlunar fyrir tæknilega útfærslu lausnarinnar (verk- og tímaáætlun). Vernd hugverka og einkaleyfi. Gerð stofnkostnaðar- og fjármögnunaráætlunar. Gerð fjárhagsáætlana; rekstrar- og greiðsluáætlun ásamt áætlun um efnahagsreikning og arðsemis- og andvirðismat. Útreikningur ýmissa lykiltalna. Umfjöllun um stofnendur, eigendur og stjórnskipulag. Verkefnavinna: Þátttakendur vinna verkefni á grundvelli hugmyndaleitar og hugmyndamats. Verkefnin eru annað hvort sprottin úr hugmyndum þátttakenda eða tengjast starfandi fyrirtækjum. Verkefnin eru unnin í tveggja manna hópum og skila nemendur 4 áfangaskýrslum og verja verkefnin munnlega í lok annar. Lokaskýrsla skal vera fullmótuð viðskiptaáætlun ásamt arðsemismati og tillögum um hvernig verkefninu skuli hrint í framkvæmd.

**IÐN203F • Fjármálatölfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Guðmundur Ragnar Jónsson Framkvæmdastjóri
Markmið: Að veita stúdentum bæði fræðilega og hagnýta þekkingu í fjármálaafleiðum og þeim stærðfræðilegu aðferðum, sem þær grundvallast á. Lögð er nokkur áhersla á þann stærðfræðilega grunn sem liggur að baki fjármálastærðfræði, þar á meðal slembiferli, slembnar afleiðujöfnur og hlutafleiðujöfnur. Þessar jöfnur eru tengdar fjármálafræðum með verðlagningu Blacks og Scholes og hlutafleiðujöfnum. Fjallað er um hvernig meta má stika í slembnum afleiðujöfnum út frá raunverulegum gögnum, m.a. með Kalman-síun og GMM-aðferðinni. Sýnt er hvernig herma má slembnar afleiðujöfnur. Teknar eru fyrir helstu gerðir afleiða og farið út í hagnýtt gildi þeirra. Lögð er áhersla á verkefni og nemendur m.a. látnir verðleggja mismunandi afleiður "kaupa" þær og "selja" og verja þær með delta-vörn fram að lokadegi.

**IÐN203M • Slembin ferli og ákvarðanafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Páll Jensson Prófessor
Í boði þegar ártal er jöfn tala. Markmið: Að veita nemendum þekkingu til að setja upp slembin líkön (stochastic model) af raunhæfum viðfangsefnum. Fjallað verður um helstu aðferðir sem notaðar eru til að lýsa slembnum kerfum og aðferðir sem notaðar eru til ákvarðanatöku

við óvissar aðstæður. Námsefni: Markov keðjur, Poisson ferli, fæðinga-dauði ferli, biðraðaferli, Markov ákvarðanafræði (MDP), margmarkmiða ákvörðunarlíkön (MCDC), AHP, nytjaföll. Áhersla er lögð á hvernig líkön og aðferðir eru notaðar til að leysa raunhæf vandamál í verkfræði og rekstri. Notaðar verða tölvur, raunhæf verkefni leyst.
Nauðsynleg undirstaða: Aðgerðagreining (IÐN401G)

**IÐN204F • Valin efni í tímaraðagreiningu og stýritækni • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Umsjónarkennari: Birgir Hrafnkelsson Lektor
Markmið: Að kynna nemendum helstu aðferðir sem nota má til þess að finna stika í tímaháðum kerfum og lýsa og stýra kerfum, sem eru undir slembiálagi. Námsefni: Námskeiðið byggir að talsverðu leyti á því að nemendur velja sér efni til að halda fyrirlestur um í samráði við kennara. Auk mögulegra fyrirlestraefna frá kennurum kemur vel til greina að taka fyrir efni samkvæmt ósk nemenda. Sem dæmi um efnisflokka má nefna mismunandi endurkvæmar matsaðferðir, val á innmerkjum fyrir líkanauðkenningu, ýmis ólínuleg tímaraðagreiningar líkön, notkun slembidiffurjafna í líkangerð, slembistýringar, þar á meðal LQG (Linear Quadratic Gaussian), MV (Minimum Variance), GPC (Generalized Predictive Controller), aðlögunarhæfar stýringar (Adaptive control) og loðnar stýringar (Fuzzy control). Við úrlausn verkefna er einkum stuðst við forritið MATLAB.
Nauðsynleg undirstaða: Tímaraðagreining (IÐN105F)

**IÐN204M • Stjórnun fyrirtækja • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Helgi Þór Ingason Dósent
Markmið: Gera nemendur færa um að takast á við hinn mannlega þátt stjórnunar um leið og þeir notfæri sér þá þekkingu, sem þeir hafa fengið í hinum ýmsu rekstrargreinum. Námsefni m.a.: Þróun stjórnunarfræða, markmiðssetning stjórnunarheilda, siðferði og atferli í fyrirtækjum. Atferlisfræði sem vísindagrein, menningarsvæði og stjórnun. Viðhorf, væntingar og persónuleiki. Félagsleg aðlögun. Hvatningakenningar, innri umbun og starfshönnun. Hópar, hópefli, árekstrar. Stjórnun og leiðtogahlutverk. Samskipta- og ákvörðunarferli. Streita og álag. Hönnun fyrirtækjaferla. Stjórnunarmynstur/skipurit. Forsendur nýsköpunar. Aðferðir valdaframsals. Stefnumótun og áætlanagerð. Verkefni: Greining á stjórnun í einu eða fleiri fyrirtækjum á hlutabréfamarkaði þ.m.t. getu til nýsköpunar.

**IÐN301F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**IÐN301F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**IÐN301F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**IÐN301M • Vinnuvistfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Helgi Þór Ingason Dósent
Markmið: Gera nemendur færa um að samþætta þekkingu úr mörgum greinum mannvísinda í því skyni að laga vinnuaðstöðu, búnað tæki, skipulag, samskipti og fleiri þætti að starfsmönnum með þarfir, vellíðan og öryggi fólks í fyrirrúmi. Lykilþættir: Vinnuvistfræði, mannfræðilegar líkamsmælingar, líkamlegir áhættuþættir, vinnuaðstaða, búnaður, vélar, hljóðvist, lýsing, inniloft, andlegir og félagslegir áhættuþættir, meðhöndlun hættulegra efna, lög og reglur.

**IÐN302F • Meistaraverkefni í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**IÐN401F • Meistaraverkefni í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**IÐN402F • Meistaraverkefni í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**REI101F • Forritun ofurtölva A • (6e) • Haust • Stokkur: H6**
Fyrra af tveimur námskeiðum sem miða að því að veita almennt yfirlit yfir ofurtölvur og forrritun þeirra. Hitt námskeiðið er REI102F Forritun ofurtölva B. Hönnun samhliða tölva og ýmis líkön af forritun þeirra. Högun tölva út frá samnota minni og út frá dreifðu minni með skeytaflutningi. Samhliða forritun með OpenMP og MPI. Samhliða reiknirit við röðun, leit og ýmis verkefni í línulegri algebru og netafræði. Námskeiðið er kennt fyrstu sjö vikur haustmisseris og lýkur með lokaprófi á miðju misseri.

**REI102F • Forritun ofurtölva B • (6e) • Haust • Stokkur: H6**
Síðara af tveimur námskeiðum sem miða að því að veita almennt yfirlit yfir ofurtölvur og forrritun þeirra. Hitt námskeiðið er REI101F Forritun ofurtölva A og er það forkrafa. Reiknirit og hugbúnaður fyrir stór rýr verkefni í línulegri algebru. Aðferðir til að brjóta verkefni upp í smærri verkefni sem unnt er að leysa samhliða. Dreifðir reikningar með BOINC. Valin notkunarsvið í verkfræði og raunvísindum sem lúta t.d að lausn hlutafleiðujafna, hermun og eindakerfum. Nemendur leysa sjálfvalin verkefni sem fela í sér samhliða forritun.
Námskeiðið er kennt í sjö vikur á síðari helmingi haustmisseris.

**REI201F • Valin efni í bestunarfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Kennari: Kristján Jónasson Dósent
Á vormisseri 2009 verður meðal efnis í námskeiðinu ólínuleg bestun, kynning á víðværum leitaraðferðum og sennileikamat á stikum tímaraða.

**REI201M • Reiknigreind • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Tómas Philip Rúnarsson Prófessor
Grunnatriði vélræns lærdóms, þar sem fjallað er um reiknirit sem endurbætast sjálfvirkt með reynslu. Reglubundinn lærdómur. Ákvarðanatré. Bayes lærdómur. Tauganet. Þróunarreiknirit. Styrkingarlærdómur.
Æskileg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Stærðfræði og reiknifræði (REI201G) eða Töluleg greining B (STÆ405G)
Þrjú reikniverkefni sem vega 10% hvert. Átta dæmaverkefni sem vega 2.5% hvert. Nemandi verður að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi; 5 fyrir BS-nema og 6 fyrir meistaranema.

**REI202M • Ólínuleg bestun • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Kristján Jónasson Dósent
Skorðulaus bestun og lágmörkun minnstu ferninga: Newtonsaðferð og skyldar aðferðir, aðferð samoka stefna. Skorðuð bestun: Kuhn-Tucker-skilyrði, línulegar og ólínulegar skorður, ferningsbestun, Lagrange-margfaldarar, refsiföll og gagnvirkar aðferðir. Gefin er hluteinkunn fyrir skriflegar úrlausnir á verkefnum og vegur hún 30% af heildareinkunn. Stúdent telst ekki hafa staðist próf, ef prófseinkunn er lægri en lágmarkseinkunn fyrir námskeiðið í heild.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G) eða Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G), Töluleg greining B (STÆ405G)

**REI301F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Meistaraverkefni

**REI401F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Meistaraverkefni

**REI401F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Meistaraverkefni

**TÖL002F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**TÖL003F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**TÖL101M • Valið efni í tölvunarfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Snorri Agnarsson Prófessor
Valið efni í tölvunarfræði. Haustið 2007 mun þetta námskeið fjalla um forritun handtölva. Ekki er enn ákveðið allar gerðir handtölva sem verða notaðar í námskeiðinu, en meðan þeirra sem unnið verður með verða a.m.k. Microsoft PocketPC tölvur og Java símar. Einnig er hugsanlegt að forritað verði á Palm og Symbian tæki. Notuð verða þróunartól sem líkja eftir slíkum tækjum. Sérstök áhersla verður lögð á viðmótsforritun handtölva. Forritunarmál sem notuð verða eru Java og C# og e.t.v. C++.

**TÖL102F • Dreifð kerfi • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Helmut Wolfram Neukirchen Dósent
Skipulag dreifðra upplýsingakerfa. Samskiptahættir og snið í dreifðum kerfum. Vöruhús gagna. Hlutbundnir gagnagrunnar. Margmiðlunar gagnagrunnar.

**TÖL103F • Samskipti manns og tölvu • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 1d**
Umsjónarmaður: Ebba Þóra Hvannberg Prófessor
Kennari: Margrét Dóra Ragnarsdóttir
Kennt þegar ártal er slétt tala.
Nytsemi. Staðlar, leiðbeiningar og framsetningarmátar. Nytsemismælingar og matsaðferðir. Notendamiðlæg hönnun og þróun. Nytsemi í raun. Þekking á takmörkunum og getu manns í samskiptum tölvu. Nýir samskiptahættir.

**TÖL202F • Valið efni í tölvunarfræði fyrir meistaranema • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Umsjónarmaður: Ebba Þóra Hvannberg Prófessor
Kennt ef næg þátttaka fæst. Í þessu námskeiði verður fjallað um ný efni í tölvunarfræði. Námskeiðið er einungis í boði fyrir meistaranema.

**TÖL202M • Þýðendur • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Snorri Agnarsson Prófessor
Hönnun forritunarmála. Skipulag og hönnun þýðenda. Lesgreinar, ofansæknir og neðansæknir þáttarar, þulusmiðir. Stórt einstaklingsverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Forritunarmál (TÖL304G)

**TÖL203F • Reiknirit, rökfræði og reiknanleiki • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 3f + 2d**
Umsjónarmaður: Sven Þórarinn Sigurðsson Prófessor
Helstu aðferðir við hönnun og greiningu hraðvirkra reiknirita. Slembin, nálgunar-, og samhliða reiknirit. Helstu líkön fyrir reiknanleika: Turing vélar, RAM vélar, samhliða vélar, dreifð vinnsla, rásir. Skil milli auðleysanlegra, torleysanlegra og óleysanlegra verkefna og tengsl þeirra við rökfræði.

**TÖL203M • Tölvugrafík • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Hjálmtýr Hafsteinsson Dósent
Megináhersla námskeiðsins er á grunnhugtök og stærðfræði fyrir þrívíddar tölvugrafík. Tvívíðar og þvívíðar varpanir. Sjónvörpun. Ljós og litun hluta. Mynsturvörpun, blöndun, holuvörpun. Forritanleg litun. Ferlar og yfirborð. Forritunarverkefni í OpenGL.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)

**TÖL204F • Málstofa meistaranema • (2e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Ebba Þóra Hvannberg Prófessor
Framhaldsemendur í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði og reikniverkfræði sækja vikulega málstofu þar sem þeir flytja fyrirlestra um rannsóknarverkefni sín eða önnur áhugaverð viðfangsefni sem tengjast þeim.
Nemendur verða að sækja a.m.k. 10 málstofur og flytja a.m.k. einn fyrirlestur til að standast námskeiðið. Engin einkunn gefin.

**TÖL301F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**TÖL401F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**TÖL402F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**VÉL001F • Plötur og skeljar • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður Brynjólfsson Prófessor
Markmið: Að kenna nemendum að reikna styrk platna og skelja.

**VÉL002F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**VÉL003F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**VÉL004F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**VÉL005F • Hitun húsa og hitaveitur • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Páll Valdimarsson Prófessor
Markmið: Kynna nemendum varmafræðilega undirstöðu hitunar húsa, hvort heldur er með beinni hitun eða hitaveitukerfi. Námsefni: Orkubúskapur húss, kæling til umhverfis og varmaflutningur frá varmagjafa. Kröfur íbúa um þægindi innandyra. Hústengingar og varmaskiptar. Stjórnvaldsfyrirmæli um hitunarkerfi. Hitaveitujöfnurnar í stöðugu ástandi og tímaháðir reikningar. Venzl innihita og vatnsnotkunar, grunnhiti hitaveitu, og ákvörðun hans út frá veðurgögnum og þægindakröfum. Álagsspár fyrir varma- og vatnsnotkun, jafngildishiti, miðlun og toppafl. Sameiginleg framleiðsla raforku og varma, tengsl álags á raforkunet og hitaveitu. Aðferðir við mat á orku- og rekstrarkostnaði, hagkvæmnimat.
Nauðsynleg undirstaða: Varmaflutningsfræði (VÉL601G), Straumfræði (VÉL502G), Varmafræði 1 (EÐL402G)

**VÉL006F • Ólínuleg tölvuvædd greining • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Kennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Markmið: Að gera nemendur færa um að nota ólínulegar aðferðir við greiningu á streymi, varmaflutningi og burðarstyrk. Námsefni: Samanburður á línulegum og ólínulegum aðferðum, kraftjafnvægi, skriðþungajafnvægi, massajafnvægi og orkuvarðveisla. Elementlíkingar og jaðarskilyrði. Tímaháð greining, ólínulegir efniseiginleikar og formskilyrði. Lausnaraðferðir og samleitni.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvuvædd greining (VÉL103M)

**VÉL007F • Kælitækni • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Í boði þegar ártal er jöfn tala. Markmið: Að kynna nemendum helstu aðferðir við kælingu og frystingu og gera þá færa um að hanna kæli- og frystikerfi. Námsefni m.a.: Gerðir kælikerfa, lögmál, einingar, línurit. Kæliefni, öryggisráðstafanir, öryggisreglur. Kælikerfi, útreikningar, hönnun. Þjöppur, þéttar, uppgufarar, olíuskiljur, vökvaskiljur, safngeymar. Tveggja þrepa kerfi, millikælar, dælukerfi. Pípulagnir, öryggistæki, reglun, stjórntæki. Rakaflutningur, rakavörn, einangrun, undirfrost. Skipulagning frystihúsa, meðferð matvæla, kæling , frysting, geymsla. Reikni- og hönnunaræfingar.

**VÉL101M • Sveiflugreining • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Kennari: Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson Tæknimaður
Kennari: Rúnar Unnþórsson Verkefnisstjóri
Markmið: Að kenna nemendum nýjar aðferðir við sveiflugreiningu og hagnýt not sveiflufræðinnar. Námsefni: Tíðnigreining, slembiaðferð og wavelet greining. Lotubundnar sveiflur, svipular sveiflur og höggsveiflur. Sveiflumælingar og krítiskar sveiflur fyrir burðarvirki, vélbúnað, stýribúnað og mannslíkamann. Ástandsgreining, eftirlitskerfi og fyrirbyggjandi viðhald. Nemendur vinna verkefni þar sem þeir

vélbúnað og finna sveiflugjafa, eigintíðnir og ástand.

**VÉL102F • Hönnun og bestun • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Kennari: Tómas Philip Rúnarsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur færa um að beita aðferðum bestunarfræðinnar við hönnun. Námsefni: Línuleg og ólínuleg bestun. Þróunaraðferðir, tauganet og óskýr rökfræði við verkfræðilega hönnun. Hönnun dreifikerfa, framleiðslukerfa, vélbúnaðar og burðarvirkja.

**VÉL102M • Orkufrek framleiðsluferli • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Kennari: Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir Dósent
Markmið: Að nemendur fræðist um framleiðsluferli í efnistækni. Að hvetja nemendur til að hugsa um möguleika Íslands til að hagnýta endurnýjanlega orku. Farið verður yfir framleiðsluferli í íslenskum framleiðslufyrirtækjum, t.d. framleiðslu kísiljárns, rafgreiningu áls, framleiðslu steinullar og fleira. Kynnt verða ýmis stærri framleiðsluferli í efnistækni, með sérstakri áherslu á þau ferli sem þykja fýsilegur kostir á Íslandi. Lögð verður áhersla á að nemendur fái yfirsýn yfir framleiðsluferlin, hráefni, orkugjafa/orkuþörf, framleiðsluaðferðir, mengun, afurðir o.fl. Einnig verður rætt um efnahagslegan bakgrunn, þ.e. kostnað, hagnað og markaðssveiflur. 1-2 stór hagnýt verkefni eru unnin samhliða fyrirlestrum allt misserið og farið er í vettvangsferðir.
Æskileg undirstaða: Sveiflufræði (VÉL401G), Framleiðsluferli (VÉL403G)

**VÉL103F • Hönnun jarðvarmavera • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Kennari: Árni Ragnarsson
Kennari: Halldór Pálsson Dósent
Markmið: Að gera nemendur færa um: 1. Að hanna varmaorkuver með því að beita þverfaglegri þekkingu á sviði vélhlutafræði, varmafræði, straumfræði og stýritækni. 2. Að vekja athygli nemenda á hagkvæmni við fjölþætta nýtingu jarðhita. Námsefni m.a.: Hönnun jarðgufuveitna, styrktarreikningar, stýribúnaður og öryggisbúnaður. Hönnun beinna og óbeinna varmaskipta. Val á gufuhverflum, kæliturnum, eimsvölum, gufuþeysum og dælum. Fjölþætt nýting jarðvarma. Bein notkun jarðvarma til iðnaðar.
Nauðsynleg undirstaða: Tæknileg iðnhönnun (VÉL203M)
Æskileg undirstaða: Jarðhitakerfi (VÉL203F)

**VÉL103M • Tölvuvædd greining • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Umsjónarkennari: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Markmið: Að gera nemendur færa um að nota elementaðferðina við greiningu á burðarvirkjum og við útreikning á varmaflæði og streymi vökva. Námsefni m.a.: Smábútaaðferðin. Stífnifylki, jafnvægisjöfnur, tölusetning hnútapunkta, randskilyrði. Stöðuorka, stöðu gildi, Rayleigh-Ritz aðferðin. Isoparametrísk framsetning. Hnitaskipti. Gangfræði og sveiflur. Efni sem ekki eru línuleg. Ólínuleg greining.
Nauðsynleg undirstaða: Burðarþolsfræði (VÉL202G)

**VÉL104F • Verkefni • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Páll Valdimarsson Prófessor
Meistaranemum er gefinn kostur á að vinna að verkefni, sem tengist véla- og/eða iðnaðarverkfræði. Verkefnið er unnið undir umsjón a.m.k. eins fastráðins kennara deildarinnar.
Æskileg undirstaða: Orkuferli (VÉL405G), Varmafræði 1 (EÐL402G)

**VÉL104M • Lífaflfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Brynjólfsson Prófessor
Kennari: Fjóla Jóhannesdóttir
Stoðkerfi mannsins er flókið og áhugavert burðarvirki sem aðlagar sig stöðugt að breyttum aðstæðum á sem hagkvæmastan hátt. Með því að skoða aflfræði stoðkerfisins fæst þekking sem meðal annars er hægt að nýta við hönnun gervilima, þróun á meðferðaúrræðum fyrir sjúklinga og val á efnum til ígræðslu.
Markmið námsskeiðsins er tvíþætt:
Skilja grundvallaratriði í aflfræði stoðkerfisins.
Auka þekkingingu í véla- og lífverkfærði með því að greina og skilja flókin lifandi kerfi.
Farið verður í krafta og hreyfingu, aflfræði vefja og líffæra, hönnun og greiningu gervihluta (implants). Sérstaklega verður farið í álag á liði og bein, beinþynningu og beinbrot, aðlögun beina og efniseiginleika stoðkerfis (vöðva, beina, brjósks og sina).
Nauðsynleg undirstaða: Burðarþolsfræði (VÉL202G)
Æskileg undirstaða: Vélhlutafræði (VÉL402G)

**VÉL105F • Brennsluvélar • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur færa um að: 1. Skilja vinnuferli strokk- og hverfihreyfla. 2. Meta áhrif breytinga áhrifaþátta á rekstur brunahreyfla. 3. Skilja undirstöðu hönnunar þeirra. Námsefni m.a.: Brunahreyflar, gerðir þeirra og saga. Eldsneyti og smurefni. Varmafræðilegir vinnuhringir, brunaferli, afköst, varmajafnvægi, töp, nýtnihlutföll og stýribreytur. Loftnotkun, eldsneytiskerfi, og stýring eldsneytistilfærslu. Loftskipti og forþjöppun. Massakraftar, notkun mótvægja og vindusveiflur. Álagsforsendur og hönnun helstu hluta brunahreyfla. Nokkrar skoðunarferðir verða farnar.

**VÉL106F • Pípukerfi • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur færa um að reikna flæði vökva og varma í pípukerfum. Námsefni: Streymi vökva í pípum. Uppsetning

jafnvægisjafna fyrir massa, skriðþunga og orku fyrir pípunet. Línulegar nálganir. Lausn jafnvægisjafnanna með útjöfnunaraðferðum (Hardy-Cross) og beinni Gauss-eyðingu. Diffurjöfnur kælingar í pípunetinu leiddar út og leystar. Graffræði og beiting hennar á pípupkerfi. Skilgreining spannandi trés og hjátrés í pípuneti. Notkun graffræðinnar til einföldunar lausnar á jafnvægisjöfnunum. Uppsetning diffurjöfnuhneppis til þess að herma kvikt streymi varma og vökva í pípuneti.
Nauðsynleg undirstaða: Varmaflutningsfræði (VÉL601G), Straumfræði (VÉL502G), Varmafræði 1 (EÐL402G)

**VÉL108F • Exergía og varmahagfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Páll Valdimarsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um að greina orku - og exergíuflæði í varmakerfum, og reikna flæði orkukostnaðar. Veita nemendum skilning á mikilvægi þess að nota exergíu sem grunn kostnaðarreikninga, og beita skipulegum aðferðum til endurbóta á orkukerfum.
Námsefni: Exergía og umhverfisviðmiðun. Sankey og Grassmann rit. Exergíutöp og óviðsnúanleiki. Kostnaðarreikningur, flæði exergíu og exergíukostnaðar í orkukerfum og mat á jaðarkostnaði endurbóta einstakra eininga orkukerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Orkuferli (VÉL405G), Varmafræði 1 (EÐL402G)

**VÉL201F • Plast, málmar og trefjastyrkingar • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður Brynjólfsson Prófessor
Markmið: Að kenna nemendum undirstöðuatriði plasts, trefjastyrkingar plasts og málma og hegðun hluta úr þessum efnum. Námsefni: Farið er í efniseiginleika plasts og framleiðsluaðferðir hluta úr plasti. Trefjastyrkingar plasts og málma, samlokuvirki, framleiðsluaðferðir, styrktar- og stífnigreining hluta úr samsettum efnum.
Nauðsynleg undirstaða: Efnisfræði V (VÉL301G), Burðarþolsfræði (VÉL202G)

**VÉL201M • Fiskveiðar og útgerð • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Að veita nemendum almenna þekkingu á fiskimiðum og hvernig staðið er að nýtingu þeirra. Einnig að greina helstu þætti í rekstri fiskiskipa og helstu gerðir veiðarfæra, kosti þeirra og galla. Námsefni: Fisktegundir, stofnstærðir og útbreiðsla. Veiðarfæri, meðferð á afla. Fiskiskip, mismunandi hlutverk, sérhæfni og sveigjanleiki. Hráefnismeðferð um borð. Helstu lög og reglur í fiskveiðum. Ónýttar og vannýttar sjávarafurðir, nýjar leiðir til úrbóta. Fyrirbyggjandi viðhald, vinnuskipulag og launakerfi á fiskiskipum.

**VÉL202F • Tölvuvædd varma- og straumfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Halldór Pálsson Dósent
Markmið: Að kenna nemendum að nota tölvur við lausn flókinna varma- og straumfræðiverkefna. Námsefni: Farið verður yfir grundvallarjöfnur varma- og straumfræði og tekið fyrir jaðarlag og iðustreymi og líkangerð þeirra. Fjallað um grundvallaratriði element-aðferðarinnar og aðferð endanlegra mismuna. Lausnaraðferðir ólínulegra jöfnuhneppa og stöðugleikalausna.

**VÉL202M • Loft- og vökvastýringar • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um að greina, meta og hanna loft- og vökvastýringar (og kerfi). Námsefni: Notagildi loft- og vökvastýringa. Eiginleikar vökva og lofts sem þrýstimiðla. Straumfræði samþjappanlegra vökva og reikningar á þrýstihöggum. Stöðugir og svipulir eiginleikar mismunandi kerfishluta, svo sem vökvamótora, dælna, þjappna og ventla. Með tilliti til vökvastýringar verður meðal annars fjallað um streymis-, þrýstings- og stefnustýringar. Í loftstýringum verður aðaláherslan lögð á hönnun rökrænna raðstýringa. Raðstýringar sem eru byggðar á rök-algebru.
Nauðsynleg undirstaða: Sjálfvirk stýrikerfi (VÉL504G)

**VÉL203F • Jarðhitakerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Markmið: Gera nemendur færa um: 1. Að þekkja grundvallaratriði jarðvísinda á svið jarðhita. 2. Að beita eðlis- og stærðfræðilegum líkönum til að túlka eðli og hegðun jarðhitans. 3. Að hanna varma- og straumfræðileg veitukerfi á jarðhitasvæði. Námsefni m.a.: Jarðvarmasvæði, dreifing og lega þeirra, flokkun í háhita- og lághitakerfi og þurr kerfi (dry rock). Nýting jarðvarma hér á landi og erlendis. Jarðfræðilegar, jarðeðlisfræðilegar og jarðefnafræðilegar aðferðir til þess að meta jarðvarmasvæði, stærð þeirra og afköst. Grunnvatnsrennsli jarðvarmasvæða. Vinnsla jarðvarma, bortækni, frágangur borhola, afkastamælingar þeirra, hljóðdeyfar, gufuskiljur og öryggisbúnaður. Gufu- og vatnslagnir, tvífasa streymi, varmaþenslur, undirstöður, einangrun og stýribúnaður jarðvarmakerfa. Umhverfisáhrif vegna varmanýtingar.

**VÉL203M • Tæknileg iðnhönnun • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur færa um að þróa og hanna framleiðsluvörur og vinnslukerfi. Námsefni: Hönnunaraðferðir og huglæg hönnun: Þarfagreining aðgerðagreining, matsskilyrði, jaðarskilyrði, lausnarrúm og ákvörðunartaka. Hlutlæg hönnun: Form, samtengingar og víddir. Ákvörðunartaka, kerfisgreining og þekkingarkerfi. Tölvustudd hönnun: Þráðlíkan, yfirborðslíkan, rúmmálslíkan, framsetning og frágangur. Flutningakerfi, vörumeðhöndlun, vinnsla og pökkun. Vörugæði, ending og urðun.

**VÉL204F • Verkefni • (6e) • Vor**
Meistaranemum er gefinn kostur á að vinna að verkefni, sem tengist véla- og/eða iðnaðarverkfræði. Verkefnið er unnið undir umsjón a.m.k. eins fastráðins kennara deildarinnar.

**VÉL204M • Tölvustýrð kerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ólafur Pétur Pálsson Prófessor
Námsefni m.a.: Notkun tölva í stýrikerfum. Greining stakrænna kerfa með Z-vörpunum og samsvörun stakrænna og samfelldra kerfa. Uppbygging stýritölva og gerð stýrihugbúnaðar. Hönnun stafrænna stýringa með hefðbundnum aðferðum. Hönnun stafrænna stýrikerfa m eð ástandsaðferðum, m.a. með pólsetningu og beitingu ástandsskoðunar. Nokkur hönnunarverkefni leyst með aðstoð tölvu.
Nauðsynleg undirstaða: Sjálfvirk stýrikerfi (VÉL504G) eða Sjálfvirk stýrikerfi (RAF502G)

**VÉL205F • Verkefni • (6e) • Sumar**
Meistaranemum er gefinn kostur á að vinna að verkefni, sem tengist véla- og/eða iðnaðarverkfræði. Verkefnið er unnið undir umsjón a.m.k. eins fastráðins kennara deildarinnar.

**VÉL205M • Tölvustýrður vélbúnaður • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Markmið: Að kenna nemendum að hanna vélbúnað sem byggir á stýritækni, rafbúnaði og aflliðum. Að tengja saman stýritækni, rafmagnsfræði og vélhlutafræði. Námsefni: Aflgjafar, drifbúnaður, færslukerfi, mælinemar, reglar og tölvustýringar. Vökvaþrýstikerfi, loftþrýstikerfi, færibönd, flutningakerfi og fiskvinnsluvélar.

**VÉL206M • Tölvuvædd hönnun • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magnús Þór Jónsson Prófessor
Að gera nemendur færa um að nota þrívíð hönnunarkerfi við hönnun vélhluta; að skilgreina þær þarfir sem hugbúnaðurinn þarf að uppfylla. Námsefni m.a.: Unnið verður með þráð-, yfirborðs- og rúmmálslíkön. Lögð verður áhersla á notkun stikaframsetningar við þrívíða líkanagerð ásamt hugtökum sem henni tengjast s.s. grafískum ferlum; spline-, NURBS- og bezierferlar. Tenging og notkun við greiningar-, hermi- og framleiðsluhugbúnað verður einnig kynnt.
Nauðsynleg undirstaða: Tölvuteikning og framsetning (VÉL201G) eða Tölvuteikning og framsetning (BYG202G)

**VÉL301F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**VÉL401F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**VÉL402F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**VÉL501M • Tæring • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Fjóla Jónsdóttir Dósent
Kennari: Ragnheiður I Þórarinsdóttir
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Að nemendur þekki tæringu sem rafefnafræðilegt hvarf, geti lagt mat á tæringarhættu mismunandi málma við mismunandi aðstæður og kunni skil á aðferðum til tæringarmælinga og tæringarvarna. Námsefni: Tæring sem rafefnafræðilegt hvarf, áhrif spennu- og straumbreytinga. Tæringarflokkar, samhengi við málmgerðir og áhrif umhverfis. Aðferðir til tæringarmælinga; vigttap, rafefnafræðilegar aðferðir (electrochemical corrosion measurements) og viðnámsmælingar (electrical resistance). Möguleikar og takmarkanir aðferða til að mæla tæringarhraða og meta tæringarferli. Aðferðir til tæringarvarna.

**VÉL502M • Fiskiðnaðartækni 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Kennari: Sigurjón Arason Dósent
Í boði þegar ártal er oddatala. Markmið: Að gera nemendur færa um: Að skilja þýðingu góðrar meðferðar á afla og hráefni og að reikna út nauðsynlegar stærðir í vinnslu sjávarfangs. Námsefni m.a.: Helstu lög og reglugerðir í sjávarútvegi. Efni og efnabreytingar. Prótein, fita o.fl. þættir, sem hafa áhrif á efnabreytingar, s.s. hitastig, selta, loftaðgangur, raki, sýrustig o.fl. Skemmdareinkenni á sjávarfangi vegna örveru- og efnabreytinga. Mikilvægar örverur í sjávarfangi. Vöxtur örvera vegna hita, seltu, loftaðgangs, sýrustigs, raka, aukaefna o.fl. Saltfiskverkun, skreiðarverkun, harðfiskverkun, reyking og niðursuða, frysting, skelfiskvinnsla, frystitogarar. Orku- og massavægi fyrir hvert vinnsluþrep og vinnslurásina í heild sinni. Verklegt: Einstaka vinnslueiningar.

**VÉL601M • Fiskiðnaðartækni 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Páll Valdimarsson Prófessor
Í boði þegar ártal er jöfn tala. Markmið: Gera nemendur færa um að beita þverfaglegri þekkingu á helstu sviðum vélaverkfræðinnar til að hanna fiskvinnslufyrirtæki. Námsefni m.a.: Vinnsluþrep og vinnsluvélar í fiskimjölsvinnslu, lýsisgerð, meltugerð og ferskfiskútflutningi. Orku- og massavægi. Hönnunarforsendur fyrir fiskvinnslufyrirtæki. Vinnsluvélar, geymsluaðferðir. Greining á starfsumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja, markaðsmál, samkeppnisstaða, arðsemi, gæðamál, tæknivæðing o.fl. Verklegt: Fiskvinnslurás og fiskvinnslufyrirtæki hannað eða endurskipulagt.

## Jarðvísindadeild

**JAR101G • Jarðfræði 1A • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Stefán Arnórsson Prófessor
Kennari: Ármann Höskuldsson Fræðimaður
Kennari: Karl Grönvold Sérfræðingur
Kennari: Árný Erla Sveinbjörnsdóttir Vísindamaður
Fyrirlestrar: Bygging jarðar, flekakenningin. Steindir og kristalbygging þeirra, eldgos, innskot, storkuberg, myndbreytt berg og setberg; jarðlagafræði, aldursgreiningar, jarðskjálftar og jarðskorpuhreyfingar. Auk almennrar umfjöllunar um efnið verður lögð áhersla á sérstöðu Íslands. Æfingar: Upplýsingar og gagnameðferð í jarðfræði. Handsýni af storkubergi, holufyllingum og myndbreyttu bergi. Farnar verða 5 skoðunarferðir fyrstu 5 vikur misserisins sem hver um sig tekur einn dag og falla verklegar æfingar niður á meðan.

**JAR102G • Jarðfræði fyrir fornleifafræðinema • (8e) • Haust • 4f + 3æ**
Umsjónarmaður: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Kennt á haustmisseri oddatöluára. Í námskeiðinu er fjallað um mikilvæg undirstöðuatriði og aðferðir jarðfræðinnar, sem fornleifafræðingar nýta sér við rannsóknir. 1) Bergfræði: Greining berg- og steintegunda í handsýni. 2) Jarðvegsfræði: Almenn flokkun jarðvegs; íslenskur jarðvegur. 3) Gjóskulagafræði: Eldgosasaga, einkenni gjóskulaga, aðferðir og túlkun. 4) Aldursgreiningar með geislakoli: Sýnasöfnun, túlkun aldursgreininga. 5) Yfirlit um loftslags- og gróðurfarssögu Íslands frá lokum síðasta jökulskeiðs. 6) Jarðeðlisfræðilegar mælingar í fornleifafræði.

**JAR103G • Steindafræði 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Sigurður Steinþórsson Prófessor
Markmið: Nemendur læri að greina steindir (kristalla), lýsa þeim og túlka myndunarhætti þeirra. Fyrirlestrar: Kristallafræði, kristalefnafræði, eðliseiginleikar steinda. Ljósfræði kristalla, bergfræðismásjá, greining steinda með smásjá. Æfingar: Kristallíkön, hvolvörpun kristalla, kristalgrindur, greining steinda í handsýnum. Smásjártækni og notkun bergfræðismásjár.

**JAR106G • Introduction to the Geology and Geography of Iceland • (10e) • Haust • Stokkur: H • 12f**
Umsjónarkennari: Ármann Höskuldsson Fræðimaður
Kennari: Sigurður Steinþórsson Prófessor
Kennari: Páll Einarsson Prófessor
Kennari: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Friðgeir Grímsson Sérfræðingur
Kennari: Sigurður Reynir Gíslason Vísindamaður
Kennari: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Kennari: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Ólafur Gestur Arnalds
Kennari: Bjarni Reynarsson
Kennari: Guðrún Þorgerður Larsen Fræðimaður
The course starts with a five-day study tour in South-Iceland at the end of August, preceded by one-day orientation lectures and preparation. The tour focuses on both constructive and destructive geological processes as well as human activities in the region. Following the tour, an intensive program of lectures covering the main aspects of Icelandic tectonics, geology, and geography, will occupy three and a half weeks. The last half week of September is devoted to writing up a report on the Study tour and, finally, completing a one-day home examination.

**JAR108G • Igneous Petrology • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3æ**
Umsjónarkennari: Sigurður Steinþórsson Prófessor
Kennari: Olgeir Sigmarsson Vísindamaður
Í námskeiðinu er leitast við að veita yfirsýn yfir bergfræði storkubergs-aðferðir, kenningar og viðfangsefni. Í fyrirlestrum er farið í flokkun storkubergs og vensl bergtegunda við tektoník. Myndun og þróun bergbráða í ljósi efnakerfa (phase diagrams), aðal- og snefilefna, svo og samsæta. Lærdómar sem draga má af stórum berghleifum, úthafshryggjum, úthafseyjum og storkubergi meginlanda. Bergfræði Íslands: eldstöðvakerfi, bergsyrpur og samband þeirra við tektonískt umhverfi; myndun móbergs. Verklegar æfingar með bergfræðismásjá, túlkun efnagreininga, eins-dags bergfræðiferð.

**JAR202G • Jarðfræði 2A • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Hreggviður Norðdahl Fræðimaður
Kennari: Stefán Arnórsson Prófessor
Fyrirlestrar: Landmótun útrænna afla, þáttur þeirra í veðrun og rofi. Umhverfis- og loftlagsbreytingar. Orkuauðlindir, neysluvatn og hagnýt jarðefni. Verndun auðlinda og förgun úrgangs. Æfingar: Aðferðir og tæki við útivinnu. Farnar verða skoðunar- og fræðsluferðir á seinni hluta námskeiðsins þar sem hver ferð tekur að jafnaði 1/2-1 dag. Verklegar æfingar falla niður á meðan. Fimm daga fræðsluferð verður farin um Suðurland strax að loknum prófum.

**JAR203G • Almenn bergfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 4æ**
Kennari: Sigurður Steinþórsson Prófessor
Markmið: Yfirlit og kynning helstu kenninga og rannsóknaraðferða varðandi storkuberg, setberg og myndbreytt berg. Fyrirlestrar: Kemísk og steindafræðileg flokkun storkubergs. Bergsyrpur. Myndun, þróun og storknun bergbráðar í ljósi efnakerfa. Snefilefni og samsætur. Efnaveðrun, myndun sets og setbergs. Ummyndun og myndbreyting leirsteins, kalksteins og basalts. Myndbreytingarhamir (facies) og hamaraðir. Æfingar: Greining bergs í handsýnum og smásjá. Meðferð og túlkun efnagreininga.
Æskileg undirstaða: Steindafræði 1 (JAR103G)

**JAR208G • Quaternary Environments • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Áslaug Geirsdóttir Prófessor
The aim of the course is to give a comprehensive summary of the environmental change that occurred during the Quaternary period with special reference to Iceland. Contents: The characteristics of the Quaternary and geological evidence for global climatic change. The history of ice on Earth. How do glaciers work? Glacial debris transport and glacial sedimentation on land and in water. Glaciers and volcanoes. Volcanic activity and the environment. The glacial and deglacial history of Iceland and the North Atlantic Ocean.

**JAR303G • Jarðfræðikortagerð • (8e) • Haust • 1f + 3æ**
Umsjónarmaður: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Kennari: Jón Eiríksson Vísindamaður
Grundvallaratriði við notkun korta og loftmynda við vettvangsvinnu og rannsóknir í jarðfræði, 1f + 3æ á 4. misseri. Sumarnámskeið í gerð jarðfræðikorts við lok 4. misseris. Úrvinnsla og skýrslugerð, 1,3u á 5. misseri.

**JAR304G • Umhverfisjarðfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3æ**
Umsjónarmaður: Stefán Arnórsson Prófessor
Fjallað verður um umhverfismál með áherslu á auðlindir, förgun úrgangs, staðbundna og hnattræna mengun, veðurfarsbreytingar og umhverfismat.

**JAR306G • Steindafræði 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 2f + 3æ**
Umsjónarmaður: Sigurður Steinþórsson Prófessor
Kennari: Níels Örn Óskarsson Sérfræðingur
Markmið: Greining og túlkun helstu steindaflokka. Fyrirlestrar: Grindbygging og kristal-efnafræði silíkata, oxíða, karbónata og súlfíða. Ágrip af Röntgen-kristallafræði. Uppruni helstu steindafylkja gosbergs, setbergs og myndbreytts bergs. Jarðhita- og jarðþrýstimælar. Æfingar: Greining steinda með smásjá, röntgentækni og örgreini, úrvinnsla mælinga.
Nauðsynleg undirstaða: Steindafræði 1 (JAR103G), Almenn bergfræði (JAR203G)

**JAR307G • Storkuberg 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Sigurður Steinþórsson Prófessor
Flokkun storkubergs, magmagerðir. Almenn bergfræði dæmigerðra storkubergssvæða. Úthafshryggir og úthafseyjar, meginlandssvæði, innskot. Bergfræði Íslands: Eldstöðvakerfin, bergraðir, berg frá tertíer, berg frá kvarter, móberg og palagónítmyndun, svæðisdreifing berggerða á nútíma; hnyðlingar; tilgátur um uppruna íslensks bergs. Í upphafi misseris er farin 3ja daga ferð sem nemendur skila skýrslu um; æfingar falla niður á móti. Æfingar: Bergfræðileg verkefni og smásjárvinna.
Æskileg undirstaða: Steindafræði 1 (JAR103G), Almenn bergfræði (JAR203G)

**JAR308G • Setlagafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 3æ**
Umsjónarkennari: Áslaug Geirsdóttir Prófessor
Kennari: Jón Eiríksson Vísindamaður
Ásýndir, ásýndafylki og umhverfislíkön í setlagafræði. Fjallað er um helstu setmyndunarumhverfi með tilvísun til íslensks sets og setlaga. Æfingar byggjast á vettvangsferðum í nágrenni Reykjavíkur.

**JAR309G • Saga lífs og jarðar 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Saga lífs og jarðar frá upphafsöld til loka miðlífsaldar. Undirstöðuatriði jarðlagafræði, tímatal í jarðsögu, landrek, myndunarsaga troga og fellingafjalla, loftslagssaga, saga lífsins, jarðsögulega athyglisverð landsvæði. Yfirlit yfir fylkingar dýraríkisins. Flokkun og nafngiftir. Tegundarhugtakið. Vöxtur og breytileiki. Þróunarleiðir. Steingervingar og aldur. Steingervingar og umhverfi. Þróun. Elstu lífverur. Frumdýr, svampdýr, bikardýr, holdýr, kambhveljur, flatormar, ranaormar, hjóldýr, þráðormar o.fl., liðormar, frumliðdýr. Æfingar: Greining steingervinga ættkvísla úr helstu flokkum. Nemendur flytja erindi um valin jarðsöguleg efni og skrifa skýrslu. Tvær dagsferðir í nágrenni Reykjavíkur.

**JAR309M • Almenn haffræði 2 • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Ólafsson Prófessor
**Markmið**: Í framhaldi af Almennri haffræði 1 er efld þekking nemenda á ferlum í hafinu og tengslum milli hafs, lofthjúps og hafsbotns.
**Viðfangsefni**: Hringrás heimshafanna í yfirborðs- og djúplögum, hringrásir í fjörðum, ósasvæðum og innhöfum. Sjávarföll, bylgjur og hafís. Ferli sem ráða uppruna, flutningi og upphleðslu setagna í sjó og við strendur. Aðferðir og tæki til rannsókna á hafsbotninum. Hafsbotninn við Ísland. Loftslagsskrá setlaga og grundvöllur fornhaffræði.
**Æfingar**: 20%. Nemendur velja efni í samráði við kennara og skila ritgerð. Dæmaæfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn haffræði 1 (JAR412M)

**JAR402M • Steingervingafræði plantna • (4e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1æ**
Umsjónarkennari: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Kennt á vormisseri þegar ártal er slétt tala. Yfirlit um flokkunarfræði plantna. Gróður jarðar á fornlífsöld og miðlífsöld. Gróður á Íslandi og í nágrannalöndum á tertíer, ísöld og nútíma. Æfingar: Frjógreining.

**JAR403G • Tjörnesferð • (4e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Jón Eiríksson Vísindamaður
Umsjónarkennari: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Ferðin farin í lok vormisseris þegar ártal er slétt tala. Námsferð um Tjörnes í 8 daga. Verkefnum er úthlutað og eiga nemendur að skila skýrslu.

**JAR404G • Námsferð til útlanda • (4e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Ferðin farin í lok vormisseris þegar ártal er oddatala. Námsferð til útlanda í 10 daga til að kynnast berg- og jarðfræði á völdum svæðum. Verkefnum úthlutað og skýrslum skilað.

**JAR405G • Hagnýt jarðfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Hreggviður Norðdahl Fræðimaður
Kennt á vormisseri þegar ártal er oddatala. Jarðefni: Gerð og uppruni berggrunns, spennur og sprungur í bergi. Uppruni og dreifing setlaga. Jarðtæknilegir og hagnýtir eiginleikar bergs og lausra jarðlaga og gæðaflokkun þeirra við mannvirkjagerð. Notkun jarðfræðirannsókna við skipulagningu og gerð mannvirkja. Hagnýting jarðefna og auðlinda. Ferli: Umhverfisáhrif mannsins og mat á umhverfisáhrifum búsetu og mannvirkja á afrennsli og grunnvatnsborð, efnistöku og förgun sorps og frárennsli. Áhrif veðurfars- og loftlagsbreytingar á jarðfræðileg ferli sem snerta mannvirki og búsetu t. d. á hafnir og strendur.

**JAR407G • Rof, setmyndun og landmótun jökla • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 4v**
Umsjónarkennari: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Hreggviður Norðdahl Fræðimaður
Námskeiðið fjallar um ferli rofs, setmyndunar og landmótunar í jökulumhverfi og er sérstaklega sniðið fyrir nemendur sem hafa áhuga á náttúrulandafræði, jöklajarðfræði og jöklafræði. Í fyrirlestrum er fjallað um jökulkerfi, hreyfingar jökla, rof, setmyndun, flutning, aflögun, landform og ferli við jökuljaðar. Fimm daga námsferð verður farin að jöklum á Suðurlandi (Mýrdalsjökull eða Vatnajökull) að loknum vormisserisprófum. Í námsferð verður verkefnum úthlutað og nemendur skila skýrslum.

**JAR408G • Jarðfræðikortagerð • (8e) • Vor • 1f + 3æ**
Umsjónarmaður: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Kennari: Jón Eiríksson Vísindamaður
Grundvallaratriði við notkun korta og loftmynda við vettvangsvinnu og rannsóknir í jarðfræði, 1f + 3æ á 4. misseri. Sumarnámskeið í gerð jarðfræðikorts við lok 4. misseris. Úrvinnsla og skýrslugerð, 1,3u á 5. misseri.

**JAR410G • Efnavarmafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Stefán Arnórsson Prófessor
Kennt á vormisseri, þegar ártal er oddatala. Markmið: Að veita nemendum innsýn í undirstöðuatriði efnavarmafræðinnar og notkun hennar til að skilja og túlka ýmis jarðfræðileg ferli. Að gefa nemendum nauðsynlegan bakgrunn til að geta lesið og skilið bækur og tímaritsgreinar þar sem efnavarmafræði er beitt við túlkun jarðfræðilegra gagna. Fyrirlestrar: Lögmál efnavarmafræðinnar. Vensl efnavarmafræðilegra falla. Staðalástand. Efnajafnvægi. Ákvörðun efnavarmafræðilegra stærða með tilraunum. Vatnslausnir. Sýrur og basar. Styrkur og virkni. Æfingar: Dæmi í efnavarmafræði við úrlausn jarðfræðilegra viðfangsefna. Notkun efnavarmafræðilegra gagna. Notkun WATCH-forritsins við útreikning á virkni efnasambanda í vatnslausn og mettunarástandi fyrir steindir.

**JAR411G • Myndbreyting, ummyndun, veðrun • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 2f + 3æ**
Umsjónarkennari: Sigurður Steinþórsson Prófessor
Kennari: Stefán Arnórsson Prófessor
Kennt á vormisseri þegar ártal er slétt tala. Fyrirlestrar: Tektónískt umhverfi myndbreytingar og myndbreytts bergs. Áhrif hita, þrýstings, tíma, og efnasamsetningar bergs á myndbreytingarefnahvörf og myndun síðsteinda. Ummyndun. Veðrun. Verklegar æfingar: Athugun á ummynduðu og myndbreyttu bergi í smásjá og handsýnum. Útreikningar á hvernig myndbreytingahvörf eru háð hita og þrýstingi. Nauðsynleg undirstaða: Steindafræði 1 (JAR103G), Almenn bergfræði (JAR203G)

**JAR412M • Almenn haffræði 1 • (8e) • Vor • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Ólafsson Prófessor
**Markmið**: Að nemendur öðlist yfirsýn á undirstöður almennrar haffræði, gerð hafsbotns, eðlis- og efna- og lífefnafræði sjávar. Ennfremur hvernig samspil þessara þátta móta breytilegar aðstæður í höfunum.
**Viðfangsefni**: Viðfangsefni haffræði: Skipting lands og sjávar, heimshöfin, stærð og landfræðileg einkenni, botnlögun. Tæki og aðferðir í hafrannsóknum. Eðliseiginleikar sjávar, selta. Ljós og hljóð í hafinu. Breytingar eiginleika vegna sveims og strauma. Orkubúskapur og vatnshagur. Dreifing sjávarhita og seltu, sjógerðir og hita-seltuhringrásin. Ágrip af stöðu- og hreyfifræði hafsins. Efnafræði sjávar: Jarðefnafræðileg hringrás, aðalefni, snefilefni og uppleystar lofttegundir í sjó. Næringarsölt í sjó og tengsl þeirra við kolefni og súrefni. Áhrif eðlis- og efnafræðilegra eiginleika á frjósemi hafsvæða. Hafið við Ísland.
**Æfingar**: 20%. Dæmaæfingar og skýringar dæma. Úrvinnsla og túlkun haffræðilegra gagna. Heimsókn í rannsóknaskip.
**Einkunnagjöf:** Einkunnir eru gefnar fyrir æfingar (20%) og skriflegt próf (80%). Lágmarkseinkunn þarf að ná í báðum hlutum.

**JAR414G • Saga lífs og jarðar 2 • (8e) • Vor • 4f + 4æ**
Umsjónarkennari: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Jarðsaga nýlífsaldar og kerfisbundin steingervingafræði. Jarðsöguleg þróun Íslands og nágrannalandanna á tertíer og kvarter. Ísöld og nútími. Jarðsaga áhugaverðra svæða utan Íslands. Kerfisbundin steingervingafræði: Liðdýr, lindýr, mosadýr, armfætlur, graftólítar, skeggormar, píluormar, skrápdýr. Nemendaerindi um ýmis jarðsöguleg efni. Æfingar: Erindi nemenda um ýmis jarðsöguleg efni, og greining ættkvísla steingervinga úr helstu flokkum. Þriggja daga námsferð á Snæfellsnes.

**JAR501G • Auðlindir og umhverfisjarðfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 1u**
Umsjónarmaður: Stefán Arnórsson Prófessor
Kennari: Ólafur G Flóvenz
Kennari: Árný Erla Sveinbjörnsdóttir Vísindamaður
Kennari: Halldór Ármannsson

Kennari: Ingvar Birgir Friðleifsson
Markmið: Að veita nemendum yfirsýn yfir undirbúning að vinnslu jarðhita, vöktun jarðhitasvæða í vinnslu og hvernig jarðvísindalegum aðferðum er beitt við þennan undirbúning og vöktun. Námsefni: Lega jarðhitasvæða og eðli jarðhitans. Flokkun jarðhitasvæða á Íslandi. Nýting jarðhita á Íslandi og erlendis. Jarðfræði og grunnvatnsfræði jarðhitakerfa, hitastigull, ummyndun, efnainnihald jarðhitavökva, jarðboranir. Umhverfisáhrif af nýtingu jarðhita. Vinnuaðferðir á sviði jarðfræði, jarðeðlisfræði, jarðefnafræði og grunnvatnsfræði við undirbúning að vinnslu jarðhita og vöktun jarðhitakerfa í vinnslu.

**JAR502G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (2e) • Haust**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR502M • Greiningartækni 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 2f + 4æ**
Umsjónarkennari: Stefán Arnórsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum undirstöðu í söfnun sýna af ís, köldu vatni, jarðhitavatni og jarðgufu. Kynna fyrir nemendum tæki sem notuð eru til að efnagreina jarðefni, byggingu þessara tækja og notagildi. Að þjálfa nemendur í völdum efnagreiningaraðferðum. Fyrirlestrar: Fræðilegur grundvöllur greiningartækja og -aðferða. Tæki og tækni: Röntgenendurskin, ljósgleypnimæling, litrófsmæling, geislarófsmæling (ICP-tæki), títrun, pH-mæling, mæling á virkni jóna með rafskautum, mælingar með gasskilju og jónaskilju, tilraunir. Æfingar: Söfnun og efnagreining sýna af vatni og jarðgufu.

**JAR503G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (4e) • Haust**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR504G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (6e) • Haust**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR601G • BS-verkefni í jarðfræði • (10e) • Vor**
Sérstakt verkefni til BS-prófs, sem stúdentar vinna undir stjórn eða umsjón kennara við deildina. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Stúdentum er heimilt að fengnu samþykki kennara að nota niðurstöður er fengist hafa í námskeiðinu Jarðfræðikortagerð sem efni í BS-ritgerð. Verkefnum skal skilað skv. reglum deildar um prófverkefni. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar.

**JAR602G • BS-verkefni í jarðfræði • (10e) • Sumar**
Sérstakt verkefni til BS-prófs, sem stúdentar vinna undir stjórn eða umsjón kennara við deildina. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Stúdentum er heimilt að fengnu samþykki kennara að nota niðurstöður er fengist hafa í námskeiðinu Jarðfræðikortagerð sem efni í BS-ritgerð. Verkefnum skal skilað skv. reglum deildar um prófverkefni. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar.

**JAR603G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (2e) • Vor**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR604G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (2e) • Sumar**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR605G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (4e) • Vor**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR606G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (4e) • Sumar**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR607G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (6e) • Vor**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR608G • Rannsóknarverkefni í jarðfræði • (6e) • Sumar**
Stúdentum er gefinn kostur á að vinna að einu verkefni undir stjórn eða umsjón kennara deildarinnar. Val á verkefni er háð samþykki jarðvísindadeildar og vinnu lýkur með samningu ritgerðar eða skýrslu sem metin skal til eininga og einkunnar.

**JAR609G • Jöklafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Helgi Björnsson Vísindamaður
Útbreiðsla íss á jörðinni: Snjór, jöklar, hafís, sífreri. Myndun jökla, ákoma, leysing, afkoma. Ummyndun snævar í jöklulís. Hitastig í jöklum,

gaddjöklar, þíðjöklar. Orkuskipti milli andrúmslofts og jökuls. Hreyfing jökla, botnskrið, formbreyting, líkön um samband þykktar og útbreiðslu hveljökla, straumlínur og aldur jökulíss. Viðbrögð jökla við afkomu (loftslagsbreytingum). Framhlaup. Vatn í jöklum, rennsli þess að ám og uppsöfnun í jökullón, jökulhlaup. Eldvirkni í jöklum og jarðhiti. Eðlisfræði jökulrofs og flutnings rofefna í jökli. Íssjármælingar. Rannsóknir á borkjörnum úr jöklum, not vetnis- og súrefnissamsæta til loftslagsrannsókna, aldursgreining, mengunarrannsóknir. Snjóflóð, spár og varnir.

**JAR610G • Volcanology • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Kennari: Páll Einarsson Prófessor
History of volcanology. Volcanic processes and products. Magma, origin and evolution. Eruptive systems. Kinds of volcanoes, volcanic eruptions and their products, lava, tephra, gases. Tephrochronology. Volcanism in different tectonic settings. Magma chambers and associated crustal deformation. Volcano forecasting and monitoring. Effects of volcanism on land use. Volcanic hazards and mitigation. Extraterrestrial volcanism. Excercises. Volcano Conference with student presentations. Field excursion.

**JAR611G • Umhverfisjarðefnafræði • (8e) • Vor • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Stefán Arnórsson Prófessor
Fyrirlestrar: Uppruni frumefna og dreifing þeirra á jörðinni. Grundvallaratriði efnafræði vatns. Jarðefnafræðileg hringrás kolefnis og köfnunarefnis. Umhverfisefnafræði andrúmslofts, hafs og þurrlendis. Jarðefnafræði valinna efna sem eru mikilvæg umhverfislega (ál, arsen, blý, kadmíum, kvikasilfur). Mengun vatns og vatnsgæði. Þrávirk lífræn efni. Hreinsun áskólpi og iðnaðarúrgangi. Radikal-efnafræði og oxunarferli, þar með talin hreinsun vatns. Æfingar: Ýmis dæmi um efnahvörf og efnisflutninga sem eru umhverfislega mikilvæg.

**JEÐ104G • Introduction to Geophysics • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 1æ**
Umsjónarmaður: Páll Einarsson Prófessor
Umsjónarkennari: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
An introduction to the physics of the Earth. The course should be suitable as a first course for those majoring in geophysics and for geology students wanting to become familiar with the subject. Gravity, shape and rotation of the Earth, gravity anomalies. The geomagnetic field, magnetic anomalies, palaeomagnetism. Earthquakes and seismic waves. Layered structure of the Earth, heat transport and the internal heat of the Earth. Origin and age of the Earth. Dating with radioactive elements. Geophysics of Iceland, introduction to geophysical research in Iceland.

**JEÐ106G • Current Crustal Movements • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 1d**
Umsjónarkennari: Páll Einarsson Prófessor
The subject of the course is active tectonic movements with emphasis on processes currently active in Iceland. Elastic and ductile behaviour of rocks in the crust and mantle. Brittle fracturing. Plate velocity models, both relative and absolute. Plate boundary deformation. Rifts and rifting structures. Transcurrent faulting and associated structures. Earthquakes and faulting. Measuring crustal movements, GPS-geodesy, levelling, SAR-interferometry, tilt- and strainmeters. A field project will be carried out.

**JEÐ201G • Almenn jarðeðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 3v**
Kennari: Páll Einarsson Prófessor
Kennari: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Markmið:
Að nemendur:
· Hafi öðlast yfirsýn yfir eðlisfræði hinnar föstu jarðar s.s. þyngdarsvið, segulsvið, geislavirkni, aldursgreiningar, hita og varma, fjaðurbylgjur og jarðskjálfta.
· Geti beitt aðferðum sígildrar eðlisfræði eins og hún er kennd á 1. ári í háskóla til að leysa einföld verkefni í eðlisfræði hinnar föstu jarðar.
· Hafi kynnst helstu aðferðum jarðeðlisfræðilegrar könnunar.
Viðfangsefni:
Þyngdarsvið jarðar, lögun hennar og snúningur, þyngdarmælingar, flóðkraftar. Segulsvið jarðar, segulsviðsmælingar, bergsegulmagn. Jarðskjálftar, jarðskjálftamælingar og jarðskjálftabylgjur, bylgjubrots- og endurkastsmælingar. Uppruni og aldur jarðar. Aldursmælingar með geislavirkum efnum, stöðugar samsætur. Varmaleiðni og hiti í iðrum jarðar. Kynning á aðferðum jarðeðlisfræðilegrar könnunar. Jarðeðlisfræðirannsóknir á Íslandi.
Vinnulag:
Fyrirlestrar og umræður eru tvisvar í viku. Dæmatímar eru u.þ.b. einu sinni í viku þar sem lögð eru fyrir nokkur dæmi. Nemendur skila heimadæmum. Umræðufundir þar sem fjallað er um tiltekin efni í jarðeðlisfræði. Einnig eru haldnar verklegar æfingar, a.m.k. ein utanhúss þar sem gerðar eru jarðeðlisfræðilegar mælingar og leitað svara við jarðfræðilegu vandamáli. Nemendur vinna úr gögnum og skila um þær skýrslum.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 R (EÐL103G) eða Eðlisfræði G (EÐL204G)
Skriflegt próf 75%, frammistaða í námskeiði (verklegar æfingar, umræðufundir, dæmatímar) 25%.

**JEÐ501G • BS-verkefni • (10e) • Haust**
Nemandi velur í samráði við kennara verkefni í jarðeðlisfræði, smíðar tæki, gerir mælingar eða útreikninga, les sér til um efnið eftir því sem við á og skilar síðan ritgerð um það.

**JEÐ502M • Grunnvatnsfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 1d + 1u**
Umsjónarmaður: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Kennari: Jónas Elíasson Prófessor
Kennari: Þröstur Þorsteinsson Sérfræðingur
Námsefni: Raki í jarðvegi, eiginleikar og gerð vatnsleiðandi jarðlaga, grunnvatnskerfi. Streymi grunnvatns um lekt berg. Lögmál Darcys. Einsátta, stefnuháð, sístætt og tímaháð streymi um opin og lokuð grunnvatnskerfi. Grunnvatnskort. Mat á vatnsleiðni, lekt og vatnsforða í bergi. Viðbrögð grunnvatnskerfa við vinnslu vatns úr borholum, vinnslugeta og rekstraröryggi. Boranir og aðferðir við leit að hentugum stöðum til vatnstöku. Gæði grunnvatns og mengun. Flutningur uppleystra efna með grunnvatnsstraumum. Eiginleikar ferskvatnslinsu nálægt

sjó. Öflun kalds neysluvatns á Íslandi. Rennsliskerfi jarðhitasvæða. Reiknifræðileg grunnvatnslíkön. Við æfingar er m.a. kynnt alhliða forrit til líkanreikninga fyrir grunnvatnskerfi.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**JEÐ503M • Aflfræði og varmaflutningur í samfelldum efnum • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 2d + 1u**
Umsjónarmaður: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Kennari: Þröstur Þorsteinsson Sérfræðingur
Markmið: Að kynna aflfræði samfelldra efna, vökvaaflfræði og varmaflutning og beitingu fræðanna á vandamál í eðlisfræði og jarðeðlisfræði. I. Spenna og aflögun, spennusvið, spennutensor, sveiging platna, efniseiginleikar, líkön: Fjaðrandi efni, seigt efni, plastískt efni.- II. Seigir vökvar, lagstreymi, iðustreymi, samfellujafna, jafna Navier-Stokes.- III. Varmaflutningur: Varmaleiðing, hræring vatns, varmaburður. Dæmi tekin úr ýmsum greinum eðlisfræði, einkum jarðeðlisfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Venjulegar deildajöfnur (09.10.40) eða Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G), Varmafræði 1 (EÐL402G)

**JEÐ504G • Jarðeðlisfræðileg könnun • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Páll Einarsson Prófessor
Umsjónarmaður: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Helstu jarðeðlisfræðilegar aðferðir til könnunar jarðlaga, m.a. við leit að orkugjöfum og hagnýtum jarðefnum: Kennilegar forsendur, tæki, framkvæmd mælinga, úrvinnsla og túlkun. Endurkasts- og bylgjubrotsmælingar. Þyngdarmælingar. Segulsviðsmælingar. Rafleiðni- og rafsviðsmælingar. Mælingar í borholum. Æfingar á misseri: Reikniæfingar, líkantilraunir o.fl. Námskeið í mælingum utan bæjar, 2 vikur að loknum vorprófum. Mælingar með ýmsum jarðeðlisfræðilegum mælitækjum og samræmd úrvinnsla þeirra.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G) eða Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G), Almenn jarðeðlisfræði (JEÐ201G)

**JEÐ601G • BS-verkefni • (10e) • Vor**
Nemandi velur í samráði við kennara verkefni í jarðeðlisfræði, smíðar tæki, gerir mælingar eða útreikninga, les sér til um efnið eftir því sem við á og skilar síðan ritgerð um það.

**JEÐ601M • Jarðskjálftafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 4v**
Kennari: Páll Einarsson Prófessor
Námsefni: Gerð og eiginleikar jarðskjálftamæla. Helstu jarðskjálftabylgjur: P-, S-, Rayleigh- og Love-bylgjur. Dýpi jarðskjálfta, dreifing þeirra um jörðina og samband við jarðfræði. Upptök jarðskjálfta: Brotlausn, vægi, stærð, orka, tíðniróf, áhrif. Jarðskjálftabylgjur og innri gerð jarðarinnar. Æfingar: Úrvinnsla jarðskjálftamælinga, smáskjálftamælingar, landmælingar og fræðileg verkefni. Fyrirlestur og ritgerð um valið efni.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G), Almenn jarðeðlisfræði (JEÐ201G)

**JEÐ602G • BS-verkefni • (10e) • Sumar**
Nemandi velur í samráði við kennara verkefni í jarðeðlisfræði, smíðar tæki, gerir mælingar eða útreikninga, les sér til um efnið eftir því sem við á og skilar síðan ritgerð um það.

**JAR105F • 4. árs rannsóknarverkefni í jarðfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**JAR107F • Námskeið til meistaraprófs í jarðfræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði, sem rannsóknarverkefni hans fjallar um, en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða, sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**JAR108F • Málstofa í vatnsefnafræði • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Sigurður Reynir Gíslason Vísindamaður
Sjá námskeiðslýsingu á ensku.
Pass/fail based on performance during classes and discussions.

**JAR111F • Jöklar og fornloftslag • (8e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 3æ**
Umsjónarkennari: Áslaug Geirsdóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að gefa nemendum innsýn í nýjustu rannsóknir á loftslagsbreytingum fyrri jarðsögutímabila og fram á okkar tíma. Skoðaðar verða náttúrulegar loftslagssveiflur á mismunandi tímaskölum og hugsanlegar ástæður þeirra ræddar. Hlýnun 20. aldar verður sett í víðara samhengi við veðurfarsbreytingar á nútíma.
Námskeiðið verður á fyrirlestraformi, þar sem kennari og nemendur taka fyrir í hverjum tíma 2-3 nýlegar greinar úr ritrýndum tímaritum um umhverfis- og loftslagsbreytingar. Umræður með þátttöku allra fylgja í kjölfarið. Nemendum er ætlað að halda 2-3 fyrirlestra yfir misserið um valin efni sem snerta markmið námskeiðs, auk þess sem þeim er ætlað að skila ítarlegri ritgerð um efnið í lok misseris.

**JAR205F • 4. árs rannsóknarverkefni í jarðfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**JAR206F • 4. árs rannsóknarverkefni í jarðfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**JAR209F • Námskeið til meistaraprófs í jarðfræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði, sem rannsóknarverkefni hans fjallar um, en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða, sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**JAR210F • Námskeið til meistaraprófs í jarðfræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði, sem rannsóknarverkefni hans fjallar um, en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða, sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**JAR211F • Saga lífs og jarðar 3 • (8e) • Vor • 5f + 2u + 3v**
Umsjónarkennari: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Steingervingafræði Íslands: Valdir kaflar úr þróunarsögu íslenskra dýrasamfélaga. Dýralíf á Íslandi á tertíer og kvarter. Uppruni og þróun íslensku sælindýrafánunnar frá Tjörneslögum á tertíer til nútíma. Gróður á Íslandi og í nágrannalöndum á tertíer, ísöld og nútíma. Gróður jarðar á fornlífsöld og miðlífsöld.
Þróunarsaga hryggdýra: Yfirlit yfir líkamsbyggingu hryggdýra. Steingerð hryggdýr (varðveisla o.fl.). Vankjálkar, brynháfar, brjóskfiskar, beinfiskar, froskdýr, skriðdýr, fuglar, spendýr. Uppruni og þróun mannsins. Yfirlit yfir þróun hryggdýra. Æfingar: Greining ættkvísla og tegunda, ásamt frjógreiningu. Skoðunarferð um nágrenni Reykjavíkur.
Nauðsynleg undirstaða: Saga lífs og jarðar 1 (JAR309G), Saga lífs og jarðar 2 (JAR414G)

**JAR212F • Lesnámskeið í jökla- og kvarterjarðfræði • (8e) • Vor • 4u**
Umsjónarkennari: Ólafur Ingólfsson Prófessor
Markmið námskeiðs er að tryggja þekkingarbakgrunn framhaldsnema í jökla- og kvarterjarðfræði. Námskeiðið byggir á lestri á völdum bókarköflum og tímaritsgreinum er gefi nemanda góða yfirsýn yfir jöklunar- og veðurfarssögu á kvartertímabilinu og staðgóða þekkingu á aðferðum í jöklajarðfræði og jarðlagafræði. Leslisti verður sniðin að þörfum hvers nemanda, og það verður svigrúm fyrir sérstakar áherslur á fagþekkingu á sviðum sem tengjast rannsóknarverkefni sérstaklega. Nemandi skili skriflegri samantekt um lesefni og verður prófaður munnlega.

**JAR213F • Sumarskóli Nordvulk í eldfjallafræði • (4e) • Sumar**
Umsjónarkennari: Freysteinn Sigmundsson Sérfræðingur
Sjá enska námskeiðslýsingu.
Mat á veggspjöldum, erindum og þátttöku í vettvangsferðum.

**JAR214F • Vatnsefnafræði • (6e) • Vor • 3f + 7æ**

Umsjónarkennari: Andri Stefánsson Dósent
**Viðfangsefni:**
Að gefa nemendum djúpa innsýn í grundvallarþætti vatnsefnafræði og efnafræði vatns í náttúrunni. Fjallað verður um sýrur og basa, uppleysingu og útfellingu, málmjónir, oxun og afoxun, og samsætur og þá þætti sem stjórna efnafræði vatns í náttúrunni. Lögð er áhersla á skýra á magnbundin hátt þau ferli sem stjórna efnainnihaldi vatns, þ.m.t. yfirborðsvatn, grunnvatn og jarðhitavatn.
**Æfingar:**
Fyrirlestrar og umræðutímar þar sem kennarar og nemendur munu halda fyrirlestra og ræða tiltekinn viðfangsefni. Ennfremur eru æfingar og verkefni tengd fyrirlestrum.
Nauðsynleg undirstaða: Greiningartækni 1 (JAR502M), Efnavarmafræði (JAR410G), Myndbreyting, ummyndun, veðrun (JAR411G)

**JAR215F • Líkanreikningur í berg- og jarðefnafræði • (6e) • Vor**
Umsjónarkennari: Andri Stefánsson Dósent
**Viðfangsefni:**
Að gefa nemendum góða innsýn í notkun tölvuforrita sem notuð eru í berg- og jarðefnafræði, hermireikninga til að skýra ferli sem stjórna efnainnihaldi vatns, bergs o.fl. eða spá fyrir um efnainnihaldið. Þau forrit sem kennt verður á fer eftir áhuga og sérsviði nemenda hverju sinni.
**Æfingar:**
Skipulagðir fyrirlestrar verða ekki haldnir. Hver nemandi fær verkefni sem sniðið er að þörfum hans og áhuga. Kennsla felst í því að leiðbeina nemanda um notkun ýmissa forrita til hermireikninga og við túlkun á berg- og jarðefnafræðilegum gögnum. Kennarar, sérfræðingar, nýdoktorar og lengra komnir framhaldsnemar geta leiðbeint nemanda eftir því sem við á. Unnt verður að halda námskeiðið þótt aðeins einn nemandi sæki það.
Nauðsynleg undirstaða: Greiningartækni 1 (JAR502M), Efnavarmafræði (JAR410G)
Æskileg undirstaða: Myndbreyting, ummyndun, veðrun (JAR411G)

**JAR216F • Storkuberg 2 • (6e) • Vor • 5f + 2æ + 3v**
Umsjónarkennari: Sigurður Steinþórsson Prófessor
**Markmið:** Í framhaldi af Storkubergi 1 er viðfangsefnið tekið fræðilegum tökum þar sem nemendum eru kynnt hugtök, ferli og aðferðir nútíma berg- og jarðefnafræði og færni aukin í öflun, meðferð og túlkun gagna.
**Viðfangsefni:** Uppruni frumefnanna, sókerfisins og jarðar. Lotukerfið frá sjónarhóli jarðefnafræðinnar. Hringrásir valinna efna í náttúrunni. Bergfræði jarðmöttuls, hafsbotnsskorpu og meginlanda. Bergfræðiferli og áhrif reikulla efna á þau. Snefilefni og samsætur í berg- og jarðefnaferlum. Aldursgreiningar með geislavirkum efnum. Kvikugös; glerinnlyksur og vökvabólur í kristöllum. Jarðhita- og jarðþrýstimælar. Ummyndun í megineldstöðvum og jarðhitakerfum. Notkun tölvuforrita og hermireikninga í berg- og jarðefnafræði.
**Æfingar**: Kennileg og praktísk reiknidæmi; einfaldar tilraunir; rannsóknaverkefni með smásjá, örgreini og massagreini.
Nauðsynleg undirstaða: Storkuberg 1 (JAR307G)

**JAR217F • Greiningartækni 2 • (6e) • Vor • 10æ**
Umsjónarkennari: Stefán Arnórsson Prófessor
**Viðfangsefni:**
Hver nemandi fær verkefni sem sniðið er að þörfum hans og óskum miðað við MS- eða doktorsverkefni. Nemandinn fær sýni til efnagreininga sem hann skal efnagreina með tilteknum tækjum og aðferðum. Gögnin skal hann síðan meðhöndla til að sýna fram á hver sé samkvæmni og nákvæmni mælinganna.
**Æfingar:**
Skipulagðir fyrirlestrar verða ekki haldnir. Hver nemandi fær verkefni sem sniðið er að þöfum hans og áhuga. Kenna felst í því að leiðbeina nemenda um notkun ýmissa tækja og aðstoða við úrvinnslu mælinga. Kennarar, sérfræðingar, nýdoktorar og lengra komnir framhaldsnemar geta leiðbeint nemenda eftir því sem við á. Unnt verður að halda námskeiðið þótt aðeins einn nemandi sæki það.
Nauðsynleg undirstaða: Greiningartækni 1 (JAR502M)

**JAR218F • Jarðhiti • (6e) • Vor • 6f + 4u**
Umsjónarkennari: Stefán Arnórsson Prófessor
**Viðfangsefni:**
Að gefa nemendum djúpa innsýn í tiltekin jarðhitaverkefni sérstaklega á sviðum þar sem þörf er á að auka þekkingu til lausnar þekktum vandamálum við nýtingu jarðhita. Eins verður fjallað um mál sem talin eru vera mikilvæg á hverjum tíma, t.d. endurnýjanleika jarðhitaauðlinda, sjálfbærni jarðhitanýtingar, verndunarsjónarmiðum, fjölnotkun jarðvarma og tækninýjungum við borholumælingar o.fl.
**Æfingar:**
Umræðutímar eru tvisvar í viku. Kennarar og nemendur munu halda fyrirlestra um tiltekinn viðfangsefni. Í umræðutímum verður fjallað um efni fyrirlestra og önnur viðfangsefni að tillögu kennara og einstakra nemenda. Nemendur skila ritgerðum um tiltekin viðfangsefni.

**JAR309M • Almenn haffræði 2 • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Ólafsson Prófessor
**Markmið**: Í framhaldi af Almennri haffræði 1 er efld þekking nemenda á ferlum í hafinu og tengslum milli hafs, lofthjúps og hafsbotns.
**Viðfangsefni**: Hringrás heimshafanna í yfirborðs- og djúplögum, hringrásir í fjörðum, ósasvæðum og innhöfum. Sjávarföll, bylgjur og hafís. Ferli sem ráða uppruna, flutningi og upphleðslu setagna í sjó og við strendur. Aðferðir og tæki til rannsókna á hafsbotninum. Hafsbotninn við Ísland. Loftslagsskrá setlaga og grundvöllur fornhaffræði.
**Æfingar**: 20%. Nemendur velja efni í samráði við kennara og skila ritgerð. Dæmaæfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn haffræði 1 (JAR412M)

**JAR310F • Hafefnafræði • (8e) • Haust • Stokkur: V7 • 6f + 4u**
Umsjónarkennari: Jón Ólafsson Prófessor
**Markmið**: Að veita nemendum, sem hafa áhuga en ekki endilega undirstöðuþekkingu í haffræði, innsýn í efnaferli og tengsl þeirra við jarðfræði hafsbotnsins, strauma og blöndun í hafinu, lífefnaferli og sérstaklega hlutverk hafsins í kolefnishringrás jarðar.
**Viðfangsefni**: Haffræðilegur bakgrunnur um uppleyst efni, straumakerfi heimshafanna og lífríki. Hringrás jarðefna. Varmafræðlileg

undirstaða. Karbónatkerfi sjávar. Stöðugar og geislavirkar samsætur í hafinu. Lífræn efnaferli. Fornhaffræði og fornveðurfar. Aðferðir og tæki við gagnaöflun á sjó.
***Æfingar***: 25%. Efnagreiningar á sjó. Dæmareikningar.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn efnafræði 1 (EFN101G)

**JAR311F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í jarðfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**JAR321F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**JAR321F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**JAR402M • Steingervingafræði plantna • (4e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1æ**
Umsjónarkennari: Leifur Albert Símonarson Prófessor
Kennt á vormisseri þegar ártal er slétt tala. Yfirlit um flokkunarfræði plantna. Gróður jarðar á fornlífsöld og miðlífsöld. Gróður á Íslandi og í nágrannalöndum á tertíer, ísöld og nútíma. Æfingar: Frjógreining.

**JAR412M • Almenn haffræði 1 • (8e) • Vor • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Ólafsson Prófessor
**Markmið**: Að nemendur öðlist yfirsýn á undirstöður almennrar haffræði, gerð hafsbotns, eðlis- og efna- og lífefnafræði sjávar. Ennfremur hvernig samspil þessara þátta móta breytilegar aðstæður í höfunum.
**Viðfangsefni**: Viðfangsefni haffræði: Skipting lands og sjávar, heimshöfin, stærð og landfræðileg einkenni, botnlögun. Tæki og aðferðir í hafrannsóknum. Eðliseiginleikar sjávar, selta. Ljós og hljóð í hafinu. Breytingar eiginleika vegna sveims og strauma. Orkubúskapur og vatnshagur. Dreifing sjávarhita og seltu, sjógerðir og hita-seltuhringrásin. Ágrip af stöðu- og hreyfifræði hafsins. Efnafræði sjávar: Jarðefnafræðileg hringrás, aðalefni, snefilefni og uppleystar lofttegundir í sjó. Næringarsölt í sjó og tengsl þeirra við kolefni og súrefni. Áhrif eðlis- og efnafræðilegra eiginleika á frjósemi hafsvæða. Hafið við Ísland.
***Æfingar***: 20%. Dæmaæfingar og skýringar dæma. Úrvinnsla og túlkun haffræðilegra gagna. Heimsókn í rannsóknaskip.
**Einkunnagjöf:** Einkunnir eru gefnar fyrir æfingar (20%) og skriflegt próf (80%). Lágmarkseinkunn þarf að ná í báðum hlutum.

**JAR414F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í jarðfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**JAR415F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í jarðfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**JAR416F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**JAR502M • Greiningartækni 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 2f + 4æ**
Umsjónarkennari: Stefán Arnórsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum undirstöðu í söfnun sýna af ís, köldu vatni, jarðhitavatni og jarðgufu. Kynna fyrir nemendum tæki sem notuð eru til að efnagreina jarðefni, byggingu þessara tækja og notagildi. Að þjálfa nemendur í völdum efnagreiningaraðferðum. Fyrirlestrar: Fræðilegur grundvöllur greiningartækja og -aðferða. Tæki og tækni: Röntgenendurskin, ljósgleypnimæling, litrófsmæling, geislarófsmæling (ICP-tæki), títrun, pH-mæling, mæling á virkni jóna með rafskautum, mælingar með gasskilju og jónaskilju, tilraunir. Æfingar: Söfnun og efnagreining sýna af vatni og jarðgufu.

**JAR507F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í jarðfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**JAR612F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í jarðfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**JAR613F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í jarðfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**JEÐ007F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í jarðeðlisfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**JEÐ105F • Aflfræði jarðskorpunnar • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Páll Einarsson Prófessor
Efni: Fjaðurfræði og fjaðureiginleikar jarðar, brothegðun og brotahreyfingar, misgengi og gangar, kvikuhólf, reiknilíkön til að líkja eftir aflfræðilegum ferlum í jarðskorpunni, flekahreyfingar, jarðskorpan og jarðskorpuhreyfingar á Íslandi.
Nauðsynleg undirstaða: Jarðskjálftafræði (JEÐ601M), Aflfræði og varmaflutningur í samfelldum efnum (JEÐ503M)

**JEÐ107F • Námskeið til meistaraprófs í jarðeðlisfræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni á sama sérsviði og rannsóknarverkefni nemandans en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**JEÐ109F • Andhverfar varpanir í jarðeðlisfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 5f + 3d**
Umsjónarkennari: Gylfi Páll Hersir
Sjá námskeiðslýsingu á ensku.
Nauðsynleg undirstaða: Línuleg algebra B (STÆ208G), Jarðeðlisfræðileg könnun (JEÐ504G)

**JEÐ110F • Jarðskorpuhreyfingar og aflfræði jarðar - mælingar og líkön • (10e) • Haust • 6f + 3d**
Umsjónarkennari: Freysteinn Sigmundsson Sérfræðingur
Sjá námskeiðslýsingu á ensku.

**JEÐ111F • Málstofa um jarðfræðilega atburði • (2e) • Haust • 2u**
Umsjónarkennari: Páll Einarsson Prófessor
Sjá námskeiðslýsingu á ensku.
Byggt á frammistöðu í umræðutímum og framsetningu á efni.

**JEÐ202F • Námskeið til meistaraprófs í jarðeðlisfræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni á sama sérsviði og rannsóknarverkefni nemandans en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**JEÐ203F • Námskeið til meistaraprófs í jarðeðlisfræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni á sama sérsviði og rannsóknarverkefni nemandans en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**JEÐ204F • Forðafræði jarðhita og borholumælingar • (8e) • Vor • 4f + 4d + 1æ**
Sjá námskeiðslýsingu á ensku.

**JEÐ205F • Málstofa um jarðfræðilega atburði • (2e) • Vor • 2u**
Umsjónarkennari: Páll Einarsson Prófessor
Sjá námskeiðslýsingu á ensku.
Byggt á frammistöðu í umræðutímum og framsetningu á efni.

**JEÐ301F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í jarðeðlisfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**JEÐ402F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í jarðeðlisfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**JEÐ502M • Grunnvatnsfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 3f + 1d + 1u**
Umsjónarmaður: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Kennari: Jónas Elíasson Prófessor
Kennari: Þröstur Þorsteinsson Sérfræðingur
Námsefni: Raki í jarðvegi, eiginleikar og gerð vatnsleiðandi jarðlaga, grunnvatnskerfi. Streymi grunnvatns um lekt berg. Lögmál Darcys. Einsátta, stefnuháð, sístætt og tímaháð streymi um opin og lokuð grunnvatnskerfi. Grunnvatnskort. Mat á vatnsleiðni, lekt og vatnsforða í bergi. Viðbrögð grunnvatnskerfa við vinnslu vatns úr borholum, vinnslugeta og rekstraröryggi. Boranir og aðferðir við leit að hentugum stöðum til vatnstöku. Gæði grunnvatns og mengun. Flutningur uppleystra efna með grunnvatnsstraumum. Eiginleikar ferskvatnslinsu nálægt sjó. Öflun kalds neysluvatns á Íslandi. Rennsliskerfi jarðhitasvæða. Reiknifræðileg grunnvatnslíkön. Við æfingar er m.a. kynnt alhliða forrit til líkanreikninga fyrir grunnvatnskerfi.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**JEÐ503M • Aflfræði og varmaflutningur í samfelldum efnum • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 2d + 1u**
Umsjónarmaður: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Kennari: Þröstur Þorsteinsson Sérfræðingur
Markmið: Að kynna aflfræði samfelldra efna, vökvaaflfræði og varmaflutning og beitingu fræðanna á vandamál í eðlisfræði og jarðeðlisfræði. I. Spenna og aflögun, spennusvið, spennutensor, sveiging platna, efniseiginleikar, líkön: Fjaðrandi efni, seigt efni, plastískt efni.- II. Seigir vökvar, lagstreymi, iðustreymi, samfellujafna, jafna Navier-Stokes.- III. Varmaflutningur: Varmaleiðing, hræring vatns, varmaburður. Dæmi tekin úr ýmsum greinum eðlisfræði, einkum jarðeðlisfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Venjulegar deildajöfnur (09.10.40) eða Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G), Varmafræði 1 (EÐL402G)

**JEÐ505F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í jarðeðlisfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**JEÐ601F • Málstofa í jarðeðlisfræði • (6e) • Vor • 2f + 2u**
Umsjónarmaður: Magnús Tumi Guðmundsson Prófessor
Fjallað verður um fræðileg vandamál eða sérhæfð svið jarðeðlisfræðlegra rannsókna eftir vali kennara og nemenda.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn jarðeðlisfræði (JEÐ201G)

**JEÐ601M • Jarðskjálftafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 4v**
Kennari: Páll Einarsson Prófessor
Námsefni: Gerð og eiginleikar jarðskjálftamæla. Helstu jarðskjálftabylgjur: P-, S-, Rayleigh- og Love-bylgjur. Dýpi jarðskjálfta, dreifing þeirra um jörðina og samband við jarðfræði. Upptök jarðskjálfta: Brotlausn, vægi, stærð, orka, tíðniróf, áhrif. Jarðskjálftabylgjur og innri gerð jarðarinnar. Æfingar: Úrvinnsla jarðskjálftamælinga, smáskjálftamælingar, landmælingar og fræðileg verkefni. Fyrirlestur og ritgerð um valið efni.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G), Almenn jarðeðlisfræði (JEÐ201G)

**JEÐ604F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í jarðeðlisfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**JEÐ605F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í jarðeðlisfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

## Líf- og umhverfisvísindadeild

**FER101G • Ferðamálafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Anna Dóra Sæþórsdóttir Dósent
Kennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kynnt eru helstu viðfangsefni, hugtök og kenningar ferðamálafræða. Fjallað er um samfélagslegar orsakir ferðamennsku og áhrif ferðamennsku á umhverfi, samfélag og hagkerfi. Fjallað er um upphaf og þróun ferðamennsku og ferðalaga og hvert straumar ferðamanna liggja. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

**FER102G • Náttúrufræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Kennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Meginmarkmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grundvallarskilning á ferlum náttúrunnar, þannig að það nýtist við skipulagningu og stjórnun náttúrutengdrar ferðamennsku. Fjallað verður um myndun og mótun lands og gerð grein fyrir þeim ferlum sem þar eru að verki. Lögð verður áhersla á eldvirkni, jarðskorpuhreyfingar, jökla, jarðveg, gróður og dýraríki. Áhersla verður jafnframt lögð á myndunarsögu Íslands og samspil innrænna og útrænna afla í þeirri sögu. Gerð verður grein fyrir þróun gróðurfars hér á landi í gegnum jarðsögu landsins og fjallað um hlutverk landhnignunar í gróðurfarssögu landsins. Veitt verður innsýn í sögu landgræðslu og skógræktar. Í námskeiðinu verður sérstök áhersla lögð á sérkenni íslenskrar náttúru, afleiðingar einangrunar og samspil hinna ýmsu umhverfisþátta sem áhrif hafa á mótun íslensks landslags og náttúrufars. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

**FER201G • Ferðalandfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kennari: Karl Benediktsson Prófessor
Kennari: Katrín Anna Lund Lektor
Veitt er yfirsýn yfir lönd og þjóðir og fjölbreytni í náttúrufari og menningu heimsins. Skoðað er samhengi mannlífs og lifnaðarhátta og hins náttúrlega umhverfis. Fjallað er um ferðamöguleika og ferðamannastaði í heiminum og gerð grein fyrir þeim atriðum í náttúrufari og menningu sem öðrum fremur laða ferðamenn.

**FER206G • Nature Based Tourism • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Anna Dóra Sæþórsdóttir Dósent
Kennari: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Nature as a resource in tourism. Types of tourists, their expectations and requirements, and environmental impacts. Iceland as a tourism destination: Images and realities. Ideas of wilderness and 'the unspoiled land'. Conflicts between tourism and other use of land. Ideologies of sustainable development and ecotourism. Rural tourism. Nature conservation, national parks and reserves as tourist destinations.

**FER301G • Fyrirtæki og stofnanir ferðaþjónustunnar • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Anna Dóra Sæþórsdóttir Dósent
Námskeiðið veitir nemendum innsýn í rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja. Sérstaklega er skoðað starfsumhverfi í gistingu, samgöngu og afþreyingu ásamt því sem aðkoma opinberra aðila er greind. Fjallað er um starfsemi ferðaskrifstofa, samband ferðaframleiðenda, milliliða og neytenda og vöruþróunar og ferðaskipulagningar. Kynnt eru lög og reglur varðandi aðferðir og ábyrgð ferðaskipuleggjenda ásamt mikilvægi gæða og gæðaflokkunarkerfa. Rædd eru áhrif tækninýjunga á ferðaþjónustu, lóðrétts og lárétts samruna, samstarf og samkeppni fyrirtækja.

**FER401M • Kenningar í ferðamálafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Á áttunda áratugnum byrjuðu fræðimenn að velta fyrir sér tilgangi og þróun ferðamennsku í heiminum. Spurningar eins og "hver er ferðamaður?", "hver er tilgangur þess að ferðast? og "hvað skilgreinir ferðalög?" voru vangaveltur sem áreittu fræðin í byrjun og kenningar voru settar fram. Enn þann dag í dag velta fræðimenn upp þessum sömu spurningum, þó með breyttum áherslum í síbreytilegum félagslegum og pólitíkum aðstæðum. Þessi áfangi mun varpa upp megin kenningum ferðamálafræðinnar og gefa innsýn í ólíkar nálganir og umfjallanir fræðimanna sem fjalla um ferðamennsku. Krafa verður gerð á nemendur um að þeir velti fyrir sér mismunandi nálgunum fræðimanna með það að ljósi að setja fram sínar eigin spurningar og hugsanlegar nálganir hvað varðar uppsetningu verkefnis í ferðamálafræðum.

**FER407G • Ferðamennska og umhverfi • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Í námskeiðinu verður fjallað um náttúru og landslag sem auðlind ferðamennsku. Áhersla verður lögð á samspil manns og náttúru. Farið verður yfir sögu náttúruverndar og staða náttúruverndar í dag skoðuð í alþjóðlegu samhengi. Fjallað verður um skipulag og stjórnun þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða og skoðaðar aðferðir við gildismat náttúrunnar. Áhrif ferðamennsku á umhverfi verða rædd með áherslu á álag ferðamanna og þolmörk umhverfis. Gefin verður innsýn í náttúrusiðfræði og viðhorf og umgengni ferðamanna við náttúruna rædd. Sérstök áhersla verður lögð á sjálfbæra ferðamennsku og möguleikar þróunar slíkrar ferðamennsku hér á landi verða ræddir í ljósi skipulagningar og stjórnunar ferðamennsku. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins

**FER501G • BS-verkefni í ferðamálafræði • (10e) • Haust**
Stúdentar skulu vinna að sérstöku verkefni til BS-prófs undir stjórn eða umsjón kennara skorarinnar. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Verkefnum skal skilað skv. reglum skorar um prófverkefni.

**FER501M • Menningartengd ferðaþjónusta • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Í námskeiðinu verður hugað að þýðingu og skilgreiningu hugtaksins menningar í menningartengdri ferðaþjónustu með sérstöku tilliti til framsetningar og miðlunar menningararfs í söfnum sem og á öðrum vettvangi. Velt verður upp pólitískum og siðferðilegum þáttum hvað varðar söfnun og framsetningu og einnig ólíkum leiðum fólks við að lesa í söguna, sína eigin og annarra. Lögð verður áhersla á íslenskar aðstæður hvað varðar söfn og menningararf í verkefnavinnu.
Verkefni 60% Próf 40% Nemendur velji annan af tveimur verkefniskostum: A: felst í greiningu og þróun á ákveðnu tækifæri í menningartengdri ferðaþjónustu. Í verkefninu skal gera stutta grein fyrir þeim menningarverðmætum sem hugmyndin byggir á, aðferðinni við að miðla þeim og verkáætlun; þ.e. hvað þarf að gera, hver á að gera það, hvað tekur það líklega langan tíma og hvað kostar það? B: felst í athugun og greiningu á starfsemi í menningartengdri ferðaþjónustu sem þegar er fyrir hendi. Í verkefninu skal lýsa sögu strafseminnar, fjármögnun, framkvæmd, styrkleikum, veikleikum og draga ályktun um áframhaldandi uppbyggingu.

**FER502G • Námsferð innanlands • (8e) • Haust • 1u**
Umsjónarkennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Umsjónarkennari: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum þjálfun í að beita helstu aðferðum ferðamálafræðinga við athuganir á vettvangi. Heimildasöfnun, undirbúningur og mótun verkefna fyrrihluta misseris. Fimm til sjö daga námsferð í október. Athuganir á náttúrufari, landsnytjum, byggð, samgöngum og atvinnulífi. Síðari helming misseris vinna nemendur að gerð skýrslu.

**FER503M • Ferðamennska, skipulag og landfræðileg upplýsingakerfi • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Samfara aukinni ferðamennsku eykst mikilvægi þess að þekkja og greina áhrif ferðamennsku á umhverfið til að geta skipulagt og stjórnað nýtingu auðlindarinnar sem ferðaþjónustan byggir afkomu sína á. Landfræðileg
upplýsingakerfi (LUK) eru víðast hvar viðurkennd sem öflugt og nauðsynlegt stjórnunartæki á flestum sviðum, allt frá viðskiptum til umhverfismála, hvort heldur er til að meta og greina umhverfis- og efnahagslega hagkvæmni staðsetninga, til að draga fram hagsmunaárekstra eða til að meta samband orsaka og afleiðinga. Í námskeiðinu verður áhersla lögð á notkun LUK sem tæki til að meðhöndla mismunandi þætti og málefni er varða skipulag og stjórnun ferðamennsku. Námskeiðið mun samanstanda af fræðilegum fyrirlestrum og æfingum. Greining á viðkvæmni lands, hagkvæmasta staðsetning mismunandi afþreyingar og netgreining samgangna m.t.t. ferðamannastaða eru dæmi um æfingar, sem lagðar verða fram til að hvetja nemendur til notkunar LUK til skipulagningar ferðamennsku.

**FER504M • Ferðalög, landslag og frásagnir • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Megináhersla námskeiðsins verður á frásagnir af ferðalögum einstaklinga og hvernig þeim er komið á framfæri, aðallega í rituðu máli (ferðaskrifum) en einnig mun öðrum frásagnarformum verða gefinn gaumur sbr. ljósmyndun, kvikmyndun, ljóðagerð og málaralist. Í þessu samhengi verður velt upp spurningum um hvers konar landslag það er sem ferðalangurinn skapar á ferðalögum sínum, hvernig staðir sem ferðast er um og sjálf ferðalangsins tengjast, og hvernig landslagið sjálft talar til ferðalangsins. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist djúpan skilning á fræðilegri notkun hugtakanna frásögn og landslag, og geti notað þau til greiningar og túlkunar á frásögnum af ferðalögum frá mismunandi tímabilum í mismunandi landslagi. Rýnt verður í frásagnarform höfunda á borð við Bruce Chatwin, Rebeccu Solnit, V.S. Naipaul, Virginiu Wolf og James Joyce auk ýmissa annarra erlendra og innlendra frásagnaforma.

**FER505M • Málstofa í ferðamennsku og umhverfisstjórnun • (10e) • Haust • Stokkur: H • 3f**
Umsjónarmaður: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Samfara auknum umsvifum ferðaþjónustunnar hefur aukinn ágangur ferðamanna á viðkvæma náttúru landsins ásamt vaxandi umhverfisvitund almennings leitt til aukinna krafna um skipulag og stjórnun umhverfismála í ferðaþjónustu. Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu á umhverfisstjórnun og mikilvægi hennar í uppbyggingu sjálfbærrar ferðamennsku. Áhersla verður lögð á fræðilega umfjöllun um tilgang og árangur umhverfisstjórnunar og gerð grein fyrir mismunandi umhverfisstjórnunarkerfum og umhverfisvottunum í ferðaþjónustu. Jafnframt verður fjallað um áhrif ferðamennsku á náttúru og samfélag og kynntar mismunandi aðferðir til að meta og greina slík áhrif m.t.t. umhverfisstjórnunar.

**FER601G • BS-verkefni í ferðamálafræði • (10e) • Vor**
Stúdentar skulu vinna að sérstöku verkefni til BS-prófs undir stjórn eða umsjón kennara skorarinnar. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Verkefnum skal skilað skv. reglum skorar um prófverkefni.

**FER602G • BS-verkefni í ferðamálafræði • (10e) • Sumar**
Stúdentar skulu vinna að sérstöku verkefni til BS-prófs undir stjórn eða umsjón kennara skorarinnar. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Verkefnum skal skilað skv. reglum skorar um prófverkefni.

**FER603M • Nýsköpun í ferðaþjónustu • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Katrín Anna Lund Lektor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Ferðaþjónusta og nýsköpun eru oft og tíðum tengd sterkum böndum í umræðu um hagþróun og nýbreytni í samfélaginu. Ferðaþjónusta er út af fyrir sig talin til nýsköpunar í atvinnulífi hér á landi en eins hefur vaxandi athygli verið beint að frumkvöðulshætti og nýsköpun í ferðaþjónustu.
Í námskeiðinu verður fjallað um nýsköpun og ferðaþjónustu út frá mismunandi hliðum. Farið verður ítarlega ofan í fræðilega umfjöllun um hugmyndir um nýsköpun í ferðaþjónustu og hvernig þær tengjast mismunandi skilningi á ferðaþjónustu sem atvinnugrein og nýsköpunarferlum. Gestafyrirlesarar verða fengnir til að varpa ljósi á tiltekna þætti í nýsköpunarferlum útfrá reynslu sinni á sviðinu.

Nemendur munu einnig takast á við nýsköpunarvinnu af eigin raun í verkefnavinnu námskeiðsins.
**Helstu markmið:**
Að nemendur:

- Öðlist skilning á uppbyggingu nýsköpunarverkefna
- Hafi þekkingu á grunnhugtökum í nýsköpunar og frumkvöðlafræðum
- Hafi þekkingu og skilning á ólíkum fræðilegum nálgunum að nýsköpun í ferðaþjónustu

Öðlist skilning á tengslum svæðisbundinnar þróunar og nýsköpunar

**FER604M • Borgir og ferðamennska • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kennari: Katrín Anna Lund Lektor
Í námskeiðinu er athygli beint að borgarrýminu sem vettvangi efnislegrar og táknrænnar neyslu ferðamanna. Breytingar á stöðu borga og borgasvæða vegna hnattvæðingar efnahagslífs eru reifaðar og áhrif þeirra á ferðamennsku greind. Aðdráttarafl borga fyrir ferðamenn er skoðað, m.a. söguleg arfleifð, byggingarlist, menningarleg fjölbreytni, skemmtanalíf, matarmenning, verslun, viðskipti, ráðstefnur, sýningar og stórviðburðir. Fjallað er um ímynd og markaðssetningu borga, mikilvægi staðsetningar og góðra samgangna, jafnt innan borgar sem utan. Innan borga er hugað að ferðamennsku og borgarskipulagi, staðsetningu ferðaþjónustu í borgarrýminu, þýðingu ferðaþjónustu í atvinnulífi og samskiptum ferðamanna og borgarbúa. Áhersla verður lögð á að greina stöðu Reykjavíkur sem ferðamannaborgar og nemendur vinna verkefni um ferðamennsku á höfuðborgarsvæðinu.

**LAN101G • Náttúrulandfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3æ**
Umsjónarkennari: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að nemendur kunni skil á undirstöðuatriðum veðurfars, lífríkis og jarðvegs og verði færir um að greina og túlka íslenskt umhverfi í ljósi þeirra. Fjallað verður um geislunarbúskap jarðar, hringrás vatns og vindakerfi, loftmassa og loftslagsbelti. Farið verður í myndun jarðvegs og eiginleika hans, útbreiðslu jarðvegsgerða, jarðvegsrof og jarðvegsmengun. Fjallað verður um hringrásir efna og orku, útbreiðslu lífríkis og áhrifaþætti, búsvæðabelti, líffræðilega fjölbreytni og verndun lífríkis. Rætt verður sérstaklega um áhrif nýtingar og ástand jarðvegs og gróðurs, orsakir og afleiðingar jarðvegseyðingar og hnignunar gróðurlenda.

**LAN101M • Landslag, náttúrusýn og nýting lands • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Karl Benediktsson Prófessor
Kennari: Katrín Anna Lund Lektor
Landslagshugtakið er skoðað á gagnrýninn hátt út frá sjónarhorni mannvistarlandfræði og menningarfræða. Fjallað er um þá fjölþættu merkingu sem lögð hefur verið í tilteknar gerðir landslags á ólíkum tímum og af ólíkum samfélagshópum. Áhrif hugmyndastefna á borð við nytjahyggju, rómantík og tæknihyggju á náttúrusýn og viðhorf til nýtingar landslags og náttúru eru greind. Þýðing landslags í ferðamennsku er rædd. Aðferðir við flokkun og mat á landslagi eru skoðaðar.

**LAN102G • Kortagerð • (8e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 3æ**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Árni Þór Vésteinsson
Markmið: Að kynna stúdentum fræðigrunn kortagerðar og gerð korta í stafrænu umhverfi. Sameiginleg einkenni landakorta. Staðfræðikort, farkort, þemakort og hlutverk þeirra. Helstu varpanir. Alhæfing gagna tengdum punkti, línu og fleti. Eðlisbundin gögn og magnbundin og táknun þeirra. Hönnun, vinnsla og fjölföldun korta í stafrænu umhverfi. Heimildir og höfundaréttur.

**LAN104G • Mannvistarlandfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Magnfríður Júlíusdóttir Lektor
Kennari: Karl Benediktsson Prófessor
Kynnt verða grunnhugtök og kenningastraumar í samfélagsvísindum, með áherslu á notkun og birtingarform í samtímarannsóknum í mannvistarlandfræði og ferðamálafræði. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á notkun hugtaka í vísindalegri umræðu og þjálfun í meðferð þeirra. Má þar telja algeng hugtök eins og staður, rými, hnattrænt, staðbundið, náttúra, landslag, menning, sjálfsmynd, ímynd og samfélag. Kennsluform er blanda fyrirlestra og umræðutíma í smærri hópum, sem tengjast skilaverkefnum nemenda. Próftökuréttur er háður verkefnaskilum og þátttöku í umræðuhópum.

**LAN105G • Vinnulag í landfræði og ferðamálafræði • (6e) • Haust • 4f + 3æ**
Umsjónarmaður: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Árni Þór Vésteinsson
Markmið námskeiðsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi að nemendur kunni skil á grundvallaratriðum vísindalegra vinnubragða. Fjallað er um gagnrýna hugsun og röksemdafærslu, heimildaleit og -rýni, og ritgerða- og verkefnavinnu í jarð- og landfræðiskor. Í öðru lagi að nemendur þekki sérstaklega til vinnu með kort og talnaefni. Nemendur læra að greina, túlka og vinna með upplýsingar af kortum.

**LAN106G • Soils and Vegetation • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Soil formation processes. Physical and chemical properties of soils. Soil classification and global distribution. The role of soil in the ecosystem. Soil nutrients and interactions between soil, vegetation and the atmosphere. Soil erosion and land degradation. Icelandic soils and their properties. The geography of Icelandic vegetation. Human impact on soils and vegetation.

**LAN201G • Landfræði hnattvæðingar • (8e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Anna Karlsdóttir Lektor

Fjallað er um helstu einkenni á efnahags- og atvinnulífi heimsins, í ljósi hnattvæðingar viðskiptalífs og menningar. Helstu tegundir hagkerfa eru skoðaðar. Hugmyndir um hagþróun eru reifaðar og söguleg framvinda í ólíkum heimshlutum rakin. Kenningar um staðsetningu frumvinnslu, úrvinnslu og þjónustu í markaðshagkerfi eru kynntar. Markmiðið er að nemendur fái grunnþekkingu á hagrænum ferlum á ýmsum kvörðum, frá heimili til heims. Farin er eins dags námsferð.

**LAN202G • Fólksfjöldabreytingar • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Magnfríður Júlíusdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á einkennum og þróun fólksfjölda á Íslandi og á öðrum svæðum í heiminum. Farið er í helstu hugtök, aðferðir og kenningar sem beitt er í rannsóknum á náttúrulegum fólksfjöldabreytingum (fæðingar- og dánartíðni) og búferlaflutningum. Fjallað er um fólksfjöldabeytingar í samhengi við þróun samfélgs- og umhverfisþátta, auk stefnumótunar, í einstaka ríkjum og á alþjóðavettvangi.

**LAN203G • Tölfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 3æ**
Umsjónarkennari: Anna Dóra Sæþórsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum þjálfun í meðferð talna og framsetningu talnaefnis í töflum og myndritum, ásamt því að þeir tileinki sér grundvallaraðferðir við tölfræðilega greiningu. Helstu aðferðir lýsandi tölfræði eru kenndar. Fjallað er um forsendur ályktunartölfræðinnar og nemendur læra að beita helstu aðferðum hennar. Farið er yfir grundvallaratriði líkindafræðinnar og helstu líkindadreifingar, þýði og úrtök, framsetningu á tilgátum og prófun þeirra. Stikalaus próf og stikabundin. Fylgni og aðhvarfsgreining. Skriflegt próf 60%. Stöðumat 25%. Skil á 11 tímaverkefnum vetrarins 15% - ef skilað er á tilsettum tíma.

**LAN204G • Resources and Regional Development • (8e) • Vor • Stokkur: H • 3f + 2æ**
Analysis of the potentials and problems in regional development based on natural resources. Economic base in a service/knowledge economy. Fishing and energy sectors of Iceland: The resource base, history of resource use, management methods and planning, interest and value conflicts. Economic, social and environmental considerations. Impacts of globalization on local development.

**LAN303G • Landfræði þróunar • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Karl Benediktsson Prófessor
Kennari: Magnfríður Júlíusdóttir Lektor
Gerð er grein fyrir skiptingu heimsins í iðnríki og þróunarlönd, sem og sögulegum forsendum og afleiðingum þessarar skiptingar. Helstu kenningar um þróun eru kynntar og efnahags-, náttúrufars- og félagslegar aðstæður í þróunarlöndum greindar. Fjallað er um breytingar í landbúnaði, iðnvæðingu, samgöngur, myndun og vöxt borga og árangur og takmarkanir þróunaraðstoðar.

**LAN401G • Sjónarhorn landfræðinnar • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Karl Benediktsson Prófessor
Kennari: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum yfirlit yfir viðfangsefni og viðmið í landfræðilegum rannsóknum. Fjallað er um sögu landfræðinnar og sérstöðu hennar innan vísinda. Helstu tegundir þekkingar- og aðferðafræði í landfræðirannsóknum eru bornar saman. Lesin eru verk valinna fræðimanna og rýnt í kenningar þeirra. Fjallað er um nýjar áherslur í bæði náttúrulandfræði og mannvistarlandfræði. Nemendur fá ennfremur þjálfun í að móta eigið rannsóknarverkefni.

**LAN406G • Byggðaþróun og atvinnulíf • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u**
Umsjónarmaður: Karl Benediktsson Prófessor
Fjallað er um helstu kenningar um búsetuform og þróun byggða og svæða og þær settar í samband við íslenskar aðstæður. Samsetning atvinnulífs í helstu tegundum byggðarlaga á Íslandi er skoðuð, sem og aðrar forsendur búsetu. Markmið, leiðir og árangur af byggðastefnu. Samanburður við nágrannalönd. Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að kunna skil á sérstöðu hinna ýmsu landshluta og byggðarlaga á Íslandi og vera færir um að sjá stöðu þeirra í stærra samhengi.

**LAN409G • Námsferð til útlanda • (4e) • Vor • Stokkur: V • 1u**
Umsjónarkennari: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Um er að ræða námsferð í 8-10 daga til að kynnast landmótun og náttúrufari, búsetu, menningu, atvinnulífi, landnýtingu og ferðamennsku á völdum svæðum. Námsmat byggist á verkefnum nemenda fyrir og í ferð.

**LAN414M • Landfræðileg upplýsingakerfi 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 3f + 3æ**
Umsjónarmaður: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Söfnun og vinnsla landfræðilegra upplýsinga í stafrænu formi og hagnýting þeirra. Grannfræði og helstu gagnalíkön í vektor- og rastakerfum. Skönnun og hnitun, nákvæmni og villur. Hönnun landfræðilegs gagnasafns fyrir staðtengdar eigindir og upplýsingar, notkun venslagagnagrunna. Helstu greiningaraðferðir. Dæmi um notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við rannsóknir á náttúru og mannvist, í kortagerð og hjá skipulags- og veitustofnunum.

**LAN504G • BS-verkefni í landfræði • (10e) • Haust**
Stúdentar skulu vinna að sérstöku verkefni til BS-prófs undir stjórn eða umsjón kennara skorarinnar. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Verkefnum skal skilað skv. reglum skorar um prófverkefni. Val á verkefni er háð samþykki jarð- og landfræðiskorar.

**LAN505M • Loftmyndatúlkun og fjarkönnun • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 3f + 3æ**
Umsjónarkennari: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Grundvallaratriði fjarkönnunar, sérstaklega sem tekur til loftmynda og notkunar þeirra við vettvangsvinnu og rannsóknir. Rafsegulróf, mismunandi tegundir loftmynda, auðkenni þeirra og notkun við landgreiningu og túlkun náttúrufars og mannvistar. Mælikvarði og mælingar ýmiss konar og notkun við kortagerð. Helstu tæki og hjálpargögn. Vettvangsferðir í nágrenni Reykjavíkur.

**LAN506M • Fjarkönnun og umhverfisvöktun • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Yfirlit um helstu svið fjarkönnunar. Fjarkönnunargögn og aðferðir við öflun þeirra. Fjarkönnun úr flugvélum og gervitunglum. Vinnsla mynda og upplýsinga. Notkun og túlkun loftmynda og gervitunglamynda. Gildi fjarkönnunar á ýmsum fræðasviðum, dæmi um viðfangsefni, m.a. umhverfis- og náttúrufarsathuganir, landnýting, könnun gróðurfars og kortagerð.

**LAN507M • Efnahagslíf og samfélag í Asíu • (8e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er slétt tala.
Í námskeiðinu er athygli beint að samhengi staða og svæða í samtengdu heimshagkerfi nútímans. Fjallað er m.a. um vörukeðjur og tengingu framleiðslu og neyslu, samhengi samfélags og hagkerfis, reglun í markaðshagkerfi og staðbundnar afleiðingar af endurskipulagningu markaðshagkerfa á síðustu árum. Þessi viðfangsefni eru reifuð á mismunandi hátt frá ári til árs, með ítarlegri greiningu á tilteknu efni sem er ofarlega á baugi í hagrænni landfræði hverju sinni. Áhersla er lögð á lestur nýlegra fræðigreina um efnið og umræður um þær.

**LAN508M • Samfélagsþróun og umhverfisbreytingar í Afríku • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Magnfríður Júlíusdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Viðfangsefni námskeiðsins er samfélagsþróun og umhverfisbreytingar í Afríku sunnan Sahara, með áherslu á samtímann og þróun í sunnan- og austanverðri álfunni. Í umfjöllun um samspil samfélagslegra og náttúrufarslegra þátta er áherslan á landbúnað, fæðuöryggi, loftslagsbreytingar, nýtingu og yfirráð auðlinda. Í fræðilegri yfirferð er áhersla á sjónarhorn landfræði og kynjafræði í þróunarumræðu.

**LAN601G • BS-verkefni í landfræði • (10e) • Vor**
Stúdentar skulu vinna að sérstöku verkefni til BS-prófs undir stjórn eða umsjón kennara skorarinnar. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Verkefnum skal skilað skv. reglum skorar um prófverkefni. Val á verkefni er háð samþykki jarð- og landfræðiskorar.

**LAN602G • BS-verkefni í landfræði • (10e) • Sumar**
Stúdentar skulu vinna að sérstöku verkefni til BS-prófs undir stjórn eða umsjón kennara skorarinnar. Vinnu að slíku verkefni lýkur með samningu BS-ritgerðar, sem metin skal til einkunnar. Verkefnum skal skilað skv. reglum skorar um prófverkefni. Val á verkefni er háð samþykki jarð- og landfræðiskorar.

**LAN603M • Umhverfi og skipulag • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 1æ**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Þorbjörg K Kjartansdóttir Aðjúnkt
Skipulagsfræði, helstu hugtök, kenningar og skilgreiningar. Saga skipulags. Stjórn og fyrirkomulag skipulagsmála. Skipulagsferli og skipulagsstig. Þátttaka almennings og hagsmunahópa í skipulagsvinnu. Hlutverk skipuleggjenda. Forsendur skipulagsgerðar, gögn og vinnubrögð. Landupplýsingar flokkun og skráning. Mat á umhverfisáhrifum og umhverfismat áætlana. Siðfræði í skipulags- og umhverfismálum. Náttúruvernd, verndaráætlanir, landslag og landslagsheildir. Breytt samfélög og breyttar áherslur í skipulagsvinnu. Hlutverk skipulags og skipuleggjenda í samfélögum framtíðar. Verkefni og heimsóknir.

**LAN604M • Borgalandfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u**
Umsjónarmaður: Magnfríður Júlíusdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái grundvallarþekkingu á helstu hugtökum og rannsóknasviðum borgalandfræði. Landfræðileg yfirferð er allt frá íslenskum aðstæðum til borgvæðingar á heimsvísu. Í fyrri hluta námskeiðsins er fjallað um borgir sem heimkynni mannsins og rakin söguleg þróun borga í mismunandi heimsálfum. Rætt verður um borgarformið, hugmyndafræði að baki mismunandi borgarmyndana, ímynd borga, landnotkun, borgarskipulag og skynjun umhverfisins. Einnig verður farið almennt í verslun og samgöngur innan borga með áherslu á höfuðborgarsvæðið. Fyrri hlutanum lýkur á umfjöllun um framtíðarsýn borga. Í seinni hlutanum verður áherslan á lífsskilyrði einstaklinga og hópa í borgarsamfélagi og m.a. fjallað um húsnæðismál, aðgengi þjónustu og hreyfanleika. Einnig verður komið inn á yfirráð og "rétt" einstaklinga og hópa til staða og svæða í borgum. Fjallað verður um þessa þætti frá aðstæðum í vestrænum borgum og leitast við að tengja umræðuna þróun í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu. Auk þess verður farið meira almennt í borgvæðingu og aðstæður borgarbúa í efnahagslega fátækari svæðum heimsins (þriðja heiminum/þróunarlöndum). Áhersla er lögð á að þjálfa nema í meðferð hugtaka og þekkingarsviða greinarinnar með verkefnavinnu og umræðum.

**LAN605M • Landfræðileg upplýsingakerfi 2 • (10e) • Vor • Stokkur: V4 • 6æ**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er verkefnamiðað þar sem nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum undir leiðsögn kennara. Leiðsögn kennara felst aðallega í tæknilegri og fræðilegri úrlausn verkefna út frá landupplýsingafræðilegu sjónarmiði. Verkefni sem unnin verða í námskeiðinu koma frá kennara sem og nemendum. Stærri hluta af önninni vinna nemendur sín eigin verkefni sem þeir koma með inn í námskeiðið. Verkefni nemenda geta verið úr hvaða vísindagrein sem er, en með landupplýsingafræðilegan vinkil sem þarf að leysa. Áfanginn er próflaus en

einkunn verður gefin fyrir lokaskýrslu og minni verkefni. Í upphafi annar þurfa nemendur að hafa á reiðum höndum lýsingu á verkefninu sem þeir ætla að vinna að ásamt mati á þeim landfræðilegum gögnum sem þarf til verksins.
Nauðsynleg undirstaða: Landfræðileg upplýsingakerfi 1 (LAN414M)

**LAN606M • Svæði og menning • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 1æ**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Kennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Skoðaðar eru mismunandi birtingarmyndir, svið og svæði menninga og fjallað um sérstöðu þeirra og samspil út frá mismunandi sjónarhornum. Sköpun sjálfsmynda og ímynda, samkennd og sundrung verða viðfangsefni áfangans. Sérstök áhersla verður að þessu sinni lögð á hugtakið landamæri (boundaries) og birtingarmynd þeirra á milli menningarheima, innan sem utan samfélaga og á milli einstaklinga, líkama og samfélags.
Rík áhersla er lögð á verkefnavinnu og þátttöku nemenda

**LAN607M • Sagnfræðileg landfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1æ**
Umsjónarkennari: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Kennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Breytingar á umhverfi mannsins og maðurinn sem breytivaldur í aldanna rás. Leifar fortíðar í umhverfi nútímans. Sögulegar heimildir og nýting þeirra við landfræðileg viðfangsefni. Farið verður í dagsferð í nágrenni Reykjavíkur og verkefni unnið í tengslum við hana.

**LAN608M • Heilsulandfræði • (10e) • Vor**
Í námskeiðinu verður lýðheilsa skoðuð frá sjónarhóli landfræðinnar. Farið verður yfir helstu hugtök og kenningar í heilsulandfræði. Viðfangsefni námskeiðisins verða m.a.: áhrifavaldar heilsu, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, notkun á heilbrigðisþjónustu, landfræðileg dreifing sjúkdóma og ójöfnuður í heilsufari. Kannað verður hvernig þættir eins og
búseta, efnahagsleg- og félagslegar aðstæður, skipulag heilbrigðisþjónustu, stefna heilbrigðisyfirvalda, umhverfi- og skipulag hafa áhrif á þessi viðfangsefni. Auk þess verður komið inn á notkun landfræðilegra upplýsingakerfa í heilsulandfræði. Áhersla verður lögð á virka þátttöku nemenda í umræðum og verkefnavinnu.

**LAN609M • Vatna- og loftslagsfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Þröstur Þorsteinsson Sérfræðingur
Kennari: Einar Sveinbjörnsson
Kennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Grundvallaratriði vatnafræði, vatnsforði og hringrás vatns á jörðinni. Vatn í andrúmslofti, úrkoma (regn og snjór), uppgufun, írennsli, vatn í jarðvegi, grunnvatn, jöklar, afrennsli vatns, vatnsfallategundir, stöðuvötn, ís í ám og vötnum. Vatnshagur vatnasviða, vatnafræðilíkön. Flóð og þurrð. Ferskvatn sem auðlind og nýting þess hnattrænt og á Íslandi, vatnsöflun, vatnsafl. Vatnafræði Íslands. Vatnamælingar. Helstu eiginleikar og orkubúskapur lofthjúpsins. Veður, veðrakerfi og veðurfar á stórum og smáum kvarða. Eðli og hegðun vinda, myndun úrkomu og áhrifaþættir hitafars. Þættir í veðurfari Íslands. Hafstraumar og samspil hafs og lofts. Veðurfarslíkön og breytingar á veðurfari, hringrás kolefnis og gróðurhúsaáhrif. Heimsóknir á stofnanir sem vinna að vatna- og loftslagsrannsóknum.

**LÍF013M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (20e) • Haust**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF014M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (30e) • Haust**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF015M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (20e) • Vor**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF016M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (30e) • Vor**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF017M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (20e) • Sumar**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara

skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF018M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (30e) • Sumar**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF101G • Lífmælingar I • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2u + 4v**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að gera nemendur læsa á tölur í líffræði og þar með færa um að meðhöndla og túlka tölulegar niðurstöður úr tilraunum og athugunum í líffræði. Fyrirlestrar: Sögulegur og heimspekilegur inngangur. Líkindafræði. Gögn og mælingar. Lýsitölur dreifinga. Nokkrar líkindadreifingar. Matsfræði. Öryggismörk. Prófun kenninga. Aðhvarf. Fervikagreining. Tíðnigögn. Skópvengsaðferðir. Æfingar: Þjálfun í lausn, framsetningu og túlkun niðurstaðna úr tilraunum og athugunum úr ýmsum greinum líffræði. Áhersla lögð á að skilja forsendur og líffræðilega túlkun og ályktanir. Dæmatímar, dæmaskil. Tölvutímar og úrlausnir verkefna á tölvum. Nemendur eiga að geta leyst verkefni bæði í höndunum á blaði og með tölvu. Fyrir verklegt er gefin hluteinkunn sem gildir 35%. Fyrir lokapróf er gefin prófseinkunn sem gildir 65%. Til þess að standast námskeiðið verður nemandi að hljóta lágmarkseinkunn bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.

**LÍF102G • Grasafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 4v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Kesara Margrét Jónsson Prófessor
Plöntur sem lífverur. Bygging og starfsemi plöntufrumna. Ljóstillífun. Innri og ytri bygging plantna, vöxtur og æxlun. Ættliðaskipti, þróun, lífsferlar og einkenni helstu hópa plantna. Fjallað verður um mosa og útdauðar og núlifandi æðplöntur en mest áhersla lögð á blómplöntur. Þróun og gerð fræja, blóma og aldina. Helstu lífbelti jarðar. Gróður á Íslandi. Verklegar æfingar: Dæmi skoðuð af ytri og innri byggingu plantna úr helstu hópum. Frumu- og vefjagerðir, fræ, blóm og aldin. Áhrif umhverfis á ytri og innri gerð plantna. Próf: Verklegt (20%) og skriflegt próf (80% heildareinkunnar). Lágmarkseinkunnar er krafist í báðum prófhlutum.
Próf: Verklegt (20%) og skriflegt próf (80% heildareinkunnar). Lágmarkseinkunnar er krafist í báðum prófhlutum.

**LÍF106G • Frumulíffræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Guðmundur H Guðmundsson Prófessor
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Námskeiðið eru tveir hlutar, frumulíffræði (80 %) og vefjafræði (20 %) og sama vægi gildir um einkunn.Nemandi þarf að standast báða prófþætti.
Frumulíffræðin eru fyrirlestrar (4f á viku í 15 vikur): Inngangur að frumulíffræði, heilkjörnungar og dreikjörnungar. Megináherslan er á heilkjörnunga. Efnafræði frumna og orkubúskapur, gerð og eiginleikar stórsameinda; prótína og kjarnsýra. Erfðaefnið; bygging litninga, DNA eftirmyndun, umritun, myndun próteina og prótein útflutningur. Bygging frumna og hlutverk frumuhluta; frumuhimnan, kjarna, hvatbera, grænukorna, frumugrindar, golgíkerfis, meltibóla og oxunarkorna sem dæmi. Stjórnkerfi innan frumu og samskipti milli fruma ásamt frumusérhæfingu og krabbamein.
Vefjafræði er bæði fyrirlestrar (2f í 6 vikur) og verklegt (4 tímar á viku í 6 vikur),smásjárskoðun frumna og vefja. Sérstakt próf er haldið í vefjafræði.
Námskeiðið eru tveir hlutar, frumulíffræði (80 %) og vefjafræði (20 %) og sama vægi gildir um einkunn.Nemandi þarf að standast báða prófþætti.

**LÍF201G • Örverufræði I • (8e) • Vor • Stokkur: V6**
Umsjónarkennari: Guðni Ágúst Alfreðsson Prófessor
Kennari: Eva Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Óli Hreggviðsson Lektor
Fyrirlestrar: Inngangur. Upphaf og þróun örverufræðinnar. Bygging og sérkenni dreifkjörnunga. Smásjárnotkun og helstu litunaraðferðir. Bygging bakteríufrumunnar - einstakir frumuhlutar. Næring og vöxtur baktería. Frumatriði í efnaskiptum baktería. Dauðhreinsun og sótthreinsun. Flokkunarfræði baktería. Archaea. Proteobacteria. Lýsing á sérkennum nokkurra bakteríuættkvísla sem eru mikilvægar fyrir iðnað, læknisfræði og í umhverfi. Örverur og matvæli. Iðnaðarörverufræði og líftækni. Eiturefni baktería. Megineinkenni veira. Frumatriði ónæmisfræði. Vistfræði örvera, nokkrir frumþættir (efnaferlar, jaðarbúsvæði, samlífi). Verklegar æfingar: Grundvallarreglur við meðhöndlun örvera. Uppsetning og viðhald hreinrækta. Einkenni rækta. Undirbúningur og skoðun smásjársýna. Litunaraðferðir. Athugun á frumuhlutum baktería. Ákvörðun á fjölda baktería í ræktum. Hindrun á vexti örvera. Örverur í lofti, vatni, mjólkurvörum og kjöti. Örverur í jarðvegi. Nítrat og nítrít afoxunarvirkni. Sveppir.

**LÍF212G • Plöntulífeðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u + 5v**
Umsjónarkennari: Kesara Margrét Jónsson Prófessor
Lífeðlisfræði blómplantna: Kímmyndun, fræspírun, vöxtur og áhrif hormóna og umhverfis á vöxt og þroska. Starfsemi: Upptaka vatns og næringarefna, efnaflutningur, ljóstillífun og öndun. Samskipti plantna og örvera. Æxlun: Kynlaus æxlun og plöntulíftækni, kynæxlun í þróun plantna og kynbótum. Verklegar æfingar: Tilraunir í lífeðlisfræði og starfsemi plantna. Próf: Verklegt 30%, skriflegt 60% og nemendaerindi 10%
Æskileg undirstaða: Grasafræði (LÍF102G)
Skriflegt lokapróf 60%, verklegt próf 30%og nemendaerindi 10%.

**LÍF214G • Dýrafræði - hryggleysingjar • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Kennari: Jörundur Svavarsson Prófessor
Fyrirlestrar: Námskeiðinu er ætlað að gefa yfirlit yfir þróunarsögu og helstu atriði í byggingu og starfsemi dýra. Fjallað verður um grundvallaratriði í flokkunarfræði, þróun og tengsl fylkinga. Gefið verður yfirlit yfir líkamsbyggingu og starfsemi, þroskun, lífsferla og lifnaðarhætti helstu fylkinga hryggleysingja. Fjallað verður ítarlega um frumdýr, svampa, holdýr, flatorma, þráðorma, lindýr, liðorma, liðdýr og skrápdýr, auk þess sem fleiri fylkingar verða kynntar.
Æfingar: Skoðun og krufning tegunda úr helstu flokkum hryggleysingja. Skyldumæting í alla verklega tíma.
Skriflegt próf með ritgerðarspurningum og skilgreiningarspurningum.

**LÍF301G • Örveru- og sýklafræði • (8e) • Haust**
Umsjónarkennari: Eva Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Martha Ásdís Hjálmarsdóttir Lektor
Kennari: Hjördís Harðardóttir
Kennari: Þorgerður Árnadóttir
Kennari: Karl Skírnisson
Námskeið fyrir nemendur í hjúkrunarfræði. Fyrirlestrar: Helstu hópar örvera. Bygging bakteríufrumunnar. Næringarnám og vöxtur örvera. Áhrif umhverfisþátta á vöxt örvera. Erfðafræði baktería, flutningur erfðaefnis. Sótthreinsun og dauðhreinsun. Lyf gegn örverum. Örverur sem sjúkdómsvaldar. Helstu bakteríur, sveppir og sníkjudýr, sem valdið geta sýkingum í mönnum: náttúruleg heimkynni þeirra og smitleiðir. Einkenni, greining, meðferð, horfur og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum af þeirra völdum. Faraldsfræði smitsjúkdóma. Sýnatökur og frágöngur sýna til sýklarannsókna. Spítalasýkingar. Grundvallaratriði í gerð og flokkun veira, fjölgun veira og verkanir þeirra á frumur. Helstu veirusýkingar í mönnum, smitleiðir þeirra og faraldsfræði. Ónæmisaðgerðir gegn veirusjúkdómum og lyfjameðferð. Greining veirusótta í rannsóknastofu, taka og sending sýna. Orsakir, einkenni og greining á helstu sveppa- og sníkjudýrasýkingum í mönnum. Verklegar æfingar: Ræktun örvera. Örverur á húð, normalflóra og flökkuflóra. Mikilvægi handþvottar. Sótthreinsiaðferðir og dauðhreinsiaðferðir. Örverur í matvælum og vatni. Smásjárskoðun á sveppum og bakteríum. Smásjárskoðun á veirusmituðum frumuræktum.

**LÍF302G • Erfðafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H7**
Umsjónarkennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Fyrirlestrar: Lögmál Mendels. Erfðamynstur. Kynlitningar, mannerfðafræði, umfrymiserfðir. Litningar, bygging litninga. Frumuskipting (mítósa og meiósa), lífsferlarTengsl, endurröðun og kortlagning gena í heilkjörnungum. Bakteríuerfðafræði. Kortlagning gena í heilkjörnungum, fernugreining. Arfgerð og svipgerð. Erfðaefnið DNA. Eftirmyndun. Umritun. Próteinmyndun . Stjórn genastarfs. Erfðatækni. Erfðamengjafræði. Stökklar. Stökkbreytingar. Viðgerðir og endurröðun. Litningabreytingar. Greiningartækni erfðavísinda. Stjórn á frumuskiptingu. Krabbamein. Tilraunalífverur. Verklegar æfingar: I. Ávaxtaflugan Drosophila melanogaster. II. Líftala veiru. Mítósa í laukfrumum. III. Veiruleiðsla í E. coli. IV. Framköllun stökkbreytinga. V.DNA mögnun, plasmíð og skerðiensím. VI. Grósekkir Sordaria fimicola. Próf: Verklegt 15%, skriflegt 85%. Lágmarkseinkunnar er krafist í báðum prófhlutum.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G)

**LÍF311G • Vistfræði • (8e) • Haust • Stokkur: V • 4f + 4v**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Svala Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Jörundur Svavarsson Prófessor
Kennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Kennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Fyrirlestrar: Inngangur. Söguleg og vistfræðileg líflandafræði. Stofnar: Dreifing einstaklinga, fæðingartölur, dánartölur, aldursdreifing, líftöflur, vöxtur stofna, stjórnun stofnstærðar, stofnsveiflur, far. Samskipti stofna: Samkeppni, afrán, aðrar samskiptagerðir. Samfélög: Lýsing, tegundasamsetning, tegundafjölbreytni, stöðugleiki, framvinda. Vistkerfi: Hringrás efna, orkurás, framleiðni, næringarkeðjur, neysluþrep, vistfræðileg nýtni. Vistfræði þurrlendis, sjávar og fersks vatns. Vistfræði mannsins, umhverfismál. Verklegar æfingar: Æfingar fara fram að nokkru leyti úti við, eftir því sem aðstæður leyfa. Verða m.a. gerðar athuganir á dýralífi í jarðvegi og á sjávarbotni, á beltaskiptingu í fjöru og á straumvatni. Í vinnustofu verður athugaður vöxtur hjá bifdýrastofnum o.fl.

**LÍF313G • Dýrafræði - hryggdýr • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Kennari: Páll Hersteinsson Prófessor
Kennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
yrirlestrar: Námskeiðinu er ætlað að gefa yfirlit yfir þróunarsögu og helstu atriði í byggingu og starfsemi hryggdýra. Fjallað verður um uppruna seildýra og hryggdýra. Gefið verður yfirlit yfir fósturfræði hryggdýra og helstu líffærakerfi þeirra. Rakin er þróunarsaga og uppruni helstu flokka seildýra og hryggdýra. Jafnframt er greint frá helstu aðlögunum þeirra að því umhverfi sem þau lifa í.
Æfingar: Krufning og skoðun mismunandi hryggdýra . Skyldumæting í alla verklega tíma.
Nauðsynleg undirstaða: Dýrafræði - hryggleysingjar (LÍF214G)
Skriflegt próf með ritgerðarspurningum og skilgreiningarspurningum.

**LÍF314G • Verklegar æfingar í lífefnafræði fyrir líffræðinema • (2e) • Haust • 2u + 4v**
Umsjónarkennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Kennari: Bjarni Ásgeirsson Prófessor
Kennari: Jóhanna Arnórsdóttir Sérfræðingur
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent

Kynntar verða helstu aðferðir við einangrun og greiningu á próteinum og eiginleikum þeirra. Áhersla verður lögð á hvötunareiginleika ensíma og mælingar á ensímvirkni. Farið verður í helstu kenningar um ensímvirkni, svo sem Michaelis-Menten jöfnu og nemendur bera saman gögn sín við kenningar. Nemendur munu vinna við einfaldar mælingar á próteinum og ensímhvörfum ásamt því að vinna úr mælingum og nýta hugbúnað í próteinfræðum.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn efnafræði L (EFN105G)
Æskileg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G)

**LÍF401G • Þroskunarfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V4**
Umsjónarkennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Fyrirlestrar: Hlutverk þroskaferla. Saga þroskunarfræðinnar og aðferðafræði. Þroskaferlar hjá einfrumungum. Tímgun og erfðablöndun. Helstu þroskunarmynstur fjölfruma dýra. Mörkun og ákvörðun frumuþroskunarferla. Erfðatæknilegar aðferðir í þroskunarfræði. Stjórn genatjáningar, - þroskunargen. Mikilvægi samskipta milli fósturfrumna. Bygging kynfrumna, frjóvgun og virkjun eggs. Fyrstu stig fósturþroskunar hjá völdum hryggleysingjum. Mörkun fósturöxla og líkamshluta hjá ávaxtaflugunni með stigskiptri stýringu gena. Fyrstu stig fósturþroskunar og mörkun fósturöxla hjá froskdýrum, fuglum og spendýrum. Afleiður fósturlaga og myndun líffæra hjá hryggdýrum. Þroskun tauga- og æðakerfis. Myndun útlima ferfætlinga. Kynákvörðun, kynþroski og myndun kynfrumna meðal hryggleysingja og hryggdýra. Þroskaferlar plantna. Þróun stýrikerfa þroskunar. Hagnýt þroskunarfræði. Æfingar: M.a. er fylgst með fósturþroskun hjá hryggdýri og aðferðir þroskunarerfðafræði kynntar. Umræður:Nemum er gert að flytja tvo stutta fyrirlestra um tiltekið efni, er tengist námskeiðinu, hvor þeirra 10% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar (5,0) er krafist fyrir báða fyrirlestrana.
Æskileg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G), Dýrafræði - hryggleysingjar (LÍF214G), Dýrafræði - hryggdýr (LÍF313G), Erfðafræði (LÍF302G)
Nemum er gert að flytja tvo stutta fyrirlestra um tiltekið efni, er tengist námskeiðinu, hvor þeirra 10% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist fyrir báða fyrirlestra og lokapróf.

**LÍF403G • Þróunarfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2u + 4v**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Þróunarfræði: Darwin og Mendel. Gen, umhverfi, og svipfar lífveru. Tré lífs: flokkun og þróunarsaga. Mynstur þróunar. Þróun og jarðsaga. Saga lífs á jörðu. Landafræði þróunar. Þróun fjölbreytileika lífvera. Erfðabreytileiki sem hráefni þróunar og tilurð hans. Breytileiki. Hending í þróun. Náttúrlegt val og aðlögun. Erfðakenning um náttúrlegt val. Þróun svipfarsgerða. Barátta og samvinna. Tegundir. Tilurð tegunda: Líkön um tegundamyndun og dæmisögur. Þróun lífsöguþátta. Samþróun: þróun samverkunar meðal tegunda. Þróun gena og erfðamengja. Þróun og þroskun. Stórþróun: þróun fyrir ofan stig tegunda. Þróun manns og samfélag manns.
Nauðsynleg undirstaða: Lífmælingar I (LÍF101G) eða Tölfræði og gagnavinnsla (STÆ209G)
Fyrir verklegt verður gefin hluteinkunn sem gildir 35%. Fyrir lokapróf verður gefin prófeinkunn sem gildir 65%. Til þess að standast námskeiðið verður nemandi að hljóta lágmarkseinkunn bæði í hluteinkunn og prófeinkunn.

**LÍF410G • Dýralífeðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 4v**
Umsjónarkennari: Logi Jónsson Dósent
Kennari: Sighvatur Sævar Árnason
Kennari: Marta Guðjónsdóttir Lektor
Kennari: Þór Eysteinsson Dósent
Kennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Fyrirlestrar: Innra umhverfi, stýrikerfi, skynjun, tauga- og vöðvastarfsemi, blóðrás, útskilnaður, öndun, melting, efnaskipti, innkirtlastarfsemi, æxlun. Verklegar æfingar: Vöðvar. Stjórnun blóðþrýstings. Útskilnaður. Viðbrögð líkamans við áreynslu.
Lokaeinkunn er samsett úr einkunn úr skriflegu prófi (70%) og vegnu meðaltali einkunna fyrir verklegar æfingar og skýrslur (30%).
Lágmarkseinkunn gildir fyrir hvorn prófhluta til þess að standast próf.

**LÍF411G • Sameindaerfðafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Kennari: Jórunn Erla Eyfjörð Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Sigríður Þorbjarnardóttir Sérfræðingur
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Fyrirlestrar: Mendelsk erfðafræði. Boðberar erfðaupplýsinga. Veik efnatengi og orkurík efnatengi. Efnatengi og bygging stórsameinda, bygging DNA og RNA. Litni og litningar. DNA og eftirmyndun. Endurröðun. DNA skemmdir. Stökklar og staðbundin endurröðun. Genatjáning í dreifkjörnungum. Genatjáning í heilkjörnungum. Þýðing og erfðatáknmálið. Genastjórn í þroskun. Samanburður erfðamengja. Erfðatækni. Tilraunalífverur. Umræðutímar: Nemendur hafa framsögu um og ræða valdar rannsóknagreinar. Verklegar æfingar: Unnið verður að verkefni í sameindaerfðafræði sem tengist rannsóknum kennara og býður upp á notkun flestra helstu aðferða sameindaerfðafræðinnar svo sem genaferjun, DNA mögnun og raðgreiningu, ummyndun og einangrun plasmíða, skerðikortlagningu, og rafdrátt bæði kjarnsýra og próteina. Próf: Verklegt 10%, umræðufundir 15%, skriflegt próf 75%.
Nauðsynleg undirstaða: Erfðafræði (LÍF302G)

**LÍF503M • Fiskalíffræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3v**
Umsjónarkennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Kennari: Timothy Brian Grabowski Lektor
Þróunarsaga og flokkunarfræði fiska. Bygging fiska og aðlögun þeirra að ytra umhverfi þar sem lögð verður áhersla á líkamsbyggingu, lögun og hreyfingu, blóðrás, öndun, seltujafnvægi, skynjun, fæðuöflunarfæri, meltingarfæri, kynkerfi, tímgun og atferli. Stofnar og stofngerð fiska. Fjölbreytileiki afbrigða- og tegundamyndun í fiskasamfélögum. Yfirlit yfir helstu ættbálka og tegundir fiska í vötnum, ám og sjó á norðurhveli jarðar. Verkleg kennsla er fjölbreytileg. Meðal þess sem kynnt verður eru aðferðir til að rannska og bera saman breytileika í útliti og lögun líkamshluta, vefjafræðilegar athuganir, helstu aðferðir til að greina á milli stofna og tegunda, og aðferðir við að rannsaka atferli fiska. Verkleg kennsla fer fram á rannsóknarstofum, fiskmörkuðum, tilraunaeldistöðvum og um borð í

rannsóknarskipum. Hluti af kennslunni fer fram við Hólaskóla. Heimasíða námskeiðsins: http://www.fiskar.hi.is/fiskalif

**LÍF504M • Bakteríufræði • (8e) • Haust • Stokkur: H1 • 5f + 4v**
Umsjónarkennari: Guðni Ágúst Alfreðsson Prófessor
Kennari: Eva Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Óli Hreggviðsson Lektor
Kennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Fyrirlestrar: Flokkunarfræði, almenn atriði, Bergey's Manual, töluleg flokkunarfræði, nafngiftir, ættgreining eftir 16S rRNAog lýsing bakteríuættkvísla, Staphylococcus, Streptococcus, Bacillus, Corynebacterium, Clostridium, Mycobacterium, Listeria; Enterobacteriaceae ættin, Salmonella, Shigella, Escherichia, Campylobacter, Helicobacter, Vibrio, Aeromonas, Haemophilus, Neisseria, Spirillum, Spirochaete, Legionella, Rickettsia, Chlamydia, Mycoplasma, frumbjarga bakteríur, ljóstillífandi bakteríur, mjólkursýrubakteríur, Archaea, geislabakteríur o.fl. Vöxtur baktería við jaðarskilyrði, hæfni örvera til að lifa af, lifandi óræktanlegar bakteríur í umhverfinu. Bakteríusýklar og umhverfi: Sýkladreifing og sýklavöktun, alidýraeldi, villt dýr, skólp og skólphreinsun, sorp. Fúkkalyfjaónæmi. Neysluvatn, matvælaframleiðsluferillinn, áhættugreining og eftirlitskerfi. Faraldsfræði sýkinga sem tengjast umhverfi. Verklegar æfingar: Greiningar mikilvægra bakteríutegunda. Klassískar, hraðvirkar, serologiskar, kemotaxonomískar og sameindalíffræðilegar aðferðir. Ræktun sýkla úr umhverfi og úr matvælasýnum. Vaxtarlínurit. Vettvangsskoðun á vatnsbólum og sorphaugum. Eldishús alidýra, sláturhús og matvælavinnslufyrirtæki skoðuð. Skólp og skólphreinsun, vettvangsskoðun. Sýnataka og frágangur sýna við vettvangsrannsóknir. Mat á rannsóknarniðurstöðum. Veggspjaldaverkefni: Nemendur setja upp kynningu á afmörkuðu efni.
Nauðsynleg undirstaða: Örverufræði I (LÍF201G)

**LÍF505M • Vistfræði B • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 4v**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Svala Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Kennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Markmið og áherslur: nemendur læri grundvallaratriði vistfræði, þekki helstu hugtök, aðferðafræði og nálganir fræðigreinarinnar. Einkum er fjallað um þau svið vistfræði sem tengjast nýtingu lífrænna auðlinda. Fyrirlestrar: Saga og viðfangsefni vistfræði. Vistkerfi: hringrás efna og orku, fæðukeðjur. Stofnvistfræði: grundvallaratriði stofnvaxtar, áhrif þéttleika, stjórnun stofnstærðar. Samfélög lífvera: uppbygging lífverusamfélaga, framvinda, stöðugleiki, líffræðileg fjölbreytni. Valin dæmi sem sýna hvernig vistfræðilegri þekkingu er beitt við nýtingu og stjórnun auðlinda. Verklegt: 6 daga útivinna þar sem nemendur kynnast og bera saman valin íslensk lífverusamfélög (skógar, graslendi/mólendi, votlendi, fjara). Skýrslur gilda 30% af lokaeinknn.

**LÍF506M • Kerfisfræði blómplantna • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 4v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Kesara Margrét Jónsson Prófessor
Uppruni og þróun blómplantna. Grundvöllur kerfisfræði; flokkunarkerfi blómplantna og þróunarleg tengsl hópa. Yfirlit um helstu ættir blómplantna og ættir íslensku flórunnar; útbreiðslu, einkenni, æxlunarkerfi, vistfræði og hagnýtingu. Verkleg kennsla fer að hluta til fram að sumarlagi: Sumarnámskeið (6 dagar) í ágúst og nokkrir dagar í september.
Nauðsynleg undirstaða: Grasafræði (LÍF102G)

**LÍF507M • Veirufræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Kennari: Valgerður Andrésdóttir Líffræðingur
Kennari: Vilhjálmur Svansson Dýralæknir
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Fyrirlestrar: Saga veirufræðinnar. Rannsóknaraðferðir. Bygging og gerð veiruagna, kjarnasýrur og prótín. Fjölgun veira og samskipti við hýsilfrumur. Flokkun, skyldleiki og þróun veira. Áhrif veira á fjölfrumulíkama og varnir líkamans gegn þeim. Vessabundin og frumubundin ónæmissvörun. Veirungar og príón. Rætt um helstu veiruflokka og áhersla lögð á veirur dýra og háplantna. Hver nemi skrifar ritgerð um ákveðinn veiruflokk og flytur stutt erindi um hann. Verklegar æfingar: Ræktun á frumugróðri til veirurannsókna. Helstu aðferðir til mælinga á veirumagni. Mæling á mótefni í blóði. Nemendur skrifa stutta ritgerð og flytja erindi um efni ritgerðarinnar seint á misserinu eftir að verklegri kennslu lýkur. Námsmat:Ritgerð og erindi vega 20%, verklegar æfingar og skýrslur 15% og skriflegt lokapróf 65%. Lágmarkseinkunnar er krafist á skriflegu prófi.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G), Örverufræði I (LÍF201G)
Námsmat:Ritgerð og erindi vega 20%, verklegar æfingar og skýrslur 15% og skriflegt lokapróf 65%. Lágmarkseinkunnar er krafist á skriflegu prófi.

**LÍF508M • Málstofa í örverufræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Eva Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Óli Hreggviðsson Lektor
Kennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Kennari: Guðni Ágúst Alfreðsson Prófessor
Kennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Ýmis sérsvið og viðfangsefni örverufræðinnar verða tekin fyrir og áhersla lögð á málefni, sem eru ofarlega á baugi bæði alþjóðlega og sem varða Ísland. Hver nemandi tekur fyrir ákveðið efni, semur um það ritgerð og flytur erindi undir leiðsögn kennara. Kennari stjórnar umræðum um efnið, sem aðrir nemendur taka þátt í. Gefin er einkunn fyrir fyrirlestur (20%), ritgerð (70%), og þátttöku í umræðum (10%).
Nauðsynleg undirstaða: Erfðafræði (LÍF302G), Örverufræði I (LÍF201G)
Æskileg undirstaða: Bakteríufræði (LÍF504M)

Einkunn er gefin fyrir ritgerð, frammistöðu í umræðum og fyrirlestrum.

**LÍF509M • Sjávarvistfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Jörundur Svavarsson Prófessor
Kennari: Timothy Brian Grabowski Lektor
Fyrirlestrar: Inngangur. Líf og lífsskilyrði í fjöru: Grýttar fjörur, sendnar fjörur og leirur, beltaskipting og samfélagsgerðir. Líf og lífsskilyrði í ísöltu vatni: Árósar, ísaltar tjarnir, Eystrasalt. Líf og lífsskilyrði á botni neðan fjöru frá landgrunni niður á mesta dýpi sjávar. Uppsjór: Svif, sunddýr, yfirborðsverur. Tegundafjölbreytni í sjó. Útbreiðsla sjávarlífvera, einkum við Ísland. Tímgun: Tímgunaraðferðir, sviflirfur, tímgunartími. Árstíðir í sjó. Framleiðsla. Frumframleiðsla, síðframleiðsla. Verklegar æfingar: Æfingar fara fram að talsverðu leyti úti við og geta verið breytilegar milli ára. Jafnan eru botndýrasamfélög í Faxaflóa og á leiru athuguð, gerð úttekt á smádýralífi á þörungum, áhrif umhverfisþátta á lóðrétta dreifingu lífvera í fjöru könnuð og seltuþol fjöruflóartegunda athuguð í vinnustofu. Síðustu vikur misseris vinna nemendur að sjálfstæðum verkefnum í 2-4 manna hópum.
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Dýrafræði A (09.51.43)

**LÍF510M • Vatnalíffræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Fyrirlestrar:Vatnalíffræðin sem fræðigrein. Flokkun íslenskra vatna. Dreifing og uppruni stöðuvatna. Eðlis- og efnafræðilegir þættir vatna. Vatnasvið. Áhrif vatnasviða á lífríki vatna. Straumvötn. Orkuflæði, frumframleiðni og dýralíf í straumvötnum. Samfélög lífvera í stöðuvötnum. Árstíðabundnar breytingar á svifi. Botndýr. Sunddýr. Fiskveiðar og fiskframleiðsla. Fornvatnalíffræði. Röskun vatna. Mengun vatna. Uppistöðulón og vatnavernd.
Nemendafyrirlestara: Hver nemandi flytur 20 mínútna fyrirlestur um nýjungar í vatnalíffræði.
Verklegt: Í byrjun misseris verður farið í 5 daga rannsóknaferð þar sem stöðuvatn og straumvatn (líklega Mývatn og Laxá) verða rannsökuð. Skipulögð verða sjálfstæð verkefni nema. Unnið verður úr gögnum í vinnustofu.
Próf: 60%, nemendafyrirlestur 10% og verkefni 30% af lokaeinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G)
Próf: 60%, nemendafyrirlestur 10% og verkefni 30% af lokaeinkunn.

**LÍF512M • Sjávarhryggleysingjar • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 4v**
Umsjónarkennari: Jörundur Svavarsson Prófessor
Fyrirlestrar: Bygging, flokkun og lifnaðarhættir lífvera innan helstu fjölfruma fylkinga í sjó, með áherslu á lindýr, liðorma, krabbadýr og skrápdýr. Fjallað er sérstaklega um tímgun, fæðunám og búsvæðaval tegunda og áhersla er lögð á lifnaðarhætti tegunda á norðurslóðum. Verklegar æfingar: Áhersla á tegundagreiningu íslenskra tegunda og athuganir á lifandi dýrum eftir því sem aðstæður og tækjabúnaður leyfa. Dagsferðir á rannsóknaskipi við öflun sýna.
Nauðsynleg undirstaða: Dýrafræði B (09.51.32)

**LÍF513M • Mannerfðafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 2u + 2v**
Umsjónarkennari: Jórunn Erla Eyfjörð Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Ólafur Andri Stefánsson
Kennari: Sigríður Klara Böðvarsdóttir
Fyrirlestrar: Erfðaháttur og ættartré. Skipulag erfðaefnis mannsins. Litningar, litningabreytingar, litningagallar. Staðsetning gena. Tengslagreining /Tölfræðileg nálgun. Einangrun gena. Erfðagreining. Flóknir erfðagallar, erfðir og umhverfi. Siðfræði. Erfðir og krabbamein. Genalækningar. Faraldsfræði. Sameindaerfðafræðileg faraldsfræði. Stofnfrumur og klónun. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi almenna undirstöðu í erfðafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Erfðafræði (LÍF302G)
Lokapróf gildir 70% af heildareinkunn, ritgerð 15%, fyrirlestur um ritgerð ásamt frammistöðu í umræðutímum gildir 5% og skýrslur í verklegu 10%. Skyldumæting er í verklega tíma og umræðutíma. Ritgerð byggir á efni greinar sem nemendur fá 5 vikum fyrir skiladag. Fyrirlestur úr ritgerð er haldinn 2 vikum fyrir skiladag ritgerðar. Forsenda fyrir réttindi til próftöku er að ritgerð hafi verið skilað.

**LÍF514M • Plöntuerfðafræði og líftækni • (8e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 1u + 5v**
Umsjónarkennari: Kesara Margrét Jónsson Prófessor
Kennt annað hvert ár. Erfðastjórnun í plöntuvexti og þroskun, erfðabreytileiki og skyldleiki innan og milli tegunda, gen og vistfræði, genamengi og þróunarsögur plantna. Áhersla verður lögð á rannsóknir og aðferðir í sameindalíffræði og frumuerfðafræði plantna, kortlagningu genamengja, kynbætur nytjaplantna fyrir matvælaframleiðslu, landbúnað, landgræðslu og skógrækt, erfðatækni og erfðabreyttar plöntur. Plöntur sem erfðaauðlindir.
Verklegar æfingar: Umræður, ritgerð og tilraunir. Próf: Skriflegt (50%), verklegt (50%).
Nauðsynleg undirstaða: Plöntulífeðlisfræði (LÍF212G), Erfðafræði (LÍF302G)
Verklegar æfingar: Umræður, ritgerð og tilraunir. Próf: Skriflegt (50%), verklegt (50%).

**LÍF515M • Sérsvið þróunarfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Arnar Pálsson
Kennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Haustið 2009 fjallar námskeiðið um uppruna tegundanna og Darwin. (Almennt er efni námskeiðsins breytilegt frá ári til árs.) Námskeiðið skiftist í tvo hluta. Annars vegar verður fjallað um líf Darwins og störf, forvera og samtímamenn, og hins vegar verður fyrsta útgáfa bókar hans *Um uppruna tegundanna* lesin og krufin til mergjar. Lögð verður áhersla á að kynnast hugmyndafræði vísinda nítjándu aldar og sérstaklega þá fræðimenn sem lögðu grunninn að kenningunni um þróun vegna náttúrulegs vals. Rakið verður líf Darwins og vísindalegt starf, sem og ljósi varpað á persónu og heimspeki hans. Nemendur fá það verkefni að lesa *Um uppruna tegundanna* á frummálinu. Þeir

eiga að rýna sérstaklega í einn kafla og rannsaka framfarir á viðkomandi sviði þróunafræðinnar. Efnið á að setja fram í heimildaritgerð og kynna með fyrirlestri. Ætlast er til að nemendur taki þátt í umræðum jafnt í fyrirlestra sem umræðutímum.
Námsmat verður byggt á ritgerð (50%), erindi (25%) og frammistöðu í umræðutímum (25%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.
Námsmat verður byggt á ritgerð (50%), erindi (25%) og frammistöðu í umræðutímum (25%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.

**LÍF516M • Umhverfisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2u + 4v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Kennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Landnýting. Ólífrænar auðlindir og orkugjafar; vinnsla, nýting og umhverfisáhrif. Helstu mengunarvaldar og áhrif þeirra. Nýting lífrænna auðlinda, fiskveiðar, búfjárbeit. Verndun og eyðing jarðvegs. Líffræðileg fjölbreytni, búsvæðabreytingar og útdauði tegunda. Áhrif innflutnings nýrra tegunda. Beiting vistfræðilegrar þekkingar til að leysa umhverfisvandamál, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Vistheimt. Heimspeki og siðfræði náttúruverndar. Umhverfisrannsóknir á Íslandi, skipulag umhverfismála, löggjöf, helstu stofnanir. Alþjóðlegir samningar. Skoðunarferðir (gróðureyðing, landgræðsla, ferðamennska á hálendi, votlendisvernd, verksmiðjurekstur og mengunarvarnir, orkuver).
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G)

**LÍF518M • Vistfræði spendýra • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Páll Hersteinsson Prófessor
Séreinkenni spendýra. Aðlögun og sérhæfing. Orkubúskapur. Líkamsstærð og lífssaga. Samkeppni. Landnotkun. Heimasvæði og óðul. Þættir sem ákvarða stofnstærð. Stofnsveiflur. Aðferðir við stofnstærðarmat: Talningar, merkingar og endurheimtur; aldursgreiningar og veiði. Afrán. Stofnstýring. Megináhersla er lögð á íslensk og önnur norræn spendýr. Verklegt: Hagamúsin sem líkan fyrir stofnstærðarútreikninga. Heimasvæði/óðul. Ákvörðun fæðuvals. Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu prófi (55%), ritgerð (15%) og skýrslu um verklegar æfingar (30%).
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Dýrafræði A (09.51.43)
Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu prófi (55%), ritgerð (15%) og skýrslu um verklegar æfingar (30%).

**LÍF519G • Rannsóknarverkefni • (10e) • Haust**
Stúdentum er, eftir því sem aðstæður leyfa, gefinn kostur á að vinna að litlu rannsóknarverkefni, 3, 5 eða 6 eininga. Nemandi skal ráðfæra sig við einhvern af kennurum skorarinnar og vinna að verkefninu undir stjórn eða umsjón hans. Nemanda er einnig heimilt að vinna rannsóknarverkefni undir stjórn stundakennara skorar. Í því tilfelli skal fá samþykki skorar fyrir verkefninu og umsókn send skor áður en vinna að verkefni hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.
Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir.

**LÍF520G • Rannsóknarverkefni • (12e) • Haust**
Stúdentum er, eftir því sem aðstæður leyfa, gefinn kostur á að vinna að litlu rannsóknarverkefni, 3, 5 eða 6 eininga. Nemandi skal ráðfæra sig við einhvern af kennurum skorarinnar og vinna að verkefninu undir stjórn eða umsjón hans. Nemanda er einnig heimilt að vinna rannsóknarverkefni undir stjórn stundakennara skorar. Í því tilfelli skal fá samþykki skorar fyrir verkefninu og umsókn send skor áður en vinna að verkefni hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.
Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir.

**LÍF521M • Veggspjald • (2e) • Haust**
Nemandi getur að fengnu samþykki námsbrautar fengið 2 e fyrir fyrirlestur eða veggspjald, sem hann er fyrsti höfundur að, og er framlag hans á vísindalegri ráðstefnu sem hann sækir.

**LÍF523G • Aðferðir í sameindalíffræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Kennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Fyrirlestrar: Fræðilegur bakgrunnur helstu aðferða sameindalíffræðinnar og notkun þeirra við rannsóknir. Námsefni lagt fram af kennurum. Verklegar æfingar í sameindalíffræði: Tilraunalífverur; *E.coli, S. cerevisiae, C. reinhardtii, A. thaliana, C. elegans, D. melanogaster, M. musculus.* Vinnubækur og vinnuseðlar, rafrænt umhverfi. Ræktun og geymsla á bakteríum, sveppum, öðrum heilkjarna lífverum og frumum þeirra. Einangrun og greining á DNA og RNA, Southern og Northern blettun. PCR, RT-PCR, qRT-PCR, skerðiensím, raðgreining á DNA, gagnavinnsla og greining. Genaferjun og önnur erfðatækni í bakteríum, sveppum og öðrum heilkjörnungum. Framleiðsla, einangrun og greining próteina. Framleiðsla og notkun mótefna. Western blettun, ónæmislitun, geislavirkni. Notkun smásjár í sameindalíffræði.  Farið verður yfir aðferðafræði í nýlegum vísindagreinum. Ritgerðarverkefni: Ritgerð og erindi um valda aðferð.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G), Erfðafræði (LÍF302G)
Námsmat: Vinnubækur, skriflegt próf, ritgerðir og erindi.

**LÍF523M • Fiskalífeðlisfræði • (6e) • Haust • Stokkur: V • 2f + 1u + 4v**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Logi Jónsson Dósent
Kennt þegar ártal er oddatala. Fyrirlestrar: Blóðrás, öndun, sundmagi, sýru-basavægi, salt- og vatnsbúskapur og hreyfingar.

Umræðufundir: Sérprentanir skýrðar og ræddar. Hver nemandi flytur kynningu efnis í samráði við kennara. Samning allítarlegrar ritgerðar um sama efni. Tilraunir: Blóðrás, sundmagi, skynjun o.fl. Nánar ákveðið síðar með hliðsjón af fáanlegum tilraunadýrum og tækjabúnaði hverju sinni. Námsmat: Lokaeinkunn er samsett úr einkunn úr munnlegu prófi (25%), einkunn fyrir umfjöllun um afmörkuð efni í málstofu og ritgerð (50%) og einkunn fyrir verklegar æfingar (25%).
Nauðsynleg undirstaða: Dýralífeðlisfræði (LÍF410G)
Æskileg undirstaða: Samanburðarlífeðlisfræði (LÍF524M)

**LÍF524G • Erfðamengjafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Arnar Pálsson
Kennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Með tilkomu nýrrar þekkingar á erfðamengi margra helstu líkanlífvera (model organisms) með raðgreiningu erfðamengja og öðrum rannsóknum vakna spurningar um hvernig unnt er að nýta það upplýsingaflóð til að öðlast þekkingu og skilning á líffræðilegum fyrirbærum. Samanburðarfræðigreinar, sem byggja á einn eða annan hátt á samanburðaraðferð darvinskrar þróunarkenningar, eru fræðilegur grundvöllur fyrir greinigu á þessu upplýsingaflóði og beitingu þekkingar um líkanlífverur til að öðlast skilning á öðrum lífverum. Sameiginlegir eiginleikar varðveittir milli mismunandi lífvera eiga sér grunn í varðveittum hlutum erfðamengja. Nýjungar svipfars og sérkenni eiga sér grunn í frábrugðnum hlutum erfðamengja. Upplýsingar eru um erfðamengi, breytileika gena, tjáningu gena og myndun svipgerða á stigum allt frá frumum til fullvaxinna lífvera. Alls kyns gagnagrunnar hafa verið gerðir og þangað þarf að sækja upplýsingarnar. Námskeiðið mun fjalla um hugmyndafræði og aðferðafræði til samanburðar, um líkanlífverur og helstu gagnagrunna sem gerðir hafa verið. Fyrirlestrar verða um samanburðarfræði, þróunarfræði, líffræði hinna ýmsu líkanlífvera, sameindalíffræði og atriði úr tölvunarfræði. Æfingar: Samanburður með upplýsingum úr gagnagrunnum um erfðamengi og líffræði spendýra, t.d. mannsins, músar, rottu, rhesusapa, sjimpansa og annarra hryggdýra s.s. Fugu og zebrafisks. Unnið verður með gagnagrunnana flybase, wormbase, SGD, Genebank, EMBL, GO og gagnagrunna um erfðamengi ýmissa örvera. SQL fyrirspurnir, regular expressions, gagnagrunnar, áreiðanleiki gagna í gagnagrunnum.Ýmis forritun, tól og tæki undir UNIX/Linux, opinn hugbúnaður, uppsetning hugbúnaðar af vefnum á eigin tölvum. Greining gagna úr ýmsum líffræðilegum samanburðardæmum.
Nemendur vinna verkefni, verkefnaskil. Umræðufundir þar sem nemendur kynna niðurstöður.
Námsmat:Skriflegt lokapróf (50%) ,verkefni og stílar (20%),stærra verkefni (30%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.
Æskileg undirstaða: Þróunarfræði (LÍF403G), Sameindaerfðafræði (LÍF411G), Linux, helstu tól og tæki (LÍF623M)
Námsmat:Skriflegt lokapróf (50%) ,verkefni og stílar (20%),stærra verkefni (30%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.

**LÍF524M • Samanburðarlífeðlisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: V • 2f + 2u + 6v**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Logi Jónsson Dósent
Kennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Kennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Kennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er jöfn tala. Námsefni: Samanburður á starfrænum vandamálum í dýraríkinu við mismunandi ytri aðstæður. Dæmi: Vatns- og saltbúskapur. Öndun í lofti og vatni. Blóðrás, opin og lokuð kerfi. Skynjun, úrvinnsla og miðlun boða. Varmaskipti lífvera og umhverfis. Umræðufundir: Sérprentanir skýrðar og ræddar. Hver nemandi flytur kynningu efnis í samráði við kennara. Samning allítarlegrar ritgerðar um sama efni. Námsmat: Lokaeinkunn er samsett úr einkunn úr munnlegu prófi (25%), einkunn fyrir umfjöllun um afmarkað efni í málstofu og ritgerð (50%) og verklegri einkunn (25%). Nemendur verða að standast lágmarkskröfur raunvísindadeildar, í öllum prófhlutum námskeiðsins.
Nauðsynleg undirstaða: Dýralífeðlisfræði (LÍF410G)

**LÍF602M • Fiskavistfræði • (8e) • Sumar • 20f + 15v**
Umsjónarkennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Kennari: Timothy Brian Grabowski Lektor
Helstu þættir í lífsferlum fiska: Æxlun/hrygning, klak, afkoma ungviðis, útbreiðsla og rek seiða, botntaka og dánartíðni á fyrsta vetri, nýliðun, stofn/nýliðunarsambönd, vöxtur, kynþroski, fæðunám, val búsvæða, samspil tegunda m.a. með tilliti til samkeppni og afráns. Útbreiðsla, göngur, stonfstærðarbreytingar og helstu aðferðir til að meta þær. Yfirlit yfir helstu vistkerfi N.- Atlantshafsins með sérstöku tilliti til umhverfisþátta og breytilegrar afrakstursgetu. Yfirlit yfir gerð líkana er tengja saman umhverfisáhrif og mikilvæga þætti í lífsferlum fiska. Fiskveiðar við Ísland. Fiskveiðisagan - veiðarnar í dag. Yfirlit yfir helstu aðferðir við fiskveiðar. Verkleg kennsla verður fjölbreytileg. Nemendur munu framkvæma tilraunir á rannsóknarstofum og í tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar að Stað í Grindavík. Gögnum verður einnig safnað úr lönduðum afla á fiskmörkuðum og um borð í rannsóknarskipum á sjó. Fjallað verður um uppsetningar tilrauna og farið verður yfir helstu aðferðir við úrvinnslu á fiska- og fiskifræðilegum sýnum og gögnum. Heimasíða námskeiðsins: http://www.fiskar.hi.is/fiskavist
Kennarar: Tim Grabowski (http://www3.hi.is/~tbg/), Guðrún Marteinsdóttir, Professor and guest lecturers, Dr. Steve Campana (http://www.marinebiodiversity.ca/shark/english/index.htm) and Prof. David Conover (http://alpha1.msrc.sunysb.edu/~conover/)
Tvö skrifleg próf, þátttaka í umræðuhópum og verkefni sem skilað er í lok námskeiðs. Sjá nánar í enskri lýsingu námskeiðsins.

**LÍF604G • Sumarnámskeið í grasafræði, dýrafræði og vistfræði • (4e) • Vor**
Kennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Kennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Verklegar æfingar í 5 daga í maí (dýrafræðihlutinn), strax að loknum prófum, og 5 daga seint í ágúst (grasafræðihlutinn). Greiningaræfingar, athuganir á lífverum og samfélögum. Kennslan fer fram í Reykjavík og nágrenni.
Nauðsynleg undirstaða: Lífmælingar I (LÍF101G), Grasafræði (LÍF102G), Dýrafræði A (09.51.43), Vistfræði (LÍF311G)

**LÍF605M • Málstofa í vistfræði og skyldum greinum • (6e) • Vor • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Tekin verða fyrir ýmis vistfræðileg, þróunarfræðileg og atferlisfræðileg efni, einkum þau sem eru ofarlega á baugi eða varða Ísland sérstaklega. Hver nemandi semur inngangserindi um ákveðið efni undir leiðsögn kennara, en síðan fara fram umræður um efnið, sem kennarar stjórna. Nemendur skila síðan ritgerð um efnið. Þá undirbúa og stýra nemendur umræðufundum. Námskeið þetta verður ekki haldið nema minnst 7 nemendur taki þátt í því.
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Þróunarfræði (LÍF403G), Dýrafræði A (09.51.43)

**LÍF606M • Plöntuvistfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1u + 4v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Saga hugmynda og rannsóknir á vistfræði plantna. Stofnvistfræði: fræ og nýliðun, stærðar- og aldursdreifing í plöntustofnum, líkön, áhrif þéttleika og samkeppni. Samskipti dýra og plantna: afrán og beit, þróun efnavarna. Æxlun plantna: æxlunarkerfi og þróun þeirra, frævunarvistfræði. Lífsferlar og áhrif umhverfis. Plöntusamfélög: framvinda, tilgátur um uppbyggingu lífverusamfélaga með áherslu á plöntur. Umræðufundir og nemendaverkefni. 6 daga sumarnámskeið verður í júní með áherslu á aðferðafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Grasafræði (LÍF102G)

**LÍF610M • Stofnerfðafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d + 4v**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Fyrirlestrar: Uppbygging þeóretískrar þróunarerfðafræði. Saga stofnerfðafræði: Darwin og Mendel; Fisher, Haldane, Wright og Kimura. Erfðabreytileiki í stofnum: Mendelskir og samfelldir eiginleikar. Talning allela: Hardy-Weinberg fyrir einn og marga lókusa. Skyldleikaæxlun, hending, stökkbreyting, endurröðun, far allela. Náttúrlegt val: Einn lókus og fleiri lókusar, grundvallarregla náttúrlegs vals. Samspil þróunarþátta, kenning Wrights, hópval, kynval. Tilurð tegunda. Gervival og kynbætur og erfðafræði kynbóta. Þróun, erfðir og kynbætur eiginleika, sem hafa samfellda dreifingu.

**LÍF611M • Fiskifræði • (6e) • Sumar • 10f + 18d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Kennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Námskeiðið fjallar um þróun fiskistofna, stofnmat og forsendur nýtingar en R er beitt við líkanagerð. Nemendur framkvæma stofnmat og setja saman ýmis skyld líkön, t.d. sem lýsa lengdardreifingum og langtímaafrakstri. Tölulegar æfingar og líkanagerð gefa 40% einkunnar. Nemendur þurfa að ná lmarkseinkunn bæði í lokaprófi og æfingum

**LÍF614M • Frumulíffræði II • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Guðmundur H Guðmundsson Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Nýlegar rannsóknir á sérsviðum frumulíffræði verða til umfjöllunar og er það breytilegt hverju sinni. Hver nemandi hefur framsögu um valið nýlegt efni og skrifar ritgerð um það.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G), Erfðafræði (LÍF302G)

**LÍF615M • Gróðurríki Íslands og jarðvegur • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2u + 2v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennt á móti 09.51.64 og ráða skráningar hvort námskeiðið er kennt. Íslenska háplöntuflóran; samsetning, fjölbreytni, staða í flóruríki jarðar. Heimskautaflóran: uppruni, kerfisfræði, vistfræði. Líflandafræði flórunnar við Norður Atlantshaf. Ísöld á norðurhveli, ísaldarlok á Íslandi og í Evrópu og gróðursaga á nútíma. Tilgátur um aldur og uppruna íslensku flórunnar og heimskautaflóru á norðurhveli. Íslenskur jarðvegur; myndun, sérkenni, eyðimerkurmyndun. Gróðurbreytingar eftir landnám. Flóra Íslands og útbreiðsla um landið, búsvæði og líffræðileg fjölbreytni. Válistategundir. Aðferðir til að lýsa og flokka gróður. Íslensk gróðurlendi: flokkun, útbreiðsla, umhverfi og nýting. Verkleg kennsla fer að hluta til fram að sumari til: 4 daga sumarnámskeið.
Nauðsynleg undirstaða: Grasafræði (LÍF102G)

**LÍF616G • Námsferð til útlanda • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Jörundur Svavarsson Prófessor
Umsjónarkennari: Kesara Margrét Jónsson Prófessor
Námskeiðið er í boði annað hvert ár.
Skipulag er í höndum umsjónarkennara og stúdenta. Námsferð til útlanda í 2 vikur til að kynnast náttúrufari og lífríki hitabeltisregnskóga, leiruskóga og kóralrifa. Innan misseris eru 20 fyrirlestrar tengdir ferðinni. Heimsóknir í vísindastofnanir. Nemendur fá verkefni til úrlausnar í ferðinni og skila skýrslum. Skylt er að skila skýrslu en hvorki er haldið próf né gefin einkunn.

**LÍF617M • Ónæmisfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Guðmundur H Guðmundsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ingileif Jónsdóttir Prófessor
Ónæmiskerfið, líffæri og frumur. Ósérhæfðar varnir, átfrumur og kompliment. Sérhæfðar varnir, þroskun og sérhæfing eitilfruma, sértækni og greining. Ónæmissvör, sjálfsþol og stjórnun. Ónæmisbilanir, ofnæmi og sjálfsofnæmi. Ónæmiskerfi hryggleysingja og þróun meðal hryggdýra. Einstofna mótefni og ónæmisfræðilegar greiningaraðferðir. Ritgerðir og fyrirlestrar nemenda um valin efni.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G)

**LÍF619M • Fuglafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Fyrirlestrar: Flokkun, bygging og starfsemi fugla. Fæða, varphættir, far, útbreiðsla, fuglafána Íslands. Stofnvistfræði fugla. Nýting og vernd. Æfingar: Kynning á helstu ættum, ákvörðun tegunda. Aðferðir við rannsóknir á líkamsástandi og fæðu. Skoðunarferðir um Suðvesturland til kynningar á tegundum og umhverfi. Ferðirnar eru á kennslumisseri og eftir próftíma í maí. Kynning á aðferðum: Útbreiðsla og búsvæði, talningar, varphættir, atferli, merkingar.
Nauðsynleg undirstaða: Dýrafræði A (09.51.43)

**LÍF620M • Eiturefnavistfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Jörundur Svavarsson Prófessor
Kennari: Kristín Ólafsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum helstu mengandi efni, gerð þeirra, umfang og dreifingu, og sérstök áhersla verður á áhrif þeirra á lífverur. Í fyrsta hluta námskeiðsins verður fjallað um helstu efnaflokka (þungmálma, þrávirk efnasambönd, PAH efni, TBT og geislavirk efni), eiginleika efnanna (vatnsleysanleika, fitubindingu, o.fl.), útbreiðslu á norðurslóðum og dreifingu. Rætt verður um leiðir mengandi efna inn í lífverur og fjallað um uppsöfnun og mögnun í lífverum. Annar hluti námskeiðsins fjallar um áhrif mengandi efna á samfélög, tegundir, stofna og einstaklinga. Rætt verður um áhrif á fjölbreytileika og útbreiðslu tegunda. Fjallað verður um lífeðlisfræðileg áhrif mengunar (t.d. áhrif á öndun og vaxtarrými), lífefnafræðileg áhrif (t.d. hvötun cytochrome P450, hvötun á metallothionein próteinum, myndun á vitellogenin, áhrif á stöðugleika leysikorna), auk áhrifa á vefgerð, æxlamyndun, vansköpun og áhrif á erfðaefni (DNA viðbætur). Í þriðja hluta námskeiðsins verður fjallað um mengun á og við Ísland. Verklegar æfingar samanstanda af þremur til fjórum stórum sjálfstæðum verkefnum, sem gilda 20% af einkunn og verða unnin í striklotu.

**LÍF623M • Linux, helstu tól og tæki • (2e) • Vor • 1f + 1v**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Stutt einnar viku fornámskeið, kennt á einni viku í upphafi eða lok misseris, sem kennir á helstu tól og tæki Linux umhverfisins en það gagnast líffræðingum og öðrum fyrir úrvinnslu og framsetningu niðurstaðna og texta. Umhverfið er sérlega mikilvægt við framsetningu viðamikilla gagnasafna og tæknilegs texta. Markmiðið er að koma nemendum á það stig að geta notað umhverfið í námskeiðum og vinnu. Kennd verður notkun emacs ritilsins, á R umhverfið, sem er öflugt tæki fyrir tölfræði og teikningu mynda, og LaTeX til að setja texta í skýrslum, greinum eða bókum. Einnig verða ýmis önnur tól kynnt (skeljar, awk og perl, SQL gagnagrunnsmál, c og aðrir þýðendur) og uppsetning á linux fyrir einkatölvur.

**LÍF625G • Rannsóknarverkefni • (10e) • Vor**
Stúdentum er, eftir því sem aðstæður leyfa, gefinn kostur á að vinna að litlu rannsóknarverkefni, 3, 5 eða 6 eininga. Nemandi skal ráðfæra sig við einhvern af kennurum skorarinnar og vinna að verkefninu undir stjórn eða umsjón hans. Nemanda er einnig heimilt að vinna rannsóknarverkefni undir stjórn stundakennara skorar. Í því tilfelli skal fá samþykki skorar fyrir verkefninu og umsókn send skor áður en vinna að verkefni hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.
Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir.

**LÍF626G • Rannsóknarverkefni • (12e) • Vor**
Stúdentum er, eftir því sem aðstæður leyfa, gefinn kostur á að vinna að litlu rannsóknarverkefni,10 eða 12 eininga. Nemandi skal ráðfæra sig við einhvern af kennurum námsbrautarinnar og vinna að verkefninu undir stjórn eða umsjón hans. Nemanda er einnig heimilt að vinna rannsóknarverkefni undir stjórn stundakennara . Í því tilfelli skal fá samþykki námsbrautarstjórnar fyrir verkefninu og umsókn send námsbraut áður en vinna að verkefni hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.
Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyri

**LÍF627M • Veggspjald • (2e) • Vor**
Nemandi getur að fengnu samþykki námsbrautar fengið 2 einingar fyrir fyrirlestur eða veggspjald, sem hann er fyrsti höfundur að, og er framlag hans á vísindalegri ráðstefnu sem hann sækir.

**LÍF631M • Veggspjald • (2e) • Sumar**
Nemandi getur að fengnu samþykki skorar fengið 2 e fyrir fyrirlestur eða veggspjald, sem hann er fyrsti höfundur að, og er framlag hans á vísindalegri ráðstefnu sem hann sækir.

**LÍF632M • Úrvinnsla og meðhöndlun gagna með reikniforritinu R • (4e) • Sumar • 15f + 30d**
Umsjónarkennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Aðstoðarkennari: Bruce James McAdam
Tölfræði og reikniforritið R er bæði vinsælt og í stöðugri þróun en það er mikið notað við úrvinnslu á gögnum. Í þessu vikulanga námskeiði verður farið í gegnum ferilinn frá því gögnum er safnað, þau greind og loks undirbúin fyrir vísindagrein.
Lögð verður áherslu á að líta á tölvuna sem verkfæri sem eykur heildstæðni gagnanna, gerir kleift að endurtaka tilraunir og minnkar líkur á mistökum. Þannig verður þjálla að færa tölulegar aðferðir og niðurstöður í vísindalegt samhengi.
Byrjað verður á að fjalla um hverning gögnunum skal safnað svo þau henti hvað best í tölfræðigreiningu. Hvernig skrár skulu vera skipulagðar í tölvunni. Fjallað verður um aðferðir sem samþætta notkun gagna af ólíkum uppruna á heildstæðan hátt sem skilur eftir sig slóð sem má skoða síðar. Þetta er eitthvað sem flestir vísindamenn glíma við,
Eftir þetta verður ráðist í að greina gögn með hjálp R. Forritið er ókeypis og setja nemendur það upp á eigin tölvum og læra forskriftir fyrir greiningarnar. Þannig er nemendum gert kleift að endurtaka athuganir sínar með mismunandi gögnum og búa til öruggar skrár með skipunum sem nýtast aftur og aftur við mismuandi aðstæður.
Að lokum verður kynnt hverning forritið R nýtist við að búa til fagleg gröf og myndir.

Síðustu þrjá daga námskeiðsins nota nemendur til greina eigin gögn og njóta um leið leiðsögn og hjálp við þau vandamál er koma upp. Námskeiðið verður kennt á ensku dagana 23-30 júni 2009.
Nánari upplýsingar veitir **Bruce McAdam :** bruce@hi.is
**Forkröfur:** Námskeiðið er ætlað til kennslu í bæði grunn og framhaldsnámi. Nemendur þurfa að vera læsir á tölur og tölvur. Þeir þurfa að þekkja grundvallar atriði tölfræðinnar (tölfræðipróf, línuleg líkön, og fleiri módel). Nemendur þurfa að þekkja til notkunar á töflureiknum (t.d. Excel) og þurfa að hafa einhverja reynslu af tölfræðiforritum (t.d. Minitab eða R).
Skil á heimavinnu og þátttaka í fyrirlestrum og dæmatímum

**LÍF633G • Skordýr • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Fyrirlestrar: Inngangur um skordýr og stöðu þeirra í dýraríkinu. Velgengni skordýra. Flokkun skordýra. Þróun skordýra. Vistfræði skordýra. Búsvæðatengd skordýrafræði, þurrlendi, vötn og sjór. Stofvistfræði skordýra. Meindýr og sjúkdómsvaldandi skordýr. Meindýrastjórnun. Íslensk skordýr og rannsóknir á þeim.
Nemendafyrirlestrar: Hver nemandi flytur fyrirlestur um nýjungar í skordýrafræði.
Æfingar: Líkamsbygging skordýra, greining á ættbálkum og ættum og til tegunda í einstökum ættbálkum. Verkleg próf í líkamsbyggingu og greiningu.
Próf 70% af einkunn, nemendafyrirlestrar 10% og sem verkleg próf 20% af heildareinkunn.
Æskileg undirstaða: Dýrafræði - hryggleysingjar (LÍF214G)
Verkleg próf í líkamsbyggingu og greiningu. Próf 70% af einkunn, nemendafyrirlestrar 10% og verkleg próf 20% af heildareinkunn.

**LÍF635G • Atferlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 3u + 4v**
Umsjónarmaður: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Kennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Inntak : Í námskeiðinu er áhersla á að skoða atferli dýra í ljósi atferlis við þróunar- og vistfræði (atferlisvistfræði) og fjallað um búsvæðaval og hegðun tengda fæðunámi, félagshegðun, ættingjaval, æxlunarhegðun og kynval, og tjáskipti. Lífeðlisfræði atferlis, þroskun og erfðir atferlis, námsgeta dýra og vitsmuni er einnig á dagskrá.
Verklag: Auk fyrirlestra munu kennarar stýra umræðum um ýmis efni sem nemendur undirbúa sig fyrir t.d. hegðun manna í ljósi félagslíffræðinnar, tengsl atferlisfræði við náttúru- og dýravernd, vitsmuni og persónuleika dýra. Þátttaka nemenda í umræðum gildir til einkunnar. Í verklegum tímum er lögð áhersla á að æfa vinnubrögð við söfnun og úrvinnslu gagna um atferli. Unnið er bæði inni í vinnustofu og úti við, m.a. er hegðun fugla skoðuð og greind. Vinna við útiverkefni fer stundum fram utan stundaskrár og verður heil helgi, í lok apríl eða strax að loknum prófum,tekin í slíka vinnu. Mætingarskylda gildir í umræðutímum og verklegum tímum.
Æskileg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Þróunarfræði (LÍF403G)
Námsmat: Próf í lok misseris gildir 60% af heildareinkunn.Þátttaka í umræðum gildir 20%. Skýrslur um verklegar æfingar 20%. Nemendur verða að ná lágmarkseinkunn í hverjum matsþætti.

**LÍF636G • Líftækni • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Guðmundur Óli Hreggviðsson Lektor
Kennari: Guðni Ágúst Alfreðsson Prófessor
Fjallað verður um ýmis sérsvið líftækni og hvernig þau eru að mótast vegna framfara í erfðtækni og nýlegrar þekkingar í lífefnafræði og örverufræði. Farið verður í nýjungar í líftæknilegri aðferðafræði í tengslum við verkefni á eftirfarandi sviðum.
*Umhverfislíftækni:* Fjölbreytileiki örvera, virkni og lífefni þeirra. Málmvinnsla með hjálp örvera, örverur gegn plágum, vaxtarhvetjandi örverur í sambýli við plöntur, nýting sjávarlífvera, hitakærar örverur.
*Greiningartækni:* Mótefni, þreifarar, ensím, PCR aðferðir, flögutækni.
*Ensímtækni:* Fjölsykrur og fjölsykrusundrandi ensím, iðnaðarensím, ensím í efnasmíði, ensím í erfðatækni.
*Lífupplýsingafræði:* Aðferðir til að bera kennsl á gen og protein og til að meta skyldleika, byggingu og önnur einkenni og eiginleika þeirra.
*Próteinverkfræði:* Notkun erfðatækni við hönnun próteina, markvissar stökkbreytingar og stýrð ensímþróun í örverum með hjálp erfðatækni
*Erfðaverkfræði/lífferlahönnun:* Hönnun og smíði genaferja, innlimun og útsláttur gena í örverulitningum, heilraðgreining erfðamengja, fjölbreytileiki efnaferla í örverum, notkun flögutækni í greiningu efnskipta, endurbætur á tjáningarferlum örvera, þróun og úrval örvera með hjálp erfðatækni.
*Orkulíftækni:* Framleiðsla etanóls úr lífmassa, fjarlæging koltvísýrings og brennisteinsvetnis í orkuvinnsluferlum, endurhönnun og betrumbætur gerjunarlífvera með erfðatækni.
*Ræktunar- og framleiðslutækni:* Framleiðsla á ensímum og lífefnum með örverum. Magnframleiðsla,
*Efnasmíði:* Skimun og framleiðsla lífefna í örverum, smíði hendinna efnasambanda, framleiðsla amínósýra, endurhönnun efnaskiptarása til að auka framleiðslu amínósýra, endurbætur á lyfefnum með ensímum, stökkbreytingum á örverum og erfðatækni.
Nemendur flytja stutta nemendafyrirlestra taka þátt í umræðufundum. Nemendur fá þjálfun í lestri frumheimilda og lesa gagnrýnum augum eina nýlega grein á einhverju svérsviði líftækninnar sem þeir miðla til samnemenda í fyrirlestri. Í dæmatímum verður unnið með forrit í lífupplýsingafræði til að sýsla með erfðamengi, gen, og protein, bera saman og greina einkenni þeirra. Verkefni verða lögð fyrir nemendur er reyna á skilning þeirra á aðferðum og á möguleikum forritanna.
Námsmat felst í mati á úrlausnum æfinga úr dæmatímum (15%), frammistöðu í umræðutímum (15%) og prófi í lok námskeiðs (70%). Til að standast námskeiðið verður nemandi að hljóta lágmarkseinkunn (5,0) bæði í hluteinkunnum og prófseinkunn.
Námsmat felst í mati á úrlausnum æfinga úr dæmatímum (15%), frammistöðu í umræðutímum (15%) og prófi í lok námskeiðs (70%). Til að standast námskeiðið verður nemandi að hljóta lágmarkseinkunn (5,0) bæði í hluteinkunnum og prófseinkunn.

**LÍF637G • Lífmælingar II • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Tölulegar aðferðir eru nauðsynlegur hluti margra greina líffræðinnar og nýtast við högun tilrauna og athugana, samantekt niðurstaðna og

greiningu þeirra. Nemendur læra þessar aðferðir og meðhöndla fjölbreytt gögn úr líffræði, auk þess að fá þjálfun í að túlka niðurstöður mismunandi aðferða. Helstu aðferðir eru sennileikamat, línuleg líkön, aðhvarf og fervikagreining og alhæfð línuleg líkön til að greina talningar. Fjölbreytugreining. Endursýnataka (skóþvengur og umröðunarpróf). Kennt verður að nota tölfræðiforritið R til að framkvæma þær aðferðir sem fjallað er í fyrirlestrum. Nemendur leysa verkefni sem byggja á líffræðilegum rannsóknum og fá ítarlega þjálfun í notkun R.
Námsmat: Verkefni 30% og skriflegt próf 70%.Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum.
Æskileg undirstaða: Lífmælingar I (LÍF101G)
Verkefni 30% og skriflegt próf 70%.Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum.

**LÍF638G • Líkön og gögn í líffræði • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að kenna hvernig og afhverju stærðfræði er svo gagnleg í líffræði. Námskeiðið mun kenna hvernig á að lesa og túlka jöfnur og hvernig á að smíða og túlka líkön um ýmis líffræðileg fyrirbæri. Námskeiðið byggir á vistfræðilegum og þróunarfræðilegum líkönum sem lýsa breytingum lífkerfa í tíma og rúmi. Nemendur vinna verkefni í líkanagerð og kynna niðurstöður á málfundum.
Námsmat: Verkefni 30% og skriflegt próf 70%. Nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum.
Verkefni 30% og skriflegt próf 70%. Nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum.

**FER103F • Ferðamálafræði fyrir meistara- og doktorsnema • (10e) • Haust**
Námskeiðið er lesnámskeið ætlað nemendum sem eru að hefja framhaldsnám í ferðamálafræðum en hafa lokið grunnnámi á öðrum fræðasviðum. Farið verður ítarlega yfir hugtök og grunnkenningar í ferðamálafræðum með það að markmiði að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á fyrirbærinu ferðamennska, kunni skil á áhrifum ferðamennsku og geti greint möguleika ferðaþjónustu ásamt vandamálum og möguleikum samfara vexti og uppbyggingu greinarinnar.

**FER104F • Námskeið til meistaraprófs í ferðamálafræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**FER202F • Námskeið til meistaraprófs í ferðamálafræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**FER203F • Námskeið til meistaraprófs í ferðamálafræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**FER205F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í ferðamálafræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**FER305F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í ferðamálafræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**FER401M • Kenningar í ferðamálafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Á áttunda áratugnum byrjuðu fræðimenn að velta fyrir sér tilgangi og þróun ferðamennsku í heiminum. Spurningar eins og "hver er ferðamaður?", "hver er tilgangur þess að ferðast? og "hvað skilgreinir ferðalög?" voru vangaveltur sem áreittu fræðin í byrjun og kenningar voru settar fram. Enn þann dag í dag velta fræðimenn upp þessum sömu spurningum, þó með breyttum áherslum í síbreytilegum félagslegum og pólitíkum aðstæðum. Þessi áfangi mun varpa upp megin kenningum ferðamálafræðinnar og gefa innsýn í ólíkar nálganir og umfjallanir fræðimanna sem fjalla um ferðamennsku. Krafa verður gerð á nemendur um að þeir velti fyrir sér mismunandi nálgunum fræðimanna með það að ljósi að setja fram sínar eigin spurningar og hugsanlegar nálganir hvað varðar uppsetningu verkefnis í ferðamálafræðum.

**FER409F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í ferðamálafræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**FER501M • Menningartengd ferðaþjónusta • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Í námskeiðinu verður hugað að þýðingu og skilgreiningu hugtaksins menningar í menningartengdri ferðaþjónustu með sérstöku tilliti til framsetningar og miðlunar menningararfs í söfnum sem og á öðrum vettvangi. Velt verður upp pólitískum og siðferðilegum þáttum hvað varðar söfnun og framsetningu og einnig ólíkum leiðum fólks við að lesa í söguna, sína eigin og annarra. Lögð verður áhersla á íslenskar aðstæður hvað varðar söfn og menningararf í verkefnavinnu.
Verkefni 60% Próf 40% Nemendur velji annan af tveimur verkefniskostum: A: felst í greiningu og þróun á ákveðnu tækifæri í menningartengdri ferðaþjónustu. Í verkefninu skal gera stutta grein fyrir þeim menningarverðmætum sem hugmyndin byggir á, aðferðinni við að miðla þeim og verkáætlun; þ.e. hvað þarf að gera, hver á að gera það, hvað tekur það líklega langan tíma og hvað kostar það? B: felst í athugun og greiningu á starfsemi í menningartengdri ferðaþjónustu sem þegar er fyrir hendi. Í verkefninu skal lýsa sögu strafseminnar, fjármögnun, framkvæmd, styrkleikum, veikleikum og draga ályktun um áframhaldandi uppbyggingu.

**FER503M • Ferðamennska, skipulag og landfræðileg upplýsingakerfi • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Samfara aukinni ferðamennsku eykst mikilvægi þess að þekkja og greina áhrif ferðamennsku á umhverfið til að geta skipulagt og stjórnað nýtingu auðlindarinnar sem ferðaþjónustan byggir afkomu sína á. Landfræðileg
upplýsingakerfi (LUK) eru víðast hvar viðurkennd sem öflugt og nauðsynlegt stjórnunartæki á flestum sviðum, allt frá viðskiptum til umhverfismála, hvort heldur er til að meta og greina umhverfis- og efnahagslega hagkvæmni staðsetninga, til að draga fram hagsmunaárekstra eða til að meta samband orsaka og afleiðinga. Í námskeiðinu verður áhersla lögð á notkun LUK sem tæki til að meðhöndla mismunandi þætti og málefni er varða skipulag og stjórnun ferðamennsku. Námskeiðið mun samanstanda af fræðilegum

fyrirlestrum og æfingum. Greining á viðkvæmni lands, hagkvæmasta staðsetning mismunandi afþreyingar og netgreining samgangna m.t.t. ferðamannastaða eru dæmi um æfingar, sem lagðar verða fram til að hvetja nemendur til notkunar LUK til skipulagningar ferðamennsku.

**FER504M • Ferðalög, landslag og frásagnir • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Megináhersla námskeiðsins verður á frásagnir af ferðalögum einstaklinga og hvernig þeim er komið á framfæri, aðallega í rituðu máli (ferðaskrifum) en einnig mun öðrum frásagnarformum verða gefinn gaumur sbr. ljósmyndun, kvikmyndun, ljóðagerð og málaralist. Í þessu samhengi verður velt upp spurningum um hvers konar landslag það er sem ferðalangurinn skapar á ferðalögum sínum, hvernig staðir sem ferðast er um og sjálf ferðalangsins tengjast, og hvernig landslagið sjálft talar til ferðalangsins. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist djúpan skilning á fræðilegri notkun hugtakanna frásögn og landslag, og geti notað þau til greiningar og túlkunar á frásögnum af ferðalögum frá mismunandi tímabilum í mismunandi landslagi. Rýnt verður í frásagnarform höfunda á borð við Bruce Chatwin, Rebeccu Solnit, V.S. Naipaul, Virginiu Wolf og James Joyce auk ýmissa annarra erlendra og innlendra frásagnaforma.

**FER505F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í ferðamálafræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**FER505M • Málstofa í ferðamennsku og umhverfisstjórnun • (10e) • Haust • Stokkur: H • 3f**
Umsjónarmaður: Rannveig Ólafsdóttir Dósent
Samfara auknum umsvifum ferðaþjónustunnar hefur aukinn ágangur ferðamanna á viðkvæma náttúru landsins ásamt vaxandi umhverfisvitund almennings leitt til aukinna krafna um skipulag og stjórnun umhverfismála í ferðaþjónustu. Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu á umhverfisstjórnun og mikilvægi hennar í uppbyggingu sjálfbærrar ferðamennsku. Áhersla verður lögð á fræðilega umfjöllun um tilgang og árangur umhverfisstjórnunar og gerð grein fyrir mismunandi umhverfisstjórnunarkerfum og umhverfisvottunum í ferðaþjónustu. Jafnframt verður fjallað um áhrif ferðamennsku á náttúru og samfélag og kynntar mismunandi aðferðir til að meta og greina slík áhrif m.t.t. umhverfisstjórnunar.

**FER603M • Nýsköpun í ferðaþjónustu • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Katrín Anna Lund Lektor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Ferðaþjónusta og nýsköpun eru oft og tíðum tengd sterkum böndum í umræðu um hagþróun og nýbreytni í samfélaginu. Ferðaþjónusta er út af fyrir sig talin til nýsköpunar í atvinnulífi hér á landi en eins hefur vaxandi athygli verið beint að frumkvöðulshætti og nýsköpun í ferðaþjónustu.
Í námskeiðinu verður fjallað um nýsköpun og ferðaþjónustu út frá mismunandi hliðum. Farið verður ítarlega ofan í fræðilega umfjöllun um hugmyndir um nýsköpun í ferðaþjónustu og hvernig þær tengjast mismunandi skilningi á ferðaþjónustu sem atvinnugrein og nýsköpunarferlum. Gestafyrirlesarar verða fengnir til að varpa ljósi á tiltekna þætti í nýsköpunarferlum útfrá reynslu sinni á sviðinu. Nemendur munu einnig takast á við nýsköpunarvinnu af eigin raun í verkefnavinnu námskeiðsins.
**Helstu markmið:**
Að nemendur:

- Öðlist skilning á uppbyggingu nýsköpunarverkefna
- Hafi þekkingu á grunnhugtökum í nýsköpunar og frumkvöðlafræðum
- Hafi þekkingu og skilning á ólíkum fræðilegum nálgunum að nýsköpun í ferðaþjónustu

Öðlist skilning á tengslum svæðisbundinnar þróunar og nýsköpunar

**FER604M • Borgir og ferðamennska • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kennari: Katrín Anna Lund Lektor
Í námskeiðinu er athygli beint að borgarrýminu sem vettvangi efnislegrar og táknrænnar neyslu ferðamanna. Breytingar á stöðu borga og borgasvæða vegna hnattvæðingar efnahagslífs eru reifaðar og áhrif þeirra á ferðamennsku greind. Aðdráttarafl borga fyrir ferðamenn er skoðað, m.a. söguleg arfleifð, byggingarlist, menningarleg fjölbreytni, skemmtanalíf, matarmenning, verslun, viðskipti, ráðstefnur, sýningar og stórviðburðir. Fjallað er um ímynd og markaðssetningu borga, mikilvægi staðsetningar og góðra samgangna, jafnt innan borgar sem utan. Innan borga er hugað að ferðamennsku og borgarskipulagi, staðsetningu ferðaþjónustu í borgarrýminu, þýðingu ferðaþjónustu í atvinnulífi og samskiptum ferðamanna og borgarbúa. Áhersla verður lögð á að greina stöðu Reykjavíkur sem ferðamannaborgar og nemendur vinna verkefni um ferðamennsku á höfuðborgarsvæðinu.

**FER605F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í ferðamálafræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LAN101M • Landslag, náttúrusýn og nýting lands • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Karl Benediktsson Prófessor
Kennari: Katrín Anna Lund Lektor
Landslagshugtakið er skoðað á gagnrýninn hátt út frá sjónarhorni mannvistarlandfræði og menningarfræða. Fjallað er um þá fjölþættu merkingu sem lögð hefur verið í tilteknar gerðir landslags á ólíkum tímum og af ólíkum samfélagshópum. Áhrif hugmyndastefna á borð við nytjahyggju, rómantík og tæknihyggju á náttúrusýn og viðhorf til nýtingar landslags og náttúru eru greind. Þýðing landslags í ferðamennsku er rædd. Aðferðir við flokkun og mat á landslagi eru skoðaðar.

**LAN107F • Námskeið til meistaraprófs í landfræði • (10e) • Haust**

Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LAN204F • Námskeið til meistaraprófs í landfræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LAN205F • Námskeið til meistaraprófs í landfræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LAN306F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í landfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**LAN307F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**LAN412F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í landfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LAN413F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í landfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**LAN414M • Landfræðileg upplýsingakerfi 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 3f + 3æ**
Umsjónarmaður: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Söfnun og vinnsla landfræðilegra upplýsinga í stafrænu formi og hagnýting þeirra. Grannfræði og helstu gagnalíkön í vektor- og rastakerfum. Skönnun og hnitun, nákvæmni og villur. Hönnun landfræðilegs gagnasafns fyrir staðtengdar eigindir og upplýsingar, notkun venslagagnagrunna. Helstu greiningaraðferðir. Dæmi um notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við rannsóknir á náttúru og mannvist, í kortagerð og hjá skipulags- og veitustofnunum.

**LAN417F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LAN418F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**LAN505M • Loftmyndatúlkun og fjarkönnun • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 3f + 3æ**
Umsjónarkennari: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Grundvallaratriði fjarkönnunar, sérstaklega sem tekur til loftmynda og notkunar þeirra við vettvangsvinnu og rannsóknir. Rafsegulróf, mismunandi tegundir loftmynda, auðkenni þeirra og notkun við landgreiningu og túlkun náttúrufars og mannvistar. Mælikvarði og mælingar ýmiss konar og notkun við kortagerð. Helstu tæki og hjálpargögn. Vettvangsferðir í nágrenni Reykjavíkur.

**LAN506M • Fjarkönnun og umhverfisvöktun • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2æ**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Yfirlit um helstu svið fjarkönnunar. Fjarkönnunargögn og aðferðir við öflun þeirra. Fjarkönnun úr flugvélum og gervitunglum. Vinnsla mynda og upplýsinga. Notkun og túlkun loftmynda og gervitunglamynda. Gildi fjarkönnunar á ýmsum fræðasviðum, dæmi um viðfangsefni, m.a. umhverfis- og náttúrufarsathuganir, landnýting, könnun gróðurfars og kortagerð.

**LAN507M • Efnahagslíf og samfélag í Asíu • (8e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er slétt tala.
Í námskeiðinu er athygli beint að samhengi staða og svæða í samtengdu heimshagkerfi nútímans. Fjallað er m.a. um vörukeðjur og tengingu framleiðslu og neyslu, samhengi samfélags og hagkerfis, reglun í markaðshagkerfi og staðbundnar afleiðingar af endurskipulagningu markaðshagkerfa á síðustu árum. Þessi viðfangsefni eru reifuð á mismunandi hátt frá ári til árs, með ítarlegri greiningu á tilteknu efni sem er ofarlega á baugi í hagrænni landfræði hverju sinni. Áhersla er lögð á lestur nýlegra fræðigreina um efnið og umræður um þær.

**LAN508M • Samfélagsþróun og umhverfisbreytingar í Afríku • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Magnfríður Júlíusdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Viðfangsefni námskeiðsins er samfélagsþróun og umhverfisbreytingar í Afríku sunnan Sahara, með áherslu á samtímann og þróun í sunnan- og austanverðri álfunni. Í umfjöllun um samspil samfélagslegra og náttúrufarslegra þátta er áherslan á landbúnað, fæðuöryggi, loftslagsbreytingar, nýtingu og yfirráð auðlinda. Í fræðilegri yfirferð er áhersla á sjónarhorn landfræði og kynjafræði í þróunarumræðu.

**LAN509F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í landfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**LAN603M • Umhverfi og skipulag • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 1æ**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Þorbjörg K Kjartansdóttir Aðjúnkt
Skipulagsfræði, helstu hugtök, kenningar og skilgreiningar. Saga skipulags. Stjórn og fyrirkomulag skipulagsmála. Skipulagsferli og skipulagsstig. Þátttaka almennings og hagsmunahópa í skipulagsvinnu. Hlutverk skipuleggjenda. Forsendur skipulagsgerðar, gögn og vinnubrögð. Landupplýsingar flokkun og skráning. Mat á umhverfisáhrifum og umhverfismat áætlana. Siðfræði í skipulags- og umhverfismálum. Náttúruvernd, verndaráætlanir, landslag og landslagsheildir. Breytt samfélög og breyttar áherslur í skipulagsvinnu. Hlutverk skipulags og skipuleggjenda í samfélögum framtíðar. Verkefni og heimsóknir.

**LAN604M • Borgalandfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u**
Umsjónarmaður: Magnfríður Júlíusdóttir Lektor
Markmið námskeiðsins er að nemendur fái grundvallarþekkingu á helstu hugtökum og rannsóknasviðum borgalandfræði. Landfræðileg yfirferð er allt frá íslenskum aðstæðum til borgvæðingar á heimsvísu. Í fyrri hluta námskeiðsins er fjallað um borgir sem heimkynni mannsins og rakin söguleg þróun borga í mismunandi heimsálfum. Rætt verður um borgarformið, hugmyndafræði að baki mismunandi borgarmyndana, ímynd borga, landnotkun, borgarskipulag og skynjun umhverfisins. Einnig verður farið almennt í verslun og samgöngur innan borga með áherslu á höfuðborgarsvæðið. Fyrri hlutanum lýkur á umfjöllun um framtíðarsýn borga. Í seinni hlutanum verður áherslan á lífsskilyrði einstaklinga og hópa í borgarsamfélagi og m.a. fjallað um húsnæðismál, aðgengi þjónustu og hreyfanleika. Einnig verður komið inn á yfirráð og "rétt" einstaklinga og hópa til staða og svæða í borgum. Fjallað verður um þessa þætti frá aðstæðum í vestrænum borgum og leitast við að tengja umræðuna þróun í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu. Auk þess verður farið meira almennt í borgvæðingu og aðstæður borgarbúa í efnahagslega fátækari svæðum heimsins (þriðja heiminum/þróunarlöndum). Áhersla er lögð á að þjálfa nema í meðferð hugtaka og þekkingarsviða greinarinnar með verkefnavinnu og umræðum.

**LAN605M • Landfræðileg upplýsingakerfi 2 • (10e) • Vor • Stokkur: V4 • 6æ**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Námskeiðið er verkefnamiðað þar sem nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum undir leiðsögn kennara. Leiðsögn kennara felst aðallega í tæknilegri og fræðilegri úrlausn verkefna út frá landupplýsingafræðilegu sjónarmiði. Verkefni sem unnin verða í námskeiðinu koma frá kennara sem og nemendum. Stærri hluta af önninni vinna nemendur sín eigin verkefni sem þeir koma með inn í námskeiðið. Verkefni nemenda geta verið úr hvaða vísindagrein sem er, en með landupplýsingafræðilegan vinkil sem þarf að leysa. Áfanginn er próflaus en einkunn verður gefin fyrir lokaskýrslu og minni verkefni. Í upphafi annar þurfa nemendur að hafa á reiðum höndum lýsingu á verkefninu sem þeir ætla að vinna að ásamt mati á þeim landfræðilegum gögnum sem þarf til verksins.
Nauðsynleg undirstaða: Landfræðileg upplýsingakerfi 1 (LAN414M)

**LAN606M • Svæði og menning • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 1æ**
Umsjónarkennari: Katrín Anna Lund Lektor
Kennari: Anna Karlsdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er oddatala.
Skoðaðar eru mismunandi birtingarmyndir, svið og svæði menninga og fjallað um sérstöðu þeirra og samspil út frá mismunandi sjónarhornum. Sköpun sjálfsmynda og ímynda, samkennd og sundrung verða viðfangsefni áfangans. Sérstök áhersla verður að þessu sinni lögð á hugtakið landamæri (boundaries) og birtingarmynd þeirra á milli menningarheima, innan sem utan samfélaga og á milli einstaklinga, líkama og samfélags.
Rík áhersla er lögð á verkefnavinnu og þátttöku nemenda

**LAN607M • Sagnfræðileg landfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1æ**
Umsjónarkennari: Guðrún Gísladóttir Prófessor
Kennari: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Breytingar á umhverfi mannsins og maðurinn sem breytivaldur í aldanna rás. Leifar fortíðar í umhverfi nútímans. Sögulegar heimildir og nýting þeirra við landfræðileg viðfangsefni. Farið verður í dagsferð í nágrenni Reykjavíkur og verkefni unnið í tengslum við hana.

**LAN608M • Heilsulandfræði • (10e) • Vor**
Í námskeiðinu verður lýðheilsa skoðuð frá sjónarhóli landfræðinnar. Farið verður yfir helstu hugtök og kenningar í heilsulandfræði. Viðfangsefni námskeiðisins verða m.a.: áhrifavaldar heilsu, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, notkun á heilbrigðisþjónustu, landfræðileg dreifing sjúkdóma og ójöfnuður í heilsufari. Kannað verður hvernig þættir eins og
búseta, efnahagsleg- og félagslegar aðstæður, skipulag heilbrigðisþjónustu, stefna heilbrigðisyfirvalda, umhverfi- og skipulag hafa áhrif á þessi viðfangsefni. Auk þess verður komið inn á notkun landfræðilegra upplýsingakerfa í heilsulandfræði. Áhersla verður lögð á virka þátttöku nemenda í umræðum og verkefnavinnu.

**LAN609M • Vatna- og loftslagsfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2æ**
Umsjónarmaður: Ingibjörg Jónsdóttir Dósent
Kennari: Þröstur Þorsteinsson Sérfræðingur
Kennari: Einar Sveinbjörnsson
Kennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Grundvallaratriði vatnafræði, vatnsforði og hringrás vatns á jörðinni. Vatn í andrúmslofti, úrkoma (regn og snjór), uppgufun, írennsli, vatn í jarðvegi, grunnvatn, jöklar, afrennsli vatns, vatnsfallategundir, stöðuvötn, ís í ám og vötnum. Vatnshagur vatnasviða, vatnafræðilíkön. Flóð og þurrð. Ferskvatn sem auðlind og nýting þess hnattrænt og á Íslandi, vatnsöflun, vatnsafl. Vatnafræði Íslands. Vatnamælingar. Helstu eiginleikar og orkubúskapur lofthjúpsins. Veður, veðrakerfi og veðurfar á stórum og smáum kvarða. Eðli og hegðun vinda, myndun úrkomu og áhrifaþættir hitafars. Þættir í veðurfari Íslands. Hafstraumar og samspil hafs og lofts. Veðurfarslíkön og breytingar á veðurfari, hringrás kolefnis og gróðurhúsaáhrif. Heimsóknir á stofnanir sem vinna að vatna- og loftslagsrannsóknum.

**LAN610F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í landfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LAN612F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í landfræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**LÍF013M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (20e) • Haust**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF014M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (30e) • Haust**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF015M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (20e) • Vor**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF016M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (30e) • Vor**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF017M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (20e) • Sumar**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF018M • Rannsóknarverkefni í líffræði fyrir erlenda stúdenta • (30e) • Sumar**
Erlendum stúdentum er gefinn kostur á að vinna að 20 eða 30 eininga rannsóknarverkefni í líffræði undir stjórn og umsjón fastra kennara skorarinnar. Nemandi skal sækja um verkefnið til skorar og fá samþykki fyrir verkefninu áður en hann skráir sig í það og vinna hefst. Vinnu að verkefninu lýkur með ritgerðarsmíð sem kennari gefur einkunn fyrir. Fylgja skal reglum raunvísindadeildar um skil og frágang rannsóknarritgerða.

**LÍF110F • Aðferðir við rannsóknir á sjávarspendýrum • (6e) • Haust • 6f + 3u + 54v**
Umsjónarmaður: Páll Hersteinsson Prófessor
Kennari: Marianne Helene Rasmussen
Námskeiðið er haldið 27. ágúst til 6. september 2009. Á þessu námskeiði verða kenndar margar þær aðferðir sem notaðar eru við rannsóknir á villtum hvölum. Námskeiðið fer fram á Húsavík í september og stendur í 2 vikur. Í fyrri vikunni verða fluttir fyrirlestrar um þær hvalategundir sem er að finna fyrir Norðurlandi, nemendur læra um fræðilegan bakgrunn þeirra aðferða sem notaðar eru við hvalarannsóknir og kynnast notkun þeirra af eigin reynd. Meðal aðferðanna má telja myndgreiningu einstakra hvala, hvernig einstökum hvölum er fylgt eftir á sjó, stofnstærðarmat af skipi, aðferðir við atferlisgreiningu, notkun lóðréttra hljóðnemaraða með tímadvöl, notkun stefnuvirkra hljóðnema sem dregnir eru í línu eftir skipi, notkun hljóðnema sem staðsettir eru á hafsbotni og notkun hornamælis af landi til að fylgjast með ferðum hvala. Sérfræðingar flytja fyrirlestra um það hvernig þessar aðferðir eru notaðar við nútímarannsóknir á hvölum. Framhaldsnemar munu skipuleggja og vinna rannsóknarverkefni með þeim gögnum sem aflað er á staðnum. Þeir munu kynna

verkefnisáætlun í lok fyrri vikunnar og aðferðirnar verða síðan ræddar og ákveðnar af hópnum í heild. Framhaldsnemar munu starfa samhliða nemum á síðasta ári í BS námi sem velja sér eða er úthlutað sérstökum aðferðafræðiverkefnum. Niðurstöður rannsóknarverkefna verða kynntar í fyrirlestri og síðan í skýrslu. Skýrslunni skal skila tveim vikum eftir lok námskeiðsins.
Nauðsynleg undirstaða: Lífmælingar I (LÍF101G) eða Vistfræði (LÍF311G)
Æskileg undirstaða: Sjávarvistfræði (LÍF509M) eða Vistfræði spendýra (LÍF518M)
Skriflegt próf: 1 klst., 20% af lokaeinkunn. 80% almennt mat á frammistöðu.

**LÍF111F • 4. árs rannsóknarverkefni í líffræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur námsbrautar í líffræði um framhaldsnám.

**LÍF112F • Námskeið til meistaraprófs í líffræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.
Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LÍF113F • Námskeið til meistaraprófs í líffræði • (12e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LÍF114F • Rannsóknir í sameindalíffræði og lífefnafræði • (2e) • Haust • 2u**
Umsjónarkennari: Guðmundur H Guðmundsson Prófessor
Megináhersla er á rannsóknir tengdar náttúrulegu ónæmi (e. innate immunty); viðtakar, boðleiðir og virkar sameindir ásamt yfirliti yfir heildarsvar og tengsl við sérhæft ónæmi (e. adaptive immunity). Nemar kynna rannsóknaniðurstöður og nýlegar rannsóknagreinar. Rannsóknagreinar eru valdar í samráði við kennara.
Námskeiðið er eingöngu fyrir framhaldsnema og skylda fyrir framhaldsnema sem vinna að verkefnum tengdum náttúrulegu ónæmi. Námskeiðið er kennt bæði á vor- og haustmisseri og mælt er með að hver nemandi taki fullan þátt í því í fjögur misseri og fái þá metnar 1 e (2 ECTS) fyrir hvert misseri, alls 4e (8 ECTS).
Nauðsynleg undirstaða: Sameindaerfðafræði (LÍF411G) eða Frumulíffræði II (LÍF614M)
Þátttaka og frammistaða í tímum metin af kennara.

**LÍF115F • Námskeið til doktorsprófs í líffræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.
Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LÍF116F • Námskeið til doktorsprófs í líffræði • (12e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.
Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LÍF118F • Aðferðir í sameindalíffræði • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Kennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Fyrirlestrar: Fræðilegur bakgrunnur helstu aðferða sameindalíffræðinnar og notkun þeirra við rannsóknir. Námsefni lagt fram af kennurum. Verklegar æfingar í sameindalíffræði: Tilraunalífverur; *E.coli, S. cerevisiae, C. reinhardtii, A. thaliana, C. elegans, D. melanogaster, M. musculus.* Vinnubækur og vinnuseðlar, rafrænt umhverfi. Ræktun og geymsla á bakteríum, sveppum, öðrum heilkjarna lífverum og frumum þeirra. Einangrun og greining á DNA og RNA, Southern og Northern blettun. PCR, RT-PCR, qRT-PCR, skerðiensím, raðgreining á DNA, gagnavinnsla og greining. Genaferjun og önnur erfðatækni í bakteríum, sveppum og öðrum heilkjörnungum. Framleiðsla, einangrun og greining próteina. Framleiðsla og notkun mótefna. Western blettun, ónæmislitun, geislavirkni. Notkun smásjár í sameindalíffræði. Farið verður yfir aðferðafræði í nýlegum vísindagreinum. Ritgerðarverkefni: Ritgerð og erindi um valda aðferð. Ritun styrkumsóknar og hönnun tilrauna. Unnið sem hópverkefni framhaldsnema og lýkur með fyrirlestri og skilum á styrkumsókn.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G), Erfðafræði (LÍF302G)
Námsmat: Vinnubækur, skriflegt próf, ritgerðir og kynning, hópverkefni.

**LÍF119F • Rannsóknir í vist- og þróunarfræði • (2e) • Haust • Stokkur: H • 2u**
Framhaldsnemar í vist- og þróunarfræði hittast einn tíma á viku ásamt einum eða fleiri kennurum. Nýdoktorar og sérfræðingar á sviðinu eru einnig velkomnir. Þátttakendur kynna verkefni sem þeir fást við eða greinar á fræðasviðinu. Í síðasta lagi viku fyrir hvern tíma skal benda á grein eða annað efni sem tengist umræðuefni tímans. Rannsóknagreinar eru valdar í samráði við kennara. Möguleiki er einnig að

velja bók eða bókarkafla. Efni fyrirlestra og greina verður rætt og krufið af þátttakendum. Nemendur fá þjálfun í að kynna verkefni sín og ræða vísindagreinar.
Námskeiðið er kennt bæði á vor- og haustmisseri og mælt er með að hver nemandi taki fullan þátt í því í fjögur misseri og fái þá metnar 2 e (2 ECTS) fyrir hvert misseri, alls 8e (8 ECTS).
Þátttaka og frammistaða í tímum metin af kennara.

**LÍF120F • Erfðamengjafræði • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Arnar Pálsson
Kennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Með tilkomu nýrrar þekkingar á erfðamengi margra helstu líkanlífvera (model organisms) með raðgreiningu erfðamengja og öðrum rannsóknum vakna spurningar um hvernig unnt er að nýta það upplýsingaflóð til að öðlast þekkingu og skilning á líffræðilegum fyrirbærum. Samanburðarfræðigreinar, sem byggja á einn eða annan hátt á samanburðaraðferð darvinskrar þróunarkenningar, eru fræðilegur grundvöllur fyrir greinigu á þessu upplýsingaflóði og beitingu þekkingar um líkanlífverur til að öðlast skilning á öðrum lífverum. Sameiginlegir eiginleikar varðveittir milli mismunandi lífvera eiga sér grunn í varðveittum hlutum erfðamengja. Nýjungar svipfars og sérkenni eiga sér grunn í frábrugðnum hlutum erfðamengja. Upplýsingar eru um erfðamengi, breytileika gena, tjáningu gena og myndun svipgerða á stigum allt frá frumum til fullvaxinna lífvera. Alls kyns gagnagrunnar hafa verið gerðir og þangað þarf að sækja upplýsingarnar. Námskeiðið mun fjalla um hugmyndafræði og aðferðafræði til samanburðar, um líkanlífverur og helstu gagnagrunna sem gerðir hafa verið. Fyrirlestrar verða um samanburðarfræði, þróunarfræði, líffræði hinna ýmsu líkanlífvera, sameindalíffræði og atriði úr tölvunarfræði. Æfingar: Samanburður með upplýsingum úr gagnagrunnum um erfðamengi og líffræði spendýra, t.d. mannsins, músar, rottu, rhesusapa, sjimpansa og annarra hryggdýra s.s. Fugu og zebrafisks. Unnið verður með gagnagrunnana flybase, wormbase, SGD, Genebank, EMBL, GO og gagnagrunna um erfðamengi ýmissa örvera. SQL fyrirspurnir, regular expressions, gagnagrunnar, áreiðanleiki gagna í gagnagrunnum.
Ýmis forritun, tól og tæki undir UNIX/Linux, opinn hugbúnaður, uppsetning hugbúnaðar af vefnum á eigin tölvum. Greining gagna úr ýmsum líffræðilegum samanburðardæmum.
Verkefnaskil. Nemendur vinna 2 stærri verkefni og nokkur smærri. Umræðufundir þar sem nemendur kynna niðurstöður.
Námsmat:Skriflegt lokapróf (40%), verkefni og stílar (20%), stærri verkefni (40%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.
Æskileg undirstaða: Þróunarfræði (LÍF403G), Sameindaerfðafræði (LÍF411G), Linux, helstu tól og tæki (LÍF623M)
Skriflegt lokapróf (40%), verkefni og stílar (20%), stærri verkefni (40%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.

**LÍF201F • Skipulag og aðferðir í rannsóknum • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Eva Benediktsdóttir Dósent
Markmið er að veita nemendum í rannsóknarnámi innsýn í hagnýt atriði varðandi námið, undirbúning og framkvæmd rannsókna og frágang gagna. Farið verður í tæknileg atriði er varða skyldur leiðbeinanda og umsjónar, skil á stöðuskýrslum, rannsóknaráætlun og stöðupróf, nemendaskipti. Skyldur og réttindi nemans gagnvart kennara og HÍ, skyldur kennara við nemanda, frágangur lokaritgerðar/greina, höfundar að útgefnu efni tengdu verkefninu, launa/styrkjamál á meðan á námi stendur. Undirbúningur og gerð styrkumsókna, sjóðir sem framhaldsnemendur geta sótt um styrki í. Öryggi á tilraunastofu, tryggingamál o.fl. tengdu öryggi nemenda. Frágangur gagna, greinaskrif, fyrirlestrar (framsaga og raddbeiting), gerð veggspjalda, atvinna að námi loknu og atvinnuviðtöl. Uppbygging námsins: Fyrirlestrar umsjónaraðila, erindi gestafyrirlesara og umræðufundir, framsögur nemenda. Ennfremur, er gert ráð fyrir að nemendur haldi erindi árlega um verkefni sín á reglulegum málstofum nemenda og starfsfólks við líffræðiskor. Miðað er við að námskeiðið standi í 4-6 vikur á vormisseri. Námsmat er byggt á verkefnum (skýrslum), framsögum og þátttöku í umræðum.

**LÍF215F • 4. árs rannsóknarverkefni í líffræði • (30e) • Vor**
Sjá reglurnámsbrautar í líffræði

**LÍF216F • 4. árs rannsóknarverkefni í líffræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur námsbraytar í líffræði um framhaldsnám.

**LÍF217F • Námskeið til meistaraprófs í líffræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.
Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari

**LÍF219F • Námskeið til meistaraprófs í líffræði • (12e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.
Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LÍF221F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í líffræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LÍF222F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í líffræði • (30e) • Sumar**

Rannsóknarverkefni.

**LÍF223F • Rannsóknir í sameindalíffræði og lífefnafræði • (2e) • Vor • 2u**
Umsjónarkennari: Guðmundur H Guðmundsson Prófessor
Megináhersla er á rannsóknir tengdar náttúrulegu ónæmi (e. innate immunty); viðtakar, boðleiðir og virkar sameindir ásamt yfirliti yfir heildarsvar og tengsl við sérhæft ónæmi (e. adaptive immunity). Nemar kynna rannsóknaniðurstöður og nýlegar rannsóknagreinar. Rannsóknagreinar eru valdar í samráði við kennara.
Námskeiðið er eingöngu fyrir framhaldsnema og skylda fyrir framhaldsnema sem vinna að verkefnum tengdum náttúrulegu ónæmi.
Námskeiðið er kennt bæði á vor- og haustmisseri og mælt er með að hver nemandi taki fullan þátt í því í fjögur misseri og fái þá metnar 1 e (2 ECTS) fyrir hvert misseri, alls 4e (8 ECTS).
Nauðsynleg undirstaða: Sameindaerfðafræði (LÍF411G) eða Frumulíffræði II (LÍF614M)
Þátttaka og frammistaða í tímum metin af kennara.

**LÍF224F • Námskeið til doktorsprófs í líffræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.
Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LÍF225F • Námskeið til doktorsprófs í líffræði • (12e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.
Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LÍF226F • Atferlisfræði • (10e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 3u + 4v**
Umsjónarmaður: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Kennari: Hrefna Sigurjónsdóttir Prófessor
Inntak : Í námskeiðinu er áhersla á að skoða atferli dýra í ljósi atferlis við þróunar- og vistfræði (atferlisvistfræði) og fjallað um búsvæðaval og hegðun tengda fæðunámi, félagshegðun, ættingjaval, æxlunarhegðun og kynval, og tjáskipti. Lífeðlisfræði atferlis, þroskun og erfðir atferlis, námsgeta dýra og vitsmuni er einnig á dagskrá.
Verklag: Auk fyrirlestra munu kennarar stýra umræðum um ýmis efni sem nemendur undirbúa sig fyrir t.d. hegðun manna í ljósi félagslíffræðinnar, tengsl atferlisfræði við náttúru- og dýravernd, vitsmuni og persónuleika dýra. Nemendur halda fyrirlestur um afmarkað verkefni og stýra umræðum að erindi loknu. Að auki skila þeir ítarlegri ritgeð um efnið. Hver nemandi skipuleggur og stýrir umræðufundi um tiltekið málefni. Þátttaka nemenda í umræðum gildir til einkunnar. Í verklegum tímum er lögð áhersla á að æfa vinnubrögð við söfnun og úrvinnslu gagna um atferli. Unnið er bæði inni í vinnustofu og úti við, m.a. er hegðun fugla skoðuð og greind. Vinna við útiverkefni fer stundum fram utan stundaskrár og verður heil helgi, í lok apríl eða strax að loknum prófum,tekin í slíka vinnu. Mætingarskylda gildir í umræðutímum og verklegum tímum.
Æskileg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Þróunarfræði (LÍF403G)
Námsmat: Próf (50%), skýrslur um verklegar æfingar (15%), virkni í umræðutímum (15%), seminarfyrirlestur og ritgerð (20%). Prófið verður tvískipt, fyrri hlutinn er sameiginnlegur fyrir BS- og framhaldsnema en seinni hlutinn skiptur.

**LÍF227F • Skordýr • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Fyrirlestrar: Inngangur um skordýr og stöðu þeirra í dýraríkinu. Velgengni skordýra. Flokkun skordýra. Þróun skordýra. Vistfræði skordýra. Búsvæðatengd skordýrafræði, þurrlendi, vötn og sjór. Stofnvistfræði skordýra. Meindýr og sjúkdómsvaldandi skordýr. Meindýrastjórnun. Íslensk skordýr og rannsóknir á þeim.
Nemendafyrirlestrar: Hver nemandi flytur fyrirlestur um nýjungar í skordýrafræði.
Æfingar: Líkamsbygging skordýra, greining á ættbálkum og ættum og til tegunda í einstökum ættbálkum. Verkleg próf í líkamsbyggingu og greiningu.
Vinna sjálfstætt að smíði greiningarlykla eða annarra sjálfstæðra verkefna í skordýrafræði.
Próf 70% af einkunn, nemendafyrirlestrar 10% og sem verkleg próf 20% af heildareinkunn.
Æskileg undirstaða: Dýrafræði - hryggleysingjar (LÍF214G)
Próf 70% af einkunn, nemendafyrirlestrar 10% og verkleg próf 20% af heildareinkunn.

**LÍF229F • Rannsóknir í vist- og þróunarfræði • (2e) • Vor • Stokkur: V • 2u**
Framhaldsnemar í vist- og þróunarfræði hittast einn tíma á viku ásamt einum eða fleiri kennurum. Nýdoktorar og sérfræðingar á sviðinu eru einnig velkomnir. Þátttakendur kynna verkefni sem þeir fást við eða greinar á fræðasviðinu. Í síðasta lagi viku fyrir hvern tíma skal benda á grein eða annað efni sem tengist umræðuefni tímans. Rannsóknagreinar eru valdar í samráði við kennara. Möguleiki er einnig að velja bók eða bókarkafla. Efni fyrirlestra og greina verður rætt og krufið af þátttakendum. Nemendur fá þjálfun í að kynna verkefni sín og ræða vísindagreinar.
Námskeiðið er kennt bæði á vor- og haustmisseri og mælt er með að hver nemandi taki fullan þátt í því í fjögur misseri og fái þá metnar 2 e (2 ECTS) fyrir hvert misseri, alls 8e (8 ECTS).
Þátttaka og frammistaða í tímum metin af kennara.

**LÍF230F • Líftækni • (10e) • Vor • Stokkur: V**

Umsjónarkennari: Guðmundur Óli Hreggviðsson Lektor
Kennari: Guðni Ágúst Alfreðsson Prófessor
Fjallað verður um ýmis sérsvið líftækni og hvernig þau eru að mótast vegna framfara í erfðtækni og nýlegrar þekkingar í lífefnafræði og örverufræði. Farið verður í nýjungar í líftæknilegri aðferðafræði í tengslum við verkefni á eftirfarandi sviðum.
*Umhverfislíftækni:* Fjölbreytileiki örvera, virkni og lífefni þeirra. Málmvinnsla með hjálp örvera, örverur gegn plágum, vaxtarhvetjandi örverur í sambýli við plöntur, nýting sjávarlífvera, hitakærar örverur.
*Greiningartækni:* Mótefni, þreifarar, ensím, PCR aðferðir, flögutækni.
*Ensímtækni:* Fjölsykrur og fjölsykrusundrandi ensím, iðnaðarensím, ensím í efnasmíði, ensím í erfðatækni.
*Lífupplýsingafræði:* Aðferðir til að bera kennsl á gen og protein og til að meta skyldleika, byggingu og önnur einkenni og eiginleika þeirra.
*Próteinverkfræði:* Notkun erfðatækni við hönnun próteina, markvissar stökkbreytingar og stýrð ensímþróun í örverum með hjálp erfðatækni
*Erfðaverkfræði/lífferlahönnun:* Hönnun og smíði genaferja, innlimun og útsláttur gena í örverulitningum, heilraðgreining erfðamengja, fjölbreytileiki efnaferla í örverum, notkun flögutækni í greiningu efnskipta, endurbætur á tjáningarferlum örvera, þróun og úrval örvera með hjálp erfðatækni.
*Orkulíftækni:* Framleiðsla etanóls úr lífmassa, fjarlæging koltvísýrings og brennisteinsvetnis í orkuvinnsluferlum, endurhönnun og betrumbætur gerjunarlífvera með erfðatækni.
*Ræktunar- og framleiðslutækni:* Framleiðsla á ensímum og lífefnum með örverum. Magnframleiðsla,
*Efnasmíði:* Skimun og framleiðsla lífefna í örverum, smíði hendinna efnasambanda, framleiðsla amínósýra, endurhönnun efnaskiptarása til að auka framleiðslu amínósýra, endurbætur á lyfefnum með ensímum, stökkbreytingum á örverum og erfðatækni.
Nemendur flytja stutta nemendafyrirlestra taka þátt í umræðufundum. Nemendur fá þjálfun í lestri frumheimilda og lesa gagnrýnum augum eina nýlega grein á einhverju svérsviði líftækninnar sem þeir miðla til samnemenda í fyrirlestri. Í dæmatímum verður unnið með forrit í lífupplýsingafræði til að sýsla með erfðamengi, gen, og protein, bera saman og greina einkenni þeirra. Verkefni verða lögð fyrir nemendur er reyna á skilning þeirra á aðferðum og á möguleikum forritanna. Nemendur skila einnig yfirlitsritgerð um valið efni á ensku (20 bls að stærð, ásamt 1-2 bls útdrætti á íslensku) sem tekur mið af áhugasviði nemenda.
Námsmat felst í mati á úrlausnum æfinga úr dæmatímum (10%), frammistöðu í umræðutímum (10%), ritgerð (20%) og prófi í lok námskeiðs (60%). Til að standast námskeiðið verður nemandi að hljóta lágmarkseinkunn (6,0) bæði í hluteinkunnum og prófseinkunn.
Námsmat felst í mati á úrlausnum æfinga úr dæmatímum (10%), frammistöðu í umræðutímum (10%), ritgerð (20%) og prófi í lok námskeiðs (60%). Til að standast námskeiðið verður nemandi að hljóta lágmarkseinkunn (6,0) bæði í hluteinkunnum og prófseinkunn.

**LÍF231F • Lífmælingar II • (10e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Tölulegar aðferðir eru nauðsynlegur hluti margra greina líffræðinnar og nýtast við högun tilrauna og athugana, samantekt niðurstaðna og greiningu þeirra. Nemendur læra þessar aðferðir og meðhöndla fjölbreytt gögn úr líffræði, auk þess að fá þjálfun í að túlka niðurstöður mismunandi aðferða. Helstu aðferðir eru sennileikamat, línuleg líkön, aðhvarf og fervikagreining og alhæfð línuleg líkön til að greina talningar. Fjölbreytugreining. Endursýnataka (skóþvengur og umröðunarpróf). Kennt verður að nota tölfræðiforritið R til að framkvæma þær aðferðir sem fjallað er í fyrirlestrum. Nemendur leysa verkefni sem byggja á líffræðilegum rannsóknum og fá ítarlega þjálfun í notkun R. Greining á eigin gögnum eða viðameira gagnasetti sem tekið er saman í skýrslu og kynnt í fyrrlestri.
Námsmat: Verkefni 50% og skriflegt próf 50%. Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum.
Æskileg undirstaða: Lífmælingar I (LÍF101G)
Verkefni 50% og skriflegt próf 50%. Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum.

**LÍF232F • Líkön og gögn í líffræði • (10e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Markmið námskeiðsins er að kenna hvernig og afhverju stærðfræði er svo gagnleg í líffræði. Námskeiðið mun kenna hvernig á að lesa og túlka jöfnur og hvernig á að smíða og túlka líkön um ýmis líffræðileg fyrirbæri. Námskeiðið byggir einkum á vistfræðilegum og þróunarfræðilegum líkönum sem lýsa breytingum lífkerfa í tíma og rúmi. Nemendur vinna smærri verkefni í líkanagerð og kynna niðurstöður á málfundum. Ritgerð og fyrirlestur um líkan sem tengist sérsviði nemandans, ásamt því að líkanið er útfært og notað.
Námsmat: Verkefni, fyrirlestur og ritgerð 50% og skriflegt próf 50%. Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum.
Verkefni, fyrirlestur og ritgerð 50% og skriflegt próf 50%. Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í báðum prófþáttum

**LÍF233F • Tilraunadýr og vísindarannsóknir • (4e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Markhópur: Námskeiðið er fyrst og fremst ætlað nemum í rannsóknartengdu framhaldsnámi í líffræði, læknisfræði og lyfjafræði.Nemendur á 3. ári í BS námi geta sótt um að fá að innritast í námskeiðið með samþykki kennara. Stefnt er að því að þeir sem standast námskröfur öðlist réttindi til þess að nota tilraunadýr í vísindarannsóknum. Námsefni: Almennar reglur um notkun tilraunadýra. Líffærafræði, lífeðlisfræði, erfðaeinkenni tilraunadýra. Örverufræðilegir staðlar fyrir tilraunadýr. Eldi og heilbrigði. Eftirlit með heilsufari. Sjúkdómar sem borist geta úr tilraunadýrum í menn. Ofnæmi. Aðstaða og aðbúnaður tilraunadýra. Utanaðkomandi þættir sem geta haft áhrif á dýratilraunir. Áætlanagerð. Dýravernd og siðfræði dýratilrauna. Framleiðsla mótefna í tilraunadýrum. Nokkur algeng tilraunadýramódel við rannsóknir. Kennd verður handfjöllun algengustu tilraunadýra, deyfing, svæfing og einfaldar aðgerðir, t.d. blóðtaka og sprautun undir húð, í vöðva, í kviðarhol, í æð o.s.frv.

**LÍF234F • Tilraunadýr og vísindarannsóknir • (4e) • Vor • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Markhópur: Námskeiðið er fyrst og fremst ætlað nemum í rannsóknartengdu framhaldsnámi í líffræði, læknisfræði og lyfjafræði.Nemendur á 3. ári í BS námi geta sótt um að fá að innritast í námskeiðið með samþykki kennara. Stefnt er að því að þeir sem standast námskröfur öðlist réttindi til þess að nota tilraunadýr í vísindarannsóknum. Námsefni: Almennar reglur um notkun tilraunadýra.

Líffærafræði, lífeðlisfræði, erfðaeinkenni tilraunadýra. Örverufræðilegir staðlar fyrir tilraunadýr. Eldi og heilbrigði. Eftirlit með heilsufari. Sjúkdómar sem borist geta úr tilraunadýrum í menn. Ofnæmi. Aðstaða og aðbúnaður tilraunadýra. Utanaðkomandi þættir sem geta haft áhrif á dýratilraunir. Áætlanagerð. Dýravernd og siðfræði dýratilrauna. Framleiðsla mótefna í tilraunadýrum. Nokkur algeng tilraunadýramódel við rannsóknir. Kennd verður handfjöllun algengustu tilraunadýra, deyfing, svæfing og einfaldar aðgerðir, t.d. blóðtaka og sprautun undir húð, í vöðva, í kviðarhol, í æð o.s.frv.

**LÍF313F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í líffræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**LÍF314F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í líffræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**LÍF315F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**LÍF412F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í líffræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**LÍF413F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í líffræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**LÍF414F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**LÍF415F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**LÍF503M • Fiskalíffræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3v**
Umsjónarkennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Kennari: Timothy Brian Grabowski Lektor
Þróunarsaga og flokkunarfræði fiska. Bygging fiska og aðlögun þeirra að ytra umhverfi þar sem lögð verður áhersla á líkamsbyggingu, lögun og hreyfingu, blóðrás, öndun, seltujafnvægi, skynjun, fæðuöflunarfæri, meltingarfæri, kynkerfi, tímgun og atferli. Stofnar og stofngerð fiska. Fjölbreytileiki afbrigða- og tegundamyndun í fiskasamfélögum. Yfirlit yfir helstu ættbálka og tegundir fiska í vötnum, ám og sjó á norðurhveli jarðar. Verkleg kennsla er fjölbreytileg. Meðal þess sem kynnt verður eru aðferðir til að rannska og bera saman breytileika í útliti og lögun líkamshluta, vefjafræðilegar athuganir, helstu aðferðir til að greina á milli stofna og tegunda, og aðferðir við að rannsaka atferli fiska. Verkleg kennsla fer fram á rannsóknarstofum, fiskmörkuðum, tilraunaeldistöðvum og um borð í rannsóknarskipum. Hluti af kennslunni fer fram við Hólaskóla. Heimasíða námskeiðsins: http://www.fiskar.hi.is/fiskalif

**LÍF504M • Bakteríufræði • (8e) • Haust • Stokkur: H1 • 5f + 4v**
Umsjónarkennari: Guðni Ágúst Alfreðsson Prófessor
Kennari: Eva Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Óli Hreggviðsson Lektor
Kennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Fyrirlestrar: Flokkunarfræði, almenn atriði, Bergey's Manual, töluleg flokkunarfræði, nafngiftir, ættgreining eftir 16S rRNAog lýsing bakteríuættkvísla, Staphylococcus, Streptococcus, Bacillus, Corynebacterium, Clostridium, Mycobacterium, Listeria; Enterobacteriaceae ættin, Salmonella, Shigella, Escherichia, Campylobacter, Helicobacter, Vibrio, Aeromonas, Haemophilus, Neisseria, Spirillum, Spirochaete, Legionella, Rickettsia, Chlamydia, Mycoplasma, frumbjarga bakteríur, ljóstillífandi bakteríur, mjólkursýrubakteríur, Archaea, geislabakteríur o.fl. Vöxtur baktería við jaðarskilyrði, hæfni örvera til að lifa af, lifandi óræktanlegar bakteríur í umhverfinu. Bakteríusýklar og umhverfi: Sýkladreifing og sýklavöktun, alidýraeldi, villt dýr, skólp og skólphreinsun, sorp. Fúkkalyfjaónæmi. Neysluvatn, matvælaframleiðsluferillinn, áhættugreining og eftirlitskerfi. Faraldsfræði sýkinga sem tengjast umhverfi. Verklegar æfingar: Greiningar mikilvægra bakteríutegunda. Klassískar, hraðvirkar, serologiskar, kemotaxonomískar og sameindalíffræðilegar aðferðir. Ræktun sýkla úr umhverfi og úr matvælasýnum. Vaxtarlínurit. Vettvangsskoðun á vatnsbólum og sorphaugum. Eldishús alidýra, sláturhús og matvælavinnslufyrirtæki skoðuð. Skólp og skólphreinsun, vettvangsskoðun. Sýnataka og frágangur sýna við vettvangsrannsóknir. Mat á rannsóknarniðurstöðum. Veggspjaldaverkefni: Nemendur setja upp kynningu á afmörkuðu efni.
Nauðsynleg undirstaða: Örverufræði I (LÍF201G)

**LÍF505M • Vistfræði B • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 4v**
Umsjónarkennari: Ingibjörg Svala Jónsdóttir Prófessor
Kennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Kennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Markmið og áherslur: nemendur læri grundvallaratriði vistfræði, þekki helstu hugtök, aðferðafræði og nálganir fræðigreinarinnar. Einkum er fjallað um þau svið vistfræði sem tengjast nýtingu lífrænna auðlinda. Fyrirlestrar: Saga og viðfangsefni vistfræði. Vistkerfi: hringrás efna og orku, fæðukeðjur. Stofnvistfræði: grundvallaratriði stofnvaxtar, áhrif þéttleika, stjórnun stofnstærðar. Samfélög lífvera: uppbygging lífverusamfélaga, framvinda, stöðugleiki, líffræðileg fjölbreytni. Valin dæmi sem sýna hvernig vistfræðilegri þekkingu er

beitt við nýtingu og stjórnun auðlinda. Verklegt: 6 daga útivinna þar sem nemendur kynnast og bera saman valin íslensk lífverusamfélög (skógar, graslendi/mólendi, votlendi, fjara). Skýrslur gilda 30% af lokaeinknn.

**LÍF506M • Kerfisfræði blómplantna • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 4v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Kesara Margrét Jónsson Prófessor
Uppruni og þróun blómplantna. Grundvöllur kerfisfræði; flokkunarkerfi blómplantna og þróunarleg tengsl hópa. Yfirlit um helstu ættir blómplantna og ættir íslensku flórunnar; útbreiðslu, einkenni, æxlunarkerfi, vistfræði og hagnýtingu. Verkleg kennsla fer að hluta til fram að sumarlagi: Sumarnámskeið (6 dagar) í ágúst og nokkrir dagar í september.
Nauðsynleg undirstaða: Grasafræði (LÍF102G)

**LÍF507M • Veirufræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Kennari: Valgerður Andrésdóttir Líffræðingur
Kennari: Vilhjálmur Svansson Dýralæknir
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Fyrirlestrar: Saga veirufræðinnar. Rannsóknaraðferðir. Bygging og gerð veiruagna, kjarnasýrur og prótín. Fjölgun veira og samskipti við hýsilfrumur. Flokkun, skyldleiki og þróun veira. Áhrif veira á fjölfrumulíkama og varnir líkamans gegn þeim. Vessabundin og frumubundin ónæmissvörun. Veirungar og príón. Rætt um helstu veiruflokka og áhersla lögð á veirur dýra og háplantna. Hver nemi skrifar ritgerð um ákveðinn veiruflokk og flytur stutt erindi um hann. Verklegar æfingar: Ræktun á frumugróðri til veirurannsókna. Helstu aðferðir til mælinga á veirumagni. Mæling á mótefni í blóði. Nemendur skrifa stutta ritgerð og flytja erindi um efni ritgerðarinnar seint á misserinu eftir að verklegri kennslu lýkur. Námsmat:Ritgerð og erindi vega 20%, verklegar æfingar og skýrslur 15% og skriflegt lokapróf 65%. Lágmarkseinkunnar er krafist á skriflegu prófi.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G), Örverufræði I (LÍF201G)
Námsmat:Ritgerð og erindi vega 20%, verklegar æfingar og skýrslur 15% og skriflegt lokapróf 65%. Lágmarkseinkunnar er krafist á skriflegu prófi.

**LÍF508M • Málstofa í örverufræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Eva Benediktsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Óli Hreggviðsson Lektor
Kennari: Ólafur Sigmar Andrésson Prófessor
Kennari: Guðni Ágúst Alfreðsson Prófessor
Kennari: Eggert Gunnarsson Dósent
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Ýmis sérsvið og viðfangsefni örverufræðinnar verða tekin fyrir og áhersla lögð á málefni, sem eru ofarlega á baugi bæði alþjóðlega og sem varða Ísland. Hver nemandi tekur fyrir ákveðið efni, semur um það ritgerð og flytur erindi undir leiðsögn kennara. Kennari stjórnar umræðum um efnið, sem aðrir nemendur taka þátt í. Gefin er einkunn fyrir fyrirlestur (20%), ritgerð (70%), og þátttöku í umræðum (10%).
Nauðsynleg undirstaða: Erfðafræði (LÍF302G), Örverufræði I (LÍF201G)
Æskileg undirstaða: Bakteríufræði (LÍF504M)
Einkunn er gefin fyrir ritgerð, frammistöðu í umræðum og fyrirlestrum.

**LÍF509M • Sjávarvistfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Jörundur Svavarsson Prófessor
Kennari: Timothy Brian Grabowski Lektor
Fyrirlestrar: Inngangur. Líf og lífsskilyrði í fjöru: Grýttar fjörur, sendnar fjörur og leirur, beltaskipting og samfélagsgerðir. Líf og lífsskilyrði í ísöltu vatni: Árósar, ísaltar tjarnir, Eystrasalt. Líf og lífsskilyrði á botni neðan fjöru frá landgrunni niður á mesta dýpi sjávar. Uppsjór: Svif, sunddýr, yfirborðsverur. Tegundafjölbreytni í sjó. Útbreiðsla sjávarlífvera, einkum við Ísland. Tímgun: Tímgunaraðferðir, sviflirfur, tímgunartími. Árstíðir í sjó. Framleiðsla. Frumframleiðsla, síðframleiðsla. Verklegar æfingar: Æfingar fara fram að talsverðu leyti úti við og geta verið breytilegar milli ára. Jafnan eru botndýrasamfélög í Faxaflóa og á leiru athuguð, gerð úttekt á smádýralífi á þörungum, áhrif umhverfisþátta á lóðrétta dreifingu lífvera í fjöru könnuð og seltuþol fjöruflóartegunda athuguð í vinnustofu. Síðustu vikur misseris vinna nemendur að sjálfstæðum verkefnum í 2-4 manna hópum.
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Dýrafræði A (09.51.43)

**LÍF510M • Vatnalíffræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Fyrirlestrar:Vatnalíffræðin sem fræðigrein. Flokkun íslenskra vatna. Dreifing og uppruni stöðuvatna. Eðlis- og efnafræðilegir þættir vatna. Vatnasvið. Áhrif vatnasviða á lífríki vatna. Straumvötn. Orkuflæði, frumframleiðni og dýralíf í straumvötnum. Samfélög lífvera í stöðuvötnum. Árstíðabundnar breytingar á svifi. Botndýr. Sunddýr. Fiskveiðar og fiskframleiðsla. Fornvatnalíffræði. Röskun vatna. Mengun vatna. Uppistöðulón og vatnavernd.
Nemendafyrirlestara: Hver nemandi flytur 20 mínútna fyrirlestur um nýjungar í vatnalíffræði.
Verklegt: Í byrjun misseris verður farið í 5 daga rannsóknaferð þar sem stöðuvatn og straumvatn (líklega Mývatn og Laxá) verða rannsökuð. Skipulögð verða sjálfstæð verkefni nema. Unnið verður úr gögnum í vinnustofu.
Próf: 60%, nemendafyrirlestur 10% og verkefni 30% af lokaeinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G)
Próf: 60%, nemendafyrirlestur 10% og verkefni 30% af lokaeinkunn.

**LÍF512M • Sjávarhryggleysingjar • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 4v**

Umsjónarkennari: Jörundur Svavarsson Prófessor
Fyrirlestrar: Bygging, flokkun og lifnaðarhættir lífvera innan helstu fjölfruma fylkinga í sjó, með áherslu á lindýr, liðorma, krabbadýr og skrápdýr. Fjallað er sérstaklega um tímgun, fæðunám og búsvæðaval tegunda og áhersla er lögð á lifnaðarhætti tegunda á norðurslóðum.
Verklegar æfingar: Áhersla á tegundagreiningu íslenskra tegunda og athuganir á lifandi dýrum eftir því sem aðstæður og tækjabúnaður leyfa. Dagsferðir á rannsóknaskipi við öflun sýna.
Nauðsynleg undirstaða: Dýrafræði B (09.51.32)

**LÍF513M • Mannerfðafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 2u + 2v**
Umsjónarkennari: Jórunn Erla Eyfjörð Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Ólafur Andri Stefánsson
Kennari: Sigríður Klara Böðvarsdóttir
Fyrirlestrar: Erfðaháttur og ættartré. Skipulag erfðaefnis mannsins. Litningar, litningabreytingar, litningagallar. Staðsetning gena. Tengslagreining /Tölfræðileg nálgun. Einangrun gena. Erfðagreining. Flóknir erfðagallar, erfðir og umhverfi. Siðfræði. Erfðir og krabbamein. Genalækningar. Faraldsfræði. Sameindaerfðafræðileg faraldsfræði. Stofnfrumur og klónun. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi almenna undirstöðu í erfðafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Erfðafræði (LÍF302G)
Lokapróf gildir 70% af heildareinkunn, ritgerð 15%, fyrirlestur um ritgerð ásamt frammistöðu í umræðutímum gildir 5% og skýrslur í verklegu 10%. Skyldumæting er í verklega tíma og umræðutíma. Ritgerð byggir á efni greinar sem nemendur fá 5 vikum fyrir skiladag. Fyrirlestur úr ritgerð er haldinn 2 vikum fyrir skiladag ritgerðar. Forsenda fyrir réttindi til próftöku er að ritgerð hafi verið skilað.

**LÍF514M • Plöntuerfðafræði og líftækni • (8e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 1u + 5v**
Umsjónarkennari: Kesara Margrét Jónsson Prófessor
Kennt annað hvert ár. Erfðastjórnun í plöntuvexti og þroskun, erfðabreytileiki og skyldleiki innan og milli tegunda, gen og vistfræði, genamengi og þróunarsögur plantna. Áhersla verður lögð á rannsóknir og aðferðir í sameindalífffræði og frumuerfðafræði plantna, kortlagningu genamengja, kynbætur nytjaplantna fyrir matvælaframleiðslu, landbúnað, landgræðslu og skógrækt, erfðatækni og erfðabreyttar plöntur. Plöntur sem erfðaauðlindir.
Verklegar æfingar: Umræður, ritgerð og tilraunir. Próf: Skriflegt (50%), verklegt (50%).
Nauðsynleg undirstaða: Plöntulífeðlisfræði (LÍF212G), Erfðafræði (LÍF302G)
Verklegar æfingar: Umræður, ritgerð og tilraunir. Próf: Skriflegt (50%), verklegt (50%).

**LÍF515M • Sérsvið þróunarfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Arnar Pálsson
Kennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Snæbjörn Pálsson Lektor
Haustið 2009 fjallar námskeiðið um uppruna tegundanna og Darwin. (Almennt er efni námskeiðsins breytilegt frá ári til árs.) Námskeiðið skiftist í tvo hluta. Annars vegar verður fjallað um líf Darwins og störf, forvera og samtímamenn, og hins vegar verður fyrsta útgáfa bókar hans *Um uppruna tegundanna* lesin og krufin til mergjar. Lögð verður áhersla á að kynnast hugmyndafræði vísinda nítjándu aldar og sérstaklega þá fræðimenn sem lögðu grunninn að kenningunni um þróun vegna náttúrulegs vals. Rakið verður líf Darwins og vísindalegt starf, sem og ljósi varpað á persónu og heimspeki hans. Nemendur fá það verkefni að lesa *Um uppruna tegundanna* á frummálinu. Þeir eiga að rýna sérstaklega í einn kafla og rannsaka framfarir á viðkomandi sviði þróunafræðinnar. Efnið á að setja fram í heimildaritgerð og kynna með fyrirlestri. Ætlast er til að nemendur taki þátt í umræðum jafnt í fyrirlestra sem umræðutímum.
Námsmat verður byggt á ritgerð (50%), erindi (25%) og frammistöðu í umræðutímum (25%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.
Námsmat verður byggt á ritgerð (50%), erindi (25%) og frammistöðu í umræðutímum (25%). Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn í öllum prófþáttum.

**LÍF516M • Umhverfisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2u + 4v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Kennari: Gísli Már Gíslason Prófessor
Landnýting. Ólífrænar auðlindir og orkugjafar; vinnsla, nýting og umhverfisáhrif. Helstu mengunarvaldar og áhrif þeirra. Nýting lífrænna auðlinda, fiskveiðar, búfjárbeit. Verndun og eyðing jarðvegs. Líffræðileg fjölbreytni, búsvæðabreytingar og útdauði tegunda. Áhrif innflutnings nýrra tegunda. Beiting vistfræðilegrar þekkingar til að leysa umhverfisvandamál, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Vistheimt. Heimspeki og siðfræði náttúruverndar. Umhverfisrannsóknir á Íslandi, skipulag umhverfismála, löggjöf, helstu stofnanir. Alþjóðlegir samningar. Skoðunarferðir (gróðureyðing, landgræðsla, ferðamennska á hálendi, votlendisvernd, verksmiðjurekstur og mengunarvarnir, orkuver).
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G)

**LÍF518M • Vistfræði spendýra • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Páll Hersteinsson Prófessor
Séreinkenni spendýra. Aðlögun og sérhæfing. Orkubúskapur. Líkamsstærð og lífssaga. Samkeppni. Landnotkun. Heimasvæði og óðul. Þættir sem ákvarða stofnstærð. Stofnsveiflur. Aðferðir við stofnstærðarmat: Talningar, merkingar og endurheimtur; aldursgreiningar og veiði. Afrán. Stofnstýring. Megináhersla er lögð á íslensk og önnur norræn spendýr. Verklegt: Hagamúsin sem líkan fyrir stofnstærðarútreikninga. Heimasvæði/óðul. Ákvörðun fæðuvals. Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu prófi (55%), ritgerð (15%) og skýrslu um verklegar æfingar (30%).
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Dýrafræði A (09.51.43)
Lokaeinkunn er samsett úr skriflegu prófi (55%), ritgerð (15%) og skýrslu um verklegar æfingar (30%).

**LÍF521M • Veggspjald • (2e) • Haust**
Nemandi getur að fengnu samþykki námsbrautar fengið 2 e fyrir fyrirlestur eða veggspjald, sem hann er fyrsti höfundur að, og er framlag hans á vísindalegri ráðstefnu sem hann sækir.

**LÍF522F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í líffræði • (30e) • Haust**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**LÍF523M • Fiskalífeðlisfræði • (6e) • Haust • Stokkur: V • 2f + 1u + 4v**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Logi Jónsson Dósent
Kennt þegar ártal er oddatala. Fyrirlestrar: Blóðrás, öndun, sundmagi, sýru-basavægi, salt- og vatnsbúskapur og hreyfingar.
Umræðufundir: Sérprentanir skýrðar og ræddar. Hver nemandi flytur kynningu efnis í samráði við kennara. Samning allítarlegrar ritgerðar um sama efni. Tilraunir: Blóðrás, sundmagi, skynjun o.fl. Nánar ákveðið síðar með hliðsjón af fáanlegum tilraunadýrum og tækjabúnaði hverju sinni. Námsmat: Lokaeinkunn er samsett úr einkunn úr munnlegu prófi (25%), einkunn fyrir umfjöllun um afmörkuð efni í málstofu og ritgerð (50%) og einkunn fyrir verklegar æfingar (25%).
Nauðsynleg undirstaða: Dýralífeðlisfræði (LÍF410G)
Æskileg undirstaða: Samanburðarlífeðlisfræði (LÍF524M)

**LÍF524M • Samanburðarlífeðlisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: V • 2f + 2u + 6v**
Umsjónarmaður: Sighvatur Sævar Árnason
Umsjónarmaður: Anna Guðmunds Fulltrúi
Umsjónarkennari: Logi Jónsson Dósent
Kennari: Jón Ólafur Skarphéðinsson
Kennari: Þórarinn Sveinsson Dósent
Kennari: Björg Þorleifsdóttir Lektor
Kennt þegar ártal er jöfn tala. Námsefni: Samanburður á starfrænum vandamálum í dýraríkinu við mismunandi ytri aðstæður. Dæmi: Vatns- og saltbúskapur. Öndun í lofti og vatni. Blóðrás, opin og lokuð kerfi. Skynjun, úrvinnsla og miðlun boða. Varmaskipti lífvera og umhverfis. Umræðufundir: Sérprentanir skýrðar og ræddar. Hver nemandi flytur kynningu efnis í samráði við kennara. Samning allítarlegrar ritgerðar um sama efni. Námsmat: Lokaeinkunn er samsett úr einkunn úr munnlegu prófi (25%), einkunn fyrir umfjöllun um afmarkað efni í málstofu og ritgerð (50%) og verklegri einkunn (25%). Nemendur verða að standast lágmarkskröfur raunvísindadeildar, í öllum prófhlutum námskeiðsins.
Nauðsynleg undirstaða: Dýralífeðlisfræði (LÍF410G)

**LÍF602M • Fiskavistfræði • (8e) • Sumar • 20f + 15v**
Umsjónarkennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Kennari: Timothy Brian Grabowski Lektor
Helstu þættir í lífsferlum fiska: Æxlun/hrygning, klak, afkoma ungviðis, útbreiðsla og rek seiða, botntaka og dánartíðni á fyrsta vetri, nýliðun, stofn/nýliðunarsambönd, vöxtur, kynþroski, fæðunám, val búsvæða, samspil tegunda m.a. með tilliti til samkeppni og afráns. Útbreiðsla, göngur, stonfstærðarbreytingar og helstu aðferðir til að meta þær. Yfirlit yfir helstu vistkerfi N.- Atlantshafsins með sérstöku tilliti til umhverfisþátta og breytilegrar afrakstursgetu. Yfirlit yfir gerð líkana er tengja saman umhverfisáhrif og mikilvæga þætti í lífsferlum fiska. Fiskveiðar við Ísland. Fiskveiðisagan - veiðarnar í dag. Yfirlit yfir helstu aðferðir við fiskveiðar. Verkleg kennsla verður fjölbreytileg. Nemendur munu framkvæma tilraunir á rannsóknarstofum og í tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar að Stað í Grindavík. Gögnum verður einnig safnað úr lönduðum afla á fiskmörkuðum og um borð í rannsóknarskipum á sjó. Fjallað verður um uppsetningar tilrauna og farið verður yfir helstu aðferðir við úrvinnslu á fiska- og fiskifræðilegum sýnum og gögnum. Heimasíða námskeiðsins: http://www.fiskar.hi.is/fiskavist
Kennarar: Tim Grabowski (http://www3.hi.is/~tbg/), Guðrún Marteinsdóttir, Professor and guest lecturers, Dr. Steve Campana (http://www.marinebiodiversity.ca/shark/english/index.htm) and Prof. David Conover (http://alpha1.msrc.sunysb.edu/~conover/)
Tvö skrifleg próf, þátttaka í umræðuhópum og verkefni sem skilað er í lok námskeiðs. Sjá nánar í enskri lýsingu námskeiðsins.

**LÍF605M • Málstofa í vistfræði og skyldum greinum • (6e) • Vor • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Sigurður Sveinn Snorrason Prófessor
Tekin verða fyrir ýmis vistfræðileg, þróunarfræðileg og atferlisfræðileg efni, einkum þau sem eru ofarlega á baugi eða varða Ísland sérstaklega. Hver nemandi semur inngangserindi um ákveðið efni undir leiðsögn kennara, en síðan fara fram umræður um efnið, sem kennarar stjórna. Nemendur skila síðan ritgerð um efnið. Þá undirbúa og stýra nemendur umræðufundum. Námskeið þetta verður ekki haldið nema minnst 7 nemendur taki þátt í því.
Nauðsynleg undirstaða: Vistfræði (LÍF311G), Þróunarfræði (LÍF403G), Dýrafræði A (09.51.43)

**LÍF606M • Plöntuvistfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1u + 4v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Saga hugmynda og rannsóknir á vistfræði plantna. Stofnvistfræði: fræ og nýliðun, stærðar- og aldursdreifing í plöntustofnum, líkön, áhrif þéttleika og samkeppni. Samskipti dýra og plantna: afrán og beit, þróun efnavarna. Æxlun plantna: æxlunarkerfi og þróun þeirra, frævunarvistfræði. Lífsferlar og áhrif umhverfis. Plöntusamfélög: framvinda, tilgátur um uppbyggingu lífverusamfélaga með áherslu á plöntur. Umræðufundir og nemendaverkefni. 6 daga sumarnámskeið verður í júní með áherslu á aðferðafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Grasafræði (LÍF102G)

**LÍF610M • Stofnerfðafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d + 4v**

Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Fyrirlestrar: Uppbygging þeóretískrar þróunarerfðafræði. Saga stofnerfðafræði: Darwin og Mendel; Fisher, Haldane, Wright og Kimura. Erfðabreytileiki í stofnum: Mendelskir og samfelldir eiginleikar. Talning allela: Hardy-Weinberg fyrir einn og marga lókusa. Skyldleikaæxlun, hending, stökkbreyting, endurröðun, far allela. Náttúrlegt val: Einn lókus og fleiri lókusar, grundvallarregla náttúrlegs vals. Samspil þróunarþátta, kenning Wrights, hópval, kynval. Tilurð tegunda. Gervival og kynbætur og erfðafræði kynbóta. Þróun, erfðir og kynbætur eiginleika, sem hafa samfellda dreifingu.

**LÍF611M • Fiskifræði • (6e) • Sumar • 10f + 18d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Kennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Námskeiðið fjallar um þróun fiskistofna, stofnmat og forsendur nýtingar en R er beitt við líkanagerð. Nemendur framkvæma stofnmat og setja saman ýmis skyld líkön, t.d. sem lýsa lengdardreifingum og langtímaafrakstri. Tölulegar æfingar og líkanagerð gefa 40% einkunnar. Nemendur þurfa að ná lmarkseinkunn bæði í lokaprófi og æfingum

**LÍF614M • Frumulíffræði II • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Guðmundur H Guðmundsson Prófessor
Kennari: Arnar Pálsson
Kennari: Zophonías Oddur Jónsson Dósent
Nýlegar rannsóknir á sérsviðum frumulíffræði verða til umfjöllunar og er það breytilegt hverju sinni. Hver nemandi hefur framsögu um valið nýlegt efni og skrifar ritgerð um það.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G), Erfðafræði (LÍF302G)

**LÍF615M • Gróðurríki Íslands og jarðvegur • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2u + 2v**
Umsjónarkennari: Þóra Ellen Þórhallsdóttir Prófessor
Kennt á móti 09.51.64 og ráða skráningar hvort námskeiðið er kennt. Íslenska háplöntuflóran; samsetning, fjölbreytni, staða í flóruríki jarðar. Heimskautaflóran: uppruni, kerfisfræði, vistfræði. Líflandafræði flórunnar við Norður Atlantshaf. Ísöld á norðurhveli, ísaldarlok á Íslandi og í Evrópu og gróðursaga á nútíma. Tilgátur um aldur og uppruna íslensku flórunnar og heimskautaflóru á norðurhveli. Íslenskur jarðvegur; myndun, sérkenni, eyðimerkurmyndun. Gróðurbreytingar eftir landnám. Flóra Íslands og útbreiðsla um landið, búsvæði og líffræðileg fjölbreytni. Válistategundir. Aðferðir til að lýsa og flokka gróður. Íslensk gróðurlendi: flokkun, útbreiðsla, umhverfi og nýting. Verkleg kennsla fer að hluta til fram að sumari til: 4 daga sumarnámskeið.
Nauðsynleg undirstaða: Grasafræði (LÍF102G)

**LÍF617M • Ónæmisfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Guðmundur H Guðmundsson Prófessor
Umsjónarkennari: Ingileif Jónsdóttir Prófessor
Ónæmiskerfið, líffæri og frumur. Ósérhæfðar varnir, átfrumur og kompliment. Sérhæfðar varnir, þroskun og sérhæfing eitilfruma, sértækni og greining. Ónæmissvör, sjálfsþol og stjórnun. Ónæmisbilanir, ofnæmi og sjálfsofnæmi. Ónæmiskerfi hryggleysingja og þróun meðal hryggdýra. Einstofna mótefni og ónæmisfræðilegar greiningaraðferðir. Ritgerðir og fyrirlestrar nemenda um valin efni.
Nauðsynleg undirstaða: Frumulíffræði (LÍF106G)

**LÍF619M • Fuglafræði • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Fyrirlestrar: Flokkun, bygging og starfsemi fugla. Fæða, varphættir, far, útbreiðsla, fuglafána Íslands. Stofnvistfræði fugla. Nýting og vernd. Æfingar: Kynning á helstu ættum, ákvörðun tegunda. Aðferðir við rannsóknir á líkamsástandi og fæðu. Skoðunarferðir um Suðvesturland til kynningar á tegundum og umhverfi. Ferðirnar eru á kennslumisseri og eftir prófríma í maí. Kynning á aðferðum: Útbreiðsla og búsvæði, talningar, varphættir, atferli, merkingar.
Nauðsynleg undirstaða: Dýrafræði A (09.51.43)

**LÍF620M • Eiturefnavistfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Jörundur Svavarsson Prófessor
Kennari: Kristín Ólafsdóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum helstu mengandi efni, gerð þeirra, umfang og dreifingu, og sérstök áhersla verður á áhrif þeirra á lífverur. Í fyrsta hluta námskeiðsins verður fjallað um helstu efnaflokka (þungmálma, þrávirk efnasambönd, PAH efni, TBT og geislavirk efni), eiginleika efnanna (vatnsleysanleika, fitubindingu, o.fl.), útbreiðslu á norðurslóðum og dreifingu. Rætt verður um leiðir mengandi efna inn í lífverur og fjallað um uppsöfnun og mögnun í lífverum. Annar hluti námskeiðsins fjallar um áhrif mengandi efna á samfélög, tegundir, stofna og einstaklinga. Rætt verður um áhrif á fjölbreytileika og útbreiðslu tegunda. Fjallað verður um lífeðlisfræðileg áhrif mengunar (t.d. áhrif á öndun og vaxtarrými), lífefnafræðileg áhrif (t.d. hvötun cytochrome P450, hvötun á metallothionein próteinum, myndun á vitellogenin, áhrif á stöðugleika leysikorna), auk áhrifa á vefgerð, æxlamyndun, vansköpun og áhrif á erfðaefni (DNA viðbætur). Í þriðja hluta námskeiðsins verður fjallað um mengun á og við Ísland. Verklegar æfingar samanstanda af þremur til fjórum stórum sjálfstæðum verkefnum, sem gilda 20% af einkunn og verða unnin í striklotu.

**LÍF623M • Linux, helstu tól og tæki • (2e) • Vor • 1f + 1v**
Umsjónarkennari: Einar Árnason Prófessor
Stutt einnar viku fornámskeið, kennt á einni viku í upphafi eða lok misseris, sem kennir á helstu tól og tæki Linux umhverfisins en það gagnast líffræðingum og öðrum fyrir úrvinnslu og framsetningu niðurstaðna og texta. Umhverfið er sérlega mikilvægt við framsetningu viðamikilla gagnasafna og tæknilegs texta. Markmiðið er að koma nemendum á það stig að geta notað umhverfið í námskeiðum og vinnu. Kennd verður notkun emacs ritilsins, á R umhverfið, sem er öflugt tæki fyrir tölfræði og teikningu mynda, og LaTeX til að setja texta í skýrslum, greinum eða bókum. Einnig verða ýmis önnur tól kynnt (skeljar, awk og perl, SQL gagnagrunnsmál, c og aðrir þýðendur) og

uppsetning á linux fyrir einkatölvur.

**LÍF627M • Veggspjald • (2e) • Vor**
Nemandi getur að fengnu samþykki námsbrautar fengið 2 einingar fyrir fyrirlestur eða veggspjald, sem hann er fyrsti höfundur að, og er framlag hans á vísindalegri ráðstefnu sem hann sækir.

**LÍF628F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í líffræði • (30e) • Vor**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**LÍF629F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í líffræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**LÍF631M • Veggspjald • (2e) • Sumar**
Nemandi getur að fengnu samþykki skorar fengið 2 e fyrir fyrirlestur eða veggspjald, sem hann er fyrsti höfundur að, og er framlag hans á vísindalegri ráðstefnu sem hann sækir.

**LÍF632M • Úrvinnsla og meðhöndlun gagna með reikniforritinu R • (4e) • Sumar • 15f + 30d**
Umsjónarkennari: Guðrún Marteinsdóttir Prófessor
Aðstoðarkennari: Bruce James McAdam
Tölfræði og reikniforritið R er bæði vinsælt og í stöðugri þróun en það er mikið notað við úrvinnslu á gögnum. Í þessu vikulanga námskeiði verður farið í gegnum ferilinn frá því gögnum er safnað, þau greind og loks undirbúin fyrir vísindagrein.
Lögð verður áherslu á að líta á tölvuna sem verkfæri sem eykur heildstæðni gagnanna, gerir kleift að endurtaka tilraunir og minnkar líkur á mistökum. Þannig verður þjálla að færa tölulegar aðferðir og niðurstöður í vísindalegt samhengi.
Byrjað verður á að fjalla um hverning gögnunum skal safnað svo þau henti hvað best í tölfræðigreiningu. Hvernig skrár skulu vera skipulagðar í tölvunni. Fjallað verður um aðferðir sem samþætta notkun gagna af ólíkum uppruna á heildstæðan hátt sem skilur eftir sig slóð sem má skoða síðar. Þetta er eitthvað sem flestir vísindamenn glíma við,
Eftir þetta verður ráðist í að greina gögn með hjálp R. Forritið er ókeypis og setja nemendur það upp á eigin tölvum og læra forskriftir fyrir greiningarnar. Þannig er nemendum gert kleift að endurtaka athuganir sínar með mismunandi gögnum og búa til öruggar skrár með skipunum sem nýtast aftur og aftur við mismuandi aðstæður.
Að lokum verður kynnt hverning forritið R nýtist við að búa til fagleg gröf og myndir.
Síðustu þrjá daga námskeiðsins nota nemendur til greina eigin gögn og njóta um leið leiðsögn og hjálp við þau vandamál er koma upp.
Námskeiðið verður kennt á ensku dagana 23-30 júni 2009.
Nánari upplýsingar veitir **Bruce McAdam :** bruce@hi.is
**Forkröfur:** Námskeiðið er ætlað til kennslu í bæði grunn og framhaldsnámi. Nemendur þurfa að vera læsir á tölur og tölvur. Þeir þurfa að þekkja grundvallar atriði tölfræðinnar (tölfræðipróf, línuleg líkön, og fleiri módel). Nemendur þurfa að þekkja til notkunar á töflureiknum (t.d. Excel) og þurfa að hafa einhverja reynslu af tölfræðiforritum (t.d. Minitab eða R).
Skil á heimavinnu og þátttaka í fyrirlestrum og dæmatímum

**UAU101F • Þættir í umhverfis- og auðlindafræði I • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2u**
Kennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Ýmsum aðferðum má beita til að hafa áhrif á lífsstíl fólks og hegðun til að draga úr óæskilegum áhrifum á umhverfið og stuðla að sjálfbærri þróun. Þetta námskeið fjallar um umhverfis og auðlindastjórnun sem hefur að markmiði sjálfbæra þróun. Málstofunni er skipt í þrjá hluta. Í þeim fyrsta er fjallað um sjálfbæra þróun og hugtakið skilgreint frá ýmsum sjónarhornum. Sérstaklega er rætt hvort hagvöxtur samrýmist sjálfbærri þróun, hvernig megi samræma hin mörgu markmið sem felast í sjálfbærri þróun, umhverfisvísar og framkvæmd markmiða sjálfbærrar þróunnar. Í öðrum hluta verður fjallað um aðferðir sem notaðar eru við ákvarðanatöku í umhverfis og auðlindastjórnun svo sem ákvarðanagreiningu, kostnaðar-og ábatagreiningu, greiningu kostnaðar og skilvirkni, áhættugreiningu og mat á umhverfisáhrifum. Í síðasta hluta námskeiðsins verða ýmis stjórntæki sem notuð eru til umhverfis- og auðlindastjórnunar kynnt og krufin til mergjar í alþjóðlegu samhengi, bæði hvað varðar hugmyndafræðilegan grunn þeirra og þær aðferðir sem þau byggja á. Þau dæmi sem tekin eru breytast ár frá ári og byggja á áhuga þeirra nemenda sem taka námskeiðið hvert ár, svo sem kvótakerfi, skilagjöld, mengunarskattar og fjölmarkmiða stjórnun.

**UAU102F • Inngangur að umhverfis- og auðlindafræði • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Kennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Hin öra fjölgun mannkynsins og umsvifin sem henni fylgja hafa á undanförnum áratugum haft gríðarleg og sívaxandi áhrif á náttúruauðlindir og umhverfi. Til þess að skilja þessi áhrif og og geta valið réttu leiðirnar til að takast á við þau, þarf að beita þverfræðilegum aðferðum, þar sem gripið er jöfnum höndum til náttúrufræði, félagsfræði, hagfræði,verkfræði og fleiri greina. Áður en nemendur læra um þverfræðilegar aðferðir til að nálgast aðsteðjandi vanda, þurfa þeir að átta sig á því í hverju vandinn er fólginn en það er einmitt markmið þessa námskeiðs. Fjallað verður um umhverfi og auðlindir almennt með áherslu á gildi þeirra fyrir mannkynið og helstu orsakir umhverfisvandamála og þýðingu þeirra bæði í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Einkum verður farið yfir eftirtalda efnisflokka: Fólksfjölgun, tækni og hagvöxt. Líffræðilega fjölbreytni og útrýmingu tegunda. Jarðveg og jarðvegseyðingu. Landbúnað og umhverfisáhrif. Mengun og heilsu . Loftmengun, vatnsmengun og jarðvegsmengun. Helstu mengunarvalda í andrúmslofti og áhrif þeirra. Eyðingu ósonlagsins og loftslagsbreytingar. Sorp og spilliefni. Ferskvatnsauðlindir. Auðlindir sjávar. Auðlindir skóga og votlendis. Orkuauðlindir. Orkunýtingu og umhverfisáhrif.

**UAU104F • Námskeið til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Lesnámskeið.

**UAU105F • Visthagfræði • (2e) • Haust • 20f**
Umsjónarmaður: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Vistfræðileg hagfræði hefur stundum verið kölluð hagfræði sjálfbærrar þróunar. Sjálfbær þróun byggir á þremur meginstoðum - að tryggja áframhaldandi efnahagsvöxt, að tryggja félagslega velferð - án þess að skaða náttúru og vistkerfi heimsins. Því byggir sjálfbær þróun á því að maður og náttúra/vistkerfi eru tengd órjúfanlegum böndum. Mælingar á ástandi náttúru og vistkerfa gefa vísbendingar um að efnahagsvöxtur og fólksfjölgun ásamt tækniþróun hafi undanfarin árhundruð raskað jafnvægi mikilvægra hringrása náttúrunnar, og ber mögulegar lofslagsbreytingar þar hæst þessa dagana. En hvernig er hægt að viðhalda heilbrigðum vistkerfum og á sama tíma tryggja áframhaldandi hagsæld og félagslega velferð?
Þetta námskeið mun fjalla um fræðilegan mun á neoklassískri hagfræði og vistfræðilegri hagfræði í nálgun þessara tveggja lína innan hagfræði. Farið í grundvallarhugtök og hugmyndafræði visthagfræði ásamt praktískum dæmum; t.d. græna þjóðhagsreikninga.
Heimaverkefni, þáttaka í umræðum, lokaverkefni.

**UAU106F • Hnattrænar loftslagsbreytingar í fortíð, nútíð og framtíð • (4e) • Haust**
Umsjónarkennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Ingi Guðbrandsson Verkefnisstjóri
Lýsing: Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru eitt alvarlegasta og víðtækasta umhverfisvandamál samtímans. Vandinn er hnattrænn, og hafa ríki heimsins tekið höndum saman til að takast á við hann undir merkjum Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC). Töluleg markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tímabilið 2008-2012 voru sett í Kyoto bókuninni sem samþykkt var árið 1997 og gekk í gildi 2005. Nú standa yfir samningaviðræður um framhald samningsins og er búist við að ný markmið verði samþykkt í Kaupmannahöfn í desember 2009.
Á námskeiðinu verður fjallað um vísindi loftslagsbreytinga og möguleg áhrif þeirra á náttúru og samfélög víðsvegar um heiminn sem og hér á Íslandi. Fjallað verður um framtíðarsspár og aðgerðir til að draga úr losun auk möguleika til aðlögunar. Farið verður yfir reglugerðir og innleiðingu þeirra víða um heim og sérstaklega fjallað um loftslagssamninginn, samningagerð og samningatækni á sviði lofslagsmála. Námskeiðið er samsett af vikulegum fyrirlestrum og umræðum, þar sem kunnir fræðimenn, bæði erlendir og íslenskir munu taka þátt. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Norræna húsið. Vinsamlegast athugið að námsferð á ráðstefnuna í Kaupmannahöfn getur fylgt námskeiðinu.
Námsmat verður byggt á stuttum ritgerðum, þátttöku í umræðum og fyrirlestrum og stærri ritgerð/fyrirlestri þar sem valin ríki verða skoðuð með tilliti til loftslagsbreytinga og yfirstandandi samningagerðar.

**UAU107F • Námsferð til Kaupmannahafnar • (2e) • Haust**
Umsjónarmaður: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Lýsing: Þáttaka í Loftslagsráðstefnu Sameinuðu Þjóðanna í desember 2009 frá 8 - 13 desember. Einungis þeir, sem lokið hafa námskeiðinu Hnattrænar loftslagsbreytingar í - fortíð, nútíð og framtíð, geta farið í námsferðina.
Skráning er einnig háð samþykki umsjónarkennara.

**UAU108F • Umhverfisstjórnun fyrirtækja • (6e) • Haust**
Kennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Lýsing: Skilvirk umhverfisstjórnun fyrirtækja verður sífellt mikilvægari og er umhverfisstjórnun einn af megin stoðum Corporate Social Responsibility eða CSR. Þetta námskeið fjallar um (1) þá hvata sem eru í samfélaginu til að bæta umhverfisstjórnun og þann ávinning sem hlýst af
skilvirkari umhverfisstjórnun (2) þau tæki sem fyrirtæki geta beitt til að ná fram skilvirkri umhverfisstjórnun allt frá ISO14000 stöðlum til umhverfismerkja (3) Umhverfisstjórnun í framtíðinni.
Námsmat: Fyrirlestrar, verkefni og ritgerðir.

**UAU201F • Þættir í umhverfis- og auðlindafræði II • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1u**
Kennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Kennari: Silja Bára Ómarsdóttir
Kennari: Helga Ögmundardóttir
Kennari: Steinunn Hrafnsdóttir Dósent
Námskeiðinu er skipt í þrjá hluta: Ábyrgð ríkisvalds, almennings og fyrirtækja í umhverfis og auðlindastjórnun. (1) Ábyrgð ríkisvaldsins. Inngangur að íslenska stjórnkerfinu, uppbygging, ákvarðanataka á landsvísu og hjá sveitarfélögum. Samband ýmsustu stjórnstiga, ríkisvaldið, þingið, ráðuneyti, stofnanir. Grænvæðing íslenskra stjórnmála. Alþjóðlegar stofnanir svo sem Sameinuðu Þjóðirnar. Alheimsbankinn. (2) Ábyrgð almennings. Samband þjóðfélaga og náttúruauðlinda og umhverfis, Skoðanir og þáttaka almennings í ákvarðanatöku. Fráls félagasamtök og hlutverk þeirra, bæði innlend og erlend. (3) Ábyrgð einkageirans. Þrískipt markmið (umhverfi, þjóðfélagssamhygð og hagnaður). Þjóðfélagsleg og umhverfisleg ábyrgð. Strategísk umhverfistjórn. Grænt bókhald. Umhverfiskostnaður. Umhverfismerki. Stuðlar svo sem ISO 14000. Sjálfbærar fjárfestingar.

**UAU203F • Námskeið til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Lesnámskeið.

**UAU204F • Sjálfbær framtíð • (6e) • Vor**
Umsjónarmaður: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Umsjónarkennari: Kristín Vala Ragnarsdóttir Forseti fræðasviðs
Markmið námskeiðsins er að þjálfa gagnrýna hugsun nemenda og leiðtogahæfileika með sjálfbæra framtíð að markmiði. Námskeiðið mun kenna praktískar aðferðir sem minnka munu vistfótspor (e. ecological footprint), einstaklinga/fyrirtækja/stofnana/samfélags. Áhersla

verður lögð á þverfræðileika og vísindalegan ramma sjálfbærni - byggðan á aðferðafræði "systems thinking". Nemendur munu læra að nýta vísindi í víðum skilningi til að styðja við regulgerðir (e. Policy), kynnast þeim eiginleikum og aðferðum sem þarf til að leiða breytingar þjóðfélaga í átt til sjálfbærni auk þeirra þátta sem nauðsynlegir eru þegar sjálfbær samfélög eru skipulögð.
Við lok námskeiðsins munu nemendur hafa öðlast hæfileika til að leiða breytingar samfélags í átt til sjálfbærrar framtíðar. Nemendur munu ma. annars geta leitt vinnustofur sem miða að sjálfbærni. Námsmat mun fara byggt á frammistöðu í vinnustofum, kynningum og hópverkefnum. Árið 2009 mun hópaverkefni miða að því að gera Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og Ísland allt sjálfbærara.
Lotunámskeið, kennt í þremur lotum (1) 6. til 9. febrúar, (2) 6. til 9. mars, og (3) 3. til 6. apríl.

**UAU205F • Vistferilsgreining • (4e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Visferilsgreiningar eru notaðar til að meta umhverfisáhrif vöru, framleiðsluferils eða þjónustu frá vöggu til grafar. Markmiðið með LCA er að meta hvar í ferli hverrar vöru, ferils eða þjónustu mestu neikvæðu umhverfisáhrifin verða og hvernig megi haga hönnun vörunnar og framleiðslu þannig að þau séu lágmörkuð. LCA er mikið notað til þess að bera saman mismunandi valkosti.
Námskeiðið er tvískipt. Í fyrri hluta námskeiðsins öðlast þáttakendur þekkingu á vistferilgreiningum, bæði aðferðafræðinni og hvernig hægt er að nota vistferlisgreiningar sem verkfæri til þess að greina umhverfisáhrif vöru, ferlis eða þjónustu. Á námskeiðinu er farið í gegnum aðferðarfræðina allt frá skilgreiningu markmiðs, aðgerðareiningar og kerfismarka, útreikninga á notkun auðlinda og losun efna til andrúmslofts, vatns og jarðvegs, túlkun niðurstaðna og næmnigreiningar. Einnig eru kynntir mismunandi aðferðir og hugbúnaðir sem notaðir eru til þess að framkvæma vistferilsgreiningar. Á seinni hluta námskeiðsins munu þáttakendur læra að skilgreina markmið, aðgerðareiningu og kerfismörk fyrir einfalda vistferilsgreiningu. Þáttakendur munu læra að túlka niðurstöður vistferilsgreininga (characterization, normalization, weighting) og læra að gera næmnigreiningu og túlkað niðurstöður vistferilsgreiningar. Námsmat miðast við fulla þátttöku í kennslustundum og skilum á verkefnum sem unnin eru á námskeiðinu.

**UAU206F • Stjórnun friðlýstra svæða- Vettvangsnámskeið á Suðausturlandi • (2e) • Vor**
Umsjónarkennari: Brynhildur Davíðsdóttir Dósent
Kennari: Guðmundur Ingi Guðbrandsson Verkefnisstjóri
Kennari: Þorvarður Árnason Forstöðumaður
Markmið námskeiðsins er að fjalla á heildstæðan og gagnrýninn hátt um tilgang og aðferðir stjórnunar á svæðum þar sem náttúra og umhverfi er verndað. Megináhersla þess verður á hinn nýja **Vatnajökulsþjóðgarð**, með sérstöku tilliti til áhrifa hans á, og tengsla við, nærsamfélögin á Suður- og Suðausturlandi. Stofnun hins nýja þjóðgarðs vekur margar spurningar, t.d. hvað snertir megintilgang hans, ákvörðun á markalínum, skilgreiningu viðmiða fyrir verndun og nýtingu, stjórnunarfyrirkomulag og þátttöku heimamanna.
Námskeiðið fer að mestu fram á vettvangi í Skaftárhreppi og Hornafirði. Einnig verður komið við í Skaftafelli og í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Í upphafi námskeiðsins verður jafnframt haldið hálfs dags málþing í Reykjavík, til kynningar á viðfangsefnum þess, þar sem sérfræðingar frá ýmsum stofnunum flytja erindi. Vettvangsnámskeiðið sjálft stendur yfir í fjóra daga og samanstendur af fyrirlestrum og umræðutímum, auk 2-3 stuttra ferða á áhugaverða staði innan þjóðgarðsins nýja. Gist verður á Höfn í Hornafirði (www.hornafjordur.is/ferdathjonusta/ ).
*Dagur 1*. Fimmtud. 29. maí: Málþing í Reykjavík, 13:00-17:00. Framsögur flytja sérfræðingar frá Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarði og Þjóðgarðinum á Þingvöllum.
*Dagur 2*. Föstud. 30. maí: Farið frá Reykjavík kl. 08:45. Komið við á Kirkjubæjarklaustri þar sem Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs verður kynnt. Síðan komið við í Skaftafelli þar sem þjóðgarðsvörður mun segja frá svæðinu. Farið verður þar í stutta gönguferð. Ef tími vinnst til verður stoppað á Þórbergssetrinu á Hala á leiðinni til Hafnar.
*Dagur 3*. Laugard. 31. maí: Fyrirlestrar og umræður í Nýheimum á Höfn m.a. um fræðilegar forsendur náttúruverndar, alþjóðleg viðmið um stjórnun verndarsvæða, staðbundnar áherslur og áskoranir sem varða stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, möguleika á uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu, skilyrði fyrir sjálfbærri byggðaþróun og rannsóknir á áhrifum þjóðgarðsins á umhverfi, samfélag og efnahag á nærsvæðum hans. Farið í vettvangsferð til Hoffellsjökuls, eitt hinna nýju svæða sem verða hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.
*Dagur 4*. Sunnud. 1. júní: Áframhaldandi fyrirlestrar og umræður í Nýheimum, með aðaláherslu á yfirstandandi vinnu við gerð verndaráætlana fyrir Suður- og Vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Vettvangsferð um Hornafjörð (nánar auglýst síðar).
*Dagur 5*. Mánud. 2. júní: Farið frá Höfn kl. 09:30 áleiðis til Reykjavíkur. Komið við á Þingvöllum þar sem starf þjóðgarðsins verður kynnt.
*Skipuleggjendur námskeiðs*
Þorvarður Árnason, forstöðumaður Háskólasetursins á Höfn (thorvarn@hi.is) og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, sérfræðingur á Stofnun Sæmundar fróða, Háskóla Íslands (mummi@hi.is) skipuleggja námskeiðið.
*Aðrir fyrirlesarar og þátttakendur (ekki allir staðfestir ennþá)*
Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor í líffræði,
Karl Benediktsson, prófessor í landfræði,
Anna D. Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði,
Anna K. Ólafsdóttir, stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs,
Guðríður Þorvarðardóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun,
Guðrún Kristinsdóttir, yfirlandvörður, Þjóðgarðinum á Þingvöllum,
Einar E. Sæmundssen, fræðslufulltrúi, Þjóðgarðinum á Þingvöllum,
Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir, þjóðgarðsstjóri í Jökulsárgljúfrum/Vatnajökulsþjóðgarði,
Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsstjóri í Skaftafelli/Vatnajökulsþjóðgarði.
Ýmsir fræðimenn, nemendur og aðrir þátttakendur í verkefnum tengdum Vatnajökulsþjóðgarði.
Lokaeinkunn nemenda námskeiðsins er annað hvort S=Staðist eða F=Fall. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til nemenda: - að nemendur taki virkan þátt í umræðum - að nemendur haldi dagbók (e. logbook) á meðan námskeiði stendur* * Ætlast er til þess að allir skrifi, í lok hvers dags, fáeinar efnisgreinar um umræðuefni dagsins. Hvaða atriði þóttu þér mikilvægust og áhugaverðust? Hvers vegna? Í lok ferðar verður þú beðinn/n um að rita ályktanir í dagbókina. Þessar ályktanir lúta að afstöðu þinni til varðveislu/verndar náttúru, en einkum þó á hvaða hátt námskeiðið hefur haft áhrif á samband þitt, sem manneskju, við náttúruna. Í niðurstöðum dagbókar skaltu einnig velta fyrir þér á hvernig námskeiðið hefur fært þig nær fræðilegum og faglegum markmiðum þínum, bæði í nútíð og framtíð. Skila á dagbókum miðvikudaginn 4. júní. Best er að senda þær í gegnum tölvupóst á thorvarn@hi.is og mummi@hi.is

## Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

**RAF002M • Örbylgjutækni • (6e) • Haust • Stokkur: H1**
Umsjónarmaður: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Notkunarsvið örbylgna og örbylgjuhlutir. Flutningslínur og bylgjuleiðarar; flokkun bylgjulausna, sviðsgreining flutningslína, afl og töp í bylgjuleiðurum. Rásafræði beitt á bylgjuleiðara; jafngildi straums, spennu, afls og viðnáms. Viðnámsumbreyting og aðhæfing; línustubbar, blöðkur, stautar. Hjávirkir örbylgjuhlutir; endaliðir, deyfiliðir, fasaliðir, hringleiðarar. Sveiflurásir, sveiflulínur, sveifluhólf. Örbylgjulampar og örbylgjuhálfleiðarar. Örbylgjumagnarar.

**RAF003M • Hermun rafmagnsvéla • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d + 2v**
Umsjónarmaður: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Hraðastýring jafnstraumsvéla, fjölfasa spanvéla og samfasa véla. Qd0, Clarke og Park varpanir og áhrif á sviðsdreifingu og kerfishluta. Svipull rekstur rafmagnsvéla og líkön við stöðugar, svipular og undirsvipular aðstæður. Einfasa spanvélar. Stýring og hermun spanvéla, samfasavéla og jafnstraumsvéla með notkun Matlab og Simulink. Notkun aflrafeindabúnaðar við hraðastýringar
Nauðsynleg undirstaða: Rafmagnsvélar 1 (RAF601G)

**RAF004M • Aflrafeindatækni og orkukerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Yfirlit yfir rafeindaeiningar og kerfi til aflstýringar. Díóður, transistorar og þýristorar. Samsetning og umbreyting milli riðstraums og jafnstraums. Notkun aflrafeindatækni í spennugjöfum. Notkun aflrafeindatækni við stýringar mótora. HVDC, FACTS og önnur notkun aflrafeindatækni í raforkukerfum. Notkun hugbúnaðar svo sem SPICE/EMTP og Matlab við hermun aflrafeindakerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Rafeindatækni 1 (RAF403G), Greining raforkukerfa (RAF505G)

**RAF006M • Tölvugreind • (6e) • Vor • Stokkur: V5**
Umsjónarmaður: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
1. Tölvugreind: Grundvallaratriði gervitauganeta. Hliðstæður dregnar fram úr skynjun lífrænna kerfa (sjón, heyrn, snertiskyni). Helstu gervitauganet, leiðbeind og án leiðbeiningar (supervised, non-supervised). Sérfræðikerfi: Uppbygging rökfærslukerfa, þek kingargrunnar. Þekkingarkerfi. Loðin rökfærsla (fuzzy logic), loðin ályktunarkerfi. Verkefni á ofangreindum sviðum tekin úr tölvusjón og tölvutali sem byggjast á neðangreindri kynningu: 2. Tölvusjón: Grundvallaratriði. Myndform og sjónskyn. Stafræn meðhön dlun mynda. Tölvumyndgreining. Dæmi um val: Endurvinnsla frá vörpunum. Myndkóðun, gagnaþjöppun. Senuflokkun, mátun, mynsturgreining. Sjón vélmenna. 3. Tölvutal: Talmerkjafræði, tölvugreining á tali, talmyndun, talgervlar. Verklegar æfingar með tauganets búnaði Uppl. og merkjafr.st., Experteach III þjálfunarkerfinu, M1 þekkingarkerfinu. Helsti málbúnaður. Hlutbundið C. Beiting greindra véla (þekkingarkerfa) og gervitauganeta á vandamál í myndgreiningu, talgreiningu, tölvutali o.fl.

**RAF101G • Nám og störf í rafmagns- og tölvuverkfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Kennari: Jón Erlendsson
Tilgangur: Að veita stúdentum í rafmagns- og tölvuverkfræði fræðslu um nám og störf í greinum sínum með sérstöku tilliti til: - Þarfa og krafna atvinnulífsins. - Eigin þarfa, forsendna og óska. - Náms í rafmagns- og tölvuverkfræði við verkfræðideild HÍ og erlendis. - Breytinga sem eru að verða vegna upplýsininga- og þekkingarbyltingarinnar bæði hvað viðvíkur tækni sem og auknum og breyttum kröfum atvinnulífsins um þekkingu og færni. - Nauðsynjar á virkri ævilangri símenntun. - Þörfina fyrir að þroska hæfileika til nýsköpunar og framtaks til að geta tekist á hendur frumkvöðlastarf. - Reksturs fyrirtækja. Framkvæmd: Kennslan fer fram með yfirlitsfyrirlestrum, heimsóknum í fyrirtæki sem og heimsóknum tæknimanna og frumkvöðla úr atvinnulífi í tíma til kynninga og viðræðna þar sem nemendum gefst gott færi á að spyrja. Að auki með verkefnum nemenda er beinast t.d. að því að afla þekkingar á atvinnulífi, innlendu og erlendu, skilgreina eigin áhugasvið og móta persónulega stefnu er varðar nám, símenntun og starfsframa.

**RAF101M • Hreyfihegðun raforkukerfa • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Greining ósamhverfra kerfa. Yfirlit yfir jafngildi háspennulína, spenna og rafala með samhverfum röðum. Útreikningur ósamhverfs skammhlaups. Ósamhverft skammhlaup í stóru raforkukerfi með aðstoð fylkjaaðferða í tölvu. Stýring og greining raforkukerfis í truflanatilvikum. Svipul fyrirbæri og stöðugleikagreining. Stöðugleiki í stórum kerfum með aðstoð tölvu. Langtímastöðugleiki og sveifluhættir. Liðavernd í raforkukerfi. Helstu gerðir verndarliða og starfshættir þeirra. Álagsstýring. Yfirlit yfir notkun tölva til beinlínustýringar (SCADA/EMS) raforkukerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Greining raforkukerfa (RAF505G)

**RAF201G • Greining rása • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 1d + 2v**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Skilgreining á ýmsum hugtökum og rásaeiningum. Lögmál Kirchhoffs, möskva- og hnútapunktajöfnur. Rásir með viðnámi, fylkjareikningur. Stýrðar lindir. Thévenin- og Norton-jafngildisrásir. Aðgerðamagnarar. Merki. Rásir með viðnámi, rýmd, spani og gagnkvæmu spani. Greining í tímarúmi: Kerfisjöfnur, fyrstu og annarrar gráðu rásir. Greining í vísaplani. Reikniæfingar með PSpice og Matlab.
Nauðsynleg undirstaða: Línuleg algebra B (STÆ208G), Eðlisfræði 2 V (EÐL201G)

**RAF201M • Fjarkönnun og úrvinnsla fjarkönnunargagna • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 1d + 3v**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Eðlisfræðilegur grundvöllur, geislunareiginleikar mismunandi yfirborðsgerða. Hugtök í fjarkönnun. Yfirlit yfir nútímafjarkönnunartækni; flugfjarkönnun og gervitunglafjarkönnun. Notkunarmöguleikar fjarkönnunar á Íslandi. Aðferðir við að safna og skrá fjölrása myndefni á mismunandi bylgjulengdarsviðum. Grundvallaraðferðir við hönnun á myndnemum. Úrvinnsla fjölrása myndgagna. Notkun á

merkjafræðilegum aðferðum og tölfræðilegum flokkunaraðferðum til úrvinnslu fjarkönnunargagna. Landfræðileg upplýsingakerfi og tengsl þeirra við fjarkönnunarmyndefni. Nemendur vinna verkefni sem felast í úrvinnslu fjarkönnunargagna.

**RAF301G • Merki og kerfi • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Kennari: Gunnlaugur Þór Briem
Stakræn og samfelld merki. Yfirfærsluföll og földun. Mismunajöfnur og diffurjöfnur. Greining á samfelldum merkjum. Greining á stakrænum merkjum. Fourier raðir og Fourier vörpun. Fourier greining á stakrænum merkjum. Laplace vörpun og notkun hennar til greiningar á samfelldum merkjum. z-vörpun og notkun hennar til greiningar á stakrænum merkjum. Heimadæmi og reikniæfingar með Matlab.

**RAF302G • Mælitækni 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H4**
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Almenn kynning á rafrænni mælitækni. DC og AC spenna og straummælingar með hliðrænum og stafrænum fjölmælum. Mælingar á viðnámum, spólum og þéttum með fjölmælum og mælibrúm. Hliðrænar og stafrænar sveiflusjár. DC og AC spennugjafar. Truflanir og takmörkun þeirra. Viðnám, þéttar, spólur, uppbygging, litakóðar, meðferð hálfleiðara. Rafkerfi húss og tilraunastofu, meðferð rafmagns og tækja í tilraunastofu. Slysahætta, umgengnisreglur. Heimadæmi og heimaverkefni. Verklegar æfingar í tilraunastofu. Smíðaverkefni í raftækni.
Nauðsynleg undirstaða: Greining rása (RAF201G), Eðlisfræði 2 V (EÐL201G) eða Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**RAF401G • Greining og uppbygging rása • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 1d + 1v**
Umsjónarmaður: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Tvígáttungar (fjórpólar). Greining rása í s-plani með Laplace-vörpun. Bode-rit. Krítiskar tíðnir. Yfirfærsluföll og drifpunktsföll. Nálgunarföll fyrir síur, hliðrænar síur. Tíðnivarpanir. Bygging hliðrænna yfirfærslufalla með LC- og RC-stigarásum. Bygging virkra rása. Söfnun hliðrænna merkja og kynning á stafrænum síum; IIR og FIR. Reikniæfingar, verklegar æfingar.

**RAF402G • Rafsegulfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Vilhjálmur Þór Kjartansson Lektor
1.-10. vika: Kennt með EÐL401G. Rafstöðufræði: Jöfnur Laplace og Poissons. Segulstöðufræði. Jöfnur Maxwells. Orka rafsegulsviðs. Setning Poyntings. Rafsegulbylgjur. Sléttar bylgjur í einangrandi og leiðandi efnum. Endurkast og brot bylgna. 11.-15. vika: Merkjaflutningslínur, bylgjuleiðarar, rafsegulútgeislun.

**RAF403G • Rafeindatækni 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 3v**
Umsjónarkennari: Vilhjálmur Þór Kjartansson Lektor
P/N skeyti, díóður og díóðurásir. Afriðlar. Eiginleikar og líkön tvískeyttra nóra og feta. Eins og margstiga magnarar fyrir smámerki. Kæling, forspenna og festing vinnupunkts. Skeyttar samrásir, gerð og framleiðsla. Tíðnisvörun RC-tengdra magnara.
Nauðsynleg undirstaða: Greining rása (RAF201G), Mælitækni 1 (RAF302G), Rafeindatækni fastra efna (EÐL301G)

**RAF404G • Líkindaaðferðir • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Umsjónarmaður: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Námskeiðinu er ætlað að kynna nemendum hugtökin líkindi og slembiferli. Notkun þeirra er síðan rædd í tengslum við verkfræðileg vandamál. Sérstök áhersla er lögð á notkun líkindafræði og slembiferla í kerfisgreiningu. Undirstöðuatriði líkindafræði (mengi, háðar og óháðar hendingar, líkindi). Slembibreytur, einvíðar dreifingar, dreififöll, þéttiföll, normaldreifing og helsta markgildissetning tölfræðinnar. Fylgni og margvíðar dreifingar. Undirstöðuatriði tölfræði. Slembiferli. Sjálf- og þverfylgni. Aflróf. Svörun línulegra kerfa við slembiinnmerkjum.

**RAF501G • Fjarskiptaverkfræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2v**
Umsjónarkennari: Magnús Örn Úlfarsson Lektor
Umsjónarkennari: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Námskeiðið leggur grunn að nútímafjarskiptaverkfræði, hvort sem er í fjarskiptum með þráðum eða þráðlaust, en fjallar eingöngu um eðlislæga hlutann. Síst þýðingarminni hluti nútíma- og framtíðarfjarskiptakerfa er lagskiptur hugbúnaðarhluti (miðbúnaður) sem gerir þeim alla umferðastjórnun kleifa óháð eðli þeirrar fjölþjónustu sem unnt er að veita á alhliða fjarskiptakerfum. Þann nauðsynlega hugbúnaðargrunn er að finna í námskeiðinu 08.31.10. - Grunnhugtök fjarskiptaverkfræðinnar: Upplýsingalindir, fjarskiptarásin, merkjaviðtaka. - Lindarmerki: Framsetning, umfremd, þjöppun. - Helstu grunnbandsmerki í tíma- og tíðnirúmi. - Flutningsrásin sem "gluggi", tíðnibönd, bandhleypimerki, grunnhugtök í mótun, tvinnfallsumlykjan, AM, FM/PM, QM. - Grunnur upplýsingafræðinnar: Gaussísk fjarskiptarás, flutningsgeta, rásarýmd, bandnýtni (Nyquist, Hartley, Shannon). - Stafræn mótunartækni: Styrk-, tíðni- og fasalyklun (ASK, FSK, PSK), villulíkindi (BER), margstigamótun til aukinnar bandnýtni (M-FSK, M-QSPK, M-QAM). - Grunnur kóðafræðinnar: Blokkkóðar, földunarkóðar, orkudreifing, ytri kóðun (RS), stokkun, innri kóðun. - Bestun í viðtöku: Viðtækið - sem aðhæfð sía, - sem þversía fyrir margstiga hornstæð merki, hámörkun líkinda í merkjaviðtöku (Viterbi).
Nauðsynleg undirstaða: Líkindaaðferðir (RAF404G)

**RAF502G • Sjálfvirk stýrikerfi • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Helstu aðferðir hefðbundinnar stýritækni. Líkön ýmissa kerfa á formi yfirfærslufalla og ástandsjafna, hermun. Tíma- og tíðnisvörun kerfa. Eiginleikar stýrikerfa með afturvirkni, stöðugleiki, næmni, þol gegn truflunum, skekkjustuðlar. Stöðugleikagreining, regla Rouths. Greining og hönnun með rótarferlum og í tíðnirúmi, fasaflýtir, fasaseinkari, PID stýringar. Tölvustýrð kerfi, A/D og D/A breytur, vörpun á samfelldum stýringum yfir á stakrænt form. Greining og hönnun stakrænna kerfa.

**RAF503G • Merkjafræði • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2v**
Umsjónarkennari: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Markmið námskeiðsins er að leggja grunn að hönnun stafrænna sía. Helstu atriði: Stakræn, endanleg starkæn og hröð Fourier vörpun. Byggingarform stakrænna sía. Afturleitnar síur (IIR), framleitnar síur (FIR), áhrif endanlegrar orðlengdar í stafrænum síum. Síun hvikulla merkja og greining eiginleika þeirra byggt á Fourier-greiningu. Lotubundin stakræn merkjafræði.
Nauðsynleg undirstaða: Greining og uppbygging rása (RAF401G), Líkindaaðferðir (RAF404G)

**RAF504G • Rafeindatækni 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 1d + 2v**
Umsjónarkennari: Vilhjálmur Þór Kjartansson Lektor
Upprifjun á grundvallaratriðum úr eðlisfræði hálfleiðara. Hleðslugeymd og innri rýmdir. Hátíðnilíkön díóða, tvískeyttra nóra og feta. Magnarar með afturverkun, tengiaðferðir og flokkun. Áhrif afturverkunar á gáttaviðni, mögnunarstuðla, bandbreidd og bjögun. Sjálfsveifla, neikvætt viðnám og rótarheimkynni. Sveifluvakarásir, tíðnifesta og styrkreglun. Stýrikristallar. Misháttur og samháttur. Mismunarmagnari. Aðgerðamagnarar. A-flokks og B-flokks aflmagnarar.
Nauðsynleg undirstaða: Rafeindatækni 1 (RAF403G)

**RAF505G • Greining raforkukerfa • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Inngangur um afl í riðstraumsrás. Skilgreining launafls og raunafls í raforkukerfi, 3-fasa kerfi og 1-fasa jafngildi. Samhverfir þættir og einfasa jafngildi viðnáms, spenna og rafala fyrir jákvæða, neikvæða og núllröð. Álag og áhrifaþættir svo sem spenna og tíðni. Tímasveiflur álags. Einlínumyndir og einingakerfið. Samfasarafalinn í raforkukerfi og hegðun rafalans við stöðugt ástand. Spennirinn í raforkukerfi. Helstu gerðir spenna í 1-fasa og 3-fasa kerfi og notkunarsvið þeirra. Kjörspennir, auto-spennir, tappastilltir spennar og stýrispennar. Líkan af spenninum í raforkukerfi. Háspennulínur. Útreikningur á rýmd, spani og viðnámi fyrir kerfi samsíða leiðara, með sérstöku tilliti til 3-fasa háspennulína. Háspennulínur með mörgum leiðurum í hverjum fasa og kerfislíkön háspennulína. Langar línur. Flutningstakmarkanir háspennulína. Aflflæðigreining kerfis. Aflflæðijöfnur og notkun tölulegra aðferða til lausnar aflflæðivandamálsins með tölvu með Gauss og Newtonsaðferðum með Matlab og/eða öðrum hugbúnaði. Hraðvirkt ótengt aflflæði og jafnstraumsígildi (DC) aflflæðis. 3-fasa samhverft skammhlaup í raforkukerfi. Einfaldar aðferðir við útreikning á skammhlaupi. Skammhlaupsafl, z-fylki og notkun fylkjaaðferða við skammhlaupsreikninga með notkun Matlab.
Nauðsynleg undirstaða: Greining og uppbygging rása (RAF401G)

**RAF601G • Rafmagnsvélar 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 1d + 2v**
Umsjónarkennari: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Grundvallaratriði rafsegulrása. Grundvallaratriði orkuumbreytingar í rafsegulkerfum. Kraftar og vægi í ein- og fjölfasa rafsegulkerfum. Grundvallaratriði rafmagnsvéla. Snúningssegulsvið. Jafnstraumsvélar og straumskipti, millipólar og jafnandi vafningar. Hegðun í stöðugu ástandi. Fjölfasa samfasavélar, segulflæði og segulkraftar. Samfasavélin með opinni og lokaðri rás og sem samviðnám. Jafngildisrás samfasavélar í stöðugu ástandi. Spanvélar og jafngildisrásir þeirra og samband vægis, afls og hraða með notkun Thevenin jafngildis. Kynning á hermun rafmagnsvéla með notkun Matlab og Simulink.
Nauðsynleg undirstaða: Rafsegulfræði (RAF402G)

**RAF601M • Hátíðnirásir • (6e) • Vor • Stokkur: V3**
Umsjónarmaður: Vilhjálmur Þór Kjartansson Lektor
Spantengirásir, sveiflurásir og breiðbandsspennar. Aðlögunarrásir. Smámerkis- og aflmagnarar fyrir háa tíðni. Stöðugleiki magnara. Suð í mögnurum. Ólína, ámótun, millimótun og 3. stigs skurðpunktur. Blandarar. Millitíðniviðtæki. Mótarar og afmótarar fyrir AM, DSB, SSB og FM.
Nauðsynleg undirstaða: Rafeindatækni 2 (RAF504G)

**RAF602G • Loftnet og bylgjuútbreiðsla • (6e) • Vor • Stokkur: V2**
Umsjónarkennari: Vilhjálmur Þór Kjartansson Lektor
Rafsegulsvið og útgeislað afl einfaldra loftneta; útgeislunarviðnám sem mælikvarði á afli. Aðrir grundvallareiginleikar, þ.á m. stefnueiginleikar; ýmsar tegundir af einföldum loftnetum; tengingar við loftnet; loftnetasamstæður; áhrif jarðar á útgeislun loftneta. Endurlindir og oploftnet: Segulstraumar, straumbreiður. Huygenslind, geislun frá opi. Loftnetssuð, geimsuð, hlutfall merkis og suðs. Útbreiðsla rafsegulbylgna; leiðartap; eiginleikar jarðvegs; endurkast frá jörðu; jarðbylgjur; geimbylgjur; yfirborðsbylgjur og framhalli þeirra; áhrif jarðbungu; áhrif andrúmsloftsins. Jónhvolfsútbreiðsla: Jónhvolfið, breytileiki þess og deyfing, útbreiðsla í jónuðum gösum, val á tíðni. Geimútbreiðsla, fjarskipti um gervihnetti.
Nauðsynleg undirstaða: Rafsegulfræði (RAF402G)

**RAF602M • Línuleg kerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Einsleitar varpanir, eiginvigrar og eigingildi, línulegar nálganir, lausn ástandsjafna, ástandsframsetning, fylkjaveldisfallið, háttaþáttun. Uppbygging línulegra kerfa, stýranleiki, skoðanleiki, hliðstæð kerfi, Kalman sundurliðun. Hliðstæð kerfi. Útmerkisstýranleiki. PBH próf. Stýringar- og stýranleikaform, skoðara- og skoðanleikaform, hornalínuform. Ástandsafturvirkni, pólsetjarar, ástandsskoðarar. Varpanir á ástandsjöfnum, formúlur Ackermans. Aðskilnaðarlögmálið. Ástandsskoðari og pólsetjari á formi yfirfærslufalls, skertur skoðari, Kalman skoðari. Liapunov stöðugleikagreining, bestun, línulegur, kvaðratískur reglir (lqr). Lausn ástandsjafna á lokuðu formi, bestun á vali núlla. Línuleg jöfnuhneppi, þáttun, Gram Schmidt, undir- og yfirákvörðuð kerfi.

**RAF603G • Nýsköpun og hönnun í rafmagnsverkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Tilgangur námskeiðsins er að kynnanemendum nýsköpun og hönnun á sviði rafmagnsverkfræði. Veruleg áhersla í námskeiðinu er á hagnýt atriði og kynningu með beinum og lifandi tengslum við aðila í innlendu atvinnulífi. Aflað verður upplýsinga um þá þætti sem mestu skipta til að ná árangri miðað við aðstæður hér á landi. Fjallað verður almennt um fræðilega og hagnýta þætti nýsköpunar, framtaks sem og upplýsingaöflun vegna r&þ verkefna. Verkefni: Nemendur vinna verkefni er felast í öflun og úrvinnslu upplýsinga er lúta að hagnýtum og

fræðilegum atriðum varðandi nýsköpun bæði með viðtölum við aðila sem náð hafa árangri í nýsköpun hér á landi sem og lestri rita, tímaritsgreina og vefefnis. Helstu niðurstöður, m.a. verkefni nemenda, verða birtar á sérstökum námskeiðsvef.

**RAF603M • Iðntölvur og vélmenni • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 2f + 5v**
Umsjónarmaður: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Kennsla og þjálfun í notkun iðntölva (e. Programmable Logic Controller, PLC) í stað rafliða eða skiptirása í stýringum ásamt vinnslu hliðrænna merkja s.s. reglun. Farið í grundvallaratriði vélmenna og stærðfræðilíkön þeirra leidd út. Aðferðir til forritunar og stýringar vélmenna skoðaðar. Fjallað er um iðntölvur og vélmenni sem hluta af CIM (Computer Integrated Manufacturing). Farið yfir helstu samskiptaaðferðir milli tölva í iðnaði. Skoðunarferðir. Verklegar æfingar í forritun iðntölva og vélmenna.

**RAF604G • Raforkumarkaðir og raforkuhagfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Helstu gerðir orkuvera til vinnslu raforku. Stutt yfirlit yfir almennar klassískar bestunarðferðir. Klassískar aðferðir við bestun í raforkukerfum miðað við einkasöluform (Economic Dispatch, Unit Commitment, Optimal Load Flow, Optimal Hydrothermal Operation ofl). Hagkvæmasti rekstur vatnsaflskerfa til langs og skamms tíma. Grundvallaratriði kostnaðarhugtaka vegna rekstrar og uppbyggingar kerfa. Hagkvæmasta uppbygging virkjanakerfi. Kostnaðarföll, meðalkostnaður, jaðarkostnaður og nokkur grunnhugtök rekstrarhagfræði. Yfirlit yfir markaðsvæðingu og áhrif hennar á raforkugeirann í heildsölu og smásölu. Verðteygni og hagfræðileg og verkfræðileg sjónarmið um orkunotkun og álag. Uppbygging raforkumarkaða, raforkupotta og tvíhliða samningar. Markaðsráðandi staða og samkeppni í raforkuvinnslu. Hámörkun ágóða samkeppnisaðila, samanburður við einkasöluform með og án flutningstakamarkana og orkutapa. Dæmi um útfærslu í litlum kerfum og útvíkkun fyrir stór kerfi. Raforkuflutningur, og valkostir við verðlagningu hans. Raforkudreifing og mælingar í markaðsvæddu kerfi. Punktverðlagning orku og rauntímaverðlagning. Samantekt um stöðu og líklega þróun markaðsvæðingar og útfærslu í mismunandi kerfum, löndum og heimshlutum.

**RAF604M • Smárásir • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Þróun og framtíð smárása. Rafeindatækni, MOS-smárinn og CMOS. Framleiðsla smárása, ræktun hálfleiðara, oxun, íbæting hálfleiðara, sveim, jónaígræðsla, lithography, ræktun og æting þunnra húða, örörvar og örnemar.
Nauðsynleg undirstaða: Rafeindatækni fastra efna (EÐL301G)

**RAF605G • Tölvustýrð kerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Námsefni m.a.: Notkun tölva í stýrikerfum. Greining stakrænna kerfa með z-vörpunum og samsvörun stakrænna og samfelldra kerfa. Uppbygging stýritölva og gerð stýrihugbúnaðar. Hönnun stafrænna stýringa með hefðbundnum aðferðum. Hönnun stafrænna stýrikerfa m eð ástandsaðferðum, m.a. með pólsetningu og beitingu ástandsskoðunar. Nokkur hönnunarverkefni leyst með aðstoð tölvu.

**RAF606G • Námsferð erlendis • (4e) • Vor • Stokkur: V**
Námsferðin er metin til tveggja eininga, sem skráðar verða í prófskírteini en teljast þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Heimsótt fyrirtæki, stofnanir og háskóladeildir á sviði rafmagns- og tölvuverkfræði. Skipulag er í höndum stúdenta en í samráði við fararstjóra úr hópi kennara. Ferðin er farin strax eftir lok 6. misseris og tekur u. þ. b. 2 vikur. Nemendur skila ítarlegri skýrslu um ferðina.

**RAF607G • Fjarskiptaverkfræði 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V6**
Umsjónarmaður: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Af hagkvæmnisástæðum er námskeiðið kennt með námskeiðinu Sérhæfð fjarskiptaverkfræði. Kjarninn í námskeiðunum er sá sami ásamt heimaverkerfnum og verklegum æfingum, en tveimur reikniverkefnum og sérverkefni er sleppt í þessu námskeiði.
Nauðsynleg undirstaða: Fjarskiptaverkfræði 1 (RAF501G)

**RAF608M • Vinnsla raforku • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Orkuþörf, umbreyting orku, og notkun raforku og þróun hennar. Hönnun og uppbygging raforkuvera. Vatnsaflsvirkjanir, vatnshverflar og rafalar. Varmaorkuver, brennslutækni, gufuhverflar og gashverflar. Kjarnorkuver, helstu gerðir kjarnaofna. Endurnýjanleg orka, sólarorka, vindorka. Notkun kjarnasamruna til raforkuframleiðslu.

**RAF609M • Valið efni í rafmagns- og tölvuverkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Fyrirlestrar um valið efni í rannsóknum og þróun í rafmagns- og tölvuverkfræði. Umfjöllunarefni er breytilegt milli ára.

**TÖV201G • Greining og hönnun stafrænna rása • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Kennari: Sverrir Guðmundsson Sérfræðingur

Virkni og notkun flétturása, kóðara, afkóðara, lesminni (ROM), og forritanlegs rökrásabúnaðar við rásahönnun. Hönnun og greining reiknirása, samleggjari/frádragari, margfaldari. Hönnun og greining runurása bæði samhæfðar og ósamhæfðar. Farið verður í hönnun rása með D og JK vippum. Sérstakar runurásir, teljarar og hliðrunargisti. Meðhöndlun og notkun stöðuvéla (FSM). Stöðulágmörkun, stöðustjórnun, stöðukennsl. Runuvinnsla með stöðuvélum. Grundvallaratriði í notkun vélhermimáls (HDL) og forritanlegs rása búnaðar (FPGA) í samræmi við fyrrnefndar rásir. Nemendur munu skila sjö verklegum verkefnum sem byggja á stafrænni rásahönnun, Verilog og FPGA. Auk þess munu nemendur kynnast eldri aðferðum með notkun á tengibrettum til að byggja rásir nokkurra valinna verkefna.

Á síðari vikum námskeiðsins verður farið í hönnun flóknari rása með verilog og FPGA. Fjallað verður um kerfi á kubb ofl. Sem tengist notkunn FPGA og Xilinx hönnunarumhverfisins.

Markmið: Meðal markmiða námskeiðsins er að nemendur átti sig á grundvallaratriðum á greiningu og hönnun stafrænna rása og öðlist reynslu og þekkingu á leiðandi aðferðum við hönnun stafrænna rása.

**TÖV202G • Greining og hönnun stafrænna rása - verklegt • (2e) • Vor • Stokkur: V5**
Verkleg kennsla í námskeið TÖV201G Greiningu og hönnun stafrænna rása. Takist samhliða því.

**TÖV301G • Tölvuhögun • (6e) • Haust • Stokkur: H7**
Umsjónarkennari: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Þetta er kynningaráfangi á tölvuhögun og hönnun. Lýsing á grundvallaratriðum í uppbyggingu vélbúnaðar og hugbúnaðar algengra tölva. Farið er yfir vistunaraðferðir, pípun og vélamál. Miðstýrieining, örforritun, inn/út-flutningur, reikniaðferðir. Lýst er mismunandi högun á aðalminni, flýtiminni og jaðarskilum. Minnishögun í CISC og RISC-tölvum er borin saman. Farið er yfir ígreipt tölvukerfi og gjörvastýringar (microcontrollers). Í lokin er kynnt flokkun Flynns á stórum tölvukerfum. Verklegar smalamáls æfingar byggjast á notkun Motorolla 68k hermis. Xilinx Virtex 2Pro FPGA borð notuð við verklegar æfingar er lúta að högun gjörvans og afköstum hans.
**Markmið:**
Aðalmarkmið námskeiðsins er að nemendur átti sig á grundvallaratriðum er varða uppbyggingu og högun aðal og undirkerfa í tölvum og tölvubúnaði, og hvernig þessi kerfi vinna saman. Önnur markmið námskeiðsins lúta að afkastagetu miðað við ólíka högun gjörva, útfærslu mjúkra gjörva í FPGA og hvernig æðri forritunarmál og þýðendur notfæra sér vélbúnað tölvunar.
**Kennslufyrirkomulag:**
Fyrirlestrar 2 x 75 mínútur á viku, auk þess eru dæma- og verklegir tímar eftir þörfum, 1 x 100 mínútur á viku. Ætlast er til frumkvæði nemenda við að leysa verklegar æfingar og leyta sér aðstoðar kennara ef með þarf.
Nauðsynleg undirstaða: Greining og hönnun stafrænna rása (TÖV201G), Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Tölvunarfræði 2 (TÖL201G) eða Tölvunarfræði 2a (TÖL202G)

**TÖV501M • Hönnun tölva • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Kynning á uppbyggingu nútímatölva. Farið er í afkastamælingar tölva, hönnun skipanamengja, framkvæmd skipana og nýlegar aðferðir til að framkvæma skipanir samhliða. Hönnun skyndiminnis, aðalminnis, sýndarminnis og ytra minnis. Uppbygging fjölgjörva tölvukerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Greining og hönnun stafrænna rása (TÖV201G), Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Tölvunarfræði 2 (TÖL201G) eða Tölvunarfræði 2a (TÖL202G)

**TÖV601M • Sérhæfð tölvukerfi, samsíðareiknar, rauntímavinnsla • (6e) • Vor • Stokkur: V4**
Umsjónarmaður: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Yfirlit yfir uppbyggingu almennra og sérhæfðra tölvukerfa. Flokkunarfræði, SIMD, MIMD. Dreifð tölvukerfi með samnýttu minni eða með dreifðu minni: Markmið, eiginleikar, hönnunarkröfur, "arkitektúr³. Dreifð rauntímavinnsla. Helstu byggingareiningar: Sérhæ fðir merkjareiknar (DSP-reiknar), vigurreiknar, FIR-reiknar. Gagnaflæðivélar, samhliðavinnsla á fjölgjörvavélum. Uppbygging og helstu gerðir samhliðareikna. Transpútrinn (transputers), fjölpútri, fjölvinnslunetkerfi. Tauganetsreiknar, helstu gerðir og upp bygging. Byggingareiningar fyrir "loðið" reglukerfi (Fuzzy Set Chips, FAM). Umhverfi til forritunar: "OCCAM³-forritunarmálið til samhliðavinnslu. "Hlutbundið samhliða C³. Stýrikerfið fyrir fjölvinnsluvélar. Samhverfar fjölvinnsluvélar (SMP). Helíos (Unix), Windows NT. Reiknitækni: Yfirlit yfir helstu samhliðaalgrím og byggingarform fjölgjörvavéla sem þau leiða af sér. Ýmis sérhæfðari notkunardæmi greind. Sýnitilraunir gerðar með samhliðareiknum og tauganetsreiknum. Seminarfyrirlestrar um hönnunarverkefni nemenda.

**TÖV602M • Verkfræði ígreyptra kerfa • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Í námskeiðinu er kynntar forritunaraðferðir fyrir ígreypt kerfi. Sérstök áhersla er lögð á samskeiðni, rauntímavinnslu og atburðadrifna forritun. Farið verður yfir hvaða stuðning ýmis forritunarmál hafa við áðurnefnd atriði. Kynnt er Unified Modeling Language (UML) fyrir rauntímakerfi, hönnun fjölverkavinnslu og útfærsla í ígreyptum kerfum, forritun samskeiða þráða og forritun þráða sem deila minni og hafa samskipti sín á milli. Í námskeiðinu eru verklegar æfingar sem nota þróunarumhverfi og borð frá Xilinx.

**RAF001F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**RAF002F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**RAF002M • Örbylgjutækni • (6e) • Haust • Stokkur: H1**
Umsjónarmaður: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Notkunarsvið örbylgna og örbylgjuhlutir. Flutningslínur og bylgjuleiðarar; flokkun bylgjulausna, sviðsgreining flutningslína, afl og töp í bylgjuleiðurum. Rásafræði beitt á bylgjuleiðara; jafngildi straums, spennu, afls og viðnáms. Viðnámsumbreyting og aðhæfing; línustubbar, blöðkur, stautar. Hjávirkir örbylgjuhlutir; endaliðir, deyfiliðir, fasaliðir, hringleiðarar. Sveiflurásir, sveiflulínur, sveifluhólf. Örbylgjulampar og örbylgjuhálfleiðarar. Örbylgjumagnarar.

**RAF003F • Wavelet vörpun og síubankar • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Námskeiðið fjallar um wavelet varpanir og notkun þeirra í merkjafræði. Tengsl wavelet vörpunar við fjöllotubundna síubanka og fjölupplausnargreiningu verða kynnt út frá merkjafræðilegum sjónarhóli. Athuguð verður notkun wavelet vörpunar og síubanka til þjöppunar, líkanasuðukenningar, suðsíunar, enduruppbyggingar og mats í merkja- og fjarskiptafræðum.

**RAF003M • Hermun rafmagnsvéla • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d + 2v**
Umsjónarmaður: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Hraðastýring jafnstraumsvéla, fjölfasa spanvéla og samfasa véla. Qd0, Clarke og Park varpanir og áhrif á sviðsdreifingu og kerfishluta. Svipull rekstur rafmagnsvéla og líkön við stöðugar, svipular og undirsvipular aðstæður. Einfasa spanvélar. Stýring og hermun spanvéla, samfasavéla og jafnstraumsvéla með notkun Matlab og Simulink. Notkun aflrafeindabúnaðar við hraðastýringar
Nauðsynleg undirstaða: Rafmagnsvélar 1 (RAF601G)

**RAF004F • Upplýsingafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Umsjónarmaður: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Upplýsingafræði og tölfræði. Jaðarpunktar fjarskiptafræði: Gagnaþjöppun að hámarki óreiðu („entropy") og fjarskipti að hámarki þeirrar rýmdar sem rás leyfir. Flækjumæling Kolmogorovs Óreiða Shannons. Áhrif hraða bjögun. Huffman kóðun og slembikóðun. Samræmd meðhöndlun sem byggir á kenningu um aðfellda jafna uppskiptingu.

**RAF004M • Aflrafeindatækni og orkukerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Yfirlit yfir rafeindaeiningar og kerfi til aflstýringar. Díóður, transistorar og þýristorar. Samsetning og umbreyting milli riðstraums og jafnstraums. Notkun aflrafeindatækni í spennugjöfum. Notkun aflrafeindatækni við stýringar mótora. HVDC, FACTS og önnur notkun aflrafeindatækni í raforkukerfum. Notkun hugbúnaðar svo sem SPICE/EMTP og Matlab við hermun aflrafeindakerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Rafeindatækni 1 (RAF403G), Greining raforkukerfa (RAF505G)

**RAF005F • Stafræn háhraðafjarskiptatækni • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Námskeiðið fjallar um aðferðir við sendingu stafrænna gagna yfir símaheimtaugar (HDSL og ADSL) og tölvunet (1000BaseT) á háum hraða. Mótunaraðferðirnar QAM, CAP og DMT verða greindar og bornar saman, og áhrif þeirra á móttöku og útfærsla [implementation] verður skoðuð. Litið verður á galla rása [impairments], svo sem tíðnideyfingu, Gaussískt suð, púls-suð og víxlun [crosstalk]. Villuleiðréttandi kóðun og tíðnijöfnun verða kynnt að svo miklu leyti sem þau eiga við mismunandi aðferðir.

**RAF006F • Tilraunastofa í merkjareiknum • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Námskeiðið fjallar um hönnun og forritun á sérhæfðu algrími fyrir merkjafræðireikna (DSP: Digital Signal Processors) og útfærslu þess til keyrslu í rauntíma. Sérhæft þróunarkerfi tilraunastofunnar er byggt á alhliða tölvu (NT-vinnustöð), almennum forritu narmálum (C++, Java,..), búnaði til hleðslu hugbúnaðarins niður á merkjareikna og keyrslu og prófana í því umhverfi. Að afloknum grunnefni, sem tekið er fyrir á fyrirlestraformi, og sameiginlegum æfingardæmum, taka nemendur í samráði við kennara einstakli ngsbundið fyrir verkefni frá ýmsum sérhæfðum sviðum rafmagns- og tölvuverkfræðinnar, eins og í stafrænum síum, sérhæfðri merkjafræði, kerfisfræði, fjarskiptafræði, tölvunetum, stafrænni vinnslu tals, hljóðs og lifandi mynda, og sendingu slíks á samskiptan etum. Miðað er að því að nemendur öðlist nægа reynslu til að geta notfært sér búnað DSP-tilraunastofunnar síðar við verkefni í valfögum og meistaraverkefnum. Æskileg undirstaða er grundvallarfög í tölvutækni og forritun í C og/eða Java. Nemendur á öðrum námsbrautum en ofangreindum sem áhuga hafa á þátttöku þurfa samþykki kennara.
Nauðsynleg undirstaða: Stafræn merkjafræði (RAF102F)

**RAF006M • Tölvugreind • (6e) • Vor • Stokkur: V5**
Umsjónarmaður: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
1. Tölvugreind: Grundvallaratriði gervitauganeta. Hliðstæður dregnar fram úr skynjun lífrænna kerfa (sjón, heyrn, snertiskyni). Helstu gervitauganet, leiðbeind og án leiðbeiningar (supervised, non-supervised). Sérfræðikerfi: Uppbygging rökfærslukerfa, þek kingargrunnar. Þekkingarkerfi. Loðin rökfærsla (fuzzy logic), loðin ályktunarkerfi. Verkefni á ofangreindum sviðum tekin úr tölvusjón og tölvutali sem byggjast á neðangreindri kynningu: 2. Tölvusjón: Grundvallaratriði. Myndform og sjónskyn. Stafræn meðhön dlun mynda.

Tölvumyndgreining. Dæmi um val: Endurvinnsla frá vörpunum. Myndkóðun, gagnaþjöppun. Senuflokkun, mátun, mynsturgreining. Sjón vélmenna. 3. Tölvutal: Talmerkjafræði, tölvugreining á tali, talmyndun, talgervlar. Verklegar æfingar með tauganets búnaði Uppl. og merkjafr.st., Experteach III þjálfunarkerfinu, M1 þekkingarkerfinu. Helsti málbúnaður. Hlutbundið C. Beiting greindra véla (þekkingarkerfa) og gervitauganeta á vandamál í myndgreiningu, talgreiningu, tölvutali o.fl.

**RAF007F • Líkansauðkenning • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Lýsing: Líkön línulegra tímaóháðra kerfa, líkön tímaháðra og ólínulegra kerfa. Óstuðlaðar tíma- og tíðnirúmsaðferðir. Stuðlaðar matsaðferðir. Samleitni og samkvæmni. Aðfellutruflanir í stuðlamati. Endurkvæmar matsaðferðir. Val á líkansmati. Val á líkangerð og sannreyning líkana.

**RAF008F • Fjölbreytukerfi • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Fjölbreytukerfi, lágmarksform, núll fjölbreytukerfa. Stýringar fjölbreytukerfa, afkúplandi stýringar. Jafnvægisframsetning og kerfissmækkun. Ónæmur stöðugleiki og greining á frammistöðu.
Nauðsynleg undirstaða: Línuleg kerfi (RAF602M)

**RAF009F • Hagnýt ólínuleg stýrikerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Greining ólínulegra stýrikerfa, fasaplansgreining, Liapunov fræði, stöðugleikafræði, lýsifallagreining. Hönnun ólínulegra stýrikerfa, línun með ólínulegri afturverkun, rennistýringar (sliding control), aðlögunarhæf stýrikerfi, stýring kerfa með mörgum innmerkjum.

**RAF010F • Stakrænar stýringar • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Námskeiðið fjallar um þrjár hönnunaraðferðir á stakrænum stýringum: 1) Kerfið er gert stakrænt og stýringin er hönnuð stakrænt. 2) Stýringin er hönnuð með hliðrænum nútímaaðferðum og hún síðan gerð stakræn. 3) Bein hönnun í hliðræna-planinu þar sem stafrænar stýriningar eru tímaháðar og lotubundnar. Áhersla verður lögð á bestunaraðferðir.

**RAF011F • Hljóðtækni • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Vilhjálmur Þór Kjartansson Lektor
Hljóðbylgjur, hljóðorka og hljóðstyrkur, endurkast, ísog, brot. Heyrn, tíðni- og styrksvið, stefnu- og fjarlægðarskynjun. Hljóðtæknileg útgeislunarkerfi. Rafrænar, vélrænar og hljóðrænar hliðstæður. Hljóðrænar einingar. Vélræn, sveiflandi kerfi. Rafvélrænar umbreytingar. Hátalarar, hljóðnemar, tæki til hljóðritunar og endurgjafar. Rúmheyrn, úthljóð. Mælieiningar og mæliaðferðir. Hljómburður, tal, hávaði.

**RAF012F • Tilraunastofa í stýritækni • (6e) • Vor • Stokkur: V • 6v**
Umsjónarkennari: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Gerð eru 3 verkefni í stýritækni, hvert verkefni er unnið á 2-4 vikna tímabili. Lögð er áhersla á uppsetningu tölvustýringa fyrir raunveruleg kerfi. Fyrsta verkefni tekur 2 vikur, í því er sett upp stafræn stýring fyrir einfalt 2. gráðu kerfi. Verkefni nr. 2 tekur 3 vikur, en þar geta nemendur valið úr ýmsum aðferðum nútíma stýritækni til að setja upp stafræna stýringu fyrir DC mótor. Hönnun stýringar byggist á líkani sem nemendur setja fram fyrir mótorinn út frá mælingum. Þriðja verkefni tekur 4 vikur. Hér geta nemendur valið um ýmis verkefni, s.s. stýringu á öfugum pendúl, stýringu á vegasalti, stýringu á öfugum pendúl á vegasalti, stýringu á módelþyrlu, stýringar á hitablásara, forritun róbóta-arms í vinnuumhverfi (workcell), stýringar á vatnshæð í tveimur tönkum með kerfiráð, PLC stýringar á iðnferlum o.fl. Stýringarnar eru settar upp á PC-tölvu með AD og DA korti en einnig má setja stýringarnar upp á DSP reikni. Nemendur halda stutta kynningu og skila skýrslu úr öllum verkefnum.

**RAF013F • Stöðugleiki og stýring raforkukerfa • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Magni Þór Pálsson Lektor
Almennt yfirlit yfir ólíkar tegundir stöðugleikavandamála í raforkukerfum og aðferðir til að bæta stöðugleika í raforkukerfum. Samfasarafallinn og framsetning hans í kerfisgreiningu. Smámerkisstöðugleiki, línuleg nálgun á samfasarafala. Svipull stöðugleiki. dq0-vörpun. Tíðni- og spennureglun með notkun línulegra líkana af rafala, vatnsvegi, túrbínu og reglum. Raun- og launaflsstýring. Reikniæfingar (m.a. í Matlab).

**RAF014F • Spennustöðugleiki í raforkukerfum • (6e) • Vor • 4f + 2d**
Kennari: Magni Þór Pálsson Lektor
Grundvallarfræði og lýsing á fyrirbrigðinu spennustöðugleiki. Aðferðir við útreikninga á spennustöðugleika í raforkukerfi í stöðugu ástandi; aflflæðiútreikningar, næmniaðferðir og útreikningar á launreiðuafli. Mat á fjarlægð frá gefnum vinnupunkti til stöðugleikamarka. Aðferðir við útreikninga og mat á spennustöðugleika í raforkukerfi í kviku ástandi. Eiginleikar álags og áhrif þess á stöðugleikann, áhrif kvikra hluta raforkukerfis (s.s. þrepastilla, rafala og rafmagnsvéla) á spennustöðugleika. Reikniæfingar.
Æskileg undirstaða: Stöðugleiki og stýring raforkukerfa (RAF013F)

**RAF017F • Rannsóknarverkefni í rafmagns- og tölvuverkfræði • (6e) • Haust**
Einstaklingsbundið verkefni þar sem nemendur geta valið sér viðfangsefni í rafmagns- og tölvuverkfræði í samráði við fastan kennara. Verkefnisáætlun, sem skilað skal í upphafi misseris, skal hljóta staðfestingu skorarformanns. Einvörðungu er heimilt að taka slíkt verkefni einu sinni til meistaraprófs.

**RAF017F • Rannsóknarverkefni í rafmagns- og tölvuverkfræði • (6e) • Vor**
Einstaklingsbundið verkefni þar sem nemendur geta valið sér viðfangsefni í rafmagns- og tölvuverkfræði í samráði við fastan kennara. Verkefnisáætlun, sem skilað skal í upphafi misseris, skal hljóta staðfestingu skorarformanns. Einvörðungu er heimilt að taka slíkt verkefni

einu sinni til meistaraprófs.

**RAF018F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**RAF019F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**RAF020F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**RAF021F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**RAF022F • Hlutjónað rafgas • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Hlutjónað rafgas, efnafræði þess, árekstraferli, sveim, afhleðslur, slíður, jaðar og greiningartækni. DC, RF og örbylgjuafhleðslur. Notkun í efnisframleiðslu og víxlverkun rafgass við yfirborð.

**RAF023F • Ör- og nanótækni • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Framleiðsla á smárásum og rafvélrænum örtólum. Greining, hönnun og framleiðsla rafvélrænna örtóla. Freimleiðslutækni, m.a. ræktun þunnra húða, lithography, og æting. Efnisvinnsla á örskala, yfirborðs- og bol- meðhöndlun, LIGA og aðrar aðferðir. Nanótækni, sjálfsamsetning, nanó-lithography, rafeinda-lithography, framleiðsla nanóvíra og nanóröra, skammtapunkta, eftirá meðhöndlun (oxun, íbót, sveim, víxlverkun við yfirborð, og æting. Brúun lengdarskala og samþætting. Nýir raf-, ljós-, varma-, vélrænir- og efnafræðilegir eiginleikar sem fram koma á smáum skala. Greining á nanóskala, smugsjá, kraftsjá og rafeindasmásjá.

**RAF101F • Slembibreytur og slembimerki • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Kennari: Magnús Örn Úlfarsson Lektor
Notkun líkindafræði í verkfræðilegum vandamálum. Dæmi um atburði, slembibreytur, föll af slembibreytum, líkindadreifingar, líkindaþéttiföll, væntigildi og kenniföll. Háðir atburðir, fylgni og aðhvarf, margvíðar gaussískar dreifingar, runur af slembibreytum, slembiferli, stöðnuð ferli, ergódísk ferli, fylgniföll, aflróf slembibreyta, slembinntök línulegra kerfa, gaussísk ferli, línulegt meðalkvaðratsmat.

**RAF101M • Hreyfihegðun raforkukerfa • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Egill Benedikt Hreinsson Prófessor
Greining ósamhverfra kerfa. Yfirlit yfir jafngildi háspennulína, spenna og rafala með samhverfum röðum. Útreikningur ósamhverfs skammhlaups. Ósamhverft skammhlaup í stóru raforkukerfi með aðstoð fylkjaaðferða í tölvu. Stýring og greining raforkukerfis í truflanatilvikum. Svipul fyrirbæri og stöðugleikagreining. Stöðugleiki í stórum kerfum með aðstoð tölvu. Langtímastöðugleiki og sveifluhættir. Liðavernd í raforkukerfi. Helstu gerðir verndarliða og starfshættir þeirra. Álagsstýring. Yfirlit yfir notkun tölva til beinlínustýringar (SCADA/EMS) raforkukerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Greining raforkukerfa (RAF505G)

**RAF102F • Stafræn merkjafræði • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Stakræn og hröð Fourier vörpun; söfnun og endurvinnsla merkja; kerfiseiginleikar í z- og tíðni-planinu; byggingarform stafrænna sía; hönnun stafrænna FIR og IIR sía; útfærsla stafrænna sía; notkun stafrænnar merkjafræði.

**RAF103F • Mynsturgreining • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 1d + 3v**
Umsjónarkennari: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Kynning á grunnhugtökum og mismunandi aðferðum til mynsturgreiningar (pattern recognition) og ákvörðunartöku. Viðfangsefni eru m.a. mismunandi flokkunaraðferðir, mat á flokkunarniðurstöðu, lærdómsvélar, víddafækkun og líkanagerð. Kynntar verða bæði leiðbeindar og sjálfbeindar flokkunaraðferðir. Hér er einkum um að ræða tölfræðilegar aðferðir og tauganetaaðferðir. Kynnt verða notkunarsvið og stúdentar vinna sérverkefni á einu slíku sviði.

**RAF201F • Stafræn myndvinnsla • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Kynning á myndvinnsluaðferðum til breytinga, lagfæringa, þjöppunar, enduruppbyggingar og greiningar. Tvívíð merki og kerfi, söfnun og skönnun, slembisvið, gráskala varpanir, línulegar og morfológískar síur, sjón mannvera, prentun og sýning mynda á skjá, þjöppun byggð á entrópíu, vigraskömmtun, kóðun, Wiener síun, útlínugreining, uppskipting mynda.

**RAF201M • Fjarkönnun og úrvinnsla fjarkönnunargagna • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 1d + 3v**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Eðlisfræðilegur grundvöllur, geislunareiginleikar mismunandi yfirborðsgerða. Hugtök í fjarkönnun. Yfirlit yfir nútímafjarkönnunartækni; flugfjarkönnun og gervitunglafjarkönnun. Notkunarmöguleikar fjarkönnunar á Íslandi. Aðferðir við að safna og skrá fjölrása myndefni á mismunandi bylgjulengdarsviðum. Grundvallaraðferðir við hönnun á myndnemum. Úrvinnsla fjölrása myndgagna. Notkun á

merkjafræðilegum aðferðum og tölfræðilegum flokkunaraðferðum til úrvinnslu fjarkönnunargagna. Landfræðileg upplýsingakerfi og tengsl þeirra við fjarkönnunarmyndefni. Nemendur vinna verkefni sem felast í úrvinnslu fjarkönnunargagna.

**RAF202F • Aðhæfð merkjafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Umsjónarmaður: Jóhannes Rúnar Sveinsson Dósent
Wiener og Kalman síur, línulegar spásíur, lágmarksferviksalgrím, endurkvæm lágmarksferviksalgrím. Athuguð verður notkun aðlögunarhæfrar merkjafræði í fjarskiptum, samstæðum skynjurum, líkansgerð og -auðkenningu og í stýrikerfum.

**RAF203F • Mjúkar reikniaðferðir • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jón Atli Benediktsson Aðstoðarrektor vísinda og kennslu
Hvað eru mjúkir reikningar? Fuzzy mengjafræði, fuzzy reglur og fuzzy rökstuðningur. Fuzzy ályktunarvélar. Genetísk algrím. Tauga-fuzzy kerfi. Genetísk-fuzzy kerfi. Notkunardæmi.

**RAF204F • Læknisfræðileg myndgerðarkerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Umsjónarmaður: Magnús Örn Úlfarsson Lektor
Kynning á grundvallaratriðum læknisfræðilegra myndgerðakerfa frá merkjafræðilegu sjónarhorni. Aðferðirnar, sem teknar eru fyrir, eru meðal annars röntgen myndgerð, tölvusneiðmyndgerð, SPECT (e. Single Photon Emission Computed Tomography), PET (e. Positron Emission Tomography), segulómun (MRI), og kvik segulómun (fMRI).
Nauðsynleg undirstaða: Stafræn merkjafræði (RAF102F)

**RAF601M • Hátíðnirásir • (6e) • Vor • Stokkur: V3**
Umsjónarmaður: Vilhjálmur Þór Kjartansson Lektor
Spantengirásir, sveiflurásir og breiðbandsspennar. Aðlögunarrásir. Smámerkis- og aflmagnarar fyrir háa tíðni. Stöðugleiki magnara. Suð í mögnurum. Ólína, ámótun, millimótun og 3. stigs skurðpunktur. Blandarar. Millitíðniviðtæki. Mótarar og afmótarar fyrir AM, DSB, SSB og FM.
Nauðsynleg undirstaða: Rafeindatækni 2 (RAF504G)

**RAF602M • Línuleg kerfi • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Einsleitar varpanir, eiginvigrar og eigingildi, línulegar nálganir, lausn ástandsjafna, ástandsframsetning, fylkjaveldisfallið, háttaþáttun. Uppbygging línulegra kerfa, stýranleiki, skoðanleiki, hliðstæð kerfi, Kalman sundurliðun. Hliðstæð kerfi. Útmerkisstýranleiki. PBH próf. Stýringar- og stýranleikaform, skoðara- og skoðanleikaform, hornalínuform. Ástandsafturvirkni, pólsetjarar, ástandsskoðarar. Varpanir á ástandsjöfnum, formúlur Ackermans. Aðskilnaðarlögmálið. Ástandsskoðari og pólsetjari á formi yfirfærslufalls, skertur skoðari, Kalman skoðari. Liapunov stöðugleikagreining, bestun, línulegur, kvaðratískur reglir (lqr). Lausn ástandsjafna á lokuðu formi, bestun á vali núlla. Línuleg jöfnuhneppi, þáttun, Gram Schmidt, undir- og yfirákvörðuð kerfi.

**RAF603M • Iðntölvur og vélmenni • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 2f + 5v**
Umsjónarmaður: Anna Soffía Hauksdóttir Prófessor
Kennsla og þjálfun í notkun iðntölva (e. Programmable Logic Controller, PLC) í stað rafliða eða skiptirása í stýringum ásamt vinnslu hliðrænna merkja s.s. reglun. Farið í grundvallaratriði vélmenna og stærðfræðilíkön þeirra leidd út. Aðferðir til forritunar og stýringar vélmenna skoðaðar. Fjallað er um iðntölvur og vélmenni sem hluta af CIM (Computer Integrated Manufacturing). Farið yfir helstu samskiptaaðferðir milli tölva í iðnaði. Skoðunarferðir. Verklegar æfingar í forritun iðntölva og vélmenna.

**RAF604M • Smárásir • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Þróun og framtíð smárása. Rafeindatækni, MOS-smárinn og CMOS. Framleiðsla smárása, ræktun hálfleiðara, oxun, íbæting hálfleiðara, sveim, jónaígræðsla, lithography, ræktun og æting þunnra húða, örörvar og örnemar.
Nauðsynleg undirstaða: Rafeindatækni fastra efna (EÐL301G)

**RAF608M • Vinnsla raforku • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Tómas Guðmundsson Prófessor
Orkuþörf, umbreyting orku, og notkun raforku og þróun hennar. Hönnun og uppbygging raforkuvera. Vatnsaflsvirkjanir, vatnshverflar og rafalar. Varmaorkuver, brennslutækni, gufuhverflar og gashverflar. Kjarnorkuver, helstu gerðir kjarnaofna. Endurnýjanleg orka, sólarorka, vindorka. Notkun kjarnasamruna til raforkuframleiðslu.

**RAF609M • Valið efni í rafmagns- og tölvuverkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Fyrirlestrar um valið efni í rannsóknum og þróun í rafmagns- og tölvuverkfræði. Umfjöllunarefni er breytilegt milli ára.

**TÖV002F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Doktorsverkefni.

**TÖV002F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Doktorsverkefni.

**TÖV002F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Doktorsverkefni.

**TÖV501M • Hönnun tölva • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Kynning á uppbyggingu nútímatölva. Farið er í afkastamælingar tölva, hönnun skipanamengja, framkvæmd skipana og nýlegar aðferðir til að framkvæma skipanir samhliða. Hönnun skyndiminnis, aðalminnis, sýndarminnis og ytra minnis. Uppbygging fjölgjörva tölvukerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Greining og hönnun stafrænna rása (TÖV201G), Tölvunarfræði 1 (TÖL101G) eða Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Tölvunarfræði 2 (TÖL201G) eða Tölvunarfræði 2a (TÖL202G)

**TÖV601M • Sérhæfð tölvukerfi, samsíðareiknar, rauntímavinnsla • (6e) • Vor • Stokkur: V4**
Umsjónarmaður: Karl Sölvi Guðmundsson Dósent
Yfirlit yfir uppbyggingu almennra og sérhæfðra tölvukerfa. Flokkunarfræði, SIMD, MIMD. Dreifð tölvukerfi með samnýttu minni eða með dreifðu minni: Markmið, eiginleikar, hönnunarkröfur, "arkitektúr³. Dreifð rauntímavinnsla. Helstu byggingareiningar: Sérhæ fðir merkjareiknar (DSP-reiknar), vigurreiknar, FIR-reiknar. Gagnaflæðivélar, samhliðavinnsla á fjölgjörvavélum. Uppbygging og helstu gerðir samhliðareikna. Transpútrinn (transputers), fjölpútri, fjölvinnslunetkerfi. Tauganetsreiknar, helstu gerðir og upp bygging. Byggingareiningar fyrir "loðið" reglukerfi (Fuzzy Set Chips, FAM). Umhverfi til forritunar: "OCCAM³-forritunarmálið til samhliðavinnslu. "Hlutbundið samhliða C³. Stýrikerfið fyrir fjölvinnsluvélar. Samhverfar fjölvinnsluvélar (SMP). Helíos (Unix), Windows NT. Reiknitækni: Yfirlit yfir helstu samhliðaalgrím og byggingarform fjölgjörvavéla sem þau leiða af sér. Ýmis sérhæfðari notkunardæmi greind. Sýnitilraunir gerðar með samhliðareiknum og tauganetsreiknum. Seminarfyrirlestrar um hönnunarverkefni nemenda.

**TÖV602M • Verkfræði ígreyptra kerfa • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Í námskeiðinu er kynntar forritunaraðferðir fyrir ígreypt kerfi. Sérstök áhersla er lögð á samskeiðni, rauntímavinnslu og atburðadrifna forritun. Farið verður yfir hvaða stuðning ýmis forritunarmál hafa við áðurnefnd atriði. Kynnt er Unified Modeling Language (UML) fyrir rauntímakerfi, hönnun fjölverkavinnslu og útfærsla í ígreyptum kerfum, forritun samskeiða þráða og forritun þráða sem deila minni og hafa samskipti sín á milli. Í námskeiðinu eru verklegar æfingar sem nota þróunarumhverfi og borð frá Xilinx.

## Raunvísindadeild

**EÐL001G • Eðlisfræði í framhaldsskólum • (6e) • Vor • 4f + 1d + 1v**
Umsjónarmaður: Þorsteinn Vilhjálmsson Prófessor
Námsefni: Kennslufræði greinarinnar, kennslukerfi, val og gagnrýni á kennslubókum, eðlisfræði í daglegu lífi, sýnikennsla og verklegar æfingar. - Líklegasta kennslusnið er sjálfsnám með lestri, ritgerðum og öðrum verkefnum sem kennarar og nemendur ákveða sameiginlega. - Meðal lesefnis eru kennslubækur sem notaðar eru í íslenskum framhaldsskólum sem verða teknar til umræðu. Námskeiðið er einkum ætlað væntanlegum eða starfandi framhaldsskólakennurum. Það er ekki hluti af 90 einingum sem krafist er til BS-prófs í eðlisfræði.

**EÐL101G • Eðlisfræði B • (8e) • Haust • Stokkur: H7**
Umsjónarkennari: Einar H Guðmundsson Prófessor
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Markmið þessa námskeiðs er að styrkja og breikka undirstöðuþekkingu nemenda á eðlisfræði þannig að þeir geti; a) sett fram og notað einföld líkön til að lýsa náttúrufyrirbærum, b) aflað sér frekari þekkingar þegar beita þarf eðlisfræði, c) lesið úr stærðfræðilegri lýsingu á náttúrulegum ferlum. Námskeiðið er hliðstætt og ígildi sama grunnnáms og námskeið 09.21.27, Eðlisfræði G, sem kennt er á vormisseri. Einhver munur verður á áherslum og vali viðfangsefna með hliðsjón af áhugasviðum þeirra nemenda er sækja námskeiðin. Námsefni: Aflfræði með áherslu á vinnu og orku, snúningshreyfingu og sveiflur. Vökvar. Varmafræði og varmaskipti. Hljóð og hljóðbylgjur. Rafkraftar, raf- og segulsvið. Rafsegulbylgjur, skautun. Ljósfræði. Geislavirkni. Frumatriði nútíma eðlisfræði. Í verklegu æfingum kynnast nemendur ýmis konar búnaði, m.a. sveiflusjám, fjölsviðamælum, litrófsgreini og geislanemum. Áhersla er lögð á gagnameðferð, tölvuvædda öflun og úrvinnslu gagna.

**EÐL102G • Eðlisfræði 1 V • (6e) • Haust • Stokkur: H2**
Kennari: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Markmið: Að kynna nemendum aðferðir og grundvallarlögmál aflfræði, bylgjufræði og varmafræði til þeirrar hlítar að þeir geti beitt þeim við lausn dæma. Námskeiðinu er ætlað m.a. að vera undirstaða í þessum greinum fyrir frekara nám í verkfræði. Námsefni: Hugtök, einingar, tölur, víddir. Vigrar. Gangfræði. Hreyfifræði agna, tregða, kraftar og lögmál Newtons. Núningur. Vinna og orka og varðveisla orkunnar. Skriðþungi, árekstrar. Agnakerfi, massamiðja. Snúningur stjarfhlutar. Hverfiþungi og hverfitregða. Stöðufræði. Þyngd. Storka og straumefni, jafna Bernoullis. Sveiflur: Hreinar, deyfðar og þvingaðar. Bylgjur. Hljóð. Hiti. Kjörgas. Varmi og fyrsta lögmál varmafræðinnar. Kvikfræði gasa. Óreiða og annað lögmál varmafræðinnar. Heimadæmi: Einu sinni í viku skila nemendur heimadæmum sem þeir leysa á vefnum MasteringPhysics. Verklegt: Gerðar eru 4 verklegar æfingar, þar sem áhersla er lögð á að kynna nemendum mælitækni og úrvinnslu gagna. Viðfangsefnin eru einkum sótt í aflfræði, og þurfa nemendur að skila vinnubókum fyrir allar æfingarnar og einni lokaskýrslu. Sjá samþykkt deildarráðs um stöðupróf í eðlisfræði.

**EÐL103G • Eðlisfræði 1 R • (8e) • Haust • Stokkur: H2**
Kennari: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Markmið: Að kynna nemendum aðferðir og grundvallarlögmál aflfræði, bylgjufræði og varmafræði til þeirrar hlítar að þeir geti beitt þeim við lausn dæma. Námskeiðinu er ætlað m.a. að vera undirstaða í þessum greinum fyrir frekara nám í verkfræði. Námsefni: Hugtök, einingar, tölur, víddir. Vigrar. Gangfræði. Hreyfifræði agna, tregða, kraftar og lögmál Newtons. Núningur. Vinna og orka og varðveisla orkunnar. Skriðþungi, árekstrar. Agnakerfi, massamiðja. Snúningur stjarfhlutar. Hverfiþungi og hverfitregða. Stöðufræði. Þyngd. Storka og straumefni, jafna Bernoullis. Sveiflur: Hreinar, deyfðar og þvingaðar. Bylgjur. Hljóð. Hiti. Kjörgas. Varmi og fyrsta lögmál varmafræðinnar. Kvikfræði gasa. Óreiða og annað lögmál varmafræðinnar. Heimadæmi: Einu sinni í viku skila nemendur heimadæmum sem þeir leysa á vefnum MasteringPhysics. Verklegt: Gerðar eru 4 verklegar æfingar, þar sem áhersla er lögð á að kynna nemendum mælitækni og úrvinnslu gagna. Viðfangsefnin eru einkum sótt í aflfræði, og þurfa nemendur að skila vinnubókum fyrir allar æfingarnar og einni lokaskýrslu. Sjá samþykkt deildarráðs um stöðupróf í eðlisfræði.
Námskeiðið er hið sama og EÐL102G með eftirfarandi viðbót: Kynning á eðlisfræði í rannsóknum, 2f. Kennsla: Fastir kennarar, sérfræðingar og stundakennarar í eðlisfræði og jarðeðlisfræði, stærðfræði og efnafræði.
Mætingaskylda er í fyrirlestra í Kynningu á eðlisfræði í rannsóknum.

**EÐL104G • Eðlisfræði Ly • (4e) • Haust • Stokkur: H7 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Einar H Guðmundsson Prófessor
Markmið þessa námskeiðs er að styrkja og breikka undirstöðuþekkingu nemenda á eðlisfræði þannig að þeir geti; a) sett fram og notað einföld líkön til að lýsa náttúrufyrirbærum, b) aflað sér frekari þekkingar þegar beita þarf eðlisfræði, c) lesið úr stærðfræðilegri lýsingu á náttúrulegum ferlum. Námskeiðið verður kennt sem hluti af námskeiðinu Eðlisfræði B.

Námsefni:

Vökvar.

Varmafræði og varmaskipti.

Rafkraftar, raf- og segulsvið.

Rafsegulbylgjur, skautun.

Ljósfræði.

Geislavirkni.

**EÐL201G • Eðlisfræði 2 V • (6e) • Vor • Stokkur: V2**
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Kennt í 12 vikur. Markmið: Að kynna nemendum aðferðir og grundvallarlögmál rafsegulfræði og ljósfræði. Námsefni: Hleðsla og rafsvið. Lögmál Gauss. Rafmætti. Þéttar og rafsvarar. Rafstraumur, viðnám, rafrásir. Segulsvið. Lögmál Ampères og Faradays. Span. Rafsveiflur og riðstraumur. Jöfnur Maxwells. Rafsegulbylgjur. Endurkast og ljósbrot. Linsur og speglar. Bylgjuljósfræði. Verklegt: Gerðar eru fjórar 5 tíma tilraunir og tvær 3ja tíma, í ljósfræði og almennri rafsegulfræði. Nemendur skila vinnubókum fyrir allar tilraunir og skýrslu um eina 5 tíma tilraun.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IB (STÆ201G), Eðlisfræði 1 V (EÐL102G)

**EÐL202G • Eðlisfræði 2 R • (8e) • Vor • Stokkur: V2**
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Markmið: Að kynna nemendum aðferðir og grundvallarlögmál rafsegulfræði og ljósfræði. Námsefni: Hleðsla og rafsvið. Lögmál Gauss. Rafmætti. Þéttar og rafsvarar. Rafstraumur, viðnám, rafrásir. Segulsvið. Lögmál Ampères og Faradays. Span. Rafsveiflur og riðstraumur. Jöfnur Maxwells. Rafsegulbylgjur. Endurkast og ljósbrot. Linsur og speglar. Bylgjuljósfræði. Verklegt: Gerðar eru fjórar 5 tíma tilraunir og tvær 3ja tíma, í ljósfræði og almennri rafsegulfræði. Nemendur skila vinnubókum fyrir allar tilraunir og skýrslu um eina 5 tíma tilraun. Námskeiðið er hið sama og EÐL201G með eftirfarandi viðbót: Inngangur að rafsegulfræði í efni; frá einöngrurum til ofurleiðara (3 vikur).
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IA (STÆ101G) eða Stærðfræðigreining IB (STÆ201G), Eðlisfræði 1 R (EÐL103G)

**EÐL203G • Eðlisfræði 2a • (6e) • Vor • Stokkur: V5**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Markmið: Að nemendur kynnist frumatriðum gagnasöfnunar og úrvinnslu gagna í tölvu. Námsefni: Í fyrri hluta námskeiðsins er farið í ýmis undirstöðuatriði svo sem: Upprifjun á rafmagns- og segulfræði. Riðspenna og veitukerfi. Afriðlar og aflgjafar. Aðgerðamagnarar. Diffurmagnarar. Afturverkun. Rökrásir. Vippur og teljarar. Í síðari hluta námskeiðsins er fjallað um stafræna mælitækni, tölvustýrðar mælingar og úrvinnslu gagna í tölvu. Alls eru gerðar 12 verklegar æfingar, þar sem nemendur færa niðurstöður æfinga í dagbók án skýrslugerðar. Prófað er skriflega úr efninu í lok námskeiðsins.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 R (EÐL103G)

**EÐL204G • Eðlisfræði G • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Vésteinn Rúni Eiríksson
Markmið: Að styrkja og breikka undirstöðuþekkingu nemenda í eðlisfræði þannig að þeir geti; a) sett fram og notað einföld líkön til að lýsa náttúrufyrirbærum, b) aflað sér frekari þekkingar, þegar beita þarf eðlisfræði, c) lesið úr stærðfræðilegri lýsingu á náttúrulegum ferlum. Námskeiðið er hliðstætt og ígildi sama grunnnáms og námskeið 09.21.17, Eðlisfræði B, sem kennt er á haustmisseri. Einhver munur verður á áherslum og vali viðfangsefna með hliðsjón af áhugasviðum þeirra nemenda er sækja námskeiðin. Námsefni: Aflfræði með áherslu á vinnu og orku, snúningshreyfingu og sveiflum. Vökvar. Varmafræði og varmaskipti. Hljóð og hljóðbylgjur. Rafkraftar og raf- og segulsvið. Rafsegulbylgjur, skautun. Ljósfræði. Geislavirkni og frumatriði nútíma eðlisfræði. Í verklegu æfingum kynnast nemendur ýmis konar búnaði m.a. sveiflsjám, fjölsviðamælum, litrófsgreini og geislanemum. Áhersla er lögð á gagnameðferð sem og tölvuvædda gagnaöflun og úrvinnsla.

**EÐL205G • Eðlisfræði rúms og tíma • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1d**
Umsjónarmaður: Þórður Jónsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Markmið: Að kynna nemendum hugmyndir nútímans um rúm og tíma samkvæmt takmörkuðu afstæðiskenningunni. Námsefni: Rúm og tími í aflfræði Newtons. Ljósið og útbreiðsla þess, ljósvakinn og tilraun Michelsons og Morleys. Afstæðislögmálið, Lorentz-ummyndanir, Minkowski-rúmið. Gangfræði, aflfræði og rafsegulfræði í takmörkuðu afstæðiskenningunni. Frumhugtök almennu afstæðiskenningarinnar.

**EÐL206M • Eðlisfræði þéttefnis 2 • (8e) • Vor**
Umsjónarmaður: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Markmið er að kynna takmarkanir einnar einda kenninga um þéttefni og skoða víxlverkanir einda. Námsefni: Raf- og segulsvörun í einangrandi og hálfleiðandi efni. Rafeindaflutningur, Boltzmann jafnan og slökunartímanálgunin. Takmörk einnar einda kenninga. Víxlverkun og fjöleindanálganir. Skiptaverkun og seguleiginleikar þéttefnis, Heisenberg líkanið, spunabylgjur. Ofurleiðni, BCS kenningin og jafna Ginzburg-Landau.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði þéttefnis 1 (EÐL614M)

**EÐL207M • Rafsegulfræði 2 • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Viðar Guðmundsson Prófessor
Umsjónarmaður: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Raf- og segulstöðufræði í tómi og í efni, jaðargildisverkefni, Greenföll, fjölpólar. Tímaháð rafsegulsvið, jöfnur Maxwells, varðveislulögmál. Planbylgjur, bylgjuútbreiðsla, fjölpólageislun, bylgjudreifing. Bylgjustokkar, holrúm, ljósleiðarar. Afstæðileg rafsegulfræði, árekstrar, útgeislun frá hleðslum á hreyfingu, orkutap vegna útgeislunar. Annað efni skv. ákvörðun kennara.
Nauðsynleg undirstaða: Rafsegulfræði 1 (EÐL401G)

**EÐL301G • Rafeindatækni fastra efna • (6e) • Haust • Stokkur: H6**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Einar Örn Sveinbjörnsson Prófessor
Kennari: Djelloul Seghier

Undirstöðuatriði almennrar skammtafræði og safneðlisfræði. Gerð atómsins. Atómkraftar og uppbygging efnisins. Borðalíkanið. Rafeiginleikar málma og hálfleiðara. Ljóseiginleikar hálfleiðara. Samskeyti hálfleiðara. Tvistar og smárar. MOS- og CCD-rásir. Hálfleiðaraleysar.

**EÐL302G • Aflfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Páll Jakobsson Dósent
Aðstoðarkennari: Fannar Guðmundsson
Markmið: Að kynna nemendum hugtök og aðferðir aflfræðigreiningar, sem beitt er í ýmsum greinum verkfræði og eðlisfræði. Námsefni: Aflfræði Newtons, línulegar sveiflur, deyfðar og þvingaðar sveiflur. Ólínulegar sveiflur og ringl (chaos). Þyngdarsvið, þyngdarmætti og sjávarfallakraftar. Hnikareikningur, regla Hamiltons, jöfnur Lagrange og Hamiltons, alhnit og skorður. Miðlæg svið, brautir reikistjarna, stöðugleiki hringbrauta. Árekstrar massaagna í viðmiðunarkerfum vinnustofu og massamiðju. Tregðukerfi og önnur viðmiðunarkerfi hreyfingar, gervikraftar. Aflfræði stjarfra hluta, tregðufylki, höfuðásar hverfitregðu, horn Eulers, jöfnur Eulers um áhrif vægis á snúning hlutar, snúðhreyfing og stöðugleiki hennar. Tengdar sveiflur, eigintíðni og eiginhnit sveiflukerfa.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G) eða Eðlisfræði 2 V (EÐL201G)
Annars vegar hefðbundið próf og hins vegar miðmisserispróf.

**EÐL306G • Inngangur að skammtafræði • (8e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Gunnlaugur Björnsson Vísindamaður
Markmið: Í þessu námskeiði er fjallað um undirstöðuatriði skammtafræðinnar og henni jafnframt beitt á nokkur mikilvæg dæmi. Námsefni: Aðdragandi skammtafræðinnar, jafna Schrödingers, líkindatúlkun bylgjufallsins, stöðlun, skriðþungi og óvissulögmál, sístæð ástönd, einvíð skammtakerfi. Stærðfræðileg undirstaða: Línuleg algebra, virkjar og mælistærðir. Jafna Schrödingers í kúluhnitum, vetnisfrumeindin, hverfiþungi og spuni. H2+. Einsetulögmál Paulis. Útsending og gleyping geislunar, sjálfgeislun. Markmið: Í þessu námskeiði er fjallað um undirstöðuatriði skammtafræðinnar og henni jafnframt beitt á nokkur mikilvæg dæmi. Námsefni: Aðdragandi skammtafræðinnar, jafna Schrödingers, líkindatúlkun bylgjufallsins, stöðlun, skriðþungi og óvissulögmál, sístæð ástönd, einvíð skammtakerfi. Stærðfræðileg undirstaða: Línuleg algebra, virkjar og mælistærðir. Jafna Schrödingers í kúluhnitum, vetnisfrumeindin, hverfiþungi og spuni. H2+. Einsetulögmál Paulis. Útsending og gleyping geislunar, sjálfgeislun.

**EÐL401G • Rafsegulfræði 1 • (8e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Viðar Guðmundsson Prófessor
Kennt með RAF402G. Markmið: Að veita nemendum góða innsýn í lögmál og aðferðir rafsegulfræði. Námsefni: Rafstöðufræði. Jöfnur Laplace og Poissons. Segulstöðufræði. Jöfnur Maxwells. Orka rafsegulsviðs. Setning Poyntings. Rafsegulbylgjur. Sléttar bylgjur í einangrandi og leiðandi efni. Endurkast og brot bylgna. Bylgjustokkar. Útgeislun. Dreifing.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 2 R (EÐL202G) eða Eðlisfræði 2 V (EÐL201G)
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)

**EÐL401M • Eðlisfræði lofthjúps jarðar • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2d + 1u**
Kennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Námsefni: Varmafræði andrúmslofts, geislun og hreyfingar í lofthjúpi. Almenn hringrás lofthjúps, víxláhrif lofthjúps og úthafa, þáttur heimskautasvæða í hringrás jarðar, veðurfarssveiflur. Kynning á nýjustu rannsóknum á lofthjúpi jarðar. Nemendur velja sér sérefni í samráði við kennara, t.d. háloftabylgjur, orkuskipti við sjávarflöt, óson eða fjarkönnun, og skila ritgerð um sérefni sitt.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 2 R (EÐL202G), Varmafræði 1 (EÐL402G) eða Varmafræði og inngangur að safneðlisfræði (EFN307G)

**EÐL402G • Varmafræði 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Einar Örn Sveinbjörnsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum trausta grunnmenntun í varmafræði og búa þá undir sérnám á ýmsum námsbrautum. Námsefni: Grunnhugtök og stærðfræðiaðferðir varmafræði. Núllta lögmálið. Vinna, varmi og fyrsta lögmál varmafræðinnar. Kjörgas, raungas, ástandsjöfnur og ástandsmyndir. Töflur og línurit yfir varmafræðilega eiginleika vatns og gufu. Óreiða og annað lögmál varmafræðinnar. Altækur hitakvarði. Samband termísku og kalorísku ástandsjöfnunnar. Óreiða og hámarksvinna. Aðgengileg orka (exergy). Varmavélar og vinnuhringir. Kælivélar og varmadælur. Legendre-umskipti og varmafræðileg mætti, Maxwell-vensl. Jafnvægisskilyrði. Fasabreytingar og Clapeyron-jafna, Joule-Thomson-útþensla. Efnablöndur og efnahvörf: Efnamætti, blöndur af kjörgösum, jafnvægisfastar fyrir efnahvörf kjörgasa, massaverkunarlögmálið, jafna van t'Hoffs. Þriðja lögmál varmafræðinnar.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 2 V (EÐL201G) eða Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)

**EÐL403G • Frumeinda- og ljósfræði • (8e) • Vor • Stokkur: H**
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið: Inngangur að eðlisfræði frum- og sameinda og ljósfræði. Námsefni: Rafeindaskipan frumeinda, lotukerfið, efnatengi og sameindir, snúnings- og titringsástönd, víxlverkun ljóss og efnis, samhverfur og valreglur, skautun, geislahol og víxlmælar, litrófsgreining, ljósmögnun, leisar, ofurkælt efni, Bose-Einstein þéttur. Þrjár verklegar æfingar.
Æskileg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)

**EÐL501G • Málstofa í eðlisfræði • (2e) • Haust • Stokkur: H • 2f**
Umsjónarmaður: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Fjallað verður um afmörkuð svið eðlisfræðinnar samkvæmt vali kennara og nemenda. Hver nemandi heldur einn fyrirlestur um efni að eigin vali.

**EÐL502G • Sérverkefni í eðlisfræði • (10e) • Haust**
Nemandi velur í samráði við kennara verkefni úr fræðilegri eða verklegri eðlisfræði, smíðar tæki, gerir mælingar og/eða les sér til um efnið eftir því sem við á og skilar síðan ritgerð um það. Miðað er við að verkefnið taki sem svarar 5 vinnuvikum. Yfirleitt geta allir kennarar eðlisfræðiskorar tekið að sér umsjón með sérverkefnum.

**EÐL503G • Hugtök eðlisfræðinnar • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Þorsteinn Vilhjálmsson Prófessor
Námsefni: Fjallað verður um mikilvægustu grunnhugtök eðlisvísinda, sögu þeirra og innbyrðis vensl en gert ráð fyrir að nemendur kynnist einstökum hugtökum betur annars staðar. -- Einstök atriði: Rúm, tími og tímarúm; massi, kraftur, skriðþungi, orka, hverfiþungi, spuni; rafhleðsla, rafstraumur, rafsegulfræði; sviðshugtakið; ljós, hiti, varmi, óreiða og líkindi; óvissa í eðlisfræði almennt og í skammtafræði; lögmál í vísindum, aðleiðsla og útleiðsla og fleira. -- Námskeiðið er hugsað sérstaklega handa þeim sem ætla að stunda kennslu í framhaldsskóla.
Nemendur halda dagbók um lestur og annað nám í námskeiðinu. Þeir skila tveimur sjálfstæðum ritgerðaverkefnum sem unnin eru með handleiðslu kennara. Sérstök próf eru ekki haldin.

**EÐL506G • Kjarna- og öreindafræði • (8e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Þórður Jónsson Prófessor
Kennari: Sveinn Ólafsson Vísindamaður
Markmið: Að kynna nemendum kjarneðlisfræði og öreindafræði nútímans. Námsefni: Innri gerð kjarnans, kjarnalíkön, geislavirkni, kjarnahvörf, víxlverkun geislunar og efnis, meðferð geislavirkra efna og áhrif geislunar á lifandi vefi, hraðlar og agnanemar. Víxlverkanir og flokkun öreinda, viðtekið líkan öreindafræðinnar, sameining víxlverkana, kjarnar og öreindir í stjarneðlisfræði. Þrjár verklegar æfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)

**EÐL508M • Safneðlisfræði 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði í varmafræði og safneðlisfræði. Námsefni: Grunnhugtök og stærðfræðiaðferðir varmafræði, lögmál varmafræðinnar, Legendre-umskipti og varmafræðileg mætti, Maxwell-vensl, jafnvægi, fasabreytingar, sígild safneðlisfræði, Gibbs-söfn, skammta safneðlisfræði, Bose- og Fermi-kjörgös, eðlisvarmi fastra efna, meðseglandi efni, raungös og eflisliðanir, Ising líkanið, meðalsviðsnálgun.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 2 V (EÐL201G) eða Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)

**EÐL509M • Skammtafræði 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Ivan Shelykh Prófessor
Námsefni: Forsendur og formgerð skammtafræðinnar. Einvíð kerfi. Hverfiþungi, spuni, tvístiga kerfi. Ögn í miðlægu mætti, vetnisatómið. Nálgunaraðferðir. Tímaóháður og tímaháður truflanareikningur. Dreififræði.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)
Æskileg undirstaða: Venjulegar deildajöfnur (09.10.40) eða Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G), Tvinnfallagreining I (STÆ301G) eða Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G)

**EÐL510M • Kjarneðlisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H4**
Umsjónarmaður: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum innsýn í nútíma kjarneðlisfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Kjarna- og öreindafræði (EÐL506G)

**EÐL511M • Eðlisfræði hálfleiðara 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið er að kynna nemendum helstu eiginleika hálfleiðandi efna og skýra eðlisfræðilega helstu atriði hagnýtingar þeirra. Námsefni: Eiginleiðni, íbótarleiðni, rafeindir og holur, hleðsluberar og fastar hleðslur, leiðni. Hálfleiðarar í ójafnvægi: Örvun, samruni hleðslubera, innspýting hleðslubera. Ljósörvuð leiðni. Raf- og ljóseiginleikar samskeyta: Samskeyti málma og hálfleiðara, tvistar, smárar, fjölsamskeyti, smárásir. Helstu eiginleikar tvívíðra kerfa og skammtapunkta.
Æskileg undirstaða: Eðlisfræði þéttefnis 1 (EÐL614M)

**EÐL512M • Tölvueðlisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Viðar Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kynna hvernig tölulegri greiningu er beitt til þess að kanna eiginleika eðlisfræðilegra líkana. Námsefni: Forritunarumhverfi og grafísk framsetning. Monte Carlo aðferðir fyrir líkön í safneðlisfræði og skammtafræði. Beiting fallagrunna til lausnar á sjálfsamkvæmum líkönum, Hartree og skyldar nálganir. Aflfræði sameindasafna.
Nauðsynleg undirstaða: Rafsegulfræði 1 (EÐL401G), Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)
Æskileg undirstaða: Töluleg greining B (STÆ405G), Aflfræði (EÐL302G)

**EÐL513M • Öreindafræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 1d**
Umsjónarmaður: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum öreindafræði nútímans. Námsefni: Almenn lögmál og aðferðir öreindafræðinnar. Skammtatölur, varðveislulögmál og samhverfur. Víxlverkanir og flokkun öreinda. Feynman-myndir. Kvarkar og innri samhverfur. Kvarðakenningar (gauge theories) og kvarðaeindir. Viðtekið líkan öreindafræðinnar.
Nauðsynleg undirstaða: Kjarna- og öreindafræði (EÐL506G), Skammtafræði 1 (EÐL509M)

**EÐL514M • Nútíma ljósfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 3f + 2d**
Kennari: Kristján Leósson
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuhugtök litrófsgreiningar og eðlisfræði leisa ásamt hagnýtingu þeirra í efnisrannsóknum, efnagreiningu, iðnaði og til lækninga. Námsefni: Víxlverkun ljóss og efnis, ljósmögnun, stöðugleiki geislahola, leisivirkni, eiginleikar leisigeisla, helstu gerðir leisa. Valin atriði úr ólínulegri ljósfræði. Litrófsgreining, Fourier-ljósfræði, ljómun og ljósómun. Verkefni og nemendafyrirlestrar eftir samkomulagi við kennara. Áherslur í námsefni ráðast að hluta af óskum nemenda.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G) eða Rafeindatækni fastra efna (EÐL301G)

**EÐL601G • Málstofa í eðlisfræði • (2e) • Vor • Stokkur: V • 2f**
Umsjónarmaður: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Fjallað verður um afmörkuð svið eðlisfræðinnar samkvæmt vali kennara og nemenda. Hver nemandi heldur einn fyrirlestur um efni að eigin vali.

**EÐL602G • Sérverkefni í eðlisfræði • (10e) • Vor**
Nemandi velur í samráði við kennara verkefni úr fræðilegri eða verklegri eðlisfræði, smíðar tæki, gerir mælingar og/eða les sér til um efnið eftir því sem við á og skilar síðan ritgerð um það. Miðað er við að verkefnið taki sem svarar 5 vinnuvikum. Yfirleitt geta allir kennarar eðlisfræðiskorar tekið að sér umsjón með sérverkefnum.

**EÐL603G • Sérverkefni í eðlisfræði • (10e) • Sumar**
Nemandi velur í samráði við kennara verkefni úr fræðilegri eða verklegri eðlisfræði, smíðar tæki, gerir mælingar og/eða les sér til um efnið eftir því sem við á og skilar síðan ritgerð um það. Miðað er við að verkefnið taki sem svarar 5 vinnuvikum. Yfirleitt geta allir kennarar eðlisfræðiskorar tekið að sér umsjón með sérverkefnum.

**EÐL609M • Flutningur í nanókerfum • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f**
Umsjónarmaður: Viðar Guðmundsson Prófessor
Markmið er að kynna grunnhugmyndir um flutning í smásæjum kerfum. Námsefni: Borðareikningar samskeyta, eiginleikar rafeindakerfa í 2, 1 og 0 víddum. Opin kerfi og flutningur, breikkun orkustiga. Dreififræði og samfasa flutningur, Landauer-Büttiker framsetning. Kynning á ójafnvægis Greens föllum. Ósamfasa flutningur. Víxlverkun rafeinda og Coulomb fyrirstaða. Umfjöllun um nýlegar tilraunir.
Nauðsynleg undirstaða: Skammtafræði 1 (EÐL509M)
Æskileg undirstaða: Eðlisfræði þéttefnis 2 (EÐL206M)

**EÐL610M • Almenna afstæðiskenningin • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarmaður: Einar H Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kenna nemendum undirstöðuatriði í afstæðiskenningu Einsteins. Námsefni: Takmarkaða afstæðiskenningin, fjórvigrar og þinir. Almenna afstæðiskenningin, sveigja tímarúmsins, jafngildislögmálið, jöfnur Einsteins, samanburður við mælingar innan sólkerfisins, þyngdarbylgjur, svarthol, heimsfræði.
Æskileg undirstaða: Eðlisfræði rúms og tíma (EÐL205G), Rafsegulfræði 1 (EÐL401G)

**EÐL611M • Tölvueðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Viðar Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kynna hvernig tölulegri greiningu er beitt til þess að kanna eiginleika eðlisfræðilegra líkana. Námsefni: Forritunarumhverfi og grafísk framsetning. Monte Carlo aðferðir fyrir líkön í safneðlisfræði og skammtafræði. Beiting fallagrunna til lausnar á sjálfsamkvæmum líkönum, Hartree og skyldar nálganir. Aflfræði sameindasafna.
Nauðsynleg undirstaða: Aflfræði (EÐL302G), Inngangur að skammtafræði (EÐL306G), Rafsegulfræði 1 (EÐL401G)
Æskileg undirstaða: Töluleg greining B (STÆ405G)

**EÐL612M • Stærðfræðileg eðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að kynna stærðfræðilegar aðferðir sem nytsamar eru í eðlisfræði og veita þjálfun í beitingu þeirra. Námsefni: Hljóðbylgjur í vökvum og lofttegundum. Spennutensor og þenslutensor, almennar hreyfingarjöfnur fyrir samfellt efni. Jarðskjálftabylgjur. Jöfnur Maxwells og rafsegulbylgjur. Flatar bylgjur, skautun, endurkast og brot. Dreififöll og Fourier-greining. Grunnlausnir og Green-föll hlutafleiðujafna. Bylgjur í einsleitum efnum. Lögmál Huygens og setning Leifs Ásgeirssonar. Tvístur (dispersion. Fasahraði og grúpuhraði. Jöfnur Kramers og Kronigs. Aðferð hins stöðuga fasa. Bylgjur á yfirborði vökva.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**EÐL613M • Skammtafræði 2 • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Kennari: Ivan Shelykh Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum almenna skammtafræði til nokkurrar hlítar. Námsefni: Óaðgreinanlegar agnir, seinni skömmtun.

Þéttleikavirkjar, hrein og blönduð skammtaástönd. Samhverfur í skammtafræði, snúningsgrúpan, samlagning hverfiþunga, setning Wigner-Eckarts. Víxlverkun atóma og geislunar, sjálfgeislun. Brautaheildi Feynmans.
Nauðsynleg undirstaða: Skammtafræði 1 (EÐL509M)

**EÐL614M • Eðlisfræði þéttefnis 1 • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Kennari: Sveinn Ólafsson Vísindamaður
Markmið er að kynna nemendum frumatriði í eðlisfræði þéttefnis. Námsefni: Efnatengi. kristallsgerð þéttefnis, samhverfa kristallsgrinda, nykurgrind. Titringshættir kristalla, hljóðeindir, eðlisvarmi kristallsgrindar, varmaleiðni. Frjálsar rafeindir, borðalíkan þéttefnis, virkur massi. Málmar, einangrarar og hálfleiðarar. Seguleiginleikar efna, ofurleiðni og ofurvökvar. Þrjár verklegar æfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)

**EÐL615M • Nanophotonics • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Kennari: Kristján Leósson
Kennari: Ivan Shelykh Prófessor
Kennari: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
1. Quantization of an EM field: overview
2. Quantum states of light: Fock, coherent and squeezed states
3. Optical properties of Quantum Wells, excitons
4. Planar microcavities, strong coupling regime, polaritons
5. Optics of Quantum dots, Jaynes-Cummings model
6. Description of relaxation processes in quantum optics, master
equation
for density matrix.
7. Optics of metals, Drude model
8. Surface plasmon polaritons
9. Plasmonic nanostructures, local field enhancement and nanoantennas
10. Near field optics, Mie theory
11. Photonic nanocircuits, photonic crystals
12. Metamaterials, negative refractive index and super-resolution

**EÐL616M • Verkleg eðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V7**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið: Að veita nemendum þjálfun í tilraunaeðlisfræði og dýpka skilning þeirra á ýmsum fyrirbærum sem fjallað er um á 4. og 5. misseri. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð í tilraunum og gagnaleit. Námsefni: Gerðar eru 12 allviðamiklar tilraunir í tengslum við rannsóknir í eðlisfræði við Raunvísindastofnun Háskólans. Fjallað verður um Mössbauer-hrif, lofttæmitækni, málmhúðun í lofttæmi, ræktun þunnhúða, rafmælingar á samskeytum málma og hálfleiðara, seigju vökva, samtíma geislamælingar o.fl. Fyrirlestrar eru í nánum tengslum við þessi viðfangsefni.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)
Æskileg undirstaða: Kjarna- og öreindafræði (EÐL506G)

**EFN101G • Almenn efnafræði 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d + 4v**
Umsjónarmaður: Oddur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Gísli Hólmar Jóhannesson Aðjunkt
Grundvallarhugtök atómkenningarinnar; atóm sameindir og jónir. Hlutföll í efnahvörfum. Efnafræði vatnslausna; sýru/basa-oxunar/afoxunar- og fellihvörf. Eiginleikar lofttegunda. Varmafræði; vermi, frjáls Gibbs orka, óreiða. Hraðafræði; hraði og leiðir efnahvarfa. Rafefnafræði og varmafræði rafkera. Efnajafnvægi; sýru/basa jafnvægi leysnimargfeldi og myndunarfasti girðitengja. Eðliseiginleikar lausna. Verklegar æfingar: Mólrúmmál loftkenndra efna, Efnafræðileg varmafræði,Vermi hvarfa og lögmál Hess, hraði efnahvarfa, niðurbrot vetnisperoxíðs, Le Chatelier, ákvörðun jafnvægisfasta með ljósgleypnimælingum, ákvörðun jónunarfasta sýru, rafefnafræði; oxunar/afoxunar hvörf, varmafræði rafkers. Forsenda fyrir próftökurétti er að verklega hlutanum sé lokið að fullu. Hluteinkunn er gefin fyrir verklegu æfingarnar. Vægi hennar er 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunn 5,0 er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.
Hluteinkunn er gefin fyrir verklegu æfingarnar. Vægi hennar er 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunn 5,0 er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.

**EFN102G • Efnafræði 1 • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Oddur Ingólfsson Prófessor
Námskeið fyrir nemendur í læknisfræði. Grundvallar hugtök efnafræðinnar, uppbygging frumeindanna, svigrúm, lotukerfið og lotubundnir eiginleikar. Almenn og sérhæfð atriði um efnatengi og sameindabyggingu. Efnahvörf í vatnslausnum. Lofttegundir, vökvar, föst efni og lausnir. Varma- og hraðafræði efnahvarfa. Efnajafnvægi; sýru-basa, fellingar-, komplex- og afoxunar. Rafefnafræði.

**EFN103G • Efnafræði 2 • (6e) • Haust • 12f + 3d**
Umsjónarkennari: Snorri Þór Sigurðsson Prófessor
Námskeið fyrir nemendur í læknisfræði. Almenn undirstöðuatriði lífrænnar efnafræði. Efnatengi, bygging og þrívíddarmynd lífrænna sameinda; eiginleikar, efnasmíði og efnahvörf helstu efnaflokka; hvarfgangar lífrænna efnahvarfa. Lögð er áhersla á umfjöllun um þau lífrænu efnasambönd, efnahvörf og hvarfganga, sem mikilvægir eru með tilliti til lífefnafræði og læknisfræði almennt.

**EFN104G • Efnafræði 3 • (2e) • Haust**
Umsjónarkennari: Svana Hafdís Stefánsdóttir Aðjúnkt

Kennari: Valgerður Edda Benediktsdóttir Fræðimaður
Námskeið fyrir nemendur í læknisfræði. Verklegar æfingar í almennri og lífrænni efnafræði: Algeng vinnubrögð á tilraunastofu. Magngreining. Greining á jónum í þvagi. Ákvörðun á hvarfvarma og hvarfhraða. Sýru-basa eiginleikar og sýrustigsmælingar. Ákvörðun á jafnvægisfasta efnahvarfs og magngreining á járni í járntöflu með ljósmælingum. Efnasmíði nokkurra lífrænna efna með skiptihvarfi, alkýlun og aldól-þéttingu. Greining lífrænna kennihópa með afleiðum og þunnlagsskilju. Stoðfyrirlestrar tengja saman hagnýt atriði verklegu æfinganna og fræðilega undirstöðu þeirra í samræmi við fjölritað vinnuhefti og kennslubækur.
Skrifleg æfing, 1 klst., sem gildir til helminga á móti hluteinkunn stundakennara.

**EFN105G • Almenn efnafræði L • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d + 3v**
Umsjónarkennari: Sigríður Jónsdóttir Fræðimaður
Almenn og sérhæfð atriði um efnatengi og sameindabyggingu. Efnahvörf. Lofttegundir, vökvar, föst efni og lausnir. Varma- og hraðafræði efnahvarfa. Efnajafnvægi: sýru-basa, fellingar-, komplex- og afoxunar. Rafefnafræði og kjarnefnafræði. Verklegar æfingar í almennri efnafræði: Algeng vinnubrögð á tilraunastofu. Magngreining og nýtni. Greining á jónum í þvagi. Nokkrar einfaldar ákvarðanir á eðliseiginleikum efna. Sýru-basa eiginleikar og sýrustigsmælingar. Ákvörðun á jafnvægisfasta efnahvarfs og magngreining á járni í járntöflu með ljósmælingum. Námsmat: Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.

**EFN106G • Efnafræði I • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigríður Jónsdóttir Fræðimaður
Námskeið fyrir nemendur í tannlæknisfræði. Almenn og sérhæfð atriði um efnatengi og sameindabyggingu. Efnahvörf. Lofttegundir, vökvar, föst efni og lausnir. Varma- og hraðafræði efnahvarfa. Efnajafnvægi: sýru-basa, fellingar-, komplex- og afoxunar. Málmlífrænir komplexar. Rafefnafræði og kjarnefnafræði og málmlífrænir komplexar. Eiginleikar fastefna.

**EFN107G • Tölvureikningar í efnafræði • (4e) • Haust • Stokkur: H • 2f + 2d**
Umsjónarmaður: Hannes Jónsson Prófessor
Í námskeiðinu er notaður stærðfræðihugbúnaður, einkum Matlab, við lausn stærðfræðilegra verkefna í efnafræði. Meðal annars eru heildun, deildun, lausnir diffurjafna og lausnir eigingildisverkefna notaðar til að reikna út títrunarferla, víxlverkun atóma, titring sameinda og hraða efnahvarfa. Kennd eru grunnatriði forritunar, svo sem rökvirkjar og lykkjur. Prófið í námskeiðinu er munnlegt og fer fram við tölvu, en auk þess er gefin 40% hluteinkunn fyrir skilaverkefni sem lögð eru fyrir á misserinu.

**EFN201G • Almenn efnafræði 2 • (8e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d + 4v**
Umsjónarmaður: Oddur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Gísli Hólmar Jóhannesson Aðjunkt
Grunnur skammtafræðinnar og bygging atómsins. Kenning Bohrs um vetnisatómið. Svigrúma og rafeindaskipan frumefnanna, efnatengi og svigrúm sameinda. Gildistengjakenningin (valence bond theory), fráhrindikraftar gildisrafeindapara og formgerð sameindanna. Sameindasvigrúmakenningin (molecular orbital theory). Vökvar og föst efni; fasabreytingar og fasarit. Eiginleikar lausna. Efnafræði andrúmsloftsins og að steðjandi vandamál. Málmar, málmlíki og málmaleysingjar. Efnafræði hliðarmálmanna (Coordination chemistry). Atóm kjarninn og geislavirkni; stöðugleiki kjarnans og kjarnahvörf. Undirstöðuatriði lífrænnar efnafræði. Fjölliður. Verklegt: Þáttbundin greining; jónasamsetning sjávar og drykkjarvatns, alkalí-, jarðalkalí- og hliðarmálmar. Magnbundin greining; sýrustillandi lyf, vítamín C og ediksýra. Efnasmíð; þrjú girðitengji hliðarmálmanna, asetýlsalisýlsýra (asperín) og metýlsalisýlat. Endurnýting áls, afoxandi eiginleikar vítamíns C. Forsenda fyrir próftökurétti er að verklega hlutanum sé lokið að fullu. Hluteinkunn er gefin fyrir verklegu æfingarnar. Vægi hennar er 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunn 5,0 er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.
Æskileg undirstaða: Almenn efnafræði 1 (EFN101G)
Hluteinkunn er gefin fyrir verklegu æfingarnar. Vægi hennar er 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunn 5,0 er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.

**EFN202G • Almenn efnafræði 2 V • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Oddur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Gísli Hólmar Jóhannesson Aðjunkt
Grunnur skammtafræðinnar og bygging atómsins. Kenning Bohrs um vetnisatómið. Svigrúma og rafeindaskipan frumefnanna, efnatengi og svigrúm sameinda. Gildistengjakenningin (valence bond theory), fráhrindikraftar gildisrafeindapara og formgerð sameindanna. Sameindasvigrúmakenningin (molecular orbital theory). Vökvar og föst efni; fasabreytingar og fasarit. Eiginleikar lausna. Efnafræði andrúmsloftsins og að steðjandi vandamál. Málmar, málmlíki og málmaleysingjar. Efnafræði hliðarmálmanna (Coordination chemistry). Atóm kjarninn og geislavirkni; stöðugleiki kjarnans og kjarnahvörf. Undirstöðuatriði lífrænnar efnafræði. Fjölliður.
Æskileg undirstaða: Almenn efnafræði 1 (EFN101G) eða Almenn efnafræði 1 V (EFN301G)

**EFN203G • Efnagreining • (8e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d + 4v**
Umsjónarkennari: Sigurður Víðir Smárason Forstöðumaður
Fyrirlestrar: Grunnhugmyndir magnbundinnar efnagreiningar. Vigtunargreiningar. Títrunargreiningar. Yfirlit yfir efnafræði vatnslausna. Sýru-, basa-, fellingar-, komplex- og afoxunarefnajafnvægi. Fræðilegur grundvöllur og notkun þeirra títrana sem byggðar eru á fyrrgreindum efnajafnvægjum. Inngangur að rafefnafræði. Markspennugreiningar. Rafmassamælingar. Verklegar æfingar: Magngreining á Ni, Mn og Cr í stáli, nikótíni í tóbaki, kalsíni í mjólk, natríum í víni, etýlenglýkóli í frostlegi og járni í járngrýti. Greining á óþekktri amínósýru með spennutítrun. Útspenntar og innspenntar rafsellur. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 25% af heildareinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn efnafræði 1 (EFN101G) eða Almenn efnafræði L (EFN105G)

**EFN204G • Efnafræði III • (4e) • Vor • Stokkur: V • 1f + 5v**
Umsjónarkennari: Svana Hafdís Stefánsdóttir Aðjúnkt
Námskeið fyrir nemendur í tannlæknisfræði. Verklegar æfingar í almennri og lífrænni efnafræði: Algeng vinnubrögð á tilraunastofu. Magngreining og nýtni. Greining á jónum í þvagi. Nokkrar einfaldar ákvarðanir á eðliseiginleikum efna. Sýru-basa eiginleikar og

sýrustigsmælingar. Ákvörðun á jafnvægisfasta efnahvarfs og magngreining á járni í járntöflu með ljósmælingum. Efnasmíði nokkurra lífrænna efna með skiptihvarfi, alkylun og aldólþéttingu. Greining lífrænna kennihópa með afleiðum og þunnlagsskilju. Stoðfyrirlestrar tengja saman hagnýt atriði verklegu æfinganna og fræðilega undirstöðu þeirra í samræmi við fjölritað vinnuhefti og kennslubækur.

**EFN205G • Efnafræði II • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f**
Umsjónarkennari: Jón Karl Friðrik Geirsson Prófessor
Námskeið fyrir nemendur í tannlæknisfræði. Almenn undirstöðuatriði lífrænnar efnafræði. Efnatengi, bygging og þrívíddarmynd lífrænna sameinda; eiginleikar, efnasmíði og efnahvörf helstu efnaflokka; hvarfgangar lífrænna efnahvarfa. Lögð er áhersla á umfjöllun um þau lífrænu efnasambönd, efnahvörf og hvarfganga, sem mikilvægir eru með tilliti til lífefnafræði, ensímahvataðra efnahvarfa og læknisfræði almennt.

**EFN206G • Lífræn efnafræði L • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2u + 3v**
Umsjónarkennari: Jón Karl Friðrik Geirsson Prófessor
Námskeið fyrir nemendur í líffræði. Í fyrirlestrum, sem eru sameiginlegir með námskeiðinu Efnafræði II (09.31.23), verður höfð hliðsjón af viðfangsefnum líffræðinnar. Í verklega hlutanum verður nemendum veitt þjálfun í vinnubrögðum á tilraunastofu. Smíðuð verða lífræn efni með skiptihvarfi, alkýlun og aldól-þéttingu. Greining lífrænna kennihópa með afleiðum og þunnlagsskilju. Námsmat: Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.
Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.

**EFN207G • Eðlisfræði og stærðfræði í efnafræðirannsóknum • (6e) • Vor • Stokkur: V • 2f + 4d**
Notkun eðlisfræði og stærðfræði í efnafræðirannsóknum. Námskeiðið byggir að mestu leiti á verkefnum í varmafræði, hraðafræði og litrófsgreiningum svo og þeim eðlis- og stærðfræðigrunni sem þessar greinar byggja á. Fyrirlestrar verða haldnir af ýmsum aðilum til að kynna nútíma rannsóknir í efnafræði, einkum þeim sem tengjast eðlisfræði og stærðfræði. Notkun eðlisfræði og stærðfræði í efnafræðirannsóknum. Námskeiðið byggir að mestu leyti á verkefnum í varmafræði, hraðafræði og litrófsgreiningum svo og þeim eðlis- og stærðfræðigrunni sem þessar greinar byggja á. Fyrirlestrar verða haldnir af ýmsum aðilum til að kynna nútíma rannsóknir í efnafræði, einkum þeim sem tengjast eðlisfræði og stærðfræði.

**EFN218M • Efni fyrir vetnisþjóðfélagið A • (2e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Hannes Jónsson Prófessor
Vetnisþjóðfélagið og ný efni sem vantar til að gera það að raunveruleika, einkum hvað varðar framleiðslu á vetni, efnarafala og vetnisgeymslu. Helstu efnaferli verða kynnt og sérstöl áhersla lögð á efnahvötun. Efnarafalar byggðir á prótónulækum himnum (PEM) og efnarafalar byggðir á föstum oxíðum (SOF). Framleiðsla með rafgreiningu, ljóseindum og örverum. Geymsla vetnis, einkum í föstum efnum svo sem alanötum, magníum hýdríðum, bórhýdríðum og öðrum vetnisríkum efnum. Fyrirlestrar verða haldnir af 17 fyrirlesurum frá ýmsum Evrópulöndum.

**EFN219M • Efni fyrir vetnisþjóðfélagið B • (4e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Hannes Jónsson Prófessor
Grundvallaratriði eðlisefnafræði og storkueðlisfræði sem undirbúningur fyrir fyrirlestra um vetnisþjóðfélagið og ný efni sem vantar til að gera það að raunveruleika, einkum hvað varðar framleiðslu á vetni, efnarafala og vetnisgeymslu. Helstu efnaferli verða kynnt og sérstöl áhersla lögð á efnahvötun. Efnarafalar byggðir á prótónulækum himnum (PEM) og efnarafalar byggðir á föstum oxíðum (SOF). Framleiðsla með rafgreiningu, ljóseindum og örverum. Geymsla vetnis, einkum í föstum efnum svo sem alanötum, magníum hýdríðum, bórhýdríðum og öðrum vetnisríkum efnum. Fyrirlestrar verða haldnir af 17 fyrirlesurum frá ýmsum Evrópulöndum.

**EFN301G • Almenn efnafræði 1 V • (6e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Oddur Ingólfsson Prófessor
Kennari: Gísli Hólmar Jóhannesson Aðjunkt
Grundvallarhugtök atómkenningarinnar. Stoichiometry. Tegundir efnahvarfa. Eiginleikar lofttegunda. Efnajafnvægi. Sýrur og basar. Efnajafnvægi í vatnslausnum. Efnafræðileg varmafræði. Rafefnafræði. Hraði og leiðir efnahvarfa.

**EFN302G • Eðlisefnafræði A • (8e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 1d + 3v**
Umsjónarmaður: Oddur Ingólfsson Prófessor
Innihald námskeiðs: Orka og fyrsta lögmál varmafræðinnar. Varmaefnafræði. Óreiða og annað og þriðja lögmál varmafræðinnar. Frjáls orka. Fasajafnvægi. Varmafræði lausna og jónalausna. Efnajafnvægi. Varmafræði í lífefnafræði. Rafefnafræði. Flutningsfyrirbæri: Kvikfræði, sveim, seigja og botnfelling. Hraði og gangur efnahvarfa. Lífhvötun. Verklegar æfingar: Kaloríuinnihald efna skv. brennsluvarmamælingum. Fasalínurit og eiming vökvablandna. Jafnvægi efnahvarfa og leysni skv. leiðnimælingum. Hraði efnahvarfa (styrkáhrif og ákvörðun hraðafasta). Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 10% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar 5,0 er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IC (STÆ105G), Eðlisfræði B (EÐL101G) eða Eðlisfræði G (EÐL204G)

**EFN303G • Lífræn efnafræði 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d + 5v**
Umsjónarkennari: Jón Karl Friðrik Geirsson Prófessor
Í fyrirlestrunum verður fjallað um byggingu lífrænna sameinda, þrívíddarmynd þeirra og hvarfgang helstu efnahvarfa. Farið verður yfir efnasmíði og efnahvörf efna sem tilheyra efnaflokkum alkana, alkena, alkyna, alkyl halíða og arómata. Farið verður í NMR greiningar á lífrænum sameindum. Í verklega hlutanum verður nemendum veitt þjálfun í vinnubrögðum á tilraunastofu. Kennd verða almenn vinnubrögð við nýsmíði lífrænna efna.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn efnafræði 1 (EFN101G), Efnagreining (EFN203G)
Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar 5,0 er krafist bæði í

prófseinkunn og hluteinkunn.

**EFN304G • Ólífræn efnafræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Ingvar Helgi Árnason Prófessor
Meginmarkmið þessa námskeiðs er að kynna nemendum undirstöðuatriði varðandi efnatengi og lögun sameinda. Aðaláhersla verður lögð á að nota samhverfu og grúpufræði við að byggja upp sameindasvigrúm einfaldra sameinda og komplexa. VSEPR og VB aðferðir verða einnig notaðar til að bera saman tengi í sameindum og byggingu þeirra. Byggingg og eiginleikar málma og jónefna. Auk þess verða tekin fyrir helstu skilgreiningar á sýru- basa hugtakinu og notkunargildi þeirra jafnt í vatnslausn sem í öðrum leysum. Gefin er hluteinkunn fyrir námskeiðið og er vægi hennar 25% af heildareinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn efnafræði 1 (EFN101G)

**EFN307G • Varmafræði og inngangur að safneðlisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Hannes Jónsson Prófessor
Grunnhugtök og stærðfræðilegar aðferðir í varmafræði, lögmál
varmafræðinnar, varmafræðileg mætti, Legendre ummyndun, Maxwell vensl, jafnvægi, fasabreytingar, tölfræðileg varmafræði fyrir skammtafræðileg kerfi, kjörgas og raungas sameinda, Bose og Fermi kjörgös, eðlisvarmi, Brownsk hreyfing, slembigangur og sveim.

**EFN308G • Málstofa í efnafræði • (0e) • Haust • 2f**
Ýmsir fyrirlesarar ræða efni tengd nýjum rannsóknum í efnafræði og lífefnafræði. Viðfangsefni auglýst jafnóðum.

**EFN401G • Lífræn efnafræði 2 • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d + 5v**
Umsjónarkennari: Guðmundur Gunnar Haraldsson Prófessor
Í fyrirlestrunum verður fjallað um efnasmíði og efnahvörf efna sem tilheyra efnaflokkum alkohóla og fenóla, etera og epoxíða, aldehýða og ketóna, karboxýlsýra, karboxýlsýruafleiða, karbanjóna, amína, sykra og amínósýra. Þá verða kynntar helstu litrófsaðferðir við einkenningu lífrænna efna. Í verklegum æfingum verður fengist við nýsmíði lífrænna efna og efnagreiningu. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar 5,0 er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Lífræn efnafræði 1 (EFN303G)

**EFN402G • Efnagreiningartækni • (8e) • Vor • Stokkur: V5 • 3f + 1d + 5v**
Umsjónarkennari: Sigríður Jónsdóttir Fræðimaður
Rafeindaróf í sýnilegu og útfjólubláu sviði. Flúrljómun. Titringsróf í innrauðu sviði. Atómgleypni og logamæling. Massagreining. Kjarnarófsmæling (NMR). Gasskiljur og vökvaskiljur. Samtengd efnagreiningartæki. Verklegar æfingar: Litrófsmælingar í sýnilegu, útfjólubláu og innrauðu sviði. Flúrljómun. Atómgleypni. Kjarnarófsmælingar. Gasskilja. Vökvaskilja. Gasskilja/massagreinir (GC/MS. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn, m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 25% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar 5,0 er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Almenn efnafræði 2 (EFN201G), Efnagreining (EFN203G), Lífræn efnafræði 1 (EFN303G)

**EFN403G • Eðlisefnafræði B • (8e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 1d + 3v**
Umsjónarkennari: Ágúst Kvaran Prófessor
Ágrip af skammtafræði. Efnatengi. Kraftverkan milli sameinda. Tengsl skammtafræði og litrófsgreiningar. Litrófsaðferðir (örbylgjuróf, IR-róf, ÚF/Sýn-róf, kjarnróf (NMR) og röntgengreining). Öflun upplýsinga um sameindir með litrófsgreiningum. Notkun litrófsaðferða í lífefnafræði. Efni tengt verklegum æfingum (sjá neðar). Verklegar æfingar úr ofangreindu efni og úr efni sem fjallað var um í Eðlisefnafræði A (09.31.34): Lausnavarmamælingar. Jónalausnir. Gufuþrýstingur og gufunarvarmi. Seigjumælingar. Litrófsgreining lífrænna litarefna. Jafnvægi efnahvarfa litrófsgreiningu. Flúrljómun mísellulausna. Kjarnrófsmælingar (NMR. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 20% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar 5,0 er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisefnafræði A (EFN302G)

**EFN404G • Ólífræn efnafræði 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 1d**
Kennari: Sigurjón Norberg Ólafsson Dósent
Fyrirlestrar: Fjallað verður um efnafræði frumefnanna í aðalflokkum lotukerfisins. Áhersla verður lögð á að veita nemendum skiplega yfirsýn með tilliti til lotubundinna eiginleika. Gefin er hluteinkunn fyrir námskeiðið og er vægi hennar 25% af heildareinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Ólífræn efnafræði 1 (EFN304G)

**EFN502G • Sérverkefni í efnafræði • (10e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**EFN504G • BS-verkefni efnafræði • (16e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða BS verkefni í efnafræði er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 6 ECTS námskeið án verklegra æfinga.

**EFN505G • Sérverkefni í efnafræði • (18e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða 9e sérverkefni er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 3e námskeið án

verklegra æfinga.

**EFN506G • Lífræn efnafræði 3 • (8e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Snorri Þór Sigurðsson Prófessor
Í fyrirlestrum verður fjallað um myndun og hvörf enólatanjóna, þ.m.t. alkýlun ketóna og 1,3-díkarbónýlefna, C- og O-alkýlun, aldól-þéttingu og asýlun kolefna. Einnig verður fjallað um afkarboxýlun, og myndun tvítengja. Þá verður einnig fjallað um notkun litrófsaðferða í við greiningu á lífrænum efnasamböndum og hvernig unnt er að finna hvarfaðstæður í tímaritsgreinum með hjálp gagnagrunna (Scifinder), sem mun nýtast nemendum í verklega hluta námskeiðsins. Verklega hlutanum er ætlað að veita nemendum þjálfun í vinnubrögðum á tilraunastofu. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur framkvæma nokkurra skrefa efnasmíði samkvæmt leiðbeiningum uppsláttarbóka og eftir tímaritum: Alkylun 1,3-díkarbónýlefna, afkarboxýlun, aldól-þétting, P-ylíð og Grignard-efnahvarf. Myndefni eru sannreynd með litrófsaðferðum. Skila ber 75% af þeim verkefnum (heimadæmum), sem lögð verða fyrir nemendur, svo próftökuréttur fáist. Gefin er hluteinkunn, m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 40%af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar (5,0) er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Lífræn efnafræði 2 (EFN401G), Efnagreiningartækni (EFN402G)
Prófað verður munnlega úr efni námskeiðsins í desember. Gefin er hluteinkunn fyrir verklegar æfingar sem gildir 40% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar 5,0 er krafist bæði í prófseinkunn og hluteinkunn.

**EFN507G • BS-verkefni efnafræði • (10e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða BS verkefni í efnafræði er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 6 ECTS námskeið án verklegra æfinga.

**EFN509G • Verklegar æfingar í eðlisefnafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Ágúst Kvaran Prófessor
Verklegar æfingar tengdar skammtaefnafræði, safneðlisfræði og varmafræði ásamt stoðfyrirlestrum. Æfingarnar fela í sér bæði tölvureikninga og mælingar.
Notkun litrófsgreiningar til að ákvarða eiginleika sameinda, svo sem gleypniróf lífrænna litarefna og tvíatóma gassameinda. Varmarýmd gasefna við lágt hitastig. Varmaskipti í efnahvörfum, gufuþrýstingur vökva, þurrgufun fastra efna, kristöllun.
Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í hluteinkunn fyrir verklegar æfingar og í prófseinkunn.

**EFN509M • Eðlisefnafræði 4 • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Ágúst Kvaran Prófessor
Snúnings-, titrings- og rafeinda-litróf og litrófsgreiningar sameinda. Litrófsgreiningar í segulsviði, NMR. Röntgengreining kristalla. Raf- og seguleiginleikar efna. Ljósefnafræði og hvarfslóðir efnahvarfa. Verklegar æfingar tengdar ofangreindu efni og efni sem fjallað er um í eðlisefnafræði 3 (09.31.40): Leiðni í raflausnum, hraði efnahvarfa og ljósefnafræði, ljómun sameinda á sýnilega og útfjólubláa litrófssviðinu, IR litróf og titringshættir sameinda, NMR róf og tvískautsvægi sameinda. Tölvuútreikningar á titringi og efnahvörfum sameinda. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 20% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisefnafræði 3 (09.31.40)

**EFN510M • Ólífræn efnafræði 3 • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 5v**
Umsjónarmaður: Sigurjón Norberg Ólafsson Dósent
Fyrirlestrar: Girðiefnafræði: Hvarfgangar og hraðafræði í efnafræði hliðarmálma. Rúmfræði efnahvarfa. Málmlífræn efnafræði. Lífrænir tengihópar og nafnakerfi. Meginatriði varðandi tengi málms við kolefni. Helstu flokkar málmlífrænna efna, hvörf þeirra og hvarfgangar. Rófaljósmælingar í greiningu málmlífrænna komplexa. Málmlífræn hvörf og hvötun. Verklegt: Smíði klassískra málmkomplexa, efnasambanda frumefna aðalflokkanna og málmlífrænna efnasambanda. Kynntar verða helstu aðferðir og tækni við smíði ólífrænna efnasambanda, svo sem lofttæmitækni og hvörf við vatns- og ildissnauðar aðstæður, háhitahvörf og þurrgufun. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn, m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 33% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Ólífræn efnafræði 2 (EFN404G)
Æskileg undirstaða: Efnagreiningartækni (EFN402G)

**EFN601G • Sérverkefni í efnafræði • (10e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**EFN602G • Sérverkefni í efnafræði • (10e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**EFN606G • BS-verkefni efnafræði • (16e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða BS verkefni í efnafræði er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 6 ECTS námskeið án verklegra æfinga.

**EFN608M • Lífræn efnafræði 4: Lífrænar efnasmíðar • (10e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Guðmundur Gunnar Haraldsson Prófessor
Umsjónarkennari: Snorri Þór Sigurðsson Prófessor
Í námskeiðinu verður fjallað um nýrri aðferðir sem beitt er við efnasmíði lífrænna efnasambanda og leitast við að byggja kerfisbundið upp þekkingu til að fjalla um nútímalegar lífrænar efnasmíðar. Byggt verður ofan á þá þekkingu sem þegar liggur fyrir hjá nemendum að loknum námskeiðunum LE 1, LE 2 og LE 3, sem eru forkröfur þessa námskeiðs. Fjallað verður um margvísleg kjarnsækin skiptihvörf og rafsækin álagningarhvörf, nútímalega málmlífræna efnafræði, heterohringi, afoxun og sértæka afoxunarmiðla, hringhverf efnahvörf og Woodward-Hoffmann reglurnar, oxanir og umraðanir. Fjallað verður um rúmefnafræði og stjórnun á henni og mikilvægi hennar í nútímalegum lífrænum efnasmíðum. Þá verður fjallað verður um notkun ensíma í lífrænum efnasmíðum. Fjallað verður um verndarhópa og mikilvægi þeirra í lífrænum efnasmíðum. Fjallað verður um ýmsar kerfisbundnar leiðir er koma við sögu við hönnun og útfærslu á lífrænum efnasmíðum eins og umskautun (umpolung), baksmíðar og baksmíðagreiningu ásamt hugtökum og fræðum þar að baki. Loks verður fjallað um allnokkrar klassískar fjölskrefa lífrænar efnasmíðar á flóknum náttúruefnum og hvernig þróunin hefur orðið í gegnum tíðina. Hugmyndin er að kryfja slíkar efnasmíðar niður í kjölinn.
Námskeiðið er einkum ætlað nemendum í framhaldsnámi í efnafræði, en einnig nemendum sem uppfylla forkröfurnar. Meginmarkmiðið er að gera nemendur læsa á lífrænar efnasmíðar eins og þær eru útfærðar í dag.

Nauðsynleg undirstaða: Lífræn efnafræði 3 (EFN506G)

**EFN610M • Ólífræn efnafræði 4 • (10e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f**
Umsjónarkennari: Ingvar Helgi Árnason Prófessor
Fyrirlestrar: Lotubundnir eiginleikar málma og málmleysingja í ólífrænni efnafræði. Ólífræn búr, hringir og þyrpi. Þáttur ólífrænnar efnafræði í lífefnum.
Nauðsynleg undirstaða: Ólífræn efnafræði 3 (EFN510M)

**EFN611G • BS-verkefni efnafræði • (16e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða BS verkefni í efnafræði er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 6 ECTS námskeið án verklegra æfinga.

**EFN611M • Ólífræn efnafræði 4 (án verklegra tíma) • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f**
Umsjónarkennari: Ingvar Helgi Árnason Prófessor
Í þessu námskeiði eru ekki verklegir tímar.
Fyrirlestrar: Lotubundnir eiginleikar málma og málmleysingja í ólífrænni efnafræði. Ólífræn búr, hringir og þyrpi. Þáttur ólífrænnar efnafræði í lífefnum.
Nauðsynleg undirstaða: Ólífræn efnafræði 3 (EFN510M)

**EFN612G • Sérverkefni í efnafræði • (18e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða 9e sérverkefni er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 3e námskeið án verklegra æfinga.

**EFN613G • Sérverkefni í efnafræði • (18e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða 9e sérverkefni er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 3e námskeið án verklegra æfinga.

**EFN614G • BS-verkefni efnafræði • (10e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða BS verkefni í efnafræði er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 6 ECTS námskeið án verklegra æfinga.

**EFN615G • BS-verkefni efnafræði • (10e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í efnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum. Jafnhliða BS verkefni í efnafræði er heimilt að taka skylduvalsnámskeið 6. misseris sem 6 ECTS námskeið án verklegra æfinga.

**EFN616G • Útreikningar á eiginleikum efna og hraða efnabreytinga • (8e) • Vor**
Umsjónarkennari: Hannes Jónsson Prófessor
Ígildi námskeiðsins Eðlisefnafræði 5 í kennsluskrá 2007-2008.
Skammtafræðilegir reikningar á rafeindadreifingu í efnum og
ýmsum efnafræðilegum eiginleikum efna með Hartree-Fock, MP2, CI og DFT aðferðunum.

Spuni og víxlverkun hans við hverfiþunga og ytra
svið. Hraði efnabreytinga (efnahvarfa eða sveims) reiknaður út frá virkjunarástandskenningunni, bæði innan kjörsveifilsnálgunar og almennt út frá fríu orkunni, klassískt og skammtafræðilega.
Verklegar æfingar sem fela í sér forritun og tölvureikninga.

**LEF101G • Lífefnafræði H • (6e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Hörður Filippusson Prófessor
Inntak/viðfangsefni:
Námskeið fyrir nemendur í hjúkrunarfræðideild. Fyrstu vikum námskeiðsins er varið í efnafræði lífrænna sameinda þar sem fjallað er um kolvetni, alkóhól, aldehíð, ketóna, lífrænar sýrur, estera, amína og amíða. Að því loknu vikum er námsefnið almenn lífefnafræði. Öllum helstu grunnatriðum eru gerð nokkur skil. Fjallað er um gerð lífefna, próteina, ensíma, kolhýdrata, fituefna og kjarnsýra. Einnig er fjallað um efnaskipti, meginleiðir efnaskipta og tengsl þeirra. Námskeiðinu lýkur síðan með stuttri umfjöllun um valda þætti í klínískri lífefnafræði m.a. líkamsvökva og samsetningu þeirra, sýru-basa jafnvægi mannslíkamans, lifrar- og nýrnastarfsemi og lífefnafræði hjarta- og æðasjúkdóma. Nánari upplýsingar verða veittar í upphafi námskeiðsins.

Próf verður í formi fjölvalsspurninga. Eingöngu verður prófað úr efni, sem fjallað er um í uppgefinni kennslubók og ljósritum frá kennara.

**LEF301G • Lífefnafræði A • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Baldur Símonarson Dósent
Námskeið í almennri lífefnafræði fyrir nemendur í lyfjafræði, næringarfræði, tannlækningum og líffræði.
Fyrirlestrar: Lífsameindir. Efnafræði amínósýra, próteina, kolhýdrata og fituefna. Ensím og ensímhvött efnahvörf. Efnaskipti kolhýdrata, fituefna og nitursambanda. Samþætting efnaskipta.
Nemendur í líffræði taka námskeiðið LÍF314G Verklegar æfingar í lífefnafræði fyrir líffræðinema samhliða þessu námskeiði.
Skriflegt krossapróf í lok misseris.

**LEF302G • Lífefnafræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Bjarni Ásgeirsson Prófessor
Fjallað verður ítarlega um grundvallaratriði fyrri hluta almennrar lífefnafræði, einkum eiginleika og myndbyggingu risasameinda. Efni fyrirlestra: Viðfangsefni lífefnafræðinnar; millisameindahrif lífefna í vatnslausnum; amínósýrur, peptíðtengi og myndbygging próteina; svipmótun próteina og stöðugleiki; sykrur og fjölsykrur; fitur og frumuhimnur; hraðafræðilegir eiginleikar ensíma og stjórn ensímvirkni; ensímhvötun og hvarfgangar ensíma; samsetning kjarnsýra og myndbygging; DNA stöðugleiki; lífupplýsingafræði. Gefin er hluteinkunn fyrir stöðupróf utan próftíma sem hefur vægið 0,15 á móti prófseinkunn.

**LEF401G • Lífefnafræði T • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1u**
Umsjónarkennari: Baldur Símonarson Dósent
Námskeið í lífefnafræði ætlað tannlæknanemum.
Fyrirlestrar: Melting og frásog. Flutningur lofttegunda með blóði. Bufferkerfi líkamans. Næring með áherslu á tannheilsu. Sykruprótein, flókin fituefni. Stoðprótein og stoðvefur, C-vítamín. Breytingar eftir próteinsmíð. Viðgerðir á DNA. Oxunarálag og oxunarvarnir. Lífefnafræði öldrunar. Kalsíumhagur og bein, D-vítamín. Prótein í blóði. Blóðsegamyndun og blóðsegaleysing. Blóð, járn og blóðmyndandi vítamín. Hlutverk lifrar. Flutningur fituefna í blóði. Hormón. Stýring genatjáningar, A-vítamín. Stýring blóðsykurs, sykursýki.
Hver nemandi heldur tvö erindi og skilar tveimur ritgerðum um valið efni um næringu og tannheilsu og kalsíumhag og bein. Hvor ritgerð gildir 15% heildareinkunnar. Skriflegt próf í lok misseris gildir 70% og það skiptist í stuttar spurningar og ritgerðaverkefni.

**LEF405G • Lífefnafræði B • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f**
Umsjónarkennari: Hörður Filippusson Prófessor
Námskeið fyrir nemendur í lyfjafræðideild um ýmsa sértæka þætti úr lífefnafræði: Kjarnsýrur, próteinsmíð. Erfðatækni. Prótein og ensím. Áhrif lyfja á prótein. Próteinlyf. Fituefni og himnur. Hormón og boðefni. Melting, frásog og næring.

Nauðsynleg undirstaða: Lífefnafræði A (LEF301G)
Námsmat byggist á skriflegu prófi, m.a. fjölþættum spurningum og ritgerðum. Lágmarkseinkunn til að standast próf er 5,0.

**LEF406G • Lífefnafræði 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Jón Bragi Bjarnason Prófessor
Námskeið í lífefnafræði ætlað lífefnafræði-, matvælafræði- og næringarfræðinemum.
Fjallað verður ítarlega um grundvallaratriði síðari hluta almennrar lífefnafræði, einkum orkubúskap lífvera og efnaskiptaferli. Efni fyrirlestra: Líforkufræði. Glýkólýsa. Nýmyndun glúkósa og pentósaferli. Efnaskipti glýkógens, stýring efnaskiptaferla. Sítrónusýruhringur. Niðurbrot fitusýra. Efnaskipti amínósýra og þvagefnishringur. Rafeindaberakeðjan og ildisháð fosfórýlering. Ljóstillífun. Smíð kolhýdrata í plöntum og bakteríum, glýoxýlathringur. Smíð fituefna. Smíð amínósýra. Smíð og niðurbrot púrína, pyrimidína, núkleotíða og hems. Samþætting og hormónastýring efnaskiptaferla.

Á misserinu eru haldin tvö stöðupróf utan venjulegs próftíma. Sú einkunn sem er hærri gildir 16,7% heildareinkunnar.

**LEF501G • Sérverkefni í lífefnafræði • (10e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF501M • Lífefnafræði 3 • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 2f + 10v**
Umsjónarkennari: Bjarni Ásgeirsson Prófessor

Aðstoðarkennari: Magnús Már Kristjánsson Dósent
Verklegar æfingar í lífefnafræði. Einangrun ensíma og mælingar á hraðafræðilegum eiginleikum ensíms. Rafdráttur próteina. Stöðugleiki próteina. Sértæk efnahvörf próteina. Samskipti tengla og próteins. Mótefnafelling. DNA einangrun og notkun skerðiensíma. Lífupplýsingar í tölvu. Stoðfyrirlestrar tengja saman hagnýt atriði verklegu æfinganna og fræðilega undirstöðu þeirra, sem kemur fram í fjölrituðum vinnuseðlum og kennslubókum. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn, m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 2/3 af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Lífefnafræði 1 (LEF302G)

**LEF505G • BS-verkefni í lífefnafræði • (16e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF505G • BS-verkefni í lífefnafræði • (16e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF506G • Sérverkefni í lífefnafræði • (16e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkfefni í lífefnafræði eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF507G • BS-verkefni í lífefnafræði • (10e) • Haust**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF508G • Hagnýtt lífefnafræði G • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Hörður Filippusson Prófessor
Þessu námskeiði er ætlað að gefa stúdentum innsýn í nokkra þætti hagnýttrar lífefnafræði og lífefnatækni, með áherslu á prótein (protein biotechnology). Fyrirlestrar: Notkun próteina í iðnaði og til lækninga. Notkun ensíma í iðnaðarferlum. Kyrrsett ensím og hagnýting þeirra. Lífefnanemar (biosensors). Lífefnagreining. Sjálfvirkni í lífefnagreiningu. Hreinvinnsla lífefna og uppskölun vinnsluferla. Umræðufundir: Nýlegar vísindagreinar kynntar og ræddar. Erindi flutt af nemendum. Skoðunarferðir í nokkur framleiðslufyrirtæki.

Æskileg undirstaða: Lífefnafræði 3 (LEF501M)
Fyrir þá sem taka 6 einingar gildir skriflegt próf (ritgerðaverkefni) 75% og frammistaða í flutningi erinda 25%. Fyrir þá sem taka 10 einingar gildir skriflegt próf 45%, frammistaða í flutningi erinda 15% og viðbótarverkefni 40%.

**LEF601G • Sérverkefni í lífefnafræði • (10e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF602G • BS-verkefni í lífefnafræði • (16e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF606G • Sérverkefni í lífefnafræði • (10e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF607G • Sérverkefni í lífefnafræði • (16e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkfefni í lífefnafræði eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF608G • Sérverkefni í lífefnafræði • (16e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að sérverkfefni í lífefnafræði eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum um sérverkefni. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF609G • BS-verkefni í lífefnafræði • (10e) • Vor**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF610G • BS-verkefni í lífefnafræði • (10e) • Sumar**
Nemendum er gefinn kostur á að vinna að BS-verkefni í lífefnafræði, eftir því sem aðstæður leyfa, skv. reglum námsbrautar í efnafræði. Verkefnið er unnið undir umsjón tveggja manna og skal a.m.k. annar þeirra tilheyra efnafræðiskor. Verkefninu lýkur með samningu ritgerðar, sem metin er til einkunnar af umsjónarmönnum.

**LEF611G • Efnafræði ensíma G • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Jón Bragi Bjarnason Prófessor
Einangrun, hreinsun og greining próteina. Myndbygging próteina. Hraði og hvarfgangur ensímhvataðra hvarfa. Stjórnun ensímhvarfa. Fjölensímasambönd.
Æskileg undirstaða: Lífefnafræði 3 (LEF501M)

**LEF612G • Bygging og eiginleikar próteina • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Magnús Már Kristjánsson Dósent
Fjallað er um einkenni 1.-4. stigs byggingastiga prótein og hvernig þau ákvarða ýmsa eiginleika þeirra. Flokkun próteina á grundvelli myndbygginga og einkenni. Leitast er við að skýra samband myndbyggingar og eiginleika próteina með mismunandi líffræðileg hlutverk. Farið er yfir helstu byggingarþætti sem ákvarða stöðugleika myndbyggingar próteina, sem og afmyndun þeirra og svipmótunarferli. Fjallað er um áhrif þátta á borð við hitastig, sýrustigs, salta og afmyndara á stöðugleika próteina. Kynntar eru helstu aðferðir sem notaðar eru við rannsóknir á byggingar- og eðliseiginleikum próteina.
Nauðsynleg undirstaða: Lífefnafræði 1 (LEF302G)

**SEÐ401G • Almenn stjarnvísindi • (6e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Einar H Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum heimsmynd nútíma stjarnvísinda og helstu rannsóknaraðferðir stjarnvísindamanna. Auk almenns menntunargildis ætti námskeiðið að geta orðið undirstaða fyrir þá sem vilja kenna stjörnufræði í framhaldsskólum. Kennsla fer fram með fyrirlestrum, umræðum, einföldum dæmareikningi og stjörnuskoðun. Námsefni m.a.: Sígild stjarnfræði: Stjörnuhiminninn, hreyfingar himintungla, tímatal. Þættir úr sögu stjarnfræðinnar. Sjónaukar og mælitækni. - Sólkerfið: Sólin, reikistjörnurnar og tungl þeirra, halastjörnur. Uppruni sólkerfisins.- Eiginleikar og þróun sólstjarna: Tvístirni. Breytistjörnur. Stjörnusprengingar. Tifstjörnur og röntgenstjörnur. Hvítir dvergar, nifteindastjörnur og svarthol. - Efnið milli stjarnanna. Geimgeislar. Vetrarbrautin. Venjulegar vetrarbrautir. Virkar vetrarbrautir: Útvarpsvetrarbrautir og dulstirni. - Heimsfræði: Gerð, uppruni og þróun alheimsins. Myndun frumefnanna. Líf í alheimi. Umræðutímar og stjörnuskoðun þegar veður leyfir.

**SEÐ502M • Stjarneðlisfræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H7**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Páll Jakobsson Dósent
Að öllu jöfnu kennt annað hvert ár þegar ártal er oddatala. Markmið: Að kynna undirstöðuatriði og aðferðir stjarneðlisfræðinnar. Áhersla er lögð á notkun eðlisfræði við líkanagerð og útskýringar á stjarnfræðilegum fyrirbærum. Námsefni m.a.: Eðli sólstjarna. Ástandsjafna, orkuframleiðsla og orkuflutningur. Geislun. Gerð og þróun sólstjarna. Hamfaraskeið í þróun þeirra: Þyngdarhrun og stjörnusprengingar. Eðlisfræði hvítra dverga, nifteindastjarna og svarthola. Þéttstæð tvístirni og röntgenstjörnur. Tifstjörnur. Vetrarbrautir af ýmsum gerðum, myndun þeirra og þróun. Virkni í kjörnum vetrarbrauta. Efnið milli stjarnanna. Segulsvið í geimnum. Geimgeislar. Valin atriði úr heimsfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIC (STÆ206G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**SEÐ601G • Líf í alheimi • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarmaður: Einar H Guðmundsson Prófessor
Valgrein fyrir nemendur raunvísindadeildar og aðra sem áhuga hafa. Að öllu jöfnu kennt annað hvert ár þegar ártal er oddatala. Markmið: Að kynna nemendum stjörnulíffræði (e. astrobiology), svið þar sem vísindamenn í stjörnufræði, líffræði, jarðfræði, eðlisfræði og efnafræði vinna saman að rannsóknum á uppruna efnisins, stjörnukerfa og lífsins. Námsefni: Myndun léttra frumefna í frumheimi og þyngri frumefna í sólstjörnum og umhverfi þeirra. Uppruni vetrarbrauta, sólkerfa, sólstjarna og reikistjarna. Myndun sameinda og rykkorna. Sameindir í efninu á milli stjarna og reikistjarna. Eiginleikar kolefnis og annarra frumefna sem virðast nauðsynleg fyrir lífið. Þættir úr lífefnafræði og varmafræði. Myndun og þróun jarðarinnar. Uppruni vatns. Lofthjúpurinn. Jörðin borin saman við aðrar reikistjörnur. Hvað er líf og hvers þarfnast það? Uppruni og þróun lífs á jörðinni. Líf við jaðaraðstæður í hverum, ís og djúpsjávarhverum. Áhrif loftsteinaárekstra og nálægra stjörnusprenginga á jörðina og lífríki hennar. Er líf annars staðar í sólkerfinu, t.d. á Mars, Evrópu eða Títan? Byggileg svæði í alheimi. Reikistjörnur í öðrum sólkerfum. Leitin að lífi utan sólkerfisins, þar á meðal vitsmunalífi. Þversögn Fermis. Mannhorf.

**STÆ001M • Málstofa í stærðfræði • (0e) • Haust • 2f**
Ýmsir fyrirlesarar ræða efni tengd nýjum rannsóknum í stærðfræði. Viðfangsefni auglýst jafnóðum.

**STÆ002M • Málstofa í stærðfræði • (0e) • Vor • 2f**
Ýmsir fyrirlesarar ræða efni tengd nýjum rannsóknum í stærðfræði. Viðfangsefni auglýst jafnóðum.

**STÆ101G • Stærðfræðigreining IA • (8e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 3d**

Kennari: Jón Ingólfur Magnússon Prófessor
Talnakerfin. Rauntölur og hugtökin efra mark og neðra mark, tvinntölur. Mengi náttúrulegra talna og þrepasannanir. Föll og varpanir. Runur og runumarkgildi. Raðir. Samleitnipróf og skilorðsbundin samleitni raðar. Markgildi og samfelld föll. Helstu eiginleikar samfelldra falla. Hornaföll. Diffrun. Helstu reglur um diffrun. Útgildi. Meðalgildissetningin. Nálgun diffranlegra falla með margliðum. Tegrun. Tengsl tegrunar og diffrunar. Ýmis algeng föll. Ýmsar aðferðir til að reikna út stofnföll. Veldaraðir. Fyrsta stigs diffurjöfnur. Tvinngild föll og annars stigs diffurjöfnur.

**STÆ103G • Stærðfræðigreining IIB • (6e) • Haust • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Kennari: Þorvaldur Búason
Opin mengi og lokuð. Varpanir, markgildi og samfelldni. Deildanlegar varpanir, hlutafleiður og keðjuregla. Jacobi-fylki. Stiglar og stefnuafleiður. Blandaðar hlutafleiður. Ferlar. Vigursvið og streymi. Sívalningshnit og kúluhnit. Taylor-margliður. Útgildi og flokkun stöðupunkta. Skilyrt útgildi. Fólgin föll og staðbundnar andhverfur. Ferilheildi, stofnföll. Heildun falla af tveimur breytistærðum. Óeiginleg heildi. Setning Greens. Einfaldlega samanhangandi svæði. Breytuskipti í tvöföldu heildi. Margföld heildi. Breytuskipti í margföldu heildi. Heildun á flötum. Flatarheildi vigursviðs. Setningar Stokes og Gauss.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IB (STÆ201G) eða Stærðfræðigreining IA (STÆ101G), Línuleg algebra B (STÆ208G) eða Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ104G • Stærðfræðigreining IB • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Rögnvaldur Möller Prófessor
Rauntölur. Markgildi og samfelld föll. Deildanleg föll, reglur um afleiður, afleiður af hærri röð, stofnföll. Notkun deildareiknings: Útgildisverkefni, línuleg nálgun. Torræð föll. Meðalgildissetning, setningar l'Hôpitals og Taylors. Heildun: Ákveðin heildi og reiknireglur fyrir þau. Undirstöðusetning deilda- og heildareikningsins. Heildunartækni, óeiginleg heildi. Notkun heildareiknings: Bogalengd, flatarmál, rúmmál, þungamiðjur. Runur og raðir, samleitnipróf. Veldaraðir, Taylor-raðir. Venjulegar afleiðujöfnur: Aðskiljanlegar og einsleitar afleiðujöfnur fyrstu raðar, línulegar afleiðujöfnur fyrstu raðar, línulegar afleiðujöfnur annarrar raðar með fastastuðlum.

**STÆ105G • Stærðfræðigreining IC • (8e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 3d**
Kennari: Elínborg Ingunn Ólafsdóttir Dósent
Samleitni og samfelldni. Diffur- og tegurreikningur falla af einni breytistærð. Hornaföll, veldisföll og lograföll. Línulegar fyrsta stigs diffurjöfnur. Diffurjöfnur þar sem aðskilja má breytistærðir. Vektorar og fylkjareikningur. Tvinntölur. Áhersla verður lögð á að þjálfa nemendur í skilja og nota stærðfræðileg hugtök, dæmareikning og notkun stærðfræði sem hjálpartæki í ýmsum greinum.
Skiladæmi, ásamt prófum á misserinu, hafa 50% vægi. Mæti nemandi í ekkert eða aðeins eitt misserispróf eykst vægi lokaeinkunnar í 75% eða 100%.

**STÆ106G • Línuleg algebra A • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Jón Kristinn Arason Prófessor
Áhersla lögð á fræðilega hlið efnis. Línuleg jöfnuhneppi, fylkjareikningur, Gauss-Jordan-aðferð. Tvinntölur. Vigurrúm og hlutrúm þeirra. Línulega óháð hlutmengi í vigurrúmi, grunnar og vídd. Línulegar varpanir, myndrúm og núllrúm. Innfeldi, lengd og horn. Rúmmál í margvíðu hnitarúmi og krossfeldi í þrívíðu hnitarúmi. Flatneskjur, stikaframsetning og fólgin framsetning. Hornrétt ofanvörp og þverstaðlaðir grunnar. Aðferð Grams og Schmidts og aðferð minnstu fervika. Ákveður og andhverfur fylkja. Eigingildi, eiginvigrar og hornalínugerningur. Samhverf fylki og þverstöðluð fylki. Rófsetning. Heimfærsla.

**STÆ107G • Línuleg algebra B • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jón Kristinn Arason Prófessor
Línuleg jöfnuhneppi, fylkjareikningur, Gauss-Jordan-aðferð. Tvinntölur. Vigurrúm og hlutrúm þeirra. Línulega óháð hlutmengi í vigurrúmi, grunnar og vídd. Línulegar varpanir, myndrúm og núllrúm. Innfeldi, lengd og horn. Rúmmál í margvíðu hnitarúmi og krossfeldi í þrívíðu hnitarúmi. Flatneskjur, stikaframsetning og fólgin framsetning. Hornrétt ofanvörp og þverstaðlaðir grunnar. Aðferð Grams og Schmidts og aðferð minnstu fervika. Ákveður og andhverfur fylkja. Eigingildi, eiginvigrar og hornalínugerningur. Samhverf fylki og þverstöðluð fylki. Rófsetning. Heimfærsla.

**STÆ201G • Stærðfræðigreining IB • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Kennari: Þorvaldur Búason
Rauntölur. Markgildi og samfelld föll. Deildanleg föll, reglur um afleiður, afleiður af hærri röð, stofnföll. Notkun deildareiknings: Útgildisverkefni, línuleg nálgun. Torræð föll. Meðalgildissetning, setningar l'Hôpitals og Taylors. Heildun: Ákveðin heildi og reiknireglur yrir þau. Undirstöðusetning deilda- og heildareikningsins. Heildunartækni, óeiginleg heildi. Notkun heildareiknings: Bogalengd, flatarmál, rúmmál, þungamiðjur. Runur og raðir, samleitnipróf. Veldaraðir, Taylor-raðir. Venjulegar afleiðujöfnur: Aðskiljanlegar og einsleitar afleiðujöfnur fyrstu raðar, línulegar afleiðujöfnur fyrstu raðar, línulegar afleiðujöfnur annarrar raðar með fastastuðlum.

**STÆ202G • Mengi og firðrúm • (8e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 3d**
Mengjafræði: Vensl; jafngildisvensl og raðvensl. Teljanleg mengi og óteljanleg. Samstétta mengi. Uppbygging talnakerfanna. Frumatriði um firðrúm: Opin mengi og lokuð, samleitnar runur og Cauchy-runur, þéttipunktar. Samfelldni og samfelldni í jöfnum mæli. Samleitni og samleitni í jöfnum mæli. Fallarunur og fallaraðir. Þjöppuð firðrúm. Samhangandi mengi. Fullkomin firðrúm og fullkomnun firðrúms. Fastapunktssetning Banachs; tilvistarsetning um afleiðujöfnu fyrstu raðar. Kennslubækur ákveðnar síðar.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IA (STÆ101G), Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ203G • Líkindareikningur og tölfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor
Kennari: Birgir Hrafnkelsson Lektor
Útkomurúm, atburðir, líkindi, jöfn líkindi, óháðir atburðir, skilyrt líkindi. Slembistærð, dreififall, þéttleiki, samdreifing, óháðar stærðir, skilyrt dreifing. Meðalgildi, dreifni, fylgni, meðalgildislögmálið. Mikilvægar strjálar stærðir. Veldisstærð, Poisson-ferli. Normleg stærð, höfuðsetning tölfræðinnar. Úrtak, lýsistærð, dreifing meðaltals og úrtaksdreifni normlegs úrtaks. Punktmat, vægis- og sennileikametlar,

meðalferskekkja, bjagi. Bilmat og tilgátupróf fyrir normleg úrtök, tvíkostaúrtök og veldisúrtök. Aðhvarfsgreining. Mátgæði og stikalaus próf. Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IB (STÆ201G) eða Stærðfræðigreining IA (STÆ101G), Línuleg algebra B (STÆ208G) eða Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ204G • Inngangur að líkinda- og tölfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 3d + 1æ**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor
Kennari: Birgir Hrafnkelsson Lektor
Útkomurúm, atburðir, líkindi, jöfn líkindi, óháðir atburðir, skilyrt líkindi. Slembistærð, dreififall, þéttleiki, samdreifing, óháðar stærðir, skilyrt dreifing. Meðalgildi, dreifni, fylgni, meðalgildislögmálið. Mikilvægar strjálar stærðir. Veldisstærð, Poisson-ferli. Normleg stærð, höfuðsetning tölfræðinnar. Úrtak, lýsistærð, dreifing meðaltals og úrtaksdreifni normlegs úrtaks. Punktmat, vægis- og sennileikametlar, meðalferskekkja, bjagi. Bilmat og tilgátupróf fyrir normleg úrtök, tvíkostaúrtök og veldisúrtök. Aðhvarfsgreining. Mátgæði og stikalaus próf. Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IA (STÆ101G) eða Stærðfræðigreining IB (STÆ201G), Línuleg algebra A (STÆ106G) eða Línuleg algebra B (STÆ208G)

**STÆ205G • Stærðfræðigreining IIB • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Rögnvaldur Möller Prófessor
Opin mengi og lokuð. Varpanir, markgildi og samfelldni. Deildanlegar varpanir, hlutafleiður og keðjuregla. Jacobi-fylki. Stiglar og stefnuafleiður. Blandaðar hlutafleiður. Ferlar. Vigursvið og streymi. Sívalningshnit og kúluhnit. Taylor-margliður. Útgildi og flokkun stöðupunkta. Skilyrt útgildi. Fólgin föll og staðbundnar andhverfur. Ferilheildi, stofnföll. Heildun falla af tveimur breytistærðum. Óeiginleg heildi. Setning Greens. Einfaldlega samanhangandi svæði. Breytuskipti í tvöföldu heildi. Margföld heildi. Breytuskipti í margföldu heildi. Heildun á flötum. Flatarheildi vigursviðs. Setningar Stokes og Gauss.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IB (STÆ201G) eða Stærðfræðigreining IA (STÆ101G), Línuleg algebra B (STÆ208G) eða Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ206G • Stærðfræðigreining IIC • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Rögnvaldur Möller Prófessor
A:Opin mengi og lokuð. Varpanir, markgildi og samfelldni. Deildanlegar varpanir, hlutafleiður og keðjuregla. Jacobi-fylki. Stiglar og stefnuafleiður. Blandaðar hlutafleiður. Ferlar. Vigursvið og streymi. Sívalningshnit og kúluhnit. Taylor-margliður. Útgildi og flokkun stöðupunkta. Skilyrt útgildi. Fólgin föll og staðbundnar andhverfur. Ferilheildi, stofnföll. Heildun falla af tveimur breytistærðum. Óeiginleg heildi. Setning Greens. Einfaldlega samanhangandi svæði. Breytuskipti í tvöföldu heildi. Margföld heildi. Breytuskipti í margföldu heildi. Heildun á flötum. Flatarheildi vigursviðs. Setningar Stokes og Gauss.
B: Fourier-greining. Fourier-raðir á rauntalna- og tvinntalnaformi, samfelldar og strjálar Fourier-myndir. Áhersla verður lögð á að þjálfa nemendur í að leysa dæmi og jafnframt verður bent á, hvernig stærðfræði er notuð sem hjálpartæki í ýmsum greinum.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IB (STÆ201G) eða Stærðfræðigreining IA (STÆ101G), Línuleg algebra B (STÆ208G) eða Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ207G • Stærðfræðigreining IIA • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Reynir Axelsson Dósent
Áhersla er lögð á fræðilega hlið efnisins. Stefnt er að því að nemendur öðlist skilning á grundvallarhugtökum og kunni að beita þeim, bæði í fræðilegu samhengi og í útreikningi. Opin mengi og lokuð. Varpanir, markgildi og samfelldni. Diffranlegar varpanir, hlutafleiður og keðjuregla. Jacobi-fylki. Stiglar og stefnuafleiður. Blandaðar hlutafleiður. Ferlar. Vigursvið og streymi. Sívalningshnit og kúluhnit. Taylor-margliður. Útgildi og flokkun stöðupunkta. Skilyrt útgildi. Fólgin föll og staðbundnar andhverfur. Ferilheildi, stofnföll og nákvæmar afleiðujöfnur. Heildun falla af tveimur breytistærðum. Óeiginleg heildi. Setning Greens. Einfaldlega samanhangandi svæði. Breytuskipti í tvöföldu heildi. Margföld heildi. Breytuskipti í margföldu heildi. Heildun á flötum. Flatarheildi vigursviðs. Setningar Stokes og Gauss.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IA (STÆ101G), Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ208G • Línuleg algebra B • (6e) • Vor • Stokkur: V7 • 4f + 2d**
Kennari: Jón Kristinn Arason Prófessor
Línuleg jöfnuhneppi, fylkjareikningur, Gauss-Jordan-aðferð. Tvinntölur. Vigurrúm og hlutrúm þeirra. Línulega óháð hlutmengi í vigurrúmi, grunnar og vídd. Línulegar varpanir, myndrúm og núllrúm. Innfeldi, lengd og horn. Rúmmál í margvíðu hnitarúmi og krossfeldi í þrívíðu hnitarúmi. Flatneskjur, stikaframsetning og fólgin framsetning. Hornrétt ofanvörp og þverstaðlaðir grunnar. Aðferð Grams og Schmidts og aðferð minnstu fervika. Ákveður og andhverfur fylkja. Eigingildi, eiginvigrar og hornalínugerningur. Samhverf fylki og þverstöðluð fylki. Rófsetning. Heimfærsla.

**STÆ209G • Tölfræði og gagnavinnsla • (8e) • Vor • 4f + 2d**
Kennari: Thor Aspelund Dósent
Tölfræði og gagnavinnsla Hagnýtt undirstöðu tölfræðinámskeið. Normaldreifingin, tvíkostadreifingin, mat á stikum, öryggisbil, T-próf, ANOVA, fjölþátta línuleg líkön, 2x2 og rxc töflur fyrir flokkuð gögn. Greining á tvíkostaútkomum. Meðferð gagna og samskipti við tölfræði- og gagnavinnsluforrit SPSS, R og Excel.

**STÆ301G • Tvinnfallagreining I • (8e) • Haust • Stokkur: H1 • 4f + 3d**
Kennari: Jón Ingólfur Magnússon Prófessor
Tvinntölur og grannfræði tvinntalnasléttunnar. Runur og raðir af tvinntölum. Deildanleg og fáguð föll. Fallarunur og raðir, sér í lagi veldaraðir. Vegheildun og stofnföll. Veldisvísisfallið og skyld föll. Vafningstölur ferla. Cauchy-setningin, Cauchy-formúlan og afleiðingar. Samsemdarsetning, setning um opna vörpun og hágildissetning. Laurent-raðir, einangraðir sérstöðupunktar og flokkun þeirra. Leifasetningin og leifareikningur. Hornaukasetningin og Rouché-setningin. Tengsl við raunfallagreiningu: Cauchy-Riemann-jöfnurnar, þýð föll og heildisformúlur Poissons og Schwarz. Fáguð föll skilgreind með heildum (t. d. Laplace-ummyndun). Hornrækin vörpun og vörpunarsetning Riemanns.
Æskileg undirstaða: Mengi og firðrúm (STÆ202G)

**STÆ302G • Stærðfræðigreining IIIB • (6e) • Haust • Stokkur: H1**
Varpanir á tvinntalnasléttunni. Fáguð föll. Veldisvísisfallið, lograr, rætur og horn. Cauchy-setningin og Cauchy-formúlan. Samleitni í jöfnum mæli. Veldaraðir. Laurent-raðir. Leifareikningur. Hagnýtingar á tvinnfallagreiningu í straumfræði. Venjulegar afleiðujöfnur og afleiðujöfnuhneppi. Línulegar afleiðujöfnur með fastastuðlum. Ýmsar aðferðir til að reikna út sérlausnir. Green-föll fyrir upphafsgildisverkefni. Línuleg afleiðujöfnuhneppi. Veldisvísisfylkið. Flæði og fasamyndir. Ólínuleg afleiðujöfnuhneppi í sléttu, jafnvægispunktar, stöðugleiki og línulegar nálganir. Veldaraðalausnir og aðferð Frobeniusar. Laplace-ummyndun og notkun hennar við lausn á afleiðujöfnum.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G) eða Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G)

**STÆ303G • Algebra I • (8e) • Haust • Stokkur: H3 • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Reynir Axelsson Dósent
Grúpur, dæmi og helstu undirstöðuatriði. Samhverfugrúpur. Mótanir og normlegar hlutgrúpur. Baugar, dæmi og helstu undirstöðuatriði. Heilbaugar. Baugamótanir og íðul. Margliðubaugar og þáttun margliða. Valin viðfangsefni.

**STÆ304G • Stærðfræðigreining IIIA • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Robert Jonathan Magnus Prófessor
Námskeiðið kynnir fyrir nemendum mikilvæg tól hagnýtrar stærðfræði, nánar tiltekið venjulegar diffurjöfnur, hlutafleiðujöfnur, Fourier-greiningu, og helstu eiginleikar þeirra sannaðir. Gert er ráð fyrir að nemandi þekki vel innihald námskeiðanna Stærðfræðigreining IA, Stærðfræðigreining IIA, Línuleg algebra A, Mengi og firðrúm. Matlab er notað til þess að nemandinn afli praktískrar reynslu af því að leysa hagnýt verkefni.
Venjulegar diffurjöfnur: Tilvist og eingildi lausna, Cauchy verkefnið, lausn fyrsta stigs jafna og línulegra hneppa, lausn með veldaröðum, númerísk nálgun lausna.Hlutafleiðujöfnur: Fyrsta stigs breiðgerar jöfnur, lausn með kennilínum, hitajafnan í einni rúmvídd, Gauss-kjarninn.Fourier-greining: Samleitni í hverjum punkti, í jöfnum mæli og í ferningsmeðaltali, jafna Parsevals, setning Fejers, lausn hitajöfnu á endanlegu bili með Fourier-röðum, Fourier-ummyndun.

Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)
Æskileg undirstaða: Mengi og firðrúm (STÆ202G)

**STÆ310M • Línuleg tölfræðilíkön • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarmaður: Gunnar Stefánsson Prófessor
Einföld og fjölvíð aðhvarfsgreining, fervikagreining og samvikagreining, ályktanir, dreifni og samdreifni metla, mátpróf með frávika- og áhrifagreiningu, samtíma ályktanir. Almenn líkuleg líkön sem ofanvörp, fervikagreining sem sértilvik, samtíma öryggismörk á samanburðarföll. Ólínuleg aðhvarfsgreining og tilraunaskipulag. R notað í verkefnum. Lausnum verkefna er skilað í LaTeX og PDF.
Til viðbótar er tekið efni eftir vali, t.d. útvíkkuð línuleg líkön
(GLM) og/eða slembiþáttalíkön (random/mixed effects models) og/eða skóreimaaðferðir (bootstrap) o.s.frv.
Æskileg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G) eða Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G)

**STÆ311M • Málstofa í tölfræði • (2e) • Haust • Stokkur: H • 1f**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Valið efni í tölfræði. Taka má málstofuna oftar en einu sinni til eininga. Hver nemandi flytur a.m.k. einn fyrirlestur á misserinu. Skyldumæting er á alla fyrirlestra. Kennt bæði misserin þegar næg þátttaka næst.

**STÆ312M • Hagnýt línuleg tölfræðilíkön • (6e) • Haust • Stokkur: V1 • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Einföld og fjölvíð aðhvarfsgreining, fervikagreining og samvikagreining, ályktanir, dreifni og samdreifni metla, mátpróf með frávika- og áhrifagreiningu, samtíma ályktanir. Almenn líkuleg líkön sem ofanvörp, fervikagreining sem sértilvik, samtíma öryggismörk á samanburðarföll. Ólínuleg aðhvarfsgreining og tilraunaskipulag. R notað í verkefnum. Lausnum verkefna er skilað í LaTeX og PDF.
Til viðbótar er tekið efni eftir vali, t.d. útvíkkuð línuleg líkön
(GLM) og/eða slembiþáttalíkön (random/mixed effects models) og/eða skóreimaaðferðir (bootstrap) o.s.frv.

**STÆ313M • Grundvöllur tölfræðinnar • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Sennileiki, tæmandi stærð, tæmanleikareglan, þvælistiki, skilyrðingarreglan, óbreytileikareglan, sennileikafræði. Tilgátupróf, einfaldar og samsettar tilgátur, Neyman-Pearson-setningin, styrkleiki, UMP-próf, óbreytileg próf. Umröðunarpróf, sætispróf. Bilmat, öryggisbil, öryggisstig, öryggissvæði. Punktmat, bjagi, meðalferskekkja. Verkefnum er skilað með notkun LaTeX og gilda 20% af lokaeinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G) eða Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G)

**STÆ401G • Stærðfræðigreining IVB • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Robert Jonathan Magnus Prófessor
Fourier-raðir og þverstöðluð fallakerfi, jaðargildisverkefni fyrir venjulega afleiðuvirkja, Green-föll, eigingildisverkefni fyrir Sturm-Liouville-virkja, Fourier-ummyndun, Laplace-ummyndun, kynning á hnikareikningi. Bylgjujafnan, varmaleiðnijafnan og Laplace-jafnan leystar á ýmsum svæðum með aðferðum úr fyrri hluta námskeiðsins, aðskilnaður breytistærða, grunnlausn fyrir Laplace-jöfnuna.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G) eða Stærðfræðigreining IIIA (STÆ304G)

**STÆ401M • Algebra II • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Mótlar og línulegar varpanir. Frjálsir mótlar og fylki. Deildamótlar og stuttar fleygaðar lestir. Nykurmótlar. Endanlega spannaðir mótlar yfir höfuðíðalbaug. Línulegir virkjar á endanlega víðum vigurrúmum.
Nauðsynleg undirstaða: Algebra I (STÆ303G)

**STÆ402G • Samæfingar í stærðfræði • (4e) • Vor • Stokkur: V • 2f**
Umsjónarkennari: Eggert Briem Prófessor
Sama námsefni er ekki tekið fyrir tvö ár í röð. Efnið er yfirleitt þannig valið, að stúdentar á 4. misseri geta tekið þátt í samæfingunum. Stúdentar skila ritgerðum og halda fyrirlestra um valin efni.

**STÆ402M • Mál- og tegurfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Ragnar Sigurðsson Prófessor
Kennt á vormisseri, þegar ártal er oddatala.

Mál- og tegurfræði: Mælanleg föll, mál og málrúm. Tegranleg föll og helstu samleitnisetningar (um einhalla samleitni, setningar Fatous og Lebesgues). LMál- og tegurfræði: Mælanleg föll, mál og málrúm. Tegranleg föll og helstu samleitnisetningar (um einhalla samleitni, setningar Fatous og Lebesgues). $L_p$-rúm og tvírúm þeirra, ójöfnur Hölders og Minkowskis. Ýmsar gerðir samleitni og tengsl þeirra innbyrðis. Málamargfeldi, setningar Tonellis og Fubinis. Lebesgue-málið á $\mathbf{R}^n$ og helztu eiginleikar þess. Tengsl tegrunar og diffrunar, setning Lebesgues um diffranleika einhalla falls næstum alls staðar. Fourier-greining Gamma-fallið.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G), Mengi og firðrúm (STÆ202G)

**STÆ403G • Notkun reiknifræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2d**
Markmiðið er að nemendur öðlist reynslu af notkun reiknifræði við raunhæf viðfangsefni og verði færir um að velja þær aðferðir, sem hæfa verkefnum hverju sinni. Fjallað verður um ýmis verkefni, þar sem reiknifræði hefur verið beitt. Ennfremur um aðferðafræði, þar á meðal greiningu viðfangsefna, hönnun reiknilíkana og val aðferða. Fjallað verður um ýmis stöðluð forritakerfi. Þá munu nemendur vinna að raunhæfum verkefnum og skila ritgerðum.

**STÆ403M • Algebra III • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Jón Kristinn Arason Prófessor
Kroppar og útvíkkanir þeirra. Aðskiljanlegar útvíkkanir
og normlegar útvíkkanir. Galois-fræði. Notkunardæmi. Noether baugar.Grunnasetning Hilberts. Núllstöðvasetning Hilberts.
Nauðsynleg undirstaða: Algebra I (STÆ303G)

**STÆ405G • Töluleg greining B • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Kennari: Elínborg Ingunn Ólafsdóttir Dósent
Lausn línulegra og ólínulegra jöfnuhneppa og verkefna við línulega og ólínulega aðhvarfsgreiningu og ólínulega bestun. Töluleg ákvörðun eigingilda. Margliðubrúun og bútabrúun. Töluleg ákvörðun heilda og afleiða. Töluleg lausn upphafs- og jaðargildisverkefna fyrir venjulegar afleiðujöfnur og hlutafleiðujöfnur. Gefin er hluteinkunn fyrir skriflegar úrlausnir á verkefnum og vegur hún 30% af heildareinkunn. Stúdent telst ekki hafa staðist próf, ef prófseinkunn er lægri en lágmarkseinkunn fyrir námskeiðið í heild. Námskeiðið er kennt samhliða Tölulegri greiningu A.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G) eða Stærðfræðigreining IIIA (STÆ304G)

**STÆ406M • Fléttufræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Kennari: William Mark Dukes
Námskeiðið er ætlað nemendum á öðru og þriðja ári.
Markmiðið er að kynna nemendum ýmis fléttufræðileg kerfi,
aðferðir við talningu og gagnlega eiginleika. Hagnýtingar
á þessum kerfum og aðferðum.

**STÆ407G • Aðgerðagreining B • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2d**
Fræðileg línuleg bestun. Ákvarðanafræði og nytjaföll. Markmiðabestun. Birgðafræði. Markov-keðjur og bestun á þeim. Kvik, slembin bestun. Biðraðafræði.

**STÆ408G • Töluleg greining A • (8e) • Vor • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Elínborg Ingunn Ólafsdóttir Dósent
Lausn línulegra og ólínulegra jöfnuhneppa og verkefna við línulega og ólínulega aðhvarfsgreiningu og ólínulega bestun. Töluleg ákvörðun eigingilda. Margliðubrúun og bútabrúun. Töluleg ákvörðun heilda og afleiða. Töluleg lausn upphafs- og jaðargildisverkefna fyrir venjulegar afleiðujöfnur og hlutafleiðujöfnur. Gefin er hluteinkunn fyrir skriflegar úrlausnir á verkefnum og vegur hún 30% af heildareinkunn.
Stúdent telst ekki hafa staðist próf, ef prófseinkunn er lægri en lágmarkseinkunn fyrir námskeiðið í heild.
Námskeið kennt samhliða Tölulegri greiningu B. Áhersla lögð á fræðilegar útleiðslur og sannanir auk þess sem verkefnin verða fræðilegri og forritunar-hlutinn viðfangsmeiri.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIIA (STÆ304G) eða Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G)

**STÆ410G • Fléttufræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Kennari: William Mark Dukes
Námskeiðið er ætlað nemendum á örðu og þriðja ári.
Markmiðið er að kynna nemendum ýmis fléttufræðileg kerfi,
aðferðir við talningu og gagnlega eiginleika. Hagnýtingar
á þessum kerfum og aðferðum.

**STÆ411G • Grannfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Kennari: Jóhann Sigurðsson
Almenn grannfræði: Grannrúm og samfelldar varpanir. Hlutrúm, faldrúm og deildarúm. Samhangandi rúm og þjöppuð rúm.

Aðskilnaðarfrumsendur, hjálparsetning Urysohns og firðarsetning, algerlega regluleg rúm og þjappanir. Inngangur að algebrulegri grannfræði: Samtogunargrúpan og þakrúm. Dæmi um notkun samtogunargrúpunnar.

Nauðsynleg undirstaða: Mengi og firðrúm (STÆ202G)

**STÆ415M • Slembiferli • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor
Inngangsatriði slembiferla með megináherslu á Markovkeðjur. Hittitími, óþættanleiki, lota, endurkvæmni (jákvæð og núll-), tenging, endurnýjun, jafnvægi, tíma-viðsnúningur, tenging úr fortíðinni, biðraðir, martingalar, Brownhreyfing.

**STÆ417M • Málstofa í tölfræði • (2e) • Vor • Stokkur: V • 1f**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Valið efni í tölfræði. Taka má málstofuna oftar en einu sinni til eininga. Hver nemandi flytur a.m.k. einn fyrirlestur á misserinu. Skyldumæting er á alla fyrirlestra. Kennt bæði misserin þegar næg þátttaka næst.

**STÆ418M • Grundvöllur líkindafræðinnar • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor
Líkindi, væntigildi og skilyrðingar á grundvelli mál- og tegurfræði. Ýmsar gerðir samleitni og mikilvægar markgildissetningar.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G) eða Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**STÆ504G • Netafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Net og örvanet. Tvíhlutanet. Euler-net og Hamilton-net. Tré. Vegin net og flæðinet. Spyrðingar. Tvítengd net. Lagnet og litanir.

**STÆ505G • Netafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Net og örvanet. Tvíhlutanet. Euler-net og Hamilton-net. Tré. Vegin net og flæðinet. Spyrðingar. Tvítengd net. Lagnet og litanir.

**STÆ505M • Hlutafleiðujöfnur • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Robert Jonathan Magnus Prófessor
Fyrstu stigs jöfnur. Laplace jafna, hitajafna og bylgjujafna í mismunandi víddum, á mismunandi svæðum, með mismunandi jaðar- og/eða upphafskilyrðum. Flokkun á annars stigs jöfnum í sporger, fleygger og breiðger. Undirstöðulausnir og Green-föll. Grunnatriði í dreififallafræði. Hnikareikningur og hnikaaðferðir. Veikar lausnir.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)

**STÆ506M • Mengjafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Mengjafræði byggð á Zermelo-Fraenkel-frumsendunum. Röðuð mengi og fullyrðingar jafngildar valfrumsendunni. Náttúrlegar tölur og uppbygging talnakerfisins innan mengjafræði. Fjöldatölur og raðtölur.

**STÆ507M • Línuleg fellagreining • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigurðsson Prófessor
Banach-rúm og Hilbert-rúm og helztu eiginleikar þeirra. Tvírúm Banach-rúma. Földun falla. Fourier-færslan á LBanach-rúm og Hilbert-rúm og helztu eiginleikar þeirra. Tvírúm Banach-rúma. Földun falla. Fourier-færslan á $L_1$**(R)** og eiginleikar hennar, setning Plancherels um Fourier-færsluna á $L_2$**(R)**. Jafnsamfelldni, setning Arzelàs og Ascolis, nálgunarsetningar Stones og Weierstrass. Línulegir virkjar á Hilbert-rúmi, sér í lagi þjappaðir virkjar; hlutrúm og fyllirúm. Rófsetning um þjappaða og sjálfoka virkja á Hilbert-rúmi. Setning Hahns og Banachs. Setning Baires og aðalsetningarnar þrjár um takmörkun í jöfnum mæli, um opna vörpun og um lokað varprit.
Kennt á haustmisseri þegar ártal er oddatala
Æskileg undirstaða: Mál- og tegurfræði (STÆ402M)

**STÆ508M • Rúmfræði • (8e) • Haust • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Reynir Axelsson Dósent
Námskeiðið fjallar um undirstöður rúmfræðinnar. Vildarrúmfræði: Frumsendur og líkön. Vildarsléttur og einsmótanir þeirra. Samsíðumótanir, hliðranir, stríkkanir. Hliðrunarsléttur og vigursamlagning. Setning Desargues og hnit yfir deilibauga. Setning Papposar. Endanlegar vildarsléttur og setning Wedderburns. Einsmótanir og sjálfmótanir Desargues-vildarsléttna. Vildarrúm í þremur víddum og hærri. Varprúmfræði: Varpsléttur. Nykurlögmál. Sambandið milli vildarsléttna og varpsléttna. Bruck-Ryser-setningin. Sjálfmótanir. Setningar Desargues og Papposar og hnit í varpsléttum. Sígild rúmfræði: Legufrumsendur, raðfrumsendur, samsniðafrumsendur. Hlutlaus rúmfræði og hlutlausar sléttur. Horn og þríhyrningareglur. Ýmsar samfellufrumsendur. Evklíðsk rúmfræði, setning Papposar og tilvist hnitakerfa yfir pýþagórsk og evklíðsk svið. Teikning með hringfara og reglustiku. Breiðger rúmfræði, frumsenda Hilberts. Endareikningur Hilberts og hnit í breiðgerri rúmfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ509M • Talnafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Deiling heilla talna, samleifingar. Heilar Gauss-tölur. Summur af ferningum. Ferningsleifar og ferningsgagnkvæmnissetningin. Aðrir valdir kaflar úr talnafræði. Deiling heilla talna, samleifingar. Heilar Gauss-tölur. Summur af ferningum. Ferningsleifar og ferningsgagnkvæmnissetningin. Aðrir valdir kaflar úr talnafræði.

**STÆ510M • Algebruleg grannfræði • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Inngangur að svipfræði og hjásvipfræði grannrúma: Fléttingar og svipgrúpur. Sérstæð hjásvipfræði. Fleygaða svipfræðilestin. Brottskurðarsetningin. Mayer-Vietoris-lestin. Notkunardæmi. Hjásvipgrúpur. Úffeldi og kúffeldi. Künneth-formúla. Nykurlögmál Poincarés. Kennt á haustmisseri þegar ártal er slétt tala.

Æskileg undirstaða: Grannfræði (STÆ411G)

**STÆ511M • Töluleg línuleg algebra • (6e) • Haust • 3f + 2d**
Kennt á haustmisseri, þegar ártal er oddatala. Lausn á stórum og rýrum jöfnuhneppum með beinum aðferðum, samhliða aðferðum og ítrekunaraðferðum. Lausn á ofákveðnum og vanákveðnum jöfnuhneppum. Lausn eigingildisverkefna. Línuleg, töluleg nálgun.
Nauðsynleg undirstaða: Töluleg greining B (STÆ405G)

**STÆ512M • Framhaldsnámskeið í líkindafræði • (10e) • Haust**
Líkindafræði byggð á málfræði, Kolmogorov og Ionescu-Tulcea útvíkkunarsetningarnar, skilyrt væntigildi, regluleg skilyrt líkindi, Kolmogorov og Hewitt-Savage 0-1 lögmálin, martingalar í strjálum tíma, kynning á Brown-hreyfingu.

**STÆ513M • Umraðanagrúpur • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Rögnvaldur Möller Prófessor
Endanlegar og óendanlegar umraðanagrúpur. Grúpuverkanir á tré. Bass-Serre fræði.
Æskileg undirstaða: Algebra I (STÆ303G)

**STÆ601M • Fjármálastærðfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Kennari: Freyr Hermannsson Aðjunkt
Markmið: Að veita stúdentum bæði fræðilega og hagnýta þekkingu í fjármálaafleiðum og þeim stærðfræðilegu aðferðum, sem þær grundvallast á. Lögð er nokkur áhersla á þann stærðfræðilega grunn sem liggur að baki fjármálastærðfræði, þar á meðal slembiferli, slembnar afleiðujöfnur og hlutafleiðujöfnur. Þessar jöfnur eru tengdar fjármálafræðum með verðlagningu Blacks og Scholes og hlutafleiðujöfnum. Fjallað er um hvernig meta má stika í slembnum afleiðujöfnum út frá raunverulegum gögnum, m.a. með Kalman-síun og GMM-aðferðinni. Sýnt er hvernig herma má slembnar afleiðujöfnur. Teknar eru fyrir helstu gerðir afleiða og farið út í hagnýtt gildi þeirra. Lögð er áhersla á verkefni og nemendur m.a. látnir verðleggja mismunandi afleiður "kaupa" þær og "selja" og verja þær með delta-vörn fram að lokadegi.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G) eða Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**STÆ606M • Tvinnfallagreining II • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Cauchy-Goursat-setningin. Vafningstölur, almenna Cauchy-setningin og almenna leifasetningin. Einfaldlega samanhangandi svæði. Þýð föll, heildissetning Poissons, verkefni Dirichlets fyrir hringskífu, speglunarsetning Schwarz. Nálganir fágaðra falla með ræðum föllum og Runge-setningin. Óendanlegar raðir og óendanleg margfeldi nærfágaðra falla; tilvistarsetningar Mittag-Lefflers og Weierstrass. Sporger föll. Samrýndar fjölskyldur og setning Montels. Hornrækin vörpun, brotnar línulegar færslur, Schwarz-hjálparsetningin og óevklíðsk rúmfræði í einingarskífunni. Vörpunarsetning Riemanns; samfelldni á jaðrinum.

**STÆ607M • Diffurrúmfræði • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Kennt á vormisseri, þegar ártal er slétt tala. Ferlar, fletir og víðáttur í evklíðsku rúmi. Deildanlegar víðáttur, vigursvið og þinsvið. Háfletir í evklíðsku rúmi, fyrsta og annað undirstöðuform, krappi, kúptir háfletir. Innri rúmfræði flata. Riemann-víðáttur, gagnvegir. Gauss-Bonnet-setningin fyrir fleti.

**STÆ608M • Inngangur að rökfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Röksemdafærslur, sannanir. Samtengingar, fullyrðingareikningur, sannföll og sísönnur. Formleg mál, frumsendur, rökreglur, sísönnusetningin. Magnarar. Mál og kenningar fyrstu stéttar. Mynstur og líkön. Fullkomleikasetningin. Setning Löwenheims og Skolems. Reiknanleiki, rakin föll. Setning Gödels.

**STÆ609M • Stærðfræðigreining á víðáttum • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Kennari: Reynir Axelsson Dósent
Fletir og hlutvíðáttur í evklíðskum rúmum. Andhverfusetning og setning um fólgin föll. Deildaform og heildun yfir hlutvíðáttur í evklíðskum rúmum. Almenna Stokes-setningin.
Kennt á vormisseri þegar ártal er oddatala.

**STÆ610M • Atriði úr líkindafræði • (10e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor
Vorið 2006 fjallar námskeiðið um tengiaðferðir í líkindafræði, jafnvægi, endurnýjun.

**STÆ611M • Kennsluefni í skólum • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1d**
Umsjónarkennari: Eggert Briem Prófessor
Fjallað verður um grundvallarhugtök í stærðfræðinámsefni framhaldsskóla og efri bekkja grunnskóla og hvernig þau verði best sett fram miðað við þroska og kunnáttu nemenda. Í því skyni verða lesnar valdar kennslubækur og framsetning þeirra rædd frá ýmsum hliðum svo og kennsluaðferðir. Kynntir verða möguleikar á notkun tölva og netsins í stærðfræðinámi. Efni í námskeiðinu er ekki ákveðið fyrirfram heldur valið í samráði við þátttakendur. Til greina getur komið að farið verði út fyrir hefðbundið stærðfræðinámsefni í skólum og fjallað verði um efni eins og sögu stærðfræðinnar, talnafræði og þrautalausnir. (Einkunn ("staðist" eða "ekki staðist") verður byggð á framlagi þátttakenda í námskeiðinu. Ætlunin er að halda námskeiðið seinni hluta dags, t.d. eftir kl. 15.00, til að auðvelda kennurum þátttöku.)

**VÍS401G • Þættir úr sögu og heimspeki vísindanna • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2u**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Þorsteinn Vilhjálmsson Prófessor

Markmið: Að kynna nemendum þróun vísinda og eðli með því að rekja dæmi úr vísindasögunni og nýleg viðhorf til vísinda og sögu þeirra. Að þjálfa nemendur í erindaflutningi og ritgerðasmíð um fræðileg efni á íslensku. -- Námsefni: Saga stjörnufræði og heimsmyndar fram yfir byltingu Kópernikusar og Newtons. Saga þróunarkenningarinnar. Nýleg viðhorf sem varða eðli, markmið og þróun vísinda, vísindi og samfélag. -- Hver nemandi flytur erindi á umræðufundi um efni, sem valið er í samráði við kennara, og skilar ritgerð í lok misseris. Áhersla er lögð á að þjálfa nemendur í að vinna með heimildir. -- Námsefni getur breyst með hliðsjón af nemendahópi, kennurum og öðrum aðstæðum.
Óformleg próf eru haldin í kennslustundum á miðju misseri og í lok misseris. Auk þess eru gefnar einkunnir fyrir erindi nemenda og ritgerð.

**VÍS402G • Þættir úr sögu og heimspeki vísindanna • (10e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2u**
Umsjónarmaður: Þorsteinn Vilhjálmsson Prófessor
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Markmið: Að kynna nemendum þróun vísinda og eðli með því að rekja dæmi úr vísindasögunni og nýleg viðhorf til vísinda og sögu þeirra. Að þjálfa nemendur í erindaflutningi og ritgerðasmíð um fræðileg efni á íslensku. -- Námsefni: Saga stjörnufræði og heimsmyndar fram yfir byltingu Kópernikusar og Newtons. Saga þróunarkenningarinnar. Nýleg viðhorf sem varða eðli, markmið og þróun vísinda, vísindi og samfélag. -- Hver nemandi flytur erindi á umræðufundi um efni, sem valið er í samráði við kennara, og skilar ritgerð í lok misseris. Áhersla er lögð á að þjálfa nemendur í að vinna með heimildir. Námsefni getur breyst með hliðsjón af nemendahópi, kennurum og öðrum aðstæðum. Einstakir nemendur geta tekið þetta námskeið í stað VÍS401G, ef það hentar á viðkomandi námsbraut og hún samþykkir það. Eru þá gerðar kröfur um viðameiri ritgerð og meira lesefni með hliðsjón af fleiri einingum.
Óformleg próf eru haldin í kennslustundum á miðju misseri og í lok misseris. Auk þess eru gefnar einkunnir fyrir erindi nemenda og ritgerð.

**EÐL101F • Aflfræðigreining • (10e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Námsefni: Hnikunarlögmál í aflfræði, jöfnur Lagranges og Hamiltons, kórummyndanir, svigar Poissons, aðferð Hamiltons og Jakobis. Ólínulegar bylgjur, almenn hreyfikerfi, ferningsvarpanir, kvíslanir og kaos. Annað efni samkvæmt ákvörðun kennara.
Nauðsynleg undirstaða: Aflfræði (EÐL302G)

**EÐL102F • Kennileg eðlisfræði þéttefnis • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Viðar Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kynna aðferðir skammtasviðsfræði fyrir fjöleindakerfi í eðlisfræði þéttefnis. Námsefni: Seinni skömmtun, víxlverkun rafeinda og Gell-Mann Low setningin. Föll Greens við hitastig T=0, truflanareikningur, setning Wick og myndir Feynman. Hlutsummun truflanaraða og jafna Dyson. Útfærsla fyrir T>0. Coulomb gas og hópörvanir: Hartee-Fock og RPA nálganir. Línulega svörun og Kubo jafnan. Leiðni, víxlverkun rafeinda við veilur og meðaltal yfir veilustöður. Varðveislujöfnur og aljöfnur Wards og Takahashis.
Nauðsynleg undirstaða: Skammtafræði 1 (EÐL509M), Eðlisfræði þéttefnis 2 (EÐL206M)

**EÐL103F • Skammtasviðsfræði • (10e) • Haust • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að kynna grunnhugtök og reikniaðferðir í skammtasviðsfræði. Námsefni: Skammtasvið og kórskömmtun bóse- og fermísviða. Feynmanreglur. Skammtarafsegulfræði. Endurstöðlun. Fellaheildi.
Nauðsynleg undirstaða: Skammtafræði 1 (EÐL509M)
Æskileg undirstaða: Skammtafræði 2 (EÐL613M)

**EÐL104F • Eðlisfræði hálfleiðara 2 • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Viðar Guðmundsson Prófessor
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Námskeiðið er ætlað meistaraprófsnemum með rannsóknarverkefni á sviði eðlisfræði hálfleiðara. Námsefni: Rafeindaflutningur í rafeindagasi, Hall-hrif og segulviðnám, veiluleiðni, sveim í hálfleiðurum. Skammtahrif í rafeindaflutningi, skömmtuð Hall-hrif. Skýling rafeinda í tvívíðu rafeindagasi. Skammtabrunnar og fjölsamskeyti í tvívíðum hálfleiðarakerfum. Ljóseiginleikar tvívíðra og þrívíðra hálfleiðarakerfa, örvun, ljómun, ljóslausar færslur, ísog og speglun. Leiðnieiginleikar hálfleiðara, ljósleiðni, samskeyti, skautagerð.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði hálfleiðara 1 (EÐL511M)

**EÐL107F • Fjórða árs rannsóknarverkefni í eðlisfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**EÐL108F • Námskeið til meistaraprófs í eðlisfræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði nemandans en skarast ekki við rannsóknaverkefni hans. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**EÐL112F • Áhrif landslags á lofthjúp jarðar 1 • (6e) • Haust**
Umsjónarkennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Greining á jöfnum Navier-Stokes með tilliti til truflunar af völdum fjalla af ýmsum stærðargráðum. Gerðir loftstraums við fjöll. Þrýstifrávik við fjöll og hröðun lofts. Þyngdarbylgjur í einföldum straumi lofts. Bylgjubrot, straumstökk og óveður við fjöll. Loftstíflur og vindstrengir í þrengingum. Hléiða og iðustrengir. Rossby-bylgjur.

**EÐL113F • Áhrif landslags á lofthjúp jarðar 2 • (10e) • Haust**
Umsjónarkennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Farið verður nánar í efni námskeiðsins "Áhrif landslags á lofthjúp jarðar 1" og lögð áhersla á að kynna nýjustu rannsóknir. Þyngdarbylgjur í lagskiptum straumi og helstu kenningar um myndun hléiðu. Áhrif fjalla á veðrakerfi og stikun á áhrifum fjalla í reiknilíkönum.

**EÐL114F • Tölvueðlisfræði • (10e) • Haust • Stokkur: H • 2f + 1d**
Markmið: Að kynna hvernig tölulegri greiningu er beitt til þess að kannaneiginleika eðlisfræðilegra líkana. nNámsefni: Forritunarumhverfi og grafísk framsetning. Monte Carlo aðferðirnfyrir líkön í safneðlisfræði og skammtafræði. Beiting fallagrunna tilnlausnar á sjálfsamkvæmum líkönum, Hartree og skyldar nálganir. Aflfræðinsameindasafna.

**EÐL115F • Túlkun veðurlíkana og veðurspár • (8e) • Haust**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Líkön sem notuð eru við reikninga á veðri í rauntíma. Úrvinnsla veðurgagna og greining veðurkorta. Spáklasar. Veðurkerfi á millikvarða við Ísland. Aftakaveður. Verkefni í greiningu korta og gerð veðurspáa.
Nauðsynleg undirstaða: Aflfræði veðurs (EÐL515M)

**EÐL116F • Aflfræði veðurs • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Fjallað verður um jöfnur þær sem liggja til grundvallar ástandi og breytingum í lofthjúpnum og þeim beitt til að lýsa stórum og smáum veðrakerfum, þrýstivindi, hvirfilvindi, sólfarsvindi, vindbreytingum með hæð við jörðu og í háloftum, uppstreymi og úrkomu.

Þyngdarbylgjur og Rossby-bylgjur. Nærþrýstivindakerfi, iðujafna, lóðstreymisjafna og þrýstispájafna. Nærþrýstivindakerfi við fjöll.

**EÐL117F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í eðlisfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í eðlisfræði.

**EÐL201F • Safneðlisfræði 2 • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið: Að kynna nútímaaðferðir í safneðlisfræði. Námsefni: Fasabreytingar og kenningar um markfyrirbæri. Háhita- og lághitaliðanir. Líkön úr klassískri safneðlisfræði og skammtasafneðlisfræði eftir vali kennara.
Nauðsynleg undirstaða: Safneðlisfræði 1 (EÐL508M), Skammtafræði 1 (EÐL509M)

**EÐL202F • Öreindafræði 2 • (10e) • Vor**
Umsjónarmaður: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að gera grein fyrir aðferðum skammtasviðsfræðinnar eins og þeim er beitt í hinu hefðbundna líkani öreindafræðinnar. Námsefni: Óvíxlnar kvarðakenningar og skömmtun þeirra. Endurstöðlunargrúpan. Reikniaðferðir umfram truflanareikning. Raf-veika kenningin og skammtalitfræði. Annað lesefni samkvæmt ákvörðun kennara.
Nauðsynleg undirstaða: Kjarna- og öreindafræði (EÐL506G), Skammtafræði 1 (EÐL509M)
Æskileg undirstaða: Skammtafræði 2 (EÐL613M), Skammtasviðsfræði (EÐL103F)

**EÐL206M • Eðlisfræði þéttefnis 2 • (8e) • Vor**
Umsjónarmaður: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Markmið er að kynna takmarkanir einnar einda kenninga um þéttefni og skoða víxlverkanir einda. Námsefni: Raf- og segulsvörun í einangrandi og hálfleiðandi efni. Rafeindaflutningur, Boltzmann jafnan og slökunartímanálgunin. Takmörk einnar einda kenninga. Víxlverkun og fjöleindanálganir. Skiptaverkun og seguleiginleikar þéttefnis, Heisenberg líkanið, spunabylgjur. Ofurleiðni, BCS kenningin og jafna Ginzburg-Landau.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði þéttefnis 1 (EÐL614M)

**EÐL207M • Rafsegulfræði 2 • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Viðar Guðmundsson Prófessor
Umsjónarmaður: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Raf- og segulstöðufræði í tómi og í efni, jaðargildisverkefni, Greenföll, fjölpólar. Tímaháð rafsegulsvið, jöfnur Maxwells, varðveislulögmál. Planbylgjur, bylgjuútbreiðsla, fjölpólageislun, bylgjudreifing. Bylgjustokkar, holrúm, ljósleiðarar. Afstæðileg rafsegulfræði, árekstrar, útgeislun frá hleðslum á hreyfingu, orkutap vegna útgeislunar. Annað efni skv. ákvörðun kennara.
Nauðsynleg undirstaða: Rafsegulfræði 1 (EÐL401G)

**EÐL210F • Fjórða árs rannsóknarverkefni í eðlisfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**EÐL211F • Fjórða árs rannsóknarverkefni í eðlisfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**EÐL212F • Námskeið til meistaraprófs í eðlisfræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði nemandans en skarast ekki við rannsóknaverkefnið. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**EÐL213F • Námskeið til meistaraprófs í eðlisfræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**EÐL215F • Veður við yfirborð jarðar • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Ætlað framhaldsnemum, en BS-nemar á 3. ári geta sótt námskeiðið með samþykki kennara. Helstu jöfnur og kennistærðir lofthjúpsins í grennd við yfirborð jarðar, þar á meðal blöndunarþykkt, hrýfi og viðnámsvindur. Áhrif viðnáms jarðar á vind. Orkubúskapur viðnámslagsins. Kvika og kvikuflæði. Vindur í stöðugu og óstöðugu lofti. Einsleitni. Aðferðir Reynolds og Buckingham-Pi. Gerð og dægursveifla dæmigerðs jaðarlags. Jaðarlag loftmassa yfir Íslandi.

**EÐL216F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í eðlisfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í eðlisfræði.

**EÐL217F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í eðlisfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í eðlisfræði.

**EÐL301F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í eðlisfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**EÐL401F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í eðlisfræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**EÐL401M • Eðlisfræði lofthjúps jarðar • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2d + 1u**
Kennari: Haraldur Ólafsson Prófessor
Námsefni: Varmafræði andrúmslofts, geislun og hreyfingar í lofthjúpi. Almenn hringrás lofthjúps, víxláhrif lofthjúps og úthafa, þáttur heimskautasvæða í hringrás jarðar, veðurfarssveiflur. Kynning á nýjustu rannsóknum á lofthjúpi jarðar. Nemendur velja sér sérefni í samráði við kennara, t.d. háloftabylgjur, orkuskipti við sjávarflöt, óson eða fjarkönnun, og skila ritgerð um sérefni sitt.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 2 R (EÐL202G), Varmafræði 1 (EÐL402G) eða Varmafræði og inngangur að safneðlisfræði (EFN307G)

**EÐL402F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í eðlisfræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**EÐL504F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í eðlisfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**EÐL505F • Námskeið til doktorsprófs í eðlisfræði • (10e) • Haust**
Nemandi tekur lesnámskeið sem hluta af doktorsnámi sínu, í samræmi við námsáætlun.

**EÐL508M • Safneðlisfræði 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði í varmafræði og safneðlisfræði. Námsefni: Grunnhugtök og stærðfræðiaðferðir varmafræði, lögmál varmafræðinnar, Legendre-umskipti og varmafræðileg mætti, Maxwell-vensl, jafnvægi, fasabreytingar, sígild safneðlisfræði, Gibbs-söfn, skammta safneðlisfræði, Bose- og Fermi-kjörgös, eðlisvarmi fastra efna, meðseglandi efni, raungös og eflisliðanir, Ising líkanið, meðalsviðsnálgun.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 2 V (EÐL201G) eða Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)

**EÐL509M • Skammtafræði 1 • (8e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Ivan Shelykh Prófessor
Námsefni: Forsendur og formgerð skammtafræðinnar. Einvíð kerfi. Hverfiþungi, spuni, tvístiga kerfi. Ögn í miðlægu mætti, vetnisatómið. Nálgunaraðferðir. Tímaóháður og tímaháður truflanareikningur. Dreififræði.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)
Æskileg undirstaða: Venjulegar deildajöfnur (09.10.40) eða Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G), Tvinnfallagreining I (STÆ301G) eða Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G)

**EÐL510M • Kjarneðlisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H4**
Umsjónarmaður: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum innsýn í nútíma kjarneðlisfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Kjarna- og öreindafræði (EÐL506G)

**EÐL511M • Eðlisfræði hálfleiðara 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið er að kynna nemendum helstu eiginleika hálfleiðandi efna og skýra eðlisfræðilega helstu atriði hagnýtingar þeirra. Námsefni: Eiginleiðni, íbótarleiðni, rafeindir og holur, hleðsluberar og fastar hleðslur, leiðni. Hálfleiðarar í ójafnvægi: Örvun, samruni hleðslubera, innspýting hleðslubera. Ljósörvuð leiðni. Raf- og ljóseiginleikar samskeyta: Samskeyti málma og hálfleiðara, tvistar, smárar, fjölsamskeyti, smárásir. Helstu eiginleikar tvívíðra kerfa og skammtapunkta.
Æskileg undirstaða: Eðlisfræði þéttefnis 1 (EÐL614M)

**EÐL512M • Tölvueðlisfræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Viðar Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kynna hvernig tölulegri greiningu er beitt til þess að kanna eiginleika eðlisfræðilegra líkana. Námsefni: Forritunarumhverfi og grafísk framsetning. Monte Carlo aðferðir fyrir líkön í safneðlisfræði og skammtafræði. Beiting fallagrunna til lausnar á sjálfsamkvæmum líkönum, Hartree og skyldar nálganir. Aflfræði sameindasafna.
Nauðsynleg undirstaða: Rafsegulfræði 1 (EÐL401G), Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)
Æskileg undirstaða: Töluleg greining B (STÆ405G), Aflfræði (EÐL302G)

**EÐL513M • Öreindafræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 1d**
Umsjónarmaður: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum öreindafræði nútímans. Námsefni: Almenn lögmál og aðferðir öreindafræðinnar. Skammtatölur, varðveislulögmál og samhverfur. Víxlverkanir og flokkun öreinda. Feynman-myndir. Kvarkar og innri samhverfur. Kvarðakenningar (gauge theories) og kvarðaeindir. Viðtekið líkan öreindafræðinnar.
Nauðsynleg undirstaða: Kjarna- og öreindafræði (EÐL506G), Skammtafræði 1 (EÐL509M)

**EÐL514M • Nútíma ljósfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H1 • 3f + 2d**
Kennari: Kristján Leósson
Kennari: Ari Ólafsson Dósent
Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuhugtök litrófsgreiningar og eðlisfræði leisa ásamt hagnýtingu þeirra í efnisrannsóknum, efnagreiningu, iðnaði og til lækninga. Námsefni: Víxlverkun ljóss og efnis, ljósmögnun, stöðugleiki geislahola, leisivirkni, eiginleikar leisigeisla, helstu gerðir leisa. Valin atriði úr ólínulegri ljósfræði. Litrófsgreining, Fourier-ljósfræði, ljómun og ljósómun. Verkefni og nemendafyrirlestrar eftir samkomulagi við kennara. Áherslur í námsefni ráðast að hluta af óskum nemenda.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G) eða Rafeindatækni fastra efna (EÐL301G)

**EÐL605F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í eðlisfræði • (30e) • Vor**
Doktorsverkefni.

**EÐL606F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í eðlisfræði • (30e) • Sumar**
Doktorsverkefni.

**EÐL607F • Námskeið til doktorsprófs í eðlisfræði • (10e) • Vor**
Nemandi tekur lesnámskeið sem hluta af doktorsnámi sínu, í samræmi við námsáætlun.

**EÐL608F • Námskeið til doktorsprófs í eðlisfræði • (10e) • Sumar**
Nemandi tekur lesnámskeið sem hluta af doktorsnámi sínu, í samræmi við námsáætlun.

**EÐL609M • Flutningur í nanókerfum • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f**
Umsjónarmaður: Viðar Guðmundsson Prófessor
Markmið er að kynna grunnhugmyndir um flutning í smásæjum kerfum. Námsefni: Borðareikningar samskeyta, eiginleikar rafeindakerfa í 2, 1 og 0 víddum. Opin kerfi og flutningur, breikkun orkustiga. Dreififræði og samfasa flutningur, Landauer-Büttiker framsetning. Kynning á ójafnvægis Greens föllum. Ósamfasa flutningur. Víxlverkun rafeinda og Coulomb fyrirstaða. Umfjöllun um nýlegar tilraunir.
Nauðsynleg undirstaða: Skammtafræði 1 (EÐL509M)
Æskileg undirstaða: Eðlisfræði þéttefnis 2 (EÐL206M)

**EÐL610M • Almenna afstæðiskenningin • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarmaður: Einar H Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kenna nemendum undirstöðuatriði í afstæðiskenningu Einsteins. Námsefni: Takmarkaða afstæðiskenningin, fjórvigrar og þinir. Almenna afstæðiskenningin, sveigja tímarúmsins, jafngildislögmálið, jöfnur Einsteins, samanburður við mælingar innan sólkerfisins, þyngdarbylgjur, svarthol, heimsfræði.
Æskileg undirstaða: Eðlisfræði rúms og tíma (EÐL205G), Rafsegulfræði 1 (EÐL401G)

**EÐL611M • Tölvueðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Viðar Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kynna hvernig tölulegri greiningu er beitt til þess að kanna eiginleika eðlisfræðilegra líkana. Námsefni: Forritunarumhverfi og grafísk framsetning. Monte Carlo aðferðir fyrir líkön í safneðlisfræði og skammtafræði. Beiting fallagrunna til lausnar á sjálfsamkvæmum líkönum, Hartree og skyldar nálganir. Aflfræði sameindasafna.
Nauðsynleg undirstaða: Aflfræði (EÐL302G), Inngangur að skammtafræði (EÐL306G), Rafsegulfræði 1 (EÐL401G)
Æskileg undirstaða: Töluleg greining B (STÆ405G)

**EÐL612M • Stærðfræðileg eðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Þórður Jónsson Prófessor
Markmið: Að kynna stærðfræðilegar aðferðir sem nytsamar eru í eðlisfræði og veita þjálfun í beitingu þeirra. Námsefni: Hljóðbylgjur í vökvum og lofttegundum. Spennutensor og þenslutensor, almennar hreyfingarjöfnur fyrir samfellt efni. Jarðskjálftabylgjur. Jöfnur Maxwells og rafsegulbylgjur. Flatar bylgjur, skautun, endurkast og brot. Dreififöll og Fourier-greining. Grunnlausnir og Green-föll hlutafleiðujafna. Bylgjur í einsleitum efnum. Lögmál Huygens og setning Leifs Ásgeirssonar. Tvístur (dispersion. Fasahraði og grúpuhraði. Jöfnur Kramers og Kronigs. Aðferð hins stöðuga fasa. Bylgjur á yfirborði vökva.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**EÐL613M • Skammtafræði 2 • (8e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 2d**
Kennari: Ivan Shelykh Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum almenna skammtafræði til nokkurrar hlítar. Námsefni: Óaðgreinanlegar agnir, seinni skömmtun. Þéttleikavirkjar, hrein og blönduð skammtaástönd. Samhverfur í skammtafræði, snúningsgrúpan, samlagning hverfiþunga, setning Wigner-Eckarts. Víxlverkun atóma og geislunar, sjálfgeislun. Brautaheildi Feynmans.
Nauðsynleg undirstaða: Skammtafræði 1 (EÐL509M)

**EÐL614M • Eðlisfræði þéttefnis 1 • (8e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Kennari: Sveinn Ólafsson Vísindamaður
Markmið er að kynna nemendum frumatriði í eðlisfræði þéttefnis. Námsefni: Efnatengi. kristallsgerð þéttefnis, samhverfa kristallsgrinda, nykurgrind. Titringshættir kristalla, hljóðeindir, eðlisvarmi kristallsgrindar, varmaleiðni. Frjálsar rafeindir, borðalíkan þéttefnis, virkur massi.

Málmar, einangrarar og hálfleiðarar. Seguleiginleikar efna, ofurleiðni og ofurvökvar. Þrjár verklegar æfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)

**EÐL615M • Nanophotonics • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Kennari: Kristján Leósson
Kennari: Ivan Shelykh Prófessor
Kennari: Snorri Þorgeir Ingvarsson Dósent
1. Quantization of an EM field: overview
2. Quantum states of light: Fock, coherent and squeezed states
3. Optical properties of Quantum Wells, excitons
4. Planar microcavities, strong coupling regime, polaritons
5. Optics of Quantum dots, Jaynes-Cummings model
6. Description of relaxation processes in quantum optics, master
equation
for density matrix.
7. Optics of metals, Drude model
8. Surface plasmon polaritons
9. Plasmonic nanostructures, local field enhancement and nanoantennas
10. Near field optics, Mie theory
11. Photonic nanocircuits, photonic crystals
12. Metamaterials, negative refractive index and super-resolution

**EÐL616M • Verkleg eðlisfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V7**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarmaður: Hafliði Pétur Gíslason Prófessor
Markmið: Að veita nemendum þjálfun í tilraunaeðlisfræði og dýpka skilning þeirra á ýmsum fyrirbærum sem fjallað er um á 4. og 5. misseri. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð í tilraunum og gagnaleit. Námsefni: Gerðar eru 12 allviðamiklar tilraunir í tengslum við rannsóknir í eðlisfræði við Raunvísindastofnun Háskólans. Fjallað verður um Mössbauer-hrif, lofttæmitækni, málmhúðun í lofttæmi, ræktun þunnhúða, rafmælingar á samskeytum málma og hálfleiðara, seigju vökva, samtíma geislamælingar o.fl. Fyrirlestrar eru í nánum tengslum við þessi viðfangsefni.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að skammtafræði (EÐL306G)
Æskileg undirstaða: Kjarna- og öreindafræði (EÐL506G)

**EFN108F • 4. árs rannsóknarverkefni í efnafræði • (30e) • Haust**
4. árs rannsóknarverkefni.

**EFN112F • Námskeið til meistaraprófs í efnafræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**EFN208F • 4. árs rannsóknarverkefni í efnafræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**EFN209F • 4. árs rannsóknarverkefni í efnafræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**EFN211F • Útreikningar á eiginleikum efna og hraða efnabreytinga • (10e) • Vor**
Ígildi námskeiðsins Eðlisefnafræði 5 í kennsluskrá 2007-2008.
Skammtafræðilegir reikningar á rafeindadreifingu í efnum og
ýmsum efnafræðilegum eiginleikum efna með Hartree-Fock, MP2, CI og DFT aðferðunum. Spuni og víxlverkun hans við hverfiþunga og ytra svið. Hraði efnabreytinga (efnahvarfa eða sveims) reiknaður út frá virkjunarástandskenningunni, bæði innan kjörsveifilsnálgunar og almennt út frá fríu orkunni, klassískt og skammtafræðilega.
Verklegar æfingar sem fela í sér forritun og tölvureikninga.

**EFN214F • Námskeið til meistaraprófs í efnafræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**EFN215F • Námskeið til meistaraprófs í efnafræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**EFN218M • Efni fyrir vetnisþjóðfélagið A • (2e) • Sumar**

Umsjónarmaður: Hannes Jónsson Prófessor
Vetnisþjóðfélagið og ný efni sem vantar til að gera það að raunveruleika, einkum hvað varðar framleiðslu á vetni, efnarafala og vetnisgeymslu. Helstu efnaferli verða kynnt og sérstöl áhersla lögð á efnahvötun. Efnarafalar byggðir á prótónulækum himnum (PEM) og efnarafalar byggðir á föstum oxíðum (SOF). Framleiðsla með rafgreiningu, ljóseindum og örverum. Geymsla vetnis, einkum í föstum efnum svo sem alanötum, magníum hýdríðum, bórhýdríðum og öðrum vetnisríkum efnum. Fyrirlestrar verða haldnir af 17 fyrirlesurum frá ýmsum Evrópulöndum.

**EFN219M • Efni fyrir vetnisþjóðfélagið B • (4e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Hannes Jónsson Prófessor
Grundvallaratriði eðlisefnafræði og storkueðlisfræði sem undirbúningur fyrir fyrirlestra um vetnisþjóðfélagið og ný efni sem vantar til að gera það að raunveruleika, einkum hvað varðar framleiðslu á vetni, efnarafala og vetnisgeymslu. Helstu efnaferli verða kynnt og sérstöl áhersla lögð á efnahvötun. Efnarafalar byggðir á prótónulækum himnum (PEM) og efnarafalar byggðir á föstum oxíðum (SOF). Framleiðsla með rafgreiningu, ljóseindum og örverum. Geymsla vetnis, einkum í föstum efnum svo sem alanötum, magníum hýdríðum, bórhýdríðum og öðrum vetnisríkum efnum. Fyrirlestrar verða haldnir af 17 fyrirlesurum frá ýmsum Evrópulöndum.

**EFN308F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í efnafræði • (30e) • Haust**
Meistaraprófsverkefni.

**EFN405F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í efnafræði • (30e) • Vor**
Meistaraprófsverkefni.

**EFN406F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í efnafræði • (30e) • Sumar**
Meistaraprófsverkefni.

**EFN509M • Eðlisefnafræði 4 • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 5v**
Umsjónarkennari: Ágúst Kvaran Prófessor
Snúnings-, titrings- og rafeinda-litróf og litrófsgreiningar sameinda. Litrófsgreiningar í segulsviði, NMR. Röntgengreining kristalla. Raf- og seguleiginleikar efna. Ljósefnafræði og hvarfslóðir efnahvarfa. Verklegar æfingar tengdar ofangreindu efni og efni sem fjallað er um í eðlisefnafræði 3 (09.31.40): Leiðni í raflausnum, hraði efnahvarfa og ljósefnafræði, ljómun sameinda á sýnilega og útfjólubláa litrófssviðinu, IR litróf og titringshættir sameinda, NMR róf og tvískautsvægi sameinda. Tölvuútreikningar á titringi og efnahvörfum sameinda. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn fyrir verklegar æfingar, sem gildir 20% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisefnafræði 3 (09.31.40)

**EFN510M • Ólífræn efnafræði 3 • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 5v**
Umsjónarmaður: Sigurjón Norberg Ólafsson Dósent
Fyrirlestrar: Girðiefnafræði: Hvarfgangar og hraðafræði í efnafræði hliðarmálma. Rúmfræði efnahvarfa. Málmlífræn efnafræði. Lífrænir tengihópar og nafnakerfi. Meginatriði varðandi tengi málms við kolefni. Helstu flokkar málmlífrænna efna, hvörf þeirra og hvarfgangar. Rófaljósmælingar í greiningu málmlífrænna komplexa. Málmlífræn hvörf og hvötun. Verklegt: Smíði klassískra málmkomplexa, efnasambanda frumefna aðalflokkanna og málmlífrænna efnasambanda. Kynntar verða helstu aðferðir og tækni við smíði ólífrænna efnasambanda, svo sem lofttæmitækni og hvörf við vatns- og ildissnauðar aðstæður, háhitahvörf og þurrgufun. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn, m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 33% af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Ólífræn efnafræði 2 (EFN404G)
Æskileg undirstaða: Efnagreiningartækni (EFN402G)

**EFN512F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í efnafræði • (30e) • Haust**
Doktorsverkefni.

**EFN608M • Lífræn efnafræði 4: Lífrænar efnasmíðar • (10e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Guðmundur Gunnar Haraldsson Prófessor
Umsjónarkennari: Snorri Þór Sigurðsson Prófessor
Í námskeiðinu verður fjallað um nýrri aðferðir sem beitt er við efnasmíði lífrænna efnasambanda og leitast við að byggja kerfisbundið upp þekkingu til að fjalla um nútímalegar lífrænar efnasmíðar. Byggt verður ofan á þá þekkingu sem þegar liggur fyrir hjá nemendum að loknum námskeiðunum LE 1, LE 2 og LE 3, sem eru forkröfur þessa námskeiðs. Fjallað verður um margvísleg kjarnsækin skiptihvörf og rafsækin álagningarhvörf, nútímalega málmlífræna efnafræði, heterohringi, afoxun og sértæka afoxunarmiðla, hringhverf efnahvörf og Woodward-Hoffmann reglurnar, oxanir og umraðanir. Fjallað verður um rúmefnafræði og stjórnun á henni og mikilvægi hennar í nútímalegum lífrænum efnasmíðum. Þá verður fjallað verður um notkun ensíma í lífrænum efnasmíðum. Fjallað verður um verndarhópa og mikilvægi þeirra í lífrænum efnasmíðum. Fjallað verður um ýmsar kerfisbundnar leiðir er koma við sögu við hönnun og útfærslu á lífrænum efnasmíðum eins og umskautun (umpolung), baksmíðar og baksmíðagreiningu ásamt hugtökum og fræðum þar að baki. Loks verður fjallað um allnokkrar klassískar fjölskrefa lífrænar efnasmíðar á flóknum náttúruefnum og hvernig þróunin hefur orðið í gegnum tíðina. Hugmyndin er að kryfja slíkar efnasmíðar niður í kjölinn.
Námskeiðið er einkum ætlað nemendum í framhaldsnámi í efnafræði, en einnig nemendum sem uppfylla forkröfurnar. Meginmarkmiðið er að gera nemendur læsa á lífrænar efnasmíðar eins og þær eru útfærðar í dag.
Nauðsynleg undirstaða: Lífræn efnafræði 3 (EFN506G)

**EFN610M • Ólífræn efnafræði 4 • (10e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f**
Umsjónarkennari: Ingvar Helgi Árnason Prófessor
Fyrirlestrar: Lotubundnir eiginleikar málma og málmleysingja í ólífrænni efnafræði. Ólífræn búr, hringir og þyrpi. Þáttur ólífrænnar

efnafræði í lífefnum.
Nauðsynleg undirstaða: Ólífræn efnafræði 3 (EFN510M)

**EFN611M • Ólífræn efnafræði 4 (án verklegra tíma) • (8e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f**
Umsjónarkennari: Ingvar Helgi Árnason Prófessor
Í þessu námskeiði eru ekki verklegir tímar.
Fyrirlestrar: Lotubundnir eiginleikar málma og málmleysingja í ólífrænni efnafræði. Ólífræn búr, hringir og þyrpi. Þáttur ólífrænnar efnafræði í lífefnum.
Nauðsynleg undirstaða: Ólífræn efnafræði 3 (EFN510M)

**EFN612F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í efnafræði • (30e) • Vor**
Doktorsverkefni.

**EFN613F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í efnafræði • (30e) • Sumar**
Doktorsverkefni.

**LEF102F • 4. árs rannsóknarverkefni í lífefnafræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**LEF103F • Námskeið til meistaraprófs í lífefnafræði • (10e) • Haust**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LEF105F • Hagnýtt lífefnafræði F • (10e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 1u**
Umsjónarkennari: Hörður Filippusson Prófessor
Þessu námskeiði er ætlað að gefa stúdentum innsýn í nokkra þætti hagnýttrar lífefnafræði og lífefnatækni, með áherslu á prótein (protein biotechnology). Fyrirlestrar: Notkun próteina í iðnaði og til lækninga. Notkun ensíma í iðnaðarferlum. Kyrrsett ensím og hagnýting þeirra. Lífefnanemar (biosensors). Lífefnagreining. Sjálfvirkni í lífefnagreiningu. Hreinvinnsla lífefna og uppskölun vinnsluferla. Umræðufundir: Nýlegar vísindagreinar kynntar og ræddar. Erindi flutt af nemendum. Skoðunarferðir í nokkur framleiðslufyrirtæki.
Fyrir þá sem taka 6 einingar gildir skriflegt próf (ritgerðaverkefni) 75% og frammistaða í flutningi erinda 25%. Fyrir þá sem taka 10 einingar gildir skriflegt próf 45%, frammistaða í flutningi erinda 15% og viðbótarverkefni 40%.

**LEF201F • 4. árs rannsóknarverkefni í lífefnafræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**LEF202F • 4. árs rannsóknarverkefni í lífefnafræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LEF204F • Námskeið til meistaraprófs í lífefnafræði • (10e) • Vor**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LEF205F • Námskeið til meistaraprófs í lífefnafræði • (10e) • Sumar**
Kennarar velja í samráði við nemanda safn af vísindaritgerðum, yfirlitsritgerðum og bókarköflum um efni sem tengist sérsviði sem rannsóknarverkefni hans fjallar um en skarast ekki við það. Nemandi og kennari hittast vikulega til þess að ræða efni ritgerða sem lesnar hafa verið. Námskeiðinu lýkur með ritgerð og munnlegu prófi í lestrarefninu þar sem umsjónarkennari eða kennari úr umsjónarnefnd er prófdómari.

**LEF207F • Efnafræði ensíma F • (10e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Jón Bragi Bjarnason Prófessor
Einangrun, hreinsun og greining próteina. Myndbygging próteina. Hraði og hvarfgangur ensímhvataðra hvarfa. Stjórnun ensímhvarfa. Fjölensímasambönd.
Æskileg undirstaða: Lífefnafræði 3 (LEF501M)

**LEF208F • Bygging og eiginleikar próteina • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2u**
Umsjónarkennari: Magnús Már Kristjánsson Dósent
Fjallað er um einkenni 1.-4. stigs byggingastiga prótein og hvernig þau ákvarða ýmsa eiginleika þeirra. Flokkun próteina á grundvelli myndbygginga og einkenni. Leitast er við að skýra samband myndbyggingar og eiginleika próteina með mismunandi líffræðileg hlutverk. Farið er yfir helstu byggingarþætti sem ákvarða stöðugleika myndbyggingar próteina, sem og afmyndun þeirra og svipmótunarferli. Fjallað er um áhrif þátta á borð við hitastig, sýrustigs, salta og afmyndara á stöðugleika próteina. Kynntar eru helstu aðferðir sem notaðar eru við rannsóknir á byggingar- og eðliseiginleikum próteina.
Nauðsynleg undirstaða: Lífefnafræði 1 (LEF302G)

**LEF304F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í lífefnafræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**LEF403F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í lífefnafræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LEF404F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í lífefnafræði • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**LEF501M • Lífefnafræði 3 • (8e) • Haust • Stokkur: H4 • 2f + 10v**
Umsjónarkennari: Bjarni Ásgeirsson Prófessor
Aðstoðarkennari: Magnús Már Kristjánsson Dósent
Verklegar æfingar í lífefnafræði. Einangrun ensíma og mælingar á hraðafræðilegum eiginleikum ensíms. Rafdráttur próteina. Stöðugleiki próteina. Sértæk efnahvörf próteina. Samskipti tengla og próteins. Mótefnafelling. DNA einangrun og notkun skerðiensíma. Lífupplýsingar í tölvu. Stoðfyrirlestrar tengja saman hagnýt atriði verklegu æfinganna og fræðilega undirstöðu þeirra, sem kemur fram í fjölrituðum vinnuseðlum og kennslubókum. Í þessu námskeiði er gefin hluteinkunn, m.a. fyrir verklegar æfingar, sem gildir 2/3 af heildareinkunn. Lágmarkseinkunnar er krafist bæði í hluteinkunn og prófseinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Lífefnafræði 1 (LEF302G)

**LEF506F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í lífefnafræði • (30e) • Haust**
Doktorsverkefni.

**LEF604F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í lífefnafræði • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**LEF605F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í lífefnafræði • (30e) • Sumar**
Doktorsverkefni.

**SEÐ001F • Vatn, ís og uppruni lífs í alheimi • (4e) • Sumar**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Umsjónarkennari: Einar H Guðmundsson Prófessor
Í námskeiðinu verður fjallað ítarlega um hlutverk vatns í þróun lífs í alheimi, allt frá myndun vatnssameinda í geimnum til þróun fyrstu lífveranna. Í verklega hlutanum verður lögð áhersla á að kanna líf við jaðaraðstæður, einkum lífverur í mjög heitu eða mjög köldu vatni, enda má telja líklegt að slíkar athuganir geti varpað ljósi á þróun lífs við erfiðar aðstæður á jörð í árdaga.

**SEÐ102F • Afstæðileg stjarneðlisfræði • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Einar H Guðmundsson Prófessor
Markmið: Að kynna nemendum notkun afstæðiskenningar í nútíma stjarnvísindum. Námsefni: Hvítir dvergar og nifteindastjörnur. Svarthol. Þyngdarlinsur. Þyngdarbylgjur. Heimsfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Stjarneðlisfræði 1 (SEÐ502M)

**SEÐ501F • Stjarneðlisfræði 2 • (10e) • Haust**
Umsjónarmaður: Einar H Guðmundsson Prófessor
Fjallað verður um afmörkuð svið stjarneðlisfræði og heimsfræði samkvæmt vali kennara og nemenda.
Nauðsynleg undirstaða: Stjarneðlisfræði 1 (SEÐ502M)

**SEÐ502F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í stjarnvísindum • (30e) • Haust**
Doktorsverkefni.

**SEÐ502M • Stjarneðlisfræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H7**
Umsjónarmaður: Ari Ólafsson Dósent
Kennari: Páll Jakobsson Dósent
Að öllu jöfnu kennt annað hvert ár þegar ártal er oddatala. Markmið: Að kynna undirstöðuatriði og aðferðir stjarneðlisfræðinnar. Áhersla er lögð á notkun eðlisfræði við líkanagerð og útskýringar á stjarnfræðilegum fyrirbærum. Námsefni m.a.: Eðli sólstjarna. Ástandsjafna, orkuframleiðsla og orkuflutningur. Geislun. Gerð og þróun sólstjarna. Hamfaraskeið í þróun þeirra: Þyngdarhrun og stjörnusprengingar. Eðlisfræði hvítra dverga, nifteindastjarna og svarthola. Þéttstæð tvístirni og röntgenstjörnur. Tifstjörnur. Vetrarbrautir af ýmsum gerðum, myndun þeirra og þróun. Virkni í kjörnum vetrarbrauta. Efnið milli stjarnanna. Segulsvið í geimnum. Geimgeislar. Valin atriði úr heimsfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIC (STÆ206G), Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**SEÐ601F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í stjarnvísindum • (30e) • Vor**
Doktorsverkefni.

**STÆ001M • Málstofa í stærðfræði • (0e) • Haust • 2f**
Ýmsir fyrirlesarar ræða efni tengd nýjum rannsóknum í stærðfræði. Viðfangsefni auglýst jafnóðum.

**STÆ002M • Málstofa í stærðfræði • (0e) • Vor • 2f**
Ýmsir fyrirlesarar ræða efni tengd nýjum rannsóknum í stærðfræði. Viðfangsefni auglýst jafnóðum.

**STÆ004F • Línuleg líkön með slembiþáttum • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Línuleg líkön, margvíða normal dreifingin, stigskipt líkön, línuleg líkön með slembiþáttum, skilyrt sennileikamat, óbjagaðir línulegir metlar, bayesísk ályktunartölfræði, tölfræðileg ákvörðunarfræði, Markov keðjur, Monte Carlo heildun, vigtuð hermun, Markov keðju Monte Carlo hermun, Gibbs hermun, Metropolis-Hastings hermun.
Æskileg undirstaða: Línuleg algebra B (STÆ208G)

**STÆ108F • Algebra IV • (10e) • Vor**
Umsjónarkennari: Jón Kristinn Arason Prófessor
Kaflar úr algebru. Efni valið af kennara hverju sinni í samráði við nemendur.

**STÆ112F • Baugar og mótlar • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Jón Kristinn Arason Prófessor
Baugar og mótlar með áherzlu á óvíxlna tilfellið. Uppbygging óvíxlinna bauga. Útsetningar endanlegra grúpna.

**STÆ113F • Tölfræði líf- og heilbrigðisvísinda • (8e) • Haust • Stokkur: V • 4f + 3d**
Kennari: Thor Aspelund Dósent
Námskeiðið er sniðið að framhaldsnemum og rannsakendum í líf- og heilbrigðisvísindum. Lögð verður áhersla á lógístíska aðhvarfsgreiningu og lifunarlíkön svo sem Kaplan-Meier og Cox. Byrjað verður á almennum línulegum fjölþáttalíkönum fyrir aðhvarfsgreiningu til að sýna að hvað þessi líkön eiga sameiginlegt. Farið verður yfir áhrif truflandi breyta (confounding) og víxhrifa (interaction). Aðferðir fyrir endurteknar mælingar verða einnig kynntar. Hagnýting aðferðanna og túlkun niðurstaðna úr tölfræðiforritum verður höfð í fyrirrúmi en stærðfræðilegur bakgrunnur kynntur eftir þörfum. Forritið R og STATA verður notað til leiðbeiningar en annars er þátttakendum frjálst að nota önnur tölfræðiforrit sem ráða við þær aðferðir sem kenndar eru í námskeiðinu.

**STÆ210F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í stærðfræði • (10e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ211F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í stærðfræði • (10e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ213F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í stærðfræði • (20e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ214F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í stærðfræði • (20e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ305F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í stærðfræði • (10e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ306F • Rannsóknarverkefni til M.Paed.-prófs í stærðfræði • (20e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ307F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í stærðfræði • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ308F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**STÆ310M • Línuleg tölfræðilíkön • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarmaður: Gunnar Stefánsson Prófessor
Einföld og fjölvíð aðhvarfsgreining, fervikagreining og samvikagreining, ályktanir, dreifni og samdreifni metla, mátpróf með frávika- og áhrifagreiningu, samtíma ályktanir. Almenn líkuleg líkön sem ofanvörp, fervikagreining sem sértilvik, samtíma öryggismörk á samanburðarföll. Ólínuleg aðhvarfsgreining og tilraunaskipulag. R notað í verkefnum. Lausnum verkefna er skilað i LaTeX og PDF.
Til viðbótar er tekið efni eftir vali, t.d. útvíkkuð línuleg líkön
(GLM) og/eða slembiþáttalíkön (random/mixed effects models) og/eða skóreimaaðferðir (bootstrap) o.s.frv.
Æskileg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G) eða Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G)

**STÆ311M • Málstofa í tölfræði • (2e) • Haust • Stokkur: H • 1f**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Valið efni í tölfræði. Taka má málstofuna oftar en einu sinni til eininga. Hver nemandi flytur a.m.k. einn fyrirlestur á misserinu. Skyldumæting er á alla fyrirlestra. Kennt bæði misserin þegar næg þátttaka næst.

**STÆ312M • Hagnýt línuleg tölfræðilíkön • (6e) • Haust • Stokkur: V1 • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Einföld og fjölvíð aðhvarfsgreining, fervikagreining og samvikagreining, ályktanir, dreifni og samdreifni metla, mátpróf með frávika- og áhrifagreiningu, samtíma ályktanir. Almenn líkuleg líkön sem ofanvörp, fervikagreining sem sértilvik, samtíma öryggismörk á samanburðarföll. Ólínuleg aðhvarfsgreining og tilraunaskipulag. R notað í verkefnum. Lausnum verkefna er skilað í LaTeX og PDF.
Til viðbótar er tekið efni eftir vali, t.d. útvíkkuð línuleg líkön
(GLM) og/eða slembiþáttalíkön (random/mixed effects models) og/eða skóreimaaðferðir (bootstrap) o.s.frv.

**STÆ313M • Grundvöllur tölfræðinnar • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Sennileiki, tæmandi stærð, tæmanleikareglan, þvælistiki, skilyrðingarreglan, óbreytileikareglan, sennileikafræði. Tilgátupróf, einfaldar og samsettar tilgátur, Neyman-Pearson-setningin, styrkleiki, UMP-próf, óbreytileg próf. Umröðunarpróf, sætispróf. Bilmat, öryggisbil, öryggisstig, öryggissvæði. Punktmat, bjagi, meðalferskekkja. Verkefnum er skilað með notkun LaTeX og gilda 20% af lokaeinkunn.
Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G) eða Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G)

**STÆ401M • Algebra II • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Mótlar og línulegar varpanir. Frjálsir mótlar og fylki. Deildamótlar og stuttar fleygaðar lestir. Nykurmótlar. Endanlega spannaðir mótlar yfir höfuðíðalbaug. Línulegir virkjar á endanlega víðum vigurrúmum.
Nauðsynleg undirstaða: Algebra I (STÆ303G)

**STÆ402M • Mál- og tegurfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Ragnar Sigurðsson Prófessor
Kennt á vormisseri, þegar ártal er oddatala.
Mál- og tegurfræði: Mælanleg föll, mál og málrúm. Tegranleg föll og helstu samleitnisetningar (um einhalla samleitni, setningar Fatous og Lebesgues). LMál- og tegurfræði: Mælanleg föll, mál og málrúm. Tegranleg föll og helstu samleitnisetningar (um einhalla samleitni, setningar Fatous og Lebesgues). $L_p$-rúm og tvírúm þeirra, ójöfnur Hölders og Minkowskis. Ýmsar gerðir samleitni og tengsl þeirra innbyrðis. Málamargfeldi, setningar Tonellis og Fubinis. Lebesgue-málið á $\mathbf{R}^n$ og helztu eiginleikar þess. Tengsl tegrunar og diffrunar, setning Lebesgues um diffranleika einhalla falls næstum alls staðar. Fourier-greining Gamma-fallið.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G), Mengi og firðrúm (STÆ202G)

**STÆ403M • Algebra III • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Jón Kristinn Arason Prófessor
Kroppar og útvíkkanir þeirra. Aðskiljanlegar útvíkkanir
og normlegar útvíkkanir. Galois-fræði. Notkunardæmi. Noether baugar.Grunnasetning Hilberts. Núllstöðvasetning Hilberts.
Nauðsynleg undirstaða: Algebra I (STÆ303G)

**STÆ406M • Fléttufræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Kennari: William Mark Dukes
Námskeiðið er ætlað nemendum á öðru og þriðja ári.
Markmiðið er að kynna nemendum ýmis fléttufræðileg kerfi,
aðferðir við talningu og gagnlega eiginleika. Hagnýtingar
á þessum kerfum og aðferðum.

**STÆ411F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í stærðfræði • (30e) • Vor**
Meistaraprófsverkefni.

**STÆ412F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í stærðfræði • (30e) • Sumar**
Sjá reglur raunvísindadeildar um rannsóknarnám.

**STÆ413F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Sjá reglur um meistaranám í umhverfis- og auðlindafræðum.

**STÆ414F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**STÆ415M • Slembiferli • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor
Inngangsatriði slembiferla með megináherslu á Markovkeðjur. Hittitími, óþættanleiki, lota, endurkvæmni (jákvæð og núll-), tenging, endurnýjun, jafnvægi, tíma-viðsnúningur, tenging úr fortíðinni, biðraðir, martingalar, Brownhreyfing.

**STÆ417M • Málstofa í tölfræði • (2e) • Vor • Stokkur: V • 1f**
Umsjónarkennari: Gunnar Stefánsson Prófessor
Valið efni í tölfræði. Taka má málstofuna oftar en einu sinni til eininga. Hver nemandi flytur a.m.k. einn fyrirlestur á misserinu. Skyldumæting er á alla fyrirlestra. Kennt bæði misserin þegar næg þátttaka næst.

**STÆ418M • Grundvöllur líkindafræðinnar • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor

Líkindi, væntigildi og skilyrðingar á grundvelli mál- og tegurfræði. Ýmsar gerðir samleitni og mikilvægar markgildissetningar.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G) eða Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**STÆ504F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í stærðfræði • (30e) • Haust**
Ph.D- Research Project.

**STÆ505M • Hlutafleiðujöfnur • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Robert Jonathan Magnus Prófessor
Fyrstu stigs jöfnur. Laplace jafna, hitajafna og bylgjujafna í mismunandi víddum, á mismunandi svæðum, með mismunandi jaðar- og/eða upphafskilyrðum. Flokkun á annars stigs jöfnum í sporger, fleygger og breiðger. Undirstöðulausnir og Green-föll. Grunnatriði í dreififallafræði. Hnikareikningur og hnikaaðferðir. Veikar lausnir.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIA (STÆ207G) eða Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)

**STÆ506M • Mengjafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Mengjafræði byggð á Zermelo-Fraenkel-frumsendunum. Röðuð mengi og fullyrðingar jafngildar valfrumsendunni. Náttúrlegar tölur og uppbygging talnakerfisins innan mengjafræði. Fjöldatölur og raðtölur.

**STÆ507M • Línuleg fellagreining • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigurðsson Prófessor
Banach-rúm og Hilbert-rúm og helztu eiginleikar þeirra. Tvírúm Banach-rúma. Földun falla. Fourier-færslan á LBanach-rúm og Hilbert-rúm og helztu eiginleikar þeirra. Tvírúm Banach-rúma. Földun falla. Fourier-færslan á $L_1$**(R)** og eiginleikar hennar, setning Plancherels um Fourier-færsluna á $L_2$**(R)**. Jafnsamfelldni, setning Arzelàs og Ascolis, nálgunarsetningar Stones og Weierstrass. Línulegir virkjar á Hilbert-rúmi, sér í lagi þjappaðir virkjar; hlutrúm og fyllirúm. Rófsetning um þjappaða og sjálfoka virkja á Hilbert-rúmi. Setning Hahns og Banachs. Setning Baires og aðalsetningarnar þrjár um takmörkun í jöfnum mæli, um opna vörpun og um lokað varprit.
Kennt á haustmisseri þegar ártal er oddatala
Æskileg undirstaða: Mál- og tegurfræði (STÆ402M)

**STÆ508M • Rúmfræði • (8e) • Haust • 4f + 3d**
Umsjónarkennari: Reynir Axelsson Dósent
Námskeiðið fjallar um undirstöður rúmfræðinnar. Vildarrúmfræði: Frumsendur og líkön. Vildarsléttur og einsmótanir þeirra. Samsíðumótanir, hliðranir, stríkkanir. Hliðrunarsléttur og vigursamlagning. Setning Desargues og hnit yfir deilibauga. Setning Papposar. Endanlegar vildarsléttur og setning Wedderburns. Einsmótanir og sjálfmótanir Desargues-vildarsléttna. Vildarrúm í þremur víddum og hærri. Varprúmfræði: Varpsléttur. Nykurlögmál. Sambandið milli vildarsléttna og varpsléttna. Bruck-Ryser-setningin. Sjálfmótanir. Setningar Desargues og Papposar og hnit í varpsléttum. Sígild rúmfræði: Legufrumsendur, raðfrumsendur, samsniðafrumsendur. Hlutlaus rúmfræði og hlutlausar sléttur. Horn og þríhyrningareglur. Ýmsar samfellufrumsendur. Evklíðsk rúmfræði, setning Papposar og tilvist hnitakerfa yfir pýþagórsk og evklíðsk svið. Teikning með hringfara og reglustiku. Breiðger rúmfræði, frumsenda Hilberts. Endareikningur Hilberts og hnit í breiðgerri rúmfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Línuleg algebra A (STÆ106G)

**STÆ509M • Talnafræði • (8e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Deiling heilla talna, samleifingar. Heilar Gauss-tölur. Summur af ferningum. Ferningsleifar og ferningsgagnkvæmnissetningin. Aðrir valdir kaflar úr talnafræði. Deiling heilla talna, samleifingar. Heilar Gauss-tölur. Summur af ferningum. Ferningsleifar og ferningsgagnkvæmnissetningin. Aðrir valdir kaflar úr talnafræði.

**STÆ510M • Algebruleg grannfræði • (10e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 3d**
Inngangur að svipfræði og hjásvipfræði grannrúma: Fléttingar og svipgrúpur. Sérstæð hjásvipfræði. Fleygaða svipfræðilestin. Brottskurðarsetningin. Mayer-Vietoris-lestin. Notkunardæmi. Hjásvipgrúpur. Úffeldi og kúffeldi. Künneth-formúla. Nykurlögmál Poincarés.
Kennt á haustmisseri þegar ártal er slétt tala.
Æskileg undirstaða: Grannfræði (STÆ411G)

**STÆ511M • Töluleg línuleg algebra • (6e) • Haust • 3f + 2d**
Kennt á haustmisseri, þegar ártal er oddatala. Lausn á stórum og rýrum jöfnuhneppum með beinum aðferðum, samhliða aðferðum og ítrekunaraðferðum. Lausn á ofákveðnum og vanákveðnum jöfnuhneppum. Lausn eigingildisverkefna. Línuleg, töluleg nálgun.
Nauðsynleg undirstaða: Töluleg greining B (STÆ405G)

**STÆ512M • Framhaldsnámskeið í líkindafræði • (10e) • Haust**
Líkindafræði byggð á málfræði, Kolmogorov og Ionescu-Tulcea
útvíkkunarsetningarnar, skilyrt væntigildi, regluleg skilyrt líkindi,
Kolmogorov og Hewitt-Savage 0-1 lögmálin, martingalar í strjálum tíma,
kynning á Brown-hreyfingu.

**STÆ513M • Umraðanagrúpur • (10e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarkennari: Rögnvaldur Möller Prófessor
Endanlegar og óendanlegar umraðanagrúpur. Grúpuverkanir á tré. Bass-Serre fræði.
Æskileg undirstaða: Algebra I (STÆ303G)

**STÆ601M • Fjármálastærðfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V3 • 4f + 2d**
Kennari: Freyr Hermannsson Aðjunkt

Markmið: Að veita stúdentum bæði fræðilega og hagnýta þekkingu í fjármálaafleiðum og þeim stærðfræðilegu aðferðum, sem þær grundvallast á. Lögð er nokkur áhersla á þann stærðfræðilega grunn sem liggur að baki fjármálastærðfræði, þar á meðal slembiferli, slembnar afleiðujöfnur og hlutafleiðujöfnur. Þessar jöfnur eru tengdar fjármálafræðum með verðlagningu Blacks og Scholes og hlutafleiðujöfnum. Fjallað er um hvernig meta má stika í slembnum afleiðujöfnum út frá raunverulegum gögnum, m.a. með Kalman-síun og GMM-aðferðinni. Sýnt er hvernig herma má slembnar afleiðujöfnur. Teknar eru fyrir helstu gerðir afleiða og farið út í hagnýtt gildi þeirra. Lögð er áhersla á verkefni og nemendur m.a. látnir verðleggja mismunandi afleiður "kaupa" þær og "selja" og verja þær með delta-vörn fram að lokadegi.
Nauðsynleg undirstaða: Inngangur að líkinda- og tölfræði (STÆ204G) eða Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**STÆ604F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í stærðfræði • (30e) • Vor**
Doktorsverkefni.

**STÆ605F • Rannsóknarverkefni til doktorsprófs í stærðfræði • (30e) • Sumar**
Doktorsverkefni.

**STÆ606M • Tvinnfallagreining II • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Cauchy-Goursat-setningin. Vafningstölur, almenna Cauchy-setningin og almenna leifasetningin. Einfaldlega samanhangandi svæði. Þýð föll, heildissetning Poissons, verkefni Dirichlets fyrir hringskífu, speglunarsetning Schwarz. Nálganir fágaðra falla með ræðum föllum og Runge-setningin. Óendanlegar raðir og óendanleg margfeldi nærfágaðra falla; tilvistarsetningar Mittag-Lefflers og Weierstrass. Sporger föll. Samrýndar fjölskyldur og setning Montels. Hornrækin vörpun, brotnar línulegar færslur, Schwarz-hjálparsetningin og óevklíðsk rúmfræði í einingarskífunni. Vörpunarsetning Riemanns; samfelldni á jaðrinum.

**STÆ607M • Diffurrúmfræði • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Kennt á vormisseri, þegar ártal er slétt tala. Ferlar, fletir og víðáttur í evklíðsku rúmi. Deildanlegar víðáttur, vigursvið og þinsvið. Háfletir í evklíðsku rúmi, fyrsta og annað undirstöðuform, krappi, kúptir háfletir. Innri rúmfræði flata. Riemann-víðáttur, gagnvegir. Gauss-Bonnet-setningin fyrir fleti.

**STÆ608M • Inngangur að rökfræði • (8e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Röksemdafærslur, sannanir. Samtengingar, fullyrðingareikningur, sannföll og sísönnur. Formleg mál, frumsendur, rökreglur, sísönnusetningin. Magnarar. Mál og kenningar fyrstu stéttar. Mynstur og líkön. Fullkomleikasetningin. Setning Löwenheims og Skolems. Reiknanleiki, rakin föll. Setning Gödels.

**STÆ609M • Stærðfræðigreining á víðáttum • (10e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 3d**
Kennari: Reynir Axelsson Dósent
Fletir og hlutvíðáttur í evklíðskum rúmum. Andhverfusetning og setning um fólgin föll. Deildaform og heildun yfir hlutvíðáttur í evklíðskum rúmum. Almenna Stokes-setningin.
Kennt á vormisseri þegar ártal er oddatala.

**STÆ610M • Atriði úr líkindafræði • (10e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Hermann Þórisson Prófessor
Námskeiðið fjallar um tengiaðferðir í líkindafræði, jafnvægi, endurnýjun.

**STÆ611M • Kennsluefni í skólum • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 1d**
Umsjónarkennari: Eggert Briem Prófessor
Fjallað verður um grundvallarhugtök í stærðfræðinámsefni framhaldsskóla og efri bekkja grunnskóla og hvernig þau verði best sett fram miðað við þroska og kunnáttu nemenda. Í því skyni verða lesnar valdar kennslubækur og framsetning þeirra rædd frá ýmsum hliðum svo og kennsluaðferðir. Kynntir verða möguleikar á notkun tölva og netsins í stærðfræðinámi. Efni í námskeiðinu er ekki ákveðið fyrirfram heldur valið í samráði við þátttakendur. Til greina getur komið að farið verði út fyrir hefðbundið stærðfræðinámsefni í skólum og fjallað verði um efni eins og sögu stærðfræðinnar, talnafræði og þrautalausnir. (Einkunn ("staðist" eða "ekki staðist") verður byggð á framlagi þátttakenda í námskeiðinu. Ætlunin er að halda námskeiðið seinni hluta dags, t.d. eftir kl. 15.00, til að auðvelda kennurum þátttöku.)

## Umhverfis- og byggingaverkfræðideild

**BYG001M • Málstofa í umhverfis- og byggingarverkfræðiskor • (0e) • Haust • 2f**
Umsjónarmaður: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Umsjónarmaður: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að kynna rannsóknir á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði.
Efni: Stefnt er að því að fjalla um sem flest svið umhverfis- og byggingarverkfræði í mánaðarlegum fyrirlestrum.

**BYG101G • Starfssvið verkfræðinga • (2e) • Haust • Stokkur: H • 1f**
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Kennari: Edvarð Júlíus Sólnes Prófessor
Markmið: Að lýsa starfssviði verkfræðinga í fortíð, nútíð og framtíð og lýsa skyldum þeirra við samfélagið. Að þjálfa verðandi verkfræðinga til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Efni: Starfssvið verkfræðinga og uppbygging verkfræðináms. Verkfræðingar á Íslandi, viðfangsefnin í þjóðfélaginu, tæknileg og samfélagsleg ábyrgð verkfræðinga. Frumkvöðlar og tæknimenn. Framsetning, tjáning, skýrslugerð, æviferilslýsingar (CV) ásamt umsókn um sumarstarf.
Ekkert lokapróf er í námskeiðinu en mætingarskylda er i 80% fyrirlestra.
Verkefni er skilað á íslensku og ensku.

**BYG101M • Álag og öryggi burðarvirkja • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Bjarni Bessason Prófessor
Markmið: Að kynna forsendur fyrir þolhönnun burðarvirkja og gera nemendum kleift að velja mismunandi álagsþætti og efnisstyrkleika í samræmi við umhverfi, notkun og líftíma burðarvirkis.
Efni: Forsendur hönnunar burðarkerfis byggingarvirkja, umhverfisálag, álag af manna völdum og efnisstyrkleiki burðarvirkja. Grundvöllur líkindafræðilegs mats á álagi og efnisstyrkleika. Umhverfisálag, vindur, snjór, jarðskjálfti o.fl., notálag, eiginálag og slysaálag, tölfræðilegar dreifingar og höfuðþættir álags. Tölfræðilegar dreifingar á efnisstyrkleika og öryggishugtakið. Áreiðanleiki og öryggisvísitölur, álags- og efnisstuðlar, öryggisstuðlar og hlutstuðlar. Hönnun burðarvirkis í notmarkaástandi og brotmarkaástandi, álagsfléttur og burðarþolsföll. Gerð þolhönnunarstaðla, afstilling og öryggisgrunnur. Íslenskir staðlar, leiðbeiningar CEB, Evrópustaðlar. Verkefni: Nemendur fá fimm dæmaverkefni til úrlausnar.
Æskileg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Reiknileg aflfræði 1 (BYG401G), Samfelldaraflfræði 1 (BYG301G), Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Eðlisfræði 1 V (EÐL102G), Línuleg algebra B (STÆ208G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**BYG201G • Greining burðarvirkja 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Bjarni Bessason Prófessor
Markmið: Að kynna viðfangsefni og undirstöðuatriði mannvirkjagerðar. Veita þjálfun í greiningu einfaldra burðarkerfa.
Námsefni: Inngangur að mannvirkjaverkfræði. Grundvallaratriði stöðufræðinnar. Jafnvægisskilyrði. Sniðkraftar og formbreytingar í stöðufræðilega ákveðnum virkjum. Bitar, grindur, bogar, taugamannvirki og rammar. Greining stöðufræðilega óákveðinna virkja með kraftaðferð og formbreytingaraðferð. Kiknun í súlum.
Verkefni: Vikuleg verkefnaskil, smíði á brúarlíkani úr balsavið, sem er brotþolsprófað.
Æskileg undirstaða: Tölvunarfræði 1a (TÖL105G) eða Tölvunarfræði 1 (TÖL101G)

**BYG201M • Stálvirki 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Baldvin Einarsson
Markmið: Námskeiðið er inngangur að hönnun stálvirkja. Það veitir nemendum skilning á hegðun burðarvirkja úr stáli og hvernig staðlar eru notaðir við hönnun þeirra.
Námsefni: Framleiðsla á stáli og helstu eiginleikar þess með tilliti til hönnunar stálvirkja. Hegðun og hönnun helstu burðareininga úr stáli svo sem togstanga, bita súlna og bitasúlna. Skoðuð er kiknun burðareininga, bæði súlna og bita og einnig staðbundin kiknun og flokkun þversniða. Tengingar stálvirkja, hegðun þeirra og grunnatriði hönnunar. Tengingar með rafsuðu og boltum og hönnun einfaldra tenginga.
Verkefni: Gert er ráð fyrir reikniæfingum og hönnunarverkefnum.
Æskileg undirstaða: Samfelldaraflfræði 1 (BYG301G), Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Efnisfræði (BYG302G), Reiknileg aflfræði 1 (BYG401G)

**BYG202G • Tölvuteikning og framsetning • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 2f + 4v**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Fræðileg undirstaða og beiting teiknifræði við verkfræðilega hönnun og miðlun tæknilegra upplýsinga. Áhersla er lögð á tengsl milli rúmfræði 3-víðra hluta og 2-víðra mynda af þeim. Ennfremur á framsetningu upplýsinga í máli og myndum þannig að allur frágangur og vinnubrögð séu í samræmi við kröfur til starfandi verkfræðinga.
Námsefni: Rúmfræðileg lýsing (descriptive geometry) hluta: Stefnuvarp og ofanvarp af ferlum, flötum og hlutum. Hornrétt ofanvörp. Ásmyndun, réttásamyndun og skáásamyndun, horfmyndun (perspective). Hnitafræði (analytic geometry): Töluleg lýsing ferla, flata og hluta í 2- og 3-víðu rúmi. Varpanir, hómógen hnit. Fjölflötungar og bognir fletir. Samsetning og uppbygging hluta og kerfa. Reiknifræðileg rúmfræði og tölvugrafík. Kynning á vél- og hugbúnaði til tölvuteiknunar.
Æfingar: Auk reikni- og teikniæfinga í tengslum við fyrirlestra er farið í teiknireglur og teikniaðferðir, stærð og brot teikninga; gerð línurita, glæra og litskyggna. Tækniteikning í byggingar-, og vélaverkfræði kynnt. Skýrslur og gerð þeirra, uppsetning og frágangur handrita. Ennfremur fríhendisteikning og myndræn tjáning. Tölvuteikning og kynning á hugbúnaði svo sem AutoCAD, Microstation og ýmsum stoðforritum.
Æskileg undirstaða: Tölvunarfræði 1a (TÖL105G) eða Tölvunarfræði 1 (TÖL101G)

**BYG202M • Steinsteypuvirki 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Baldvin Einarsson
Markmið: Námskeiðið er inngangur að hönnun steinsteyptra mannvirkja. Lögð er megin áhersla á að veita nemendum skilning á hegðun einfaldra bita og einvíðra platna, ásamt því að skapa færni í burðarþolshönnun slíkra burðareininga. Kennt er skv. Eurocode 2.
Námsefni: Fjallað verður um eiginleika steinsteypu og steypustyrktarstáls og samvirkni þeirra í járnbentum mannvirkjum. Spennu-streitu ferlar og fjaðurstuðlar. Formbreytingar og spennur eru skoðaðar í notmarkástandi fyrir rifin þversnið. Öryggisstuðlar. Plastísk hönnun. Vægis- og skerburðargeta eru ákvarðaðar í brotmarkástandi, auk gegnumbrots í plötum. Jafnvægis- og lágmarksjárnun. Teygjanleiki þversniða. Tímaháðir eiginleikar steinsteypu, skrið og rýrnun. Frágangur og festa steypustyrktarstáls, umhverfisaðstæður.
Verkefni: Reikniæfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Efnisfræði (BYG302G)

**BYG203M • Vega- og flugbrautagerð • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Erlingsson Prófessor
Kennari: Þorsteinn Þorsteinsson Verkfræðingur
Markmið: Að nemendur læri undirstöðuatriði vegagerðar og hönnun vega og flugbrauta.
Námslýsing: Vegferill, hæðarlega, þversnið, undirstöður vega, burðarlög og slitlög. Massareikningar í vegagerð. Buðarþolshönnun vega, vegtækni. Viðhald vega og slitlaga, PMS. Skipulag flugvalla og burðarþolshönnun flugbrauta, akbrauta og flughlaða. Áhrifamat.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Jarðfræði fyrir verkfræðinga (UMV101G), Línuleg algebra B (STÆ208G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)
Æskileg undirstaða: Jarðtækni og grundun 1 (BYG501G), Samgöngutækni 1 (UMV501G), Efnisfræði (BYG302G), Landfræðileg upplýsingatækni (UMV401G)

**BYG301G • Samfelldaraflfræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að kynna undirstöðuatriði aflfræði samfelldra efna og veita þjálfun í beitingu þeirra. Nemendur beiti forritinu Matlab við lausn verkefna.
Námsefni: Spenna, streita, samband spennu og streitu, spennuföll. Fjaðurfræði: Tvívítt spennuástand, tvívítt streituástand, spennuþjöppun, snertispenna, áhrif hita stigsbreytinga. Mismunandi brot- og flotskilyrði, þreyta. Beygja, vinda, orkuaðferðir: Ólínuleg hegðun, flot. Stöðugleiki. Bylgjuútbreiðsla í föstum efnum.
Æskileg undirstaða: Tölvunarfræði 1a (TÖL105G) eða Tölvunarfræði 1 (TÖL101G), Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Stærðfræðigreining IB (STÆ201G), Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Línuleg algebra B (STÆ208G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)
Próf er skriflegt og ekki eru leyfð hjálpargögn. Einkunn er vegið meðaltal prófs (67%) og kennaraeinkunn fyrir heimadæmi (33%) Nemendur þurfa að standast hvorn hluta fyrir sig.

**BYG302G • Efnisfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Björn Marteinsson Dósent
Markmið: Skapa færni í að meta eiginleika helstu byggingarefna með tilliti til efnisvals og efnisnotkunar.
Námsefni: Grunnuppbygging og eiginleikar málma, fjölliða, fylliefna, steypu og timburs m.t.t. þess að unnt sé að velja rétt byggingarefni til notkunar háð því hver áhrif umhverfis þeirra og ýmsar aðgerðir hafa á viðbrögð við áraun. Þeir þættir sem sérstaklega eru skoðaðir eru; samsetning efna, kornastærð, holrýmd, vatnsdrægni, styrkur og stífleiki, varmaleiðni, stærðarstöðugleiki og varanleiki.

**BYG401G • Reiknileg aflfræði 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V4 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að kynna helstu undirstöðuatriði einingaraðferðarinnar og veita þjálfun í beitingu hennar. Námsefni: Beiting fylkjareiknings við greiningu burðarvirkja. Formbreytingaraðferðin sett fram sem einingaraðferð. Grindur og rammar. Stífnifylki stakra burðareininga. Uppbygging stífnifylkis fyrir burðarvirki. Lausnaraðferðir. Gerð tölvuforrita og notkun tölvu. Rayleigh-Ritz aðferð. Grundvallaratriði einingaraðferðarinnar. Formföll. Spennugreining tvívíðra samfelldra burðarvirkja. Þríhyrndar og ferhyrndar einingar. Skekkjur.
Æskileg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Samfelldaraflfræði 1 (BYG301G), Tölvunarfræði 1a (TÖL105G) eða Tölvunarfræði 1 (TÖL101G), Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Línuleg algebra B (STÆ208G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)

**BYG402G • Hlutafleiðujöfnur í verkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V1 • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Markmið námskeiðsins er að þróa skilning á hlutafleiðujöfnum til notkunnar við lausna verkfræðilegra viðfangsefna.
Efni: Flokkun hlutafleiðujafna, elliptískar, parabólskar og hyperbólskar hlutafleiðujöfnur og tenging við verkfræðileg verkefni: sveim, tímaháð verkefni, og bylgjuhreyfing. Áhrif fjölda rúmvídda á lausnir. Fyrstu og annars stigs diffurvirkjar. Framsetning verkefna, randskilyrði og upphafsskilyrði. Lausnir með aðskilnaði breytistærða, Fourier-ummyndun, Lapace-ummyndun, Green föll, og eigingildisvandamál. Kynning á tölulegum aðferðum eins og mismunaaðferðum, bútaaðferðir, og veik framsetning hlutafleiðujafna. Leitast er við að tengja hlutafleiðujöfnur við verkfræðileg viðfangsefni á sem flestum sviðum: streymi vökva, varmaflutningur, kraftar og spennur, sveiflur, raf- og segulsvið.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G)

**BYG501G • Jarðtækni og grundun 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H4 • 4f + 2d + 3v**
Umsjónarkennari: Sigurður Erlingsson Prófessor
Kennari: Þorsteinn Þorsteinsson Verkfræðingur
Markmið: Að veita nemendum færni í að beita undirstöðuatriðum aflfræði lausra jarðefna við hönnun mannvirkja.
Námslýsing: Samsetning jarðvegs, kornastærðadreifing, mörk Atterbergs. Flokkun jarðvegs. Þjöppun jarðvegs. Vökvaþrýsingur, háræðakraftur, grunnvatn, rennsli, rennslisnet, og framræsing. Spennur í jarðvegi, virkar spennur. Skúfstyrkur, innra viðnám, samloðun. Jarðvegsþrýstingur, stoðveggir, sig, sigútreikningar. Burðargeta jarðvegs. Stöðugleiki fláa. Verklegar tilraunir.

Nauðsynleg undirstaða: Jarðfræði fyrir verkfræðinga (UMV101G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**BYG502G • Framkvæmdafræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarmaður: Sigurður Erlingsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum þjálfun og færni í að beita verkefnastjórnun og framkvæmdafræði í byggingargeiranum. Námslýsing: Verkefnastjórnun. Verkáætlanir. CPM/PERT rökrit. Notkun á MS-Project hugbúnaði fyrir verkáætlanir. Nákvæmni áætlana. Magntölur og einingaverð. Kostnaðaráætlanir verkkaupa. Tilboðsgerð verktaka. Verksamningar. Kostnaðar- og verkeftirlit.

**BYG503G • Samgönguverkfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H7 • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendum mögulegt að taka þátt í, framkvæma og meta verkefni á sviði samgönguverkfræði, sér í lagi á sviði vegagerðar, umferðarverkfræði og samgönguskipulags. Að undirbúa nemendur undir framhaldsnám í samgönguverkfræði.
Efni: Samgöngur og samfélagið; helstu eiginleikar ökutækja sem hafa áhrif á samgönguverkfræði; grundvallar hönnun veglína og vegsniða; umferðaröryggi, umferðarverkfræði, umferðarflæði, biðraðir, umferðarrýmd og umferðarljós; samgönguskipulag, umferðarspár, og samgöngulíkön.
Kennsluhættir: Nýtt efni er kynnt með fyrirlestrum. Nemendur fá þjálfun í samgönguverkfræði við vinnu hönnunar hópverkefna innan og utan kennslustunda, við úrlausn heimaverkefna og við gerð lokaverkefnis. Kennari afhendir viðbótar kennsluefni. Nemendur verða að standast lokapróf til að standast námskeiðið. Hvert skilaverkefni er sjálfstæður hluti af einkunn. Ekki er tekið við seinum skilum eftir að úrlausnir hafa verið birtar. Seinkun skila veldur frádrætti. Ekki er tekið við tímaverkefnum eftir að tíma er lokið.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IB (STÆ201G), Línuleg algebra B (STÆ208G)
Æskileg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)
Heimaverkefni 10%, hönnunarverkefni 10%, lokaverkefni 20%, miðannarpróf 30%, lokapróf 30%.

**BYG601G • Húsagerð • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Björn Marteinsson Dósent
Markmið: Skýra kröfur til bygginga og áhrif þessa á almenna hönnun þeirra. Skapa færni í mótun forsendna verkkaupa og vinna úr þeim bæði heildar- og deililausnir að húshlutum og húskerfum.
Námsefni: Byggingareðlisfræði einvíðs varma- og rakaflutnings, lofthreyfingar við byggingar og þrýstifall yfir byggingarhluta, loftun þaka og varmatap bygginga. Veðurfar og inniaðstæður. Byggingar, lögun þeirra, innra fyrirkomulag og rýmisþörf, öryggi, heilbrigði og velferð þeirra sem í þeim dveljast. Gerð byggingarhluta og deililausna. Lauslega fjallað um umhverfisvænar byggingar, vistferligreiningu, kostnað, galla, endurbætur og viðhald.
Nauðsynleg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Efnisfræði (BYG302G)

**BYG602G • Námsferð erlendis • (4e) • Vor • Stokkur: V**
Námsferðin er metin til tveggja eininga, sem skráðar verða í prófskírteini, en teljast þó ekki með í lágmarksfjölda eininga til BS-prófs. Nemendum er kynnt mannvirkjagerð við aðstæður, sem þekkjast ekki á Íslandi. Leitast er við að kynna bæði hönnun og framkvæmdir varðandi húsbyggingar og brýr, samgöngukerfi, veitukerfi og orkuver. Ein eða fleiri menntastofnanir eða rannsóknastofnanir eru heimsóttar og nemendum kynntur búnaður þeirra og hvernig tæknilega flókin vandamál eru leyst. Nemendur fá verkefni til lausnar í ferðinni og skila skýrslu.

**UMV001M • Málstofa í umhverfis- og byggingarverkfræðiskor • (0e) • Vor • 2f**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að kynna rannsóknir á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði. Efni: Stefnt er að því að fjalla um sem flest svið umhverfis- og byggingarverkfræði í mánaðarlegum fyrirlestrum.

**UMV101G • Jarðfræði fyrir verkfræðinga • (6e) • Haust • Stokkur: H6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Tengsl jarðfræði við byggingarverkfræði. Innri öflin: Innri gerð jarðar, landrek, jarðfræði Íslands, jarðfræðikort, jarðlagafræði, bergfræði, aldursákvörðun. Ytri öflin: Veðrun-rof, laus jarðlög og jarðgrunnur, jökulrof-landmótun, jarðefni sem byggingarefni, fylliefni í steypu, jarðefni í sement, annað fylliefni, frostnæmi, síur, stórgrýti, önnur hagnýt jarðefni, hringrás vatns, grunnvatn, yfirborðsvatn, árrof, sjávarrof, strandmyndanir, stöðuvötn, skriðuföll, snjóflóð. Bergtækni, prófanir á bergi, berggæðamat. Helstu rannsóknaraðferðir í verkfræðilegri jarðfræði og jarðeðlisfræðilegri könnun. Rannsóknir vegna undirbúnings ýmis konar mannvirkja; virkjanir, jarðgöng, hafnir, brýr, vegir, flugvellir, raflínur og skipulag þéttbýlis. Ýmis dæmi um jarðfræðilegan undirbúning og áhrif hans á hönnun og byggingu. Nemendur vinna verkefni um afmarkað atriði. Gildir 30-50% af lokaeinkunn. Einnig smærri verkefni eða dæmi. Gert er ráð fyrir eins dags ferð og e.t.v. heimsóknum á Rvk. svæði. Próf verður skriflegt.

**UMV101M • Mat á umhverfisáhrifum 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að kynna hugmyndafræði og þær aðferðir, sem notaðar eru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og á umhverfismati sem samfléttuðum þáttum við gerð skipulagsáætlana.
Efni: Ástæður og aðdragandi lagasetningar um mat á umhverfisáhrifum og hvernig framkvæmd mats er háttað á Íslandi. Aðferðafræði; gátlistar, töflur, glæruaðferðir og flæðirit. Notkun landfræðilegra upplýsingakerfa (LUK), sem byggjast á stafrænum kortagrunnum og gagnasöfnum. Fræðasvið, sem nýtast við matið; vistfræði, straumfræði, jarðfræði, efnafræði, lögfræði, félagsfræði, hagfræði og fagurfræði. Aðferðir við framsetningu á matinu; skýrslugerð, myndræn framsetning og tölvugrafík. Dæmi um notkun mats á umhverfisáhrifum við undirbúning og hönnun mannvirkja; losun og förgun úrgangsefna, vega- og línulagnir, brýr, hafnir og flugvellir, verksmiðjur og einstök

mannvirki. Einnig ný aðferðafræði um hvernig þarf að flétta aðferðir MÁU inn í gerð skipulagsáætlana, á þann veg að skipulags-, landnýtingar og staðarvalsákvarðanir taki mið af umhverfissjónarmiðum. Hópverkefni, sem tengjast efni námskeiðsins.
Æskileg undirstaða: Landfræðileg upplýsingatækni (UMV401G)

**UMV201G • Vatnafræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Markmið: Undirstöðuþekking í almennri vatnafræði og notkun hennar í umhverfisverkfræði og hönnun. Hringrás vatns. Úrkoma og raki. Írennsli, uppgufun og útgufun, árrennsli. Vatnafræðimælingar og vatnafræðigögn. Yfirborðsvatn, afrennsli, flóðferlar, áhrif byggðar. Vatnsrit, einingavatnsrit og flóðrakning. Grunnvatn og grunnvatnslíkön. Vatnafræðilíkön. Líkinda- og tölfræðiaðferðir í vatnafræði. Áhættumat. Hönnun með tilliti til vatnafræði. Dæmaæfingar og verkefni.
Æskileg undirstaða: Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G), Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G)

**UMV201M • Umhverfisskipulag • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um hvernig tillit skuli tekið til umhverfissjónarmiða við skipulag byggðar og stórra framkvæmda.
Efni: Yfirlit yfir umhverfismál bæði í hnattrænum og staðbundnum skilningi. Mat og greining áhrifa landnýtingar á umhverfi. Farið í gegnum dæmi um slíka greiningu. Fyrirbyggjandi aðferðir til að forðast skaðleg áhrif á umhverfi. Yfirlit yfir þær fræðigreinar sem tillögur um fyrirbyggjandi aðgerðir byggjast á. Dæmi um hvernig ályktanir eru dregnar af fræðilegum upplýsingum við gerð skipulags sem og ákvarðanir um aðrar verklegar framkvæmdir.

**UMV202G • Verkfræðingur og umhverfið • (2e) • Vor • Stokkur: V**
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að kynna verðandi verkfræðingum helstu þætti umhverfismála og lýsa skyldum þeirra við náttúruna og samfélagið.
Efni: Farið verður yfir sögu og þróun umhverfismála. Kynnt verða helstu svið umhverfismála, m.a. sjálfbær þróun, rammasamningar um loftslagsbreytingar og fjölbreytileika tegundanna, hafréttarsáttmálinn, landrof og verndun gróðurlendis og farið yfir alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga í þessum efnum. Áætlanagerð vegna dagskrár 21. Siðfræðileg og fagurfræðileg sjónarmið, manngert umhverfi, verkfræðileg hönnun og mat á umhverfisáhrifum með tilteknum dæmum. Mengun frá iðnaði, hreinni framleiðsluferlar, endurnýting. Umhverfisvöktun og umhverfisstjórnun. Verkefni: Nemendur verða látnir vinna tiltekin verkefni á sviði umhverfismála og skila skýrslum þar að lútandi.
Ekkert lokapróf er í námskeiðinu en mætingarskylda er i 80% fyrirlestra.

**UMV202M • Umhverfisverkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V7**
Umsjónarkennari: Hrund Ólöf Andradóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í þverfaglegan heim umhverfisverkfræðinnar. Áhersla er lögð á að auka skilning á ástæðum fyrir umhverfisvandamálum og kynna hagnýtar aðferðir til að greina og leysa þau. Viðfangsefni eru: Öfl sem þrýsta á umhverfið, staðbundin og hnattræn umhverfisvandamál, massavarðveislulögmál, umhverfisefnafræði, áhættugreining, mengun í vatni, vatns- og skólphreinsun, loftmengun, sorphirða, og hnattræn hlýnun. Kennsla fer fram á ensku í formi fyrirlestra, dæmatíma, og vettvangsferða.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G) eða Hlutafleiðujöfnur í verkfræði (BYG402G)
Æskileg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G) eða Straumfræði (VÉL502G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)
Námsmat byggir annars vegar á vikulegum heimadæmum og rannsóknaverkefni unnin á kennslumisseri og hins vegar á skriflegu prófi í lok misseris.

**UMV203M • Vatns- og fráveitur • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Hrund Ólöf Andradóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita innsýn í hönnun og lagningu vatns- og fráveitukerfa, bæði í ríkum og fátækum löndum. Efnisinnihald: Eiginleikar neysluvatns og skólpfrárennslis. Vatnsþörf og hönnunarstaðlar í vestrænum og þróunarríkjum. Drykkjarvatnssöfnun, dreifing og geymsla. Tegundir og magn fráveituvatns: Úrkoma afrennslissvæða og afrennslisstuðlar, hönnunarúrkoma. Hönnun vatns- og fráveitukerfa: Rennslisreikningar, þrýstifallsreikningar, lagnir og leiðslur, dælur, borholur, brunnar. Vatns- og skólphreinsun: Aflfræðilegar, líffræðilegar og efnafræðilegar lausnir. Námskeiðið innifelur hönnunarverkefni fyrir vatns- og fráveitur í litlu hverfi, verklega sýnatöku og efnagreiningar á skólpvatni. Skoðunarferð í dælu- og hreinsistöð. Gestafyrirlesarar deila praktískri reynslu frá Íslandi og þróunarlöndum.
Nauðsynleg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G)
Æskileg undirstaða: Vatnafræði (UMV201G)

**UMV204M • Vatns- og hitaveitur • (6e) • Vor • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jónas Elíasson Prófessor
Heitt og kalt grunnvatn, efnainnihald og tæringahætta, dælupróf og forðafræði, boranir og virkjun. Kröfur og reglugerðir um gæði neysluvatns, frágangur vatnsbóla og vatnsverndarsvæði, gæðaeftirlit, hreinsiþörf. Aðfærsluæðar og dreifikerfi, þrýstifallsreikningar, þrýstistjórnun, lekaleit. Hitaþörf og vatnsþörf húsa, miðlun og geymisþörf, efnisval og frágangur í leiðslum. Verkefni í hitaveitu eða vatnsveitu eftir vali. Heitt og kalt grunnvatn, efnainnihald og tæringahætta, dælupróf og forðafræði, boranir og virkjun. Kröfur og reglugerðir um gæði neysluvatns, frágangur vatnsbóla og vatnsverndarsvæði, gæðaeftirlit, hreinsiþörf. Aðfærsluæðar og dreifikerfi, þrýstifallsreikningar, þrýstistjórnun, lekaleit. Hitaþörf og vatnsþörf húsa, miðlun og geymisþörf, efnisval og frágangur í leiðslum. Verkefni í hitaveitu eða vatnsveitu eftir vali.

**UMV401G • Landfræðileg upplýsingatækni • (6e) • Vor • Stokkur: V2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendum frá breiðum bakgrunni mögulegt að hagnýta landfræðilega upplýsingatækni, kortagerð og greiningu við tæknilega skýrslu- og álitsgerð, kynningu verkefna, vinnu og rannsóknir.
Efni: Kynning á landfræðilegum upplýsingakerfum og landfræðilegum gögnum. Gerð landakorta og þematískra korta. Notuð verða vektor

gögn og rasta gögn. Farið verður í val eftir eigindum og staðsetningu, og gerð kortalaga út frá vali. Kennd verða tengsl við töflugögn og landfræðileg tengsl. Æfðar verða fjölbreyttar aðgerðir með kortalög, t.d. klippa, sameina, flytja gögn á milli laga, og gerð nýrra kortalaga. Tenging loftmynda við kortalög verður kennd. Sýnd verður tenging gagna með GPS hnitum við landakort. Kynnt verður landfræðileg greining gagna.
Kennsluhættir: Nemendur kynnast og fá þjálfun í algengri hagnýtri notkun landfræðilegra upplýsingakerfa í verklegum kennslutímum í tölvustofu, við vinnu heimaverkefna og gerð lokaverkefnis byggðum á raunverulegum gögnum. Námskeiðið er án lokaprófs en nemandi verður að ná lágmarkseinkunn í lokaverkefni til að standast námskeiðið. Hvert skilaverkefni er sjálfstæður hluti af einkunn; seinkun á skilum veldur vaxandi frádrætti.
Forkröfur: Að hafa lokið fyrsta ári í grunnnámi við viðurkenndan háskóla.
Æskileg undirstaða: Tölvuteikning og framsetning (BYG202G)
Heimaverkefni 50%, lokaverkefni 45%, þátttaka í tímum 5%.

**UMV502G • Straumfræði 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H5 • 4f + 2d + 1v**
Umsjónarmaður: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Kennari: Jónas Elíasson Prófessor
Markmið: Undirstöðuþekking í straumfræði.
Efni: Eiginleikar vökva og lofttegunda. Þrýstingur og kraftasvið í kyrrstæðum vökvum, þrýstingsmælar. Rennslisfræði, samfellujafna, skriðþunga- og orkujafna. Víddargreining og líkanlögmál. Tvívítt streymi, seigjulausir vökvar, jaðarlög, laga- og iðustreymi, vökvamótstaða og formviðnám. Streymi þjappanlegra vökva, hljóðhraði, Machtala, hljóðbylgjur, jaðarlag. Rennsli í opnum og lokuðum farvegum. Dæmaæfingar og verklegar tilraunir.
Nauðsynleg undirstaða: Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G), Eðlisfræði 1 V (EÐL102G)
Æskileg undirstaða: Vatnafræði (UMV201G)

**BYG001F • Greining og hönnun vegsniða • (6e) • Vor • Stokkur: V • 3f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Erlingsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum þjálfun og færni í að beita aflfræði við greiningu og hönnun vegsniða.
Námslýsing: Grunnatriði við greiningu og hönnun vegsniða. Brotform vega. Umferðarálag og magn. Sveigjanleg og stíf vegsnið. Lagskipting, hlutverk laga og efniseiginleikar, prófanir. Spennur, streitur og færslur í vegsniðum. Framræsing. Styrktarhönnun vega. Niðurbrot, mat á hrörnun.
Nauðsynleg undirstaða: Vega- og flugbrautagerð (BYG203M)

**BYG001M • Málstofa í umhverfis- og byggingarverkfræðiskor • (0e) • Haust • 2f**
Umsjónarmaður: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Umsjónarmaður: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að kynna rannsóknir á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði.
Efni: Stefnt er að því að fjalla um sem flest svið umhverfis- og byggingarverkfræði í mánaðarlegum fyrirlestrum.

**BYG002F • Stöðugleiki burðarvirkja • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að gefa yfirlit yfir helstu þætti fræðanna um stöðugleika burðarvirkja og veita þjálfun í því að leysa hagnýt viðfangsefni á sviði byggingarverkfræði og skyldra greina. Námsefni: Grundvallarreglur um stöðugleika burðarvirkja. Súlur með áslægu álagi og þverálagi, rammar. Plötur. Bitar með þunnveggjuð opin þversnið. Kiknun á fjaður- og flotsviði. Orkuaðferðir. Tölulegar aðferðir, einingaraðferðir og beiting tölvu við ákvörðun stöðugleika.
Nauðsynleg undirstaða: Trévirki 1 (BYG212F)

**BYG003F • Samfelldaraflfræði 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að gefa yfirlit yfir kennilega samfelldaraflfræði og sýna dæmi um notkun hennar.
Námsefni: Tensorgreining og notkun hennar í kennilegri samfelldaraflfræði. Gagnfræði. Endanlegar formbreytingar. Kraftfræði. Eðlisskilyrði algengra efnislíkana. Fjaðurfræði. Flotfræði. Greining skelja.
Nauðsynleg undirstaða: Stöðugleiki burðarvirkja (BYG002F)

**BYG004F • Brotfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að gefa haldgott yfirlit yfir aflfræði efna sem brotna og sýna dæmi um notkun fræðanna við hönnun mannvirkja. Námsefni: Fjallað verður um undirstöðuatriði brotfræðinnar. Spennusamþjöppun (stress concentration). Greining spennusviðs í broti. Flotsvæði við brot. Mismunandi brothættir. Seigt og stökkt brot. Orkuaðferðir. Þreytubrot.

**BYG005F • Trévirki 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Baldvin Einarsson
Timbur til mannvirkjagerðar og tæknilegir eiginleikar þess. Gæðaflokkun timburs, þurrkun og fúavörn. Yfirlit yfir helstu gerðir timburvirkja og aðferðir við samsetningu þeirra. Spennu- og streituástand í burðareiningum undir áraun. Alheilir timburbitar og téstoðir. Límtré og límtrésvirki. Söðulþakbitar, rammar og bogar úr límtré. Krossviður, spóna- og trefjaplötur. Burðarvirki úr plötum límdum á grind. Samsett trévirki, bitar og súlur. Samtengingar og tengingar í timburvirkjum. Boltar, naglar og skrúfur. Reikni- og hönnunarverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G)

**BYG006F • Landmæling 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Kennt oddatöluár.
Markmið: Nemendur tileinki sér fræðilegar forsendur hefbundinna og nýrri aðferða. Einnig forsendur og fyrirkomulag gagnasöfnunar fyrir staðsetningu og eiginleika yfirborðs jarðar. Miðað er við skráningu í kortgrunna í hvers kyns hnitkerfi eða varpanir af sporvölu jarðar á fleti, keilu eða sívalning, og geti nemendur unnið sjálfstætt að slíkum verkefnum.
Efni: Landmæling og varpanir. Myndmælingar; gervitungl, háflugs- og lágflugsmyndmælingar, útreikningar myndþríhyrninga, þrívíð landslagslíkön. Stafræn kortagerð, uppréttar loftmyndir, staðlar kortgrunna og kortagerðar. Skekkjufræði: Skekkjur á kortum, loftmyndum og í kortgrunnum. Gervitunglamælingar og staðsetningar í hnitakerfum (GPS). Landfræðileg upplýsingakerfi (GIS/LIS) og gagnasafnsfræði, vensl gagna safna.
Nauðsynleg undirstaða: Landmæling 1 (BYG104F)

**BYG007F • Tölvustudd hönnun • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að veita þjálfun í að leysa raunhæf hönnunarverkefni með aðstoð tölvutækni.
Efni: Aðferðir. Vélbúnaður- og hugbúnaður. Vinnustöðvar. Kynning á ýmsum forritum og æfing í notkun þeirra. Unnin eru raunhæf verkefni á CAD vinnustöð.

**BYG008F • Öryggi burðarvirkja • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að kynna helstu undirstöðatriði er snúa að öryggi mannvirkja.
Námsefni: Lýsing óvissu varðandi eiginleika burðarvirkja. Líkindagreining og beiting hennar í burðarþolshönnun. Hönnunarstaðlar, fyrstu og annarrar gráðu form (betaform), áhætta og þjóðhagslegir þættir. Líkindadreifing álags, álagsfléttur. Ákvörðun á brotlíkindum.

Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**BYG009F • Stókastísk aflfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: að kynna hvernig aðferðum líkindafræðinnar er beitt til þess að meta óvissu tengda aflrænum kerfum.
Námsefni: Stókastískar breytur og stókastísk ferli og greining þeirra. Einsleit ferli, ergódísk ferli, Gaussferli, Poissonferli, Markovferli. Eiginleikar há - og lággilda samfelldra ferla. Svörun burðarkerfa undir stókastísku álagi, orkurófsaðferðin, línuleg og ólínuleg svörun, stókastísk jafngild línuleg kerfi. Hágildisdreifing svörunar. Kerfi með stókastískum eiginleikum. Dæmi um vind-, jarðskjálfta- og öldusvörun burðarvirkja.
Nauðsynleg undirstaða: Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G) eða Líkindafræði I (09.10.35)
Æskileg undirstaða: Sveiflugreining burðarvirkja (BYG105F)

**BYG010F • Reiknileg aflfræði 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d + 2v**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum fræðilega undirstöðu og þjálfun í því að beita einingaraðferðum við að leysa raunhæf viðfangsefni á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði og skyldra greina.
Námsefni: Samfelldaraflfræði, orkusetningar, aðferð Rayleigh-Ritz, leifaraðferðir. Einingaraðferðin. Algengar gerðir eininga: Skífu-, plötu- og skeljaeiningar, rúmeiningar, Hermitte og Lagrange formföll, eðlishnit, isoparametrisk framsetning, töluleg tegrun við ákvörðun stífnifylkja. Samleitni, nákvæmni og skekkjuvaldar. Ólínuleg kerfi, stöðugleiki kerfa, sveiflur línulegra og ólínulegra kerfa. Uppbygging tölvuforrita.
Nauðsynleg undirstaða: Trévirki 1 (BYG212F)

**BYG011F • Áhættugreining • (6e) • Haust • Stokkur: H • 3f + 3d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum haldgóða yfirlitsþekkingu í áhættugreiningu og beitingu hennar við áhættustjórnun. Námsefni: Grundvallarhugtök: Vá, nerti, áhætta, viðunandi mörk áhættu. Helstu reglur um stjórnun öryggismála. Tengsl gæðastjórnunar og stjórnunar öryggismála. Ýmis slysalíkön. Öryggisstjórnunarkerfi, hlutverk þeirra og markmið. Flokkun fyrirtækja eftir áhættu við starfsemi. Atvinnusjúkdómar. Löggjöf um slysa- og sjúkdómavarnir. Kostnaður vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma. Grundvallaratriði áhættugreiningar. Efnisatriði staðla um áhættugreiningu. Einfaldað áhættumat, HAZOP-aðferðin, mannleg mistök og greining þeirra, aðferðir (HRA) til þess að meta áreiðanleika starfsmanna í flóknari kerfum. Kenningar um hrun flókinna kerfa. Magnbundin áhættugreining. Nertigreining. Raunhæf dæmi um beitingu innan umhverfis- og byggingarverkfræði.

**BYG016F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**BYG017F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**BYG018F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til doktorsprófs.

**BYG101F • Stálvirki 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Baldvin Einarsson Dósent
Markmið: Námskeiðið er framhaldsnámskeið og byggir á námskeiði BYG201M Stálvirki 1. Markmið námskeiðsins er að dýpka skilning á hegðun stálvirkja og auka færni við hönnun. Bitar: Styrkur þversniða undir flóknu álagi, hliðarkiknun. Plötubitar: Kiknun á þunnum plötum, togbandsstyrkur, hönnun plötubita, gatabitar. Súlur: Hegðun súlna með upphafsgalla, kiknunarlengdir súlna í römmum, samsettar súlur. Rammar: Elastískir og plastískir reikningar á einnar hæðar römmum, fjölhæða rammar, stífaðir og óstífaðir rammar. Tengingar: Flóknari tengingar, bitaskeyti, endaplötutengingar, rammahorn, súlufætur, þreyta í tengngum.
Verkefni: Heimadæmi tengd fyrirlestrum. Hönnun á stóru iðnaðarhúsi með hlaupaketti.
Nauðsynleg undirstaða: Stálvirki 1 (BYG201M)

**BYG101M • Álag og öryggi burðarvirkja • (6e) • Haust • Stokkur: H2 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Bjarni Bessason Prófessor
Markmið: Að kynna forsendur fyrir þolhönnun burðarvirkja og gera nemendum kleift að velja mismunandi álagsþætti og efnisstyrkleika í samræmi við umhverfi, notkun og líftíma burðarvirkis.
Efni: Forsendur hönnunar burðarkerfis byggingarvirkja, umhverfisálag, álag af manna völdum og efnisstyrkleiki burðarvirkja. Grundvöllur líkindafræðilegs mats á álagi og efnisstyrkleika. Umhverfisálag, vindur, snjór, jarðskjálfti o.fl., notálag, eiginálag og slysaálag, tölfræðilegar dreifingar og höfuðþættir álags. Tölfræðilegar dreifingar á efnisstyrkleika og öryggishugtakið. Áreiðanleiki og öryggisvísitölur, álags- og efnisstuðlar, öryggisstuðlar og hlutstuðlar. Hönnun burðarvirkis í notmarkaástandi og brotmarkaástandi, álagsfléttur og burðarþolsföll. Gerð þolhönnunarstaðla, afstilling og öryggisgrunnur. Íslenskir staðlar, leiðbeiningar CEB, Evrópustaðlar. Verkefni: Nemendur fá fimm dæmaverkefni til úrlausnar.
Æskileg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Reiknileg aflfræði 1 (BYG401G), Samfelldaraflfræði 1 (BYG301G), Tölvunarfræði 1a (TÖL105G), Eðlisfræði 1 V (EÐL102G), Línuleg algebra B (STÆ208G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G)

**BYG102F • Steinsteypuvirki 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Baldvin Einarsson
Kennari: Haukur Jörundur Eiríksson
Markmið: Námskeiðið er framhaldsnámskeið í steinsteypuvirkjum. Lögð er megin áhersla á steinsteyptar tvívíðar plötur, súlur, ásamt

hönnunarverkefni þar sem plötur, bitar og súlur verða greindar og hannaðar. Kennt er skv. Eurocode 2.
Námsefni: Fjallað verður um mismunandi aðferðir til greiningar á sniðkröftum í steinsteyptum plötum, m.a. brotlínuaðferð og strimlaaðferð. Útreikningar á rifuvíddum platna og bita, með og án stífnisaukningar í togsvæðum. Lóðrétt burðargeta súlna og veggja, með og án kiknunaráhrifa. Skífur/skerveggir. Jarðskjálftaálag og jarðskjálftahönnun. Verkefni: Hönnunarverkefni, þar sem bitar, plötur og súlur eru greind og hönnuð.
Nauðsynleg undirstaða: Steinsteypuvirki 1 (BYG202M)

**BYG103F • Jarðtækni og grundun 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d + 2v**
Umsjónarkennari: Sigurður Erlingsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum þjálfun og færni í að beita undirstöðuatriðum grundunar við hönnun mannvirkja. Námslýsing: Jarðtæknilegir eiginleikar jarðvegs. Vettvangsathuganir, sýnishornataka, vettvangsprófanir. Grunnar undirstöður; burðarþol jarðvegs, sig. Láréttur þrýstingur í jarðvegi, stoðveggir, stálþil, stög og akkeri. Djúpar undirstöður; staurar, staurarekstur, stauraþyrpingar. Stöðugleiki fláa, stöðugleikaútreikningar, sneiðaaðferðir. Styrking jarðvegs, jarðvegsdúkar. Hönnunarstaðlar, EC7. Hönnunarverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Jarðtækni og grundun 1 (BYG501G)

**BYG104F • Landmæling 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Kennt oddatöluár.
Markmið: Nemendur tileinki sér hefðbundnar og nýrri aðferðir við mælingar og gagnaöflun, sem varða staðsetningu og eiginleika yfirborðs jarðar, miðað við skráningu í kortgrunn fyrir tæknileg viðfangsefni og geti unnið sjálfstætt að slíkum verkefnum.
Efni : Tækjafræði: Hefðbundin mælitæki, hornmælar, hallamælar, málband og hornspegill. Þrívídd eftir loftmyndum. Nútíma rafsegultæki; alstöðvar, hallamælar og staðsetningartæki með gervitunglum (GPS). Aðferðafræði: Landfræðileg upplýsingakerfi og stafræn kortagerð. Öflun gagna fyrir stafrænan kortgrunn. Þrívítt landslagslíkan og hæðarlínur. Mælingafræði: Hnitkerfi, lengdarmælingar, hornamælingar, framskurður, bakskurður, pólarmælingar, marghyrningar, hæðarmælingar og loftmyndir (flug og gervitungl). Skekkjufræði: Skekkjuflokkar, meðalskekkjur, vogtölur og skekkjujöfnun. Æfingar: Hornmælir, hallamælir, málband, hornspegill, lengdarmælingar, framskurður, bakskurður, gerð tæknikorta, útreikningar, frágangur og innfærsla gagna í kortgrunn.
Æskileg undirstaða: Landfræðileg upplýsingatækni (UMV401G)

**BYG105F • Sveiflugreining burðarvirkja • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Kennari: Jónas Þór Snæbjörnsson Fræðimaður
Markmið: Að kynna undirstöðuatriði sveiflugreiningar og að veita þjálfun í að beita henni í tengslum við mannvirkjagerð. Námsefni: Grundvallaratriði hreyfifræðinnar: Orkuaðferðir, sýndarvinna, hreyfiorka, setning Hamiltons, líkingar Lagrange, regla D'Alamberts, setning Rayleighs, aðferð Rayleigh-Ritz, einingaraðferðin, hreyfilíkingar línulegra kerfa, alhnit. Eiginsveiflur: Grundvallarlíkingar, deyfðar og ódeyfðar eiginsveiflur, ákvörðun eigingilda, brot Rayleighs, eigintíðni og eiginsveifluform, normalhnit, normalfallaaðferðin. Þvingaðar sveiflur: Tíðnisvörunaraðferðin, Fourier-greining, höggsvörunaraðferðin, höggsvörunarróf, beiting normalfallaaðferðarinnar, töluleg tegrun og ólínuleg kerfi. Stókastískar sveiflur og orkurófsaðferðin. Vindsveiflur burðarvirkja. Sveifludeyfing. Jarðskjálftasveiflur burðarvirkja og gervihraðarófsaðferðin.
Nauðsynleg undirstaða: Reiknileg aflfræði 1 (BYG401G), Trévirki 1 (BYG212F)

**BYG106F • Jarðskjálftaverkfræði 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Bjarni Bessason Prófessor
Umsjónarkennari: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum innsýn í hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum svo og gerð áhættumats.
Námsefni: Jarðskjálftasvörun mannvirkja: Línuleg og ólínuleg greining. Hönnun mannvirkja á jarðskjálftasvæðum: Hönnunarskjálfti, gervihraðaróf og notkun jarðskjálftaálagsstuðla. Samspil undirstöðu og burðarkerfis. Jarðskjálftahönnunarstaðlar, kynning m.a. á ATC, CEB og EUROCODE. Beiting tölvu við jarðskjálftahönnun mannvirkja. Dæmi um áhrif jarðskjálfta á byggingar, brýr, hafnir, lagnakerfi og neðanjarðarmannvirki. Helstu atriði við gerð áhættumats. Miðað er við að nemendur leysi stærri verkefni undir umsjá kennara og skrifi skýrslu um þau.
Nauðsynleg undirstaða: Sveiflugreining burðarvirkja (BYG105F), Jarðskjálftaverkfræði 1 (BYG208F)

**BYG201F • Hönnun samgöngumannvirkja • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Erlingsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum færni við skipulag, staðarval og hönnun stórra samgöngumannvirkja.
Námslýsing: Gatnamótamannvirki í plani og mislæg gatnamót, aðreinar og fráreinar, fléttun umferðar. Skipulag mannvirkjanna, umferðarrýmd, þjónustustig o.fl. Flugvellir og skipulag þeirra. Hönnun og skipulag aðkomu, afgreiðslu og ýmissa þjónustuþátta. Veggöng, lega, þversnið, undirbúningsrannsóknir, verkaðferðir, búnaður veggangna, öryggisbúnaður o.fl. Hönnunarverkefni.
Nauðsynleg undirstaða: Jarðtækni og grundun 1 (BYG501G)
Æskileg undirstaða: Samgönguverkfræði (BYG503G)

**BYG201M • Stálvirki 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Baldvin Einarsson
Markmið: Námskeiðið er inngangur að hönnun stálvirkja. Það veitir nemendum skilning á hegðun burðarvirkja úr stáli og hvernig staðlar eru notaðir við hönnun þeirra.
Námsefni: Framleiðsla á stáli og helstu eiginleikar þess með tilliti til hönnunar stálvirkja. Hegðun og hönnun helstu burðareininga úr stáli svo sem togstanga, bita súlna og bitasúlna. Skoðuð er kiknun burðareininga, bæði súlna og bita og einnig staðbundin kiknun og flokkun þversniða. Tengingar stálvirkja, hegðun þeirra og grunnatriði hönnunar. Tengingar með rafsuðu og boltum og hönnun einfaldra tenginga.
Verkefni: Gert er ráð fyrir reikniæfingum og hönnunarverkefnum.
Æskileg undirstaða: Samfelldaraflfræði 1 (BYG301G), Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Efnisfræði (BYG302G), Reiknileg aflfræði 1 (BYG401G)

**BYG202F • Brunavarnir • (6e) • Vor • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Björn Karlsson Dósent
Markmið: Að kynna brunahönnun bygginga fyrir nemendum. Á fyrstu 10 vikunum verða haldnir fyrirlestrar um þróun elds í byggingum, og útreikninga á orkumyndun, flæði í hitasúlu (plume), hitastig í reyknum og reykfyllingartíma. Tölvuforrit sem herma eftir eldsvoðanum eru kynnt sem og forrit sem herma eftir rýmingu fólks úr byggingnni. Síðustu 5 vikurnar vinna nemendur í hópum að lokaverkefni.
Þrjú heimaverkefni skulu unnin á fyrstu 10 vikunum. Síðustu 5 vikurnar vinna nemendurnir nokkrir saman að hópverkefni. Einkun byggir 50% á þessu hópverkefni og 50% á heimaverkefnum, mætingu og og virkni í tímum.

**BYG202M • Steinsteypuvirki 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Baldvin Einarsson
Markmið: Námskeiðið er inngangur að hönnun steinsteyptra mannvirkja. Lögð er megin áhersla á að veita nemendum skilning á hegðun einfaldra bita og einvíðra platna, ásamt því að skapa færni í burðarþolshönnun slíkra burðareininga. Kennt er skv. Eurocode 2.
Námsefni: Fjallað verður um eiginleika steinsteypu og steypustyrktarstáls og samvirkni þeirra í járnbentum mannvirkjum. Spennu-streitu ferlar og fjaðurstuðlar. Formbreytingar og spennur eru skoðaðar í notmarkástandi fyrir rifin þversnið. Öryggisstuðlar. Plastísk hönnun. Vægis- og skerburðargeta eru ákvarðaðar í brotmarkástandi, auk gegnumbrots í plötum. Jafnvægis- og lágmarksjárnun. Teygjanleiki þversniða. Tímaháðir eiginleikar steinsteypu, skrið og rýrnun. Frágangur og festa steypustyrktarstáls, umhverfisaðstæður.
Verkefni: Reikniæfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Efnisfræði (BYG302G)

**BYG203F • Greining burðarvirkja 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Bjarni Bessason Prófessor
Kennt slétttöluár.
Markmið: Að kynna og þjálfa stúdenta í að greina sniðkrafta og formbreytingar í veggjum, plötum og byggingum.
Námsefni: Skífur, veggir, plötur og byggingar með megináherslu á steinsteyptar plötur. Fjaður- og flotfræði. Spennuföll. Diffurjöfnur og randskilyrði. Lausnir á fjaður- og flotsviði. Formbreytingar, spennur og sniðkraftar, stöðugleiki. Nálgunarlausnir. Jafnvægis og brotalínuaðferðir.
Verkefni: Greining með sérhæfðum forritum, sem byggja á einingaaðferðinni. Forritun í MATLAB.
Nauðsynleg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Samfelldaraflfræði 1 (BYG301G), Reiknileg aflfræði 1 (BYG401G), Stærðfræðigreining IIIB (STÆ302G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G) eða Eðlisfræði 2 R (EÐL202G)

**BYG203M • Vega- og flugbrautagerð • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Erlingsson Prófessor
Kennari: Þorsteinn Þorsteinsson Verkfræðingur
Markmið: Að nemendur læri undirstöðuatriði vegagerðar og hönnun vega og flugbrauta.
Námslýsing: Vegferill, hæðarlega, þversnið, undirstöður vega, burðarlög og slitlög. Massareikningar í vegagerð. Buðarþolshönnun vega, vegtækni. Viðhald vega og slitlaga, PMS. Skipulag flugvalla og burðarþolshönnun flugbrauta, akbrauta og flughlaða. Áhrifamat.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Jarðfræði fyrir verkfræðinga (UMV101G), Línuleg algebra B (STÆ208G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)
Æskileg undirstaða: Jarðtækni og grundun 1 (BYG501G), Samgöngutækni 1 (UMV501G), Efnisfræði (BYG302G), Landfræðileg upplýsingatækni (UMV401G)

**BYG204F • Framkvæmdafræði 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Kennt slétttöluár.
Markmið: Að veita nemendum þjálfun og færni við gerð verksamninga og útboðsgagna í tengslum við byggingarframkvæmdir.
Námslýsing: Verktakaréttur. Gerð útboðgagna. Gerð verksamninga. Samskipti verktaka og verkkaupa. Hagkvæmnisathuganir og undirbúningur stórframkvæmda.

**BYG205F • Húsbyggingartækni og heildarsýn • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Björn Marteinsson Dósent
Markmið: Skapa færni í almennri hönnun húsa að því er varðar gerð þeirra og uppbyggingu, þar sem beitt er heildarsýn á byggingarferlið, notkunarskeið og förgun.
Námsefni: kröfur til bygginga, umhverfisáraun, efnisþörf og orkunotkun, gerð byggingarhluta og hönnun deililausna. Nýbyggingarkostnaður, kostnaðaráætlanir og byggingarvísitala. Rekstur, ending og viðhaldsþörf. Áhrif bygginga á umhverfi, vistferilsgreining og lauslega um förgun byggingarefna. Námið er að hluta í formi fyrirlestra (33%) en einkum æfingar (66%); ýmist skilgreindar af kennara eða af nemanda í samráði við kennara.
Æskileg undirstaða: Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Efnisfræði (BYG302G), Húsagerð (BYG601G)

**BYG206F • Berg- og sprengitækni • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður Erlingsson Prófessor
Kennt oddatöluár.
Markmið: Að veita nemendum þjálfun og færni í að beita undirstöðuatriðum aflfræði bergs við hönnun og framkvæmdir mannvirkja í bergi.
Námslýsing: A: Bergtækni. Bergrunnurinn sem byggingarefni. Forkannanir á berggrunninum, vettvangs- og tilraunastofuprófanir. Styrkur bergkjarna og sprungna. Gæðaflokkun á bergi. Bergrúmagerð, jarðgangnagerð. Spennur og færslur við holrúm í bergi. Styrking bergs. Vatn í bergi. Stæðni bergfláa. B: Sprengitækni. Eiginleikar sprengiefna, sprengiefnategundir, hleðslur, hvellhettur, tímaseinkun. Bormynstur, hleðslureikningar, ofanjarðar- og neðanjarðarsprengingar, sprengingar undir vatni, bylgjuútbreiðsla, sprengingar í þéttbýli. Öryggismál.
Nauðsynleg undirstaða: Jarðtækni og grundun 1 (BYG501G)

**BYG207F • Vindverkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor

Kennt slétttöluár.
Markmið: Að veita nemendum innsýn í hönnun mannvirkja gegn áhrifum storma.
Námsefni: Lýsing vindsins sem stókastísks ferlis. Líkindadreifing meðalvindhraða, hágildisdreifing, staðbundin áhrif. Líkindadreifing vindhviða, hviðuróf, hviðustuðull, stærð vindhviða, áhrif hrýfis, bygginga og fjalla. Greining vindálags. Ytri og innri þrýstingur í byggingum. Vindálag á þök og lágar byggingar. Vindsvörun burðarvirkja, stókastísk greining, yfirfærsluföll. Vindstaðlar.
Nauðsynleg undirstaða: Sveiflugreining burðarvirkja (BYG105F)

**BYG208F • Jarðskjálftaverkfræði 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Bjarni Bessason Prófessor
Umsjónarkennari: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Kennt oddatöluár.
Markmið: Að veita nemendum innsýn í eðli og eiginleika jarðskjálfta og þjálfun í að meta áhrif jarðskjálfta.
Námsefni: Jarðskjálftavirkni. Upptakalíkön. Jarðskjálftabylgjur og útbreiðsla þeirra. Líkön sem lýsa yfirborðshreyfingu í jarðskjálftum og deyfingu hennar. Áhrif yfirborðslaga. Línuleg og ólínuleg jarðskjálftasvörunarróf. Kortlagning jarðskjálftavár. Miðað er við að nemendur leysi stærri verkefni undir umsjón kennara og skrifi skýrslu um þau.
Æskileg undirstaða: Sveiflugreining burðarvirkja (BYG105F)

**BYG209F • Hljóðtækni og hávaðavarnir • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður Erlingsson Prófessor
Markmið: Veita þekkingu á helstu hugtökum í hljóðtækni og færni í notkun þeirra, sem gefur nauðsynlega undirstöðu fyrir sérhæfð framhaldsnámskeið eða hljóðtæknileg hönnunarverkefni.
Námsefni: Eiginleikar hljóðs og mælieiningar. Heyrn og tal. Mælingar og mat á hljóði. A-vigtun, tímastuðlar og jafngildishljóðstig. Tíðnigreining hljóðs í áttundum og þríundum. Samlagnins hljóðs frá óháðum hljóðvökum. Notkun tvinntölutákna. Aflþykkni, hljóðþéttni, og hljóðafl. Impedans- hugtök. Planbylgjur og kúlulaga bylgjur. Endurkast hljóðs og framrás hljóðs. Eigintíðnir í kassalaga rými. Dreifið hljóðsvið. Orkujafnvægi í rými og ómtími. Hljóðísogsefni. Eigintíðni í einföldum sveiflukerfum. Stofnhljóð og titringseinangrun véla og tækja. Hljóðeinangrun einfaldra og tvöfaldra byggingarhluta. Verklegt: Reikninæfingar og ein verkleg æfing.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 V (EÐL102G)

**BYG210F • Stálvirki 3 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Baldvin Einarsson
Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á samverkandi virkjum og færni í hönnn þeirra. Hegðun samverkandi virkja úr stáli og steypu í húsbyggingum. Hönnun einfaldra og samfelldra bita. Áhrif skriðs og rýrnunar á hegðun bita. Hönnun samverkandi gólfplatna með samverkandi virkjum.með bárustáli og forsteyptum einingum. Hönnun samverkandi súlna. Samverkandi rammar og samverkandi tengingar. Samverkandi brýr.
Verkefni: Heimadæmi tengd fyrirlestrum. Hönnun á 10-20 hæða skrifstofubyggingu
Nauðsynleg undirstaða: Stálvirki 2 (BYG101F)

**BYG211F • Steinsteypuvirki 3 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Baldvin Einarsson
Markmið: Námskeiðið er framhaldsnámskeið í steinsteypuvirkjum, þar sem megináhersla er lögð á eiginleika og hönnun uppspenntra mannvirkja. Kennt er skv. Eurocode 2. Námsefni: Fjallað verður um samvirkni vægis og normalkrafta í órifnum þversniðum í notmarkástandi. M-N gröf eru skoðuð fyrir bitasúlur með og án annarrar gráðu áhrifa. Normalkraftur og vægi um tvo ása. Uppspennt mannvirki, bæði forspennt og eftirspennt. Eiginleikar kapla og staðsetning kapla í þversniði. Spennutöp í köplum vegna núningsmóstöðu, lástaps, formbreytinga á fjaðursviði, rýrnunar og skriðs í steypu og slökunar í köplum. Eftirspennt mannvirki í brotmarkástandi. Hlutspennt mannvirki. Afleidd vægi og jafngildisálag. Skífur. Tvívítt spennuástand. Strengjaaðferðin. Vinda.
Verkefni: Reikniæfingar.
Nauðsynleg undirstaða: Steinsteypuvirki 2 (BYG102F)

**BYG212F • Trévirki 1 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Baldvin Einarsson
Kennt oddatöluár.
Markmið: Námskeiðið er um hönnun trévirkja. Það veitir nemendum skilning á hegðun burðarvirkja úr timbri og hvernig staðlar eru notaðir við hönnun þeirra.
Námsefni: Timbur til mannvirkjagerðar. Uppbygging trjástofnsins. Eiginleikar timburs, styrkur og fjöðrun. Áhrif rúmþyngdar, raka og álagshraða. Styrkflokkun, styrkflokkar byggingartimburs, kennigildi, hönnunargildi. Límtré og LVL bitar, framleiðsla og styrkflokkar. Hönnun á notstigi og brotstigi. Tog- og þrýstikraftar, beygjuvægi, vinduvægi og skerkraftar. Súlur og bitasúlur Bognir bitar, bitar með breytilegri hæð, úrtök í bita. Þakgrindur (kraftsperrur). Rammabyggingar, vindstífingar. Plötur, krossviður, spónaplötur. Skerveggir. Samsett þversnið. Samlímdir bitar (full samverkun) og samnegldir bitar (hlutasamverkun). Samsetningar, rifnunarhætta, brotform. Naglar, boltar, pinnar og skrúfur. Límdar tengingar, vægisstífar tengingar. Skerplötur og tenntar skinnur. Ending timburs, viðarvörn, timbur og umhverfismál. Bunaþol timburs. Verkefni: Gert er ráð fyrir reikniæfingum og hönnunarverkefnum.
Æskileg undirstaða: Samfelldaraflfræði 1 (BYG301G), Greining burðarvirkja 1 (BYG201G), Efnisfræði (BYG302G), Reiknileg aflfræði 1 (BYG401G)

**BYG301F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**BYG401F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**BYG403F • Meistaraverkefni • (22e) • Vor**

Verkefni til meistaraprófs.

**UMV001F • Sniðræsi og skólphreinsun • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Jónas Elíasson Prófessor
Inngangur og kerfisfræði, geining kerfa, safnræsi og sniðlagnir. Áætlun á rennsli í lögnum, samrennslistími og regntoppar, geymsla og jöfnun. Rennslislíkön og eftirlíkingar. Dæling og dælustöðvar. Hreinsun, 1. 2. og 3. stig. Útrásir, blöndun og dreifing. Lög og reglur.

**UMV001M • Málstofa í umhverfis- og byggingarverkfræðiskor • (0e) • Vor • 2f**
Umsjónarmaður: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að kynna rannsóknir á sviði umhverfis- og byggingarverkfræði. Efni: Stefnt er að því að fjalla um sem flest svið umhverfis- og byggingarverkfræði í mánaðarlegum fyrirlestrum.

**UMV002F • Iðustraumfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Eiginleikar og kvarðar iðustreymis. Spennufylki Reynolds, hliðstæður í tregðuflæði, skúfspennum og blöndun. Iðuorka og hvirflar. Straumskjól, strókar og skúfspennur við veggi. Útbreiðsla í iðustraumi. Orkurófsfræði, heildarkvarði og blöndunarstuðlar. Tilraunir í tilraunastofu og ítarefni í einni af eftirtöldum greinum: Jaðarlag, útbreiðsla, mælitækni.
Nauðsynleg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G)

**UMV004F • Umferðarstraumfræði • (6e) • Haust • Stokkur: H**
Umsjónarmaður: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Kennari: Þorsteinn Þorsteinsson Verkfræðingur
Markmið: Að kynnast til hlítar fræðilegum og hagnýtum þáttum viðvíkjandi umferðarstraumum á götum og vegum.
Námsefni: Hreyfing farartækis á vegi, hreyfing margra farartækja á vegi. Fræðileg líkön er lýsa umferðarflæði, makróskópisk og míkróskópisk. Flæði, þéttleiki og hraði; samband þessara sín á milli. Þjónustustig og umferðarrýmd vega með takmörkuðum aðgangi (Freeways) og þjóðvega (Highways). Bil milli ökutækja, biðraðamyndun og biðraðafræði. Tölfræðileg dreifing hraða og annarra stika tengdum umferðarflæði. Upplýsingar í umferðinni, leiðbeiningar almennt, leiðbeiningar í ökutæki.

**UMV012F • Doktorsverkefni • (30e) • Haust**
Doktorsverkefni.

**UMV012F • Doktorsverkefni • (30e) • Vor**
Doktorsverkefni.

**UMV012F • Doktorsverkefni • (30e) • Sumar**
Doktorsverkefni.

**UMV101F • Straumfræði 2 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Markmið: Að veita nemendum þjálfun og færni til að beita undirstöðuatriðum straumfræði við lausn hagnýtra verkefna. Námslýsing: Grunnvatnsrennsli, uppsprettur og brunnar, forðafræði. Rennsli í opnum farvegum, bakvatns- og bylgjureikningar. Rennsli í lokuðum farvegum, vatnshögg og þrýstijöfnun. Vatnsmiðlun, stíflugerðir og stærðarhönnun. Vatnavirki. Straumvélar. Ölduhreyfingar. Stærðfræðileg líkön í straumfræði.
Nauðsynleg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G), Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G)

**UMV101M • Mat á umhverfisáhrifum 1 • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að kynna hugmyndafræði og þær aðferðir, sem notaðar eru við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og á umhverfismati sem samfléttuðum þáttum við gerð skipulagsáætlana.
Efni: Ástæður og aðdragandi lagasetningar um mat á umhverfisáhrifum og hvernig framkvæmd mats er háttað á Íslandi. Aðferðafræði; gátlistar, töflur, glæruaðferðir og flæðirit. Notkun landfræðilegra upplýsingakerfa (LUK), sem byggjast á stafrænum kortagrunnum og gagnasöfnum. Fræðasvið, sem nýtast við matið; vistfræði, straumfræði, jarðfræði, efnafræði, lögfræði, félagsfræði, hagfræði og fagurfræði. Aðferðir við framsetningu á matinu; skýrslugerð, myndræn framsetning og tölvugrafik. Dæmi um notkun mats á umhverfisáhrifum við undirbúning og hönnun mannvirkja; losun og förgun úrgangsefna, vega- og línulagnir, brýr, hafnir og flugvellir, verksmiðjur og einstök mannvirki. Einnig ný aðferðafræði um hvernig þarf að flétta aðferðir MÁU inn í gerð skipulagsáætlana, á þann veg að skipulags-, landnýtingar og staðarvalsákvarðanir taki mið af umhverfissjónarmiðum. Hópverkefni, sem tengjast efni námskeiðsins.
Æskileg undirstaða: Landfræðileg upplýsingatækni (UMV401G)

**UMV102F • Byggðarskipulag • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Kennari: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Markmið: Að kynna sögu, aðferðir sem og helstu viðfangsefni í skipulagi byggðar.
Efni: Upphaf samfélaga og tilhögun þeirra. Forsendur byggðarþróunar. Byggðarþróun erlendis og á Íslandi. Mannfjöldaþróun. Þróun skipulagshugmynda. Skipulag á byggðu umhverfi. Hagrænt skipulag. Félagslegt skipulag. Skipulag samgangna. Heildarskipulag sveitarfélaga. Gerð skipulagsáætlana. Rannsóknir og spár. Markmið og leiðir. Framkvæmd skipulags. Stjórnun samkvæmt skipulagi. Lög og

reglugerðir. Landsáætlanir, landshlutaáætlanir, svæðisskipulag, aðalskipulag, deiliskipulag. Endurskoðun skipulagsáætlana. Mótun umhverfis fyrir mismunandi þjóðfélagshópa, fagurfræðileg atriði, mengun, umhverfisvernd.

**UMV103F • Umhverfisflutningsferli • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Hrund Ólöf Andradóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita huglægan og stærðfræðilegan skilning á þeim ferlum sem ákvarða dreifingu efna í umhverfinu. Afrakstur námskeiðsins er aðferðafræði sem nýtist við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og tryggir sjálfbæra þróun.
Viðfangsefni eru: Upprifjun á varðveislulögmálum, dreifijöfnur og lausnir, iðudreifing, efnahvörf, jaðarblöndun, útfelling og setflutningar, iðubunur og strókar, dreifing í lofti, legi og grunnvatni.
Kennsla fer fram á ensku í formi fyrirlestra og samræðna í tíma. Heimadæmi og rannsóknaskýrsla er lögð fyrir á kennslumisseri. Námskeiðið leggur áherslu á sjálfstæð vinnubrögð.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G)
Æskileg undirstaða: Umhverfisverkfræði (UMV202M) eða Straumfræði 1 (UMV502G)
Námsmat byggir á þátttöku í tíma, heimadæmum, rannsóknaverkefni, og munnlegu lokaprófi.

**UMV104F • Náttúruhamfarir • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Ragnar Sigbjörnsson Prófessor
Kennari: Jónas Elíasson Prófessor
Kennari: Jónas Þór Snæbjörnsson Fræðimaður
Kennt slétttöluár. Markmið: Að kynna nemendum eðli og áhrif náttúruhamfara og veita þjálfun í gerð áhættumats. Námsefni: Fjallað er um eðli og orsakir náttúruhamfara. Jarðskjálftar, eldgos, fárviðri, skriðuföll og snjóflóð. Áhrif náttúruhamfara á mannvirki. Stærðfræðileg lýsing hamfara (catastrophes), tölfræði sjaldgæfra atburða. Kortlagning, náttúruvá, áhættumat, áhættustjórnun. Skipulagning og hönnun á grundvelli áhættumats.

**UMV105F • Loftmengun • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Sigurður M Garðarsson Prófessor
This course is designed to give civil engineering students the basic principles of air quality, pollutant generation and control strategies, and to the principles of designing air pollution control technologies. Optimal design to reduce or minimize air pollution with emphasis on emission reduction from different types of industrial processes. The social, and fundamental and applied science contexts within which air professionals work will be discussed. A quantitative, process-level understanding of several air pollution control technologies will be developed.
Nauðsynleg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G)

**UMV106F • Sorphirða • (6e) • Haust • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Hrund Ólöf Andradóttir Dósent
Markmið: Þekking á skipulagi og rekstri sorphirðu og förgunarkerfa.
Efni: Helstu flokkar og samsetning úrgangs, húsasorp, garðaúrgangur, iðnaðarúrgangur. Söfnun, flokkunarkerfi, böggun og urðun. Frágangur urðunarstaða, eftirlit með gasmyndun og sigvatni. Sorpbrennsla, brennslukerfi, afagangsvarmi, afgas, aska og gjall, förgun og nýtingarmöguleikar, mengunarhætta af reyk og sigvatni frá gjallhaugum. Söfnun og förgun spilliefna, eftirlit og meðferð á eiturefnum og hættulegum efnum. Endurvinnslukerfi fyrir málm, timbur, pappír, plast og lífrænan úrgang, endurvinnsluflokkar, afurðir. Mengunarvarnarlöggjöf og reglugerðir.
Nauðsynleg undirstaða: Umhverfisverkfræði (UMV202M)

**UMV201F • Umhverfismat áætlana • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Birgir Jónsson Dósent
Umsjónarmaður: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að gefa yfirsýn yfir hugmyndafræði umhverfismats áætlana (UMÁ) og þekkingu á ferli og aðferðum umhverfismats áætlana.
Efni: Meginviðfangsefni námskeiðsins er umhverfismat áætlana, en það felur í sér ný og breytt vinnubrögð við áætlanagerð, sem innleidd eru í því skyni að auka tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð. Í upphafi námskeiðs er farið stuttlega yfir sögu, megininntak og lagaumhverfi umhverfismats áætlana og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda í alþjóðlegu samhengi. Fjallað er ítarlega um markmið, viðfangsefni og ferli umhverfismats áætlana (þ.m.t. ákvörðun um mat, ákvörðun um umfang og áherslur mats, aðila og samráð í ferlinu, áhrifamat, gerð umhverfisskýrslu og vöktun áhrifa). Þá er fjallað um og farið yfir valdar aðferðir við umhverfismat áætlana. Einnig er fjallað um helstu einkenni stefnumótunar og áætlanagerðar, mismunandi nálgun umhverfismats að ólíkri áætlanagerð og tengsl umhverfismats áætlana við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, stig af stigi niður í gegnum stjórnsýsluþrepin. Námskeiðið er byggt upp á fyrirlestrum og nemendaverkefnum (einstaklings- og hópverkefnum). Námsmat er í formi prófs og verkefna.

**UMV201M • Umhverfisskipulag • (6e) • Vor • Stokkur: V5 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Trausti Valsson Prófessor
Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um hvernig tillit skuli tekið til umhverfissjónarmiða við skipulag byggðar og stórra framkvæmda.
Efni: Yfirlit yfir umhverfismál bæði í hnattrænum og staðbundnum skilningi. Mat og greining áhrifa landnýtingar á umhverfi. Farið í gegnum dæmi um slíka greiningu. Fyrirbyggjandi aðferðir til að forðast skaðleg áhrif á umhverfi. Yfirlit yfir þær fræðigreinar sem tillögur um fyrirbyggjandi aðgerðir byggjast á. Dæmi um hvernig ályktanir eru dregnar af fræðilegum upplýsingum við gerð skipulags sem og ákvarðanir um aðrar verklegar framkvæmdir.

**UMV202F • Stjórnun náttúruauðlinda • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Hrund Ólöf Andradóttir Dósent
Námskeiðið gefur nemendum fræðilegan grunn til þess að fást við þverfaglega stjórnun náttúruauðlinda. Lögð verður áhersla á samspil vistfræði, hagfræði og félagsfræði við stjórnun nýtingar og verndar náttúruauðlinda. Farið verður yfir þætti sjálfbærrar þróunar og Dagskrár 21, vistkerfisstjórnun (ecosystem management), stjórnun strandsvæða, vernduð hafsvæði (marine protected areas), viðhald líffræðilegrar fjölbreytni, jarðvegseyðingu, eyðingu skóga, gróðurhúsaáhrif, mengun frá landstöðvum, skekkjandi ríkisstyrki o.fl. út frá vistfræðilegum,

hagfræðilegum og félagslegum forsendum. Tekin verða alþjóðleg og íslensk dæmi og nemendur munu kynna sér nýjustu þróun í þessum málaflokkum. Auk fyrirlestra mun hver nemandi kynna sér og skila ritgerð um ákveðið efni og kynna það með fyrirlestri.

**UMV202M • Umhverfisverkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: V7**
Umsjónarkennari: Hrund Ólöf Andradóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í þverfaglegan heim umhverfisverkfræðinnar. Áhersla er lögð á að auka skilning á ástæðum fyrir umhverfisvandamálum og kynna hagnýtar aðferðir til að greina og leysa þau. Viðfangsefni eru: Öfl sem þrýsta á umhverfið, staðbundin og hnattræn umhverfisvandamál, massavarðveislulögmál, umhverfisefnafræði, áhættugreining, mengun í vatni, vatns- og skólphreinsun, loftmengun, sorphirða, og hnattræn hlýnun. Kennsla fer fram á ensku í formi fyrirlestra, dæmatíma, og vettvangsferða.
Nauðsynleg undirstaða: Eðlisfræði 1 V (EÐL102G) eða Eðlisfræði 1 R (EÐL103G), Stærðfræðigreining IVB (STÆ401G) eða Hlutafleiðujöfnur í verkfræði (BYG402G)
Æskileg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G) eða Straumfræði (VÉL502G), Stærðfræðigreining IIB (STÆ205G)
Námsmat byggir annars vegar á vikulegum heimadæmum og rannsóknaverkefni unnin á kennslumisseri og hins vegar á skriflegu prófi í lok misseris.

**UMV203F • Vatnsaflsvirkjanir • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Kennt slétttöluár.
Markmið: Þekking á virkjun og undirbúningsrannsóknum á vatnsafli.
Efni: Forsendur vatnsafls. Virkjanlegt vatnsafl. Miðlun. Orkuflutningur, orkuframleiðsla og orkugjafi. Gerðir vatnsorkuvera. Virkjanarannsóknir og uppbygging orkukerfa. Lágþrýstivirkjanir. Háþrýstivirkjanir. Vatnsvegir, stíflur, göng, skurðir. Lokur, yfirföll. Rannsóknir.
Nauðsynleg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G)

**UMV203M • Vatns- og fráveitur • (6e) • Vor • Stokkur: V6 • 4f + 2d**
Umsjónarkennari: Hrund Ólöf Andradóttir Dósent
Markmið námskeiðsins er að veita innsýn í hönnun og lagningu vatns- og fráveitukerfa, bæði í ríkum og fátækum löndum. Efnisinnihald: Eiginleikar neysluvatns og skólpfrárennslis. Vatnsþörf og hönnunarstaðlar í vestrænum og þróunarríkjum. Drykkjarvatnssöfnun, dreifing og geymsla. Tegundir og magn fráveituvatns: Úrkoma afrennslissvæða og afrennslisstuðlar, hönnunarúrkoma. Hönnun vatns- og fráveitukerfa: Rennslisreikningar, þrýstifallsreikningar, lagnir og leiðslur, dælur, borholur, brunnar. Vatns- og skólphreinsun: Aflfræðilegar, líffræðilegar og efnafræðilegar lausnir. Námskeiðið innifelur hönnunarverkefni fyrir vatns- og fráveitur í litlu hverfi, verklega sýnatöku og efnagreiningar á skólpvatni. Skoðunarferð í dælu- og hreinsistöð. Gestafyrirlesarar deila praktískri reynslu frá Íslandi og þróunarlöndum.
Nauðsynleg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G)
Æskileg undirstaða: Vatnafræði (UMV201G)

**UMV204F • Samgöngutækni 2 • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Markmið: Auka þekkingu og kunnáttu nemenda varðandi umferðarflæði, umferðarrýmd, umferðarspár og hermun umferðar. Kynning á upplýsinakerfum. Fræðin um umferðarstrauma, straumlíkön og samband flæðis, þéttleika og hraða í umferðinni. Ökubil og forskot, höggbylgjur í umferðarstraumum, umferðarrýmd vega og gatna og gatnamóta. Umferðarspár, reiknilíkön fyrir umferð, hermun umferðar. Tölvunotkun í samgöngum og umferðarskipulagi. Upplýsingakerfi í samgöngum (ITS).
Nauðsynleg undirstaða: Samgöngutækni 1 (UMV501G)

**UMV204M • Vatns- og hitaveitur • (6e) • Vor • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Jónas Elíasson Prófessor
Heitt og kalt grunnvatn, efnainnihald og tæringahætta, dælupróf og forðafræði, boranir og virkjun. Kröfur og reglugerðir um gæði neysluvatns, frágangur vatnsbóla og vatnsverndarsvæði, gæðaeftirlit, hreinsiþörf. Aðfærsluæðar og dreifikerfi, þrýstifallsreikningar, þrýstistjórnun, lekaleit. Hitaþörf og vatnsþörf húsa, miðlun og geymisþörf, efnisval og frágangur í leiðslum. Verkefni í hitaveitu eða vatnsveitu eftir vali. Heitt og kalt grunnvatn, efnainnihald og tæringahætta, dælupróf og forðafræði, boranir og virkjun. Kröfur og reglugerðir um gæði neysluvatns, frágangur vatnsbóla og vatnsverndarsvæði, gæðaeftirlit, hreinsiþörf. Aðfærsluæðar og dreifikerfi, þrýstifallsreikningar, þrýstistjórnun, lekaleit. Hitaþörf og vatnsþörf húsa, miðlun og geymisþörf, efnisval og frágangur í leiðslum. Verkefni í hitaveitu eða vatnsveitu eftir vali.

**UMV205F • Strandverkfræði • (6e) • Vor • Stokkur: H • 4f + 2d**
Umsjónarmaður: Sigurður M Garðarsson Prófessor
Lýsing á öldum, vindalda, undiralda. Öldujöfnur. Greining öldu í tíma- og tíðni-rúmi. Ölduróf. Langtíma líkindadreifing öldu. Myndun öldu og útreikningar á öldum. Sjávarföll, sjávarhæðir, áhlaðandi vegna vinds og loftþrýstings, sog. Öldur sem kenna grunns, öldusveigja, öldubrot, öldubognun. Hönnun mannvirkja, áhættugreining og hönnunarforsendur. Hönnun kerja-, grjót- og bermugarða.
Nauðsynleg undirstaða: Straumfræði 1 (UMV502G)

**UMV206F • Byggða- og samgöngulíkön • (6e) • Vor • Stokkur: V • 4f + 1d**
Umsjónarkennari: Guðmundur Freyr Úlfarsson Prófessor
Markmið: Að nemendur geti hannað og búið til tölvulíkan af byggða- og samgöngukerfum. Að nemendur verði færir um að meta hvers tölvulíkön eru megnug og við hvaða verkefni þau nýtast best.
Efni: Farið verður í fjölbreytt dæmi sem sýna hvernig tölvulíkön geta gefið svör við áhugaverðum spurningum um byggð og samgöngur. T.d. hvað verður mikil umferð í framtíðinni, hvar vill fólk búa, hvernig breytist verð á landi, hvernig velur fólk á milli einkabíls og almenningssamgangna, hvaða áhrif hefur þróun umferðar á loftmengun? Nemendur velja sér viðfangsefni og byggja tölvulíkan. Kynnt verður mat á gagnaþörf, söfnun og meðhöndlun gagna. Kennd verður grundvallar aðferðafræði við val eða gerð líkana, með áherslu á aðhvarfslíkön og tölfræðileg valkostalíkön. Kennt verður hvernig stuðlar líkana eru metnir, líkön fínstillt og villur metnar. Sýnt er hvernig tölvulíkön nýtast við hermun kerfa.

Kennsluhættir: Nýtt efni er kynnt með fyrirlestrum. Nemendur fá þjálfun í hópverkefni sem gengur í gegnum allt námskeiðið. Hópurinn byrjar með hugmynd og endar með tölvulíkan af kerfi. Nemendur verða að standast skriflegt miðannarpróf til að standast námskeiðið. Ekkert lokapróf er í námskeiðinu. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi tekið öll námskeið sem stungið er upp á sem æskilegum undirstöðum.
Nauðsynleg undirstaða: Samgönguverkfræði (BYG503G), Líkindareikningur og tölfræði (STÆ203G), Tölvunarfræði 1a (TÖL105G)
Æskileg undirstaða: Byggðarskipulag (UMV102F), Umhverfisskipulag (UMV201M)
Heimaverkefni 30%, próf 45%, lokaverkefni 25%.

**UMV302F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni.

**UMV303F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**UMV303F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**UMV303F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**UMV403F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni.

**UMV403F • Rannsóknarverkefni til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræðum • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni.

**UOB301F • Meistaraverkefni • (30e) • Haust**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**UOB401F • Meistaraverkefni • (30e) • Vor**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.

**UOB401F • Meistaraverkefni • (30e) • Sumar**
Rannsóknarverkefni til meistaraprófs.